This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`


SIGILLVM · VNIVERSITATIS · CALIFORNIENSIS
LVX
FIAT
MDCCCLXVIII
EX LIBRIS

ÍSLENDINGA SAGA

EPTIR

BOGA TH. MELSTEÐ

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGI

FYRSTA BINDI

KAUPMANNAHÖFN

PRENTUÐ HJÁ S. L. MÖLLER

1903

UNIV. OF
CALIFORNIA

DL.352
N14
v.1

Til

PÁLS MELSTEÐS

föðurbróður míns,

hins góða kennara og sagnaritara

með ást og þakklæti

B. Th. M.

240310

Formáli.

Íslendingar hafa um langan aldur talið sig með mentuðum þjóðum, en eru þó hin eina þjóð, sem eigi á sögu sína ritaða svo í nokkru lagi sje. Með kinnroða má íslenska þjóðin játa, hve lítið hún hefur gert fyrir sögu sína og hve langt hún er orðin aptur úr öllum öðrum þjóðum í þessu efni.

Á 12. og 13. öld var þetta öðruvísi. Þá blómgaðist sagnaritun á meðal Íslendinga og þá var engin þjóð þeim fremri í þeirri grein. Sumir merkustu höfðingjar landsins vörðu fje sínu og kröptum til þess að stunda sagnafræði og í klaustrunum lögðu munkarnir mikla alúð á sagnaritun. Rit þessara manna hafa stutt meira að því en nokkuð annað að vernda tungu vora; þau hafa verið sá mentabrunnur, sem margir vísindamenn utanlands og innan hafa ausið af, og þau hafa verið íslensku þjóðinni til meiri sóma en alt annað. En þá er þjóðin hafði týnt frelsi sínu og manndáð fór minkandi meðal landsmanna, hnignaði sagnarituninni svo mjög, að menn hættu svo að segja að semja sögur en tóku að rita annála. Þetta var stórkostleg apturför, því að annálaritun er ekki sagnaritun, þótt opt sje mikill fróðleikur í þeim og þeir sjeu mikilsverð heimildarrit, þá er annað betra er eigi til. Þó höfðu margir Íslendingar ávalt mætur á hinum fornu sagnaritum, eins og þeir hafa sýnt með hinni miklu ástundun, sem þeir lögðu á að rita upp sögurnar.

Sögugyðjan hlýðir sömu lögum, hvar sem hún er. Þess vegna hefur ávalt gengið á sömu leið með sagnaritunina hjá öllum mentuðum þjóðum, — en um aðrar þjóðir er hjer eigi að ræða. — Þá er þjóðunum vex þróttur og fjör, þá er þær taka framförum og blómgast, þá halda þær sögu sinni í heiðri og þá blómgast sagnaritun þeirra. Þá er frægðarsól Grikkja

rann upp í fornöld, hófst hin ágæta sagnaritun þeirra; en er þeir týndu frelsi sínu og spiltust, fór sagnaritun þeirra þegar að hnigna. Þá er Rómverjar höfðu náð miklum þroska og ríki þeirra var orðið mikið og blómlegt, þá byrjar sagnaritun þeirra. En er innri spilling og munaður dregur úr þeim þrótt og þrek, svo að ríki þeirra fær eigi staðist fyrir árásum hálfviltra útlendra þjóða, þótt þær væru margfalt minni og þúsund sinnum fátækari en Rómverjar, þá hnignaði sagnaritun þeirra einnig. Svipað þessu hefur þetta gengið hjá hverri mentaðri þjóð síðan.

Dæmi Íslendinga á 12. og 13. öld sýnir, að sagnaritun getur einnig þrifist hjá smáþjóðunum. Sagnaritun er þjóðleg vísindi, og getur þrifist hjá hverri þeirri þjóð, sem andleg og líkamleg manndáð og manndygð er í, fjör og atgervi, en yfirgefi þessir eiginleikar þjóðina, þá fer sögugyðjan á burtu. Aptur á móti hnignar sagnarituninni ekki hjá smáþjóðunum, þótt þær verði fyrir hinum mesta ójöfnuði og ofríki af stórþjóðunum, ef þær halda hinum andlega krapti sínum og dygð eptir sem áður. Ljóst dæmi upp á þetta eru Danir. 1864 tóku Þjóðverjar nálega þriðjunginn af ríki þeirra, en aldrei hafa Danir sýnt meiri framfarahug og dug en síðan. Í staðinn fyrir hið danska land, sem þeir mistu, hafa þeir ræktað upp nálega eins mikið land úr óbygðum heiðum á Jótlandi. Svo mikla stund hafa þeir lagt á að menta almenning, að alþýðumentun er nú svo góð í Danmörku, að hún er hvergi betri og óvíða eins góð. En af því að alþýðumentunin er svo góð í Danmörku, hefur landbúnaður, einkum nautpeningsrækt og smjörgerð, komist skjótt í betra horf en annars staðar í heimi. En á þessum síðasta mannsaldri hafa Danir lagt meiri stund á sagnafræði en nokkra aðra fræðigrein, og sagnaritun stendur nú með svo miklum blóma hjá Dönum, að engin þjóð er nú sem stendur þeim fremri í þeirri grein að tiltölu. Þeir eiga nú hvern sagnfræðinginn öðrum betri, og prófessor Kr. Erslev hefur stofnað „kritiskan“ sagnfræðingaskóla í Danmörku. Einnig skilja Danir manna best, hve ágæt og óþrjótandi mentunarlind sagan er fyrir almenning. Lýðháskólarnir, sem bestan þátt hafa átt í því, að hefja danska alþýðu á æðra menningarstig, nota söguna að-

allega til þess að vekja almenning til manndygðar og atorku. Ekkert er betra en sagan til þess, því að hún er vísindin um lífsreynslu þjóðanna.

Þá er fjör fór að færast í nokkra Íslendinga um 1830, og áhugi þeirra að vakna á frelsi landsins og framförum, tóku þeir að gefa meiri gaum að sögu þjóðarinnar en áður og íhuga hvílíkur lærdómur væri í henni fólginn. Þá er Baldvin Einarsson fór að rita um búnaðarframfarir, leitaði hann ráða hjá sögunni og kynti sjer búnaðarháttu Íslendinga í fornöld og sá, að þeir höfðu verið miklir búhöldar, átt stór bú og selt sjálfir afurðir sínar til annara landa. Þá er Baldvin fór að hugsa um endurreisn alþingis og að afla landsmönnum meira frelsis, sneri hann sjer að rjettarsögu landsins og stjórnarsögu þess, og fjekk þar mikinn fróðleik og leiðbeiningu; gerðist hann við það styrkari í huga og ötulli að vinna að endurreisn alþingis og framförum landsins. Hinn ákafi frelsis og framfaravinur Tómas Sæmundsson lagði mikla stund á sögu Íslands og varð gagntekinn af henni og þeim lærdómi, sem hún veitir. Í inngangínum að Fjölni segir hann svo: „Enn viljir þú að marki, Íslendingur, fá ást á landinu þínu, þá blaðaðu í æfi þess, og kyntu þjer alt það, sem þar er skrifað af mentun og athöfnum feðra þinna.“ Hann minnist hvað eptir annað á sögu landsins; hann kvartar yfir því að henni skuli enginn sómi sýndur í latínuskólanum, og talar um hvílík nauðsyn landsmönnum sje á að kynnast henni og einnig um hvílíkum erfiðleikum það sje bundið að rita hana, því að sá er það vilji gera, verði að rannsaka svo afarmargt (Fjölnir V, 111). Jeg hef heyrt að Tómas Sæmundsson hafi haft í huga að rita Íslands sögu og verið að búa sig undir það á síðustu árum æfi sinnar.

Jón Sigurðsson tók þar við sem Baldvin Einarsson hætti og lagði hann þegar mikla stund á sögu vora bæði að fornu og nýju, því að hann fann það skjótt, hvílík ótæmandi mentunarlind sagan er. Þá er hann var þrítugur að aldri, minnist hann á söguna í ritgjörð um endurreisn alþingis, og sjest glögt af því, hver skoðun hans er. Hann talar um þá kosti, sem fulltrúar þjóðarinnar eiga að hafa: telur hann þar fyrst fölskvalausa og staðfasta ættjarðarást og því næst þekkingu á hag

lands og lýðs, og þá segir hann svo: „Það sem þó ríður mest á, er þekking á sögu landsins og þjóðarinnar, því næst Norðurlanda, þá Norðurálfunnar, þá mannkynsins. Mannkynssagan eður veraldarsagan er ótæmandi uppspretta lærdóms og reynslu, og setur manni fyrir sjónir dæmi, sem betur sanna enn nokkrar fortölur, hve opt litlir kraptar vel hagnýttir hafa hrundið miklu ofurefli, hve margt land hefur umskapast á fáum árum frá eyðimörku til ánægjusamasta heimkynnis, frá sultarkima til nægtabúrs. Engin vísindagrein kennir manni eins ljóslega eins og veraldarsagan að dæma rjett um ástand lands síns, án hleypidóma, án frekju og hræðslu, ... en fram yfir alt þarf fulltrúinn að hafa virðingu fyrir vísindum, ... hann verður að hafa stöðuglega fyrir augum. að vísindi og kunnátta eru lykill að allri framför manna og hagsældum“ (Ný Fjelagsrit II, 20).

Jón Sigurðsson stundaði og rannsakaði sögu vora alla æfi jafnframt því, sem hann barðist fyrir frelsi landsins og framförum. Er auðsætt að hann hefði eigi getað barist svo vel fyrir rjettindum landsins, sem raun varð á, ef hin mikla sögulega þekking hefði eigi orðið honum að liði; en jafnframt var líka hugur hans svo hreinn og styrkur, að hann veik aldrei frá því, sem hann hugði rjett vera, hversu mikinn hag sem hann sjálfur hefði kunnað að geta haft af því.

Jón Sigurðsson safnaði miklu til sögu vorrar og gaf út mörg heimildarrit. Enginn maður hefur haft svo víðtæka þekkingu á sögu vorri sem hann, og enginn rjettari og glöggari skilning á henni, þá er á alt er litið. Það er mikill skaði að Jón Sigurðsson skyldi eigi rita sögu þjóðarinnar, og er hart að vita til þess, að fátækt eða fjeleysi skyldi hamla því mest. Þá er Jón var 49 ára og hafði lagt meiri eða minni stund á sögu Íslands í hálfan þriðja tug ára, bað Páll Melsteð föðurbróðir minn hann um að rita Íslands sögu. Því svaraði Jón í brjefi 12. oktbr. 1860: „Kæri góði bróðir minn... Að skrifa Íslands sögu væri reyndar hægt, sem væri betri en ekkert, en ætti hún að vera stór og fróðleg, væri það ekki gaman... En á hverju á eg að lifa á meðan eg er að semja. Á almanakinu get eg ekki lifað eins og Norðri hjelt.“ Þeir nintust optar á þetta „bræðurnir“, en þótt Jón hefði safnað svo miklu til sögu Íslands, vildi hann

eigi leggja út í að semja hana, af því að hann gat eigi fengið svo mikinn fjárstyrk til þess sem hann þurfti, og hann vildi eigi rita sögu Íslands á annan hátt, en að hún yrði stór og fróðleg. En þá er ítarleg Íslands saga er samin, er auðvelt að semja minni bækur í sögu landsins bæði til kenslu og lesturs handa alþýðu. Aptur á móti er eigi hægt að semja góða og áreiðanlega kenslubók í sögu vorri fyr, nema því að eins að sá, sem það gerir, búi sig vel og lengi undir það áður.

Þannig atvikaðist það, að Jón Sigurðsson, sá maður, sem best var til þess fær, ritaði eigi sögu Íslands, en hann hefur þó með öllum ritgjörðum sínum og útgáfum unnið Íslands sögu meira gagn en nokkur annar maður. En síðan hafa liðið mörg ár svo, að enginn hefur orðið til þess að ráðast í það fyrirtæki, vegna þess að enginn getur unnið það í hjáverkum sínum, sem krefur allan vinnukrapt hans. Mönnum þykir einnig betra, sem von er, að ganga embættisveginn og fá sæmileg laun fyrir vinnu sína, en að rita ítarlega sögu Íslands og verða að vinna eins mikið og menn í erfiðustu embættum landsins, en fá í aðra hönd dálítinn styrk með eptirtölum.

Á tveim hinum síðustu mannsöldrum hafa nokkrir Islendingar viljað bæta úr hinni allra brýnustu þörf með því að rita ágrip af Íslands sögu, og má geta hjer um nokkrar tilraunir í þá átt. Þá er þeir Jón Sigurðsson og Páll Melsteð bjuggu saman á námsárum sínum í Kaupmannahöfn (1838—1840), stunduðu þeir báðir Íslands sögu. Páll safnaði þá ýmsu, og tók hann að rita ágrip af sögu landsins eptir það að hann var setstur að á Íslandi; en bæði það, sem hann hafði safnað til undirbúnings og samið, misti hann veturinn 1844 í brunanum á Brekku, nóttina milli 6. og 7. janúar. Jens Sigurðsson skólameistari ritaði laglegt ágrip af þjóðveldissögu Íslands og las það einu sinni eða tvisvar fyrir piltum við sögukenslu í latínuskólanum á síðustu æfiárum sínum. Ekki var söguágrip þetta bygt á sjálfstæðum rannsóknum og eigi hefur það verið gefið út, þótt það hafi verið þess vert. Jón Árnason umsjónarmaður lagði rækt við sögu vora og safnaði töluverðu; var hann opt að hugsa um að semja ágrip af henni, og ritaði hann „ýms drög til ágrips af sögu fornaldarinnar.“ Sjera Þorkell Bjarnason á Reynivöllum hafði einnig

mætur á Íslands sögu, en átti lítinn bókakost. Árið 1880 gaf hann út „Ágrip af sögu Íslands“, átta til níu arkir prentaðar. Í ágripi hans er töluverður fróðleikur, en þó er það als eigi lagað til þess að vera kenslubók handa unglingum nje til lesturs handa alþýðu, svo enn sem komið er megum við heita sögulausir að öllu leyti. Þó er söguágrip sjera Þorkels virðingarverð og góðra gjalda verð tilraun, en af því að Íslendingar hafa eigi gætt að því sem skyldi, hvílíkur vandi það er, að semja gott og áreiðanlegt ágrip af sögu vorri á meðan engin stór saga er til, hafa þeir stundum felt of harðan dóm um ágrip sjera Þorkels.

Aptur á móti er til á þýsku ágæt Íslands saga frá upphafi til endaloka þjóðveldisins *(Island von seiner ersten Entdeckung bis zum Untergange des Freistaats)* eptir Konrad Maurer, sem hann gaf út 1874 og sendi Íslendingum í þjóðhátíðargjöf. Saga þessi er mikið rit, stór þrjátíu arka bók. Hún er rituð af svo miklum lærdómi og dómgreind, að hún er hið merkasta eða eitthvert hið langmerkasta rit, sem samið hefur verið á síðari öldum um sögu Íslands. Þó er frásögnin eigi svo skemtileg sem æskilegt væri og eigi eins ljett og á sumum eldri ritum K. Maurers. Töluvert meira en helmingurinn af sögu Maurers er um stjórnarskipun Íslendinga og rjettarfar í fornöld. Sjálfur var Maurer sjerstaklega rjettarsögufræðingur og er því eðlilegt að hann taki einkanlega fram þær hliðar sögunnar. Saga Maurers var þess margfaldlega verð, að hún hefði verið þýdd á íslensku, en þó gerðu Íslendingar það ekki. Hins vegar hefði það eigi verið einhlítt, þótt hún hefði komið út á íslensku, því að bæði eiga Íslendingar og eru siðferðislega skyldir til þess að rannsaka sögu sína sjálfir og semja hana, og einnig þarf, þá er saga vor er rituð ítarlega, að geta um margt í þjóðveldissögu vorri, sem eigi er nefnt á nafn í sögubók Maurers.

Þá má geta þess, að P. A. Munch hefur ritað langt mál um sögu Íslands í fornöld í hinni miklu sögu sinni af hinni norsku þjóð *(Det norske Folks Historie)*, en skoðanir hans á sögu vorri eru „norsk-norskar“. Enn fremur hefur hinn þýski sagnaritari F. C. Dahlmann ritað allmerkilegt yfirlit yfir þjóð-

veldissögu vora í öðru bindinu af Danmerkur sögu sinni (1841), og hið sama hefur J. E. Sars gert í fyrsta og öðru bindi af hinu ágæta yfirliti sínu yfir hina norrænu sögu *(Udsigt over den norske historie)*. Alla sögu Íslands hefur enginn ritað á útlendu máli, nema smá ágrip af henni, sem flest hafa komið út í alfræðisbókum *(Konversationsleksika)* og óþarfi er að nafngreina hjer.

Um sögubók þessa skal jeg fyrst geta þess, að jeg hef kent hana við þjóðina og kallað hana Íslendinga sögu en eigi Íslands sögu eptir landinu, af því hún á að skýra frá sögu þjóðarinnar en eigi sögu landsins. Nú eru menn orðnir því svo vanir, að kenna sögu vora við landið, að margir kunna illa við annað, þótt það sje rjettara. Til forna kendu íslenskir sagnaritarar sögurnar ávalt við þá menn, sem þær voru af, en aldrei við þann bæ, bygð eða land, þar sem þær gerðust. Ari hinn fróði nefndi bók sína Íslendinga bók en ekki Íslands bók. Íslendinga saga er hin mikla saga Sturlu Þórðarsonar kölluð en eigi Íslands saga (Sturl. I, 86; Bps. I, 589, 591). Þá má minna á nöfnin á Íslendinga sögum: Laxdæla saga (ekki Laxdals saga), Reykdæla saga, Vatnsdæla saga o. s. frv. Aptur á móti hefur á síðustu öldum sú tíðska komist inn í íslenskuna úr latínu og dönsku, að kenna sögu vora við landið.

Þetta bindi, sem nú kemur út, er að eins upphafið af sögu vorri. Fátt er merkilegra og þýðingarmeira í henni en byrjunin, bygging landsins og stofnun þjóðfjelagsins. Ef menn vilja skilja það til hlítar og komast fyrir ræturnar á mörgu af því, sem þá gerðist á Íslandi, munu menn komast að raun um, að ekkert tímabil er jafnerfitt viðfangs sem landnámsöldin og fyrri hluti sögualdarinnar, og að þekking vor um það er óvissari en um hinar síðari aldir. Þetta er í raun rjettri mjög eðlilegt. Til þess að vita glögg deili á upptökunum á þjóðlífi voru og komast fyrir allar rætur þess, þurfa menn að þekkja vel sögu Norðmanna áður en Ísland bygðist, sögu víkinganna fyrir vestan haf og sögu Írlands og Skotlands, en þess er nú eigi kostur. Saga Norðmanna byrjar eigi fyr en um það leyti sem Ísland byggist, og nálega ekkert var ritað fyr um sögu þeirra, en Íslendingar tóku að rita sögur á 12. öld; en þá var flest það

gleymt, sem eldra var en bygð Íslands. Fyrir því er mönnum í raun rjettri harðla lítið kunnugt um hag manna og ástæður og alt stjórnarskipulag í Noregi, áður en Ísland bygðist, og því er eigi hægt að fá neina vitneskju um margt, sem er mjög þýðingarmikið og menn vildu helst vita, hvernig verið hefur þá hjá forfeðrum vorum. Sökum þessa er eigi heldur hægt að greina svo vel sem skyldi, hvað er gamalt og hvað er nýtt af því, sem komst á fót á Íslandi, og saga vor getur hvorki orðið svo áreiðanleg nje glögg sem æskilegt væri.

Þótt vjer vitum hverjir menn þeir voru, sem námu Ísland, er þó ekkert kunnugt um flesta þeirra áður en þeir fóru til Íslands. Margir þeirra áttu í deilum og ófriði við Harald hárfagra eða menn hans, en nákvæma frásögn af viðureign þeirra höfum vjer nú eigi nema í Egils sögu, og bregður hún birtu yfir viðskipti manna og atburði þá í Noregi. Hún sýnir best, hvernig Haraldur hárfagri vildi beygja alla undir vald sitt, hve óvanir menn voru þá að lúta stjórn annara og sameiginlegum lögum, hvílíkir stórbokkar menn voru og hve hefndargirnin var rík. Frásaga Egils sögu lýsir því best ýmsum þeim atvikum og ástæðum, sem urðu þess valdandi, að margir höfðingjar stukku frá Noregi til Íslands; sökum þess hef jeg skýrt greinilega frá viðskiptum Kveldúlfs og sona hans við Harald hárfagra.

Eins og sjálfsagt er, hafa menn reynt á ýmsa vegu að skýra fyrir sjer ýms atriði bæði í fornsögu Norðmanna og elstu sögu vorri. Sumir hafa t. a. m. leitt ályktanir um ýms atriði í sögu Norðmanna út af því, sem kunnugt er að átt hafði sjer stað síðar á Íslandi, en hafa eigi gætt þess nægilega, hvaða breytingum líf manna hafði tekið við flutninginn og á Íslandi, og hvað var þar öðruvísi en í Noregi. Aðrir hafa bygt skoðanir sínar um ýms atriði, er snerta upphaf ríkis á Íslandi, á því, sem átti sjer stað í Noregi áður en Ísland bygðist, en hafa eigi gætt þess nægilega, hve ófullkomin þekking manna er um það. Þá hafa sumir leitt skoðanir sínar um hið upphaflega stjórnarfyrirkomulag á landi voru út af því, sem síðar tíðkaðist, og stundum hafa menn rökstutt þær með atburðum, sem gerðust miklu síðar, jafnvel á 12. og 13. öld, en eigi gætt þess

nógu vel, hve margt var þá orðið breytt frá því, sem hafði átt sjer stað í upphafi. Menn hafa eigi sem skyldi greint þá atburði, sem kunnir eru frá þeim tímum, er landið bygðist og stjórnarskipunarlög landsmanna voru sett og aukin í fyrsta sinn, frá atburðum, sem opt eru miklu yngri. Með því að gera það, sjest þó best, hve þekking vor er að ýmsu leyti ófullkomin um landnámsöldina og upphaf sögualdarinnar, og á þann hátt geta menn einnig helst fengið fastan grundvöll til þess að byggja á. Eigi heldur hefur þess ávalt verið gætt, að menn, sem höfðu verið því vanir, kynslóð eptir kynslóð, að baukast út af fyrir sig og vera sjálfráðir hver í sínu horni, fyrst í Noregi og síðan á Íslandi, gátu eigi verið mjög fljótir að læra að beygja sig undir sameiginleg lög og venja sig á löghlýðni. Það gekk sannarlega eigi alt „eptir nótum“ í þjóðveldi voru í fornöld.

Vjer Íslendingar erum svo heppnir að eiga annað eins heimildarrit meðal fornrita vorra og Landnámabók, sem greinir hverjir menn þeir voru, er fyrstir bygðu land vort. Hver mentuð þjóð, sem ætti þvílíkt heimildarrit að elstu sögu sinni, mundi telja það hina mestu gersemi. Þær mundu vera glaðar yfir því, ef þeir gætu vitað hverjir menn þeir voru, er fyrstir bygðu land þeirra. Hver mentuð þjóð reynir að skýra upptök sögu sinnar sem best og skygnast sem lengst aptur í tímann, til þess að grafa fyrir frumbyggingu lands síns.

Það lítur svo út, sem skoðanir landa minna sjeu nokkuð deildar um það, hvort geta eigi um landnámsmennina í sögu Íslendinga eða eigi. Sú skoðun hefur þegar komið í ljós, að jeg hefði eigi átt að nefna landnámsmennina í sögu þessari, og þá er út kom eptir mig fyrsta heptið af alþýðusögu minni (Þættir úr Íslendinga sögu), var fundið að því í Eimreiðinni, að jeg hefði eigi talið þar upp miklu fleiri landnámsmenn, en raun varð á. Það virðist þó auðsætt, að eigi ber að skýra frá mörgum landnámsmönnum í stuttri Íslendinga sögu, sem ætluð er alþýðu, en að aptur á móti er sjálfsagt að skýra frá öllum hinum helstu landnámsmönnum í ítarlegri sögu eins og þessari. Svo mundi hver mentuð þjóð vilja að gert væri í sögu sinni, ef þess væri kostur. Landnámsmennirnir eru landsfeður vorir. Þeir helguðu sjer landið og sæti í sögu þjóðarinnar. Þrátt fyrir

það hefði jeg þó eigi talið þá alla, ef jeg hefði eigi viljað sýna, hvernig landið skiptist í upphafi á milli þeirra. Landnámaskiptingin er hin fyrsta skipting á landinu; á landnámsöldinni og framan af söguöldinni var engin önnur staðarleg skipting til á Íslandi en eptir landnámum og eignarrjetti. Þá er landinu var skipt í fjórðunga, var því fyrst skipt eptir öðrum meginreglum en eignarrjetti. Landnámaskiptingin er því harðla merkileg og hafði að ýmsu leyti allmikla þýðingu, en þetta hefur eigi verið athugað áður sem skyldi. Þá er Íslandi var skipt í hreppa, urðu takmörkin á hreppunum opt hin sömu sem á landnámunum.

Mörgum í sveitum mun nú þykja fróðlegt að sjá, hvernig hjeruð þau skiptust í upphafi, þar sem þeir eru kunnugir. Jeg hef skýrt frá landnámunum í hverri sýslu fyrir sig, af því að það er glöggast og greinilegast fyrir menn nú á dögum. Eptir annari skiptingu var eigi rjett að fara, af því að engin skipting var til á landnámsöld, sem miða mætti við. Höfundar Landnámu fóru eptir fjórðungaskiptingunni, auðvitað af því að á dögum þeirra var landinu skipt í fjórðunga og af því að þeir höfðu enga aðra skiptingu til þess að fara eptir. Sýsluskiptingin var þá eigi til og kemst fyrst á eptir endalok þjóðveldisins. Menn eru nú orðnir því svo vanir af Landnámu, að landnámin sjeu talin eptir fjórðungum, að sumir lærðir menn kunna ef til vill illa við annað og hafa jafnvel fengið þá meinloku í höfuðið, að fjórðungaskiptingin sje jafngömul landnámunum, og því eigi að greina þau eptir fjórðungunum. Jeg vona að slíkt leiðrjettist og að það verði alls eigi villandi fyrir neinn mann, þótt jeg hafi greint landnámin eptir sýslum. Þess skal og verða getið í einhverri sögubók, ef jeg held lífi og heilsu, frá hvaða tíma fjórðungaskiptingin og sýsluskiptingin eru, svo að engin villist á því.[1]) En hins vegar mundi það hafa þótt ógreinilegt og þreytandi fyrir þá, sem nota bók þessa, ef öll landnámin hefðu verið talin upp í einni runu.

Jeg hef undirbúið uppdrátt af Íslandi á landnámsöldinni,

[1]) Dr. Kr. Kálund hefur einnig farið eptir sýsluskiptingunni, þá er hann ritaði hina ágætu sögulegu staðarlýsingu sína af Íslandi sjerstaklega á söguöldinni.

og hefði jeg helst kosið að hann hefði getað komið út með þessu bindi. Ef á að gefa hann vel út, kostar það töluvert fje, og jeg veit því eigi, hvort hægt verður að fá hann prentaðan.

Írland kemur fyrst til sögunnar af þeim löndum, sem snerta töluvert landnámssögu vora. Írskir annálar eru sumir miklu eldri en íslensk og norsk sögurit. Þeir skýra allmikið frá ránum víkinganna þar vestra, en mjög lítið greina írsk rit frá því, er snertir Ísland eða landnám þess. Saga landnámsmanna fyrir vestan haf er því lítt kunn og er eigi hægt að greiða úr henni til hlítar, svo lítil sem hún þó er. Írskum heimildarritum ber eigi saman við íslensk, og íslenskum söguritum ber þar einnig ýmislegt á milli. Stundum kann að vera, að þau eigni landnámsmönnum eða frændum þeirra önnur frægðarverk, en þeir í raun rjettri hafa unnið. Um sumt, sem sagnir eru af, er eigi hægt að vita áreiðanlega hið sanna. Svo er um ferð Ketils flatnefs vestur um haf. Enginn veit með vissu hvað sannast er í sögunum um hana, en ekki er það líklegt að frásögn jafnóáreiðanlegrar sögu sem Laxdælu sje þar sannari en sögn Eyrbyggju. Eigi er heldur hægt að vita með áreiðanlegri vissu, hvort Ólafur hinn hvíti, sem í Landnámu segir að væri konungur í Dyflinni, er sami maðurinn sem Amhlaeibh eða Ólafur, er írskir annálar segja að væri þar víkinga eða Norðmanna konungur eptir miðja 9. öld, en þó verður það eigi annað en getgáta að telja þá tvo menn. Til þess að geta það, verður einnig að hafna orðum Landnámu í báðum aðalhandritum hennar. Hæpið er það og, að byggja það á orðinu Dyflinnarskíri, að frásaga Landnámu um sigurvinningar Ólafs hins hvíta sje innskotsgrein og því órjettmæt. Þótt orðið skíri ætti eigi við á Írlandi fyr en eptir 1172, hefur þó Íslendingum verið orð þetta kunnugt miklu fyr frá Englandi, og þótt þá hafi verið búið að rita um landnám á Íslandi í nokkrum hjeruðum landsins, eru þó engar gildar sannanir fyrir því, að búið hafi verið að rita Landnámu áður en Englendingar unnu Írland. Þvert á móti bendir alt á, að það hafi fyrst verið gert fullum mannsaldri síðar.[1]) Sams-

[1]) Sbr. Finn Jónsson í „Indledningen" fyrir Ldn.[3], bls. XLI o. cf.

konar óvissa sem um Ólaf hinn hvíta er um Þorstein rauð og Oistin, og eigi er heldur hægt að vita með vissu, hve nær Haraldur hárfagri fór herferð sína vestur um haf. Jeg hef tekið fram missagnirnar í heimildarritunum bæði um þetta og margt annað í landnámssögu vorri, og bent á það, sem mjer hefur þótt sennilegast, þá er jeg hef rannsakað heimildarritin sjálf.

Jeg hef auðvitað fyrst og fremst íhugað það, sem heimildarritin sjálf segja um hvert eitt atriði, og áður en jeg hef notað þau, hef jeg kynt mjer hvernig þau eru, því að það þarf fyrst að íhuga, hve áreiðanleg þau eru, hvernig þau eru til orðin og hvort höfundur þeirra hefur getað vitað sannindi um það, sem hann hefur ritað eða eigi. Þeir einir, sem fengist hafa við slíkar rannsóknir — heimildarritarannsóknir eru þær nefndar — þekkja, hvílíkan tíma slíkt krefur, en fæstir aðrir geta haft hugmynd um það. Sögurit vor eru bygð á gömlum munnmælum og sögusögnum, sem lifðu á vörum þjóðarinnar, og á fornum kvæðum; eru þau því mjög misjöfn að vissu, ekki síst þau, sem hafa eigi kvæðin við að styðjast og eru eingöngu bygð á gömlum sögusögnum.

Síðan fyrra heptið af bindi þessu var prentað, hefur komið út ritgjörð eptir W. A. Craigie, *Notes on the Norse-Irish Question* (í Arkiv för nordisk filologi. Ny följd, XV, bls. 173—180), sem snertir frásögnina í írsku annálabrotunum um Ólaf konung í Dyflinni. Craigie sýnir þar að þýðing O'Donovans af Three Fragments, sem þeir L. J. Vogt og Al. Bugge hafa farið eptir, er röng. Ef jeg hefði getað notað ritgjörð þessa, mundi jeg eigi hafa bygt svo mikið á *Three Fragments* sem jeg hef gjört á bls. 46—47, því að annálaritarinn segir eigi, að hann hafi vitneskju um ófriðinn, sem var í Noregi, þá er Guðröður konungur sendi (en ekki kom) til Ólafs sonar síns, til þess að biðja hann liðveislu (871).

Að endingu vil jeg þakka vini mínum, prófessor Finni Jónssyni, kærlega fyrir að hann hefur lesið aðra próförk á sögu þessari og gefið mjer ýmsar góðar bendingar. Honum á jeg í raun rjettri að þakka skýringuna á nafninu Ölfusá, því að hann benti mjer á, að eptir rithætti Ara mundi það nafn vera

sett saman af „foss“, og sá jeg þá, hvernig í því lá, af því að jeg er kunnugur landslaginu við alla Ölfusá. Hins vegar fann jeg, að ómögulegt var, að Þingvallavatn hafi fengið nafn af Álfi landnámsmanni og að Sogið, fossandi á, hafi verið nefnt ós. Að ráði Finns Jónssonar hef jeg hagað rithættinum á ýmsum nöfnum í bókinni. Enn fremur þakka jeg kærlega bókaverði, dr. Kr. Kålund fyrir nokkrar bendingar, sem hann hefur gefið mjer.

Kaupmannahöfn, sumarið 1903.

Bogi Th. Melsteð.

Efnisskrá

Fundur Íslands og landnám . . . . . 1—316
Inngangur . . . . . 3—52
Upphaf sögu. Pýþeas frá Massaliu og Púle 3
Írar finna Ísland 7
Upphaf víkingaaldarinnar 13
Víkingar finna Ísland 26
Stjórnarskipun og landslýður í Noregi áður en Ísland bygðist . 29
Haraldur hárfagri gerist einvaldskonungur yfir Noregi. 44
Landnámsöldin um 874—930 . . . . . 53—316
Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson 53
Útkomuár Ingólfs og upphaf Íslands bygðar 60
Kveldúlfur og synir hans 69
Ketill hængur Þorkelsson. 89
Víkingarnir og vesturferð Haralds hárfagra 92
Yfirlit og efnisskipting 107
Landnám í Gullbringusýslu 109
Landnám í Kjósarsýslu 110
Landnám í Borgarfjarðarsýslu 114
Landnám í Mýrasýslu 118
Landnám í Hnappadalssýslu 122
Landnám í Snæfellsnessýslu 124
Landnám í Dalasýslu 129
Landnám í Barðastrandarsýslu 136
Landnám í Ísafjarðarsýslu 142
Landnám í Strandasýslu 147
Landnám í Húnavatnssýslu 150
Landnám í Skagafjarðarsýslu 156
Landnám í Eyjafjarðarsýslu 164
Landnám í Þingeyjarsýslu 172
Landnám í Norður-Múlasýslu 178
Landnám í Suður-Múlasýslu 184
Landnám í Skaptafellssýslu 187
Landnám í Rangárvallasýslu 198
Landnám í Vestmannaeyjum 203
Landnám í Árnessýslu 203
Endurlit. Heimkynni, þjóðerni og ætterni landnámsmanna . . 220
Tala landnámsmanna og mannfjöldi 236

Landnám og byggingarhættir. Örnefni 244
Landið og landsgæði 259
Atorka landnámsmanna, búskapur þeirra, fjör og rausn . . . 275
Hnefarjettur og vígaferli 280
Trú landnámsmanna, hof reist og upphaf goða og goðorða . . 286
Hin fyrstu þing sett. Þórsnesþing og Kjalarnesþing 305
Mannanöfn 317
Skammstafanir 333
Prentvillur og viðauki 336

FUNDUR ÍSLANDS OG LANDNÁM

Inngangur.

Upphaf sögu. Pýþeas frá Massaliu og Þúle.

Mannkynið er gamalt, en mannkynssagan er ung í samanburði við aldur þess. Í marga tugi þúsundir ára hefur mannkynið lifað, barist fyrir tilverunni, tekið smátt og smátt, afarhægt og afarseint bæði andlegum og líkamlegum þroska, áður en það komst á það menningarstig, að nokkur saga gæti hafist. Vilji menn því leita vitneskju um aldur, uppruna og frumæfi mannkynsins, verða menn að íhuga það, er jarðfræðin og fornleifafræðin leiðir í ljós.

Þá er mannkynið hafði náð því menningarstigi, að menn tóku að rita eða merkja á steina, töflur og annað efni merka atburði, til þess að þeir gleymdust eigi, þá hófst mannkynssagan. Slíkar áletranir eru elstar austur og suður í Mesópotamíu og Egiptalandi, alt að því 7000 ára gamlar. Svo langt seilist mannkynssagan nú sem stendur aptur í tímann, en mannkynið ætla jarðfræðingarnir að sje svo gamalt, að það skipti jafnvel mörgum hundrað þúsundum ára.

Austur í Asíu og suður á Egiptalandi kemur mannkynið fyrst til sögunnar, og þaðan breiðist leikvöllur sögunnar út, einkum til Norðurálfunnar. Af Norðurálfuþjóðum koma Grikkir fyrst til sögunnar fyrir rúmum 3000 árum, og síðan hver þjóðin eptir aðra, þótt mislangur tími líði á milli þeirra. Allar þjóðir eru þó eigi enn komnar fram á leikvöllinn. Sumar þeirra, t. a. m. í Afríku og víðar, eru enn svo ómentaðar, að þær eiga enga sögu.

Að eins ellefu aldir eru liðnar, síðan Norðurlandaþjóðir komu fyrst til sögunnar; þó höfðu Norðurlönd þá verið bygð í þúsundir ára. Danmörk bygðist fyrst og suðurhluti Svíþjóðar og færðu forfeður vorir síðan bygð sína norður eptir landi, eins og sjá má af fornleifum þeim, er fundist hafa. En löngu fyr en saga Norðurlandaþjóða hefst, vissu þó ýmsir menn meðal hinna mentuðu þjóða suður við Miðjarðarhafið, að ókunn lönd og ókunnar þjóðir voru í norðurátt, því einstaka menn urðu til þess að ferðast norður á bóginn og spyrjast fyrir um lönd þessi.

Sá maður hjet Pýþeas og var frá grísku nýlendunni Massaliu (nú Marseille í Frakklandi, suður við Miðjarðarhaf), sem fór fyrstur norður eptir löndum til þess að kynna sjer þau og úthafið. Hann var samtíða Alexander hinum mikla og frábærlega vel að sjer á sinni tíð í stjörnufræði, stærðafræði og landafræði. Hann mældi sólarhæðina og ákvað breiddarstig fæðingarborgar sinnar svo nákvæmlega, að litlu munaði. Hann hafði mikla fróðleikslöngun, og til þess að rannsaka hve langt bústaðir manna næðu norður á bóginn, fór hann í landaleit norður um lönd um 330—320 f. Kr. Hann ritaði bók um ferð sína og „um úthafið“, en því miður er hún týnd. Nokkrir rithöfundar hafa notað bók hans og tekið kafla úr henni upp í rit sín, en frásagnir þeirra um Pýþeas eru einnig týndar; er því nú ekkert kunnugt um ferð Pýþeasar, nema það, sem stendur í ritum manna, er voru uppi þrem öldum síðar en hann og enn síðar.[1]) Höfðu þeir ekki sjeð rit hans sjálfir, heldur tínt upp úr ritum eldri manna, er höfðu notað rit hans eða tilfært eitthvað úr þeim; leggja þessir menn lítinn trúnað á frásögu Pýþeasar, og segir

[1]) Eptirfarandi skrá eptir prófessor Joh. Steenstrup í Danmarks Riges Historie, I, 63, yfir þá fornu rithöfunda, sem tala um Pýþeas og landafund hans, skýrir þetta atriði. Nöfn þeirra manna, sem enn fræða oss um Pýþeas í ritum sínum, eru prentuð með skáletri.

Pýþeas (um 330 f. Kr.). Timæus (um 300). Eratosþenes (um 200). Hipparch (um 140). Polybius (um 140). *Geminus* (um 50). *Diodor* (um 30). *Strabo* (á dögum Krists). *Pomponius Mela* (um 50 e. Kr.). *Plinius* (um 70). *Ptolemæus* (um 130). *Solinus* (um 350).

einn hinn merkasti á meðal þeirra, landfræðingurinn Strabo, að Pýþeas væri óáreiðanlegur og „hinn mesti ósannindamaður“. Þau brot, sem til eru í ritum annara manna[1]) eptir Pýþeas, eru því rangfærð og misskilin, og er það skaði. Annar eins maður og Eratosþenes (um 220), sem ágætastur var allra landfræðinga í fornöld, efaðist eigi um sannleiksást Pýþeasar, og nú á dögum er það orðið ljóst, að Pýþeas hefur snemma verið misskilinn og því eigi sætt þeirri meðferð hjá mönnum, sem hann átti skilið.

Pýþeas fór frá Gallíu til Bretlands; þar tók hann eptir flóði og fjöru, og sýndi fyrstur manna, að þau kæmu af áhrifum tunglsins. Hann mun hafa farið um mikinn hluta Bretlands, því hann vissi, að það var eyland, og fór nærri um lögun þess. Hann þekti einnig Írland og tvennar eyjar fyrir norðan Skotland; hafa það annaðhvort verið Suðureyjar og Orkneyjar, eða Orkneyjar og Hjaltland.

Frá Bretlandi sigldi Pýþeas í sex daga norður á bóginn og kom þá til ókends lands eða eyju, er hann kallar Þúle. Nóttin var þar svo stutt, að myrkur var að eins í tvær eða þrjár stundir í þeim hjeruðum, sem hann kom í. Íbúarnir sögðu honum, hvar þau hjeruð væri, þar sem sólin gengi eigi undir á nóttunum, en svo langt norður fór Pýþeas ekki. Veðurlag var kalt í landi þessu og vætusamt. Þar óx þó korn, er Pýþeas kallaði hirse (líklega bygg), og nokkrir jarðávextir. Kornið skáru menn upp og færðu í hlöður; úr korni og hunangi bjuggu íbúarnir til drykk.

Það má telja því nær víst, að land það, sem Pýþeas kom til, hafi verið Noregur; hefur hann tekið land á vesturströnd Noregs, líklega einhvers staðar á Mæri eða í Raumsdælafylki. Ísland hefur land þetta ekki verið, því það var bygt, en Ísland var þá með öllu óbygt.[2])

[1]) Strabo tilfærir í landafræði sinni einna mest úr ritum manna um ferð Pýþeasar, og hafa ýmsir síðan tekið eptir honum. Þorvaldur Thoroddsen hefur í Landfræðissögu sinni I, 4—6, þýtt þessa kafla hina helstu.

[2]) Um Pýþeas hefur Karl Müllenhoff ritað best í bók sinni Deutsche Altertumskunde, Berlin 1870, I, 211—497. Hann ætlar þó helst að Þúle hafi verið Hjaltland, en það er líklegast, þegar Noregur er frá talinn.

En er Pýþeas kom heim aptur og hafði ritað um ferð sína, vakti frásögn hans af Þúle allmikla eptirtekt meðal lærðra manna í fornöld; en af því að land þetta var bæði Grikkjum og Rómverjum alveg ókunnugt, leið eigi á löngu áður en frásögn Pýþeasar þótti ótrúleg, og menn hugðu að það væri tilbúningur einn, er hann sagði um Þúle. Landsnafn þetta lifði þó meðal Grikkja og Rómverja, og grísk og latnesk skáld ortu um þetta ókunna „ysta“ land í norðrinu; nafnið var síðan notað meðal landfræðinga og annara lærðra manna langt fram á miðaldir um nyrsta landið, sem mönnum var kunnugt um á þeim og þeim tíma, og gerðu það eigi Grikkir og Rómverjar einir, heldur og Bretar, Írar, Þjóðverjar og Norðurlandabúar. Nafnið Þúle, eða Thule eins og það heitir á latínu, hefur því opt verið notað um Noreg, Svíþjóð, eða um þau lönd bæði, með einu nafni um Skandinavíu, og stundum hefur það verið notað um Orkneyjar, Hjaltland og jafnvel um Færeyjar. Þá er Ísland fanst, hjeldu menn að það væri hið ókenda land, sem Pýþeas hafði komið til og grískir og rómverskir rithöfundar töluðu um, og kölluðu það Thule. Svo gerði Dicuil munkur, þá er Írar fundu Ísland. Hið sama gerði Adam frá Brimum á 11. öld og síðan ýmsir rithöfundar hver á fætur öðrum. Þá er Íslendingar sjálfir fóru að lesa og rita, og ráku sig á frásagnirnar um Thule í útlendum ritum, hugðu þeir að það væri Ísland, af því að sagt var, að það væri eyland norður af Bretlandi. Ber upphaf Landnámabókar vitni um þetta,[1]) og sýnir, að Íslendingar á 12. og 13. öld hafa lesið rit Beda prests, er kallaður var „*venerabilis*“, þ. e. hinn æruverði (f. 672, † 735). Hann var enskur og ritaði margt á latínu; hann tók upp í rit sín kafla úr eldri rithöfundum, Pliniusi og Solinusi, um Thule, en Ísland þekti hann eigi.[2])

[1]) Sbr. einnig sögu Guðmundar Arasonar eptir Arngrím ábóta Bps. II, 2/5.

[2]) Allir þeir kaflar í grískum og latneskum fornritum, sem geta um Þúle að einhverju leyti og snert geta Bretlandseyjar og næstu lönd þar í kring, eru gefnir út í Monumenta historica Britannica. Volume I. 1848.

Írar finna Ísland.

Eptir að Pýþeas fann Þúle liðu enn þúsund ár, áður en nokkur maður vissi af Íslandi, þar sem það lá út í reginhafi. Úthafið var eigi árennilegt, og ófýsilegt var að leita langt út á það, þar sem engra landa var von. Ránardætur hjeldu vörð um Ísland og stigu hinn ægilega, óslítandi dans sinn í kring um það. Var því eðlilegt að langur tími liði, áður en landið fyndist. Til þess að hætta sjer svo langt út á hafið, að menn rækju sig á Ísland, þurfti bæði áræði og traust; það höfðu hinir írsku einsetumenn, „guðsmenn“, er fundu það fyrstir.

Írland kemur miklu fyr til sögunnar en Norðurlönd, en þó eigi svo snemma, að Rómverjar brytu landið undir sig. Það virðist fyrst hafa verið byggt af íberskri þjóð, en seinna fluttu keltneskir þjóðflokkar af gaelisku greininni inn í landið. Síðastir af þjóðflokkum þessum komu Skotar, sem einnig voru nefndir Milesíar. Eru til sögusagnir um þjóðflutninga þessa og var það löngu áður, en sönn saga byrjar á Írlandi. Saga Íra má segja að byrji, þá er Patrekur hinn helgi hóf kristniboð á meðal þeirra rjett eptir 430. Patrekur var prestsson frá Bretlandi. Þá er hann var unglingur að aldri, hertóku skotskir sjóræningjar hann frá Írlandi. Í sex ár var honum haldið í þrældómi við nautagæslu á Írlandi, en á þeim árum vaknaði guðhræðsla hjá honum og hann fann innri köllun hjá sjer. Nokkru síðar hóf hann kristniboð sitt og vann að því langan aldur með mestu alúð og mildi. Skírði hann marga Íra og varð óvenjulega mikið ágengt. Hann kom kristinni kirkju á fót á Írlandi, og snerist síðan landsfólkið smátt og smátt til kristni án þess að beitt væri við það nauðung og ofbeldi; er svo talið að á miðri 6. öld væri Írland orðið alkristið, og svo lögðu Írar mikla stund og alúð við kristnina, að Írland var þá nefnt „ey hinna helgu manna“.

Kirkja Íra var einkennileg. Trúarlíf þeirra var innilegt, eins og frænda þeirra Breta um þær mundir, þá er heið-

ingjarnir Englar og Saxar höfðu brotið þá undir sig og hrakið þá vestur til Wales og annara hjeraða á vestanverðu Englandi. Kirkja Íra var nokkurs konar klaustrakirkja eða munkafjelög. Kristnir menn mynduðu þar fjelög, og bjuggu saman til þess að þjóna guði, lesa heilög eða guðrækileg rit. Allir menn í fjelögum þessum voru kallaðir keledear, þ. e. guðs menn, og er af því dregið nafn írsku og skotsku kirkjunnar, er hún er nefnd kúldeiska kirkjan. Munkafjelög þessi voru stór, svo að sumstaðar bjuggu tvær til þrjár þúsundir munka og nunna saman í einum bæ eða þorpi; þau breiddust einnig út um allt Írland. Í slíkum þorpum var stunduð guðfræði og þau vísindi, er þá voru kunn. Munkarnir kunnu latínu og grísku og þeir kendu og rituðu upp guðrækileg rit handa mönnum. Þeir sendu einnig marga kristniboða, tólf og tólf saman og einn kennara eða foringja í broddi fylkingjar, út meðal heiðinna manna eða hálfheiðinna, bæði til Skotlands, Englands, Þýskalands og Frakklands. Kristniboðar þessir hjeldu sambandi við klaustur það eða munkafjelag, sem þeir voru frá. Kolumkille (kirkjans dúfa), sem kallaður var á latínu Columba, fór árið 563 með 12 fjelögum til eyjarinnar Hii eða Iona við Skotlandsstrendur rjett hjá Stafey (Staffa), þar sem Fingalshellirinn er, og stofnsetti þar klaustur og skóla, sem lengi stóð með miklum blóma og varð höfuðból allra bókmenta á Skotlandi framan af. Frá Iona boðuðu menn kristni á Skotlandi, sem þá var kallað Alban, og þess vegna taldi skotska kirkjan St. Columba klaustrið á Iona móðurkirkju sína. Frá Írlandi fóru einnig margir Skotar til Albans um það leyti og það var kristnað, og settust að á vesturströndinni og settu þar ríki á stofn, sem við þá var kent, en Piktarnir, sem einnig voru keltneskir að kyni, hörfuðu undan upp í hálendið og austur á bóginn, og var norðurhluti Skotlands lengi kendur við þá (Pictavia, Piktland, Péttland).[1]) En er konungar Skota sameinuðu ríki Pikta við ríki sitt (á 9. öld), var tekið að kenna alt Skotland við Skota eins og enn er gert.

[1]) Um Patrek hinn helga og kristniboð Íra, sjá Alph. Bellesheim, Geschichte der katholischen Kirche in Irland. Mainz 1890, I. Band.

Írsku keledearnir voru ötulir og áhugamiklir kristniboðendur, og trúarlíf þeirra sumra var svo innilegt og alvarlegt, að þeir leituðu einveru og friðarins í einverunni. Af þessum ástæðum hafa þeir leitað til ókunnugra stöðva; einnig þektu þeir frásagnir rómverskra höfunda um hið ókenda ysta land Þúle *(ultima Thule)*, og líklegt er, að það hafi ýtt undir þá til þess að halda norður á bóginn og leita lands þessa. Frá Skotlandi eða Suðureyjum hafa þeir farið til Orkneyja og Hjaltlands, en þaðan til Færeyja; síðan hafa þeir fundið Ísland, og þeir virðast einnig hafa komið til Noregs, og þar er ein eyja í austanverðum Kristjaníufirði kend við þá.[1])

Hin elsta áreiðanlega frásögn um komu Íra til Íslands er í bók einni „um mæling jarðarinnar" eptir írskan munk, er hjet Dicuilus.[2]) Hann ritaði bók sína árið 825 og er hún á latínu. Hann þekti rit ýmsra fornra, einkum latneskra rithöfunda og frásagnir nokkra þeirra um Þúle; hann getur um Þúle og segir, hvað Plinius og Solinus meðal annara hafi sagt um land þetta. Síðan segir hann: „Nú eru þrír tígir ára síðan klerkar, er dvöldu á þessari eyju frá 1. febrúar til 1. ágúst, sögðu mjer, að eigi að eins sólstöðudaginn á sumrin, heldur einnig dagana fyrir og eptir sje svo sem sólin feli sig bak við dálítinn hól á kveldin, er hún gengur undir, þannig að ekkert myrkur verði á þessari örstuttu stund. Maður getur gert hvað sem hann vill, og þó það væri að tína lýs úr skyrtu, eins og sól væri á lopti; og ef menn væri þar uppi á háfjöllum þá hyrfi þeim ef til vill aldrei sól. Á miðri þessari örstuttu stund verður miðnætti á miðri jörðunni, og eg ætla því, að sólin sjáist þar á móti um skemstan tíma í Þúle um vetrarsólstöður eða nokkrum dögum undan og eptir, þá er miðdegi er á miðri jörðinni. Og þar sem klerkar þessir komu siglandi til eyjarinnar á þeim tíma, er eðlilegt var að mikill kuldi væri og dvöldu þar, og voru þá dagar og nætur ávalt

[1]) Sbr. P. A. Munch, Beskrivelse over Kongeriget Norge i Middelalderen. Moss 1849. Gustav Storm, Kritiske Bidrag til Vikingetidens Historie. Kristiania 1878, bls. 22.

[2]) Sbr. A. Bellesheim, sama rit. I, 291—92.

á víxl nema um sólstöðurnar, þá skrökva þeir og misskilja, sem hafa ritað, að sjór væri frosinn í kringum eyna og að einlægur dagur án nætur væri frá jafndægrum á vori til jafndægra á hausti, og aptur á móti sífeld nótt frá jafndægrum á hausti til jafndægra á vori. En eptir eins dags siglingu frá eynni í norður, fundu þeir frosinn sjó".[1])

Lýsing þessi á auðsjáanlega við Ísland, og ætlar Dicuil að það sje hið ókunna land Þúle, sem Pýþeas hafði sagt að lægi sex daga sigling fyrir norðan Bretland og fornir ritháfundar tala um. Hann leiðrjettir því öfgar sumra þeirra um lengd dags og nætur og um kuldann á Þúle eptir því, sem klerkarnir höfðu reynt á Íslandi. Rit Dicuils ber það með sjer, að írskum klerkum hefur þegar í byrjun 9. aldar verið kunnugt um allar eyjar norður af Skotlandi milli þess og Íslands, því einhverjir aðrir klerkar en þeir, sem komið höfðu til Íslands, sögðu Dicuil af eyjum nokkrum norður í hafi, sem líklega hafa verið Færeyjar. Um þessar eyjar fer Dicuil svo feldum orðum:

„Aðrar eyjar margar saman eru í norðanverðu Bretlandshafi og má sigla þangað á tveim sólarhringum frá norðureyjum Bretlands (*„a septentrionalibus Britanniae insulis"*), þegar farið er beint með fullum seglum í stöðugum byr. Guðhræddur klerkur nokkur sagði mjer, að hann hefði komið til einnar af þeim eyjum á tveim sumardögum og einni nóttu á tvíræðum bát. Sumar af eyjum þessum eru litlar. Nálega allar eru þær aðgreindar með mjóum sundum, og fóru einsetumenn þangað hjeðan frá Skotlandi og bjuggu þar í nærri hundrað ár. En eins og þær höfðu áður ávalt verið óbygðar frá upphafi heims, þannig eru þær nú auðar einsetumanna sökum norrænna víkinga. Þær eru fullar af fjöldamörgum sauðum og ýmsum tegundum mýmargra sjófugla. Hvergi höfum vjer sjeð getið um eyjar þessar hjá ríthöfundum".[2])

Sauðafjöldinn bendir sjerstaklega á Færeyjar, og öll á lýsingin vel við Færeyjar, nema það hefur þótt ótrúlegt, að

---

[1]) Dicuilus, Liber de mensura orbis terrae. Berolini 1870, bls. 41—44. [2]) Dicuilus, s. rit, bls. 44.

menn hafi komist þangað á litlum báti á einum þremur dægrum. Fyrir því hefur verið talið óvíst, hvort eyjar þessar hafi verið Færeyjar og þótt líklegra, að klerkurinn hefði náð til Hjaltlands en Færeyja á bátnum á svo stuttum tíma. Klerkurinn fór frá norðureyjum Bretlands og liggur því næst við að ætla, að hann hafi farið frá Orkneyjum, en norðureyjar Bretlands er nokkuð óákveðið, og er mjög líklegt að Dicuil telji Hjaltlandseyjar þar undir, því hann nefnir þær aldrei sjerstaklega. Það má telja víst, að hann eða klerkar þeir, sem fræddu hann um eyjarnar norður í hafi, hafi vitað af Hjaltlandi og þeim hafi eigi verið ókunnugt um, að það var bygt, en eyjar þær hinar mörgu í „norðanverðu Bretlandshafi" voru óbygðar. Frá hinni nyrðstu ey í Orkneyjum, Rínansey eða Norður-Ronaldsey, eru tæpar sjö mílur til Fríðareyjar og þaðan eru fimm til sex mílur til næstu Hjaltlandseyja.[1]) Þetta er því of stutt sjóleið til þess að sigla hana í 36—40 stundir um sumarskeið í góðum byr, enda þótt á litlum bát sje; þeir hefðu orðið að vera þrjár stundir að sigla hverja mílu. Frá Orkneyjum eru rúmar 45 mílur til Suðureyjar í Færeyjum, en frá Hjaltlandseyjum um 40 mílur. Hafi klerkurinn farið nyrst frá Orkneyjum, hefur hann orðið að sigla $1^1/_4$ mílu á hverri klukkustund að meðaltali, en hafi hann farið frá Hjaltlandi, sem eigi er ómögulegt, dálítið minna. Auk þessa má gæta þess, að tveir sumardagar og ein nótt á því svæði, sem hjer ræðir um, eru meira en 36 stundir, svo að gera má ráð fyrir 40 stunda ferð. Þetta virðist eigi vera ómögulegt, þótt báturinn hafi eigi verið neitt sjerlega gott siglingaskip, nje seglbúnaður góður.

Það má því telja víst, að þessi frásögn Dicuils sýni, að snemma á 8. öld hafi írskir einsetumenn komið til Færeyja, flutt þangað sauðfjenað með sjer og dvalið þar síðan, þangað til norrænir víkingar (Grímur kamban) komu þangað snemma á 9. öld. Á síðari hluta 8. aldar eða í lok aldararinnar komu írskir kennimenn fyrst til Íslands; getur verið að einhverjir þeirra hafi komið þangað fyr en klerkar þeir,

[1]) Þetta er mælt eptir Andree's Handatlas.

sem komu þangað 795, og sögðu Dicuil frá ferð sinni, þótt það sje eigi kunnugt; er það eptirtektarvert, að einmitt þetta ár komu norrænir víkingar fyrst til Írlands að því er írskir og waliskir annálar greina,[1]) og gæti verið að klerkarnir hafi stokkið undan víkingum, þótt eigi sje þess getið, og hitt sje öllu líklegra, að þeir hafi annaðhvort hrakist svona langt norður eða haft einhverja vitneskju af landinu og verið í landaleit.

Klerkar þeir, sem komu til Íslands 795, hafa varla komið þangað aptur, því þá hefði Dicuil að líkindum vitað um það. En eptir ferð þeirra og frásögn hefur það verið kunnugt meðal ýmsra írskra kennimanna, að mikið eyland var norður í hafi, og einstaka írskir kennimenn eða munkar hafa eptir það farið til Íslands á níundu öldinni. Þá er Norðmenn tóku að nema Ísland, voru þar Írar fyrir bæði austur í Papey[2]) og í Pappýli. Það voru írskir einsetumenn eða munkar og kölluðu Norðmenn þá Papa; segir í Historia Norvegiæ,[3]) að þeir fengju það nafn af því, að þeir gengju hvítklæddir eins og klerkar, og nefndu Norðmenn þá svo, hvar sem þeir hittu þá, hvort sem það var á Skotlandseyjum eða á Íslandi. Menn þessir fóru síðan á braut, að sögn Ara prests hins fróða, „af þui at þeir villdo eigi vesa hér við heiþna menn, oc léto epter bœcr írscar oc bjǫllor oc bagla. af þui mátti scilia, at þeir vǫro menn írscer.[4]) Í Landnámu er skýrt líka frá þessu, og er því bætt við í Landnámuhandriti Hauks Erlendssonar, hvar hlutir þessir hafi fundist. Menn vita eigi með vissu hvar Pappýli, sem er tilíking fyrir Papbýli af Papabýli, hefur verið, en getið er um tvo bæi, Breiðabólsstað og Hof „í Pappýli", svo það bendir á, að Pappýli hafi verið sveitarnafn. Breiðabólsstaður í Pappýli mun vera sami bærinn og Breiða-

---

[1]) Ulstersannálar við árið 794 (= 795), í Rerum Hibernicarum Scriptores, 4. bindi, bls. 117. Annales Cambriæ við ár 795, Monum. hist. Britannica bls. 834.

[2]) Þar eru menjar eptir Íra sbr. Kálund, Isl. beskr. II. 265, aths. Daniel Bruun fór þangað 1901, og segir að sjeu rústir.

[3]) Monumenta historica Norvegiæ udgivne ved G. Storm bls. 89.

[4]) Islb. 1/4.

bólsstaður á Síðu, eigi langt frá Prestbakka og Kirkjubæ. Í Kirkjubæ bjuggu fyrst Papar, áður en norrænn landnámsmaður settist þar að; var helgi síðan svo mikil á staðnum, að heiðnir menn máttu eigi búa þar, enda var landnámsmaðurinn í Kirkjubæ kristinn. En þetta hvorttveggja bendir á, að hjeraðið kringum Kirkjubæ, nokkur hluti af Síðunni, hafi í upphafi verið nefnt Pappýli, og að Paparnir í Pappýli hafi búið í Kirkjubæ.[1])

Íslenskum fornritum ber þannig vel saman við frásögn Dicuils, um að Írar hafi fundið Ísland, áður en Norðmenn komu þangað, og nokkur örnefni styrkja þetta enn fremur. Ýmsir staðir, þar sem Papar dvöldu, voru síðan kendir við þá, bæði á Skotlandseyjum[2]) og á Íslandi. Auk Papeyjar og Pappýlis er Papós og Papafjörður í Austur-Skaptafellssýslu kendir við þá, en ekki eru þessi örnefni nefnd í Landnámu nje hinum elstu ritum vorum.

Írar reistu enga nýlendu á Íslandi, heldur stukku þeir á brott, er Norðmenn komu þangað; þess vegna fjekk Íslandsfundur þeirra enga sögulega þýðingu, og engin saga gerðist af þeim á Íslandi.

Upphaf víkingaaldarinnar.

Saga Norðurlanda hefst með víkingaöldinni, þá er víkingar frá Norðurlöndum tóku að herja til annara landa og komust þannig í kynni við aðrar þjóðir. Fornsögur vorar og

---

[1]) Ldn. 1/23-4, 10/263, 11/266. Hksb. 1/3, 273/98, 280/99-100. Stb. 1/129, 320/212. Theodricus monachus, Historia de antiquitate regum Norwagiensium í Mon. hist. Norv. bls. 8—9. Sbr. Kålund, Isl. beskr. II, 276, 314; Þ. Thoroddsen, Landfræðissaga I, 17, ath. 3.

[2]) Sbr. P. A. Munch, Geografiske Oplysninger om Orknöerne í Annaler for nord. Oldkyndighed 1852, bls. 49 o. ef. og sama höfund, Beskrivelse over Kongeriget Norge i Middelalderen. Moss. 1849, bls. 205—8. Sbr. ennfremur ritgjörð Jakobs Jakobsens, Shetlandsöernes stednavne í Árböger for nord. Oldkh. 1901, bls. 217 o. ef.

kvæði segja ekkert frá þessu, því það var fyr en svo, að sagnamenn á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum gætu nokkuð frá því sagt, eða skáldin um það kveðið. Víkingarnir herjuðu vestur um haf, til Bretlands og Írlands, og suður með ströndum Norðursjávarins, til Frakklands. Í löndum þessum bjuggu kristnar þjóðir, keltneskar á Írlandi, Skotlandi og Englandi öllu að vestanverðu, en germanskar á austanverðu Englandi og sunnan til í miðju landinu, og enn fremur fyrir sunnan allan Norðursjóinn, suður með Dofrasundi og Kanalnum, nærri alla leið til Bretagne, en þar bjuggu Keltar. Kennimenn þessara þjóða rituðu bæði annála og ýmislegt annað, sem skýrir frá ránum og hernaði víkinganna. Menn verða því að leita í ritum Engilsaxa, Breta, Íra, Skota, Frakka og Þjóðverja um fyrstu víkingaferðirnar.[1])

Nú telja menn upphaf víkingaaldarinnar frá 8. júní 793, þá er víkingar rændu klaustrið á eynni Lindesfarne og drápu nokkra af bræðrunum og systrunum. Lindesfarne er nú nefnt Holy Island (Eyjan helga), og er við landamærin milli Englands og Skotlands að austanverðu.

Friður hafði ríkt á hafinu og enginn átti þaðan ófriðar von. Fyrir því þótti það mikil tíðindi, að menn skyldu koma handan um haf, og saurga og ræna helgan stað og drepa þá menn, sem höfðu helgað guði líf sitt. Menn urðu harmþrungnir og áhyggjufullir; sumum hinum bestu mönnum sýndist þetta vera merki upp á, að drottinn hefði slept verndarhendi sinni af þjóðinni. Alkuin, engilsaxneskur maður, ágætur fyrir lærdóm og frægur kennari hjá Karlamagnúsi keisara, ritaði eptir ránið á Lindesfarne til Æthelreds konungs á Norðymbralandi: „Sjá, vjer og forfeður vorir höfum nú í nærri 350 ár verið íbúar í þessu fagra landi, og

[1]) Prófessorarnir Johannes Steenstrup og Gustav Storm hafa einkanlega rannsakað ítarlega rit þessara þjóða að því er víkingana snertir; hefur Steenstrup samið aðalritið um Vesturvíking, er heitir Normannerne, I—IV. bindi. Kjöbenhavn 1876—1882. Á móti ýmsum skoðunum Steenstrups hefur Storm ritað Kritiske Bidrag til Vikingetidens Historie. Kristjania 1878.

aldrei hefur á þeim tíma nein þvílík skelfing borið að höndum á Bretlandi eins og sú, sem vjer nýlega urðum fyrir frá hálfu heiðingjanna. Enginn mundi hafa ætlað, að slík sjóferð væri möguleg. Sjá, kirkja hins heilaga Cuthberts[1]) er ötuð blóði presta guðs, rænd öllum kirkjuskrúða, hinn virðulegasti staður á Bretlandi er seldur heiðingjunum í hendur til þess að þeir ræni hann. Og þar sem kristin trú hófst fyrst hjá þjóð vorri eptir burtför hins helga Pálins frá Jórvík, þar hefur eymdin og óhamingjan byrjað. Hver óttast eigi? Hver harmar eigi föðurlandið, sem heita má yfirunnið? Refarnir hafa rænt hinn ágæta víngarð og arfur drottins er fenginn ókunnu fólki í hendur. Þar sem menn fyr heyrðu drotni sungið lof, þar hljómar nú hinn vilti glaumur heiðingjanna; hinn helgi hátíðasöngur er breyttur í grát.“[2])

Víkingar þessir hurfu þegar aptur, er þeir höfðu rænt, en árið eptir (794) komu víkingar aptur að austurströnd Englands, og rændu klaustrið við Wearmouth (nú Monkwearmouth, skamt frá Sunderland í Norðymbralandi). Ferð þessi varð víkingunum þó eigi til fjár; einn af höfðingjum þeirra var drepinn, og þeir fengu ofsarok, svo nokkur skip þeirra braut; druknuðu þá margir þeirra, en sumir, sem björguðu sjer í land, voru þegar drepnir af landsmönnum.

Þetta sama ár fóru víkingarnir með ránum „á öllum eyjum Bretlands“, að því er segir í Ulstersannálum.[3]) Þetta er mjög óákveðið, enda hefur vísindamenn greint á um, hvernig eigi að skilja það; hins vegar má telja næst sanni að Bretland tákni hjer, eins og hjá Dicuil optar en einu sinni, bæði England og Skotland, og hefur því Skene og Storm ætlað að hjer sje einkum átt við eyjarnar við Skotland, sem eru helstar eyjar við Bretland hið mikla.[4]) Er það mjög líklegt,

---

[1]) Þ. e. klaustrið á Lindesfarne. [2]) Monumenta Alcuiniana, ed. Ph. Jaffé. Berlin 1873, bls. 171, líka í Haddan and Stubbs, Councils and ecclesiastical documents relating to Great Britain and Ireland III, 493, og er þar textinn ofurlítið öðruvísi að því er einstakar setningar snertir. [3]) Rerum Hib. Scriptores IV, 117. [4]) Celtic Scotland, I, 304; Norsk hist. tidsskr. 2. r. II, 262—64.

þótt eigi sje hægt að sanna það fyllilega. Árið eptir (795) komu víkingar í Rechru-eyju[1]) við Írlandsstrendur og brendu þar helgidóminn og brutu upp skrínin; sama árið er sagt þeir hafi rænt í Wales. 798 fóru þeir með ránum í hafinu milli Írlands og Skotlands og tóku kaupför; þá rjeðust þeir á Peel, eyju Patreks hins helga við Mön, og námu þaðan brott skrín Dochonnas. Á þessum árum eða einhvern tíma á árunum 793—802 komu þrjú Norðmannaskip við í Wessex (hjá Portlandi) sunnan á Englandi. Greifinn, (sýslumaðurinn þar í hjeraðinu), reið til móts við þá og ætlaði að reka þá heim til konungsbæjarins, því hann vissi eigi hverjir þeir voru; en þá drápu þeir hann. Árið 799 herjuðu víkingarnir á eyjunum við strendur Aquitaníu, (nú Frakkland fyrir sunnan Leiru, *Loire*), og ljetu þar 105 menn. Þá rændu þeir tvisvar á Iona, 802 og 806, og drápu í síðara sinnið 68 af íbúum klaustursins. 807 komu víkingarnir til Írlands og rændu þá bæði eyna Inishmurry við Sligoflóa norðvestan á Írlandi og fóru langt inn í land til hjeraðs þess, er Roscommon heitir.[2])

Skoðanir danskra og norskra vísindamanna hafa verið mjög skiptar um það, hvaðan víkingar þessir hafa komið. Ætlar prófessor Steenstrup að þeir hafi verið frá Danmörku, en prófessor Storm frá Noregi. Engilsaxneska kronikan (Anglo-Saxon Chronicle) segir frá komu hinna þriggja Norðmannaskipa til Wessex og stendur í einu hinu merkasta handriti af henni, að skip þessi væru frá Hæreðalandi *(of Hæredalande)*. Það má nú telja fullsannað af prófessor Sophus Bugge og fleirum, að Hæredaland sje Hörðaland í Noregi, af því að Norðmenn hafi á áttundu öld borið Hörða-

---

[1]) Joh. Steenstrup og írski sagnaritarinn P. W. Joyce, History of Irland, London 1893, bls. 190, ætla, að þetta sje Lambey fyrir austan Írland, skamt frá Dublin; þar hafði Columba hinn helgi komið kirkju á stofn og þar voru helgir dómar. G. Storm ætlar að hjer sje átt við Rathlin við norðausturhornið á Írlandi, en getur þess, að varla sje hægt að segja með vissu, hvort rjettara er. Norsk hist. tidsskr. 2. r. II, 264, ath. 2.

[2]) Steenstrup, Normannerne II, 9–25, sbr. III, 186—88; Storm, Vikingetidens hist. 9—13, og Norsk hist. tidsskr. 2. r. II, 261—70: W. F. Skene, Celtic Scotland I, 302—5.

land fram eins og Haruðaland, því stofninn í orðinu er haruð-. Írar kölluðu einnig Noreg um árið 800 Hirotha eða Hiruath eða Irruaith, en Norðmenn Hiruaid, og hafa Írar líklega dregið það af haruðar (Hörðar).

Ef til vill hafa Paparnir óviljandi vísað Norðmönnum í upphafi leið vestur um haf, eins og G. Storm hefur getið til. Sje það rjett að þeir hafi komið til Noregs á áttundu öld, — og það er mjög líklegt —, hafa þeir hlotið að vekja þar eitthvert athygli meðal manna á því, að land væri fyrir vestan haf. En hins vegar ber þess að gæta, að á hinni vogskornu vesturströnd Noregs voru allir eðlishættir landsins þannig, að íbúar þess hlutu snemma að venjast við sjóferðir, því þverhnípt fjöll hindra þar mjög víða allar samgöngur á landi. Menn urðu að fara sjóveg yfir firðina og sömuleiðis út í eyjarnar, sem eru þar því nær alls staðar fyrir landi. Þá er siglingar tóku að tíðkast og Norðmenn fóru með ströndum fram og sigldu út fyrir eyjar og sker, þurftu þeir eigi að hrekjast langt út á haf, ef þeir hreptu óveður, til þess að finna Hjaltland, því það er að eins rúmar 35 mílur í vestur frá Hörðalandi. En er leiðin til Hjaltlands var orðin Norðmönnum kunn, mátti heita að leiðin til Skotlands horfði við þeim; að minsta kosti var hið langversta yfirunnið. Hjaltland hefur þá eigi verið óbygt, svo þar gátu Norðmenn að líkindum fengið einhverja vitneskju um Skotland. Af Dynrastarnesi syðst á Hjaltlandseyjum má og sjá Friðarey (Fairhill) rísa úr hafi, og þaðan sjest Rínansey (North Ronaldsay) í Orkneyjum.[1]) Það var rjett eins og landshættirnir í Noregi sjálfum og eyjar þessar teygðu Norðmenn út á hafið, og var því eðlilegt að þeim yrði snemma kunn leiðin vestur um haf til Bretlands og Írlands. Frá Skotlandseyjum gátu þeir siglt í landssýni eða með ströndum fram, hvort sem þeir vildu norður um Skotland og suður með því að vestanverðu, til Suðureyja og Írlands og um Írlandshaf, eða suður með Skotlandi að austanverðu til Englands.

Frá Danmörku var í fyrndinni landleiðin alfaravegurinn til annara suðlægari landa. Verslunarviðskipti Jóta við ná-

[1]) P. A. Munch, Hist.-geogr. Beskr. over Norge bls. 207.

granna þeirra fyrir sunnan landamærin voru mest yfir land, bæði við Saxa, er bjuggu fyrir sunnan Elfina,[1]) og Frísa, er áttu heima á Frislandi sunnan við Norðursjóinn. Það náði norðan frá Weser og suður að núverandi landamærum Frakklands. Í Frislandi skamt frá Rínarósum var hinn auðugi verslunarstaður Durstad eða Dorestad, er átti verslunarviðskipti við menn langt norður eptir löndum.

Á vesturströnd Jótlands er ilt til lendinga, og slíkt hlaut að hindra Dani frá sjóferðum um Norðursjóinn lengi framan af. Menn hafa einungis mjög sjaldan farið sjóleiðis fram með ströndum Norðursjávarins suðvestur frá Danmörku, eins og Hugleikur (Chochilaicus) Danakonungur mun hafa gert, þá er hann fór herferð til Galliu um 515 og fjell þar, líklega suður við Rínarósa.[2]) Aptur á móti er öðru vísi ástatt í austurhluta Danmerkur, á austurströnd Jótlands, á eyjunum og á Skáni, sem í fornöld var nokkur hluti af Danmörku. Þar er nóg af höfnum og þar, einkum á eyjunum, hlutu menn snemma að venjast við sjóferðir. Menn urðu að fara sjóveg milli eyjanna sjálfra og eins milli þeirra og meginlands. Um Eystrasalt og Kattegat hafa Danir eðlilega fyrst tíðkað siglingar sínar. Þeir hafa snemma siglt suður yfir Eystrasalt og átt viðskipti við slafnesku þjóðflokkana, er þá bjuggu á allri suðurströnd Eystrasalt austur að Weichselósum. Í Slje við Sljesvík á austurströnd Danmerkur dró Goðfreður Danakonungur saman flota 804. Fjórum árum síðar hjelt hann suður um Eystrasalt með skipaher, þá er hann rjeðst á Abodríta, bandamenn Karls mikla.[3]) En á þessu varð breyting í byrjun 9. aldar og þá taka Danir að fara í víking suður og vestur um Norðursjóinn.

Þá er Karl mikli hafði brotið Saxa undir sig, varð hann nágranni Danaveldis. Missætti kom þá fljótt upp milli hans

---

[1]) Nokkrir Saxar höfðu þó farið yfir Elfina og sest að á miðju Holtsetalandi (Holstein). Austurhluta Holtsetalands bygðu þá Wagrar, slafneskur þjóðflokkur, en fyrir suðaustan þá voru Abodrítar í Mecklenburg. [2]) Gregor frá Tours, Historia Francorum bls. 110—11 í útgáfu Br. Kruschs, í Scriptores rerum Merovingicarum I. Hannover 1885. [3]) Joh. Steenstrup, Venderne og de Danske. Kbhavn. 1901 bls. 23—26.

og Goðfreðar Danakonungs, og er Karl ljet reisa kastala í Itzehoe í Holstein (810), sendi Goðfreður 200 herskip til Frislands að herja og ræna. Einn af hirðmönnum Goðfreðar drap hann litlu síðar og var þá friður saminn árið eptir (811).[1]) En með leiðangri þessum til Frislands hófust hinar miklu og langvinnu víkingaferðir frá Danmörku suður og vestur um Norðursjóinn fram með Frislandsströndum. Framan af var þó stundum alllangt hlje á víkingaferðum þessum, því þær stóðu í nokkru sambandi við ófrið þann, sem þá var við og við á milli Frankakonungs og Danakonungs. Eptir 830 reis upp ófriður innanlands milli Lúðvígs keisara og sona hans og þá sættu danskir víkingar lagi til þess að ræna í ríki þeirra; sóttu þeir þá lengra og lengra suður á við og sveimuðu á skipum sínum fyrir ströndum allrar Vestur-Evrópu. Leituðu þeir hælis á eyjum í ósum Rínar, Signu *(Seine)*, Leiru og Garonne, og settust þar að. Árið 832 fóru Danir fyrst vestur yfir Dofrasund til Englands, 835 herjuðu þeir í Temsárósum og veturinn 850—51 tóku þeir sjer fyrst vetursetu á Englandi, á Thanet nyrðst og austast á Kent. Eptir 834 herjuðu þeir nærri hvert ár á Frisland og Frakkland. 844 komu þeir í fyrsta sinn til Spánar.

Víkingarnir voru fyrst saman í smáhópum á fáum skipum, nema þegar þeir áttu í reglulegum ófriði, eins og Goðfreður við Karl mikla. Þeir sættu lagi, lentu hingað og þangað og þegar minst varði á ströndum Bretlands eða Írlands, Frakklands eða Frislands, gengu á land upp, hjuggu strandhögg, — en svo var það nefnt, er þeir tóku kvikfjenað og drápu —, rændu bæi og búgarða, klaustur og kirkjur, og fóru síðan á brott með það, er þeir máttu með komast. Þeir voru fljótir í snúningum, öruggir í mannraunum, og þeir fengu opt mikið herfang. Þeir kyntu sjer einnig varnir landsmanna, hvar sem þeir komu, og hverrar mótstöðu væri að vænta. Þeir hagnýttu sjer borgarastyrjaldir og innanlands sundrung mótstöðumanna sinna. Þeir spurðust fyrir hvar fjár væri helst að vænta; þeir tóku snemma eptir því, að í

[1]) Joh. Steenstrup, Danmarks Sydgrænse. Kbhavn. 1900 bls. 16—19.

klaustrunum voru opt saman komin mikil auðæfi, og að þar gengu menn vopnlausir. Víkingarnir voru venjulega hepnir og sigursælir í áhlaupum sínum og ránum, enda hittu þeir opt litla vörn fyrir. En við það gerðust þeir djarfari og nærgöngulli, og aðferð þeirra breyttist. Herferðir þeirra fara í vöxt og verða reglubundnar, og þeir reyna að ná föstum stöðvum á ströndum þeim, sem þeir höfðu herjað. Þeir setjast þar að, víggirða í kringum sig og herja og ræna landið í allar áttir. Víkingarnir verða einnig, þá er líður fram á 9. öldina, miklu fjölmennari en áður, svo þeir hafa opt miklum liðsafla á að skipa. Þá er þeir hafa eytt bygðirnar með sífeldum ránum og hernaði eða skotið landsmönnum alvarlega skelk í bringu, taka þeir að leggja hjeruð og lönd undir sig og setja ríki eða nýlendur á stofn. Hvorttveggja var þá harðla auðvelt fyrir þá, er íbúarnir voru orðnir þjakaðir af hernaði og þreklitlir til varnar.

Víkingaferðirnar frá Noregi vestur um haf koma mest við sögu vora, og skal því aptur snúið máli voru að þeim. Á Norðymbralandi höfðu víkingarnir farið mestu hrakför í annað sinn, er þeir komu þangað (794), en á Skotlandseyjum og á Írlandi fylgdi þeim hamingjan. Eigi er ólíklegt að þetta hafi haft nokkur áhrif á ferðir þeirra, því England naut nú að mestu leyti alllengi friðar fyrir norrænum víkingum. Aptur á móti herjuðu þeir vestur um Skotland til Írlands. Þar var landinu skipt í fjögur konungsríki og í hjeraðinu Meath var fimti konungurinn, Írlandskonungur, er var yfirkonungur als Írlands, þótt það væri meira í orði en á borði. Öll þjóðin skiptist í ættflokka (klan), og var hin mesta sundrung, hatur og öfund á meðal þeirra; hver hugsaði einungis um sig og ættingja sína, og drap þetta niður alla ættjarðarást meðal Íra, og eyðilagði opt alla sameiginlega vörn af þeirra hendi gegn víkingunum.

Eptir 820 nutu Írar aldrei friðar. Víkingarnir sveimuðu á herskipum sínum kringum landið og gerðu árásir á bæi og þorp á ströndum landsins, og rændu og rupluðu. 836 náðu þeir Dyflinni (Dublin) á vald sitt,[1]) og norskur her-

[1]) Steenstrup, Normannerne II, 35 o. ef.

konungur, Þorgils[1]) að nafni, stofnaði þá fyrstur norrænt ríki á Írlandi. Norðmenn reistu virki við Dyflinni (841). Þeir herjuðu þá víðsvegar á Írlandi og fóru stundum langt inn í land, og reistu þar víggirðingar, sem þeir settust í.[2])

Árið 849 komu Danir frá Englandi til Írlands og rjeðust þar á ríki Norðmanna; unnu þeir nokkra sigra og tóku Dyflinni á sitt vald.[3])

Írar gerðu mun á Dönum og Norðmönnum; kölluðu þeir Dani Dubhgall, sem þýðir svartir útlendingar, en Norðmenn nefndu þeir Finngall, hina hvítu útlendinga, eða optast Lochlannach eða Lochlannaig, sem er álitið dregið af Lochlann, en svo nefndu þeir Noreg.

Ríki Dana stóð eigi lengi á Írlandi, því 852 eða 853 kom Ólafur konungur hinn hviti þangað frá Noregi og rjetti við veldi Norðmanna. Hann fjekk yfirráðin í Dyflinni og heimtaði skatt af Írum, en svo er sagt, að hann færi aptur burtu, og er hans eigi getið fyr en 857. Hann ríkti síðan í Dyflinni til þess er hann fór af landi brott 871,[4]) og átti hann á þeim árum í ýmsum herferðum ásamt bræðrum sínum. Hjet hinn eldri þeirra Ívar, og tók hann við ríki í Dyflinni eptir Ólaf, en dó 873. Yngri bróðir Ólafs hjet Oisle[5]) og var hann sagður „hinn fegursti og hraustasti maður, sem þá var uppi", en missætti kom upp á meðal þeirra bræðra og drap Ólafur hann með svikum 867.[6]) En frá því að Ólafur gerðist konungur í

---

[1]) Snorri Sturluson, Heimskringla I, 33/148—49, segir að hann væri sonur Haralds hárfagra, en það nær eigi neinni átt, því Þorgils þessi var drepinn 845 eða litlu áður en Haraldur fæddist. Getur verið að einn af sonum Haralds hárfagra hafi í raun rjettri heitið Þorgils og það hafi valdið ruglingi þessum. [2]) Steenstrup, Norm. II. 107 o. ef. [3]) Steenstrup. Norm. II, 114—19. [4]) Steenstrup, Norm. II, 119 o. ef. sbr. 311; J. H. Todd, The War of the Gaedhil with the Gaill. bls. 268—70. [5]) Hann er líka nefndur Auisle (þ. e. Auðgisl), Ossill, Oswul, Uailsi í vestrænum ritum. [6]) Steenstrup, Norm. II. 138—40. Frá þessu segir í írskum annálum, sem kallaðir eru Three Fragments of Irish Annals. Þeir segja mest allra írskra annála af norrænum víkingum, en því miður hef jeg eigi getað notað þá, af því að þeir eru ekki til hjer á bókasöfnum. Hef jeg því að eins getað notað það, sem Steenstrup og aðrir vísindamenn hafa tilfært úr þeim. Jeg vitna því til þeirra, en bæti annálsnafninu við milli sviga.

Dyflinni var hún aðalaðsetursstaður Norðmanna á Írlandi, og fóru þeir þaðan herferðir til annara hjeraða.[1]) Einnig komu aðrir víkingar frá Noregi. Um og eptir 860 er þeirra víða getið á Írlandi. Þeir herjuðu þá á hjeruðin við Limerick (Hlymrek), Lough Neagh, Waterford (Veðrafjörður); reistu þeir virki á þessum stöðvum og gerðu áhlaup þaðan. Þeir rændu opt kirkjur og klaustur og jafnvel dauðra manna reiti.[2])

Eptir 870 er sagt að hlje yrði á ránum víkinganna á Írlandi, en það var eigi lengi. 888 komu synir Ívars með mikinn flota til Dyflinnar og rændu víða á Írlandi, og stóð svo um hríð. Loksins 901 eða 902 fjekk Írland nokkurn frið, því þá ráku Írar Norðmenn brott frá Dyflinni og fóru þeir til Bretlands.[3]) En 914 komu Norðmenn aptur til Írlands og stofnuðu þá nýlendu og riki í Waterford; tveimur árum síðar vann Sigtryggur, sonarsonur Ívars Dyflinnarkonungs, Dyflinni aptur.[4]) Var þar síðan lengi norskt riki og leið það eigi algjörlega undir lok fyr en um 1172.

Þá má geta þriðju víkinganýlendunnar á Írlandi, er var sett á stofn snemma á 10. öld (922). Hún var í Hlymreki (Limerick) vestan á Írlandi.[5])

Á Skotlandi voru áður en víkingaöldin hófst fjórir keltneskir þjóðflokkar og fjögur smá konungsriki.[6]) Af Skotlandseyjum hafa að líkindum Suðureyjar bygst fyrst og þá Orkneyjar, hvorttveggja í fyrndinni. Suðureyjar liggja svo nærri Skotlandi og á leið milli þess og Írlands, að þær hafa hlotið að byggjast nokkuð um leið og Skotland. Þá er víkingarnir komu vestur um haf, bygðu hinir dalriadisku Skotar syðstu eyjarnar af Suðureyjum, en Piktar hinar norðlægari. Þeir höfðu einnig farið frá Skotlandi og bygt fyrstir Orkneyjar,[7]) en það var löngu áður en sönn saga hefst á Skotlandi. Þegar frá

[1]) Um Dyflinni og víkingana sjá L. J. Vogt, Dublin som norsk by. Christjania 1896, Chr. Haliday, The Scandinavian Kingdom of Dublin. Dublin 1881. [2]) Steenstrup, Norm. II, 124 o. ef. 135—37, 141 o. ef. [3]) S. st. II. 142—45. [4]) S. st. III, 56, 109 o. ef. [5]) S. st. III, 128—32. [6]) W. F. Skene, Celtic Scotland I. 227 o. ef. [7]) Nennius, Historia í Monum. hist. Britanniæ I, 5. kap., bls. 56; sbr. Hist. Norw. í Monum. hist. Norv. bls. 88—9.

er talið það, sem Rómverjar fræða oss um Skotland, vita menn miklu minna um það en Írland, áður og um það leyti sem víkingarnir fóru að herja landið; um hin fyrstu strandhögg og hernað víkinganna á Skotlandi er lítið kunnugt, því miklu minna var ritað á Skotlandi í fornöld en á Írlandi, og bókmentir byrja þar einnig síðar. Á Hjaltlandi hefur bygðin verið minni en í Orkneyjum, en þó töluverð, þá er víkingaferðir hófust. Papar höfðu þá komið þangað, líklega einhvern tíma á 7. öld, og hitt þar Pikta fyrir, sem höfðu setst þar að og bygt eyjarnar nokkuð.[1]) Eyjar þessar voru á leið norrænna víkinga, er þeir fóru vestur um haf; eru því mestu líkindi til þess að þeir hafi komið við í þeim á fyrstu ferðum sínum vestur um haf, og að þeir hafi upphaflega komið þangað töluvert eða nokkru fyr en þeir tóku að herja á England og Írland, en af því segir ekki. Þar voru engin rík klaustur til, sem hægt væri að ræna, eins og á Lindisfarne og Iona. Þótt bændur eða fiskimenn væru rændir eða hraktir á Orkneyjum og Hjaltlandi eða einmana Papar stykkju þaðan á brott fyrir víkingum, var slíkt engin stórtíðindi og hlaut að gleymast fljótt, nema ef svo einstaklega vildi til, að þeir gætu sagt einhverjum rithöfund frá því og hann hjeldi því uppi, eins og Dicuilus munkur frásögn klerkanna, bæði þeirra, er fundu Ísland, og þess, er fór til hinna mörgu eyja í norðanverðu Bretlandshafi, Færeyja. Þá er frá eru talin rán víkinganna á Iona, er eigi skýrt frá herferðum þeirra á Skotlandi fyr en 839. Þá kom þar víkingaher, sem áður hafði herjað á Írlandi, og rjeðst á ríki Dalriada og felldi Eoganan konung þeirra.[2]) Hins vegar er það kunnugt

[1]) Sbr. J. Jakobsen, Shetlandsöernes stednavne í Årb. f. nord. Oldkh. 1901, bls. 57, 213—251. Dr. Jakobsen hefur nú komist að þeirri niðurstöðu með staðanafnarannsóknum sínum og leitt áreiðanleg rök að henni, að menn af keltnesku kyni, Piktar og Papar, hafi fyrstir bygt Hjaltland. Jeg hafði ritað þennan inngang áður en þessar rannsóknir dr. J. komu í ljós og mjer varð kunn þessi skoðun hans; hafði jeg komist að sömu skoðun sem hann í nýjasta riti sínu með því að rannsaka fornsögu keltnesku þjóðflokkanna fyrir vestan haf og athuga hve eyjar þessar liggja nærri Skotlandi.

[2]) Skene, Celtic Scotland I. 307—8; Steenstrup, Norm. II, 307—8.

af riti Dicuils, að víkingar komu snemma á 9. öld til Færeyja. Í íslenskum sögum er sagt, að Grímur kamban hafi bygt þar land fyrstur;[1]) bendir aldur niðja hans á, að það hafi verið um 810—820. En af þessu má ráða, að víkingarnir hafa snemma sveimað um eyjarnar við Skotland, þar sem þeir komu svo snemma til Iona og Írlands, og alla leið norður til Færeyja, þótt eigi sje um það getið.

Eptir miðja 9. öld herjuðu víkingar á Skotland.[2]) Litlu síðar (866) fór Ólafur hinn hvíti með Oisle bróður sínum herferð til Skotlands og rændi land Pikta, og neyddi þá til þess að greiða skatt. 870 fór Ólafur aptur herferð til Skotlands og Ívar bróðir hans. Þeir unnu borgina Alcluith (nú Dumbarton) eptir fjögra mánaða umsát og hjeldu heim árið eptir með mikið herfang. Því næst náðu Norðmenn yfirráðunum á öllu Norður-Skotlandi, eða Caithness, Sutherland, Ross og Murray, eins og síðar skal getið; var um þessar mundir sótt að Skotum og Piktum bæði að sunnan, frá Norðymbralandi, því þar höfðu þá Danir stofnað ríki, og að norðan og að vestan frá Orkneyjum og Írlandi af Norðmönnum.[3])

Íbúarnir á Orkneyjum hafa að líkindum margir hrokkið þaðan undan víkingunum; segir Snorri Sturluson að svo væri sagt, að þar væri víkingabæli fyrir daga Haralds hárfagra og að eyjarnar bygðust á hans dögum.[4]) Þetta verður að skilja svo, að þá hafi fyrst komist þar á föst þjóðfjelagsskipun og stjórn, eptir að Norðmenn fóru að koma þar á víkingaferðum sínum og þeim urðu eyjarnar kunnar.[5]) Lýtur þetta að því að Haraldur hárfagri gerði eyjarnar að jarlsdæmi snemma á einveldisárum sínum. Hefði hann eigi getað gert það, ef þar hefði engin bygð verið áður. Aptur á móti hefur bygðin eflaust vaxið allmikið aptur á eyjunum, þá er friðurinn óx þar og jarl var settur yfir eyjarnar. En Piktar

---

[1]) Í A. M. nr. 61 fol., Fms. II, 177/89 er þetta rjett, en í Flat. I, 94/122 er ranglega sagt, að Grímur kamban hafi bygt Færeyjar á dögum Haralds hárfagra. [2]) Steenstrup, Norm. II, 309. [3]) Steenstrup, Norm. II, 310—11; Skene, Celtic Scotland I, 324—25. [4]) Hkr. II, 96/197; Ól. s. st. 81/90. [5]) Sbr. Steenstrup, Norm. II, 307, aths 2.

komu þó eigi aptur þangað, að minsta kosti eigi að neinum mun, heldur voru það Norðmenn, sem nú settust þar.

Nú hefur verið skýrt nokkuð frá upphafi víkingaferðanna bæði frá Danmörku og Noregi, en þó einkum frá víkingaferðum Norðmanna áður en Ísland bygðist, til þess að sýna, hvílík hreifing var komin á þjóðina og hvílíkur fólksflutningur þá var frá Noregi, því þegar hingað er komið sögunni, voru víkingarnir eigi einir á ferðum þessum, heldur opt með konum og börnum og allri fjölskyldu sinni, til þess að setjast að í nýlendum þeim eða ríkjum, sem þeir höfðu stofnað. Þessi hreifing var þó eigi einkennileg fyrir Noreg einan, heldur fyrir öll Norðurlönd. Það má segja að víkingaleið lægi frá hverju landi á Norðurlöndum, og hver þjóðin hjeldi sína leið, en þó var allmikið út af því brugðið. Svíar fóru í austurveg, austur yfir Eystrasalt, og stofnuðu um 860 Garðaríki á Rússlandi. Danir fóru aðallega suður og vestur um haf. Á Englandi tóku þeir 866 að leggja Austur-angel og Norðymbraland undir sig og stofnuðu þar allmikið ríki, er hjet Danalög. Í för með Dönum slógust margir Norðmenn úr Víkinni og Gautar úr suðurhluta Svíþjóðar (Gautaríki), enda voru Danir stundum mjög fjölmennir á víkingaferðum sínum. Þannig er sagt að þeir hafi verið um eða undir 40000 manna, er þeir 885 hjeldu upp Signu og settust um Paris. Norðmenn af vesturströnd Noregs fóru venjulega vestur um haf, er þeir fóru í víking, en einstaka menn þaðan fóru þó í austurveg með Svíum eða suður á bóginn eins og Danir, og líkt vildi til með danska menn og sænska; þeir fóru einnig einstaka sinnum í víking til annara landa en venja var til í löndum þeirra.

Landnám Íslands er að eins einn þátturinn í þessari miklu hreifingu, og ríkið, sem þar reis upp, var eitt af hinum ýmsu ríkjum, sem Norðurlandabúar settu á stofn á þeim tímum.

Víkingar finna Ísland.

Landnámabók Sturlu Þórðarsonar og Landnámabók Hauks Erlendssonar, aðalhandritunum af Landnámu, ber eigi saman um það, hvort Naddoður eða Garðar Svavarsson hafi af norrænum mönnum fyrst fundið Ísland. Í Sturlubók er Naddoður talinn fyrstur og þar er sagt, að Garðar færi að leita Snælands „at tilvísan móður sinnar framsýnnar", en síðar er þó sagt í sömu bók að Garðar fyndi fyrst Ísland.[1]) Í Hauksbók aptur á móti er Garðar talinn fyrstur og síðan Naddoður; er eigi ólíklegt að svo hafi verið gert upphaflega í Sturlubók, en síðan hafi verið haft skipti á greinum þessum, þriðja og fjórða kapítula, um þá Garðar og Naddoð, og greinin um Naddoð sett fyrst;[2]) hafi þá verið bætt inn í um Garðar, að hann hafi farið að tilvísan móður sinnar að leita Snælands, en þau orð lýsa fremur hugsunarhætti manna, þá er þau voru rituð, en viðburðinum sjálfum. Á 13. öld var svo langt liðið frá fundi Íslands, að Íslendingar gátu varla sagt með vissu, hvor þeirra Garðars eða Naddoðs fyrst fann Ísland, og vjer getum nú eigi skorið úr því heldur með áreiðanlegri vissu, enda skiptir það minstu. Báðir sigla þeir vestur um haf og finna landið af hendingu einni, hvor í sínu lagi og án þess að annar hefði rutt brautina fyrir hinum. Aldur sona þeirra sýnir að þeir hafa verið samtíða. Mjög fá ár hafa liðið í milli þess að þeir fundu Ísland, en fyrir því er óvissan meiri um það, hvor þeirra fann það fyrst. Aptur á móti má telja það víst, að Íslandsfundur Garðars hafi á 12., 13. og 14. öld verið kunnari en Íslandsfundur Naddoðs. Fyrir því nafngreinir Theodricus munkur, sem ritaði sögu sína seint á 12. öld, Garðar en eigi Naddoð, og eins gerir maður sá, er ritaði Historia Norwegiæ. Þó hefur Theodricus munkur heyrt Íslendinga segja frá ferð Naddoðs til Íslands

[1]) Stb. 284/205. Ldn. 4/246. [2]) Sbr. Finnur Jónsson, Landnámabók, útg. 1900, bls. XXIX—XXX.

og telja hana fyrst, því hann á við Naddoð, þar sem hann í upphafi þriðja kapítula, um finnendur Íslands, segir frá kaupmönnunum, er fóru til Færeyja, en fengu óveður mikið og hröktust að landi einu langt í burtu. Segir hann að þeir könnuðu landið og gengju upp á fjöll, en hafi enga mannabygð fundið; síðan hafi þeir horfið aptur til Noregs og sagt frá landinu og lofað það mjög; hafi þá fleiri langað til að leita þess. Fyrstur þeirra hafi Garðar verið, þá Flóki, þá Ingólfur og Hjörleifur.[1])

Naddoður var norskur víkingur, bróðir Yxna-Þóris að því er segir í Hauksbók. Hann hafði staðfestst í Færeyjum, af því hann átti eigi friðland í Noregi. Á leið frá Noregi til Færeyja hrepti hann og fjelagar hans óveður og rak þá norðvestur í haf, þangað til þeir fundu land mikið; voru þeir þá komnir til Austfjarða á Íslandi. Þeir gengu upp á fjall eitt hátt og sáust um víða, ef þeir sæi reyki eða nokkur líkindi til þess að landið væri bygt, en það sáu þeir ekki. Þeir fóru aptur um haustið til Færeyja, og er þeir sigldu í burtu, fjell snær mikill á fjöllin, og fyrir það kölluðu þeir landið Snæland. Er það haft eptir Sæmundi fróða, að fjallið, sem þeir Naddoður gengju upp á, hafi verið Reyðarfjall.[2]) Þetta var í kringum 860.

Á þessum sömu árum fann Garðar Svavarsson Ísland. Hann var fæddur í Svíaríki og var faðir hans sænskur. Garðar átti jarðir á Sjálandi, og er eigi ólíklegt að hann hafi átt þar heima, þá er hann fór til Suðureyja að heimta föðurarf konu sinnar að sögn Hauksbókar. Þá er hann sigldi í gegnum Pettlandsfjörð, hrepti hann storm og rak út á haf, og kom að landi fyrir austan Horn hið eystra. Er þessi frásögn miklu sennilegri, en að móðir hans hafi vísað honum til Íslands. Garðar sigldi fyrstur umhverfis landið og sá að það var eyland, og gaf því nafnið Garðarshólmur. Hann var þar einn vetur norður við Skjálfandafjörð á Húsavík, er hann nefndi svo eptir húsi því eða

[1]) Monum. hist. Norv. bls. 8—9, 93.
[2]) Ldn. 1/26—7; Hksb. 4/4; Stb. 3/130.

húsum, sem hann gerði þar til vetursetu. Sumarið eptir sigldi Garðar til Noregs, en einn af mönnum hans varð eptir. Hann hjet Náttfari og sleit hann á báti frá Garðari og með honum þræll og ambátt. Hann tók sjer bólfestu í Reykjadal og síðan í Náttfaravík.[1])

Garðar og Naddoður lofuðu báðir mjög hið ókunna land, er þeir höfðu fundið. Fyrir því fór víkingur nokkur frá Noregi að leita Garðarshólms. Hann hjet Flóki Vilgerðarson, eða Glámsson, ef hann er kendur við föður sinn. Af fjelögum hans voru bændur tveir, Þórólfur og Herjólfur, merkastir. Sagan af Flóka er nokkuð forneskjukend. Hann hafði með sjer hrafna þrjá, er hann hafði blótað; áttu þeir að vísa honum leið og var hann síðan kendur við þá og kallaður Hrafna-Flóki. Líka flutti Flóki með sjer kvikfjenað og við; má ráða af því, að hann hefur jafnvel ætlað sjer að reisa bæ og bú í nýja landinu, ef honum litist vel á það. Flóki ljet í haf syðst á Hörðalandi eða nyrðst á Rogalandi og fór fyrst til Hjaltlands og þaðan til Færeyja. Þaðan hjeldu þeir til Garðarshólms og komu austan að Horni og sigldu fyrir sunnan landið, vestur um Reykjanes og Snæfellsnes og vestur um Breiðafjörð. Þeir tóku land í Vatnsfirði við Barðaströnd, en svo var fiskisæld mikil þar í firðinum, að þeir gáðu eigi fyrir veiðum að heyja um sumarið, og dó því alt kvikfje þeirra um veturinn. Vorið var heldur kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin fjörð fullan af hafísum, því kölluðu þeir landið Ísland, sem það hefur heitið síðan. Fjall það, sem þeir Flóki gengu upp á, hefur að líkindum verið Hornatær, og fjörðurinn, er hann sá, Arnarfjörður, sem þá blasti við honum.[2]) Um sumarið ætluðu þeir Flóki brott, en urðu búnir litlu fyrir vetur. Þeim beit eigi fyrir Reykjanes og sleit frá þeim bátinn og var Herjólfur á honum. Þeir sneru þá aptur, fundu Herjólf og voru í Borgarfirði um veturinn. Sumarið eptir sigldu þeir til Noregs. Þá er menn spurðu af landinu,

---

[1]) Ldn. 1/27—8, 19/229; Hksb. 3/4; Stb. 4/130. [2]) Sbr. Kålund, Isl. I, 550; Þorv. Thoroddsen, Landfræðissaga I, 25.

ljet Flóki illa yfir því, Herjólfur sagði kost og löst á því, en Þórólfur kvað drjúpa smjör af hverju strái á landi því, er þeir höfðu fundið; því var hann kallaður Þórólfur smjör.[1])

Ferð Flóka til Íslands var um 865.

Stjórnarskipun og landslýður í Noregi áður en Ísland bygðist.

Þá er Haraldur hárfagri tók að leggja Noreg undir sig og landar hans flýðu land fyrir honum og tóku að byggja Ísland, er eins og þoku ljetti af fjörðum, dölum og sveitum í Noregi. Því nær úr hverju einasta bygðarlagi í Noregi flýðu einhverjir menn fyrir ofríki Haralds konungs og margir þeirra settust að á Íslandi. Þeim var minnisstæð brottförin úr Noregi, skilnaðurinn við fósturbygð sína og frændur, atferli og sigursæld Haralds konungs. Allir kunnu þeir frá tíðindum að segja, eða frá göfgum ættmönnum, höfðingjum eða konungum, hver úr sínu bygðarlagi eða fylki. Landnámsmennirnir ræddu opt um þessa viðburði, sem höfðu haft svo mikla þýðingu fyrir sjálfa þá. Þeir mintust frænda sinna í Noregi og hinna helstu manna, sem þeir þektu þar í landi. Þeir sögðu sonum sínum og dætrum frá frændum þeirra í Noregi og frá því, er þeir kusu heldur að yfirgefa eign sína og óðul, en genga á vald Haralds konungs. Kynslóð sagði kynslóð, og þannig geymdust þessi tíðindi á Íslandi og mikill fróðleikur um marga menn víðsvegar í Noregi, þangað til Íslendingar tóku að rita sögubækur um það og annað.

Noregur hafði þá verið bygður í nokkrar þúsundir ára. Frá alda öðli höfðu germanskir þjóðflokkar verið búsettir í Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Bygð þeirra er að öllum líkindum eldri í Danmörku og suðurhluta Svíþjóðar en í Noregi, eins og fyr er getið. Í Noregi hafa þeir tekið sjer fyrst

[1]) Ldn. 2/28—31; Hksb. 5/5; Stb. 5/130—31.

bólfestu sunnanfjalls, í hjeruðum kringum Kristjaníufjörðinn, og þaðan hefur bygðin færst í tvær áttir, norður eptir landi og fram með ströndinni að sunnanverðu vestur á við og síðan norður eptir vesturströndinni. Germanar voru í fyrndinni skiptir í ýmsa flokka og var sú skipting eptir ætterni; þá er þeir námu Norðurlönd, voru þeir skiptir í marga slíka ættflokka eða þjóðflokka. Þeir flokkar, sem komu síðar, hafa orðið að halda lengra norður á við en þeir, sem komu fyr, og leita þangað, sem land var ónumið. Hver þjóðflokkur hjelt hóp eptir því, sem hægt var og nam land fyrir sig. Heiti eins og t. a. m. Raumar, Heiðnir, Þrændir, Hörðar og Rygir eru nöfn á nokkrum af þjóðflokkum þeim, sem námu land í Noregi. Raumar og Heiðnir settust að sunnarlega í Noregi og af þeim fjekk Raumaríki og Heiðmörk nafn. Þrændir hafa farið upp Eystridali og norður yfir fjöllin og numið sveitirnar kring um Þrándheimsfjörð. Hörðar og Rygir tóku sjer bústað á vesturströnd Noregs og þar eru lönd einnig kend við þá. En alt þetta gerðist mörgum öldum áður en sannar sögur byrja.

Þá er sönn saga hefst í Noregi var þar ein þjóð og ein tunga. Frásögn Óttars Háleygings[1]) ber meðal annars áreiðanlegt vitni um það. Hann var stórbóndi norður á Hálogalandi, en var með Elfráði Englakonungi hinum ríka, er kom til ríkis 871. Óttar kvaðst búa nyrðst allra Norðmanna, og væri fylki það, er hann byggi í, nefnt Hálogaland. Fyrir norðan það kvað hann vera óbygt land, nema á stöku stöðum væru Finnar, er hefðust við á dýraveiðum á veturna og á fiskiveiðum á sumrin. Hann sagði og að þeir byggju á mörkunum fyrir austan Noreg, en íbúa sjálfs Noregs nefndi hann alla einu nafni Norðmenn í mótsetningu við aðrar þjóðir og landið Norðmannaland.

Þrátt fyrir þetta er það eigi víst, að íbúar Noregs hafi upprunalega verið sömu ættar eða af sama kynþætti. Þeir geta hafa runnið saman í eina þjóð eptir langa sambúð,

[1]) Frásaga Óttars er prentuð á íslensku í ritgjörð Magnús Stephensens Um hið nýja tímatal dr. Guðbrands Vigfússonar í Tímariti Bókmentafjelagsins V, 155—58.

áður en sönn saga byrjar, eins og sumstaðar hefur eflaust átt sjer stað um óskyldar þjóðir, sem búið hafa saman öld eptir öld í sama landi og við sama hag. Sú þjóðin, sem hefur verið minni máttar, hefur smátt og smátt tekið upp tungu þeirrar þjóðar, er meiri var fyrir sjer og var henni ofjarl í allri sambúð. Minni þjóðin hefur þannig týnt þjóðerni sínu og horfið inn í sterkari þjóðina, en ýms einkenni hennar hafa þó haldið sjer hjá landsmönnum.

Eitthvert hið merkasta kynþáttareinkenni er höfuðlag manna talið, sjerstaklega lag hauskúpunnar. Eptir því hefur mönnum verið skipt í langhöfða *(dolikokefali)* og stutthöfða *(brakykefali)*. Aríar, forfeður Germana og annara ariskra eða indoevropeiskra kynflokka, virðast hafa verið háir vexti, ljóshærðir og bláeygðir langhöfðar; svo hafa Germanar einnig verið.

Í Noregi hafa menn tekið eptir því, eins og svo víða annars staðar, að þar eru bæði langhöfðar og stutthöfðar, þótt langhöfðarnir sjeu þar miklu fleiri. Jarðfræðingurinn Andr. M. Hansen hefur fyrir skömmu leitt út af því þá ályktun, að tveir kynþættir hafi upphaflega numið land í Noregi. Hann segir að hinir núverandi íbúar yst á því nær allri strönd Noregs, sunnan frá Litlasandi, sem er fyrir austan Kristjánssand, og norður í syðra Þrándheimsamt, sjeu stutthöfðar, dökkhærðir og miklu minni vexti en menn þeir, sem búi inn í fjarðarbotnunum í hinum breiðu fjörðum á Norðmæri eða innst inn í Sogni og Norðfirði. Þar sjeu íbúarnir manna hæstir vexti og ljóshærðir langhöfðar; samskonar vaxtarlag og hárslit hafi menn annars staðar í Noregi, enda eiga Norðmenn kyn til þess frá Germönum og Aríum. Hansen ætlar því, að menn af öðrum kynþætti, sem hafi haft stutt höfuðlag og verið litlir vexti og svarthærðir, hafi numið land í Noregi langa löngu áður en Germanar komu þangað. Hann ætlar að stutthöfðarnir hafi setst að í Noregi á milli-ísaldaöldinni *(interglacial*-öldinni), og búið þar þegar síðasta ísöldin *(deutoglaciale* öldin) gekk yfir landið. Þá var það mestalt hulið jökli, en ystu strendurnar voru auðar, og þar höfðust þá menn þessir við. En þegar síðustu ísöldinni

ljetti, jökullinn bráðnaði og landið varð byggilegt, hafi Norður-Germanar komið til Noregs og numið landið sunnanfjalls, norðanfjalls og fjarðarbotnana vestanfjalls, og náttúran hafi þannig í upphafi sett takmörk á milli þessara tveggja kynþátta.

Hansen kallar kynþátt þennan Norðursjávarkynþáttinn, af því að stutthöfðar búi hingað og þangað fram með Norðursjónum alla leið sunnan frá eyjunum í Schelde og Rínarósum og norður á Mæri í Noregi. Í Danmörku og í suðurhluta Svíþjóðar eru tiltölulega margir stutthöfðar, þótt þeir að vísu sjeu minni hluti þjóðarinnar. Þeir eru leifar frá þeim tíma, þegar stutthöfðarnir einir bygðu lönd þessi, frá eldri steinöldinni; en alllangur tími af henni ætlar Hansen að hafi verið á milliísaldaöldinni. Frá Danmörku og suðurhluta Svíþjóðar hafi kynþáttur þessi breiðst út til Noregs.[1])

Málefni þetta er alls eigi nægilega rannsakað nje næg vissa um það fengin, en þó er það fyllilega þess vert, að bent sje á það til athugunar í sambandi við byggingu landsins, ef menn vilja skygnast um langt aptur í tímann.

Á miðri 9. öld var Noregur skiptur í hjer um bil 30 smáríki, sem voru nefnd fylki. Skipting þessi var upphaflega persónuleg, og á orðið fylki uppruna sinn að rekja til herskipunar Germana. Fylki er leitt af fólk, er táknar fjölda manna; hefur það að líkindum upphaflega verið notað um flokka, sem gengu í lið hver með öðrum, „fylktu“ sjer saman í eina „fylkingu“ og börðust saman. En er fylkismenn höfðu tekið sjer fastan bústað og búið lengi á sömu stöðvum, varð fylkisskiptingin staðarleg, og fylki sama sem fólkland, land, er sama fólk byggir.

Fylkjaskiptingin var aðalskiptingin í Noregi og skal því getið hjer um helstu fylkin, sem koma mest við sögu Íslendinga.

Við landamæri Svíþjóðar náði Noregur í fornöld miklu

---

[1]) Andr. M. Hansen, Menneskeslægtens ælde. Kristjania 1894—98. Bls. 22—44, 81—83, 94—95.

lengra suður á bóginn en nú á dögum, því syðsta fylkið Álfheimar gekk suður til Gautelfar. Bæði það og þrjú önnur fylki í kringum Kristjaníufjörðinn voru nefnd einu nafni Víkin. Þá voru nokkur fylki þar upp í landi, þar á meðal Guðbrandsdalir og Eystridalir, nefnd einu nafni Upplönd. Syðst í Noregi í kringum Líðandisnes var Egðafylki eða Agðir, þar fyrir norðan syðst á vesturströndinni Rogaland eða Rygjafylki, þá Hörðaland eða Hörðafylki, þá Sogn eða Sygnafylki, þá Firðafylki (Firðir), þá Sunnmæri, þá Raumsdælafylki, þá Norðmæri báðu megin við mynni Þrándheimsfjarðar, en í kringum fjörðinn sjálfan voru átta fylki, er hjetu einu nafni Þrándheimur eða Þrændalög. Þá var Naumdælafylki og nyrðst Hálogaland, er náði norður að Malangursfirði á 70.° norðurbreiddar.

Hvert fylki var eiginlega ríki fyrir sig, og annaðhvort ekkert eða þá mjög laust samband á milli þeirra. Fyrir hverju fylki rjeð venjulega einn konungur, fylkiskonungur. Konungstignin var arfgeng og kom stundum fyrir, að sami maður fjekk tvö fylki að erfðum, fyrst eitt eptir föður sinn og síðan annað eptir einhvern náfrænda sinn.[1]) Tveir konungar gátu líka verið í einu fylki, ef þeir voru bræður,[2]) en þess háttar var undantekning. Vald fylkiskonunganna var eigi ríkt; það var einkanlega í því fólgið, að hafa herforustu á hendi, þá er ófrið bar að höndum, og gangast þá fyrir liðssafnaði til þess að verja fylkið. Til þess veittu stórbændurnir honum lið, ef hann var að nokkru nýtur, en ef konungur ætlaði að fara í önnur fylki til þess að verja þau eða herja á þau, þá fóru þeir eigi með honum fremur en þeim sýndist.[3]) Vald fylkiskonunganna fór þó allmikið eptir því, hve vinsælir, duglegir og framkvæmdasamir þeir voru. Ef menn báru mikið traust til þeirra, gátu þeir ráðið allmiklu með tillögum sínum, og þá voru þeir teknir til þess að gjöra um mál manna. En væru þeir illa þokkaðir eða

[1]) Sbr. R. Keyser, Norges Stats- og Retsforfatning i Efterladte Skrifter II, 25 nm. [2]) Hkr. I, 8/106, Eg. 3/7. [3]) Eg. 3/9.

ónýtir, rjeðu þeir litlu og áttu á hættu að verða reknir úr völdum.[1])

Auk fylkiskonunganna er um þessar mundir getið um herkonunga og sækonunga í Noregi. Það voru konungbornir menn, er „réðu liði miklu ok áttu engi lönd", eins og Snorri Sturluson segir.[2]) Þeir lágu opt í hernaði, en áttu friðland hjá frændum sínum eða vinum, er fyrir ríkjum áttu að ráða. Víkingaöldin var þeirra öld.

Konungarnir voru kallaðir tignir; þeir sátu í hásæti og fyrir þeim var borið merki. Aðrir tignir menn í Noregi voru þá jarlarnir. Þeir voru annaðhvort sjálfstæðir líkt og fylkiskonungarnir, eða skipaðir af konungum. Yfir Hálogalandi rjeðu jarlar og þar gekk jarlstignin að erfðum. Af þeirri jarlaætt var Hákon jarl Grjótgarðsson, og hefur hann að líkindum ráðið eins og fylkiskonungar yfir Hálogalandi, þá er Haraldur hárfagri kom fyrst norður í Þrándheim, en þó er það óljóst og eigi víst. Eignir og yfirráð hefur Hákon einnig átt á Yrjum á Norðmæri norðan til við mynni Þrándheimsfjarðar. Þó var konungur þar í fylkinu. Frá Yrjum kom Hákon jarl með miklu liði til fulltingis við Harald hárfagra, og gaf hann síðan

---

[1]) R. Keyser, Norges Stats- og Retsforf. 21 o. ef.; J. E. Sars, Den norske historie I, 142 o. ef., 173 o. ef. Sars segir (bls. 142 og 182) að þá er sönn saga hefst í Noregi, hafi konungdómur verið mönnum ókunnur sumstaðar þar í landi, svo sem í Þrændalögum. Þetta getur verið, en Snorri Sturluson nafngreinir þó konunginn í Orkdælafylki og kallar hann Grýting og getur um sex aðra konunga, einn í hverju fylki, þá er Haraldur hárfagri lagði Þrándheim undir sig. Nafnið Grýtingur segir Munch að sje grunsamt og líklega dregið af bænum Grjótar í Orkadal; Sars ætlar það tilbúning einan. Á nafni þessu verður eigi heldur bygt mikið, en meiri þýðingu hefur það, að konungar voru í næstu fylkjum fyrir sunnan og norðan Þrándheim, svo konungdómurinn mátti vera þar kunnur. Næg sönnun fyrir skoðun Sars er það heldur eigi, þótt menn þekki eigi nöfn fylkiskonunganna í Þrándheimi. Þeir koma eigi við landnámssögu Íslands, og vörn þeirra gegn Haraldi hárfagra var skömm, svo eigi var mikil ástæða til þess að nöfn þeirra geymdust. Hjer má og minna á sögusögnina um Eystein Upplendinga konung hinn illráða, sem gerði Þrændi sjer skattgilda í fyrndinni og setti son sinn og síðan hund sinn, er Saur hjet, til konungs yfir þá. Hkr. I, 5/103—4, 12/182—3, 7/105, II, 137/309, sbr. P. A. Munch, Det norske Folks Historie I, 466. Sars í Norsk hist. tidsskrift II, 232. [2]) Hkr. I, 30/57.

jarli yfirsókn um eitt fylki í Þrándheimi.[1]) Á Gaulum syðst í Firðafylki var Atli jarl hinn mjóvi, og fyrir hann Hundólfur jarl faðir hans. Atli virðist því hafa fengið jarlsdæmi sitt að erfðum, en það hefur eigi verið stórt, því bæði í Firðafylki og Sygnafylki voru fylkiskonungar. Síðar var Atli skipaður jarl yfir Sygnafylki, þá er Hálfdan svarti fjekk það að erfðum.[2])

Annars fengu jarlarnir venjulega vald sitt og tign sína frá konungum og voru helsta stoð þeirra og stytta. Þeir sátu í hásæti eins og konungar, en skör lægra. Þeir höfðu landvörn á hendi með konungi. Er þess getið um suma fylkiskonungana að þeir hafi haft jarla, svo sem Auðbjörn konungur í Firðafylki. Hróaldur hjet jarl hans, en þess er eigi getið, hvort hann hafði nokkurn hluta af fylkinu til forráða eða eigi. Þá er Haraldur hárfagri hafði lagt Firðafylki undir sig, setti hann Hróald jarl yfir það.[3])

Ýmsir merkir vísindamenn hafa sagt, að fylkjunum hafi verið skipt í „heruð“ og höfðingi sá, er hersir hjet, hafi ráðið fyrir hverju hjeraði. Hersarnir hafi stýrt dómum og rjettarfari, hofum og blótum í hjeruðum og fylkjunum. Þeir hafi einnig fengið vald sitt að erfðum og ráðið mestu í landinu.[4])

Að öllu samtöldu hefur smáríkjaskiptingin og innanlandsstjórnin í Noregi eigi verið svo reglubundin eins og menn hafa ætlað. Hjeraðaskiptingin var smáskipting, og Gustav Storm hefur sýnt, að hersar á dögum Haralds hárfagra og á 10. öldinni allri rjeðu opt fyrir heilum fylkjum.[5]) Orðið hersir er eigi komið af orðinu hjerað eins og margir hafa talið; ætlar Storm, að það sje skylt að uppruna þýska

[1]) Hkr. I, 7/105, 10/109; sbr. þó Eg. 3/7; Munch, Hist. I, 324—27, 468. [2]) Ldn. 9/300; Hkr. 3/89; Fsk. 1/1; Eg. 2/6. [3]) Eg. 2/6, 4/11; sbr. Ldn. 3/281, og R. Keyser, Norges Stats- og Retsforf. bls. 27—8. [4]) Sbr. Munch, Hist. I, 96—7, 151—53; K. Maurer, Die Entstehung des Isländischen Staats bls. 9—10, Upphaf allsherjarríkis á Íslandi bls. 1—2; Island bls. 20; Sars, Den norske Hist. I, 143—44, 154, 173—74. [5]) Norsk hist. tidsskr. 2 r. IV, 131—36. Ólafur Tryggvason varð að gefa Erlingi Skjálgssyni mági sínum hálft þriðja fylki til forráða til þess að gera hann ríkari en nokkurn annan hersi í Noregi. Hkr. I, 58/868—69.

orðinu herrschen (að stjórna) og komið frá orði, er reyndar aldrei kemur fyrir, en hafi heitið hersa. Storm telur einnig átta hersa, sem nefndir eru í Landnámu, og bendir á að þeir sjer kallaðir hersar í eða af einhverju fylki.[1]) Í Landnámu eru rúmlega 20 menn nefndir hersar. Um suma þeirra er þess eigi getið, hvaðan þeir voru, og um aðra er að eins sagt, að þeir hafi verið í Noregi.[2]) Um einn, er hjet Gormur, er sagt að hann væri hersir í Sviþjóð,[3]) þótt þar væru engir hersar. Tíu hersar eru kendir við fylki og eru þrír þeirra nefndir „or" Sogni,[4]) einn „or" Fjörðum[5]) og annar „í" Fjalafylki, en svo var stundum nefndur syðsti hlutinn af Firðafylki,[6]) einn „af" Hringaríki,[7]) einn (Hrólfr) „af" Ögðum,[8]) einn „í" Raumsdal,[9]) einn „á" Hörðalandi[10]) og annar „á" Þelamörk.[11]) Enn fremur er sagt um einn hersi, þó að eins í Hauksbók, í hvaða bygð hann var í Agðafylki.[12]) Hvaða forsetning er notuð í Landnámu við slík tækifæri, fer nokkuð eptir því, hvaða fylkisnafn kemur á eptir. Úr eða í er sagt um Sogn, Firði, Þrándheim og um nöfn, er enda á dal, á eða af um Þelamörk, Hörðaland, Rogaland, Agðir o. s. frv. En þótt sagt sje í Landnámu um hersana, að þeir hafi verið úr, eða í einhverju fylki o. s. frv., þá sannar það eigi, að þeir hafi verið hersar yfir fylkinu, heldur að þeir hafi átt þar heima eða verið þaðan ættaðir. Það er nefnilega alveg eins kveðið að orði í Landnámu um aðra menn, sem eigi voru hersar, þá er skýrt er frá hvaðan þeir voru,[13]) því sjaldan er sagt nánar frá því, en að tilgreina

[1]) Reyndar eru tveir af þeim, Ási hersir og Grímur hersir, eigi beinlínis kendir við neitt fylki. Aptur á móti var Hróaldur afi Ása úr Haddingjadal, Ldn. 5/76, og í Hksb. 184/71 er sagt um Grím, að hann væri í Hvini á Ögðum. [2]) Ldn. 10/39, 14/48, 1/66, 5/76, 16/109, 1/237, 8/299, sbr. Hksb. 323/114; Ldn. 12/314. [3]) Ldn. 9/195. Hersisnafnið er notað um Gorm til þess að leggja áherslu á höfðingsskap hans, sbr. í Eg. 27/86, þar sem sagt er í vísu, sem eignuð er Skallagrími, er hann hafði hefnt Þórólfs bróður síns: „Nús herses hefnd við hilme efnd." [4]) Stb. 10/134, Ól. Trygg. í Ldn.[2] 10/266, Ldn. 10/39, 10/264. [5]) Ldn. 1/66. [6]) Hksb. 323/114. [7]) Ldn. 11/41, 11/94. [8]) Ldn. 21/126. [9]) Ldn. 2/173. [10]) Ldn. 19/228. [11]) Ldn. 6/292. [12]) Hksb. 184/71. [13]) Sbr. t. a. m. Ldn. 79, 99, 101, 123, 139. 143, 147, 148, 149, 155, 196, 202, 207, 222, 224, 227, 242, 267, 272, 273, 277, 302, 304, 310, 318.

fylkið. Heimili þeirra er mjög sjaldan nefnt. En þótt þetta sanni eigi, að hersarnir hafi ráðið yfir heilum fylkjum, þá sannar það eigi heldur hið andstæða. Í Landnámu er á líkan hátt kveðið að orði um fylkiskonungana. Einn konungur er þar nefndur „or Sogni“ og annar „af Rogalandi“,[1]) en hins vegar eru fylkiskonungarnir líka kendir við mennina, er þeir voru konungar yfir, svo sem Eirekr Hörðakonungr,[2]) en hersarnir eru eigi nefndir svo.

Hinn elsti hersir, sem nefndur er í Landnámu, var Eylaugr hersir úr Sogni, langafi Veðrar-Gríms, en hann er kallaður konungur, en eigi hersir í Hauksbók.[3]) Aðrir hersar, sem þar eru nefndir, voru uppi á dögum Hálfdanar svarta og Haralds hárfagra, og einn að minsta kosti eptir daga Haralds konungs. Í Noregs konunga sögum er getið um fáeina hersa á dögum Hálfdanar svarta.[4]) G. Storm ætlar jafnvel, að Haraldur hárfagri hafi tekið upp hersisnafnið eða að hann hafi að minsta kosti fyrstur notað það um menn, er höfðu ákveðin stjórnarstörf á hendi, og að hersisnafnið heyri eigi til tímanum fyrir daga Haralds hárfagra.[5]) Þetta er óvíst, en eigi er það mjög ólíklegt, eða þó heldur að hersisnafnið hafi þá eigi verið gamalt eða einungis í fáum ættum, og hafi eigi verið búið að festa rætur hjá þjóðinni, því eptirtektavert er það, eins og Storm segir, að hersisnafnið var eigi notað í nýlendum þeim, sem þeir Norðmenn settu á stofn, er flýðu Noreg, þá er Haraldur hárfagri braust þar til ríkis. Þótt hersisnafnið hefði fyrst verið tekið upp af Haraldi hárfagra, mátti það þó eigi girða fyrir það, að hersisnafnið yrði síðar notað um menn, sem voru fyr uppi, en það var upp tekið. Það lá nærri fyrir eptirkomendurna að nota það um forfeður þeirra manna, sem voru hersar hjá Haraldi konungi, og menn gátu eigi, er frá leið, vitað alment, hve nær nafn þetta var fyrst tekið upp. Einnig er það alment þann dag í dag, að nefna menn eptir dauðann því stöðu- eða starfsnafni, sem þeir hafa borið síðast í

[1]) Ldn. 5/185, 19/122. [2]) Ldn. 19/122. [3]) Hksb. 11/9. [4]) Fsk. 2/1, Hkr. I, 2/87—8. [5]) Norsk hist. tidsskr. 2 r. IV, 135—36.

lifanda lífi, og sagnaritarar vorir á 12. og 13. öld voru eins og aðrir menn í því tilliti.[1]) Suma af hersunum, sem nefndir eru í Landnámu, hefur Haraldur hárfagri fyrst gert að hersum.

Væri það sannað, að hersar hafi eigi verið til í Noregi fyrir einveldisár Haralds hárfagra, þá þyrfti eigi að minnast hjer meira á þá. En þetta er eitt af þeim mörgu atriðum, sem er mjög erfitt eða ómögulegt að fá áreiðanlega vissu um. Hersarnir eða þeir menn á 9. öld, sem svo hafa verið nefndir, voru merkustu og ríkustu höfðingjarnir í Noregi á þeim tíma. Þeir voru nokkurs konar leiðtogar höfðingjanna eða stórbændanna einkum á þingum, en voru þó stórbændur sjálfir, en eigi tignir menn. Þeir munu hafa stýrt rjettarfari og nefnt menn í dóma, en annars er svo lítið skýrt frá starfa þeirra og valdi í fornritunum, að eigi er mikið um það kunnugt. Vilhjálmur Finsen hefur leitt ýms mikilvæg rök gegn því, að þeir hafi staðið fyrir blótum, heldur hafi aðrir menn, g o ð a r n i r, gert það.[2]) Hann nefnir ýms dæmi upp á það, að goðar hafi verið til í Danmörku og í Noregi, áður en Ísland bygðist, og fornar sagnir benda einnig á, að þeir hafi verið í Svíþjóð. Hins vegar er að eins sagt í einu handriti[3]) um einn mann, sem varðveitt hafði hof í Noregi, að hann hafi verið hersir. Það var Þorbjörn Ormarsson á Gaulum í Fjalafylki, en í öðrum fornritum, þar sem einnig er talað um hann, er hann eigi nefndur hersir.[4])

Hinn norski sagnfræðingur J. E. Sars hefur sjerstaklega látið í ljós þá skoðun og rökstutt hana rækilega, að stórmennislýður hafi að tiltölu verið miklu meiri í Noregi, en í Danmörku og Svíþjóð eða annars staðar meðal germanskra þjóða. Noregur hafi sjerstaklega verið land stórætta.[5]) Aðalorsökin til þess var fólgin í byggingarhætti Noregs;

---

[1]) Í Eg. 1/4 er sagt að „Kveldúlfr tæki lends manns rétt, svá sem hafi höfðu langfeðgar hans"; en þetta var áður en lendir menn voru í Noregi. Sbr. hertogatitil Skúla jarls, sjá ritgjörð mína, Utanstefnur og erindisrekar í Tímariti Bókmentafjelagsins 1899, bls. 145, aths. 2. [2]) Vilh. Finsen, Om den oprindelige Ordning af nogle af den islandske Fristats Institutioner, bls. 52 o. ef. [3]) Hksb. 323/114. [4]) Stb. 368/223, Flóam. 5/124. [5]) Sars, Hist. I, 139, 147, 155, 158—64.

þar voru að eins einstakir bæir eða búgarðar, en slíkt byggingarlag var fremur fátítt í öðrum löndum. Í Danmörku og í meiri hluta Svíþjóðar voru þorp dreif um land alt. Í hverju þorpi bjuggu nokkrar fjölskyldur saman. Þær höfðu upphaflega verið nátengdar og skyldar og bygt þorp sitt í sameiningu. Þær ræktuðu upprunalega land það í fjelagi, sem lá undir þorpið, og þótt því væri síðar skipt í sundur á meðal þorpsbænda og hver fengi sinn hluta, var þó eignarrjettur þeirra svo takmarkaður, að hann mátti fremur heita afneyslurjettur en eignarrjettur. Þess konar þorpaskipun var upprunalegt byggingarlag hjá öllum þjóðum af arisku ættinni[1]), þar sem landið var svo flatlent og frjóvsamt, að því mátti við koma. Noregur er mjög fjöllóttur og vogskorinn og því sundurskiptur í mjög mörg bygðarlög. Þar eru þröngir dalir og beitiland víða gott til fjalla, en sljettlendi því nær hvergi. Landið er eigi lagað til akuryrkju. Það var of hrjóstugt til þess að margar fjölskyldur gætu búið þar saman í þorpum á víð og dreif og fengið lífsuppeldi af landinu í kringum sig. Byggingarlag þetta átti því alls eigi við í Noregi. Þegar menn af germönsku ættkvíslinni námu þar land, hafa heimilisfeðurnir eða helstu mennirnir hver í sínu lagi kastað eign sinni á allmikla landspildu, og reist þar bæ fyrir sig og sína. Opt var langt á milli bæja þessara, en landið, sem lá undir hvern bæ, var að öllu leyti eign bóndans. Á eignarrjetti hans hvíldu engin höpt, eins og átti sjer stað meðal bænda, þar sem þorpaskipun var og menn urðu hver öðrum háðir að ýmsu leyti.

Bygðin í Noregi var mjög strjál. Hver bær var ofurlítið smáríki fyrir sig og húsbóndinn rjeð þar lögum og lofum. Hann var öðrum óháður og vandist á sjálfstæði og sjálfræði. Jörðin gekk að erfðum og varð óðalsjörð ættarinnar. Bændur þeir, sem áttu slíkar jarðir, voru óðalbornir óðalsmenn; eru þeir venjulega nefndir hauldar í norskum lögum, eða höldar, eins og orðið er annars venjulega ritað. Þeir voru minna virðir en hersarnir, en gengu þeim næstir

[1]) Sars, Hist. I, 116.

og voru aðalkjarninn úr norsku þjóðinni. Þeir rjeðu miklu, er þeir ljetu til sín taka, og það var í hag sjálfra þeirra að gæta þess, að óðalsjarðirnar skiptust eigi svo í sundur, að eign þeirra og vald, eða ríki ættarinnar, minkaði mjög við það.[1])

Næstir höldunum voru bændur, er eigi áttu óðal, heldur bjuggu á jörðum, sem þeir höfðu annaðhvort fengið keyptar eða tekið á leigu. Leiglendingar eða leiguliðar hafa að líkindum verið margir í fornöld eptir því, sem ráða má af fornum norskum lögum. Höldarnir munu hafa leigt þá jörð, sem þeir þurftu eigi sjálfir að nota. Bændabæir voru því á víð og dreif á milli óðalsgarðanna, og bændur og leiglendingar fylgdu höldunum að máli.

Allir íbúar Noregs, sem hjer hefur verið getið um, voru frjálsir menn. Þeir voru misjafnir að ríki, áliti og auð; þeir höfðu einnig misjafnan rjett; allar bætur fyrir afbrot við helstu höfðingja og hölda voru hærri en bætur fyrir sama brot gegn vanalegum bóndamanni, en þeir áttu allir rjett á sjer og skarpur stjettaskilnaður var því eigi á milli manna. Bændur gátu orðið höldar og náð höldsrjetti, þegar jörð þeirra hafði gengið í ættinni um nokkra liði. Með framúrskarandi dugnaði eða hreysti gátu menn einnig aflað sjer virðingar og álits, en þó litu menn ávalt mjög á ætternið og vald manna og virðing var mest bundin við það.

Trúin studdi heldur eigi að því að vekja og ala skarpa stjettagreiningu milli manna. Hún var þjóðleg. Hver bóndi, líklega hver frjáls maður, er vildi, gat blótað goð og leitað trausts hjá þeim, án þess að þurfa að leita á náðir sjerstakra manna, er hefðu alla guðsþjónustu á hendi og einir gætu leitað ráða hjá goðunum og tekið við svari þeirra. Slík prestastjett, aðskilin frá öðrum mönnum, er skipaði sjer milli goða og manna, var eigi til. Sjerstakir menn hafa að líkindum staðið fyrir sameiginlegum blótum, en þeir voru ekki goðlærðari en aðrir, og enginn þurfti að sækja neinn

[1]) Sbr. Sars, Hist. I, 147—55; K. Maurer, Die norwegischen höldar í Sitzungsberichte der königl. bayer. Akademie der Wissenschaften 1889. Philos.-philol. Classe, bls. 169—207.

lærdóm í þá til þess að blóta goðin. Eptir dauðann voru allir hraustir og góðir drengir, bæði höldar og húskarlar, vel virtir af goðunum.

Mest mótsetning og mest aðgreining meðal manna var fólgin í því, að eigi voru allir menn frjálsir. Nokkrir þeirra voru ófrjálsir og rjettlausir; slíkir menn voru nefndir þrælar. Þeir voru venjulega herteknir menn eða niðjar þeirra. Þeir voru eign annara manna, rjett eins og dauðir hlutir eða skynlausar skepnur. Þá mátti selja; eigendur þeirra gátu notað þá og farið með þá eptir geðþekni sinni. Þó gátu þrælar orðið frjálsir menn, því bæði mátti gefa þeim frelsi og kaupa frelsi handa þeim.

Landsstjórnarmál gátu eigi verið mörg nje margbrotin í Noregi á þessum tímum, þá er landslýðurinn var allur sundraður og engin sameiginleg þjóðfjelagsstjórn var sett á stofn í landinu. Sameiginleg mál manna í fylki hverju voru þá tæplega önnur en vörn fylkisins, dómsgæsla, sameiginleg blót og lagasetning stöku sinnum. Rjettarvenjur og lög höfðu myndast smátt og smátt, og hefur eigi verið við þeim hreift nema einstöku sinnum. Menn þinguðu sjálfir um mál sín og gerðu um þau á almennum hjeraðsþingum og fylkisþingum og á sameiginlegum fylknaþingum. Allir frjálsir menn áttu rjett á að sækja þingin, en hersar og höldar rjeðu þar mestu. Þar gátu þeir sýnt sjálfstæði sitt og ríki. Þeir gátu komið þangað með miklum mannafla, með húskarla sína eða griðmenn, leiglendinga og nágranna. Þeir gátu boðið fylkiskonungunum byrginn og kúgað þá eða drepið, ef í hart fór og þörf gerðist.[1])

Á meðan landið var skipt í mörg smá ríki, þreifst þess konar sjálfstjórn allvel. Allir frjálsir menn gátu sótt þing í hjeraði og í fylki, og notið atkvæðisrjettar síns. Hjeraðsmál og fylkismál voru eigi viðtækari en svo, að bændur gátu gert sjer nokkra grein fyrir þeim, og þau voru einnig svo fá, að þeim mátti verða þau meira eða minna kunnug.

[1]) Sbr. Frostaþingslög IV, 50—51, gr. í N. G. L. I, 172—73, er leyfa landsmönnum að gera uppreist á móti konungi eða jarli, ef þeir gera atför að manni.

Fyrir því gátu þeir sjálfir myndað skoðun sína um þau svo að nægði til þess, að taka þátt í meðferð þeirra á þingum.

Á milli sumra fylkjanna í Noregi var það samband, að þau áttu þing saman, og voru þrjú þess konar þing á 9. öld. Fylkin sunnanfjalls áttu sameiginlegt þing á Eiðsvelli, skamt fyrir sunnan Mjörs (Mjösen), og var það kallað Eiðsivaþing eða Heiðsævisþing. Á Hörðalandi á Gula var þing háð fyrir fylkin vestanfjalls og á Frosta við Þrándheimsfjörð fyrir fylkin norðanfjalls. Þing þessi hafa í fyrstu komist á stofn, áður en sögur hefjast af Norðmönnum. Þau hafa síðan vaxið að áliti, og menn úr fleiri og fleiri fylkjum tekið að sækja þau. Þó hafa öll fylkin tæplega verið komin í þinglag við þessi þrjú þing á 9. öldinni. Sunnanfjalls hefur þingsambandið komist fyrst á. Bygðin var þar elst, meiri og þjettari en víða annars staðar í Noregi, og lá allvel við til þess að mynda eitt þjóðfjelag eða heild. Víkverjar áttu töluverð mök við aðrar þjóðir, bæði nágranna sína, Dani, Svía og Gauta og aðrar suðlægari þjóðir. Þar á Vestfold í Skíringssal var elsti og þá hinn eini kaupangur í Noregi, sem nokkuð kvað að. Þaðan fóru menn kaupferðir bæði suður og austur um Eystrasalt. Úr Víkinni tóku menn einnig allmikinn þátt í víkingaferðunum með Dönum og græddu fje á því eins og á kaupferðum. Alt þetta hafði vekjandi og hvetjandi áhrif á Norðmenn sunnanfjalls og fyrir því hafa þeir tekið einna fyrstir framförum í landi sínu. Reglulegt þingsamband milli allra fylkjanna hefur því komist þar fyr á en annars staðar í Noregi, en þó varla fyr en á dögum Hálfdanar svarta. Um hann er þess getið, að hann hafi gert ýmsar lagabætur og að hann hafi sett Heiðsævislög.[1]) Er mjög líklegt, að orð þessi lúti að því, að hann hafi sameinað fylkin sunnanfjalls um þingið á Eiðsvelli og breytt lögunum eptir því, sem þurfti, til þess að koma því þingsambandi á.

Á vesturströnd Noregs og norður í landi hefur fullkomið þingskipulag eigi komist svo fljótt á meðal allra fylkjanna

[1]) Hkr. I, 7/94, 11/182.

sem sunnanfjalls. Að vísu lágu fylkin vestanfjalls vel við samgöngum við aðrar mentaðri þjóðir, því leiðin var stutt vestur um haf, og menn gerðust þar snemma siglingamenn og sjógarpar miklir. Margir fóru þaðan í víking. En landið sjálft er svo sundurskorið, bygðirnar svo smáar og dreifar, að þar var erfitt að mynda stórt þingfjelag. Aptur á móti voru bygðirnar norður í Þrándheimi samfastar í breiðu kringum fjörðinn, en þær lágu afsíðis, fjarri öðrum þjóðum, enda virðast Þrændir hafa verið komnir skemra á veg á 9. öld en landar þeirra sunnanfjalls og vestan. Það er líklegt, að Gulaþing hafi upphaflega að eins verið þing Hörða, en að þeir hafi auk Hörðalands bygt bæði Sygnafylki og Firðafylki,[1]) og fyrir því hefur Gulaþing orðið sameiginlegt þing fyrir þessi þrjú fylki, eins og Egils saga bendir á að hafi verið um 934.[2]) Frostaþing hefur aptur á móti upphaflega verið fyrir Þrændi eina, en síðan hefur Hákon konungur Aðalsteinsfóstri að líkindum komið föstu skipulagi á þingskiptingu fylkjanna. Um hann er sagt, að hann hafi lagt mikinn hug á lagasetningu og sett Gulaþingslög og Frostaþingslög.[3]) Lög þessi voru til áður, eins og þegar var sagt,[4]) en Hákon konungur hefur líklega komið því til vegar, að Agðafylki, Rogaland og Sunnmæri hafa lagst undir Gulaþing, en Raumsdalur, Norðmæri, Naumudalur og Hálogaland undir Frostuþing, og breytt og lagað bæði Gulaþingslög og Frostuþingslög samkvæmt því.[5])

Þótt þrenn þingsambönd, meira eða minna ófullkomin, væru komin á fót í Noregi sitt í hverjum meginhluta landsins, gat það þó eigi miðað nje stutt að því að sameina Noreg í eitt ríki. Þingin báru eigi það framkvæmdarafl í skauti sínu, sem til þess þurfti, og ef þau hefðu gert það, þá hefðu þau fremur myndað þrjú ríki en eitt.

[1]) Bæði þessi fylki hafa fengið nöfn sín eptir landslaginu en eigi eptir þjóðflokk. [2]) Eg. 56/186—88. [3]) Hkr. I, 11/181—82. [4]) Sbr. Íslb. 2/5. [5]) Sbr. Munch, Hist. I, 401—4, 712—14. Sars, Hist. I, 176—80.

Haraldur hárfagri gerist einvaldskonungur yfir Noregi.

Norðmenn voru allir sundraðir í smá ríki og tvístraðir milli fjalla og fjarða. Þeir hafa þó að líkindum skoðað sig sem eina þjóð, þá er þeir jöfnuðu sjer við nágrannaþjóðir sínar. En þótt þeir hefðu nokkra þjóðernistilfinningu, var þó sjálfræðistilfinning þeirra og sjerhagstilfinning miklu ríkari. Höfðingjar og höldar vildu varðveita sjálfsforræði sitt og sjálfstæði hver í sínu ríki, hvort sem það var fylki eða hjerað eða einungis óðalsjörð. Þeir vildu eigi gangast góðfúslega undir vald annara manna, en til þess að brjóta þá undir það, þurfti mikinn dug og mannafla.

Að sameina Noreg var því konungaverk, og Haraldur hárfagri vann það. Faðir hans Hálfdan svarti, er þegar hefur verið nefndur, var konungur á Vestfold. Hann ruddi brautina fyrir Haraldi syni sínum, því hann lagði undir sig fylki nokkur bæði á Upplöndum og í Víkinni, og sameinaði þau um þingið á Eiðsvelli. Hálfdan konungur druknaði, er hann var á miðjum aldri, en ljet þó eptir sig meira ríki en nokkur konungur í Noregi fyrir hans daga. Nokkur fylki í Víkinni höfðu stundum áður fyrri verið undir yfirráðum danskra eða sænskra konunga; er líklegt, að sumir forfeður Hálfdanar svarta hafi verið undirmenn Danakonunga eða Svíakonunga[1]) og þeir hafi brotist undan þeim. Hálfdan svarti var sjálfstæður konungur; hefur hann að líkindum aukið ríki sitt til þess að geta verið óháður konungur gagnvart útlendum konungum. Honum hefur einnig verið vel kunnugt um, að Danakonungur og Svíakonungur voru þjóðkonungar, og að þeir rjeðu öllum landshlutum eða fylkjum í löndum sínum.

Þesskonar hugsun hefur Haraldur hárfagri fengið í arf frá föður sínum, því hún var snemma rík hjá honum. Hann var tíu ára, er hann kom til ríkis, en naut í fyrstu forstjórnar

[1]) Sbr. Hkr. I, 13/113—14.

Guthorms móðurbróður síns. Nokkur fyrstu árin áttu þeir í ófriði við ýmsa fylkiskonunga á Upplöndum og frændur þeirra, er vildu ganga á ríki Haralds. Þeir friðuðu lönd sín fyrir þeim, og lögðu fylki þeirra undir sig. Síðan fóru þeir norður um Dofrafjall og herjuðu þar, er þeir komu ofan í Uppdalinn; þeir drápu menn og brendu bæi, en fólkið flýði undan. Þá er þeir komu ofan í Orkadal, áttu þeir orustu við Gryting fylkiskonung, unnu sigur og handtóku hann, en fólkið gekk undir Harald konung. Síðan lagði Haraldur undir sig hvert fylkið á fætur öðru norður í Þrándheimi og naut að liðveislu Hákonar jarls Grjótgarðssonar, er gerðist hans maður þá um sumarið, en annars vita menn lítið með vissu nánar um þetta.

Í Heimskringlu segir, að Haraldur væri nú fjóra vetur í Þrándheimi, en legði ýms fylki undir sig á sumrin og færi síðan suður með landi austur í Vík til þess að friða þar ríki sitt fyrir Eiríki Eymundarsyni, Sviakonungi, og hafi því næst farið aptur af Upplöndum norður til Þrándheims árið áður, en hann barðist í Hafursfirði. Af Egils sögu er aptur á móti svo að sjá, sem hann hafi dvalið í Þrándheimi um veturna öll þessi ár, og er langlíklegast að svo hafi verið. Heimildarritum þessum ber báðum að mestu saman um það, í hvaða röð Haraldur lagði fylkin undir sig. Á öðru sumri eignaðist hann Naumdælafylki, og segir Egils saga, að hann hafi þá fengið Hálogaland. Þó er þess eigi getið, að hann hafi farið lengra norður en í Naumudal í það sinn, enda er líklegt, að Hákon jarl Grjótgarðsson hafi selt honum í hendur þau yfirráð á Hálogalandi, sem hann hefur átt þar, þá er hann gekk honum til handa. Haraldur konungur aflaði sjer nú skipa og fór á hinu þriðja sumri út Þrándheimsfjörð og lagði Norðmæri og Raumsdal undir sig. Sumarið eptir lagði hann Sunnmæri undir sig, og á hinu fimta sumri Firðafylki; á því sumri fór hann inn í Sogn og mun hafa hitt Atla jarl, sem faðir hans hafði skipað yfir Sygnafylki, þá er hann tók það að erfðum.[1])

[1]) Hkr. I, 1—2/98—100; 5/103—4; 7—17/105—22; Eg. 3—6/7—15.

Nú liðu að minsta kosti tvö ár, áður en Haraldur hárfagri átti hina mestu orustu sína. Eptir því sem segir í Egils sögu og Heimskringlu, átti hann eptir að vinna Hörðaland, Rogaland og Agðir, en kvæði það, sem til er um Hafursfjarðarorustu eptir Þorbjörn hornklofa, skáld Haralds hárfagra, bendir á, að aðalmótstöðumenn hans hafi verið af Ögðum og vestan um haf. Þar segir, að hinn kynstóri konungur (Haraldur hárfagri) barðist við Kjötva hinn auðga. Skip komu að austan til bardagans hlaðin höldum, vestrænum spjótum og völskum sverðum, er lýtur að því, að víkingar vestan um haf hafi verið í bardaganum. Orustan var mjög hörð, áður Haklangur fjell. Þá leiddist hinum hálsdigra konungi (Kjötva) að halda landi fyrir Lúfu (Haraldi hárfagra) og flýði í hólmann á firðinum. Margir fjellu og flótti brast í alt liðið og flýðu menn austur um Jaðar.[1])

Helstu mótstöðumenn Haralds í Hafursfirði voru þeir Kjötvi hinn auðgi konungur á Ögðum og Haklangur sonur hans, sem kallaður er Þórir haklangur í sumum sögunum. Um þetta ber sögunum saman, þótt Snorri telji fleiri höfðingja í orustunni. Umfram það, sem segir í kvæði Þorbjarnar, er fátt kunnugt af fornsögum vorum um Hafursfjarðarorustu, nema það, sem sumar þeirra segja af einstaka mönnum, sem voru í orustunni, af því að þeir koma við söguna sjálfa.[2]) Þó var Hafursfjarðarorusta meiri og frægari en nokkur önnur orusta í Noregi á þeim tímum. Viðbúnaður og liðsafnaður hafði verið hinn mesti af beggja hálfu fyrir orustuna. Í írskum annálabrotum er þess getið um Ólaf konung hinn hvíta í Dyflinni, þá er hann kom til Írlands úr herferð sinni á Skotlandi 871, að hann færi á því ári frá Erin (Írlandi) til Lochlanns (Noregs) til þess að berjast móti Lochlannaig (Norðmönnum) og veita Guðröði föður sínum lið, því Lochlannaig hefðu hafið ófrið á móti honum, og hann hefði komið til þess að biðja son sinn liðveislu. En

[1]) Hkr. I, 18/124—5, Fsk. 8—9; alt er kvæðið best gefið út af Finni Jónssyni í Carmina norrœna, Kbh. 1893. [2]) Ágr., Fms. X, 2/378—9; Fsk. 8—9; Hkr. 18/122—25; Upphaf, Fms. X, 7/189—92; Eg. 9/24—6; Ldn. 19/122, 2/174, 13/317; Vatn. 8—9/16—18; Grett. 2/2—5.

engan má undra, þótt annálsritarinn segi eigi meira af Ólafi konungi nje ófriði þessum, því síðan segir hann, að „það mundi vera leiðinlegt að skýra frá orsök ófriðar þessa og einnig snertir það oss svo lítið; þótt vjer höfum vitneskju um það, forðumst vjer að rita um það, því starf vort er eigi einu sinni að rita um alt það, sem snert getur Írland; því að Írar þola ilt eigi að eins af Lochlannaig einum, heldur mega þeir einnig bera mörg rangindi hver af öðrum.“ Fregnir af ófriði þessum í Noregi hafa borist til Írlands, en annálsritarinn vildi eigi rita um hann vegna þess að hann var Írum óviðkomandi. Hann vildi eigi einu sinni rita um allan innbyrðis ófrið Íra. Þessi orð annálsritarans benda á, að hann hafi verið uppi samtíða viðburðum þessum.[1])

Ólafur hvíti kom eigi aptur til Írlands eptir þetta, og tók Ívar bróðir hans þar við konungdómi, eins og fyr er sagt. Ólafur hefur því dáið á herferð þessari, og getur það eigi rjett verið, sem segir í Landnámu, að hann hafi fallið á Írlandi í orustu.[2]) Ekkert er líklegra en að Agðakonungur hafi leitað vestur um haf liðveislu hjá norrænum víkingum móti Haraldi hárfagra. G. Storm hefur leitt ýms rök að því, að Kjötvi konungur muni hafa verið Guðröðar konungur sá, sem kom vestur um haf til Írlands og fjekk liðveislu Ólafs konungs, sonar síns. Ólafur hvíti er í írsku annálabrotunum talinn Goðfreðar (Guðröðar) son, Ragnalls (Rögnvalds eða Ragnars?) sonar, Goðfreðarsonar konungs, Goðfreðarsonar.[3]) Storm ætlar, að hann sje sá maður, er Þorbjörn hornklofi kallar Haklang, og bendir á, að frásögn

[1]) L. J. Vogt, Dublin som norsk by, Christjania 1896, bls. 60—1. (Three Fragments), Sbr. Alexander Bugge, Contributions to the History of the Norsemen in Ireland I, The Royal Race of Dublin, Christjania 1900, bls. 6. [2]) Ldn. 15/108. [3]) Steenstrup, Norm. II, 120 (Three Fragments). Í Íslb. bls. 19 og í Ldn. 15/108 er Ólafur hvíti talinn Ingjaldsson konungs Helgasonar, Ólafssonar, Guðröðarsonar, Hálfdanarsonar hvítbeins Upplendingakonungs. Í Laxd. 1/3 er Ólafur talinn son Ingjalds Fróðasonar, sem er ruglingur. Írska ættartalan er frá 9. eða 10. öld, og er eflaust rjettust. Sbr. einnig Alex. Bugge, Contributions to the History of the Norsemen in Ireland I, bls. 12—15.

kvæðisins beri saman við írska annálinn í ýmsum atriðum. Þetta gerist alveg á sama tíma og menn bjuggu sig undir Hafursfjarðarorustu, og það geti enginn annar ófriður verið, sem við sje átt, en ófriðurinn milli Haralds hárfagra og þeirra Agðakonungs. Allir konungarnir eru í kvæðinu nefndir einungis með auknafni. Haraldur hárfagri er kallaður Lúfa, og nöfnin Kjötvi og Haklangur eru auknefni. Kjötvi hefur því verið Guðröður kjötvi og Haklangur Ólafur haklangur, en eigi Þórir. Ólafur hvíti eða Haklangur, eins og Þorbjörn hornklofi nefnir hann, hafi fallið og allmikið af liði hans í Hafursfjarðarorustu. Ástæðan til þess, að ríki Norðmanna veiktist svo á Írlandi eptir 870, sje sú, að svo margir víkingar fóru burtu þaðan til þess að berjast á móti Haraldi hárfagra. Þeir, sem komust úr Hafursfjarðarorustu, vildu hefna fjelaga sinna og gerðu áhlaup á ríki Haralds konungs á meðan þeir gátu og rændu á ströndum Noregs. Fyrir því nutu menn að mestu friðar á Írlandi fyrir víkingunum um hrið.[1])

„Eptir orustu þessa“ segir Snorri „fekk Haraldr konungr enga mótstöðu í Noregi; váru þá fallnir allir inir mestu fjándmenn hans, en sumir flýðir ór landi, ok var þat allmikill mannfjöldi, því at þá byggðusk stór eyðilönd“. Það skipti nú algjörlega um. Haraldur varð konungur yfir öllum Noregi og enginn hafði afla til þess að berjast á móti honum. Brottferð manna frá Noregi hefur því að líkindum aldrei verið meiri á víkingaöldinni en rjett eptir Hafursfjarðarorustu, því margir vildu forða sjer, sem höfðu barist á móti Haraldi, þá er þeir sáu, að þeir máttu eigi reisa rönd við honum. Hinir hafa heldur eigi verið fáir, sem gátu eigi sætt sig við að vera kyrrir, þótt þeir hefðu leitt ófriðinn hjá sjer, af því að þeir þóttust eigi mega búa við þá kosti, sem konungur setti mönnum, og beygja sig undir álögur hans.

Breytingar þær, sem Haraldur konungur gerði á rjettindum manna og landsstjórninni í Noregi, voru engar smábreytingar, því hann setti þar ríki á stofn á líkan hátt og merkir konungar höfðu gert áður í ýmsum öðrum löndum.

---

[1]) Sbr. G. Storm, Norsk hist. tidsskrift 2. r. II, 312—24.

Í hverju fylki, sem hann lagði undir sig, tók hann sjer drottinvald yfir mönnum og gerði þá að þegnum sínum. Hann heimtaði hollustu og skyldir af hverjum manni, og fylgdi því fram með dug og hörku. Sjálfstæði höfðingjanna, sem hafði blómgast undir fylkiskonungunum, skyldi afnumið, og Haraldur var eins og segir í Egils sögu „mjög gjörhugall, þá er hann hafði eignaz þau fylki, er nýkomin voro í vald hans, um lenda menn[1]) ok ríka búendr ok alla þá, er honum var grunr á at nokkurrar uppreistar var af ván, þá lét hann hvern gera annathvárt, at gerast hans þjónustumenn eða fara af landi á brott, en at þriðja kosti sæta afarkostum eða láta lífit, en sumir voro hamlaðir at höndum eða fótum."[2])

Haraldur konungur lagði landskyldir á alla bændur, bæði ríka og fátæka. Hann kastaði eign sinni á alla almenninga, en þeir voru áður sameign allra óðalsmanna í hverri þeirri sveit eða fylki, sem almenningar voru í. Þá er menn höfðu rutt land og reist býli á almenningum, höfðu þeir fengið leyfi til þess hjá hlutaðeigandi sveitarbændum, og goldið þeim síðan landskyld. Nú urðu menn að fá leyfi til þess hjá konungi og greiða honum afgjald. Haraldur konungur lagði einnig gjald á veiðimenn alla, því fiskimenn og aðrir veiðimenn skyldu gjalda honum fyrir afnot lands og lagar til fanga. Auk þessa lagði Haraldur nefgildisskatt[3]) á menn og tók sakeyri undir sig.

Álögur þessar lagði Haraldur hárfagri á menn um endilangan Noreg og fjekk þannig afarmikið fje árlega; gat hann því launað vel þeim mönnum, sem gengu í þjónustu hans og hænt marga menn að sjer. Hann gætti þess vel að fá duglega menn og hrausta til fylgdar við sig, og hirð hans var skipuð hinum mestu afreksmönnum að afli og hreysti og als konar íþróttum.[4]) Snorri segir, að „hann setti jarl í hvert fylki, þann er dæma skyldi lög ok landsrjett ok heimta sakeyri ok landskyldir, ok skyldi jarl hafa þriðjung

[1]) Með þessu orði er átt við helstu höfðingjana. Lendir menn voru engir í Noregi áður en Haraldur hárfagri hafði gert breytingu á stjórnarskipun landsins. [2]) Eg. 4/11—12. [3]) Fsk. 32/20. [4]) Hkr. I, 9/107.

skatta ok skylda til borðz sér ok kostnaðar. Jarl hverr skyldi hafa undir sér iiii hersa eða fleiri ok skyldi hverr þeira hafa xx marka veizlu; jarl hverr skyldi fá konungi í her lx hermanna en hersir hverr xx menn. En svá mikit hafði Haraldr konungr aukit álög ok landzskyldir, at jarlar hans höfðu meira ríki, en konungar höfðu fyrrum".[1])

Gustav Storm hefur sýnt, að þetta er eigi rjett, sjerstaklega þó að því leyti er hersana snertir. Hann ætlar að vísu einnig, að það sje tómur tilbúningur úr Snorra, að Haraldur hafi sett jarl í hvert fylki, og bendir á, að konungur hafi að minsta kosti brotið það opt, ef hann hafi nokkurn tíma ætlað sjer að koma á slíkri skipun.[2]) Aptur á móti ætlar E. Hertzberg, að eigi sje næg rök til þess að rengja frásögn Snorra að því er jarlaskipun Haralds hárfagra snertir nje þann kost, sem Snorri segir, að Haraldur setti jörlum sínum. Í öllum verulegum atriðum sje það rjett. Haraldur hafi sett allmarga jarla yfir fylki, þótt eigi sje skýrt frá, að hann hafi sett jarla yfir þau öll.[3]) Þessi skoðun mun vera nærri sanni, þótt þetta hafi eigi verið svo reglubundið eins og Snorri segir. Stundum setti Haraldur sama jarlinn yfir fleiri fylki en eitt, og hann mun hafa sett menn yfir öll fylkin, nema þau, er hann sjálfur hafði sjerstaklega yfirstjórn yfir, þótt menn þessir hafi líklega eigi allir borið jarlsnafn. Sjálfur veik konungur einnig frá þessu skipulagi, þá er hann setti sonu sína yfir ýms fylki og gaf þeim konungsnafn. En þessi frásögn Snorra sýnir, að konungur ljet framkvæma fyrirskipanir sínar um breytingar á lögum og landsrjetti, sköttum og skyldum manna í Noregi, og er það aðalkjarninn í henni.

Haraldur hárfagri „braust til ríkis", og sama ofríki þótti mönnum hann beita, er hann fór að breyta rjettindum manna og leggja gjöld á menn. Þeir menn, sem voru óvanir öllum skattgjöldum, fundu mest til þess. Leiguliðum mátti í raun rjettri standa á sama, hvort þeir guldu landskyld af

[1]) Hkr. I, 6/104. [2]) G. Storm, Norsk. hist. tidsskr. 2. r. IV, 131—36. [3]) E. Hartzberg, Lén og veizla í Germanistische Abhandlungen zum 70. Geburtstag K. v. Maurers, bls. 288—91.

almenningsjörðum konungi eða sveitarbændum, ef landskyldin var eigi meiri en áður; en öðru máli var að gegna með óðalsbændur alla og sjálfseignarbændur, og þá bændur, sem leigt hafa land af einstökum mönnum og orðið hafa að gjalda landsdrottni sínum landskyld eptir sem áður, þótt konungur legði gjald á þá. Sjerstaklega þótti þó höldunum og öðrum höfðingjum það hart, að konungur skyldi krefja þá um landskyldir af jörðum þeirra; þeim fanst hann hreint og beint svipta þá eignarrjetti sínum. Kemur þetta ljóslega fram í Egils sögu og víðar, þar sem svo harðlega er kveðið að orði um þetta, að sagt er að „konungr eignaðiz í hverju fylki óðul öll ok alt land, byggt ok úbyggt, ok jafnvel sjóinn ok vötnin, ok skyldu allir búendr vera hans leiglendingar; svá þeir, er á mǫrkina ortu, ok saltkarlarnir ok allir veiðimenn bæði á sjó ok landi, þá voru allir þeir honum lýðskyldir".[1]) Snorri segir einnig, að konungur „eignaðisk óðul öll", en eins og J. E. Sars hefur leitt rök að, tók konungur eigi af óðalsmönnum jarðirnar nje eignarrjett þeirra yfir þeim, heldur ljet hann þá gjalda landskyld af þeim.[2]) Með öðrum orðum, hann lagði fasteignar- eða ábúðarskatt á þá. En þetta særði mjög höfðingjana og höldana, einkum þar sem konungur gerði þetta að þeim fornspurðum. Sjálfræði þeirra og virðingu var misboðið; þeim fanst konungur vilja fara með sig eins og ófrjálsa menn og leggja á sig slíkt ánauðarok með þessu, að margir þeirra kusu heldur að yfirgefa óðul sín og flýja landið, en að gerast „þrælar Haralds konungs", eins og að orði er kveðið í sögunum, en Haraldur konungur tók þá undir sig lönd þeirra, og fjekk þannig stóreignir.

Svo er að sjá sem Haraldur konungur hafi byrjað að koma breytingum þessum á, er hann hafði lagt fyrstu fylkin undir sig, og síðan reynt að koma þeim á í hverju fylki jafnóðum og hann hafði lagt þau undir sig. Það tók þó langan tíma að koma breytingum þessum á. Als staðar urðu

---

[1]) Eg. 4/12. [2]) J. E. Sars í Norsk hist. tidsskr. II, o. ef., Hist. I, 186—89. Sbr. E. Hertzberg, Lén og veizla i Germ. Abhl. bls. 303—7.

menn meira eða minna óánægðir yfir álögunum. Minst hefur óánægjan að líkindum verið sunnanfjalls, einkum í fylkjum þeim, sem Haraldur fjekk að erfðum, en mest vestanfjalls; þó flýðu menn nokkuð úr öllum fylkjum landsins.

Úr Þrándheimi og Naumudal flýðu menn einkum austur yfir fjöllin og bygðu Jamtaland og Helsingjaland; þau voru þá bæði lítið bygð og höfðu nokkrir Norðmenn flutt sig áður búferlum þangað brott úr Þrændalögum.[1]) Úr flestum fylkjum landsins leituðu menn þó sjóleiðis af landi brott. Fóru flestir vestur um haf, til Hjaltlands, Orkneyja, Suðureyja, Írlands, Kataness á Skotlandi eða til Færeyja og til Íslands, sem víkingarnir höfðu þá nýlega fundið.[2])

[1]) Hkr. I, 12/183—4. [2]) Eg. 4/12; Hkr. I, 19/125.

Landnámsöldin
um 874–930.

Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson.

Á þeim árum sem Haraldur hárfagri var að leggja vesturströnd Noregs undir sig, tóku Norðmenn tveir að hugsa um að byggja Ísland. Annar þeirra hjet Ingólfur Arnarson en hinn Leifur Hróðmarsson. Þeir voru báðir ættaðir af Þelamörk, og er sagt, að langafi þeirra hafi átt þar heima, og hafi hann heitið Hrómundur Gripsson. Synir hans, Björnólfur og Hróaldur, fóru af Þelamörk fyrir víga sakir og staðfestust í Dalsfirði á Fjölum, sunnarlega í Firðafylki. Björnólfur átti son, er hjet Örn, og var hann faðir Ingólfs og dóttur einnar, er Helga hjet, en Hróaldur var faðir Hróðmars, föður Leifs. Snemma fjell vel á með þeim frændum Ingólfi og Leifi og gjörðust þeir fóstbræður. Á uppvaxtarárum þeirra var Atli jarl hinn mjóvi á Gaulum, sem fyr er nefndur. Hann átti þrjá sonu, Hástein,[1] Herstein og Hólmstein, og voru þeir á aldur við þá fóstbræður. Þá er Ingólfur var tvítugur og Leifur 18 vetra, fóru þeir í hernað og lögðu lag sitt við sonu Atla jarls. Með þeim fóru öll skipti vel í fyrstu. Þá er þeir komu heim, mæltu þeir til samfara með sjer annað sumar. Um veturinn gerðu þeir fóstbræður jarlssonum veislu, og sáu

[1]) Í Fló. 1/120 er hann nefndur Hallsteinn, eins í Eg. 2/6, Melabók Ldn. 3—4/31—32, Ldn.[2] 243, Sturl. II, 499.

þeir þá Helgu, systur Ingólfs. Hún var væn stúlka og leist Hólmsteini svo vel á hana, að hann strengdi þess heit, áður en veislunni lauk, að hann skyldi eiga Helgu Arnardóttur eða enga konu ella. Mönnum fanst fátt um heitstrenging þessa, en Leifur roðnaði á að sjá, og varð fátt um með þeim Hólmsteini, er þeir skildu þar eptir boðið.

Vorið eptir bjuggust þeir fóstbræður að fara í hernað, og ætluðu til móts við sonu Atla jarls. Þeir fundust við Hísargafl[1]) og lögðu þeir Hólmsteinn þegar til orustu við þá Leif. En er þeir höfðu barist um hríð, kom að þeim Ölmóður hinn gamli, sonur Hörða-Kára, en frændi Leifs[2]) og veitti þeim fóstbræðrum. Hólmsteinn fjell, en Hersteinn[3]) flýði. Þeir Leifur fóru þá í hernað. En um veturinn eptir fór Hersteinn að þeim Leifi og vildi drepa þá. Þeir fengu njósn af för hans og fóru í mót honum. Varð þá enn orusta mikil og fjell þar Hersteinn. Eptir það dreif lið að þeim fóstbræðrum og voru það vinir þeirra úr Firðafylki. Voru þá menn sendir á fund Atla jarls og Hásteins að bjóða sættir, og sættust þeir að því, að þeir Leifur guldu eignir sínar þeim feðgum.[4])

Nokkru áður en þetta var, kom Flóki frá Íslandi og var mönnum því um þetta leyti tíðrætt vestanfjalls í Noregi um hið ókunna, mikla land, sem nýfundið var vestur í hafi. Það dró heldur eigi úr þessu umtali manna, að Flóka og

[1]) Hnjúkur á Hísey á Norður-Hörðalandi. [2]) Í Flóamannasögu 2/120 er sagt að móðir Leifs væri Hróðný dóttir Ketils bifru Hörða-Kárasonar, og hefur þá Ölmóður verið afabróðir Leifs. [3]) Í Fló. er skipt um hlutverk þeirra Hólmsteins og Hersteins. Þar strengir Hersteinn heit og fellur fyrst. [4]) Ldn. 3—4/31—2; Hksb. 6/6; Stb. 6/131—2; Ól.s Trygg. Ldn.[2] 6/263—64; Sbr. Fló. 2—3/120—22, er segir nokkru nákvæmar frá viðskiptum þeirra fóstbræðra og jarlssona, einkum heitstrengingunum og sættargjörð Hásteins. Þar er sagt (1/120, 4/122) að Atli jarl væri dáinn áður en þetta var, en það er rangt sbr. Munch, Hist. I, 511, Safn I, 205. Eins segir þar, að Hróðmar og Örn væru dánir, áður en veislan var, og getur það rjett verið. Höfundur Fló.s. hefur farið eptir Ldn., eykur frásögn hennar og gjörir hana sögulegri, og víkur stundum af óaðgætni frá henni, eins og hjer er bent á nokkuð neðanmáls; er hún því eigi sjálfstætt heimildarrit um þetta; þó kann höfundur hennar að hafa haft einhver munnmæli við að styðjast, sem geymst hafa meðal niðja Hásteins í Flóanum.

fjelögum hans bar illa saman um kosti landsins. Þórólfur smjör lofaði það fram úr öllu hófi, Flóki mátti eigi á það minnast, svo að honum dytti eigi í hug fjárfellir sinn, en aðrir töluðu með meiri skynsemi um landið.

Þessar umræður vöktu forvitni og löngun hjá þeim Ingólfi til þess að fara til Íslands og kanna það, og vita með sannindum, hvernig vera mundi að taka sjer þar bólfestu. Þeir áttu að yfirgefa jarðir sínar og leita sjer nýrra heimkynna, og þeir voru svo vanir siglingum og mannraunum, að slíkt gat eigi vaxið þeim í augum. Þeir bjuggu því skip mikið, er þeir áttu, og fóru að leita lands þess, er Hrafna-Flóki hafði fundið, og þá var kallað Ísland. Þeir fundu landið og voru í Austfjörðum í Álptafirði hinum syðra einn vetur. Þeim virtist landið betra suður en norður, og sýnir það, að þeir hafa kannað landið eptir föngum á ferð þessari. Næsta sumar fóru þeir aptur til Noregs.

Eptir þessa könnunarferð rjeðu þeir fóstbræður af að flytja sig búferlum til Íslands, því „þeim virtist það vel og vildu þar byggja", eins og segir í Flateyjarbók. Ingólfur tók nú að „verja fje þeirra til Íslandsferðar", eða selja það, sem þeir máttu eigi flytja með sjer, en Leifur fór í vesturviking til þess að afla sjer fjár, og ef til vill til þess að vera eigi lengi að staðaldri í Firðafylki nærri þeim Atla jarli og Hásteini, áður en hann færi alfarinn í burtu þaðan. Leifur herjaði á Írland og fann þar jarðhús mikið.[1]) Hann gekk í það og var myrkt, þar til er lýsti af sverði, er maður hjelt á. Leifur drap mann þann og tók sverðið og mikið fje af honum; en síðan var Leifur kallaður Hjörleifur. Hann herjaði víða um Írland og fjekk þar mikið fje. Hann tók þar tíu þræla og hjet sá Dufþakur, er helst var fyrir þeim. En eptir það fór Hjörleifur til Noregs á fund Ingólfs fóstbróður síns og Helgu systur hans, er hann hafði fengið, áður en hann fór í víkingaferð þessa.[2])

[1]) Joh. Steenstrup, Norm. II, 141—42, ætlar að hjer sje átt við grafarrán, því víkingarnir rændu um þessar mundir dauða menn sem lifandi gripum þeirra og ljetu greipar sópa um grafhvelfingar á Írlandi. Sbr. einnig C. Haliday, The Skandinavian Kingdom of Dublin, bls. 99, aths. 2.
[2]) Ldn. 4—5/32—3; Hksb 6/6; Stb. 6/132; Ól. s. Trygg. Ldn.[2] 6/264.

Vetur þennan hinn næsta gekk Ingólfur að blóti miklu og leitaði sjer heilla um forlög sín, því hann var gætinn maður og vildi fara að ráðum goðanna, er hann hugði á svo mikla breytingu og nýjung. Hjörleifur var maður djarfari og trúði á mátt sinn og megin, og vildi aldrei blóta. Frjettin vísaði Ingólfi til Íslands. Eptir það bjó sitt skip hvor þeirra mága til Íslandsferðar; hafði Hjörleifur herfang sitt á skipi, en Ingólfur fjelagsfje þeirra.

Þá er þeir voru búnir, lögðu þeir til hafs sumarið 874, að því er segir í Landnámabók og alment er talið. Þeir höfðu samflot, þar til er þeir sáu Ísland; þá skildi með þeim. Ingólfur leitaði þá aptur ráða hjá goðunum með því að skjóta fyrir borð öndvegissúlum sínum til heilla; mælti hann svo fyrir, að hann skyldi þar byggja, er súlurnar kæmu á land. Hann tók síðan land við höfða nokkurn í Austur-Skaptafellssýslu, er eptir honum var nefndur Ingólfshöfði. En Hjörleif rak vestur með landi og fjekk hann vatnfátt. Þá tóku þrælarnir írsku það ráð, að hnoða saman mjöl og smjör. Þeir nefndu það minþak (af gaeliska orðinu *min*, sem þýðir mjöl) og kváðu það óþorstlátt. En þá kom regn mikið og tóku þeir þá vatn á tjöldum; minþakið myglaði og köstuðu þeir því fyrir borð, og rak það á land á eyri nokkra, er eptir því var nefnd Minþakseyri. Hjörleifur tók land í Vestur-Skaptafellssýslu við Hjörleifshöfða, sem heitir eptir honum. Segir í Landnámu, að þar hafi þá verið fjörður og horfði botninn inn að höfðanum, en það mun eigi rjett vera.[1]) Hjörleifur tók þegar að búast þar til vetursetu og ljet gera þar skála tvo; er svo að sjá sem tóptirnar af þeim hafi verið enn til í lok 12. aldar, því sagt er í Landnámu að önnur þeirra sje 18 faðma, en hin 19 faðma löng. Um vorið eptir vildi Hjörleifur sá, eins og hann var vanur að gera í Noregi. Hann átti einn uxa, og ljet hann þrælana draga arðurinn. En er þeir Hjörleifur voru að skála, gerði Dufþakur það ráð, að þeir skyldu drepa uxann, og segja að skógarbjörn hefði drepið, en síðan skyldu þeir ráða á þá Hjörleif, ef þeir leit-

[1]) Sbr. Kålund, Isl. II, 334—35.

uðu bjarnarins. Þeir sögðu síðan Hjörleifi þetta, en hann fór með mönnum sínum að leita bjarnarins og dreifðust þeir í skóginn. Þá sóttu þrælarnir að sjerhverjum þeirra og myrtu þá alla jafnmarga sjer. Þeir hlupu því næst á brott með konur þeirra, lausafje og bátinn, og fóru út í eyjar nokkrar í útsuðri og bjuggust þar fyrir um hríð. Vífill og Karli hjetu þrælar Ingólfs; þá sendi hann vestur með sjó að leita öndvegissúlna sinna. Þá er þeir komu til Hjörleifshöfða, fundu þeir Hjörleif dauðan. Þeir fóru þá aptur og sögðu Ingólfi þau tíðindi, og ljet hann illa yfir þeim.

Ingólfur fór því næst vestur til Hjörleifshöfða, og er hann sá Hjörleif dauðan, mælti hann: „Lítit lagðist hér fyrir góðan dreng, er þrælar skyldu at bana verða, ok sé ek svá hverjum verða, ef eigi vill blóta“. Ingólfur ljet búa gröft þeirra Hjörleifs og sjá fyrir skipi þeirra og fjárhlut. Segir nú í Landnámu, að Ingólfur hafi þá gengið upp á höfðann og sjeð eyjar liggja í útsuður til hafs, og honum hafi komið í hug, að þrælarnir mundu þangað hlaupið hafa, því að báturinn var horfinn. Frásögn þessi er eigi alveg rjett, sem sjá má af því, að Vestmannaeyjar sjást eigi af Hjörleifshöfða, því Reynisfjall skyggir á.[1]) Þær liggja enn fremur eigi í útsuður, heldur í vestur frá Hjörleifshöfða. Hins vegar er það sennilegt, að Ingólfur hafi gengið upp á höfðann, og líka orðið þess var, að báturinn var horfinn, áður en hann lagði af stað frá Hjörleifshöfða að leita þrælanna, en eyjarnar hefur hann eigi sjeð fyr, en hann kom vestur á Reynisfjall. Hann kom sjálfur að austan og vissi að þrælarnir höfðu eigi leitað í þá átt; var því sjálfsagt fyrir hann að leita eptir þeim vestur á við.

Þeir Ingólfur fóru út í eyjarnar fyrir sunnan land að leita þrælanna, og fundu þá þar, sem Eið heitir, er þeir voru að mat. Þrælarnir urðu felmsfullir og hljóp sinn veg hver þeirra. Ingólfur drap þá alla, og hlupu sumir þeirra fyrir berg, sem við þá eru kend síðan, svo sem Dufþaksskor við Dufþak. Eyjarnar voru einnig kendar við þrælana og

[1]) Sbr. Kålund, Isl. II, 335.

nefndar Vestmannaeyjar, af því að þeir voru Vestmenn. Þeir Ingólfur höfðu með sjer konur þeirra, er myrtir höfðu verið, og fóru aptur til Hjörleifshöfða. Var Ingólfur þar annan vetur. Um sumarið eptir fór hann vestur með sjó og var hinn þriðja vetur undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá. Þau missiri fundu þeir Vífill og Karli öndvegissúlur hans við Arnarhvál fyrir neðan heiði.[1])

Um vorið fór Ingólfur ofan um heiði og tók sjer bústað, þar sem öndvegissúlur hans höfðu á land komið. Þetta sumar[2]) fór hann ásamt förunautum sínum til Noregs, að líkindum til þess að sækja húsavið, þá er hann hafði kosið sjer bústað. Hann ljet vel yfir kostum landsins, enda var það að ýmsu leyti álitlegt, og eigi var heldur ráðlegt fyrir hann, að letja menn að flytja þangað. Ingólfur bygði í Reykjarvík (í Íslendingabók: Raykiarvíc), þar sem nú er Reykjavík, höfuðstaður landsins, og bjó þar alla æfi. Reykjavík er þannig hinn elsti bær[3]) á landinu, og hefur hann að líkindum staðið fyrir vestan gamla kirkjugarðinn,[4]) eða þar sem bóndabærinn Reykjavík var í byrjun 18. aldar.[5]) Öndvegissúlur Ingólfs voru í eldhúsi í Reykjavík, að því er menn sögðu, þá er Landnámabók var rituð (um 1200).

Ingólfur nam land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá og Öxará eða Hrafnagjá eptir því, sem segir í Hauksbók, og öll nes út. Það er nú Gullbringusýsla öll,

---

[1]) Íslb. 1/4; Ldn. 5-7/33-7; Hks. 7-8/7-8; Stb. 7-8/132-33; Ól. s. Trygg. Ldn.[2] 7-8/264-66. [2]) Hjer er talið, að Ingólfur hafi farið að byggja Ísland 874, því þetta var 877 samkvæmt Eg. 25/80, ef Hafursfjarðarorusta er sett árið 872. Ef útkomuár Ingólfs er talið 871, þá hefur hann verið þrjú ár í Reykjavík áður, en hann fór utan. [3]) Náttfari, er sleit á bát frá Garðar með þræl og ambátt, var varla af fornmönnum talinn rjettur landnámsmaður. Hann „eignaði" sjer Reykjadal í Þingeyjarsýslu, en Eyvindur Þorsteinsson er talinn landnámsmaður þar; hann rak Náttfara á braut og ljet hann hafa Náttfaravík. Eigi er nefndur neinn bær í Reykjadal, sem Náttfari hafi bygt, þótt hann auðvitað hafi reist þar eitthvert skýli, en það hefur hann líklega tekið ofan, er hann fór til Náttfaravíkur. Ldn. 19/229; Hksb. 211/82; Stb. 247/199. [4]) Þar er nú garður bæjarfógetans í Reykjavík. [5]) Sbr. Kálund, Isl. II, 399--401, I, 10—14.

Kjósarsýsla öll nema ofurlítil sneið að norðan, og Árnessýsla austur að Ölfusá, Sogi og Þingvallavatni.

Ingólfur gaf Vífli frelsi, og bygði hann að Vífilstóptum eða Vífilsstöðum (eptir Hauksbók); við hann er kent Vífilsfell. Áður en þetta var, hafði Karli horfið á brott og ambátt með honum. Honum leist eigi á nesin kringum Reykjavík, en vel á sveitirnar austanfjalls; kvað hann þá hafa farið til ills um góð hjeruð. Hafði Karli tekið sjer bústað við Ölfusvatn (= Þingvallavatn) og fann Ingólfur hann þar, þá er hann ljet gera skála á Skálafelli; sá hann þá reyki við vatnið og var það hjá Karla.

Ingólfur er frægastur allra landnámsmanna, því að hann kom að óbygðu landi og bygði fyrstur landið, segir í Landnámu, og staðfestir Ari fróði það einnig, að hann hafi fyrstur bygt Ísland frá Noregi. Aðrir landnámsmenn gerðu það að hans dæmi. Ingólfur var vitur maður og ágætur í öllum álögum og allri karlmensku, en Hjörleifur var hvatur og röskur í öllum mannraunum, segir í Flóamanna sögu. Báðir voru þeir hraustir menn, en næsta ólíkir. Ingólfur var hygginn og höfðingi meiri; hann var trúmaður og leitaði ráða hjá guðunum, er hann rjeðst í stórræði. Hjá honum koma í ljós þau hyggindi og forsjálni, er einkendi margan ágætan höfðingja á söguöldinni. Hjörleifur var bardagamaður meiri, treysti sjálfum sjer best og sást eigi fyrir. Hann minnir á hina vösku og vopndjörfu menn, sem sögurnar segja frá. Þeim þótti gaman að reyna sig og fóru vopnbitnir til Valhallar, áður en elli rann á þá.

Ingólfur kvongaðist áður en hann fór til Íslands og átti Hallveigu Fróðadóttur, systur Lopts hins gamla. Þeirra son var Þorsteinn, er þing ljet setja á Kjalarnesi, áður en alþingi var sett. Ingólfur hefur eigi orðið gamall maður, því hann var fæddur um miðja 9. öld, og var hjer um bil hálfþrítugur er hann fór að byggja landið, en Kjalarnesþing var komið á stofn snemma á 10. öld, eða fyr en eptirmálin urðu út af vígi Ófeigs grettis (um 908). Mun Ingólfur þá hafa verið dáinn og er líklegt, að hann hafi andast þá um aldamótin rúmlega fimtugur að aldri. Þorsteinn sonur hans var þá full-

þroskaður maður, og mun hann hafa orðið gamall.[1]) Sonur hans var Þorkell máni lögsögumaður (970—984), er síðar mun nefndur; en sonur hans var Þormóður, er var alsherjargoði, þá er kristni var lögtekin á alþingi.[2])

Útkomuár Ingólfs og upphaf Íslands bygðar.

Ingólfur fór optar en einu sinni milli Íslands og Noregs, en það útkomuár hans, sem hjer ræðir sjerstaklega um og reynt verður að ákveða, er ár það, þá er þeir fóstbræður fóru í annað sinn til Íslands til þess að byggja landið; það ár er afmælisár Íslendinga og upphafsár Íslands bygðar. Nú vita menn eigi með fullri vissu, hvaða ár það var, en menn vissu það eigi heldur áreiðanlega fyrir átta eða jafnvel níu öldum. Fyrir þúsund árum tíðkaðist eigi nærri eins glögt og gott áratal á Norðurlöndum, eins og síðar varð títt og nú er siður. Ekkert var heldur ritað fyr en löngu síðar, svo að eðlilegt var, að útkomuár Ingólfs yrði óvíst. Ari hinn fróði Þorgilsson, hinn elsti sagnaritari vor (d. 1148), varð fyrstur til þess að ákveða tímatalið í sögu Íslendinga og skrásetja, hve nær þetta hafi verið. Hann byrjar Íslendingabók sína á þessa leið: „Ísland bygþisc fyrst ýr Norvegi á dǫgom Harallz ens hárfagra Hálfdanar sonar ens suarta í þann tíþ at ætlon oc tǫlo þeira Teitz fóstra míns, þess mannz, es ec kunna spacastan, sonar Ísleifs byscops, oc Þorkels, fǫþor bróþor míns, Gellissonar, es langt munþi fram, oc Þóríþar Snorra dóttor goþa, es bæþi vas margspǫc oc óliúgfróþ, es Ívarr Ragnars sonr loþbrókar lét drepa Eadmund enn helga Engla conung, en þat vas dccclxx vetra epter burþ Christz, at þuí, es ritit es í sǫgo hans.

---

[1]) Safn I, 206. [2]) Íslb. 1/4; Ldn. 8-9/37-91; Hksb. 9-10/8-9; Stb. 9/133-4; Ól. s. Trygg. Ldn.[2] 9/266. sbr. Fms. I, 116-17/237-42; Flat. I, 200/248, 215/263; Theodricus í Monum. hist. Norv. bls. 8—9.

Ingólfr hét maþr nórœnn, es sannlega es sagt at fœri fyrst þaþan til Íslanz, þá es Haralldr enn hárfagri vas xvi vetra gamall, en í annat sinn fǫm vetrom síþar. hann bygþi suþr í Raykjarvíc". Síðar segir Ari: „suá es sagt, at Haralldr væri lxx vetra conungr oc yrþi átrœþr", og enn segir hann: „Suá hava oc spacer menn sagt, at á lx vetra yrþi Ísland albygt, suá at eigi væri meirr síþan. þui nær tóc Hramn lǫgsǫgo, Hœings sonr landnámamannz, næstr Úlfljóti, oc hafþi xx sumor . . . þat vas lx vetra epter dráp Eadmundar conungs, vetri eþa tueim áþr Haralldr enn hárfagri yrþi dauþr at tǫlu spacra manna".[1])

Heimildarmenn Ara fyrir því, hve nær Ísland bygðist, eru þeir Teitur Ísleifsson, Þorkell föðurbróðir Ara og Þuríður Snorradóttir, er var elst þessara manna[2]) Allir þessir menn voru af göfgum ættum og hafa haft frásagnir sínar frá ýmsum helstu og vitrustu mönnum landsins, en þó mátti Þuríður eigi nema mikið beinlínis af Snorra goða föður sínum, því hún var að eins sex ára, er hann dó (1031).

Ari miðar við dauðaár Eadmundar hins helga 870 og segir að landið bygðist fyrst úr Noregi „í þann tíþ" er hann var drepinn, en „í þann tíþ" þýðir sama og um það leyti eða á þeim árum; segir Ari að eins með þessu að landið bygðist fyrst á árunum kringum 870, en ákveður eigi beint þetta ár.[3]) En Ari miðar líka við aldursár Haralds hárfagra. Þá er hann var 16 vetra fór Ingólfur fyrst til Íslands, „en svá es sagt", segir Ari, „at Haralldr væri lxx vetra conungr oc yrþi átrœþr"; dauða hans telur Ari einu eða tveim árum eptir að Hrafn tók lögsögu, en það segir hann ákveðið að væri 60 vetrum eptir dráp Eadmundar konungs eða 930. Haraldur hárfagri átti því eptir tímatali Ara að vera fæddur árið 851 eða 852, og Ingólfur hefur eptir því farið fyrst til Íslands 867 eða 868, en í annað sinn fór hann „fám vetrum síðar" og þá bygði hann landið.

---

[1]) Ísl. 1/4, 3/6. [2]) Res. Ann. (I) 1113. [3]) Gísli Brynjólfsson háskólakennari ætlar í ritgjörð sinni Um aldatal og tímatal í Andvara VI, 187—90 að „í þann tíð" tákni beinlínis árið 870, en það er eigi rjett.

Orð Ara „fám vetrum síðar“ eru óákveðin, og merkir „fár“ hjer nokkrir, fáeinir, eins og orð þetta venjulega þýðir. Fár er mótsetning við margur, og sýnir að eigi er um marga að ræða. Þó má teygja töluvert úr þessu orði eptir ástæðum; það má nota það, þegar rætt er um tvo eða þrjá vetur, og líka um 15 eða jafnvel 20 vetur eða fleiri, ef um mikinn fjölda er að ræða, og því einnig um allar tölur frá tveimur og nokkuð upp eptir. Ari fróði notar þessi orð á öðrum stað í bók sinni. Þar segir hann frá því, er kristni var í lög tekin, að forn lög stóðu um sumt, „en síþar fǫm vetrom vas sú heiþni af numin, sem ǫnnor“.[1]) Kristni var lögtekin árið 1000 og þessi heiðni var eigi af numin fyr en á dögum Ólafs konungs helga; liðu því 17 ár áður en það var gert og eru því „fáir vetur“ sagt hjer um 17 vetur. Ari hefur þó að öllum líkindum vitað, að heiðni þessi var afnumin eptir ósk Ólafs konungs hins helga, og einnig hve nær hann var konungur.

Ari ákveður þannig eigi fastlega, hve margir vetur hafi liðið á milli fyrstu og annarar ferðar Ingólfs til Íslands, en segir að eins, að bygging landsins hafi byrjað um það leyti („í þann tíþ“) er Eadmundur hinn helgi var drepinn.

Auk þessa getur Ari, að landnámsöldin hafi staðið í 60 vetur, eða eins og hann orðar það, að á 60 vetra yrði Ísland albygt. „Því nær“ (þ. e. þá er landið var albygt) tók Hrafn lögsögu og var það 60 vetra eptir dráp Eadmundar konungs eða árið 930. Telur Ari engan efa á þessu, enda er þetta hið fyrsta ártal í Íslendinga sögu, er nægileg vissa er fyrir, að rjett sje og áreiðanlegt. En að því er snertir útkomuár Ingólfs eða upphaf Íslands bygðar, þá fer hann að eins og fyr og ákveður það eigi fastlega, því landnámsöldina telur hann enda um það leyti sem Hrafn tók lögsögu, og þar sem eigi er hægt að telja 60 ára aldur hennar frá ákveðnu ári aptur í tímann, þá leiðir af því, að byrjun hennar og útkoma Ingólfs verður eigi fast ákveðin heldur á þennan hátt. Það lítur því út eins og Ari hafi eigi viljað ákveða útkomuár

[1]) Íslb. 7/12.

Ingólfs fastlega, og ástæðan til þess hefur varla verið önnur en sú, að hann hefur eigi þóttst vita það nógu nákvæmlega.

Þá er vjer athugum sögu vora frá upphafi, sjáum vjer, að eðlilegast er að láta landnámsöldina enda árið 930, er Íslendingar höfðu sett alþingi á stofn og orðið á eitt sáttir um sameiginlega stjórnarskipun og lög, svo þeir mynduðu allir eitt þjóðfjelag eða ríki. Landið mátti þá heita albygt eða numið, þótt eitthvað dálítið kunni að hafa verið eptir, sem menn síðar hafa kastað eign sinni á; slíkt gat enda komið fyrir allmörgum árum síðar á einstaka stað. Þótt Ari og aðrir söguritarar eptir hans daga segi, að landið yrði albygt á 60 vetra, þá er eigi þar með sagt, að þetta þurfi að skilja eptir bókstafnum, og það sje eigi eins rjett, að landið hafi bygst t. a. m. á 58 eða 59 árum. Þeim hefur þótt hægast að nefna rjetta 6 tigu vetra, því sú tigatala fór næst sanni, og takmörkin niður á bóginn voru eðlilega eigi heldur einskorðuð. Innflutningur manna til Íslands og landnám hættu eigi alt í einu, á einu ári, heldur fóru þau smátt og smátt minkandi, þegar þau höfðu verið mest í lok 9. og byrjun 10. aldar. Það skiptir og miklu í hvaða þýðingu orðið „albygður“ og „að nema“ er haft, eins og síðar mun verða drepið á.

Sje landnámsöldin látin enda 930, og útkomuár Ingólfs talið 60 árum áður, þá hefur Ingólfur komið í annað sinn til Íslands 870 eða 871, en þetta er eigi leyfilegt eptir orðum Ara, því hann segir eigi að landnámatíðin endi 930, þótt þetta sje „í þann tíð“, sem Eadmundur konungur var veginn, og rjettum þrem árum eptir fyrstu ferð Ingólfs til Íslands eptir tali Ara, er hann miðar við aldur Haralds hárfagra, hvort sem fyrsta ferð Ingólfs er talin árið 867 eða 868, sem er rjettara, því viðburðirnir og tímatalið yfirleitt bendir á, að það hafi eigi verið fyr en þetta, og sextán ára aldur Haralds hárfagra er því varla til fyrirstöðu. En hins vegar verður að gæta þess, að Ari veit eigi áreiðanlega hvaða ár Haraldur hárfagri dó, þótt hann miði við aldur hans, og honum ber eigi heldur saman við frásögn Sæmundar fróða um það, hve gamall Haraldur hafi orðið, svo óvíst er,

hvor hefur rjettara fyrir sjer. Eptir Sæmundi fróða er það haft, að Haraldur hafi ráðið ríki í 73 ár, og má því ætla, að Sæmundur hafi talið aldur hans 83 ár eða hærri en Ari.[1])

Það er þó auðsætt, að Ari skoðar landnámsöldina á enda um eða öllu heldur rjett eptir 930. Þar sem hann segir frá því, er Úlfljótur kom út með lög handa Íslendingum, kveður hann svo að orði, að það hafi verið „þá es Ísland vas víða bygt orþit".[2]) Þetta var að líkindum árið 927, en þó getur leikið á árunum 926 til 928 og jafnvel 929 líka, því verið getur, að Grímur geitskör hafi kannað landið á meðan Úlfljótur var í Noregi, og það hafi verið aftalað áður en Úlfljótur fór utan, þó það sje eigi líklegt. Árið 930 tók Hrafn Hængsson lögsögu og þá var alþingi komið á stofn. Ari segir, að Ísland hafi verið „albygt" um það leyti („þui nær"), og að spakir menn hafi sagt, að það yrði albygt á 60 vetra, „suá at eigi væri meirr síþan". Eptir þessum orðum Ara er það undarlegt, að hann skuli eigi taka dýpra í árinni um byggingu Íslands, er Úlfljótur kom út með lög sín, en að það hafi þá verið „víða bygt", því þá vantaði eigi nema hjer um bil þrjú eða fjögur ár upp á 60 ára landnámatíð, ef Ingólfur hefur byrjað að byggja landið 871, því Úlfljótur kom varla fyr út með lögin, en þrem árum áður en Hrafn tók lögsögu. Þetta bendir því á, að nokkuð hafi vantað á byggingu landsins, þá er Hrafn tók lögsögu, og að 60 vetur hafi fyrst verið liðnir frá upphafi Íslands bygðar fám vetrum eptir það (eða um 934).

Það, sem Ari hinn fróði ákveður um útkomu Ingólfs og upphaf Íslands bygðar, er því í fám orðum þetta: Ingólfur kom fyrst til Íslands 868 (eða 867), en í annað sinn fám vetrum síðar, um það leyti sem Eadmundur hinn helgi var drepinn. Hann segir eigi ákveðið, hve mörg ár hafi liðið á milli rannsóknarferðar Ingólfs til Íslands og flutnings hans þangað, og ákveður því eigi fastlega afmælisár Íslands bygðar.

---

[1]) Noregskonungatal, Flat. II, 520—21, sbr. A. Gjessing, Kongesagaens Fremvæxt II, 12 o. ef. og töfluna aptast í bókinni um ríkisár Noregskonunga. Hún sýnir hve heimildarritin greinir á um þetta.
[2]) Íslb. 2/5.

Annað sjálfstætt heimildarrit um útkomuár Ingólfs og upphaf Íslands bygðar er Landnáma, þótt höfundum hennar hafi verið kunn rit Ara. Frásögn Landnámu bendir á, að þrír vetur hafi liðið milli fyrstu og annarar ferðar Ingólfs til Íslands. Þá er hann kom fyrst til Íslands, var hann þar einn vetur, og síðan hefur hann að líkindum dvalið tvo vetur í Noregi, áður en hann fór þaðan alfarinn til Íslands. Þetta er eigi sagt beinlínis, en lítil líkindi eru til þess, að Hjörleifur hafi farið herferð vestur um haf þegar um haustið, eða seinni hluta sumars, þá er þeir fóstbræður komu frá Íslandi; heldur mun hann hafa fengið Helgu Arnardóttur þá um haustið, en farið í vesturvíking þegar vora tók og haldið heim að hausti. Veturinn áður en þeir fóstbræður lögðu af stað til þess að byggja Ísland munu þeir báðir hafa verið í Noregi. Má þannig telja mestu líkur til, að þrír vetur[1]) hafi liðið á milli rannsóknarferðar Ingólfs og flutnings hans til Íslands, þótt Ari fróði segi það eigi, og yrði þá útkomuár Ingólfs eptir reikningi Ara árið 871 (eða 870). En nú vill svo til að Landnáma kveður skýrt á um hvaða ár það var, sem Ingólfur fór að byggja Ísland og segir svo:

„Sumar þat, er þeir Ingólfr fóru til at byggja Ísland,

---

[1]) Í Flóamanna sögu 3/122 segir, að þeir Ingólfur skyldu fara burtu „úr Firðafylki áðr þrír vetr eru liðnir", og er líklegt að höfundur hennar hafi komist svo að orði, af því að honum hefur verið kunnugt um þriggja vetra frestinn, sem menn fengu á Íslandi, er þeir voru dæmdir utan, og af því að frásögn Landnámu hefur styrkt hann í því, að svo hafi verið. Hins vegar getur verið, að frestarákvæði þessi sjeu eldri en bygð Íslands, og þriggja vetra brottfararfrestur hafi verið notaður við slík tækifæri í Gulaþingi eða í Firðafylki, þá er Ingólfur var þar. Gísli Brynjólfsson trúir þessu í Fló. s. og getur þess til að „fám" í Íslendingabók sje rangskrifað í staðinn fyrir „þrem" sbr. Andvara VI, 188.

Í íslenskum annálum er sagt, að fjögur, fimm eða sjö ár hafi liðið á milli ferða þessara, sbr. Ann. IV, V, VII, VIII. En annálarnir eru eigi sjálfstæð rit um þetta og hafa því eigi sjerstaka þýðingu. Þó skal þess getið, að elstu annálaritararnir hafa farið eptir Landnámu og sett upphaf Íslands bygðar 874 sbr. Ann. I og II, en seinna hafa sumir annálaritarar sett fyrstu komu Ingólfs til Íslands árið 870 og miðað það við dauðaár Eadmundar konungs, en aðrir hafa farið eptir Ólafs sögu Tryggvasonar eða farið líkt að og afritarar hennar.

hafði Haraldr hárfagri verit xij ár konungr at Noregi; þá var liðit frá upphafi þessa heims vj þúsundir vetra ok lxxiij vetr, en frá holdgan drottins dccc ok lxxiiij ár.“[1]) Bæði Sturla Þórðarson og Haukur lögmaður telja ríkisár Haralds hárfagra frá 862 eða eins og Ari hinn fróði, en þar sem Ari árfærir fyrstu ferð Ingólfs til Íslands, þá ákveður Landnáma aðra ferð hans þangað 874, og þar sem þrjú ár virðist hafa liðið á milli þessara ferða Ingólfs eptir sögn Landnámu, þá hafa höfundar hennar ætlað, að fyrsta ferð Ingólfs til Íslands hafi verið 871.

Enn má geta þess, að Landnáma ákveður fund og byggingu Íslands með því að skýra frá, hverjir voru páfar í Róm (Adrian 876—72 og Johannes VIII 872—82) og hverjir voru keisarar og konungar víðsvegar í Evrópu, þá er Ísland fanst og bygðist af Noregi.[2]) Sýnir það og sannar, að Ísland fanst

[1]) Ldn. 6/33-34; Hksb. 8/7; Stb. 8/132. Bæði Sturlubók og Hauksbók ber saman um þetta, en í Stb. stendur iij þúsundir, og er iij auðsjáanlega ritvilla fyrir vj, sem stendur bæði í Hksb. og Melabók.

[2]) Ldn. 1/24-25; Hksb. 2/3; Stb. 2/129. Hjer má geta þess, að Joh. Fred. Dalström hefur ritað um upphaf Íslands bygðar í ritgjörð sinni „Den norske og islandske Tidsregning i det 10de Århundrede“ (Kbhavn 1874), en eigi er hægt að taka tillit til ályktunar þeirrar, sem hann hefur komist að, fremur en til tímatals Guðbr. Vigfússonar í „Corpus poeticum boreale“, eins og Magnús Stephensen hefur sýnt í Tímariti Bókmfjel. V, 144—180. Af því að Landnáma segir, að Kjarvalur hafi verið konungur að Dyflinni, þá er Ísland fanst og bygðist, ætlar Dalström að átt sje við Cearbhall af Leinster, sem vann Dyflinni 902 og ríkti þar síðan fáein ár (veginn 906), og dregur út af því þá ályktun, að einveldi Haralds hárfagra og upphaf Íslands bygðar sje eigi eldra en 902; telur hann svo landnámsöldina frá 902—962. Hann gætir eigi að því, að Landnáma telur eigi að eins upp þá konunga, er ríktu þegar Ísland fanst og Ingólfur kom út, heldur líka aðra, sem komu til ríkis eptir útkomu Ingólfs og sátu að völdum á meðan landið var að byggjast. Kjarvalur konungur, sem Landnáma nefnir, er eflaust Cearbhall af Ossory; ýmsir niðjar hans fluttu til Íslands, en þó gæti vel verið að höfundum Landnámu hafi eigi verið kunnugt um, hvar hann ríkti á Írlandi; ekkert var heldur eðlilegra en að Íslendingar blönduðu saman staðanöfnum á Írlandi og ætluðu að konungar landsins sætu í Dyflinni, sem þeir vissu að var konungsaðsetur og helsta borg landsins. Hins vegar er eigi ómögulegt, að Kjarvalur frá Ossory († 888) hafi orðið konungur í Dyflinni eptir dauða Ívars Guðröðarsonar 873. Svo ætlar dr. Todd, The War of the Gaedhil with the Gaill bls. lxxx—lxxxi, 297 og Chr. Haliday, The Scandinavian Kingdom of Dublin bls. 100. Írskir annálarit-

og bygðist á síðasta þriðjungi níundu og fyrsta fjórðungi tíundu aldar, en útkomuár Ingólfs er eigi ákveðið neitt nánar við þetta, enda hefur það eigi verið ætlun höfunda Landnámu.[1])

Önnur sjálfstæð heimildarrit um útkomuár Ingólfs en þau tvö, sem nú eru talin, eru eigi til. Í Ólafs sögu Tryggvasonar er tekið upp úr Landnámu meðal annars ákvæði hennar um útkomuár Ingólfs, og þar er því bætt við, að Haraldur hafði þá verið tvo vetur einvaldskonungur í Noregi síðan Hafursfjarðarorusta var, og að það væri fjórum vetrum eptir fall Eadmundar konungs hins helga. Enn fremur er þar sagt, að sjö vetur hafi liðið á milli þess, að þeir Ingólfur (í A. M. 61 fol. er sagt „menn") fóru að leita Íslands og þess, er þeir fóru að byggja landið, og er þar miðað við ríkisár Haralds hárfagra. Segir þar einnig að það væri á sjötta ríkisári Haralds konungs, að þeir Ingólfur færu að leita Íslands, og sýnir það, að fyrir afriturum Ólafs sögu hefur vakað ákvæði Ara fróða um fyrstu ferð Ingólfs til Íslands, og hafa þeir því reiknað út að sú ferð hafi verið 867, þótt þeir að öðru leyti hafi fylgt Landnámu.[2])

---

arar geta eigi um það, og ætlar Todd, að þeir hafi eigi gert það sökum sambands Kjarvals við norræna víkinga.

[1]) Theodricus munkur segir eigi heldur ákveðið, hvaða ár Ingólfur fór að byggja Ísland, heldur að hann hafi hjer um bil á 10. ríkisári Haralds farið að leita þess, fundið það og setst þar að. Monum. hist. Norv. bls. 8. Theodricus telur einnig ríkisár Haralds hárfagra nokkru fyr en Íslendingar.

[2]) Ól. s. Tr. í Ldn.[2] 8/265; Fms. I 116/239; Flat. I 200/248. Eins og í Ólafs sögu er talið í ungu og ómerku handriti af Landnámu frá 17. öld, A. M. 111 fol., sem er eitt af Skarðsárbókar handritunum, sbr. Ldn. 6/33-4 nm., og væri í raun rjettri óþarft að nefna það, ef Guðbrandur Vigfússon (Safn I, 203—4) og A. Gjessing (Kongesagaens Fremvæxt II, 2—3) hefðu eigi tekið töluvert tillit til þess. Gjessing hefur viljað leiða út af því, að Landnáma hafi fylgt hjer Íslendingabók Ara, en það er eigi rjett. Afritari Landnámu á 17. öld hefur á þessum stað auk eldri handrita af Landnámu farið eptir handriti af Ólafs sögu Tryggvasonar. Hann heldur fast við árið 874, en það ár nefnir Ari eigi. Í athugasemdunum í Ldn. (útg. 1843) 6/33-34 segir að þeir Ingólfur fóru „vj" vetrum síðar að byggja Ísland en þeir fóru að leita þess, og er það haft eptir Fornmanna sögum (þ. e. Ólafs sögu Tryggvasonar), handriti þessu og hinum eldri útgáfum af Landnámu. Út af þessu hefur Jón prófastur

Nú hefur verið skýrt frá því, sem heimildarritin segja um útkomuár Ingólfs, og segir annað þeirra (Ari), að hann færi að leita Íslands (867 eða) 868, en hitt (Landnáma), að hann færi að byggja landið 874. Frásögn Landnámu ber það með sjer, að þrír vetur hafi liðið á milli þessara tveggja ferða, og útkomuár Ingólfs verður því annaðhvort 871 (eða 870) eða 874. Til þess að skera úr hvort rjettara sje, hjálpar Egils saga, því hún rekur ýmsa hina helstu viðburði, sem þá gerðust í Noregi, og skýrir frá sumu, er snertir útkomuár Ingólfs. Hún segir frá því, að synir Atla jarls hafi veitt Ölvi hnúfu heimför sama haustið og Haraldur hárfagri hafði lagt undir sig Sunnmæri; vildu þeir drepa Ölvi fyrir það, að hann hafði ort mansöngva um systur þeirra. Þetta var líklega 869 talið frá Hafursfjarðarorustu eða ef til vill árið áður, og voru þá allir synir Atla jarls á lífi,[1]) svo þeir fóstbræður hafa eigi getað leitað Íslands 867 eða 868, því það gerðu þeir fyrst eptir fall þeirra bræðra.

Atburði þá, sem Egils saga telur áður en þeir Skallagrímur flýðu land, hafa menn ársett eptir Hafursfjarðarorustu, og er eigi hægt að gera það betur á annan hátt. Ari fróði telur ríkisár Haralds hárfagra frá 861 eða 862 til 931 eða 932. Hann nefnir eigi Hafursfjarðarorustu, en líklegt er, að Ari muni hafa ætlað, að hún hafi staðið árið 871 eða 872, því tíu ár voru talin á milli hennar og þess tíma, þá er Haraldur tók við ríki eptir föður sinn. Fornir íslenskir sagnaritarar, sem yngri voru en Ari, hafa talið víst, að orusta þessi hafi staðið 872. Að það sje rjett styrkist mjög og nærri staðfestist af írsku annálabrotunum, er

---

Jónsson dregið þá ályktun, að þeir þrír vetur, sem Ingólfur var á Íslandi, áður en hann bygði í Reykjavík, hafi valdið ruglingi og verið lagðir við þá þrjá vetur, er liðu milli Íslandsferða hans, sbr. Tímarit Bókmentafjel. XVIII, bls. 193 (á þeirri bls. eru tvisvar misprentuð árstöl 874—73 í st. f. 873—74). En þess ber að gæta, að „vj“ er hjer prentvilla fyrir „vij“, því svo stendur í bestu handritum af Ólafs sögu Tryggvasonar og í Flateyjarbók og einnig stendur „sið vetrum síðar“ í A. M. 111 fol. og öllum eldri útgáfum af Landnámu. Er þetta talið svo af því að menn hafa miðað við aldurs- og ríkisár Haralds hárfagra.

[1]) Eg. 4/11.

segja frá liðsbón Guðröðar konungs á Írlandi gegn löndum hans í Noregi (871), sem fyr er getið um. Nú segir Landnáma, að Ingólfur hafi farið að byggja Ísland, þá er Haraldur hárfagri hafði verið 12 ár konungur, og bendir það á, að það hafi verið tveimur vetrum eptir Hafursfjarðarorustu, eins og sagt er í Ólafs sögu Tryggvasonar. Eptir þessu getur Ingólfur eigi hafa farið búferlum til Íslands 871, heldur hefur það verið árið 874, og styrkja það ár mjög viðburðir þeir í Noregi, sem Egils saga rekur.[1]) Getur því vel verið að villan sje fólgin í því, að Ari hinn fróði hafi talið Harald hárfagra of ungan, þá er Ingólfur fór að leita Íslands, nema 6 eða 7 ár hafi liðið á milli fyrstu og annarar Íslandsferðar Ingólfs, en það er ólíklegt og Landnáma bendir sem sagt á annað.

Rannsókn þessi sýnir, að eigi er fullgild ástæða til þess að víkja frá árinu 874, þá er um landnámsferð Ingólfs og afmælisár Íslands bygðar er að ræða, og að eigi er hægt að setja annað ártal vissara í staðinn.

Kveldúlfur og synir hans.

Einhver ríkastur höldur og höfðingi í Firðafylki á miðri 9. öld var maður sá, er Úlfur hjet og kallaður var Kveldúlfur, af því að hann var kveldsvæfur og gerðist styggur dag hvern, er að kveldi leið. Hann var svo mikill og sterkur að eigi voru hans jafningjar, segir í Egils sögu. Á unga aldri lá hann í víkingu með Kára í Berlu, göfgum manni og

---

[1]) Sbr. um útkomuár Ingólfs Guðbrand Vigfússon, Safn I. 203—6. Hann fylgir Landnámu og Eglu; hann miðar einnig útkomuár Ingólfs við för Ketils hængs til Íslands og tilfærir orð Eglu „Þrem vetrum áðr höfðu þeir Ingólfr ok Hjörleifr farit at byggja Ísland", en í bestu handritum af Eglu (A. M. 132 fol. og W.) stendur „fám" en eigi „þrem" sbr. Eg. 23/80, og fellur því þessi ástæða burtu.

hraustum, og fjekk hann Salbjargar dóttur hans, er þeir rjeðust úr hernaði. Þau áttu tvo sonu, hjet hinn eldri Þorólfur en hinn yngri Grímur. Báðir voru þeir miklir menn og sterkir, svo sem faðir þeirra, en Þórólfur var líkur móðurfrændum sínum, vænn yfirlits, gleðimaður, ör og kappsmaður hinn mesti. Grímur var svartur maður og ljótur, líkur föður sínum að öllu, búsýslumaður og smiður hinn mesti.[1])

Kveldúlfur var vitsmunamaður mikill og forvitri. Hann sat heima að búum sínum, er Auðbjörn konungur Firðafylkis barðist við Harald hárfagra norður á Mæri. Kvað hann sjer eigi skylt að fara þangað og verja land annara, enda kvað hann Harald lúfu hafa „þar byrði gnóga hamingju, er konungr várr hafi eigi krepping fullan". En er Haraldur hafði lagt undir sig Firðafylki, vildi Kveldúlfur eigi fara á fund hans nje gerast hans maður, þótt sendimenn frá konungi bæðu hann um það. Kvaðst hann vera of gamall til að vera úti á herskipum og þjóna konungum. Grímur sonur hans vildi heldur eigi gerast maður konungs meðan faðir hans lifði, „því at hann skal vera yfirmaðr minn, meðan hann lifir". Sendimenn konungs fóru í brott með þessi svör þeirra feðga, og varð konungur styggur við þau.

Þórólfur og Eyvindur lambi móðurbróðir hans voru í víking meðan þetta gerðist. Þá er þeir komu heim, þótti Þórólfi allfýsilegt að fara á fund konungs og gerast hans maður. Hann hafði sannspurt, að hirð hans væri skipuð afreksmönnum einum, en konungur væri hinn mildasti að fjegjöfum við menn sína og hjeldi þá njög vel. Kveldúlfur rjeð sonum sínum algjörlega frá að ganga á hönd Haraldi konungi, en Þórólfur vildi fara, og leiddi þá Kveldúlfur hann úr garði með heilræðum nokkrum og skildu þeir feðgar með blíðu.[2])

Um haust, líklega árið 870, kom Þórólfur til Haralds konungs. Þar hitti hann fyrir Ölvi hnúfu móðurbróður

[1]) Eg. 1/3-5; Ldn. 18/55; Stb. 29/138. Kveldúlfur var sagður kominn af jötnum og hálftröllum, svo eigi var von á að hann væri friður, sbr. Safn I, 209. [2]) Eg. 3/9, 5/13, 6/15-7.

sinn; var hann skáld konungs og í miklum kærleikum. Fyrir tilstilli hans fjekk Þórólfur góðar viðtökur; gerðist hann konungi handgenginn og gekk þar í hirðlög.

En viðskipti þeirra konungs og Þórólfs fóru öðru vísi, en Þórólfur hugði. Þau urðu upphaf til hins mesta fjandskapar milli konungs og sona hans annars vegar, en Kveldúlfs og niðja hans hins vegar, og orsök til þess, að Kveldúlfur og Grímur son hans rjeðu af að leita til Íslands. Fornritin segja aldrei jafnítarlega frá viðskiptum konungs og landnámsmanna, áður en þeir yfirgáfu óðul sín, sem Egils saga frá þessu. Viðureign þessi er merkileg og lýsir vel bæði baráttu einstakra höfðingja við Harald konung og skapferli manna á þeim tímum. Opt hefur líkur fjandskapur átt sjer stað, áður en höfðingjar flýðu land fyrir konungi eða mönnum hans, þótt sjaldan hafi nein hríð verið jafnhörð sem þessi, og sjaldan væri við slík afarmenni um að eiga sem Kveldúlf og syni hans; skal því skýrt nánar frá þessu.

Nokkru fyr hið sama haust gerðist Bárður Brynjólfsson frá Torgum á Hálogalandi hirðmaður konungs. Hann var frændi Þórólfs og hafði fengið sæti hjá Ölvi, og var Þórólfi skipað á milli þeirra; gerðist brátt vinátta með þeim mikil. Árið eptir (871) kvongaðist Bárður Sigríði einkadóttur Sigurðar á Sandnesi á Álöst[1]) norður á Hálogalandi.

Hinn næsta vetur andaðist Brynjólfur og hafði hann áður gerst lendur maður konungs; tók Bárður þá arf eptir föður sinn og gerðist lendur maður; fjekk hann af konungi veislur allar, sem Brynjólfur hafði haft; var þar á meðal „finnferð“ eða „konungssýsla á fjalli“; átti hann að fara upp á Finnmörk og heimta skatt af Finnum fyrir konung og kaupa af þeim skinnavöru. Höfðu höfðingjar á Hálogalandi haft þessi rjettindi, en nú hafði Haraldur konungur tekið þau undir sig.

Áður en orustan stóð í Hafursfirði (872), kom Bárður að norðan. Voru þeir Þórólfur stafnbúar á skipi konungs í orustunni og urðu þeir báðir sárir mjög, en Bárður þó meira,

[1]) Nú Alstenö við Vefsni (Vefsenfjord). Munch. Hist. I, 478.

og andaðist hann úr sárum, en Þórólfur varð græddur. Áður en Bárður ljest, fjekk hann leyfi konungs til þess að ráða fyrir arfi sínum; gaf hann þá Þórólfi lönd og lausa aura, og einnig konu sína og son til uppfæðslu, því að hann trúði Þórólfi til þess best. Hann festi þetta sem lög voru til að leyfi konungs.

Um haustið fór konungur norður til Þrándheims. Þórólfur bað hann þá orlofs að fara norður á Hálogaland að vitja gjafar þeirrar, er hann hafði þegið af Bárði. Konungur lofaði það, og gerði með orðsending og jartegnir, að Þórólfur skyldi fá það alt, er Bárður gaf honum. Hann gerði þá Þórólf lendan mann og veitti honum allar veislur þær, sem Bárður hafði haft áður, finnferð og finnskatt. Hann gaf Þórólfi langskip gott með reiða öllum, og ljet búa ferð hans sem best. Skildu þeir konungur með hinum mesta kærleik.

En er Þórólfur kom norður í Torgar, þá var honum þar vel fagnað. Bar hann fram erindi sitt, orðsendingu og jartegnir konungs. Sigríður, ekkja Bárðar, tók því máli vel og hjetst honum, ef það væri föður hennar eigi í móti skapi. Þórólfur fór síðan norður á Sandnes á fund Sigurðar, og bað Sigríðar dóttur hans. Var það mál auðsótt við Sigurð; var brullaup þeirra í Torgum um haustið og veisla hin fjölmennasta. Á þeim vetri andaðist Sigurður á Sandnesi og tók Þórólfur arf allan eptir hann.

Brátt fanst það, að Þórólfur var ör maður og stórmenni mikið. Hafði hann um sig sveit mikla, aldrei færra frelsingja heima en hundrað. Gerðist það kostnaðarsamt og þurfti föng mikil, en ár var gott og auðvelt að afla þess, er þurfti. Þórólfur sópaðist mjög um föng þau, er þá voru á Hálogalandi; hafði hann menn sína í síldveri og í skreiðfiski, í selveri og í eggveri. Hann var glaðlyndur og gjöfull, og vingaðist mjög við stórmenni, og alla þá menn, er honum voru í nánd. Hann lagði einnig mikinn hug á um skipa búnað sinn og vopna.

Sama skörungsskap og fyrirhyggju sýndi Þórólfur, er hann heimti finnskattinn. Sýslumenn höfðu áður farið með

30 manna á fjall upp, en um veturinn fór Þórólfur með 90 manna. Hann hafði með sjer kaupvarning mikinn og átti kaup við Finna, þá er hann tók af þeim skatt. Fór með þeim alt í makindum og í vinskap, en sumt ljetu Finnar eptir Þórólfi sökum ótta. Þórólfur fór um viða og austur á mörkina. Er sagt að hann dræpi þar mjög marga Kylfinga, sem komnir voru austan og fóru að finnkaupum, en sumstaðar með ránum, og að hann tæki þar ógrynni fjár. Fór hann þá aptur á Sandnes og sat þar lengi um vorið.

Haraldur konungur fór það sumar á Hálogaland og voru gerðar veislur á móti honum, bæði þar er bú hans voru, og svo gerðu lendir menn og ríkir bændur. Þórólfur bjó veislu í móti konungi og bauð þangað öllu besta mannvali, er kostur var á. Konungur hafði nær þrjú hundruð manna, er hann kom til veislunnar, en Þórólfur hafði fyrir fimm hundruð manna. Þórólfur hafði látið búa kornhlöðu mikla, er þar var, og látið leggja bekki í, því að þar var engin stofa svo mikil, er það fjölmenni mætti alt inni vera. Þar voru og festir skildir umhverfis í húsinu. En er konungur var setstur í hásæti, sást hann um og roðnaði og mælti ekki; þóttust menn finna að hann var reiður. Veisla var hin prúðlegasta og öll föng hin bestu, en konungur var heldur ókátur. Eptir þrjár nætur fór konungur á brott; gaf Þórólfur honum að skilnaði dreka, með tjöldum og öllum reiða; hafði hann látið gera langskip þetta um vorið; bað hann að konungur skyldi virða svo, sem honum hafði til gengið, að hann hafði fyrir því haft fjölmenni svo mikið, að það væri konungi vegsemd, en ekki fyrir kapps sakir við hann. Konungur tók þá vel orðum Þórólfs og gerði sig blíðan og kátan. Lögðu þá og margir góð orð til, sögðu að veislan var hin vegsamlegasta, og útleiðslan hin skörulegasta, og konungi var styrkur mikill að slíkum mönnum. Þeir skildust þá með kærleik miklum (873).[1])

Í þann tíma bjuggu í Leku (ey fyrir utan Naumudal) bræður tveir, Hárekur og Hrærekur, er kendir voru við

[1]) Eg. 7-11/18-32.

móður sína og kallaðir Hildiríðarsynir. Faðir þeirra var Björgólfur í Torgum, faðir Brynjólfs en afi Bárðar. Á elliárum hafði hann að tvímenningi í gildi nokkru hlotið að sitja hjá Hildiríði Högnadóttur; leitst honum mærin fögur, en kona hans var þá önduð. Nokkru síðar fór Björgólfur við 30 manna til Leku og gerði lausabrullaup til Hildiríðar og keypti hana með eyri gulls. Sá Högni faðir hennar sjer eigi annað fært, en láta alt svo vera sem Björgólfur vildi: fór Hildiríður heim með Björgólfi í Torgar, og ól þar syni tvo, sem þegar eru nefndir. Áður en þetta gerðist hafði Björgólfur selt Brynjólfi í hendur öll ráð; ljet hann illa yfir þessu tiltæki föður síns, og er Björgólfur andaðist, ljet hann Hildiríði á brott fara með sonu sína, og fengu þeir ekki af arfi eptir föður þeirra. Hildiríður fór til föður síns og þar fæddust synir hennar upp. Tók hún og synir hennar arf eptir Högna og höfðu auð fjár.[1]) En er hjer er komið sögunni, höfðu þeir bræður krafist föðurarfs af Bárði Brynjólfssyni og síðar af Þórólfi, en ekki fengið. Kváðu þeir þá eigi til arfs borna og kölluðu þá frillusonu.

Þá er konungur kom norðan af Hálogalandi, buðu Hildiríðarsynir honum til þriggja nátta veislu. Konungur þektist það, og er hann kom þar með lið sitt, var þar eigi fjölmenni fyrir; veislan fór fram hið besta og konungur var mjög kátur. Hárekur kom þar ræðu sinni við konung, að hann spyr um ferðir hans þá um sumarið. Konungur sagði slíkt, er hann spurði. Veik þá Hárekur talinu að veislunni á Torgum, og kvað konung þar hafa borið „stórligar gæfur til, er svo snerist“, að hann kom í engan lífsháska; hann mintist á, hve viturlega konungur hefði gjört, er hann ljet alt lið sitt jafnan vera með alvæpni, eða hafði varðhöld örugg bæði nótt og dag. Grunur sá og hræðsla, er kviknað hafði hjá Haraldi konungi á Torgum, var eigi lengi að lifna við aptur. Hann sagði Háreki að tala það, er honum líkaði. Hárekur kvað þá alþýðu þykja hann veita mönnum áþján mikla og hana skorta ekki annað til mót-

[1]) Eg. 7/18-20.

gangs við konungs en dirfð og forstjóra. Þórólfur þættist umfram aðra menn, enda skorti hann eigi afl nje fríðleik; hann hefði of fjár, þótt hann hefði það eina, er hann ætti sjálfur, og hann hjeldi hirð um sig sem konungur. Hefði það verið ráð manna að taka konung af lífi og alt lið hans; var Þórólfur höfðingi þeirrar ráðagjörðar, því að honum var það til boðið, að hann skyldi vera konungur yfir Háleygjafylki og Naumdælafylki. Fyrir því hefði hann dregið her saman, en búkörlunum skaut skelk í bringu, þá er þeir sáu siglingu konungs. Hann sagði að átt hefði að brenna konung inni, og fyrir því hefði konungi verið fylgt í kornhlöðu eina, því að Þórólfur vildi eigi brenna upp stofu sína, nýja og mjög vandaða. En er þeir fengu engum vjelræðum við konung komið, var öllu drepið á dreif um fyrirætlan þessa. Hárckur rjeð konungi að taka Þórólf til sín, láta hann vera í hirð sinni, bera merki sitt og vera í stafni á skipi sínu. En ef hann vildi að hann væri lendur maður, þá skyldi hann fá honum veislur suður í Fjörðum; þar mætti konungur sjá að hann gerðist eigi of stór. En sýslu á Hálogalandi væri best að fá í hendur hófsmönnum, er þjóna mundu konungi með trúleik, og væru þeir bræður búnir og boðnir til slíks starfs.

Konungur reiddist mjög við ræðu þessa, og hugði að fara að Þórólfi í Torgum. En Hárekur kvað hann farinn norður á Sandnes. Konungur hjelt því leið sinni áfram suður. Leiddu Hildiríðarsynir hann á brott með gjöfum, en hann hjet þeim vináttu sinni. Gáfu þeir sjer erindi inn í Naumudal og hittu þar konung öðru hverju á meðan hann var þar. Tók hann jafnan vel tali þeirra.[1])

Áður en Þórólfur fór heiman, hafði hann til greitt finnskatt þann allan, er hann hafði haft af fjalli og konungur átti. Hann fjekk hann í hendur Þorgilsi gjallanda og bað hann færa konungi, ef hann kæmi eigi heim, áður en konungur færi norðan og suður um. Þorgils var heimamaður Þórólfs og forstjóri fyrir búi í Torgum, þá er Þórólfur var eigi heima. Hann hafði fylgt Þórólfi, þá er hann var í vík-

[1]) Eg. 12/33-7.

ing; var þá stafnbúi hans og merkismaður. Í Hafursfjarðarorustu stýrði hann skipi Þórólfs, og veitti konungur honum vingjafir eptir orustuna og hjet honum vináttu sinni sökum hreystilegrar framgöngu. Þorgils bjó nú byrðing mikinn og sigldi suður eptir konungi og fann hann í Naumudal. Hann bar konungi kveðju Þórólfs, og sagði, að hann fór þar með finnskatt þann, er Þórólfur sendi honum. Konungur svaraði engu og var reiður. Gekk þá Þorgils á brott, og ætlaði að fá betra færis, að tala við konung. Hann fór á fund Ölvis hnúfu og fjekk hann til þess að blíðka konung. Konungur gekk þá þar að, er skipið lá. Þorgils braut þegar upp vöruna, og konungur sá að skatturinn var miklu meiri og betri, en fyr hafði verið. Hann hóf þá heldur upp brún, og mátti Þorgils þá tala við hann. Hann færði konungi bjórskinn nokkur, er Þórólfur sendi honum og enn fleiri dýrgripi, er hann hafði fengið á fjalli. Konungur gladdist þá og ljet Þorgils segja sjer greinilega af ferðum Þórólfs. Síðan mælti konungur: „skaði mikill er þat, er Þórólfr skal eigi vera tryggr mér, eða vilja vera banamaðr minn.“ Þá svöruðu margir, er hjá voru, og allir á eina lund, að það væri rógur illra manna, ef konungi væri slíkt sagt. Kom þá svo, að konungur kvaðst því mundi heldur trúa; var hann þá ljettur í öllum ræðum við Þorgils og skildu þeir sáttir.[1])

Hinn næsta vetur (873—874) fór Þórólfur austur á Finnmörk með nær hundrað manna og átti kaupstefnu við Finna sem hinn fyrra vetur. En er hann sótti austur á mörkina, er sagt, að Kvænir kæmu til hans og bæðu hann liðveislu móti Kirjálum (Karelum); gerði hann þá fjelag við Faravið konung þeirra, vann sigur á Kirjálum og fjekk ógrynni fjár. Fór Þórólfur þá aptur til bús síns á Sandnesi, en um vorið fór hann með liði sínu til Torga. Þar var honum sagt, að Hildiríðarsynir höfðu verið um veturinn í Þrándheimi með Haraldi konungi, og rægt hann við konung. Þórólfur kvað konung eigi mundu trúa lygi um sig. En þetta fór öðru vísi, en Þórólfur hugði; Hildiríðarsonum tókst að telja konungi

[1]) Eg. 13/37-40.

trú um, að Þórólfur hefði dregið mestan hlutann af finnskattinum undir sig; kváðust þeir mundu færa honum meira fje, ef konungur fengi þeim sýsluna í hendur.

Um sumarið fór Þórólfur suður til Þrándheims að færa Haraldi konungi finnskattinn og mikið fje annað; hann hafði 90 manna og alla vel búna. Þórólfi og mönnum hans var skipað í gestaskála og veitt hið stórmannlegasta. Þórólfur bað Ölvi byrja mál sitt við konung, því að hann mundi vera „skamtalaðr fyrir konungi, ef hann vill heldr trúa rógi vándra manna, en sannendum ok einurð, er hann mun reyna at mér.“ Annan dag kom Ölvir og kvaðst eigi vita gjör en áður, hvað konungi væri í skapi. Þórólfur gekk þá til konungs og heilsaði honum. Konungur sat yfir matborði og tók kveðju hans, og bað gefa Þórólfi að drekka. Þórólfur sagði, að hann hafði þar skatt þann, er konungur átti og kominn var af Finnmörk, og enn fleiri hluti til minningar við konung. Konungur kvaðst eigi mega vænta að Þórólfi nema góðs eina, en þó segðu menn tvent til um það. Þórólfur sagðist eigi vera þar fyrir sönnu hafður, og ætla að þeir væri minni vinir konungs en hann, er slíkt hefðu upp borið fyrir konungi. Annan dag eptir greiddi Þórólfur konungi skattinn af hendi, og bar fram bjórskinn nokkur og safala, er hann vildi gefa konungi. Margir mæltu, er þar voru hjá staddir, að þetta væri vináttu fyrir vert, en konungur sagði, að Þórólfur hafði þar sjálfur sjer laun fyrir skapið. Þórólfur kvaðst hafa með trúleik gert alt til konungs; væri konungi kunnugt hverja meðferð hann hafði, er hann var með honum; þótti honum það undarlegt, ef konungur ætlaði hann annan mann, en hann reyndi hann þá. Konungur kvað það best, að hann færi til hirðar sinnar, tæki við merki sínu og væri fyrir öðrum hirðmönnum. „Mun þá engi maðr rægja þik, ef ek má yfir sjá nótt og dag, hverjar meðferðir þú hefir.“ Þórólfur sá til beggja handa sjer. Þar stóðu húskarlar hans. Hann mælti: „trauðr mun ek af hendi láta sveit þessa. Muntu ráða konungr nafngiptum við mik ok veizlum þínum, en sveitunga mína mun ek ekki af hendi láta, meðan mér endast föng til, þótt ek véla um mína kosti eina. Er hitt bœn

min ok vili, at þér konungr farið at heimboði til mín, ok heyrið þá orð þeirra manna, er þú trúir, hvert vitni þeir bera mér um þetta mál.“ Konungur svaraði, að hann mundi eigi optar veislu þiggja að Þórólfi. Gekk Þórólfur þá í brott og fór heim, en konungur fjekk í hönd Hildiríðarsonum sýslu þá á Hálogalandi, er Þórólfur hafði haft, og svo finnferð. Konungur kastaði eign sinni á bú í Torgum og allar þær eignir, er Brynjólfur hafði átt, og fjekk það alt Hildiríðarsonum til varðveislu. En er Þórólfur fjekk þessa tilskipan konungs, tók hann skip þau, er hann átti, og bar þar á lausafje alt það, er hann mátti með fara, og hafði með sjer alla menn sína, bæði frelsingja og þræla. Fór hann síðan norður á Sandnes til bús síns og hafði þar eigi minna fjölmenni og eigi minni rausn (874).[1])

Hildiríðarsynir tóku við sýslu á Hálogalandi og fóru um veturinn (874—875) á fjall. Þeir höfðu með sjer 30 manna og þótti Finnum miklu minni vegur að þeim en Þórólfi; greiddist þá miklu ver gjald það, er Finnar skyldu reiða. Þennan sama vetur fór Þórólfur með hundrað manna upp á fjall og austur á Kvænland og herjaði með Faravið konungi á Kirjálaland og fengu of fjár. Um vorið ljet hann húskarla sína stunda fiskiveiðar og síldveiðar. Um sumarið sendi hann Þorgils gjallanda með hlaðið kaupskip til Englands og ljet hann selja þar skreið, ljósa vöru og skinnavörur, en kaupa þar klæði, hveiti, hunang og vín.

Um haustið fóru Hildiríðarsynir með skattinn og færðu konungi, en hann kvað skattinn miklu minni og verr af hendi goldinn, en þá er Þórólfur heimti. Þeir bræður kendu Þórólfi um; hann hefði farið um alla mörkina með her manns og ætlað að taka þá bræður og menn þeirra af lífi. Hann hefði keypt við Finna og þeir goldið honum skatt; ætlaði hann að gerast konungur bæði yfir mörkinni og Hálogalandi. Hann hefði einnig sent vestur til Englands knör þann, er mestur var á Hálogalandi, hlaðinn bjór og safala og annari grávöru, en hann hafði af mörkinni. Rjeðu þeir

[1]) Eg. 14-6/40-7.

konungi að halda njósn um ferð Þorgils gjallanda, er hann færi austur, og sögðu, að hann ætti hvern pening þann, er var á skipinu.

Um haustið fór konungur að veislum um Hörðaland og þá ljet hann bræður tvo víkverska, Hallvarð harðfara og Sigtrygg snarfara, halda njósn um ferð Þorgils gjallanda. Áttu þeir að færa konungi skipið með öllum farmi, en skipverja skyldu þeir láta fara brott í friði, ef þeir vildu eigi verja skipið. Þeir höfðu tvö langskip og sátu fyrir Þorgilsi; komu þeir að honum óvörum í Furusundi, handtóku hann og fjelaga hans og leiddu þá á land upp vopnlausa. Síðan sigldu þeir Hallvarður á brott með skipið og alt það, er á var, og sá konungur að það var stórfje. Þorgils og fjelagar hans fengu sjer flutningar og leituðu á fund þeirra Kveldúlfs og sögðu sínar farir eigi sljettar. Sagði Kveldúlfur, að þá mundi þar til draga sem hann hefði grunað, að Þórólfur mundi eigi gæfu til bera um vináttu Haralds konungs, og hann mundi eigi gjör kunna að sjá efni sín, við ofurefli slíkt, sem hann ætti að skipta. Bað hann Þorgils segja Þórólfi að fara úr landi á brott og sækja á hönd Engla konungi, eða Dana konungi eða Svía konungi. Kveldúlfur fjekk Þorgilsi róðrarskútu og vistir til ferðarinnar. Fóru þeir síðan leiðar sinnar og sögðu Þórólfi tíðindin. Varð hann vel við skaða sinn. Hann keypti mjöl og malt og aðrar matvörur, en kvað húskarla sína mundu ekki vera svo fagurbúna, sem hann hafði ætlað um hríð. Hjelt hann upp sömu rausn sem fyr, enda seldi hann nokkrar jarðeignir sínar og veðsetti sumar (875—876).[1])

Þá er vor kom, ljet Þórólfur fram setja langskip mikið og skipaði það húskörlum sínum. Hann hjelt suður með landi og hafði ekki tíðindi af mönnum, fyr en þeir komu austur í Vík. Þá spurðu þeir, að Haraldur konungur var í Víkinni og ætlaði um sumarið að fara til Upplanda. Þórólfur hjelt suður til Danmerkur og þaðan í Austurveg og herjaði þar um sumarið, en varð ekki gott til fjár. Um haustið kom hann til

[1]) Eg. 17-8/48-54.

Danmerkur í þann tíma, er leystist Eyrarfloti. Svo voru nefnd skip þau, er ár hvert komu víðsvegar að af Norðurlöndum á kaupstefnu við Haleyri, líklega á Sjálandi, einhvers staðar við Eyrarsund. Þar hafði um sumarið verið fjöldi skipa af Noregi, og bar því vel í veiði að hefna skipsránsins. Eitt kveld sigldi Þórólfur til Mostrarsunds á Hallandi. Var þar fyrir knörr einn mikill kominn af Eyri. Honum stýrði Þórir þruma, ármaður Haralds konungs. Þórir hafði farið til Eyrar að kaupa þar malt og hveiti og hunang, og varið þar til fje miklu, er konungur átti. Þórólfur bauð þeim Þóri kost á að verjast eða gefast upp, en þeir höfðu engan liðskost til varnar. Tók Þórólfur skip það með öllum farmi, en setti Þóri upp í ey eina. Síðan fór Þórólfur til Gautelfar, lagði hann upp í ána til bæjar þess í Hising, er þeir áttu Hallvarður og Sigtryggur. Komu þeir þar fyrir dag og slógu manngarð um bæinn. Þar voru fyrir tveir bræður þeirra Hallvarðar; var annar þeirra feldur og meira en 20 manna, en hinn misti hönd sína og komst undan á flótta. Þeir ræntu þar fje öllu og brendu bæinn. Í Víkinni tók Þórólfur kaupskip mikið, er Víkverjar áttu og hlaðið malti og mjöli. Þórólfur hafði þá þrjú skip, og hjelt heim á leið, en rændi og hjó strandhögg þar sem hann kom við land. Þá er hann kom fyrir Fjörðu, fór hann á fund föður síns og sagði honum af ferðum sínum. Kveldúlfur fagnaði vel syni sínum, en kvað hann hafa tekið það ráð upp, „er ek varaða þik mest við, er þú etr kappi við Harald konung.“ Kvað hann Þórólf hafa ekki gæfu til þess, að halda til jafns við konung.

Þórólfur fór heim á Sandnes með herfang sitt og skorti hann þá eigi föng að fæða lið sitt um veturinn (876—877).[1])

Þennan vetur sat Haraldur konungur að Hlöðum í Þrándheimi. Hann hafði þá spurt hernað Þórólfs og mintu þeir bræður, Sigtryggur og Hallvarður, konung opt á rán hans. Fengu þeir um vorið leyfi til þess að fara að Þórólfi og taka hann af lífi. En konungur treysti þeim þó eigi til þess, því þegar þeir voru farnir, fór hann skyndilega með hirð sína og

[1]) Eg. 19/54-8.

nær þrjú hundruð manna skemstu leið inn eptir Þrándheimsfirði um Beitsjó til Eldueiðs og ljet þar eptir skipin. Í Naumudal tók hann fimm eða sex langskip, er bændur áttu. Fengu þeir andviðri hvast og reru nótt og dag, uns þeir komu á Sandnes. Það var um kveld og flaut þar langskip mikið og albúið; ætlaði Þórólfur af landi brott og hafði látið heita fararmungát sitt; sátu allir inni við drykkju og voru varðmenn Þórólfs eigi enn gengnir á vörð. Konungur ljet slá mannhring um stofuna og blása í konungs lúður herblástur. En er þeir Þórólfur heyrðu það, hljópu þeir til vopna. Konungur leyfði konum útgöngu og ungmennum og gamalmennum, þrælum og mansmönnum. Sigríður húsfreyja gekk þá með sonum Berðlu-Kára fyrir konung og leitaði um sættir. Hjet konungur Þórólfi lífi, ef hann vildi ganga á hans vald til miskunnar, en Þórólfur vildi enga nauðungarsætt taka og bað útgöngu til þess að berjast. Konungur ljet þegar bera eld að stofunni og læsti eldurinn sig skjótt í stofuna, því viðurinn í henni var þurr og bræddur, en ræfrið þakið næfrum (viðarbörkum). Stofan var gjörð af timburstokkum, eins og enn er siður í Noregi, og sprengdu þeir Þórólfur í sundur geirneglinguna á veggjunum í einu stofuhorninu, svo að þar varð útgangur mikill. Gekk Þórólfur þar út með mönnum sínum og varð harður bardagi, áður en Þórólfur fjell. Sótti hann þar að, sem konungur var fyrir, og drap merkismann hans, en fjell sjálfur fram á fætur konungi. Stóðu þá á honum bæði sverð og spjót og veitti konungur honum banasár (877). Síðan stöðvaði konungur bardagann og bannaði að ræna, því að alt væri þetta fje hans. Hann bauð Ölvi hnúfu og Eyvindi bróður hans að taka Þórólf frænda þeirra og aðra, er fallnir voru, og veita þeim sæmilegan umbúnað. Síðan gekk konungur til skipa og sigldi á brott, hraðbyrja til Naumudals.

Á heimleiðinni fundu þeir konungur róðrarskip mörg í hverju eyjarsundi, og hafði lið það ætlað til fundar við Þórólf. Höfðu vinir Þórólfs orðið vísir, að þeir Hallvarður bræður voru komnir sunnan með lið mikið og ætluðu að honum. Höfðu þeir bræður hrept andviðri mikið, og voru

þeir á norðurleið, er þeir frjettu um för konungs og heimkomu til Hlaða. Þeir sneru þá aptur og þótti ferð þeirra heldur hæðileg.

Þeir bræður Ölvir hnúfa og Eyvindur lambi dvöldu um hríð á Sandnesi og ljetu búa um val þann, er þar hafði fallið. Bjuggu þeir um lík Þórólfs eptir siðvenju, svo sem títt var að búa um lík göfugra manna, og settu eptir hann bautasteina. Þeir skipuðu og til bús með Sigríði. Síðan fóru þeir að norðan á fund Haralds konungs og voru með honum um hríð. Þeir voru hljóðir og mæltu fátt við menn. Einhvern dag báðu þeir konung að lofa þeim að fara heim til búa sinna, því að þeir bæru eigi skaplyndi til að eiga drykk og sess við þá menn, er báru vopn á Þórólf frænda þeirra. Konungur kvaðst eigi mundu lofa það, en daginn eptir lauk hann lofsorðum á þá bræður, og gaf Eyvindi Sigríði á Sandnesi ekkju Þórólfs og alt það fje, er Þórólfur hafði átt. Ölvi hnúfu kvaðst hann aptur á móti eigi vilja láta frá sjer fara fyrir sakir íþrótta hans. Eyvindur fór þá norður á Sandnes og fjekk Sigríðar. Þeirra son var Finnur skjálgi, faðir Eyvindar skáldaspillis, en Gunnhildur, móðir Eyvindar og kona Finns, var dóttir Ingibjargar Haraldsdóttur hins hárfagra.[1])

Þá er Kveldúlfur spurði fall Þórólfs sonar sínar, varð hann hryggur, og lagðist í rekkju af harmi og elli. Grímur son hans hafði þá forráð öll fyrir búi þeirra feðga og tilöflun alla. Hann hafði kvongast þá um veturinn (876—877) og fengið Beru, einkadóttur Yngvars nokkurs, auðugs manns, er bjó í Fjörðum. Grímur var þá hálfþritugur að aldri og var þá sköllóttur; var hann því kallaður Skallagrímur. Hann taldi nú um fyrir föður sínum og bað hann hressa sig; kvað hann heldur ráð að leita til hefnda eptir Þórólf; mætti vera að þeir kæmust í færi við nokkura þá menn, er verið höfðu að falli Þórólfs; en að öðrum kosti mundu þeir ná einhverjum, er konungi væri missir að. Í annan stað talaði

[1]) Eg. 21-22/59-68.

Ölvir hnúfa um það við konung, að hann veitti Kveldúlfi og Skallagrími fjebætur eða mannsóma þann nokkurn, er þeir mættu við una, fyrir víg Þórólfs. Konungur varnaði þess eigi, ef þeir feðgar færu á fund hans. Konungur fór það sumar til Upplanda og um haustið vestur á Valdres og alt á Vors. Fór Ölvir þá norður í Fjörðu á fund þeirra feðga, til þess að telja þá á sættir. Þeir tóku honum þakksamlega; spurði Kveldúlfur hann vandlega frá atburðum þeim, er gjörst höfðu á Sandnesi, þá er Þórólfur fjell, og hvað Þórólfur vann til frama, áður hann fjelli, hverjir vopn báru á hann eða hvar hann hafði mest sár eða hvernig fall hans yrði. Ölvir sagði alt það, er hann spurði, svo það að Haraldur konungur veitti honum sár það, er ærið mundi eitt til bana, og að Þórólfur fjell nær á fætur konungi á grúfu. Þá svaraði Kveldúlfur: „Vel hefir þú sagt, því at þat hafa gamlir menn mælt, at þess manns mundi hefnt verða, er hann felli á grúfu ok þeim nærr koma hefndin, er fyrir yrði, er hinn felli.“ Ölvir bað þá feðga að fara á fund konungs og leita eptir bótum; mundi það verða sómaför. Kveldúlfur kvaðst hvergi fær fyrir elli sakir, en Skallagrímur sagði að konungi mundi hann þykja ekki orðsnjallur, enda mundi hann ekki lengi biðja bótanna. En með því að Ölvir sótti það mál mjög, þá hjet Grímur ferð sinni.

Á þeim tíma, sem þeir Ölvir höfðu kveðið á með sjer, bjóst Skallagrímur til ferðar. Hann valdi sjer menn af heimamönnum sínum og nábúum, þá er voru sterkastir að afli og hraustastir þeirra, er til voru. Þeir voru tólf saman og fóru á róðrarferju, er Skallagrímur átti, suður með landi og lögðu inn í Ostrarfjörðu.[1]) Þá fóru þeir landveg upp á Vors til vatns nokkurs;[2]) fengu þeir sjer skip og reru yfir það. Komu þeir þá til bæjar þess, er konungur var á veislu. Grímur bað kalla Ölvi hnúfu til máls við sig. Ölvir gekk út þegar og fagnaði vel Grími frænda sínum og bað hann ganga inn í stofu með sjer. Grímur gekk inn við sjötta

[1]) Osterfjorden á Norðurhörðalandi.
[2]) Evangervandet, Munch, Hist. I, 496.

mann, en ljet sex vera úti og gæta vopna þeirra, því að menn gengu vopnlausir fyrir konung. Ölvir gekk fyrir konunginn og Skallagrímur á eptir honum. Ölvir skýrði konungi frá, að Grímur Kveldúlfsson væri þar kominn og frá erindi hans; talaði hann máli hans snjalt og vel. Konungi var starsýnt á mann þann, er stóð að baki Ölvi og var höfði hærri en aðrir menn og sköllóttur. Hann spurði hvort Skallagrímur væri hinn mikli maður. Grímur sagði að hann kendi rjett. Konungur bauð honum þá að gerast sinn maður og ganga í hirðlög, og hjet honum bótum og mikilli sæmd, ef honum líkaði vel þjónusta hans. Skallagrímur svaraði að Þórólfur var miklu framar en hann um alla hluti, „og bar hann enga gæfu til að þjóna þér konungr.“ Neitaði hann að þjóna konungi, af því að hann mundi eigi gæfu til bera að veita honum þá þjónustu, sem hann mundi vilja og vert væri; „hygg ek, at mér verði meiri muna vant, en Þórólfi.“ Konungur þagði og setti dreyrrauðan. Þeir Grímur gengu þá á brott; fylgdi Ölvir honum til vatnsins og kvað för hans hafa orðið öðruvísi en hann mundi kjósa; bað hann nú Grím, að hann kæmi eigi á fund konungs, nema betri yrði sætt þeirra, og gæta sín vel fyrir konungi og mönnum hans. Þeir fóru síðan yfir vatnið, en þeir Ölvir hjuggu þau skip, er upp voru sett við vatnið, svo að ekki voru fær, því að þeir sáu mannför mikla ofan frá konungs bænum. Hafði konungur sent þá til þess að drepa Grím, svo hann yrði eigi mönnum konungs að skaða, en þeir urðu að hverfa aptur við vatnið.

Skallagrímur fór heim og sagði föður sínum frá ferð þeirra. Hann ljet vel yfir því, að Grímur hefði eigi gengið konungi til handa, og sagði enn sem fyr, að þeir mundu af konungi hljóta skaða einn, en enga uppreist.[1])

Kveldúlfur og Skallagrímur ræddu opt um framtíð sína; kváðust þeir eigi mundu mega vera þar í landi í ósætt við konung, heldur en aðrir menn. Þótti þeim fýsilegt að leita til Íslands, því að þá var þar kominn Ingólfur Arnar-

[1]) Eg. 20/58-9, 24-5/72-80.

son vinur þeirra og ljet hann vel yfir kostum landsins. Máttu menn þar nema sjer lönd ókeypis og velja bústaði. Rjeðu þeir það af að bregða búi og fara af landi brott. Snemma um vorið bjuggu þeir tvo knörru mikla og höfðu á hvorum 30 manna, þeirra er liðfærir voru, en um fram konur og ungmenni. Þeir höfðu með sjer lausafje alt það, er þeir máttu með komast. En jarðir þeirra þorði enginn maður að kaupa fyrir ríki konungs. Og er þeir voru búnir, sigldu þeir í brott í eyjar þær, er Sólundir heita. Þær eru vogskornar mjög og þar er leyni góð. Þar voru þeir feðgar um hríð og hjeldu njósnum um sumarið inn á þjóðleið. Bar nú brátt vel í veiðar fyrir þá, því Haraldur konungur hafði sent þá Hallvarð og Sigtrygg suður til Túnsbergs að sækja sonu Gutthorms hertoga,[1]) móðurbróður síns, er þá var andaður. Þeir höfðu skip það, er átt hafði Þórólfur Kveldúlfsson og þeir höfðu tekið af Þorgilsi gjallanda. Byrjaði þeim vel um vorið í Vík austur og varð eigi til tíðinda í ferð þeirra, fyr en þeir sigldu norður aptur um Sognsæ. Skallagrímur sá þá sigling þeirra og kendi skipið, því að hann hafði sjeð það áður og var hverjum manni skygnari. Hann hjelt vörð á, hvar þeir lögðu til hafnar um kveldið. Síðan sagði hann Kveldúlfi frá því, sem hann hafði sjeð; búa þeir þá bátana báða og höfðu 20 menn á hvorum; stýrði öðrum Kveldúlfur, en öðrum Skallagrímur. Þeir Hallvarður höfðu tjaldað yfir skip sitt og lagst til svefns, er þeir Kveldúlfur komu að þeim; hljópu þá varðmenn upp, er sátu við bryggjusporð, og kölluðu á skipið, að ófriður fór að þeim. Þeir Hallvarður hlupu til vopna, en þeir Kveldúlfur gengu út eptir landbryggjum á skipið. Bað Kveldúlfur þá menn sína ganga hið ytra með borðum og höggva tjöldin úr klofum, en sjálfur óð hann aptur til lyptingar með bryntröll í hendi og hamaðist. Sóttu þeir feðgar fram eins og óðir væru og menn þeirra; drápu þeir alla, er fyrir þeim

[1]) Hann er kallaður sonur Sigurðar hjartar í Hkr. I 5/90, Eg. 26/81, Ldn. 18/56, Fms. I 1/2, Flat. I 2/39 og Rsþ. Fas.[2] I 5/242; en í Fsk. 2/1 er hann sagður sonur Dags hersis á Þengilsstöðum á Haðalandi. Sbr. G. Storm, Vikingetidens Hist. bls. 120—21.

urðu, og ljettu eigi fyr en hroðið var skipið. Fjell Hallvarður fyrir Kveldúlfi, en Sigtryggur fyrir Skallagrími. Margt manna hljóp á kaf, en menn Skallagríms reru til og drápu þá alla, er á sundi voru. Þar ljest alls manna Hallvarðs meira en fimtiu, en þeir Skallagrímur tóku skipið, það er þeir Hallvarður höfðu þangað haft, og fje alt, það sem á var. Þeir tóku höndum tvo eða þrjá menn, þá er þeim þótti minstir fyrir sjer, og gáfu grið, og höfðu af þeim tíðindi, hverjir menn hefðu verið á skipinu og hvernig ferð þeirra hefði ætluð verið. Þeir könnuðu síðan valinn, þann er á skipinu lá. Hafði meiri hlutur manna hlaupið fyrir borð og týnst, og svo höfðu gert synir Gutthorms; var annar þeirra tólf vetra en hinn tíu og hinir vænlegustu menn. Síðan bað Skallagrímur þá menn, er hann hafði grið gefið, að fara á fund Haralds konungs, og segja honum vendilega frá þeim tíðindum, er þar gerðust, og svo hverjir þar höfðu að verið.

Síðan fluttu þeir Skallagrímur skipið með farmi út til skipa sinna og skiptu þá skipunum. Hlóðu þeir það, er þeir höfðu fengið, en ruddu hitt, er þeir höfðu áður og minna var: báru þar í grjót og brutu þar á raufar og sökktu niður. Sigldu þeir síðan á haf, þegar byr gaf.

Landnáma segir stutt frá þessu; segir þar, að Grímur og Kveldúlfur hafi búið kaupskip og ætluðu til Íslands, því að þeir höfðu þar spurt til Ingólfs vinar síns, og að þeir hafi komið fram hefndum, er þeir lágu til hafs í Sólundum. Þess er eigi getið, að þeir feðgar hafi haft tvö skip í upphafi, en að öðru leyti ber þeim saman Eglu og Landnámu, að því leyti sem frásögn Landnámu nær. Þess ber þó að geta, að Landnáma segir að eins, að 30 manna voru á hvoru skipi, en getur eigi um að þeir hafi verið liðfærir, en umfram konur og ungmenni. Þó virðist rjett að skilja það svo, eins og segir í Eglu.

Kveldúlfur rjeð fyrir skipi því, er þeir tóku af þeim Hallvarði. Segir Landnáma, að Grímur hinn háleyski Þórisson[1])

[1]) Þórir er í Landnámu talinn Gunnlaugsson, Hrólfssonar, Ketilssonar kjölfara, en í Eglu er hann sagður son Ketils kjölfara; er þar hlaupið yfir tvo liði. Bendir nafn Gunnlaugs ormstungu sonar Hró-

væri forráðamaður með honum á skipinu, en Egla að hann tæki til forráða skipið, er Kveldúlfur var dauður. Svo er sagt um Kveldúlf sem um aðra hamramma menn, að hann væri svo sterkur, er berserksgangur var á honum, að ekki hjelst við honum, en fyrst er hamremmin var af honum gengin, þá var hann ómátkari en að vanda. Nú kendi hann svo mikillar mæði af sókn þeirri, er hann hafði veitt, að hann lagðist í rekkju. En er mjög sóttist hafið, þá tók Kveldúlfur sótt. Kvaðst hann ekki kvellisjúkur verið hafa og líklegt væri, að þá mundi brátt skilja vegi þeirra. Hann bað skipverja sína að gera kistu að líki sínu, ef hann dæi, og láta fyrir borð. Bað hann þá bera kveðju sína Grími syni sínum og segja honum, að taka skamt þaðan bústað á Íslandi, er kista hans kæmi á land, ef þess yrði auðið. Eptir það andaðist Kveldúlfur; lögðu skipverjar hans hann í kistu og skutu fyrir borð; er svo að sjá sem þeir hafi þá verið komnir inn í mynni Borgarfjarðar.

Þeir Skallagrímur höfðu verið svo samflota, að þeir vissu löngum hvor til annara. En er þeir voru komnir við Ísland, hjeldu þeir suður um landið, því að Ingólfur hafði sagt þeim, að hann hefði tekið sjer bústað sunnan á landinu, og hefur hann að líkindum ráðið þeim að velja sjer þar bústað. Þeir sigldu vestur fyrir Reykjanes og stefndu þar inn á fjörðinn; hreptu þeir þá óveður og skildi þá með þeim,

---

mundar, bróður Gríms hins háleyska, á að Gunnlaugs nafnið hafi verið í ættinni, Ldn. 2/68, og einnig kemur Hrólfs nafnið fyrir á meðal nánustu niðja Gríms, Ldn. 21/63. Grímur var of ungur til þess að heita aldavinur þeirra feðga Skallagríms og Kveldúlfs, en vinátta hefur líklega verið á milli Þóris og Kveldúlfs og þannig hefur gömul vinátta verið í milli hvorutveggja feðganna. Grímur hafði orðið fyrir reiði konungs af því að hann hafði verið í ferðum með Þórólfi. Í Vatnsdælu 7/12-15, 10/19-20, 14/24 er sagt allmikið af Grími, og er hann þar kallaður Ingjaldsson bónda í Hefni á Hálogalandi, en ekki er hann kallaður þar hinn háleyski. Hann er fóstbróðir Ingimundar Þorsteinssonar og var með honum í víking; er eigi sagt, að hann hafi farið með þeim Skallagrími til Íslands; þó er hann látinn fara á undan Ingimundi, og sagt að það hafi verið einum vetri eptir orustuna í Hafursfirði! Hafney er á Hálogalandi, en Hefni er fjörður á Norðmæri, og mun vera blandað hjer málum.

svo að hvorugir vissu til annara. Sigldu þeir Grímur hinn háleyski alt inn á fjörðinn þar til er þraut sker öll, og köstuðu þá akkerum sínum. En er flóð gjörði, fluttust þeir upp í árós einn, og leiddu þar upp skipið sem gekk; sú á er kölluð Gufá. Báru þeir þar á land föng sín. En er þeir könnuðu landið með sæ, þá höfðu þeir skamt gengið út frá skipinu, áður þeir fundu kistu Kveldúlfs rekna í vik eina. Þeir báru hana á það nes, er þar var, og hlóðu að grjóti (878).[1])

Skallagrímur kom þar að landi, er nes mikið gekk í sæ út og eiði mjótt er fyrir ofan nesið, segir Egils saga; þeir báru þar farm af skipi og kölluðu nesið Knarrarnes;[2]) það er á Mýrum. Síðan kannaði Skallagrímur landið og var þar mýrlendi mikið og skógar víðir, langt á milli fjalls og fjöru. En er þeir fóru inn með firðinum, komu þeir á nes það, er þeir fundu álptir; það kölluðu þeir Álptanes. Þeir ljettu eigi fyr en þeir fundu þá Grím hinn háleyska; sögðu þeir Skallagrími alt um ferðir sínar og svo hver orð Kveldúlfur hafði sent honum. Skallagrímur gekk til að sjá, hvar kistan hafði á land komið; hugðist honum svo, að skamt þaðan mundi vera bólstaður góður. Skallagrímur var þar um veturinn (878—879), og kannaði þá alt hjeraðið. Nam hann síðan land utan frá Selalóni sunnarlega í Hnappadalssýslu og hið efra til Borgarhrauns og suður alt til Hafnarfjalla í Borgarfjarðarsýslu, hjerað alt svo vítt sem vatnsföll deila til sjóvar. Hann reisti bæ hjá vík þeirri, er kista Kveldúlfs kom á land og kallaði að Borg (879), og svo kallaði hann fjörðinn Borgarfjörð. Síðan skipaði hann hjeraðið fjelögum sínum. Grímur hinn háleyski og þeir fjelagar höfðu verið við Gufá hinn fyrsta vetur (878—879); Skallagrímur gaf honum bústað fyrir sunnan Borgarfjörð, á milli Andakílsár, er svo var kölluð, af því að þeir fundu þar andir margar, og Grímsár. Hann bjó á Hvanneyri.

Í Eglu er þess getið, að Skallagrímur hafi kannað land upp um hjeraðið eptir að hann kom að Borg, eins og lík-

[1]) Ldn. 18/55-7; Stb. 29/138-9; Eg. 25-7/80-9. Sbr. Árbók ísl. fornlfjel. 1897, bls. 5—6. [2]) Kålund, Isl. I, 386.

legt er, því varla mun hann hafa lokið allri landakönnun sinni fyrsta veturinn. Hann fór þá inn með Borgarfirði til þess er fjörðinn þraut, en síðan með ánni fyrir vestan, er hann kallaði Hvítá, því að þeir förunautar höfðu eigi sjeð fyr vötn þau, er úr jöklum höfðu fallið. Þótti þeim áin undarlega lit. Þeir fóru upp með Hvítá, til ár, er þeir kölluðu Norðurá, af því að hún fellur úr norðri. Þeir fóru upp með Norðurá til þess er enn varð á fyrir þeim, lítið vatnsfall; þeir fóru yfir hana og sáu síðar, að hún fjell úr gljúfrum, og kölluðu hana Gljúfrá. Er þeir höfðu farið um hríð upp með Norðurá, fóru þeir yfir hana og aptur til Hvítár; en er þeir fóru upp með henni, varð enn brátt á „þvers" fyrir þeim og fjell í Hvítá; hana kölluðu þeir Þverá. Þeir urðu þess varir, að þar var hvert vatn fult af fiskum. Síðan fóru þeir út aptur til Borgar.[1])

Ketill hængur Þorkelsson.

Ketill hængur hjet maður son Þorkels Naumdælajarls. Hann var frændi Þórólfs Kveldúlfssonar og hinn mesti vinur. Hann bjó þá í Naumudal, er Haraldur konungur hárfagri sendi þá bræður Hallvarð og Sigtrygg til Þórólfs, og var einn af þeim, er dró lið saman og ætlaði að veita Þórólfi. En er Haraldur konungur kom norðan af Sandnesi og menn urðu þess varir, að Þórólfur var fallinn, hnektu þeir liðsafnaðinum. Ketill hængur hafði með sjer 60 manna og sneru til Torga að sögn Egils sögu. Þar voru fyrir Hildiríðarsynir og höfðu fátt lið. Þeir Ketill veittu þeim atgöngu og feldu Hildiríðarsyni og menn þá flesta, er þar voru fyrir, en tóku alt það fje, er þeir fengu. Eptir það fjekk Ketill sjer tvo mikla knörru; ljet hann bera á þá fje það alt, er hann átti og hann mátti með komast. Síðan stje hann á skip með konu

[1]) Ldn. 19/57-8; Stb. 30/139; Eg. 28/89-92.

sinni og börnum og öllum þeim mönnum, er höfðu verið með honum að drápi Hildiríðarsona.

Í Landnámu segir, að Ketill hafi farið litlu síðar að Hildiríðarsonum en Haraldur konungur kom norðan af Sandnesi og brent þá bræður inni fyrir róg þeirra. Síðan hafi Ketill ráðist til Íslandsferðar með Ingunni konu sína og sonu þeirra. Þar getur eigi að hann hafi haft tvo knörru, nje hve margir menn voru með honum. Í Egils sögu segir, að Baugur fóstbróðir Ketils, ættstór maður og auðugur, hafi stýrt öðrum knerrinum. Í Landnámu segir og, að hann væri fóstbróðir Ketils, og að hann færi til Íslands og væri hinn fyrsta vetur á Baugsstöðum en annan með Katli, en eigi er þess getið, að þeir hafi lagt út saman frá Noregi, nje hvers vegna Baugur fór þaðan. Frásögn Egils sögu um þetta er þó rjett og hefur Baugur verið í hefndum með Katli og farið með honum. En í hafi hefur að lokum orðið skilnaður með þeim eins og með þeim Ingólfi og Hjörleifi, Skallagrími og Kveldúlfi; tók Baugur land nokkru vestar en Ketill, eða vestur í Árnessýslu, og var hann um veturinn á Baugsstöðum neðarlega í Flóanum. Sumarið eptir fór hann á fund Ketils.

Landnáma segir, að Ketill hafi komið skipi sínu í Rangárós, en Egils saga segir nákvæmar frá landtöku hans. Þeir urðu varir við land, er þeir voru komnir sunnan að því; var hvast og brim á landið og ekki hafnlegt, sigldu þeir vestur um landið fyrir sandana. En þá tók veðrið að minka og brimið að lægja og varð fyrir þeim árós mikill; hjeldu þeir þar skipunum upp í ána og lögðu við hið vestra land. „Sú á heitir nú Þjórsá“, segir Egla, „fell þá miklu þröngra og var djúpari en nú er“. Hjer er að líkindum árnafnið Þjórsá rangt í staðinn fyrir Rangá, eins og fyrir löngu hefur verið bent á og síðasti útgefandi Eglu hefur leiðrjett, en þó er eigi hægt að segja, hvernig mynni Þjórsár og Rangár kunna að hafa breytst síðan á 9. öld. Orð Eglu bera vitni um það, að mynni Þjórsár var eigi gott til lendingar, er hún var rituð í lok 12. aldar, eða síðar, þá er afskriftir þær, sem nú eru til af henni, voru teknar, því vel má þessu þá vera

skotið inn í söguna. En hvernig sem þessu er farið, hefur Ketill þó að öllum líkindum haldið skipi sínu eitthvað upp í mynni Rangár hinnar ytri, er nú fellur í Þverá, og eigi numið staðar fyr en þar, því upp með henni eru Hrafntóptir, þar sem hann var hinn fyrsta vetur, og ber bæði Landnámu og Eglu saman um þetta. En orð Eglu um að þeir fóstbræður hafi báðir lent í sama árósnum eru tæplega rjett, því þá hefði Baugur eigi setið hinn fyrsta vetur á Baugsstöðum, eins og bæjarnafnið sjálft ber vitni um ásamt Landnámu.[1])

Um vorið kannaði Ketill hjeraðið og nam öll lönd á milli Þjórsár og Markarfljóts, á milli fjalls og fjöru; er það nú mestur hluti Rangárvallasýslu. Hann eignaði sjer þó einkum land alt milli Rangár og Hróarslækjar og fyrir neðan Reyðarvatn, og bygði að Hofi. Hann hafði og undir sjer lönd öll fyrir austan Rángá hina eystri og Vatnsfell (nú Vatnsdalsfjall), til lækjar þess, er fellur fyrir utan Breiðabólsstað og fyrir ofan Þverá, alt nema Dufþaksholt og mýrina þar í grend. Þá er Ketill hafði fært flest föng sín til Hofs, varð Ingunn ljettari og fæddi son, er Hrafn var nefndur. Vetrarhúsin voru þá tekin ofan, og voru tóttirnar og staðurinn, þar sem Ketill hafði haft vetrarsetu, nefndar eptir sveini þessum, er þar var fæddur (878).[2]) Er hann sá maður, sem fyrstur hefur fæðst á Íslandi, svo kunnugt sje. Hrafn varð síðan hinn fyrsti lögsögumaður landsins.

Þetta sumur (878) kom Baugur til Ketils og var þar um veturinn eptir (878—79) með honum. Síðan nam hann að ráði Ketils alla Fljótshlíðina frá Merkiá ofan um Breiðabólsstað til móts við Ketil og bjó að Hlíðarenda.

Ketill gaf skipverjum sínum land, en síðar námu margir göfgir menn með leyfi hans land í landnámi hans. Ketill var kynsæll maður. Hann átti fimm sonu, er upp komust og kvonguðust; reistu þeir bæi í landnámi föður síns allir nema Hrafn. Hann bjó að Hofi eptir föður sinn og var

---

[1]) Sbr. Safn II, 498—501, 548—49; Kålund, Isl. I, 207—12. [2]) Guðbr. Vigfússon telur að Ketill hafi reist bæinn að Hofi 879, en það er skakt eptir tímatali Guðbrands sjálfs. Safn I, 281.

göfgastur bræðra sinna. Næstan honum má nefna Stórólf, er bjó að Stórólfshvoli, föður Orms hins sterka og Hrafnhildar, ömmu Gunnars að Hlíðarenda.[1])

Víkingarnir og vesturferð Haralds hárfagra.

Meðan þetta gerðist, er nú var skýrt frá, urðu mörg tíðindi vestan hafs, sem koma við landnámssögu Íslands, en af þeim fara tvennar sögur eða fleiri, og eru sumar þeirra ógreinilegar og óáreiðanlegar; er því erfitt að greiða úr þeim, og eigi er hægt að vita með vissu, hvað satt er um ýms einstök atriði.

Öll þau ár, sem Haraldur hárfagri var að brjóta Noreg undir sig, flýðu margir menn land fyrir honum, einkum eptir að hann kom norður í Þrændalög. Haraldur vann Upplönd og Þrándheim í landorustum, en Norðmæri og alla vesturströnd Noregs í sjóorustum. Þetta einkennir allan Noreg og sýnir best, hve siglingar voru mönnum eiginlegar á vesturströnd Noregs. Þaðan flýðu menn alment sjóleiðis undan Haraldi konungi og flestir leituðu vestur um haf. Nokkrir menn hafa leitað þangað þegar eptir fyrri orustuna við Sólskel, er Haraldur lagði Norðmæri undir sig, og hafa margir bætst við á hverju ári, en þó einkum eptir Hafursfjarðarorustu. Fjöldi þessara manna voru á Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum á vetrum, en á sumrum herjuðu þeir í Noreg, hefndu sín á mönnum Haralds hárfagra og gerðu mikinn skaða í ríki hans. Bændur kærðu þetta fyrir konungi og báðu hann frelsa sig af þessum ófriði. Konungur ljet þá búa her vestur um haf, og kvað Ketil flatnef hersi skyldu vera höfðingja yfir þeim her. Ketill taldist undan, en kon-

---

[1]) Eg. 23/69-72; Ldn. 3/281-83, 4/285-6; Hksb. 303/105-6, 307/107; Stb. 344/217-18, 348/218-19. Af Ormi hinum sterka er til forneskjukendur þáttur í Flateyjarbók.

ungur kvað hann fara skyldu. Og er Ketill sá, að konungur vildi ráða, ræðst hann til ferðarinnar og hefur með sjer konu sína og börn, þau er hjá honum voru. Þá er Ketill kom vestur um haf, átti hann þar nokkrar orustur og hafði jafnan sigur. Hann lagði undir sig Suðureyjar og gjörðist höfðingi yfir. Hann sættist síðan við hina stærstu höfðingja fyrir vestan haf og batt við þá tengdir að sögn Eyrbyggja sögu,[1]) en sendi herinn aptur austur til Noregs. Og er þeir komu á fund Haralds konungs, sögðu þeir, að Ketill flatnefur var höfðingi í Suðureyjum, en eigi sögðust þeir vita, að hann drægi Haraldi konungi riki fyrir vestan haf. Þá er Haraldur konungur spurði þetta, tók hann undir sig eignir þær, er Ketill átti í Noregi.[2])

Þannig segir Eyrbyggja saga frá vesturför Ketils flatnefs. En Landnáma segir, að Haraldur hárfagri hafi herjað fyrst vestur um haf og lagt undir sig allar Suðureyjar „svá langt vestr at engi Noregs konungr hefir síðan lengra eignazt". Þá er hann fór heim, slógust víkingar og Skotar og Írar í eyjarnar og herjuðu og rændu; hafi þá konungur sent Ketil flatnef vestur um haf að vinna aptur eyjarnar, en hann hafi þá gerðst höfðingi yfir þeim, eins og segir í Eyrbyggju.[3]) Í Laxdælu segir, að Ketill hafi stefnt þing við frændur sína sökum ofríkis Haralds hárfagra, og þeir hafi allir orðið á það sáttir að flýja landið. Ketill hafi þá farið vestur um haf, því hann vildi eigi fara til Íslands með sonum sínum.[4])

Um Íslandsför gat þá ekki verið að ræða, því svo snemma fór Ketill vestur um haf, að hvorki honum nje sonum hans hefur þá dottið í hug að fara til Íslands, enda er öll frásögnin í Laxdælu um þetta að heita má skáldskapur einn úr söguritaranum; hann hefur vitað, að synir Ketils fóru til Íslands og settust þar að, en það var löngu síðar. Frásögn Eyrbyggju er aptur á móti sennilegust, en líklegt er

[1]) Auður dóttir Ketils var þá fyrir löngu gipt, og Þórunn hyrna hefur giptst Helga magra um 865—866. — það sýnir aldur Hrólfs sonar þeirra — eða áður en Haraldur hárfagri hefur getað sent Ketil flatnef vestur um haf. [2]) Eyrb. 1/3-4. [3]) Ldn. 11/41; Hksb. 13/11; Stb. 13/135. [4]) Lax. 2/4-5.

að Ketill hafi um hríð dvalið fyrir vestan haf, einhvern tíma áður en Haraldur gat sent hann þangað, því á það benda tengdir hans við höfðingja fyrir vestan haf. Nú er ekkert annað kunnugt um ferðir Ketils vestur um haf, en það, sem íslensk rit segja, svo eigi er hægt at vita neitt nánar um þær. Þó má telja mjög líklegt, að heldur mikið sje gjört úr sigurvinningum Ketils, því þeirra er eigi getið í írskum ritum.[1]) En Haraldur konungur hefur eigi getað sent hann vestur um haf á öðrum tíma, en árunum kring um 870,[2]) þá er konungur hafði náð yfirráðum yfir Firðafylki og var í Sogni, og nokkrum árum áður en hann fór sjálfur herferð sína vestur um haf. Katli hefur þá verið óljúft að fara, eins og Eyrbyggja segir, en sjeð þann sinn kost bestan að hlýðnast konungsboði. Sumir frændur hans og vinir voru farnir vestur um haf og hefur hann eigi viljað fara með her á hendur þeim, nje vinna ríki undir konung, er beitti hann ofríki, enda hjelt hann eigi Suðureyjum undir hann. Ef til vill hefur konungur helst kosið Ketil til fararinnar sökum frændastyrks hans og mægða við Norðmenn þar vestra.

Ketill flatnefur var sonur Bjarnar bunu hersis, sonar Veðrar-Grims hersis í Sogni.[3]) Er alllíklegt að Ketill flatnefur hafi átt heima í Sogni, en eigi í Raumsdal eins og segir í Laxdælu.[4]) Ketill átti Yngveldi Ketilsdóttur veðurs hersis af Hringaríki og áttu þau tvo sonu, Björn hinn austræna og Helga bjólan, og þrjár dætur. Elst þeirra var Auður hin djúpúðga, og var hún gipt Ólafi hinum hvíta konungi í Dyflinni. Hafa þau giptst í Noregi litlu fyrir miðja 9. öld og fám árum áður, en getið er um Ólaf fyrir vestan haf. Í Noregi hefur hún eignast son sinn Þorstein rauð, og síðan hafa þau farið vestur um haf. Þar kvongaðist Þorsteinn síðan, og fjekk hann í Suðureyjum Þuríðar, dóttur Eyvindar

---

[1]) Steenstrup, Norm. II, 129, hefur sýnt, að Ketill flatnefur getur eigi verið sami maðurinn og Ketill Finn, sem írsk rit nefna og drepinn var 857, en sumir hafi ætlað það t. a. m. E. W. Robertson, Scotland under her early kings I, 44, Skene, Celtic Scotland I, 312, 326.

[2]) Safn I, 221. [3]) Ldn. 10/39-40; Hksb. 11/9; Stb. 10/134. [4]) Lax. 1/1.

austmanns, systur Helga hins magra; áttu þau mörg börn, sex dætur og einn son, og hafa þau giptst litlu fyrir 870, því dætur þeirra voru sumar gjafvaxta, er Auður fór til Íslands (um 890) og gipti hún eina þeirra í Orkneyjum áður en hún fór, og aðra í Færeyjum á leiðinni til Íslands.[1])

Í írskum annálum er Auður djúpúðga eigi nefnd, og er það eðlilegt, því hún hefur eigi komið svo við sögu Íra, að ástæða væri til þess fyrir þá að rita um hana. Það er líklegt, að hún hafi eigi verið fyrir vestan haf með Ólafi manni sínum á fyrstu herferðum hans þar, heldur hefur hún þá verið kyr í Noregi. Hins vegar sýnir aldur sonardætra hennar, að þau Auður hafa hlotið að giptast og eignast Þorstein son sinn fám árum áður, en Ólafur kom fyrst til Dyflinnar. Í írskum annálum er þess þar á móti getið, að Ólafur hvíti hafi verið tvisvar sinnum kvongaður fyrir vestan haf. Fyrst er sagt, að hann hafi um 862 átt dóttur Aeds konungs á Írlandi. Hann var þá bandamaður Ólafs hvíta á móti Maelsechlainn yfirkonungi, sem dó 863. Þá varð Aedh yfirkonungur og þá kom fjandskapur upp á milli hans og Ólafs, en eigi er kunnugt, hvernig mægðirnar hafi gengið á milli þeirra; er eigi ólíklegt að slitnað hafi upp úr þeim. Í annað sinn giptist Ólafur fyrir vestan haf dóttur Kenneths mac Alpin konungs á Skotlandi. Á herferð sinni 866 þar í landi átti Ólafur viðskipti við Kenneth konung. Skotar urðu þá að selja Ólafi gisla, og er líklegt að hann hafi trygt sjer þá enn betur með því að mægjast við konunginn, því 869 er hann sagður kvongaður konungsdóttur.[2])

Ólafur hvíti hefur þannig verið þrígiptur og að minsta kosti tveimur konum í einu, en þær voru sín úr hverju landi. Íslensk rit geta eigi annara kvenna hans en Auðar, og það var heldur engin ástæða fyrir Íslendinga að halda minningu þeirra uppi, því þær eða niðjar þeirra koma eigi neitt við sögu Íslands, og eigi er heldur líklegt að nokkur

---

[1]) Ldn. 15/108-9; Hksb. 82/36; Stb. 95/156-7. [2]) Steenstrup, Norm. II, 120—21; G. Storm, Norsk hist. Tidsskr. 2. R. II, 329—30 (Three Fragments bls. 151, 173).

maður á Íslandi hafi vitað neitt um þær, þá er menn fóru að rita þar sögur. Þessi hjónabönd Ólafs hvíta hafa verið „pólitísk“, eins og G. Storm hefur bent á; til þess að auka veg sinn og veldi hefur Ólafur giptst konungsdætrum þessum. Þótt Ólafur væri kvongaður áður í öðru landi, þá þótti slíkt eigi frágangssök á víkingaöldinni. Eru þess ýms dæmi alkunn, að höfðingjar leyfðu sjer stundum tvíkvæni á þeim tímum.

Í Ulsterannálum er við árið 874 „Oistin“ sonur Ólafs Norðmanna konungs nefndur og sagt, að Albanar (Skotar) sviku hann og drápu; það var árið 875. Í Kroniku Pikta segir einnig, að Norðmenn hafi dvalið heilt ár í Pictaviu (= Norður-Skotlandi) skömmu fyrir dauða Konstantíns konungs († 877).[1]) Sýnir þetta, að Norðmenn hafa haldið áfram herferðum og landvinningum á Skotlandi eptir fall Ólafs konungs. Ívar bróðir hans tók ríki eptir hann í Dyflinni, en sonur hans hefur viljað skera upp ávextina af baráttu hans og sigurvinningum á Skotlandi; fyrir því herjar hann þar og heimtir þau yfirráð, sem faðir hans hafði unnið og leggur þar allmikið land undir sig. Í íslenskum sögum er einnig getið um þennan hernað. Í Landnámu segir að „Þorsteinn gjörðist herkonungr; hann réðst til félags með Sigurði inum ríka, syni Eysteins glumru; þeir unnu Katanes ok Suðrland, Ros ok Merrhæfi, ok meirr enn hálft Skotland; gerðist Þorsteinn þar konungr yfir, áðr Skotar sviku hann, ok fell hann þar í orrustu“.[2]) Þeir Þorsteinn unnu eptir þessu Caithness og Sutherland, Ross og Murray og ber þeim saman við írskan annál um æfilok Þorsteins. En efasamt er hvort Oistin sje sami maðurinn og Þorsteinn rauður.[3]) Oistin svarar til norræna nafnsins Eysteinn, en eigi þarf mikinn rugling til að blanda saman í tveimur ólíkum tungum fyrsta atkvæðinu í þessum tveim nöfnum, einkum þar sem menn að öllum líkindum hafa orðið að fara eingöngu eptir heyrn

[1]) Chron. of the Picts and Scots, ed. W. F. Skene, bls. 8. [2]) Ldn. 15/108-9. [3]) Alex. Bugge, Contributions to the History of the Norsemen in Ireland I, bls. 12, ætlar, að hann hafi upphaflega heitið Steinn, en verið kallaður Eysteinn af því að hann dvaldi í Suðureyjum, en Þorsteinn af því að hann hafi trúað á Þór og blótað hann mjög.

en eigi sjón, því nafnið hefur varla legið skrifað fyrir annálariturunum. Bæði Eysteinn og Þorsteinn voru synir hins sama manns, herjuðu í sama landi og ljetu líf sitt á sama hátt fyrir sömu mönnum. Að eins greinir á um nokkur ár um fall þeirra.

Guðbrandur Vigfússon hefur sjerstaklega talið það víst, að Þorsteinn rauður muni eigi hafa fallið fyr en eptir 886 eða um 888, því Eyrbyggja saga segi að Björn hinn austræni móðurbróðir hans hafi hitt hann, er hann var fyrir vestan haf (um 884—886), áður en hann fór til Íslands, og Auður hafi farið til Íslands svo að kalla jafnstundis eptir líflát Þorsteins sonar síns, eins og Landnáma segir.[1]) Ef þetta er satt, þá getur Þorsteinn eigi hafa fallið 875, en íslensk rit geta eigi um hvaða ár hann hafi fallið, og íslenskir sagnaritarar hafa heldur eigi vitað það, en aptur á móti gátu samtíða írskir annálaritarar vitað það. Þótt Landnáma segi, að Auður færi bráðlega til Íslands eptir fall Þorsteins, þá má eigi marka það of mikið. Slíkt segir Landnáma og sögurnar svo opt; eptir þeim að dæma þutu t. a. m. margir til Íslands þegar eptir Hafursfjarðarorustu. Það var orðið svo langt um liðið, þá er sögurnar voru ritaðar, að fá ein ár á milli viðburðanna á níundu öld hlutu að hverfa fyrir sagnariturunum á 12. og 13. öld, þar sem þeir höfðu ekkert fast áratal að miða við, heldur að eins sögusögn manna og kvæði. Hjer verður því að leggja meiri trúnað á Ulsterannála en Eyrbyggju, og það er í sjálfu sjer eðlilegt, að höfundur hennar telji Þorstein með Auði móður sinni, er hann segir að Björn hafi verið hjá henni, enda þótt Þorsteinn væri þá fallinn, því hann gat eigi vitað það.

Í Landnámu segir, að Auður væri á Katanesi, er Þorsteinn fjell; hún hafi þá látið gjöra knör í skógi á laun og haldið út í Orkneyjar, er hann var búinn. Þar gipti hún Gró, dóttur Þorsteins rauðs, og eptir það fór hún að leita

[1]) Safn I, 222—23, 229. Guðbr. Vigfússon getur þess til að Ólafur hvíti hafi dáið 875, en það getur eigi verið. G. V. hefur ekki notað neitt írska annála, er hann samdi ritgjörð sína, og sumir hinir merkustu þeirra voru þá eigi prentaðir, svo hann átti eigi nægan kost á þeim.

Íslands.[1]) Þótt Þorsteinn hafi fallið 875, getur Auður hafa verið þá á Katanesi og flúið þaðan, en dvölin í Orkneyjum eða á Skotlandseyjum hefur þá hlotið að vera löng. Í Landnámu er eigi nefnt, hver fjekk Gróu Þorsteinsdóttur, en Snorri getur þess í sögu Ólafs helga.[2]) Hann hjet Dungaður og var skotskur jarl á Katanesi. Þeirra dóttir var Grelöð, er Þorfinnur jarl hausakljúfur Torf-Einarsson átti. Bendir þetta á að sættir hafi verið komnar á milli Skota á Katanesi og Norðmanna, áður en Auður gipti Gróu sonardóttur sína, og að það hafi eigi verið rjett eptir að Skotar drápu Þorstein son hennar og hún varð sjálf að flýja burtu á laun.

Ari fróði var sjöundi maður frá Þorsteini rauð. Það er vitnað til Ara um það, að Þorsteinn rauður hafi fallið á Katanesi,[3]) svo ætla má að það sje rjett, en annaðhvort er að hafna öllum íslenskum sögum um fall hans og hernaði á Skotlandi — og þar með einnig frásögn íslenskra rita um hernað föður hans Ólafs hvíta á Írlandi og konungdóm hans í Dyflinni — eða þá að fella það undir frásögn írskra og skotskra annála, og hefur Þorsteinn rauður þá fallið 875 á Skotlandi. Aldur þeirra ættmanna hefur verið hjer um bil þannig, að Ketill flatnefur hefur verið fæddur í byrjun 9. aldar, Auður elsta barn hans um eða rjett fyrir 830; hún hefur giptst Ólafi hvíta um 847, og þau eignast Þorstein rauð eins og lög gera ráð fyrir litlu síðar. Hann hefur kvongast Þuríði Eyvindardóttur, er hann var um tvítugt, og er Ólafur feilan, yngsta barn þeirra,[4]) líklega fæddur eptir fall föður síns. Það er sagt að Auður hafi keypt í Orkneyjum Myrgjol, dóttur Gljómals Írakonungs, en ekkju Melduns jarls af Skotlandi, sem fjell fyrir Sigurði jarli, til þess að þjóna Þuríði konu Þorsteins rauðs. Sigurður jarl hafði tekið Myrgjol og Erp son hennar að herfangi, og er sagt að Myrgjol þjónaði konu jarls trúlega og að hún hafi verið margs kunnandi; hafi hún varðveitt barn drottningar „óborit“ meðan hún var í laugu. En fyrir því lagði Auður

[1]) Ldn. 15/109; Hksb. 82/36; Stb. 95/157; Ól. s. Trygg. Ldn.[2] 95/269; Lax. 4/8. [2]) Hkr. II. 96/198; Ól. s. s. 81/91. [3]) Lax. 4/7. [4]) Lax. 7/12; sbr. bls. 94—5 hjer að framan.

kapp á að fá hana, keypti hana dýrt og hjet henni frelsi, ef hún þjónaði Þuríði eins vel og konu jarls. Myrgjol og Erpur fóru til Íslands með Auði, og fyrir því er það satt, að hún hefur fengið þau í þjónustu sína.[1]) Ef Þorsteinn hefði fallið fyrst, er börn hans voru flest því nær uppkomin, þá var minni ástæða fyrir Auði en ella að kaupa handa ekkju hans þjónustukonu, sem var sjerlega lagin á að fara með ungbörn, en öðru máli er að gegna, ef Þorsteinn hefur fallið frá öllum börnum sínum kornungum, eins og þau voru 875. Þó er þetta engin sönnun, heldur að eins bending, því kaup þessi verða nokkuð óeðlileg, ef Þorsteinn hefur fallið um 888 og Auður farið til Íslands rjett á eptir.

Það er sagt að Sigurður jarl hafi tekið Myrgjol og Erp að herfangi og Auður hafi keypt þau af honum. Ef svo er, þá hefur Sigurður orðið jarl yfir Orkneyjum áður en Þorsteinn rauður fjell eða um það leyti, nema því að eins að þetta hafi eigi verið svo snemma, að yngstu börn Þorsteins væru í vöggu. Hjer kemur því til íhugunar hve nær Haraldur hárfagri hafi farið herferð sína vestur um haf og Sigurður orðið jarl yfir Orkneyjum.

Í Heimskringlu segir, að víkingar þeir, er voru á vetrum fyrir vestan haf, herjuðu víða um miðjan Noreg. Konungur hafi þá haft leiðangur úti hvert sumar og kannað eyjar og útsker, en víkingarnir ávalt flúið á haf út, er þeir urðu varir við her hans. En er konungi leiddist þetta, sigldi hann eitt sumar með her sinn vestur um haf; kom hann fyrst við Hjaltland og drap þar alla víkinga, er eigi flýðu undan. Síðan siglir hann suður til Orkneyja og hreinsar þar alt af víkingum. Eptir það fer hann í Suðureyjar og herjar þar og drepur marga víkinga, er rjeðu fyrir liði áður. Hann átti þar margar orustur og hafði optast sigur. Þá herjaði hann á Skotland og átti þar orustur, en er hann kom „vestur“ í Mön, þá höfðu eyjarbúar spurt áður af hernaði hans þar í landi, og alt fólk flýði inn á Skotland og var þar aleyða af mönnum; var burt flutt alt fje það, er mátti, svo Haraldur

[1]) Ldn. 16/109-10; Hksb. 83/37; Stb. 96/157.

fjekk þar ekki herfang. Á þessari herferð fjell Ívar sonur Rögnvalds Mærajarls, en Haraldur konungur gaf Rögnvaldi jarli Orkneyjar og Hjaltland í sonarbætur, er hann sigldi vestan, en Rögnvaldur gaf þegar Sigurði bróður sínum bæði löndin og var hann þar eptir, þá er konungur sigldi austur til Noregs; gaf hann áður Sigurði jarlsnafn.[1]) Þá kom til lags við hann Þorsteinn rauður, sonur Ólafs hvíta og Auðar djúpúðgu. Þeir herjuðu á Skotland og eignuðust Katanes og Suðurland alt til Ekkjalsbakka.[2])

Snorri segir frá þessari vesturferð Haralds hárfagra rjett eptir Hafursfjarðarorustu og má telja alveg víst, að Haraldur hafi eigi farið vestur fyr en eptir þá orustu, því hann gat eigi farið að herja vestur um haf, áður en hann hafði sigrað sterkustu mótstöðumenn sína vestanfjalls í Noregi. En svo er að sjá af frásögn Snorra sem nokkrir vetur hafi liðið eptir Hafursfjarðarorustu, áður en Haraldur fór vestur, því víkingarnir herjuðu á sumrum á Noreg og hann hafði „leiðangr úti hvert sumar" móti víkingunum, en fór þá vestur, er honum leiddist þófið við þá. Guðbrandur Vigfússon hefur einnig látið í ljós þá skoðun, að Haraldur konungur hafi eigi farið herferð sína vestur um haf fyr en um 880—884, því af Egils sögu megi sjá, að hann hafi verið hvert sumar og vetur í Noregi fram til 878.[3]) Egils saga rekur feril Þórólfs Kveldúlfssonar, en konungs eigi, nema að því leyti sem hann snertir söguna. Haustið 872 skildu þeir konungur í Þrándheimi, er Þórólfur fór norður á Hálogaland. Konungur mun hafa verið í Þrándheimi um veturinn; sumarið eptir (873) fór hann að veislum um Hálogaland og er veturinn eptir í Þrándheimi.[4]) Sumarið eptir (874) er konungur í Þrándheimi, er Þórólfur færir honum skatt og konungur tekur sýslu af honum, en annars er eigi sagt hvar hann hafi verið

[1]) Á þessari herferð virðist Haraldur hárfagri hafa skipað Tryggva nokkurn jarl yfir Suðureyjar; eptirmaður hans er Ásbjörn skerjablesi talinn. Drop. 4; Ldn. 12/314. [2]) Hkr. I, 22/128-29, sbr. sjerstaklega Ldn. 11/41, 15/109, Jarlasögur í Orkn. s. Icel. s. I, 4-5/4-5 (= Flat. I, 179-80/221-22), einfremur Fms. I, 95/193-94; Vatn. 9/17; Upph. Fms. X, 7/193. [3]) Safn I, 214—15, 221, 493. [4]) Eg. 9/26, 11/31, 14-5/42-3.

fyr en haustið 875, er Hildiriðarsynir guldu honum skatt.[1]) Þá fór hann að veislum á Hörðalandi.[2]) Vorið eptir (876) er konungur í Víkinni og ætlaði um sumarið til Upplanda;[3]) dvaldi hann í Víkinni um sumarið og fór til Upplanda um haustið, og var um veturinn (876—77) í Þrándheimi. Um vorið eptir drepur hann Þórólf.[4]) Um sumarið fór Haraldur til Upplanda, um haustið til Valdres og Vors, og þar fann Skallagrímur hann. Vorið 878 er hann í Þrándheimi, er hann spyr andlát Gutthorms.[5])

Þetta er frásögn Egils sögu um vist konungsins í Noregi frá 872 til 878 og er hans að eins getið eitt sinn í Þrándheimi sumarið 874 og síðan eigi fyr en haustið eptir. Á hvaða tíma sumars Haraldur var í Þrándheimi sjest eigi; það gat verið snemma sumars og eins seint um sumarið. Á þessu sumri mátti Haraldur því fara herferð vestur um haf, og þótt Egla nefni það eigi, er það eigi næg sönnun fyrir því, að hann hafi eigi gert það, því það kom eigi niðjum Kveldúlfs við nje sögunni af þeim; engir þeirra voru í för með honum þangað.

Gustav Storm hefur talið það víst, að Haraldur hárfagri hafi farið herferð sína vestur um haf rjett eptir Hafursfjarðarorustu, og rökstyður hann það með því, sem segir í íslenskum ritum um hernað þeirra Þorsteins rauðs og Sigurðar jarls Eysteinssonar á Skotlandi og í írskum og skotskum annálum um Norðmenn.[6]) Bæði Landnámu, Jarlasögu og Heimskringlu ber saman um það, að þeir Þorsteinn og Sigurður jarl hafi gert fjelag með sjer og unnið norðurhluta Skotlands. Þetta máttu þeir því að eins gera, að Sigurður hafi orðið jarl á Orkneyjum árið 874 eða eigi síðar en þá um haustið; má vel vera að svo hafi verið og falla þá saman íslensk og írsk og skotsk heimildarrit um þessa viðburði. Þá getur og Auður, þótt það sje í raun rjettri ómerkilegt atriði, hafa keypt Myrgjol af Sigurði jarli, eins og segir í

---

[1]) Eg. 16/44, 16/47, 17/49. [2]) Eg. 18/52. [3]) Eg. 19/55. [4]) Eg. 21-2/59-62. [5]) Eg. 25/76, 26/82-3. [6]) Norsk hist. tidskr. 2. r. II, 325—26.

Landnámu, til þess að þjóna tengdadóttur sinni um það leyti, er hún ól Ólaf feilan yngsta barn sitt.

Í Vatnsdælu segir, að Ívar hafi fallið í Hafursfirði og konungur hafi þá gefið Rögnvaldi jarli Orkneyjar í sonarbætur. Sama segir í söguritinu Upphaf ríkis Haralds hárfagra.[1]) Frásögn Vatnsdælu er opt mjög ruglingsleg ekki síst hvað tímaröðina snertir,[2]) og Upphaf er eigi sjálfstætt rit,[3]) svo eigi má marka þetta mikið. En ef svo hefur verið, að Ívar hafi fallið í Hafursfirði, þá hafa þeir Haraldur og Rögnvaldur sent Sigurð jarl vestur til Orkneyja og hann unnið þær með styrk þeirra. Frásögn fornritanna um hernað þeirra Sigurðar og Þorsteins rauðs væri þá rjett, en hin fyrri — og hin helsta — vesturferð Haralds hárfagra yrði þá að falla burt, og er eigi líklegt, að það sje rjett.

Þótt ýmislegt bendi þannig á, að Haraldur hárfagri hafi farið eða getað farið herferð sína vestur um haf árið 874, fer þó fjarri að nægileg vissa sje fyrir því, að svo hafi verið. Heimildarritin um þessa viðburði eru svo óáreiðanleg og óskýr, að slíkt er eigi hægt að sanna. Það getur vel verið að blandað sje saman hernaði þeirra Þorsteins rauðs og Sigurðar jarls, eins og Skene hefur ætlað,[4]) og Haraldur hárfagri hafi farið síðar vestur um haf, eins og Guðbrandur Vigfússon hefur bent á. Það lá nærri fyrir sögumenn vora á 12. og 13. öld að rugla hernaði þeirra Þorsteins og Sigurðar á Skotlandi saman, þótt nokkur ár hafi liðið á milli. Það fellur öllu betur við ríkisár Orkneyjajarla að ætla að Sigurður jarl hafi tekið við jarldómi á eyjunum rjett eptir 880 en 874, því telja má víst, að Torf-Einar hafi eigi orðið þar jarl fyr en eptir 890, en svo er að sjá sem Sigurður jarl hafi eigi setið lengi að völdum; þó er svo lítið sagt af honum, að eigi er hægt að segja með vissu, hvort hann hefur komið hjer um bil átta árum fyr eða síðar til valda á Orkneyjum. Þá er hann dó, átti hann í ófriði við Skota. Getur það varla verið ófriðurinn 875, því þá hefði Torf-Einar

[1]) Vatn. 9/17; Flat. I, 463/575. [2]) Sbr. hjer að framan bls. 87. aths. [3]) Sbr. Finnur Jónsson, Litteraturhistorie II, 776. [4]) Celtic Scotland I, 336; eins ætlar Steenstrup, Norm. II, 317, aths. 1.

orðið að taka við jarldómi í Orkneyjum fyrir 880, en það getur varla verið. Í kroníku Pikta[1]) segir að Norðmenn rændu á Norður-Skotlandi á ríkisárum Donalds eða Domhnals konungs, 889—900, sonar Konstantíns konungs, og er það líklega ófriður sá, sem Sigurður háði á Skotlandi, áður en hann dó. Það er sagt í fornritum vorum að hann hafi lagt undir sig norðurhluta Skotlands.[2]) Hann drap þá Melbrigða tönn, skotskan jarl, og batt höfuð hans við slagálar til ágætis sjer, en skeindist af tönninni á fæti, er hann keyrði hest sinn; varð þetta honum að bana.

Þá má geta þess að frásögn Snorra um að konungur hafi átt í eltingum við víkingana í nokkur sumur, áður en hann sigldi með her sinn vestur um haf, mælir heldur á móti því, að hann hafi farið herferð vestur um haf þegar 874 og að Sigurður hafi þá orðið jarl yfir eyjunum. En þó má ekki leggja of mikla áherslu á þetta. Það verður að gæta að því, hve frásögn Snorra er óákveðin og að hann gat varla vitað, hve lengi Haraldur átti í þessum leik við víkingana, áður en hann fór vestur. Ef menn í annan stað gæta að því, hve áræðinn og vitur, duglegur og skjótur maður Haraldur hárfagri var, hvort sem um hann er að ræða sem herforingja eða stjórnanda, þá má geta nærri, hvort líklegt sje að hann hafi þurft að eltast við víkingana í átta til tólf ár, áður en hann gat skilið, að hann þurfti að fara til Skotlandseyja til þess að geta klekt á víkingunum og vanið þá af árlegum ránsferðum til Noregs. Það er líklegt, að konungur hafi átt hægra með að fara herferð vestur um haf hjer um bil tíu árum eptir Hafursfjarðarorustu en tveimur

[1]) Chron. of the Picts and Scots bls. 9, Normanni tunc vastaverunt Pictaviam. Í Jarlasögu í Hkr. II, 96/198 og í Ól. s. s. 81/91 segir að Haraldur hárfagri hafi herjað á Skotlandi, þá er hann hefndi Hálfdans háleggs sonar síns. Ef svo hefði verið, gætu þessi orð í kroníku Pikta átt við þann hernað. En þetta mun vera sami hernaðurinn og sagt er frá, þá er Haraldur fór herferðina vestur um haf; í báðum frásögnunum er vísað í Glymsdrápu sbr. Hkr. I 22/128-29, Glymdrápa í Carmina norrœna Kbh. 1893 bls. 20. Haraldur hefur að líkindum eigi herjað á Skotland á síðari ferð sinni, sem einungis var gerð til sonarhefnda.

[2]) Sbr. bls. 96 og 100 hjer að framan.

vetrum eptir hana. Þá hafði hann friðað og fest betur ríki sitt í Noregi. En hins vegar er þó líklegt, að honum hafi verið óhætt að fara fárra mánaða herferð vestur um haf, er hann hafði brotið allan Noreg undir sig og komið sæmilegum friði á í þeim fylkjum, er hann lagði seinast undir sig, og skipað menn yfir þau, en mjög margir helstu mótstöðumenn hans fallnir eða flúnir af landi burt, einkum vestur um haf.

Guðbrandur Vigfússon hefur sagt, að vesturferð Haralds hafi orðið til þess, „að margir fluttu nú bygðir sínar og leituðu undan til Íslands". Það virðist svo sem hann ætli, að Norðmenn hafi rakleiðis flúið frá Skotlandseyjum og Skotlandi til Íslands, þá er Haraldur herjaði þar og Skotar drápu Þorstein rauð.[1]) Þess vegna setur hann vesturferð Haralds 880—84, og fall Þorsteins rauðs um 888. Hvort sem herferð Haralds vestur um haf er sett 874 eða sex til tíu árum síðar, má þó enginn ætla að Norðmenn hyrfu af Skotlandseyjum eptir það. Haraldur drap marga víkinga á herferð sinni um Skotlandseyjar, en ekki hefur hann komið í hverja ey og í hvern kima. Þeir voru eflaust fleiri, sem flýðu undan, og á Mön náði hann eigi í neinn mann, því allir höfðu forðað sjer. En víkingarnir, sem flýðu undan, fóru þá eigi til Íslands, heldur leituðu þeir til annara eyja þar í grend, eða til Skotlands og Írlands, í fám orðum til þeirra staða, sem hægast var fyrir þá í þann svipinn, er þeir þurftu að forða sjer. Þá er Haraldur fór heim aptur, hafa flestir þeirra leitað aptur á fyrri stöðvar og gerist alt þetta á fáum mánuðum. Ýmsir verstu ófriðarseggirnir hafa auðvitað týnt lífi fyrir Haraldi á herferð hans, en þeir, sem eptir voru, höfðu nú komist í skilning um það, að þeim gat eigi haldist uppi hegningarlaust að herja í Noreg á sumrum, og að Haraldur var maður til þess að mæta þeim. Hann hafði brotið veldi þeirra á bak aptur í Noregi og á Skotlandseyjum. Auk þessa setti Haraldur jarl yfir Orkneyjar og Hjaltland og líklega annan yfir Suðureyjar, og þeir áttu auðvitað að halda

[1]) Safn I, 222, 229.

þar uppi friði, þótt það gengi misjafnlega, og gæta þess að menn færu eigi herferðir þaðan til Noregs, þrátt fyrir það þótt Orkneyjajarlinn sjálfur færi í hernað til Skotlands og reyndi að auka þar ríki sitt. En alt þetta hafði þau áhrif á Norðmenn á Skotlandseyjum. að þeir urðu nú spakari um hríð en áður. Þeir höfðu líka hamast í ófriði um nokkur ár bæði þar vestra og í Noregi; fyrir því þurftu þeir nokkra hvíld, og því er það harðla eðlilegt að minni ófriðarsögur gangi nú af þeim um hríð. Mestur hluti Norðmanna hefur verið kyr á Skotlandseyjum eptir þennan ófrið og þar á meðal Auður djúpúðga og aðrir niðjar og venslamenn Ketils flatnefs. Menn hafa bjargað sjer þar á búskap til lands og sjávar, eptir því sem menn gátu best. Þeir, sem lifðu mest af hernaði, höfðu týnt mest tölunni.

Nokkru öðru máli var að gegna um Norðmenn á Skotlandi, þá er Skotar drápu Þorstein rauð. Þeir hafa orðið flestir að flýja þaðan, — hvort sem það var 875 eða nokkru síðar, gerir að því leyti ekkert, — því Skotar voru þeim þá sterkari og fjölmennari. Þeir bygðu landið, en Norðmenn ekki, þótt þeir hefðu unnið þar nokkuð land, en Skotlandseyjar mátti heita að Norðmenn hefðu bæði unnið og bygt, því frumbyggjarnir höfðu yfirgefið þær að mestu fyrir yfirgangi Norðmanna, nema Suðureyjar. Þar bjuggu bæði Norðmenn og Skotar. En annað mál er það, að Norðmenn herjuðu síðar opt frá Orkneyjum á norðurhluta Skotlands og áttu þá lengi yfirráðin á Katanesi.

En á þessum árum fara að breiðast út fregnir af Íslandi meðal Norðmanna á Skotlandseyjum. Öll tíðindi af hinu nýja landi hlutu að vekja þar mikla eptirtekt meðal manna, og það því fremur, sem var los á mönnum, og margur hefur átt þar við heldur þröngan kost að búa eptir allan ófriðinn, sem aldrei ætlaði að hætta til fulls. Vonir manna um að geta náð eignum sínum í Noregi og um að geta komist á gamlar stöðvar hafa verið slokknaðar, en hins vegar hafa menn þeir, sem flúið höfðu fyrir Haraldi hárfagra, eigi verið búnir að taka fullri trygð við eyjarnar við Skotland. Björn

austræni gat eigi fest þar yndi og fór þaðan ef til vill fyrstur til Íslands (886), en er frændur hans fengu frjettir af honum og að honum líkaði landið vel, þá fóru þeir að fara þangað frá Skotlandseyjum, hver á fætur öðrum eptir því sem á stóð og þeir urðu búnir til ferðarinnar.

Ef menn beinlínis hefðu flúið til Íslands eptir vesturferð Haralds hárfagra og fall Þorsteins rauðs, þá hefðu menn hlotið að koma þangað hópum saman, þegar eptir þessa tvo viðburði, en það gerðu menn eigi, eins og landnámssaga Íslands sýnir. Við báða þessa atburði þrengdi um hríð að hag Norðmanna fyrir vestan haf og þeir studdu mjög að því ásamt ýmsu öðru, að margir leituðu þaðan síðar til Íslands, þá er þeir höfðu fengið sannar fregnir af landinu. Menn fluttu þaðan árlega um nokkurn tíma, en mest var útferð manna þaðan um og eptir 890. Eins og eðlilegt var, stóð útflutningur manna þaðan eigi um eins langan tíma og frá Noregi, því eyjarnar eru margfalt minni, en örari hreifing og minni festa var þar á mönnum en í Noregi.

En um orkneyska jarlsdæmið skal þess getið, að danskir og norskir víkingar settust í eyjarnar eptir dauða Gutthorms Sigurðarsonar, er var einn vetur jarl eptir Sigurð Eysteinsson föður sinn, og Hallaður Rögnvaldsson, er þá gerðist jarl yfir eyjunum, hrökk þaðan eptir tvö ár fyrir víkingunum aptur til Noregs. Torf-Einar Rögnvaldsson, sem var jarl eptir hann, átti í orustum við víkingana og vann sigur á þeim, en á hans dögum mistu bændur „óðul öll“ á Orkneyjum.[1]) Þetta gerðist um það leyti og Ísland var að byggjast vestan um haf, og er auðsætt að ávalt var ófriður nógur og aðrar ytri ástæður til þess að ýta undir Norðmenn á Orkneyjum og Hjaltlandi til þess að fara til Íslands. En svipað þessu var ástandið á Suðureyjum og Írlandi. Friðurinn var þar eigi meiri í lok níunda aldar en á Orkneyjum, því víkingarnir höfðu einnig tekið sjer þar bólfestu hingað og þangað og sveimuðu þar um höfin. Þarf eigi fyrir þá sök að setja

[1]) Hkr. I, 22/130, 26/137-38, 29-31/140-44.

landnám manna vestan um haf beinlínis í samband við fall Þorsteins rauðs og vesturferð Haralds hárfagra, nje ársetja viðburði þessa eptir útflutningnum til Íslands.

Yfirlit og efnisskipting.

Eigi er hægt að færa rök að því, að aðrir landnámsmenn hafi komið fyr til Íslands en þeir Ketill hængur og Skallagrímur, eptir að Ingólfur var farinn að byggja landið. En þessir þrír hinir fyrstu landnámsmenn námu svo stór hjeruð, að því nær engir landnámsmenn gátu síðar numið önnur jafnstór. Að nafninu til að minsta kosti var á fyrstu landnámsárum Íslands öll Gullbringusýsla numin, því nær öll Kjósarsýsla, eða norður að Brynjudalsá við Hvalfjörð, og Árnessýsla vestanverð austur að Ölfusá og Soginu. Þar fyrir austan var Árnessýsla öll ónumin, en þá tók við landnám Ketils, er náði yfir alla Rangárvallasýslu austur að Markarfljóti. Í Borgarfirði var Mýrasýsla öll numin, sneið allmikil sunnan af Hnappadalssýslu og Borgarfjarðarsýsla suður að Hafnarfjöllum. Þar var þá ónumið landið milli Borgarfjarðar sjálfs og Hvalfjarðar, eða Leirárhreppur, landið í kringum Akrafjall og Hvalfjarðarströnd. Alt landnám þeirra Ingólfs og Ketils var í Sunnlendingafjórðungi og nokkur hluti landnáms Skallagríms, en meiri hluti þess var í Vestfirðingafjórðingi, ef Hvítá í Borgarfirði er talin takmörk milli hans og Sunnlendingafjórðungs, eins og Landnáma gerir. Sjeu fjórðungamörkin aptur á móti talin í Botnsdal við Hvalfjörð, þar sem nú eru sýslumót milli Borgarfjarðarsýslu og Kjósarsýslu, þá lendir alt landnám Skallagríms í Vestfirðingafjórðungi. Ýmislegt bendir á að fjórðungamörkin hafi upphaflega verið við Hvalfjörð.

Landnámabók, hin ágæta, merkilega, forna sögubók, sem segir frá landnámum á Íslandi, skiptir þeim eptir fjórðungum landsins, því Ísland skiptist í fjórðunga, þá er Landnáma

var sett saman. Hún skýrir fyrst frá landnámi Ingólfs og síðan, hverjir numið hafa land í því vestur frá honum; heldur svo áfram landnámasögunni vestur og norður á við; segir frá landnámi Skallagríms, er að því kemur, og er sagt bæði frá því, hvar hann reisti bæ sjálfur og hverjir bygðu í landnámi hans alt norður að Hvítá. Þá byrjar nýr þáttur, annar þáttur, um landnám í Vestfirðingafjórðungi og er þar sagt fyrst frá þeim, er settust að í landnámi Skallagríms fyrir norðan ána.

Síðan eru landnám talin í röð að heita má eptir afstöðu þeirra kringum alt land; er haldið norður Vestfirðingafjórðung, þá í þriðja þættinum austur Norðlendingafjórðung, þá í fjórða þættinum suður um Austfirðingafjórðung, og í fimta þættinum vestur um Sunnlendingafjórðung, og endar á þeim, sem bygðu í landnámi Ingólfs fyrir austan hann sjálfan. Er þá farið kringum land alt.

Í einu handriti af Landnámu, sem kent er við Mela í Melasveit í Borgarfirði og kallað er Melabók, er byrjað austast í Sunnlendingafjórðungi, á Þrasa í Skógum, og síðan haldið vestur Sunnlendingafjórðung o. s. frv.

Í Landnámu er þannig einungis farið eptir afstöðu landnámanna og í merkustu handritunum, Sturlubók og Hauksbók, er byrjað á elsta landnámsmanninum. Eptir öðru er eigi gott að fara, því þótt rekja megi nokkuð hverjir komu snemma og hverjir seint á landnámsöldinni til Íslands, þá er þó ógjörningur að fara mestmegnis eptir tímatali, því svo ókunnugt og óvíst er um útkomuár flestra landnámsmanna, þegar hinir fyrstu landnámsmenn eru taldir. Að því er tímatalið snertir, geta menn að eins farið nærri um aðalviðburðina og meginþráðinn í byggingu landsins. Hjer verður því um hríð meira farið eptir stað en stund, á meðan skýrt verður frá landnámum á Íslandi, en þó verður að ýmsu leyti vikið frá röð Landnámu. Hver sýsla verður tekin fyrir sig, því það verður glöggast fyrir menn nú á dögum, að miðað sje við þá skiptingu á landinu, sem nú er og öllum er kunn. Stundum kunna aðallandnámsmennirnir í sumum sýslunum

að verða taldir fyrstir, og hjer verður byrjað á þeirri sýslu, sem Ingólfur sjálfur reisti bæ og bú í, og síðan haldið vestur um land eins og gert er í Landnámu.

Landnám í Gullbringusýslu.

Af landnámi sínu tók Ingólfur handa sjálfum sjer sveitina kring um Reykjavík, Seltjarnarnesið alt og suður að Hraunsholtslæk og upp í Mosfellssveit að Úlfarsá, sem nú er kölluð Korpúlfsstaðaá.[1]) Hinu skipti hann á milli ýmsra landnámsmanna, er leituðu á fund hans og námu land að hans ráði, og voru ýmsir þeirra vinir eða frændur og venslamenn Ingólfs.

Næst fyrir sunnan Ingólf nam bróðursonur hans Ásbjörn Össurarson land milli Hraunsholtslækjar og Hvassahrauns, Álptanes alt, og bjó á Skúlastöðum.[2]) Land alt fyrir sunnan Faxafjörð frá Hvassahrauni og út um Rosmhvalanes alt gaf Ingólfur Steinunni hinni gömlu, frændkonu sinni, en hún gaf honum fyrir heklu flekkótta og vildi kaup kalla; þótti henni það óhættara við riptingum. Í Hauksbók segir að Steinunn hafði átt Herlaug bróður Skallagríms og með honum tvo sonu, en eigi er hann nefndur í Egils sögu. Er líklegt að hún hafi farið frá Noregi til Íslands, er hún var orðin ekkja; var hún hinn fyrsta vetur á Íslandi hjá Ingólfi, áður en hún fjekk land hjá honum. En síðan gaf Steinunn Eyvindi frænda sínum og fóstra land milli Kvíguvágabjarga, sem nú eru nefnd Vágastapi (Kvíguvágar, nú Vogar), og Hvassahrauns eða Vatnsleysuströndina alla.[3])

Landið milli Reykjanes og Vágs eða Hafnirnar allar gaf Ingólfur Herjólfi frænda sínum og fóstbróður,[4]) og er þá

---

[1]) Ldn. 10/40, 14/320; Hksb. 11/9, 353/124; Stb. 11/134, 396/230; sbr. Safn I, 252. [2]) Ldn. 14/320; Hksb. 353/124; Stb. 396/230. [3]) Ldn. 14/319; Hksb. 350-1/123-4. [4]) Ldn. 14/319; Hksb. 352/124.

komið að suðurströnd landsins. Vestasta bygðin þar er Grindavík; hana bygðu synir Molda-Gnúps, er land nam í Vestur-Skaptafellssýslu og síðar mun nefndur. Krísuvík, austustu bygðina á suðurströnd Gullbringusýslu, og Selvog í Árnessýslu nam Þórir haustmyrkur.[1])

Landnám í Kjósarsýslu.

Langmerkastir þeirra manna, sem settust að í landnámi Ingólfs, voru niðjar Bjarnar bunu. Björn var hersir og var sonur Veðrar-Gríms hersis úr Sogni. Móðurætt Gríms er talin hersætt í Sogni, en sagt er í lítt merku handriti, Landnámuhandriti Bjarnar að Skarðsá, að faðir hans væri af konungaætt af Ögðum. Björn buna átti þrjá sonu, Ketil flatnef, sem fyr er nefndur, Hrapp og Helga. Þeir urðu allir kynsælir menn og fóru börn þeirra Ketils og Hrapps til Íslands, en niðjar Helga síðar. Blómguðust niðjar Bjarnar bunu svo á Íslandi, að í Landnámu segir, að „frá Birni er nær allt stórmenni komit á Íslandi". Má þetta til sanns vegar færa, því bæði voru niðjar hans göfugir og vensluðust við flestar hinar helstu ættir á Íslandi. Flestir íslenskir höfðingjar hafa því á dögum Sturlu Þórðarsonar getað talið ætt sína á einhvern hátt til Bjarnar bunu.

Synir Hrapps Bjarnarsonar voru þeir Þórður skeggi og Örlygur hinn gamli. Þórður skeggi fór til Íslands um 890 eða litlu fyr, og nam fyrst land austur í Lóni, fyrir norðan Jökulsá, milli hennar og Lónsheiðar, og bjó í Bæ tíu til fimtán vetur. Þá frá hann til öndvegissúlna sinna fyrir neðan heiði í Leiruvogi, og rjeðst hann vestur þangað, en seldi þá Lónlönd Úlfljóti, er lög flutti út hingað. Hann nam síðan land með ráði Ingólfs í landnámi hans á milli Úlfarsár (Korpúlfsstaðaár) og Leiruvogs, og bjó að Skeggjastöðum.

---

[1]) Ldn. 14/118-9; Hksb. 349/123.

Hann varð þannig næsti nágranni Ingólfs að norðan. Þórður átti Vilborgu Ósvaldsdóttur; eru nefndar tvær dætur þeirra, Helga, er átti Ketilbjörn hinn gamli, og Þuríður, kona Eiríks Hróaldssonar í Goðdölum.[1])

Þess er eigi getið hvort Þórður skeggi kom beina leið frá Noregi eða vestan um haf. Líklegast er þó að hann hafi komið vestan um haf, því bæði var þar bróðir hans og föðurnafn Vilborgar konu hans bendir á að hún hafi verið þaðan, enda segir Hauksbók að Ósvaldur faðir hennar hafi verið konungur, og móðir hennar var Úlfrún hin úborna dóttir Játmundar Englakonungs.

Aptur á móti skýrir Landnáma greinilega frá ferð Örlygs bróður Þórðar til Íslands. Hann var að fóstri með hinum helga Patreki biskupi í Suðureyjum,[2]) en fýstist að fara til Íslands og bað að biskup sæi um með sjer. Biskup ljet hann hafa með sjer kirkjuvið og járnklukku, plenarium (fullkomna messubók) og vígða mold, er hann skyldi leggja undir hornstafina í kirkjunni og hafa það fyrir vígslu. Biskup bað hann þar nema land, er hann sæi fjöll tvö af hafi, og byggja undir hinu syðra fjallinu og skyldi dalur vera í hvorutveggja fjallinu. Hann skyldi þar taka sjer bústað og láta þar kirkju gjöra og eigna hinum helga Kolumba. Örlygur ljet í haf með fjelögum sínum og fengu útivist harða, og vissu eigi hvar þeir fóru. Þá hjet Örlygur á Patrek biskup til landtöku sjer, að hann skyldi af hans nafni gefa örnefni þar, sem hann tæki land. Þeir voru þaðan frá litla hríð úti, áður en þeir sáu land; voru þeir komnir vestur um landið og tóku þar land, sem heitir Örlygshöfn, en fjörð-

[1]) Ldn. 10/39-40, 7/190, 7/257, 326—28 (Skarðsárb.), 334 (Melab.); Hksb. 11/9, 163/64, 268/95; Ól. s. Trygg. Ldn.[2] 10/266-7; Flat. I, 249. [2]) Um þennan Patrek biskup vita menn eigi annað en þetta, sbr. K. Maurer, Die Bekehrung d. Norw. Stammes I, 98, aths. 23. En Íslendingar vissu að Patrekur helgi (dáinn um 465) var guðsmaður mesti og postuli Írlands, sbr. Bps. I, 86, og er líklegt að þeir hafi blandað hjer málum og er nóg ástæða til þess, að Örlygur hafi heitið á Patrek helga, Írlands postula og nefnt fjörðinn eptir honum. En fyrir því hafa þeir gert Patrek helga að fóstra Örlygs og gefið honum þá guðs gáfu að geta sjeð frá Suðureyjum til Íslands og kosið honum þar bústað. En sögn þessi sýnir, að Örlygur hefur fengið kristilega fræðslu og uppeldi hjá írskum kennimönnum, líklega frá klaustri St. Columba á Iona.

inn inn frá kölluðu þeir Patreksfjörð. Þar voru þeir um veturinn, en af því þeir höfðu eigi fundið stað þann, sem Patrekur biskup hafði lýst, bjó Örlygur um vorið skip sitt og sigldi vestan fyrir Barð með nokkrum hásetum sínum. Þá er hann kom suður um Snæfellsnesjökul í Faxafjörð, sá hann fjöll tvö og dal í hvorutveggja. Þar kendi hann land það, er honum var til vísað. Hann hjelt þá að hinu syðra fjallinu og var það Kjalarnes. Þar hitti hann Helga bjólan bræðrung sinn og var með honum hinn fyrsta vetur, en um vorið nam hann land að ráði Helga í landnámi hans frá Mógilsá til Ósvífslækjar og bjó að Esjubergi. Þar ljet hann gjöra kirkju eins og um var talað. Örlygur var kallaður hinn gamli; átti hann margt barna og marga niðja. Elstur sona hans var Valþjófur, er kom fulltíða til Íslands með föður sínum. Hann nam Kjós alla og bjó að Meðalfelli; voru niðjar hans í karllegg kendir við hann og kallaðir Valþýflingar.[1])

Nokkrum árum eptir að Ketill flatnefur var andaður fyrir vestan haf (í Suðureyjum), fóru börn hans og frændur að flytja sig til Íslands. Helgi bjólan sonur hans var einn þeirra, og var hann hinn fyrsta vetur með Ingólfi og nam með ráði hans Kjalarnes alt, milli Mógilsár og Mýdalsár, og bjó að Hofi. Laxdæla segir að Helgi næmi Kjalarnes alt á milli Kollafjarðar og Hvalfjarðar og byggi að Esjubergi til elli, en það er rangt. Eins segir hún að þeir bræður Björn og Helgi og mágur þeirra Helgi hinn magri færi sama sumar frá Noregi til Íslands sem Ketill flatnefur fór vestur um haf, en það nær engri átt. Helgi bjólan fór með föður sínum vestur um haf og var lengi í Suðureyjum. Til Íslands hefur hann líklega farið laust fyrir 890 og var hann kominn þangað nokkrum árum áður, en Örlygur hinn gamli kom út. Helgi bjólan átti tvo sonu og var annar þeirra forfaðir Jóns biskups hins helga.[2])

Í Kjósarsýslu námu nokkrir aðrir menn land en þeir frændur niðjar Bjarnar bunu. Syðstur þessara manna var

[1]) Ldn. 12/42-5, 13/46; Hksb. 15/10-11, 17/12; Stb. 15/135-6, 17/136; Ól. Trygg. Ldn.[2] 15/267. [2]) Ldn. 11/41-2; Hksb. 14/10; Stb. 14/135; Lax. 3/6, sbr. Safn I, 206—7.

Hallur goðlaus Helgason, er nam land með ráði Ingólfs frá Leiruvogi til Mógilsár, eða á milli landnáma þeirra frænda Þórðar skeggja og Helga bjólans. Bendir þetta á, að hann hafi komið síðar út til Íslands en Helgi, og ef til vill síðar en Þórður skeggi flutti suður; þó er það með öllu óvíst, og vel mætti Ingólfur þá enn hafa tekið sneið af landnámi sínu hið næsta sjer handa Þórði, er súlur hans fundust. Aptur á móti mun Hallur hafa komið fyr út en Örlygur, því hann fjekk sneið suðaustan af landnámi Helga frænda síns, en ekkert fyrir austan það eða suðaustan, og bendir það á, að þar hafi þá verið numið.

Hallur var goðlaus kallaður eins og Helgi faðir hans; var það af því, að þeir feðgar vildu eigi blóta og trúðu á mátt sinn. Hallur bjó í Múla. Sonur hans var Helgi, er átti Þuríði Ketilbjarnardóttur frá Mosfelli í Grímsnesi.[1])

Fyrir norðan landnám Helga bjólan nam katneskur maður, Svartkell að nafni, land frá Mýdalsá til Eilífsdalsár, en þá tók við landnám Valþjófs Örlygssonar. Hauksbók segir að Svartkell færi af Englandi. Hann bjó fyrst að Kiðjafelli en síðan að Eyri.[2])

Fyrir norðan Valþjóf nam Hvamm-Þórir land kringum Reynivallaháls, milli Laxár og Fossár, og bjó að Hvammi, en Brynjudal allan og norður að Botnsá nam Þorsteinn son Sölmundar Þórólfssonar smjörs. Sonur hans var Refur hinn gamli, er Bryndælir eru frá komnir. Þeir Þórir og Refur deildu um kú þá, er Brynja hjet og dalurinn er við kendur. Sú kvíga hafði horfið Þóri fyrir löngu, en fanst í Brynjudal, þar sem Refur átti land, og 40 nauta að sagt er með henni; voru þau öll frá henni komin og höfðu gengið sjálfala úti. Þeir Refur og Þórir börðust hjá Þórishólmi; þar fjell Þórir og átta menn hans.[3])

[1]) Ldn. 11/40-1; Hksb. 12/9-10, kallar Hall Þórisson Ormarssonar.
[2]) Ldn. 13/45; Hksb. 16/12. [3]) Ldn. 14/46-7; Hksb. 18-9/12-3.

Landnám í Borgarfjarðarsýslu.

Fyrir norðan Hvalfjörðinn er Borgarfjarðarsýsla og eru sýslumótin við Botnsá, er rennur um Botnsdal og út í Hvalfjarðarbotn. Sá maður, sem bygði þar fyrstur í dalnum fyrir norðan ána, var írskur að kyni og hjet Ávangur. Hann reisti bæ í Botni. En ströndina út frá Botnsá og til Kalmansár nam Kolgrímur hinn gamli Hrólfsson, dótturson Hákonar jarls Grjótgarðssonar að sögn Hauksbókar, og bjó á Ferstiklu. Í Hauksbók segir, að hann næmi ströndina frá Bláskeggsá, rjett hjá Þyrli, til Laxár og til lækjar, er fellur út frá Saurbæ; verður Laxá þá að hafa verið takmark að norðvestan við landnám hans, en þetta er eigi rjett, því þar nam Finnur hinn auðgi land. Enn fremur segir þar, að Kalman, er Kalmansá er kend við, hafi setst þar að á ströndinni og búið fyrst á Katanesi. Akranesið alt frá Kalmansá til Örriðaár, er fellur vestur í Leiruvoga, námu bræður tveir; hjet annar Þormóður og fjekk hann alla suðurströnd nessins að Reyni og bjó að Hólmi hinum innra, en hinn Ketill, og voru þeir Bresa (eða Bessa) synir. Ketill átti Akranes fyrir vestan og norðan Akrafjall til Örriðaár. Sonur hans var Jörundur hinn kristni, er reisti bæ að Jörundarholti, er síðar var kallað Garðar. Hjá Jörundi fjekk hæli systursonur hans Ásólfur alskik Konálsson; hann kom frá Írlandi seint á landnámsöldinni. Í landnámi Ketils fjekk maður einn, Bekan að nafni, að nema land fyrir norðan Akrafjall alt, frá Berjadalsá til Örriðaár. Hann bjó að Bekansstöðum.[1])

Finnur hinn auðgi Halldórsson nam land fyrir sunnan Laxá, sem rennur ofan úr Svínadal, og til Kalmansár og bjó að Miðfelli. Fyrir norðan Laxá og Leirárvoga Melahverfi alt inn til Andakílsár nam Hafnar-Ormur og bjó í Höfn. Hinu megin við Andakílsá tók við landnám Skalla-

[1]) Ldn. 14-17/47-52; Hksb. 20-22, 24/13-15; Stb. 20-25/136-7.

grims. Í Eglu og Landnámu segir, að hann næmi land suður til Hafnarfjalla, en af þessu sjest, að Andakílsá, sem er fyrir norðan Hafnarfjöll, hefur verið takmörkin. Fyrir norðan hana gaf Skallagrímur Grími hinum háleyska land og hefur hann því fengið syðsta hlutann af landnámi Skallagrims fyrir sunnan Borgarfjörðinn. Einn maður keypti land af Hafnar-Ormi skamt fyrir sunnan Andakílinn; var það Þorbjörn svarti og eignaðist hann þannig landið inn frá Selaeyri og upp til Fossár, sem er dálitil spræna, er rennur sunnan í Borgarfjörðinn. Þorbjörn bjó á Seljabrekku.

Þá má nefna tvo bræður, er bjuggu í landnámi þeirra Finns og Hafnar-Orms; hjet annar Hróðgeir hinn spaki og bjó í Saurbæ, en hinn Oddgeir og bjó að Leirá. Þeir Finnur og Ormur keyptu þá burtu, af því að þeim þótti þröngleut, og námu þeir bræður þá lönd í Flóa. Sje þetta rjett, að Hróðgeir hafi búið að Saurbæ og hann hafi verið í landnámi Finns, bendir það á, að það hafi náð norðan eða vestan frá Laxá og niður til Hvalfjarðar, og að Kolgrimur hinn gamli hafi eigi numið Hvalfjarðarströnd lengra vestur á við en til lækjar þess, sem nefndur er hjá Saurbæ. Hefur þá tekið þar við landnám Finns og svo landskiki Kalmans þar fyrir vestan við Kalmansá.[1])

Alla Borgarfjarðarsýslu fyrir ofan Andakílsá nam Skallagrímur eins og fyr er sagt, en síðan komu út ýmsir landnámsmenn, er settust að í landnámi hans og námu þar land með leyfi hans. Voru sumir þeirra merkir menn, svo sem Óleifur hjalti, er kom út til Íslands „stundu síðar“ en Skallagrímur (um eða rjett eptir 880), eptir því sem segir í Eglu. Hann kom með konu sína og börn og annað frændalið sitt. Af börnum Óleifs eru síðan synir hans Ragi í Laugardal og Þórarinn Ragabróðir nefndir í Eglu. Eins eru þeir tveir nefndir í Landnámu. Þórarinn var lögsögumaður 950—969 og hefur hann varla verið fæddur fyr en um 890—895. Ragi hefur líklega verið elstur þeirra bræðra, en þó lítið eldri. Eptir aldri þeirra væri næst að ætla, að faðir þeirra

[1]) Ldn. 17/53-4, 19/58; Hksb. 23, 25/15-6; Stb. 26-8/137-38, 31/139.

hefði eigi komið til Íslands fyr en um 990 En þó sýnir aldur þeirra Skallagríms og Egils, að Óleifur hefði getað komið út litlu síðar en Skallagrímur að því er aldur Þórarins lögsögumanns snertir. Óleifur hefði þá komið ungur að aldri og nýkvongaður sem Skallagrímur. En ver kemur þetta heim við aldur Glúms sonar Óleifs, sem nefndur er í Njálu og kvongaðist Hallgerði langbrók, þá er hún var um tvítugt, að líkindum um 959 eins og Guðbrandur Vigfússon ætlar. Glúmur hafði þá lengi verið í förum og hefur eflaust verið um fertugt. Hann er eigi nefndur í Eglu nje Landnámu og hefur líklega eigi verið sammæðra við bræður sína, því hann hefur verið miklu yngri en þeir.

Óleifur hjalti var höfðingi kynstór og spakur að viti. Hann var hinn fyrsta vetur með Skallagrími, en vorið eptir vísaði Skallagrímur honum til lands fyrir sunnan Hvítá, upp frá Grímsá til Geirsár, að því er segir í Landnámu, en til Flókadalsár að sögn Eglu. Geirsá rennur skamt fyrir norðan Flókadalsá eptir Flókadalnum og út í Reykjadalsá. Óleifur bjó að Varmalæk.[1])

Lundareykjadal, eða Reykjadal hinn syðra eins og hann var nefndur í fornöld, nam Björn gullberi og bjó hann á Gullberastöðum. Hann gaf Þorgeiri meldun lönd „fyrir ofan Grímsá“ eða rjettara sagt austasta og efsta hlutann af Lundareykjadal. Þorgeir bjó í Tungufelli. Dalirnir fyrir sunnan og norðan Lundareykjadal, Skorradalur og Flókadalur, hafa rjett eptir landnámsöld fengið nöfn sín eptir þrælum Ketils gufu, Skorra og Flóka, er stálust þangað og voru þar drepnir, þá er þeir fundust eptir hjer um bil ársdvöl. En varla er rjett að segja, að þeir hafi numið mestalla dali þessa eins og sagt er í Landnámu. Meiri hlutinn af Flókadal var áður numinn, og hafði Ketill blundur og Geir sonur hans gert það. Þeir komu út um eða skömmu eptir 910 og voru hinn fyrsta vetur að Borg hjá Skallagrími; fjekk þá Geir Þórunnur dóttur hans. Síðan námu þeir land að tilvísan Skallagríms upp frá Flókadalsá til Reykjadalsár

[1]) Eg. 29/94-5; Ldn. 20/59; Stb. 35/140; Nj. 13/574.

„ok tungu þá alla upp til Rauðsgils ok Flókadal allan fyrir ofan brekkur“. Rauðsgil er í sunnanverðum Reykholtsdal hjer um bil hálfa mílu fyrir vestan Auðstaði; rennur spræna eptir gilinu út í Reykjadalsá.[1]) Hafa þeir feðgar numið Reykholtsdalinn fyrir sunnan Reykjadalsá upp til Rauðsgils. Flókadalinn námu þeir „allan fyrir ofan brekkur“; er eigi gott fyrir ókunnuga að minsta kosti að segja með vissu hvaða brekkur hjer er miðað við. En vestan til er landnám þeirra að sunnanverðu miðað við Flókadalsá, og er líklegt að svo hafi verið gert þangað til kom inn í dalinn, og þá hafi áin eigi ráðið landamerkjum, heldur brekkur, sem mynda dalinn, og hjer sje átt við Varmalækjarmúla og Lundarháls, og þeir hafi því numið allan dalinn beggja megin við ána fyrir ofan Varmalækjarmúla og Lundarháls, eða frá því að brekkur byrja sunnan við dalinn. Að minsta kosti er það víst, að þeir hafa numið alla norðurhliðina eða norðurhlíðina af Flókadalnum, því þar er Þrándarholt og Geirshlíð, bæirnir, sem þeir reistu handa sjer. Geir bjó í Geirshlíð og var kallaður hinn auðgi; er líklegt að hann hafi því haft landrými töluvert. Annað bú átti hann að Reykjum hinum efri, sem að líkindum eru Kópareykir í Reykholtsdal.[2])

Þá nam Önundur breiðskeggur Úlfarsson tunguna alla milli Reykjadalsár og Hvítár og bjó á Breiðabólstað. Hann var tengdasonur Þormóðar á Hólmi á Akranesi og faðir Tungu-Odds goða, er síðar kemur við sögur. Þormóður hefur verið einhver elstur landnámsmaður í Borgarfjarðarsýslu og átti gjafvaxta dætur á fyrri hluta landnámsaldarinnar. Eina dóttur hans, Svanlaugu, átti Grímur hinn háleyski, og var sonur þeirra Úlfur, sá er nam land milli Hvítár og Suðurjökla, — en svo er Geitlandsjökull nefndur í Landnámu —, og bjó í Geitlandi; var mikil ætt komin af þeim.[3])

Fyrir sunnan Reykjadalsá upp frá Rauðsgili tíl Gilja nam maður nokkur, Rauður að nafni, land og bjó að Rauðs-

[1]) Kálund, Isl. I, 321. [2]) Eg. 39/120-21; Ldn. 20/60; Stb. 36/140. Sbr. Kálund, Isl. I, 321. [3]) Ldn. 20/60-1, 21/63; Hksb. 29/17; Stb. 37/140, 41/141.

gili. Þar efst í sveitinni upp frá Giljum og upp um Hálsasveit til Grímsgils nam Grímur nokkur land, og bjó við Grímsgil, sem er skamt fyrir vestan Húsafell ofarlega í Hálsasveitinni, en fyrir vestan landnám Gríms nam Þorkell kornamúli ásinn upp frá Kollslæk til Deildargils og bjó í Ási. En efst í sveitinni, fyrir ofan landnám Gríms, var landnám Úlfs í Geitlandi, eins og þegar er sagt.[1])

Landnám í Mýrasýslu.

Mýrasýslu alla nam Skallagrímur eins og fyr er sagt, og gaf þar land ýmsum hinum helstu af skipverjum sínum; eru sjö þeirra nefndir í Eglu, en fimm í Landnámu, og var Áni bóndi, er fjekk land milli Langár og Háfslækjar og bygði Ánabrekku, þeirra merkastur. Í Landnámu er enn fremur nefnd systir tveggja skipverja Skallagríms, sem hann gaf land. Skallagrímur skipaði mönnum þessum land á Mýrunum, flestum meðfram Langá og Gufá. Enginn þeirra reisti bú fyrir sunnan Hvítá, en þar fjekk Grímur háleyski land, sem var annar höfðingi fararinnar eptir lát Kveldúlfs, og með honum hafa þeir skipverjar hans verið, sem stóðu honum næstir. Þeir skipverjar Skallagríms, sem hjer ræðir um, voru frjálsbornir, og munu þeir hafa reist bú skömmu síðar en Skallagrímur; en auk þeirra er getið fjögra leysingja Skallagríms, er hann setti niður við Gljúfrá og Langá, að gæta veiði, og upp við fjöll til þess að varðveita sauðfje sitt. Er svo að sjá af Landnámu sem Skallagrímur hafi gefið þeim land.[2])

Eigi leið á löngu áður en menn komu út, sem settust

---

[1]) Ldn. 21/61-2; Hksb. 26-8/16; Stb. 38-40/141. [2]) Eg. 28-9/91-4; Ldn. 3-4/71-3; Hksb. 44, 46, 48-50/21; Stb. 56, 58, 60-2/145. Í Eglu eru nefndir þrír leysingjar og í Ldn. einnig, en að eins tveir af þeim eru sömu mennirnir, svo alls verða þeir fjórir.

að í landnámi Skallagríms fyrir norðan Hvítá. Fyrstur þeirra var að líkindum Yngvar tengdafaðir Skallagríms. Hann var að sögn Eglu „lendr maðr“ í Fjörðum, áður en Haraldur hárfagri brautst til ríkis, og fór nú til Íslands, skömmu síðar en þeir Skallagrímur, til þess að flýja undan fjandskap Haralds konungs. Yngvar lenti í Langá í Borgarfirði og bauð Skallagrímur honum til sín; var hann um veturinn að Borg. Um vorið gaf Skallagrímur honum land á milli Leirulækjar og Straumfjarðar og bú það, sem hann átti að Álptanesi, og bjó Yngvar þar síðan.[1])

Annars er eigi hægt að rekja í tímaröð, hvernig menn hafa numið Mýrasýslu. Eins og í flestum öðrum sýslum landsins má sjá um suma landnámsmennina í Mýrasýslu, að þeir hafa setst þar að á fyrri hluta landnámsaldarinnar, og um einstaka, að þeir hafa komið fyrst út í lok landnámsaldarinnar. Það er því glöggast að nefna þá eptir því, sem hjeruðin liggja.

Efst upp til fjalla „milli Hvítár og Fljóta“ (þ. e. Norðlendingafljóts) Kalmanstunguna alla alt austur undir jökla nam Kalman frá Suðureyjum. Hann bjó fyrst á Katanesi norðanverðu við Hvalfjörð, er hann kom til Íslands, en synir hans tveir druknuðu þar á firðinum og fór hann þá þaðan og reisti bæ í Kalmanstungu. Sonur hans var Sturla goði, er fyrst bjó á Sturlustöðum, en síðan í Kalmanstungu. Bróðir Kalmans hjet Kýlan og bjó hann fyrir neðan Kollshamar.

Hrosskell Þorsteinsson, sonur Lopthænu, dótturdóttur Braga skálds, en dóttur Arinbjarnar hersis (hins eldra) í Fjörðunum, fór til Íslands og bjó fyrst á Akranesi, en þeir Ketill og Þormóður ömuðust við hann, svo hann fór brott og nam Hvítársíðu milli Kjarrár og Fljóta. Sonur hans hjet Hallkell og hefur hann líklega verið fullorðinn maður, er þeir fóru til Íslands, því bæir þeir, sem Hrosskell reisti bæði á Akranesi og í Hvítársíðu, voru kendir við Hallkel og nefndir Hallkelsstaðir; er líklegt að hann hafi reist þá með föður sínum. Hallkell bjó á Hallkelsstöðum í Hvítársíðu

[1]) Eg. 30/95-6; Ldn. 4/73-4; Hksb. 52/22; Stb, 65/145.

eptir föður sinn og var Tindur skáld og Illugi hinn svarti merkastir af sonum hans.[1])

Fyrir sunnan Kjarrá keypti Ásbjörn hinn auðgi Harðarson land upp frá Sleggjulæk til Hvítbjarga og bjó á Ásbjarnarstöðum; hefur hann komið út seint á landnámsöldinni eptir kvonfangi hans að dæma.

Ofan frá Sleggjulæk milli Örnólfsdalsár og Hvítár námu bræður tveir land. Hjet annar þeirra Ísleifur og bjó á Ísleifsstöðum, en hinn Ísröður á Ísröðarstöðum.

Örnólfur nokkur nam Örnólfsdal og Kjarradal fyrir norðan Kjarrá upp til Hvítbjarga. Af honum keypti að sögn Sturlubókar og Hauksbókar Ketill blundur land í Örnólfsdal og bjó í Örnólfsdal. En Örnólfur gerði þá bú upp í Kjarradal að Örnólfsstöðum, og bendir það á að hann hafi búið áður í Örnólfsdal, eins og hann gerði í raun rjettri. Í Melabók er sagt, að Örnólfur hafi búið í Örnólfsdal og Blundketill verið sonur hans og er það eflaust rjett, því þar segir og að sonur Blundketils væri Þorkell, er Hænsa-Þórir brendi inni, en svo segir Ari hinn fróði. Hins vegar er Blundkatli eða Katli blund Geirssyni, dóttursyni Skallagríms, ruglað saman við Blundketil Örnólfsson í Landnámubókum Sturlu og Hauks, og af því er misskilningurinn sprottinn.[2])

Hrómundur Þórisson bróðir Gríms hins háleyska kom út í Hvítá og nam Þverárdal og Þverárhlíð ofan til Hallarmúla og fram til Þverár. Hann bjó á Hrómundarstöðum. Sonur hans var Gunnlaugur ormstunga á Gunnlaugsstöðum, langafi skáldsins Gunnlaugs ormstungu. Í Vatnsdælu er sagt, að Hrómundur hafi farið til Íslands með Grími bróður sínum, en Landnáma og Egils saga benda á, að hann hafi farið út síðar, og svo mun hafa verið. Af skipverjum Hrómundar eru tveir nefndir, er reistu bæi í Þverárhlíð, Högni, bróðir Finns hins auðga Halldórssonar, er bygði Högnastaði, og Ásgeir nokkur, er bjó á Hamri.[3])

[1]) Ldn. 1/64-7; Hksb. 30-1/17-19; Stb. 42-3/142-3. [2]) Ldn. 2/67-9; Hksb. 32-3, 35/19; Stb. 44-5/143, 47/144; Mb. 245; Íslb. 5/7; sbr. K. Maurer Über die Hænsa-Þóris saga í Abhandl. der k. bayer. Akad. d. Wiss. I. Cl. XII. Bd. II. Abth. bls. 173 o. ef. [3]) Ldn. 2/68-9; Hksb. 34/19, 36/20; Stb. 46, 48/143-44; Eg. 46/184; Vatn. 11/20.

Þorbjörn Arnbjarnarson nam Stafholtstungu milli Norðurár og Þverár og bjó í Arnarholti. Þorbjörn blesi nam land í Norðurárdal fyrir sunnan á, upp frá Króki og Hellisdal allan, og bjó á Blesastöðum. Tunguna milli Norðurár og Sandár nam Geirmundur Gunnbjarnarson og bjó í Tungu. En Sanddal og Mjóvadal og Norðurárdal ofan frá Króki til Arnarbælis nam Örn hinn gamli og bjó á Háreksstöðum. Rauða-Björn nam Bjarnardal fyrir sunnan Brattabrekku; einnig keypti hann land af Skallagrími milli Gljúfrár og Gufár og bjó að Rauðabjarnarstöðum. Karlsdal upp frá Hreðuvatni nam Karl nokkur og bjó undir Karlsfelli.

Langavatnsdal allan nam Bersi goðlaus Bálkason úr Hrútafirði. Hann var afi Bjarnar Hítdælakappa.[1])

Landnám þessi, er nú voru nefnd, eru öll í hinum efstu sveitum og afdölum í Mýrasýslu, og er auðsjeð af því, að Skallagrímur hefur leyft mönnum að nema land í þeim hjeruðum, sem fjarst voru Borg. Í nærsveitunum ætlaði hann sjálfum sjer land og þar gaf hann einnig vinum sínum, vandamönnum og fylgdarmönnum land. Ef einhver annar vildi eignast þar land, þá varð hann að kaupa það eins og Rauða-Björn. Hve mikið land Skallagrímur ætlaði sjálfum sjer, sjest eigi glögt, eins og um Ingólf Arnarson; auk þess var land Skallagríms eigi alt samfast, því hann átti útibú og land í kringum þau; en hann gaf mönnum sínum land í milli þeirra og Borgar.[2]) Sá maður, sem Skallagrímur gaf síðast land, var að líkindum Þorfinnur hinn strangi. Hann hafði í Noregi gerst maður Þórólfs Skallagrímssonar og bar merki hans, er Þórólfur fjell á Englandi; fór hann síðan til Íslands með Agli Skallagrímssyni (um 927) og var að Borg um veturinn og fjekk þá Sæunnar Skallagrímsdóttur. Gaf Skallagrímur honum land inn frá Leirulæk milli Langár og Álptár og bjó hann að Langárfossi.[3])

---

[1]) Ldn. 3-4/70-1; Hksb. 38-43, 45, 47/20-1; Stb. 50-5, 57, 59/140-45.

[2]) Þess má geta að í Melabók (yngri) segir, að Skallagrímur næmi land á milli Norðurár og Hítarár. Ldn.[2] 246.

[3]) Eg. 56/183-84; Ldn. 4/73; Hksb. 51/22; Stb. 63/145.

Nyrðst og vestast í Mýrasýslu námu land Steinólfur nokkur Hraundal hvorntveggja alt til Grjótár að leyfi Skallagríms, og Þórhaddur Steinsson mjögsiglanda Hitárdal allan suður til Grjótár.[1])

Landnám í Hnappadalssýslu.

Hnappadalssýsla hefst fyrir norðan Hitá (Hitará) og nam Þórhaddur Steinsson, er nam Hitárdal, allan syðsta hlutann af henni niður til sjávar, á milli Hitár og Kaldár, sem rennur sunnanvert við Eldborgarhraun. Fyrir norðan Kaldá nam Þorgils knappi Knappadalinn og var hann norðvestastur allra landnámsmanna í landnámi Skallagríms, sem náði norðvestur að Selalóni og Borgarhrauni, og ber bæði Eglu og Landnámu saman um það. Selalón vita menn nú eigi með vissu hvar hefur verið, því nafnið er týnt; en líklega hefur það verið nokkur hluti af Kaldárós, því þar eru lón mikil og þar eða í grendinni hefur það hlotið að vera. Borgarhraun er nú Eldborgarhraun og segir Landnáma, að þar, sem nú er Eldborgin, hafi staðið bær, er í Hripi hjet, en um eða rjett eptir 930 hafi um nótt komið þar upp jarðeldur og þá hafi Borgarhraun brunnið.[2])

Grímur Ingjaldsson úr Haddingjadal fór með Þóri son sinn ungan til Íslands. Þeir komu að Grímsey á Steingrímsfirði og þar druknaði Grímur um veturinn. Þórir son hans fór þá með móður sinni suður yfir heiði til Breiðafjarðar og síðan suður í Hnappadalssýslu og námu þar land sem meri þeirra Skálm vísaði til. Þar sem hún lagðist undir klyfjum var reistur bærinn að Rauðamel hinum ytra, og Þórir nam land fyrir sunnan Gnúpá,[3]) fyrir neðan Hnappa-

[1]) Ldn. 4,74; Hksb. 53-4/22; Stb. 65-6/146. [2]) Ldn. 4/74-5, 5/78; Hksb. 54-5/22; Stb. 66-7/146; Kålund, Isl. I. 404. [3]) Nú Núpá og rennur eptir Núpadal nokkru vestar en Haffjarðará og fellur út í Hausthúsavík, Kålund, Isl. I, 405—6.

dal til Kaldár. Bendir þetta á, að Selalón hafi verið við Kaldármynni, því eigi hefði Þórir getað numið land til Kaldár, ef Selalón hefði verið að mun norðar en Kaldárósar. Þórir, er kallaður var Selþórir, var höfðingi mikill og eru nokkrar forneskjusagnir af honum. Líklega af honum mun Kolbeinn klakkhöfði Atlason, sem fór úr Atlaeyju á Fjölum, hafa keypt land milli Kaldár og Haffjarðarár, en eigi Hitarár eins og segir í Hauksbók, því hann bjó á Kolbeinsstöðum, sem eru á milli Kaldár og Haffjarðarár.[1])

Þormóður og Þórður gnúpa Oddssynir fóru frá Vors til Íslands og námu land frá Gnúpá[2]) til Straumfjarðarár í Miklaholtshrepp. Bjó Þórður í Gnúpudal, en Þormóður á Rauðkollsstöðum. Sonur hans var Guðlaugur hinn auðgi. Hann sá að Rauðamels lönd voru betri en önnur lönd þar í sveit og skoraði því á Þorfinn son Selþóris til landa og bauð honum hólmgöngu. Þeir fjellu báðir á hólmi, en Þuríður Tungu-Oddsdóttir, er var tengdamóðir Guðlaugs en mágkona Þorfinns, græddi þá báða og sætti þá. Síðan nam Guðlaugur land frá Straumfjarðará til Furu, sem er smá á skamt fyrir austan Staðastað rjett fyrir vestan Elliða í Staðarsveit. Náði landnám hans inn í Snæfellsnessýslu, en sjálfur bjó hann í Borgarholti við Straumfjarðará. Er það eptirtektavert, að svo mikið land var þarna óbygt, því þetta hefur eigi verið fyr en um miðja 10. öld. Frá Guðlaugi var mikil ætt, Straumfirðingar.[3])

---

[1]) Ldn. 5/76-9; Hksb. 56-7/23; Stb. 68/146-7. [2]) Í Hksb. segir Laxá, en það getur eigi verið rjett, því þá hefði Gnúpudalur eigi orðið í landnámi þeirra. [3]) Ldn. 6/79-80; Hksb. 58-9/24; Stb. 69-71/147. Árni Thorlacius, Safn II, 284.

Landnám í Snæfellsnessýslu.

Ef haldið er áfram út eptir Snæfellsnesi að sunnanverðu, þá var þar fyrst landnám Atla Valasonar og Ásmundar sonar hans, er náði frá Furu til Lýsu, sem er smá á í Staðarsveit fyrir utan Garða.[1]) Vali hinn sterki, faðir Atla, var hirðmaður Haralds hárfagra, en vá víg í vjeum og varð útlægur. Fór hann þá til Suðureyja og staðfestist þar, en synir hans þrír fóru til Íslands og var Atli einn þeirra. Ásmundur Atlason bjó í Langholti að Þórutóttum, er tók nafn af konu hans Langholts-Þóru. Nú vita menn eigi með vissu, hvar bær hans hefur verið, því hann er fyrir löngu eyddur, en hann hefur verið á Ölduhrygg skamt frá Staðastað; mun Ölduhryggur upphaflega hafa verið kallaður Langholt.[2])

Frá Lýsu til Hraunhafnarár hjá Búðum nam land Hrólfur hinn digri Eyvindarson, forfaðir Skáld-Refs, en Sölvi nokkur nam land frá Hraunhafnará til Hellis í Hellnahrauni milli Arnarstapa og Hellna. Hann bjó fyrst í Brenningi, líklega á milli Stapafells og hraunsins á Sölvahamri, en síðan að Sölvahamri við Breiðavík.[3])

Frá Hellishrauni (nú Hellnahrauni), til Beruvíkurhrauns vestan undir Snæfellsnesjökli nam Sigmundur Ketilsson land. Hann var sonur Ketils þistils landnámsmanns, er nam Þistilfjörð. Sigmundur bjó að Laugarbrekku og þar bjó Einar sonur hans eptir hann. Af þeim feðgum keypti Einar nokkur land í Lóni.[4])

Norður frá Beruvíkurhrauni til Neshrauns og út um öndvert nes, Öndverðarnes, nam Grímkell Úlfsson land og bjó að Saxahvoli. Hann rak þaðan á brott Saxa Alfarinsson Valasonar og bjó hann síðan í Hrauni hjá Saxahvoli.[5]) Sýnir þetta, að Grímkell hefur varla numið þarna land fyr en

---

[1]) Safn II, 290. [2]) Ldn. 6/80-1; Hksb. 60/24-5; Stb. 72/147-8. Sbr. Kålund, Isl. I. 411, Safn II, 290; Árbók 1900, bls. 26—7. [3]) Ldn. 6-7/82-3; Hksb. 61-2/25; Stb. 73-4/148; Safn II,297, Árbók 1900, bls. 25. [4]) Ldn. 7/83; Hksb. 63/25-6; Stb, 75/148. [5]) Sbr. Árbók 1900, bls. 20—21.

í lok landnámsaldar, þar sem hann rekur í burtu son eins landnámsmanns, sem varla var eldri en í meðallagi af landnámsmönnunum. Alfarinn Valason faðir Saxa hafði áður numið nesið á milli Beruvíkurhrauns og Ennis, en Grímkell hefur kastað eign sinni á vestur- og suðurhlutann af landnámi hans. Alfarinn átti marga sonu og er Ingjaldshóll kendur við einn af þeim.[1])

Fyrir innan Enni alt til Fróðár nam Ólafur belgur land og bjó í Ólafsvík, en hann fjekk eigi að búa þar lengi, því Ormur hinn mjóvi, sem lenti í Fróðárósi og bjó um hríð á Brimilsvöllum, rak hann á brott og nam alla víkina milli Ennis og Höfða (Búlandshöfða) og bjó að Fróðá.[2])

Herjólfur son Sigurðar svínhöfða fór á elliárum sínum til Íslands og nam land milli Búlandshöfða og Kirkjufjarðar.[3]) Vestar Þórólfsson blöðruskalla nam land frá Kirkjufirði og alla leið um Eyrarsveit fyrir utan Urthvalafjörð eða Hvalafjörð, en svo hefur áður verið nefndur ytri hlutinn af Kolgrafarfirði. Vestar bjó á Öndurðri-Eyri, eða Hallbjarnareyri, sem nú er svo nefnd. Þá nam Kolur nokkur land til Tröllaháls og Hraunsfjarðar út um Berserkseyri og bjó að Kolgröfum. Hraunsfjörðinn allan fyrir ofan Hraun, síðar nefnt Berserkjahraun, á milli Tröllaháls og Svínavatns nam Auðunn stoti Valason og bjó hann í Hraunsfirði.[4])

Frá Hraunsfirði og austur að Stafá í Helgafellssveit nam Björn Ketilsson land og bjó í Bjarnarhöfn á Borgarholti.[5]) Hann var sonur Ketils flatnefs og hefur áður verið skýrt frá honum og ættmönnum hans.[6]) Björn var fóstraður austur á Jamtalandi með Kjallak[7]) jarli og fjekk Gjaflaugar dóttur jarls.

---

[1]) Ldn. 8/86-8; Hksb. 64-5/27-8; Stb. 76-7/149-50. [2]) Ldn. 8-9/88-9; Hksb. 66-7/28; Stb. 78-9/150. [3]) Nafnið Kirkjufjörður er nú gleymt og hefur Árni Thorlacius ætlað, að Kirkjufjörður væri sama og Grundarfjörður, en íslenskt fjarðatal frá um 1300 bendir á að svo hefur ekki verið, því þar er talinn bæði Kirkjufjörður og Grundarfjörður. Að líkindum hefur önnur hvor víkin við Kirkjufell, sem er að vestanverðu við Grundarfjörð, verið nefnd Kirkjufjörður. Kalund, Isl. I, 427; II, 367. Safn II, 289. [4]) Ldn. 9-10/91-3; Hksb. 68-71/29-30; Stb. 80-3/150-51; um Vestar, sjá Eyrb. 7/8; Lax. 3/6. [5]) Sbr. Safn II, 279—80. Kál. Isl. I, 431—32; Árbók 1900, bls. 13—14. [6]) Sbr. bls. 92 o. ef., 110 o. ef. [7]) Nafnið

Eptir andlát jarls fór hann til Þrándheims og suður til átthaga sinna. Ketill faðir hans var þá farinn vestur um haf fyrir allmörgum árum og Haraldur hárfagri hafði þá tekið eignir hans undir sig. En Björn tók undir sig eignir þær, er faðir hans hafði átt, og rak í braut ármenn þá, sem konungur hafði sett yfir þær. Þá er Haraldur konungur spurði þetta, gerði hann á Frostaþingi Björn útlagan af Noregi og dræpan hvar sem hann hittist. Síðan sendi hann Hauk hábrók og menn með honum til þess að drepa Björn. En vinir Bjarnar urðu varir við ferð þeirra og gjörðu honum njósn. Hljóp hann þá á skútu eina með skuldalið sitt og lausafje og fór undan suður með landi, þar til hann kom í eyna Mostur, er liggur fyrir Sunnhörðalandi. Þar tók við honum Þórólfur Örnólfsson og hjelt hann á laun um veturinn, því Björn treystist eigi að halda þá á haf. Um vorið fjekk Þórólfur Birni langskip gott og Hallstein son sinn og fleiri menn til fylgdar, og fóru þeir þá vestur um haf til fundar við frændur sína.

Þá er Björn kom til Suðureyja, var Ketill faðir hans andaður, en hann fann þar Helga bróður sinn og systur sínar, og buðu þau honum góða kosti með sjer. Björn var um veturinn með Auði systur sinni, en hann nam eigi yndi og vildi eigi staðfestast þar vestra, er hann varð þess vís, að þau höfðu hafnað sið þeim, er frændur þeirra höfðu haft. Frændum hans þótti þetta ilt og kölluðu hann Björn inn austræna; lýtur nafnið að því, að hann hafði einn haft bólfestu austar en aðrir frændur hans, og feldi sig eigi við vestrænan sið.

Eptir tveggja vetra dvöl í Suðureyjum fór Björn til Íslands og með honum Hallsteinn Þórólfsson. Þar hitti hann Þórólf vin sinn og nam land að hans ráði (um 886). Eins og Björn átti kyn til var hann hið mesta göfugmenni. Hann mun hafa verið nokkuð fullorðinn, er hann kom til Íslands,

---

Kjallakur (Cellach) er írskt, og því þykir Munch það efasamt, hvort jarl á Jamtalandi hafi heitið svo, og ætlar líklegra að merkismaður einhver í Suðureyjum hafi verið svo nefndur. Munch, Hist. I, 570 nm. En auknefni Bjarnar austræna bendir á annað.

því hann lifði þar eigi mjög lengi. Hann ljet eptir sig tvo sonu, Kjallak, er kallaður var hinn gamli og bjó í Bjarnarhöfn eptir föður sinn, og Óttar. Er komin mikil ætt frá þeim báðum. Voru niðjar Kjallaks nefndir Kjalleklingar, en sonarsonur Óttars var Ósvífur hinn spaki Helgason.[1])

Næst fyrir austan Björn nam Þórólfur Örnólfsson land utan frá Stafá og inn til Þórsár í Þórsárdal, er rennur að vestanverðu í Álptafjörð; það er nú mestöll Helgafellssókn. Sagt er að Þórólfur hjeti upphaflega Hrólfur, en væri kallaður Þórólfur, af því að hann var mikill vin Þórs. Hann varðveitti Þórshof í eyjunni Mostur, enda var hann göfgastur maður í eynni og höfðingi mikill. Hann var líka stór og sterkur og fríður sýnum; er sagt að hann hafi haft skegg mikið og hafi því verið kallaður Mostrarskegg. Haraldur konungur spurði, að Þórólfur hefði haldið Björn Ketilsson útlaga hans, og gjörði hann þá menn til hans og boðaði honum af löndum og bað hann fara útlagan sem Björn vin hans, nema hann komi á fund konungs og leggi alt mál sitt á hans vald. Þórólfur leitaði þá frjettar hjá Þór ástvini sínum, hvort hann skyldi sættast við konung eða fara af landi brott. En frjettin vísaði Þórólfi til Íslands. Tók hann þá að búast til Íslandsferðar og hafði með sjer skuldalið sitt og búslóð, goðalíkneskin og viðuna úr hofinu og moldina undan stallanum, þar sem Þór hafði á setið. Margir vinir hans rjeðust til ferðar með honum. Þeir komu sunnan að Íslandi og sigldu vestur um Reykjanes. Þeir sáu að stórir firðir skárust inn í landið. Þórólfur fór nú að eins og Ingólfur; hann kastaði fyrir borð öndvegissúlum sínum, þeim er staðið höfðu í hofinu, og var Þór skorinn á annari. Hjet hann að byggja þar sem Þór ljeti þær koma á land. Hann sigldi þá vestur fyrir Snæfellsnes og inn á Breiðafjörð, sem hann gaf nafn og kallaði svo af því að honum þótti fjörðurinn breiður. Hann tók land sunnan við fjörðinn í vogi einum, sem hann kallaði Hofsvog. Á nesinu fyrir norðan

---

[1]) Eyrb. 2-3/4-5, 5-6/7, 7/8; Ldn. 11/94-6; Hksb. 72/30-1; Stb. 84/151-52. Sbr. Lax. 3/6.

voginn fundu þeir öndvegissúlurnar, og kallaði Þórólfur nesið alt fyrir norðan Hofsvog og Vigrafjörð (nú Sauravog) Þórsnes. Bæ reisti hann við voginn og kallaði hann á Hofstöðum, eptir hofi því hinu mikla, er hann reisti þar til þess að blóta Þór, eins og hann hafði gjört í Noregi; alt landnám sitt helgaði hann Þór.

Þórólfur Mostrarskegg fór tíu vetrum síðar til Íslands en Ingólfur Arnarson hafði farið að byggja það (884), enda hefur hann verið einhver hinn fyrsti landnámsmaður við Breiðafjörð, þar sem hann gaf firðinum nafn. Tveim árum síðar kom Björn austræni og síðan hver landnámsmaðurinn á fætur öðrum.[1])

Fyrir austan landnám Þórólfs tók við landnám Geirröðar á Eyri (nú Narfeyri), og nam hann land inn frá Þórsá til Langadalsár. Með Geirröði kom Finngeir Þorsteinsson öndurs og Úlfar kappi. Honum gaf Geirröður land umhverfis Úlfarsfell, en Finngeiri uppi um Álptafjörð og bjó hann í Álptafirði, en síðar var sá bær kallaður Kárstaðir og svo heitir hann enn. Systir Geirröðar hjet Geirríður; átti hún Björn Bölverksson blindingstrjónu og hjet sonur þeirra Þórólfur. Eptir andlát Bjarnar fóru þau Geirríður til Íslands á fund Geirröðar og gaf hann systur sinni bústað í Borgardal, að austanverðu við Álptafjörð.[2]) Geirríður var rausnarkona hin mesta og er sagt um hana, að hún ljeti gjöra skála sinn um þjóðbraut þvera, en sjálf sæti hún á stóli og laðaði úti gesti, en borð stæði inni jafnan og matur á. Þórólfur kom til Íslands eptir andlát móður sinnar; hann skoraði á Úlfar til landa og bauð honum hólmgöngu. Úlfar var þá gamall og fjell hann á hólmi, en særði áður Þórólf á fæti svo hann gekk ávalt haltur síðan, og var því kallaður bægifótur. Þórólfur fjekk þó eigi öll lönd eptir Úlfar, því nokkuð tók Þorfinnur Finngeirsson í Álptafirði, að því er í Landnámu segir; en í Eyrbyggju segir, að hann seldi lönd leysingjum Þorbrands Þorfinnssonar í Álptafirði.[3])

[1]) Eyrb. 3-4/5-7; Ldn. 12/96-9; Hksb. 73/31-2; Stb. 85/152-53. [2]) Um Borgardal sbr. Safn II, 280 og Kålund, Isl. I, 454. Árbók 1900, bls. 9. [3]) Eyrb. 7/8, 8/9; Ldn. 13/99-100; Hksb. 74/32-3; Stb. 86/153-54.

Maður nokkur Þorbergur að nafni nam Langadal hvorntveggja (nú Stóra og Litla Langadal) og bjó hann í ytri Langadal eða Stóra Langadal. Skógaströndina inn eða austur til Laxár og til móts við Þorberg nam Steinn mjögsiglandi Vígbjóðsson, bróðir Þóris haustmyrkurs, og bjó á Breiðabólstað. Austasta hlutann af Skógaströnd inn frá Laxá og til Skraumuhlaupsár nam Ingólfur hinn sterki Ánason og Þorvaldur bróðir hans og bjó að Hólmslátri, austasta bænum á Skógaströnd. Eyjarnar fyrir utan Skógaströnd virðast fyrst hafa verið numdar löngu síðar, því þar nam Eirikur rauði Þorvaldsson land.[1])

Landnám í Dalasýslu.

Dálítil á, Gljúfrá að nafni, skilur Snæfellsnessýslu og Dalasýslu, en Skraumuhlaupsá, er nú er kölluð Skrauma, rennur í Hvammsfjörðinn nokkru austar. Landnám Ingólfs hins sterka náði því inn í Dalasýslu.

Því nær öll Dalasýsla var numin í þrennu lagi. Auður hin djúpúðga nam allan suður- og austurhluta sýslunnar, öll Dalalöndin, sem ganga upp frá Hvammsfjarðarbotni, alla leið frá Skraumuhlaupsá fyrir sunnan Hvammsfjörð og í kring um fjörðinn og að norðanverðu út með firðinum til Dögurðarár,[2]) er fellur í Hvammsfjörð utarlega í Hvammsveit milli Teigs og Ketilsstaða, beint fyrir norðan mynni Skraumuhlaupsár að sunnanverðu við fjörðinn. Frá landnámi Auðar nam Kjallakur Bjarnarson hins sterka alla Fellsströndina út til Klofninga og frá landnámi hans námu þeir fjelagar Geirmundur heljarskinn og Steinólfur hinn lági alla Skarðsströndina og Saurbæinn mestallan.

Af landnámsmönnum þessum kom annaðhvort Kjallakur eða Auður fyrst út og voru eigi mörg ár á milli útkomu þeirra.

[1]) Ldn. 13/102, 15/108, 14/104; Hksb. 75-7/33-4, 81/36; Stb. 87-9/154-55, 94/156. [2]) Sbr. Safn II, 561, Kålund, Isl. I, 486.

Kjallakur Bjarnarson var bróðurson Gjaflaugar Kjallaksdóttur, er átti Björn hinn austræni. Er alllíklegt, að Kjallakur hafi farið með Birni og föðursystur sinni austan af Jamtalandi og annaðhvort fylgst með þeim alla leið til Íslands (um 986) eða komið út litlu síðar. Hefur hann þá komið út frumvaxta eða nokkuð betur og annaðhvort fáum árum fyr en Auður eða á sömu árum og hún. Kjallakur bjó á Kjallaksstöðum á Fellsströnd og átti marga sonu; var hann kallaður Barna-Kjallakur.[1])

Auður hin djúpúðga Ketilsdóttir flatnefs var lengi fyrir vestan haf, og var gipt Ólafi konungi Guðröðarsyni, eins og fyr er sagt. Þá er hún hafði mist mann sinn (872) og Þorstein rauð son sinn (875), hefur hún dvalið alllengi í Orkneyjum eða í Suðureyjum ásamt tengdadóttur sinni og sonarbörnum, áður en hún hugði á Íslandsferð, eða gat farið að hugsa um hana. Systkini hennar og nánustu venslamenn voru flest fyrir vestan haf, en 886 fór Björn bróðir hennar til Íslands. Litlu síðar fór Helgi bróðir hennar þangað og þá Helgi hinn magri mágur hennar og systir, og þá fór hún sjálf að búast til brottferðar. Er alllíklegt, að hún hafi þá verið búin að fá frjett af Birni bróður sínum, og henni hafi þótt ráðlegra að leita þangað vegna barnabarna sinna, er þar var nóg land að velja um, en hins vegar bræður hennar báðir og önnur systir farin til Íslands. Auður lagði því af stað til Íslands um eða rjett eptir 890 með sonarbörn sín, nema eina dóttur, er hún hafði gipt Dungaði jarli. Á leiðinni kom hún við í Færeyjum og gipti þar Ólöfu dóttur Þorsteins rauðs, er varð ættmóðir Götuskeggja. Þá er Auður kom til Íslands, braut hún skip sitt á Vikarsskeiði við Ölfusá. Fór hún þá til Helga bjólans bróður síns á Kjalarnesi. Hann bauð henni að vera með helming liðs síns, en henni þótti boðið lítilmannlegt og vildi eigi þiggja það. Hún fór þá vestur í Breiðafjörð til Bjarnar bróður síns. Hann gekk í móti henni með húskarla sína og bauð henni að vera hjá sjer með alla menn sína, og það þá hún. Um

[1]) Ldn. 19/117-18; Stb. 111/160.

vorið eptir fór Auður í landaleit inn í Breiðafjörð með mönnum sínum. Þá gaf hún nafn Dögurðarnesi, er þau átu þar dagverð. Þau hjeldu síðan inn Hvammsfjörð. Á nesinu við Hvammsfjarðarbotn tapaði Auður kambi sínum og kallaði hún það Kambsnes. Auður kannaði löndin öll þar kringum fjörðinn, og nam Dalalönd öll í kringum allan Hvammsfjörð innanverðan frá Skraumuhlaupsá að sunnan við fjörðinn til Dögurðarár að norðanverðu við hann. Sjálf valdi Auður sjer bústað í Hvammi norðan við fjarðarbotninn við Örriðaárós. Var staður sá á 13. öld kallaður Auðartóptir, þar sem bær hennar stóð; hefur hann staðið nær sjó en bærinn í Hvammi stendur nú.

Auður hafði á skipi sínu 20 frjálsa karlmenn og var þeirra merkastur Kollur son Veðrar-Grims Ásasonar hersis. Hann hafði forráð með Auði, og var kvongaður Þorgerði Þorsteinsdóttur rauðs; fjekk hann hennar að því er segir í Laxdælu sama vor og Auður setti bú saman í Hvammi og með henni Laxárdalinn allan og til Haukadalsár í heimanfylgju; var það miðhlutinn úr landnámi Auðar. Kollur var síðan kendur við sveitina og kallaður Dala-Kollur.

Auður gaf fleiri skipverjum sínum land. Syðst og vestast í landnámi hennar fjekk Ketill nokkur land frá Skraumuhlaupsá til Hörðadalsár. Hann bjó á Ketilsstöðum. Hörðadalinn fyrir austan land Ketils gaf Auður Herði skipverja sínum að sögn Landnámu, en í Laxdælu segir að Hörður hafi fengið Hörðadalinn allan út til Skraumuhlaupsár og hann hafi búið á Hörðabólstað, en Ketill er þar eigi nefndur. Hörðabólstaður stendur fyrir austan Hörðadalsá í suður frá suðausturhorninu af Hvammsfirði.[1]) Þá fjekk Vífill Ketilsson leysingi Auðar Vífilsdalinn, sem er afdalur suðaustur úr Hörðudal. Hundi skotskur leysingi Auðar fjekk Hundadalinn og hjet bær hans svo. Sökkólfi leysingja sínum gaf Auður Sökkólfsdal og bjó hann á Breiðabólstað. Landareign þeirra var því fyrir austan Vífilsdal. Erpi Meldunssyni gaf Auður frelsi og Sauðafellslönd, að sögn Laxdælu á

[1]) Kålund, Lax. 363, sbr. sama, Isl. I, 460—61.

milli Tunguár og Miðár. Er líklegt að svo hafi verið, því þarna um Miðdalina er landrými mikið, og að einhver annar hafi fengið land fyrir norðan Erp, á milli Tunguár og Haukadalsár. Gæti verið að Eysteinn meinfretur hafi fengið þar land, er hann kvongaðist Þórhildi Þorsteinsdóttur og flutti að norðan. Þorbjörn nokkur er nefndur, sem bjó að Vatni, tengdafaðir Höskuldar Dala-Kollssonar, en hann virðist hafa búið fyrir norðan Haukadalsá eða í landnámi Dala-Kolls. Að því er Laxdæla segir, átti Höskuldur Jórunni Bjarnardóttur úr Bjarnarfirði á Ströndum, en Hallfríður Þorbjarnardóttir er þar eigi nefnd.

Auður var vegskona mikil; engin kona á landnámsöldinni er jafnfræg og hún. Þá er hún var orðin ellimóð, bauð hún vinum og frændum til veislu í Hvamm, og hjelt þá brúðkaup Ólafs feilans Þorsteinssonar rauðs og Álfdísar hinnar bareysku; hafði hún áður gipt allar dætur Þorsteins sonar síns. Að þessari veislu gaf hún að sögn Laxdælu Ólafi bústað sinn og eignir, og vinum sínum gjafir. Þá er veislan hafði staðið í þrjá daga, andaðist hún um nótt. Segir í Landnámu, að veislu þessari væri að boði hennar snúið upp í erfi eptir hana, og fanst mönnum mjög um, hve Auður hafði haldið virðingu sinni til dauðadags. Andlát Auðar hefur Munch ætlað að væri um 900, en Guðbrandur Vigfússon á árunum 908—10.[1])

Geirmundur heljarskinn, sem nam Skarðsströndina, var konungborinn og sjálfur herkonungur; er hann því talinn göfgastur allra landnámsmanna. Öll frásaga af feðrum hans er forneskjukend og óáreiðanleg. Faðir hans var Hjör konungur og segir sagan, að hann væri son Hálfs, er rjeð Hálfsrekkum. Móðir hans er nefnd Ljúfvina í Landnámu, konungsdóttir af Bjarmalandi, en í Hálfs sögu[2]) er hún nefnd Hagný Hakadóttir. Geirmundur var fæddur á Rogalandi, er faðir hans var í hernaði og er sagt, að hann væri svartur mjög á hörund og eins Hámundur bróðir hans; er sagt að

[1]) Ldn. 15-9/108-17; Hksb. 82-4/36-7; Stb. 95-110/156-60; Lax. 4-7/7-15. Munch, Hist. I, 527; Safn I, 225. [2]) Fas.[2] II, 17/45-6.

þeir væru tvíburar, en það er eigi líklegt, því Hámundur virðist hafa verið töluvert yngri, en bróðir hans.[1]) En báðir höfðu þeir bræður hið sama auknefni, og á faðir þeirra að hafa sagt, þá er drotning sýndi honum sveinana, að slík heljarskinn hefði hann eigi sjeð.

Geirmundur átti eignir á Rogalandi og þar hefur faðir hans verið. Hann herjaði í vesturvíking og var lengi í brottu; hefur hann tekið sjer bólfestu um hríð fyrir vestan haf eins og allmargir Norðmenn, einkum af Ögðum og Roga- og Hörðalandi, gerðu á þeim tímum. Þá er Geirmundur kom aptur til Noregs, hafði Haraldur hárfagri barist í Hafursfirði. Haraldur konungur hafði lagt undir sig alt Rogaland, og segir í Landnámu, að Geirmundur sæi þá engan annan sinn kost en ráðast brott, „því hann fékk þar öngvar sæmdir; hann tók þá þat ráð, at leita Íslands; til ferðar réðust með honum þeir Úlfr enn skjálgi, frændi hans, ok Steinólfr enn lági, son Hrólfs hersis af Ögðum ok Öndóttar, systur Ölvis barnakarls. Þeir Geirmundr höfðu samflot, ok stýrði sínu skipi hvárr þeirra; þeir tóku Breiðafjörð, ok lágu við Elliðaey; þá spurðu þeir, at fjörðrinn var bygðr it syðra, en lítt eða ekki it vestra". Hjer er sagt svo frá alveg eins og Geirmundur hafi farið frá Noregi til Íslands, þá er hann kom þar nokkru eptir Hafursfjarðarorustu, en þó kemur hann fyrst út til Íslands, þá er Breiðafjörður var bygður kringum Hvammsfjörðinn, eða síðar en landnámsmenn þeir, sem hjer hafa verið nefndir við Hvammsfjörð. Fyr en 893 hefur hann því eigi komið til Íslands og má setja útkomu hans, líkt og Guðbrandur Vigfússon hefur gjört, um 895. Það er rúmum 20 árum eptir Hafursfjarðarorustu. En þessu líkt er þetta opt í fornritum vorum um fyrri hluta landnámsaldarinnar. Þau láta menn þegar fara til Íslands eptir Hafursfjarðarorustu, og svipað þessu er frásögninni farið um för Auðar djúpúðgu til Íslands eptir fall Þorsteins rauðs. Annaðhvort er að Hafursfjarðarorusta hefur staðið 10 til 20 vetrum síðar en talið er, eða

[1]) Sbr. Safn I, 228.

söguriturunum hættir mjög um of við, að skýra frá því, sem varð fyrst nokkrum eða mörgum árum eptir orustuna, eins og það hafi orðið þegar eptir hana. Þessu verða menn sjerstaklega, að gjalda varhuga við, því eins og fyr er sýnt, má telja nærri víst, að Hafursfjarðarorusta hafi staðið árið 872.

Í Grettis sögu er skýrt frá því, að Geirmundur hafi verið fyrir vestan haf eptir Hafursfjarðarorustu og að þeir Þrándur Bjarnarson og Önundur trjefótur hafi spurt hann, hvort hann vildi eigi leita aptur til ríkis síns í Noregi, og boðið honum fylgd sína. En Geirmundur hafi þá sagt, að styrkur Haralds konungs væri orðinn svo mikill, að honum þætti þess lítil von, „at þeir fengi þar sæmdir með hernaði, er menn fengu þá ósigr, er at var dreginn allr landslýðr". Þó Grettis saga sje eigi mjög áreiðanleg, eins og hún er til vor komin, getur þó verið að töluvert satt sje í þessu; sjerstaklega má telja það víst, að Geirmundur hafi verið allmörg ár fyrir vestan haf eptir Hafursfjarðarorustu, áður en hann fór til Íslands.

Geirmundur lenti í Geirmundarvogi á Skarðsströnd og var hinn fyrsta vetur í Búðardal. Hann nam land sunnan frá Fábeinsá, sem rennur í Kvennhólsvog nokkru fyrir sunnan Klofninga.[1]) Kjallakur hafði áður numið land til Klofninga og kastaði Geirmundur nú eign sinni á nokkra sneið af landnámi hans. Út af því kom upp sundurþykkja mikil milli þeirra Geirmundar og Kjallaks og börðust þeir á ekrunum fyrir utan Klofninga og veitti Geirmundi betur. En síðan sætti Björn hinn austræni þá og Vestarr af Eyri.

Landnám Geirmundar náði norður á við til Klofasteina, sem menn ætla nú að sjeu Hringsteinar fyrir norðan Búðardal.[2]) Geirmundur bjó á Geirmundarstöðum undir Skarði. Hann hjelt sig með konunglegri rausn og hafði 80 frelsingja á heimili sínu. Honum þótti landnám sitt of lítið og fyrir því fór hann vestur á Strandir, og nam þar land frá Rytagnúp að sunnanverðu við Aðalvík, norður og austur til Horns og þaðan suður Strandirnar til Straumness. Fjekk hann þar nyrsta hlutann af Vestfjörðum, nálega allar strendur fyrir norðan 66° 20′. Á Hornströndum gjörði Geirmundur fjögur

[1]) Sbr. Safn II, 562. [2]) Kálund. Isl. I. 493.

bú, eitt í Aðalvík, annað í Kjaransvík, þriðja á almenningum hinum vestari og hið fjórða í Barðsvík. Hann ljet ármann sinn stýra búinu í Aðalvík, en þræla hinum þremur. Björn þræll hans, sem varðveitti búið á almenningunum, varð sekur um sauðatöku eptir dag Geirmundar. Varð þá fje hans upptækt og frá þeim tíma á land það, sem hann rjeð yfir, að hafa verið almenningar. Allmikið orð fór af því, hve Geirmundur væri auðugur og var sagt um hann eins og fleiri auðuga menn, að hann hefði falið fje sitt áður en hann dó. Á hann að hafa látið það í Andarkeldu undir Skarði. Geirmundur var sagður heldur gamall, er hann kom til Íslands, en þó hefur hann líklega eigi verið langt yfir fimtugt, því hann lifði allmörg ár á Íslandi.[1])

Steinólfur hinn lági Hrólfsson nam land inn frá Klofasteinum til Grjótvallarmúla, sem líklega er Holtshyrna,[2]) og auk þess dal einn í Barðastrandarsýslu, sem við hann var kendur. Steinólfur bjó í Fagradal á Steinólfshjalla. Hann gekk þar inn á fjallið, og sá fyrir innan dal mikinn og vaxinn allan viði; hann sá rjóður eitt í dalnum; þar ljet hann gjöra bæ á Torfnesi og kallaði Saurbæ, því að þar var mýrlent mjög, og svo kallaði hann allan dalinn. Sljettu-Björn hjet maður, er átti Þuríði dóttur Steinólfs, og nam hann með ráði tengdaföður sins vestra dalinn (Staðarhólsdalinn) í Saurbæ og bjó á Sljettubjarnarstöðum upp frá Þverfelli. Útgefendur Landnámu hafa ætlað, að Sljettu-Björn þessi hafi verið sami maðurinn og Sljettu-Björn Hróarsson, er fyrstur nam land suðaustanvert við Skagafjörðinn og bjó þar á Sljettubjarnarstöðum. Börn Bjarnar Hróarssonar eru talin og staðfestust þau öll nyrðra seint á landnámsöldinni og síðar hin yngstu; hefði hann þá átt að kvongast aptur og fara vestur til Steinólfs hins lága tengdaföður sins, ef þetta er sami maðurinn, en þess er hvergi getið; þó getur það verið, en eigi kemur það vel heim við tímatalið. Sonur Sljettu-Bjarnar og Þuríðar var Þjóðrekur faðir Víga-Sturlu og Þorbjarnar, sem saga

[1]) Ldn. 19-20/120-25; Hksb. 86-7/38-40; Stb. 112-13, 115/161-63; Sturl. I, 1-7/1-5; Grett. 2/2-3, 3/5; sbr. Safn I, 227—30. [2]) Safn II, 575—76.

Hávarðar hins ísfirðska segir mest af. Þjóðrekur rjeðst vestur til Ísafjarðar, af því honum þótti of þrönglent í Saurbæ. Hafði hann þó áður rekið í burt Ólaf belg, er hafði numið Belgsdal og bjó á Belgsstöðum, eptir það að Ormur hinn mjóvi rak hann úr Ólafsvík. Nam Ólafur nú land í þriðja sinn og fjekk þá suðurströndina við Gilsfjörð inn frá Grjótvallarmúla og bjó í Ólafsdal.[1])

En inst við Gilsfjörðinn milli Ólafsdals og Króksfjarðarmúla nam Gisl eða Gils skeiðarnef land og bjó að Kleifum.[2])

Landnám í Barðastrandarsýslu.

Einhverjir hinir merkustu landnámsmenn fyrir norðan Breiðafjörðinn voru þeir Hallsteinn Þórólfsson og Úlfur hinn skjálgi; þeir komu út með öðrum landnámsmönnum, og þótt þeir væru höfðingjar, voru þeir þó eigi aðalforingjar fararinnar. Þeir námu heldur eigi mjög stórt land, og engin landnám voru svo merk í Barðastrandarsýslu sem í Dalasýslu. Það er því best að skýra frá þeim í þeirri röð, sem þau liggja út með Breiðafirði frá Gilsfjarðarbotni.

Fyrir utan landnám Gisls nam Þórarinn krókur Króksfjörðinn frá Króksfjarðarnesi til Hafrafells, sem er milli Króksfjarðar og Berufjarðar. Landnám Gisls er miðað við Króksfjarðarmúla og svo er einnig gert í Gull-Þóris sögu um landnám Þórarins. Króksfjarðarmúli er upp af Króksfjarðarnesi og heitir nú Neshyrna, en Þórarinn krókur mun hafa reist sjer bæ vestan á nesinu, og er bæði bærinn og fjörðurinn kendur við hann.[3]) Í landnámi Þórarins og upp af Króksfirði vestanverðum var Steinólfsdalur, sem Steinólfur hinn lági nam. Steinólfsdalur er nú nefndur Bæjardalur.

---

[1]) Ldn. 21/126-28; Hksb. 88-90/40-41; Stb. 116-18/163-64. [2]) Ldn. 21/128; Hksb. 91/41; Stb. 119/164. [3]) Ldn. 22/128; Hksb. 92/41; Stb. 120/164; Gull-Þ. 1/5; Kålund, Isl. I, 508—9.

Ketill ilbreiður son Þorbjarnar tálkna nam Berufjörðinn. Hann hefur komið út með föður sínum og hafði áður numið suðurströndina af Arnarfirði frá Kópanesi, alla smádalina til Dufansdals. En er Þórarna dóttir hans giptist suður í Breiðafjörð, fór hann einnig þangað og nam Berufjörðinn; mun hann hafa fengið samþykki Úlfs hins skjálga til þess, því hann hafði áður numið Reykjanes alt, milli Þorskafjarðar og Hafrafells, hefur því Berufjörður verið í landnámi hans. Eins og þegar er sagt, kom Úlfur hinn skjálgi Högnason út með Geirmundi heljarskinn frænda sínum. Hann var kvongaður Björgu Eyvindardóttur austmanns, systur Helga hins magra. Er Reyknesingaætt frá honum komin.[1])

Hallsteinn Þórólfsson mostrarskeggs nam Þorskafjörð að því er segir í Landnámu Sturlu, en Þorskafjarðarströnd að sögn Hauksbókar. Hann bjó að Hallsteinsnesi og hefur hann því numið nesið alt fyrir vestan Þorskafjörðinn, á milli hans og Djúpafjarðar. Hallsteinn kom út með Birni hinum austræna (um 886); er líklegt að hann hafi verið fyrsta veturinn á Íslandi hjá Þórólfi föður sínum, en farið síðan norður yfir Breiðafjörð; hefur hann verið einhver elstur landnámsmaður í Barðastrandarsýslu og ónumið land bæði fyrir austan hann og vestan, þá er hann nam land. Þó er eigi líklegt að hann hafi numið Þorskafjörðinn báðu megin, heldur að eins að vestanverðu og fjarðarbotninn. Austurströnd Þorskafjarðar hefur verið í landnámi Úlfs hins skjálga, þótt hann kæmi síðar, og hefur hann átt Reykjanesið niður í sjó, og sjálfur fjörðurinn greint lönd þeirra Hallsteins og Úlfs. Ef Hallsteinn hefði numið ströndina af Reykjanesi Þorskafjarðarmegin, er allliklegt að hann hefði þá numið Reykjanesið alt; þó gæti verið að hann hafi átt eitthvað af ströndinni að austanverðu inn við fjarðarbotninn. Er því mjög líklegt að það sje nærri sanni, sem segir í Gull-Þóris sögu, að Hallsteinn hafi numið „allan Þorskafjörð fyrir

[1]) Ldn. 22/128-30, 26/139; Hksb. 93-4/41, 105/44; Stb. 121-2/164-5, 133/168; Gull-Þ. 1/4.

vestan", það er að segja fjörðinn sjálfan, og er það líkt og segir í Hauksbók, en þessi rit segja eigi, hve langt landnám hans náði vestur á bóginn. Hallsteinn átti Ósk Þorsteinsdóttur rauðs og hefur hann fengið hennar skömmu eptir að Auður hin djúpúðga kom út. Þeirra son var Þorsteinn surtur.[1])

Oddur skrauti og Þórir son hans komu út um 900 eða í byrjun 10. aldar, og er sagt að þeir næmu land í Þorskafirði. Landnáma getur eigi, hvers son Oddur hafi verið, en í Gull-Þóris sögu segir að hann væri sonur Loðvers konungs af Gautlandi, og er það tilbúningur. En eins og þegar er sagt, höfðu þeir Hallsteinn og Úlfur hinn skjálgi numið þar alt, og hafa þeir Oddur fengið land í landnámi þeirra. Oddur bjó í Skógum að austanverðu innarlega í Þorskafirði, og er allliklegt að hann hafi keypt þar land, eins og segir í sögu Þóris sonar hans. En Þórir fór utan og var í hernaði um hríð; er hann kom aptur, bjó hann á Þórisstöðum að vestanverðu í Þorskafirði. Af Þóri þessum er Gull-Þóris saga eða Þorskfirðinga saga.[2])

Þorbjörn loki son Böðmóðs úr Skut nam Djúpafjörð, þó eigi að austanverðu, og Grónes til Gufufjarðar.[3])

Gufufjörð og Skálanes til Kollafjarðar nam Ketill gufa, son Örlygs Böðvarssonar, mágs Úlfs hins skjálga og þeirra feðga. Ketill „kom út síð landnámatíðar, segir í Landnámu, en eptir frásögn Eglu ætti hann að hafa komið út um miðja 10. öld, því þar er sagt frá útkomu hans eptir síðustu (fjórðu) utanferð Egils Skallagrímssonar; mun sá, er Eglu hefur ritað, hafa ætlað að hann kæmi út þá eða á meðan Egill var ytra í síðasta sinn. Ketill hafði verið í vesturvíking og haft af Írlandi þræla nokkra. Ketill tók Rosmhvalanes og sat þar hinn fyrsta vetur að Gufuskálum. Um vorið fór hann inn á Nes og sat á Gufunesi annan vetur. Þá hljópu tveir þrælar hans, Skorri hinn eldri og Flóki, frá honum með konur tvær og

[1]) Ldn. 23/130-32; Hksb. 95/42; Stb. 123/165; Eyrb. 3/5, 6/7, 7/9; Gull-Þ. 1/3, sbr. Indledningen XIX, þar sem dr. Kálund ætlar ekki líklegt að Hallsteinn hafi numið vesturströndina eina af Þorskafirði. [2]) Ldn. 19/123-24; Gull-Þ. 1/5, 7/18, 19/19. [3]) Ldn. 23/132; Hksb. 96/42; Stb. 124/165-6.

fje upp í Borgarfjörð eins og fyr er sagt. Ketill fjekk engan bústað á Nesjum og fór þá upp í Borgarfjörð, og var þriðja veturinn að Gufuskálum við Gufá. Vorið eptir fór hann vestur í Breiðafjörð að leita sjer landa. Hann kom á Geirmundarstaði og bað Ýrar Geirmundardóttur og fjekk hennar; vísaði Geirmundur honum þá til landa fyrir vestan Breiðafjörð. Á meðan Ketill var í þessari ferð, fóru þrælar hans um nótt á Lambastaði og brendu þar inni Þórð Þorgeirsson og hjón hans öll, brutu síðan búr hans og báru út gripi og fje, og fluttu burt á hrossum Þórðar; ætluðu þeir út á Álptanes. Um morguninn kom Lambi hinn sterki son Þórðar heim af alþingi; hafði hann sjeð eldinn álengdar um nóttina og veitti hann nú þrælunum eptirför og drap þá alla fjóra; eru dauðastaðir þeirra kendir við þá.

Þá er Ketill kom aptur, fór hann vestur fyrir Mýrar og var hinn fjórða vetur á Snæfellsnesi að Gufuskálum, áður en hann fór vestur í Gufufjörð; hefur hann að líkindum búið í Gufudal, því hann er kendur við hann.[1])

Í frásögu þessari hlýtur að vera blandað málum um útkomu Ketils gufu og dráp Þórðar Þorgeirssonar. Hafi Ketill komið út á meðan Geirmundur heljarskinn var á lífi, hefur hann orðið að koma um 930, því lengur mun hann ekki hafa lifað. Geirmundur var tvígiptur og segir í Landnámu, bæði bók Sturlu og Hauks, að Ýr væri dóttir fyrri konu hans, en það getur varla verið, heldur hefur Geirmundur átt hana við Þorkötlu Ófeigsdóttur annari konu sinni og væri þá Ýr fædd í lok 9. aldar eða um 900; hefði hún þó verið milli þritugs og fertugs, er hún giptist Katli, en þau áttu tvo sonu eða þrjá svo getið sje.[2])

Hins vegar hefur Ketill eigi komið fyr út en um 930; á það bendir hve albygt landið var, er hann kom. Það gæti og verið að hann hefði eigi komið út fyr en um 936, þá er Egill var í þriðju utanferð sinni. Það kæmi betur heim við aðra viðburði, er sagt er frá í sambandi við útkomu hans.

[1]) Ldn. 24/132-35, sbr. 19/58-9; Hksb. 97/42-3; Stb. 125/166; Melab. 38/241; Eg. 77/280-82. [2]) Hks. 87/40; Stb. 115/163; Melab. 30/239; Eg. 77/282. Sbr. Safn I, 231, 359—60.

Þórður Þorgeirsson og Egill Skallagrímsson voru systrasynir, og Þórður var á lífi, er Skallagrímur andaðist um 934. Þingreið var þá byrjuð og landið numið, svo erfitt var að ná í ónumið land. Geirmundur heljarskinn hefur þá að líkindum verið andaður, svo þá væri skakt, að Ketill hafi fengið dóttur hans að honum lifandi, en hins vegar hefur hann eigi fengið hennar síðar en um 936. Lambi Þórðarson hefur ef til vill þá verið of ungur til þess að ríða á þing og hefna síðan föður síns, en líklegast er að hjer sje villan fólgin í frásögninni um dráp Þórðar. Það sem telja má satt í þessu er útkoma og landnám Ketils gufu og kvonfang hans um 930—936; það sanna niðjar hans, og sjálfur var hann og Úlfur hinn skjálgi systkinasynir, svo hann hefur þá verið farinn að eldast nokkuð. Enn fremur hafa þrælar hans unnið illvirki og bera örnefnin, sem við þá eru kend, að líkindum áreiðanlegt vitni um það og dráp þrælanna.

Fyrir vestan landnám Ketils hafði Kolli Hróaldsson numið Kollafjörðinn og Kvígandanes, nesið milli Kollafjarðar og Kvígandafjarðar, og Kvígandafjörð.[1]) Frá Kvígandafirði nesin öll til Barðastrandar nam Knjúkur (eða Knútur) son Þórólfs sparar og var hann kallaður Nesja-Knjúkur. Hann kom út ásamt föður sínum með Örlygi hinum gamla Hrappssyni. Með ráði Knjúks nam Geirsteinn kjálki Kjálkafjörð og Hjarðarnes; hefur það að líkindum verið vestasti hlutinn af landnámi Knjúks og Geirsteinn því numið það með samþykki hans. Þá nam Geirleifur, son Eiríks Högnasonar hins hvíta, frændi þeirra Úlfs hins skjálga, Barðaströndina milli Vatnsfjarðar og Berghlíða, sem mun vera sama og Skorarhlíðar nú; hann var afi Gests hins spaka Oddleifssonar.[2])

Rauðasand fyrir vestan Barðaströnd nam Ármóður hinn rauði Þorbjarnarson, fóstbróðir Geirleifs, og er þá komið vestur að Keflavík fyrir austan Látrabjörg.

---

[1]) Ldn. 25/135; Stb. 126/167. Í Hksb. 98/43 er Kolla ruglað saman við Dala-Koll Veðrar-Grímsson. [2]) Ldn. 25/135-37; Hksb. 99-101/43-4; Stb. 127-29/167.

Örlygur hinn gamli kom út í Patreksfirði eins og fyr er sagt. Af skipverjum hans eru þeir Kollur, fóstbróðir hans, Þórólfur spörr og þeir bræður Þorbjörn tálkni og Þorbjörn skúma Böðvarssynir blöðruskalla nefndir. Þá er Örlygur sigldi suður, urðu þeir eptir á Vestfjörðum. Nam Þórólfur spörr Patreksfjörð hálfan, að sunnanverðu að likindum, og víkurnar fyrir vestan Barð, nema Kollsvík, og Keflavík fyrir sunnan eða rjettara sagt fyrir austan Barð. Hann bjó að Hvallátrum og var Nesja-Knjúkur einn af sonum hans. Í Kollsvík fyrir sunnan Straumnes bjó Kollur, fóstbróðir Örlygs, en Patreksfjörð hálfan og Tálknafjörð allan til Kópaness námu þeir bræður Þorbjörn skúma og Þorbjörn tálkni. Sonur Þorbjarnar tálkna var Ketill ilbreiður og nam hann alla þverdalina fyrir sunnan Arnarfjörð frá Kópanesi til Dufansdals við Fossfjörð, áður en hann fór suður í Berufjörð.[1])

Dufansdalur er kendur við Dufan leysingja Ánar rauðfelds, er þar bjó eptir, þá er Án hafði verið þar einn vetur. En firðina alla þar fyrir austan inn úr syðra arminum af Arnarfirði, Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð og Geirþjófsfjörð, nam Geirþjófur Valþjófsson, tengdasonur Úlfs hins skjálga, og bjó hann í Geirþjófsfirði.[2])

Um landnám á eyjum í Breiðafirði er eigi getið á landnámsöldinni nema eitt. Það var á eyjunum fyrir vestan Bjarneyjaflóa, eða helstu eyjunum í Eyjahrepp nú. Þær nam maður, er hjet Þrándur mjóbeinn, og bjó hann í Flatey. Hann var ættaður af Ögðum og fór til Íslands með Geirmundi heljarskinn; hann átti dóttur Gils skeiðarnefs.[3])

---

[1]) Ldn. 12/43-4, 26/139; Hksb. 15/11, 103-5/44; Stb, 15/135, 131-3/168.
[2]) Ldn. 26/140-41; Hksb. 107-8/45; Stb. 135-6/168-9. [3]) Ldn. 19/123; Hksb. 86/39; Stb. 114/162.

Landnám i Ísafjarðarsýslu.

Arnarfjörður er kendur við Örn frænda Geirmundar heljarskinns. Hann var sagður ágætur maður og fór hann af Rogalandi fyrir ofriki Haralds konungs, og kom fyrstur landnámsmanna í Arnarfjörð; nam hann þar land svo vitt sem hann vildi og sat um veturinn á Tjaldanesi, er blasir við suðri á norðurströnd fjarðarins; valdi hann sjer þar vetursetu, af því að sól gekk eigi þar af um skammdegi. En Örn var eigi lengi í Arnarfirði, því hann spurði til Hámundar heljarskinns frænda síns norður í Eyjafirði og fýstist hann þangað. Seldi hann þá Áni rauðfeld lönd öll milli Langaness, sem er á sýslumótum í Arnarfirði milli Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu, og Stapa, utarlega á norðurströnd Arnarfjarðar, og hefur þetta verið landnám Arnar. Án kom til Íslands vetri síðar en Örn og var hann hinn fyrsta vetur í Dufansdal, og síðan keypti hann land af Erni. Örn var því að eins tvo vetur vestra, og hefur hann komið síðar til Íslands en þeir Helgi hinn magri og Hámundur eða nokkru eptir 890.

Án rauðfeldur er í Landnámu kallaður sonur Grims loðinkinna og Helgu Ánardóttur bogsveigis. Hefur hann eptir því átt að vera samfeðra bróðir Örvar-Odds, og systrungur Þorsteins Ketilssonar raums, en Ketill hængur landnámsmaður í annan stað móðurbróðir Ánar bogsveigis, en slíkt nær eigi neinni átt.[1]) Það getur ef til vill verið, að Án rauðfeldur hafi verið af Hrafnistuættinni, en þessar ættir eru forneskjuættir, sem enginn getur greitt úr og sagt, hvað satt er í þeim. Missætti við Harald konung hinn hárfagra var orsök til þess að Án fór af landi brott; var hann þá í vesturvíking og herjaði á Írland og fjekk þar Grelaðar dóttur Bjartmars jarls. Síðan fóru þau bæði til Íslands og komu

---

[1]) Ldn. 26/140, 2/173, 18/55, 3/281; Eg. 1/3, 23/69; Áns. s., Fas. II 1/326, 7/361, Gríms s. l., Fas. II 3/155-57; Vatn. 1/3; sbr. Safn I, 243.

út í Arnarfirði. Þá er Án hafði tekið við landi Arnar, gerði hann bú á Eyri, er síðar var nefnd Hrafnseyri, og er sagt að Grelöðu hafi þótt þar hunangsilmur úr grasi. Bjartmar hjet son þeirra hjóna og hefur það verið föðurnafn móður hans.[1])

Norður frá Stapa Sljettunesið og Keldudal sunnan við Dýrafjörð utarlega og til Háls hins ytra þar við fjörðinn nam maður, er hjet Eirikur, en á milli Hálsa sunnan við Dýrafjörð nam land Vjesteinn Vjegeirsson, bróðir Vjebjarnar Sygnakappa og bjó í Haukadal. Þeir Vjesteinn komu seint út, því hann átti Þórhildi Bjartmarsdóttur, sonardóttur Ánar rauðfelds. Börn þeirra voru Vjesteinn og Auður, er segir frá í sögu Gísla Súrssonar.[2])

Dýrafjörðinn allan inn frá landnámi Vjesteins að sunnanverðu og út til Jarðfallsgils að norðanverðu nam Dýri, er fór af Sunnmæri fyrir ofríki Haralds hárfagra til Íslands. Út með firðinum að norðanverðu frá Jarðfallsgili, milli Hjarðardals og Gemlufalls,[3]) til Þúfu á Hjallanesi nam Þórður Vikingsson land og bjó í Alviðru; sögðu sumir að hann væri sonur Haralds hárfagra, en hann hefur að líkindum verið of gamall til þess að geta verið það Hann var tengdasonur Eyvindar austmanns, föður Helga hins magra, og er mikil ætt frá honum komin.[4])

Ingjaldssand út með Önundarfirði að sunnanverðu milli Hjallaness og Ófæru nam Ingjaldur Brunason, en Önundarfjörðinn allan að innanverðu og alla leið út með firðinum að norðanverðu nam Önundur Víkingsson, bróðir Þórðar í Alviðru; hann bjó á Eyri.[5])

Súgandafjörð og Skálavík norður til Stiga nam Hallvarður súgandi; hann hafði verið fjelagi Önundar trjefóts og barist í Hafursfirði móti Haraldi hárfagra.[6])

Þuríður sundafyllir og Völu-Steinn, son hennar, námu Bolungarvík út með Ísafjarðardjúpi að sunnanverðu

---

[1]) Ldn, 26/139-41; Hksb. 106-7/144-5; Stb. 134-5/168-9. [2]) Ldn. 27/142; Hksb. 109-10/145-6; Stb. 137-38/169. [3]) Kålund, Isl. I, 577-8. [4]) Ldn. 27/143-44; Hksb. 111-12/146; Stb. 139-40/169-70. [5]) Ldn. 28/145, 29/147; Hksb. 113, 115/146; Stb. 141/170, 143/171. [6]) Ldn. 29/147; Hksb. 114/146; Stb. 144/171; Grett. 1/1-2, 5/12-3.

og bjuggu í Vatnsnesi. Þau voru af Hálogalandi og hafði Þuríður fengið auknefni sitt af því, að hún seiddi til þess í hallæri á Hálogalandi, að hvert sund var fult af fiskum.[1])

Helgi son Hrólfs úr Gnúpufelli nam þar land næst fyrir innan við Skutilsfjörðinn. Helgi var „getinn austr" þ. e. í Noregi og upplenskur að móðurætt. Faðir hans Hrólfur kvongaðist Þórörnu dóttur Þrándar mjóbeins og hefur því Helgi verið óskilgetinn og faðir hans átt hann, áður en hann fór til Íslands um 890 með Helga magra föður sínum. Þórunn hyrna móðir Hrólfs átti síðasta barn sitt á öðru vori eptir að þau Helgi komu til Íslands; getur því Hrólfur son þeirra eigi verið fæddur fyr en um 865, en líklega einu eða tveim árum síðar, og Helgi sonur hans væri þá fæddur um 888. Hann fór til Íslands að vitja frænda sinna og var Eyjafjörður albygður, er hann kom út. Hrólfur var þá kvongaður og átti allmörg börn; er líklegt að Helgi hafi eigi fengið eins góðar viðtökur og hann ætlaði, því hann vildi fara utan aptur, en varð apturreka í Súgandafjörð. Hann var með Hallvarði um veturinn, en um vorið fór hann að leita sjer bústaðar; fann hann þá fjörð einn og hitti þar skutil í flæðarmáli og kallaði því fjörðinn Skutilsfjörð. Þar nam hann síðan land, þó eigi allan fjörðinn, því Þórólfur brækir nam nokkuð af honum. Þórólfur nam einnig Skálavík og bjó þar; hefur hann því numið land í landnámi Hallvarðs, og er ekki ólíklegt að hann hafi verið skipverji Helga.

Útkoma og landnám Helga Hrólfssonar hefur eigi verið fyr en um 910—12, og nær það eigi neinni átt, sem segir í Landnámu, að Helgi hafi átt son, Þorstein ógæfu, sem færi utan og vægi hirðmann Hákonar jarls Grjótgarðssonar, því jarl fjell um 900. Hefur það verið einhver annar Þorsteinn ógæfa en sonur Helga Hrólfssonar, er vá hirðmanninn, eða það hefur verið hirðmaður Sigurðar jarls Hákonarsonar, eða einhvers annars yngri jarls en Hákonar Grjótgarðssonar, er veginn var. Guðbrandur Vigfússon hefur getið upp á, að Þorsteinn muni hafa verið sonar sonur Hrólfs frá Ám, lang-

[1]) Ldn. 29/147; Hksb. 116/46; Stb. 145/171-2.

afa Helga magra. Virðist sú getgáta eigi vera bygð á öðru en Hrólfsnafninu, í líkingu við að Landnáma telur vegandann sonarson Hrólfs úr Gnúpufelli.[1])

Næstu tvo firðina suður úr Ísafjarðardjúpi, Álptafjörð og Seyðisfjörð, nam Eyvindur knje af Ögðum.[2]) Þá var landnám Vjebjarnar Sygnakappa eða Sygnatrausta milli Skötufjarðar og Hestfjarðar. Hann var sonur Geirs nokkurs í Sogni og var hann kallaður Vjegeir, af því að hann var blótmaður mikill. Synir hans voru sex og var Vjebjörn þeirra elstur. Allir voru þeir kendir við vje og kallaðir Vjesteinn, Vjeþormur, Vjemundur, Vjegestur og Vjeþorn og eins systir þeirra Vjedís. Þorsteinn nokkur ógæfa, sem Landnáma kallar son Helga Hrólfssonar, vá hirðmann Hákonar jarls Grjótgarðssonar, en Eyvindur ráðgjafi jarls sendi Þorstein til handa Vjebirni. Hann tók við honum, en fyrir það seldi Vjebjörn eignir sínar og fór til Íslands með systkinum sínum, því hann treystist eigi að halda manninn fyrir jarli. Þau tóku um haustið Hlöðuvík fyrir vestan Horn. Þá blótaði Vjebjörn; kvað hann Hákon jarl blóta þann dag þeim til óþurftar og vildi hann koma í veg fyrir áhrifin af blóti hans. En er hann var að blótinu, eggjuðu bræður hans hann brautfarar, og stóðst hann eigi eggjunarorð þeirra, gáði eigi blótsins og ljet út. En þann dag brutu þeir skip sitt undir hömrum miklum í illviðri og komust nauðulega upp, þar sem síðan heitir Sygnakleif, rjett fyrir norðan Atlastað í Fljóti. Tók Atli þræll Geirmundar heljarskinns við þeim öllum um veturinn, án þess að leita leyfis hjá Geirmundi. Kvaðst þrællinn hafa gert það til þess að sýna, hversu mikið göfugmenni Geirmundur væri, er hann ætti þræl, er þyrði að taka slík stórræði á sig. Geirmundur gaf Atla frelsi og bú það, er hann varðveitti, fyrir hið stórmannlega úrræði hans.

Útkoma þeirra Vjebjarnar hefur eigi verið fyr en nokkrum árum eptir að Geirmundur heljarskinn nam land á Hornströndum. Bendir ýmislegt á, að Vjebjörn hafi komið heldur

---

[1]) Ldn. 29/148; Hksb. 117-18/47; Stb. 146-7/172; Safn I, 258. [2]) Ldn. 29/148; Hksb. 119/47; Stb. 148/172.

seint út; þannig er sagt að hann hafi verið veginn á fjórðungsþingi á Þórsnesi, en það var sett á stofn af Þórði gelli líklega eigi fyr en landinu var skipt í fjórðunga um 965. Í Hauksbók segir, að það hafi verið á Þingeyrarþingi við Dýrafjörð, og fellur það betur við, að missætti við Hákon jarl Grjótgarðsson hafi valdið brottför hans, sem þó er eigi líklegt. Einnig bendir Gísla saga Súrssonar á, að þeir bræður hafi komið út á seinni hluta landnámsaldar eptir því, sem þar segir um Vjestein Vjegeirsson, er land nam við Dýrafjörð, og enn fremur mægðir allar.[1])

Skötufjörð, Ögurvík og Laugardal til Mjóvafjarðar námu þeir Gunnsteinn og Halldór synir Gunnbjarnar Úlfssonar, er Gunnbjarnarsker eru kend við. En landið inst inni við Ísafjarðarbotn, frá Mjóvafirði og kringum Ísafjörðinn til Langadalsár, nam Snæbjörn Eyvindarson austmanns, bróðir Helga magra, og bjó í Vatnsfirði.[2])

Að norðanverðu við Ísafjörðinn inst eða austast frá Langadalsá og út með Djúpinu til Sandeyrarár nam Ólafur jafnakollur land alt og bjó í Unaðsdal. Frá Sandeyrará á Snæfjallaströnd, suðurströndina á Jökulfjörðum og til Gýjarsporsár í Hrafnsfirði nam land Þórhólfur fasthaldi og bjó að Snæfjöllum. Segir að ósætti við Hákon jarl Grjótgarðsson hafi valdið brottför hans úr Sogni.

Þá eru eptir Jökulfirðir og Sljetta norður að landnámi Geirmundar heljarskinns á Hornströndum, og er Örlygur Böðvarsson talinn þar fyrstur landseigandi. Örlygur var faðir Ketils gufu og fór til Íslands fyrir ofríki Haralds hárfagra og var hann hinn fyrsta vetur með Geirmundi. Hann gaf Örlygi bú í Aðalvík og lönd þau, sem þar lágu til; en er Örlygur var kominn norður í Aðalvík, eignaðist hann Sljettu og Jökulfirði.[3])

Landnám Geirmundar heljarskinns á Hornströndum náði austur til Straumness. Það hefur verið áður nefnt, en hjer mætti geta þess að í Fljóti er bær, sem heitir Atlastaðir, að

[1]) Ldn. 29 148-50; Hksb. 120/47-8; Stb. 149/172-3; Sturl. I, 5/4; Gísl. 8; Ldn. 31/155. [2]) Ldn. 29-30/150-51; Hks. 121-22/48; Stb. 150-51/173. [3]) Ldn. 31/155-6; Hksb. 123-5/51; Stb. 153-5/174-5.

likindum eptir Atla þræli Geirmundar: bendir skipbrot Vjebjarnar Sygnakappa og örnefni þetta á, að Atli hafi varðveitt þar bú fyrir Geirmund, en ekki í Barðsvík, eins og segir í Landnámu.[1])

Frá Straumnesi og suðaustur að Dröngum í Strandasýslu nam Hella-Björn land. Í landnámi hans er Geirólfsgnúpur, en þar eru landamæri milli Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Gnúpur þessi fjekk nafn af Geirólfi nokkrum, er braut skip sitt við gnúpinn skömmu eptir að Björn hafði numið land. Settist Geirólfur að í landnámi Bjarnar og bjó að hans ráði undir gnúpnum. Er líklegt að það hafi verið að vestanverðu við gnúpinn (nú í Ísafjarðarsýslu), því sjálfur bjó Björn að sunnanverðu við hann.[2])

Landnám í Strandasýslu.

Hella-Björn Herfinnsson var víkingur mikill og óvinur Haralds hárfagra. Hann tók land í Bjarnarfirði norðarlega í Strandasýslu og hafði þá skip sitt alskjaldað að víkinga sið, en af því var hann kallaður Skjalda-Björn á Íslandi. Hann reisti bæ í Skjaldabjarnarvík fyrir sunnan Geirólfsgnúp, en annað bú átti hann á Bjarnarnesi og getur Landnáma um skálatóttir þar eptir hann.

Firðina nokkru fyrir sunnan Dranga námu bræður þrír, Eyvindur Eyvindarfjörð, Ófeigur Ófeigsfjörð og Ingólfur Ingólfsfjörð. Þeir voru synir Herröðar hvítaskýs, göfugs manns, er Haraldur hárfagri ljet drepa, og fóru þá synir hans til Íslands. Frá Ingólfsfirði til Ófæru sunnanvert við miðja Veiðileysu nam Eiríkur snara land allt. Á því svæði er Trjekyllisvík og Reykjarfjörður og bjó Eiríkur í Trjekyllisvík.[3])

---

[1]) Ldn. 20/124; Hksb. 87/39; Stb. 115/163; sbr. Kålund, Isl. I, 612—13.
[2]) Ldn. 31/156; Hksb. 126-7/51; Stb. 156-7/175. [3]) Ldn. 31/156-7; Hksb. 128-9/51-2; Stb. 159-60/175-76.

Ströndina frá Ófæru til Kleifa nam Önundur trjefótur Ófeigsson burlufóts; þar eru víkur þrjár, Byrgisvík, Kolbeinsvík og Kaldbaksvík. Önundur bjó í Kaldbaksvík og var hann frægastur allra landnámsmanna á Ströndum. Er allmikið af honum sagt í Grettis sögu. Föðurætt hans var af Rogalandi, en móðurætt hans var upplensk. Var Guðbjörg systir Önundar langamma Ólafs hins helga. Önundur rjeðst snemma í víking og barðist móti Haraldi hárfagra í Hafursfirði og ljet þar fót sinn; segir svo í Landnámu, að hann færi eptir orustuna í Hafursfirði til Íslands, en það gerði hann fyrst hjer um bil 30 árum síðar (um eða rjett eptir 900). Þá er hann kom til Íslands, var alt numið á Ströndum, nema víkur þessar, og gaf Eiríkur honum Veiðileysu alla og Reykjarfjörðinn og Reykjarnesið alt að sunnanverðu. Átti Önundur annað bú í Reykjarfirði, þá er fje hans tók að vaxa.[1])

Í Hafursfirði var Önundi borgið á skip Þrándar Bjarnarsonar; voru þeir síðan fyrir vestan haf, einkum í Suðureyjum. Þar fjekk Önundur Æsu, dóttur Ófeigs grettis. Hann fór með Þrándi til Noregs, er hann sótti föðurarf sinn. Fór þá Þrándur til Íslands, en Önundur fann frændur sína á Rogalandi og var á laun með þeim. Hann drap ármann þann, sem konungur hafði skipað yfir eignir hans, og einnig veitti hann lið sonum Öndótts kráku, Ásmundi og Ásgrími, þá er þeir hefndu föður síns. Síðan fór hann frá Noregi til Íslands tveim vetrum síðar en Þrándur Bjarnarson, ef marka má frásögn Grettlu um þetta.[2])

Bjarnarfjörðinn fyrir sunnan Kaldbak hafði Björn nokkur numið, áður en Önundur kom út og sömuleiðis Steingrímur nokkur allan Steingrímsfjörðinn, stærsta fjörðinn í Strandasýslu. Steingrímur bjó í Tröllatungu fyrir sunnan fjörðinn. Þá kom landnám Kolla nokkurs um Kollafjörðinn og Skriðnisenni, og bjó hann undir Felli. Bitrufjörðinn nam víking-

[1]) Ldn. 32/157-8; Hksb. 130/52; Stb. 161/176; Grett.[2] 1/1-2, 9/21-4. Ekki er rjett í Grettlu að Önundur hafi hitt húskarla Þorvalds frá Dröngum, er hann kom nær Ströndum, því Þorvaldur kom út um miðja 10. öld. [2]) Grett. 2-8/4-21, sbr. Safn I, 234—37.

urinn Þorbjörn bitra. Nokkru síðar braut Guðlaugur, bróðir Gils skeiðarnefs, skip sitt við höfðann að sunnanverðu við Bitrufjarðarmynni. Komst hann á land og kona hans og dóttir, en aðrir menn týndust. Þá kom til Þorbjörn bitra og myrti þau bæði, en tók meyna og fæddi upp. En er Gils skeiðarnef varð þessa var, hefndi hann bróður síns og drap Þorbjörn bitru. Við Guðlaug er kendur höfðinn og vík ein fyrir sunnan hann.[1])

Bálki Blæingsson var fjelagi Önundar trjefóts á fyrstu víkingaárum hans og barðist móti Haraldi hárfagra í Hafursfirði. Hann fór til Íslands hjer um bil tíu árum fyr en Önundur og nam Hrútafjörð allan, að líkindum alla leið út á Bálkastaðanes að austanverðu. Hann bjó á Bálkastöðum hvorum tveggjum, en síðast í Bæ og dó þar. Báðir Bálkastaðir eru að austanverðu í firðinum, í Húnavatnssýslu, og hinir ytri langt út með firðinum, á Bálkastaðanesi. Sonur Bálka var Bersi goðlaus; hann bjó fyrst á Bersastöðum í Hrútafirði, en síðan nam hann Langavatnsdal.

Landnám Bálka var allmikið, enda námu ýmsir menn land í því og þar á meðal kona ein, Arndís hin auðga, dóttir Steinólfs hins lága. Hún nam land í Hrútafirði út frá Borðeyri og bjó í Bæ; hefur það verið seint á landnámsöldinni. Inn frá Borðeyri námu bræður tveir land, Þröstur og Grenjaður Hermundarsynir hokins. Þeir bjuggu að Melum.[2])

---

[1]) Ldn. 32/158-59; Hksb. 131-34/52; Stb. 162-65/176. [2]) Ldn. 32-3/159-60; Hksb. 135-7/52-3; Stb. 166-8/176-7.

Landnám í Húnavatnssýslu.

Fyrir austan Hrútafjörð er getið um tvo menn, sem námu land í landnámi Bálka. Annar þeirra hjet Þóroddur og bjó hann á Þóroddsstöðum, sem eru gagnvart Borðeyri. Hinn var Eysteinn meinfretur Álfsson. Hann nam land á Hrútafjarðarströnd hinn eystri „næst eptir Bálka“, og mun það svo að skilja, að hann hafi fengið land næst frá Bálkastaðalandi hinu ytra og þá nokkuð inn með firðinum, líklega inn til Þóroddsstaðalands. En Eysteinn bjó þar einungis nokkra vetur, því hann fjekk Þórhildar dóttur Þorsteins rauðs og rjeðst þá suðvestur í Dali og bjó þar.[1])

Næst fyrir norðan landnám Bálka nam Björn son Skútaðar-Skeggja land. Hann var kaupmaður og fór kaupferðir til Hólmgarða. Var hann sökum kaupskapar síns kallaður Skinna-Björn. Þá er honum leiddust kaupferðir, fór hann til Íslands og nam Miðfjörðinn og Línakradal. Sonur hans var Miðfjarðar-Skeggi, er bjó á Reykjum í Miðfirði, og var garpur mikill og frægur farmaður í lok landnámsaldarinnar.[2])

Ef landnám Skinna-Bjarnar hefur eigi náð lengra en út yfir Línakradal, þá hefur verið allmikið svæði út með Miðfirði að austanverðu og eitthvað vestan af Vatnsnesinu syðst, er eigi segir hver hafi numið. Næsti landnámsmaður hjer fyrir norðan var Haraldur hringur, er lenti í Vesturhópsósi, nú Sigríðarstaðaós,[3]) og sat hinn fyrsta vetur þar rjett hjá; var vetursetustaður hans síðan nefndur eptir honum og kallaður Hringstaðir. Haraldur nam Vatnsnes alt að vestanverðu fyrir utan Ambáttará, sem rennur um Ambáttardal í Tjarnará,[4]) en að austanverðu inn til Þverár, „ok þar yfir um þvert til Bjargaóss ok allt þeim megin bjarga út til sjávar“, og bjó að Hólum. Bjargaós er að líkindum Hópsós nú.[5])

---

[1]) Ldn. 1/168; Hksb. 138-9/57; Stb. 172-3/180. [2]) Ldn. 1/169-70; Hksb. 140/57-8; Stb. 174/180-1. [3]) Kálund. Isl. II. 13—14. [4]) Árbók 1895, bls. 2. [5]) Ldn. 1/170; Hksb. 141/58; Stb. 175/181.

Fyrir sunnan vesturhelminginn af landnámi Haralds hrings nam maður nokkur að nafni Sóti Vesturhópið og bjó undir Sótafelli, en svo heitir fjallshnúkurinn fyrir vestan Breiðabólsstað. Vesturhópsvatn hefur að líkindum greint landnám hans að austan, en fjöll (Þrælsfell o. fl.) að vestan. Norðan við Sótafell er dalur, sem heitir Ormsdalur, og ætla menn að það sje dalur sá, er Ormur landnámsmaður nam; er þar enn rúst mikil, sem heitir í Ormstöðum; hefur hann bygt í landnámi Sóta, og hefði Landnáma átt að telja hann næst eptir Sóta.[1])

Fyrir sunnan og vestan landnám Sóta er Víðidalurinn. Hann gengur suður af Hópinu og er langur mjög. Hann nam Auðunn skökull Bjarnarson og bjó á Auðunarstöðum. Dóttir Auðunnar var Þóra mosháls, móðir Úlfhildar, er giptist Guðbrandi kúlu; þeirra dóttir var Ásta móðir Ólafs konungs hins helga.[2])

Fyrir austan Víðidalsfjall er Vatnsdalurinn og er hann sögurikasta sveitin í Húnavatnssýslu á landnámaöld. Þar settist að Ingimundur Þorsteinsson, hinn göfgasti landnámsmaður í Húnavatnssýslu. Hann var úr Raumsdal, og hafði Þorsteinn faðir hans að áeggjan föður síns unnið sjer það til frægðar á æskualdri að drepa stigamann einn, Jökul að nafni, er lá fyrir mönnum, er fóru úr Raumsdal til Upplanda. Hefur það verið í Lesjaskógi, sem leið liggur í gegnum, þá er farið er upp úr Raumsdal yfir í Guðbrandsdalinn eða austur á Upplönd, og lá höfðingja Raumsdæla næst að hrinda þeim ófögnuði af höndum.[3]) Jökull gaf Þor-

---

[1]) Ldn. 1/171. 173; Hksb. 142, 144/58; Stb. 176, 178/181; Kálund, Isl. II, 17; Árbók 1895, bls. 2. [2]) Ldn. 1/171-2; Hksb. 143/58; Stb. 177/181. [3]) Í Vatnsdæla, bls. 3, segir, að illvirkjar væru á leiðinni milli Jamtalands og Raumsdals, en á 4. og 5. bls. segir, að skógur mikill liggi á milli Raumsdals og Upplanda, er almannavegur liggur yfir, og að Þorsteinn tæki hest sinn og riði einn til skógar þangað, sem honum þótti helst von illvirkjans, og að hann fyndi Jökul í skógi þessum. Í Landnámu er einnig sagt að Jökull væri á skóginum til Upplanda, og er það að öllum líkindum rjett, ef sagan um víg Jökuls er sönn, eins og líklegt er. Víg Jökuls hefur því verið á Lesjaskógi og Upplönd ætti því að koma fyrir Jamtaland á bls 3. Finnur Jónsson hefur ætlað í bókmentasögu

steini líf og fjekk hann síðan Þórdísar dóttur Ingimundar jarls af Gautlandi, systur Jökuls. Ingimundur var alinn upp í Hefni hjá Þóri,[1]) föður Gríms hins háleyska og Hrómundar, er nam Þverárhlíð. Ingimundur var snemma í víking ásamt fóstbræðrum sínum. Við Sviasker barðist hann á öðru sumri, er hann var í víking, við víking nokkurn og vann hvorugur þeirra á öðrum; mæltu þeir síðan til vinganar með sjer og gerðust fjelagar. Víkingur þessi var ættaður úr Sogni og hjet Sæmundur. Fóru þeir síðan í víking vestur um haf í þrjú sumur. Þriðja sumarið, er þeir komu úr víking, varð Hafursfjarðarorusta; skildu þeir þá og gekk Ingimundur í lið með Haraldi hárfagra, en Sæmundur hjelt inn í Sogn. Er líklegt að Þorsteinn faðir Ingimundar hafi verið genginn konungi til handa fyrir nokkru, því honum þótti Ingimundur vænlega hafa úr ráðið. Konungur launaði Ingimundi vel liðveisluna, en sagðist skyldu minnast Sæmundar fyrir tiltekjur hans. Segir í Vatnsdælu, að Ingimundur hafi hitt Sæmund „brátt eptir bardagann í Hafursfirði“ og ráðið honum að forða sjer, og hafi hann þegar farið til Íslands; bætir

---

sinni (II, 477 nm.), að Upplönd væri villa fyrir Uppdal, því að Uppdalsskógurinn væri á leiðinni milli Raumsdals og Jamtalands. En þess ber að gæta, að fara varð marga króka kringum fjöll og einnig yfir firði, áður en menn úr Raumsdalnum komu í Uppdalinn, og að það var í raun rjettri auðveldara fyrir Raumsdæli að fara sjóleið alla leið inn fyrir Hlaði við Þrándheimsfjörð, ef þeir vildu fara austur á Jamtaland, en að fara um Uppdalsskóg, því leiðin þangað var svo ógreið landveg úr Raumsdalnum. Aptur á móti mátti Þorsteinn auðveldlega ríða upp Raumsdal til Lesjaskógs. Auk þess er mjög óeðlilegt að segja, þá er miðað er frá Raumsdal, að Uppdalsskógur sje þar í milli og Jamtalands, heldur Raumsdals og Þrándheims eða Orkadals. Hitt er þó enn þýðingarmeira og tekur af öll tvímælin, að Jamtaland er svo langt í burtu frá Raumsdal, að það hefði hlotið að koma mest niður á Þrændum, ef stigamaður hefði legið þar á leið fyrir mönnum, og höfðingjar þeirra hefðu orðið að reka þann ófögnuð af höndum, en eigi höfðingi Raumsdæla.

[1]) Vatnsdæla kallar hann Ingjald, en Landnáma og Egils saga Þóri, og mun það vera rjett. Vatnsdæla segir og að Hefni sje norður á Hálogalandi, en fjörður er með því nafni á Norðmæri og líklega einnig bær við fjörðinn. Hafney er eyja á Hálogalandi; bendir auknefni Gríms á það, að þeir hafi verið aldir upp í eyju þessari. Sbr. hjer að framan, bls. 86—7, aths. 1.

sagan því við, að Ísland hafi þá enn víða verið ónumið. Hefði verið óhætt að taka hjer dýpra í árinni, því þá var enginn, nema ef til vill Ingólfur, farinn að nema Ísland. Sæmundur fór als eigi þá til Íslands, heldur hjer um bil tíu til fimtán árum síðar; er líklegt að hann eins og margir aðrir hafi farið vestur um haf og dvalið þar um hríð, líklega í Suðureyjum, og fengið af því auknefnið hinn suðureyski.

Veturinn eptir Hafursfjarðarorustu er sagt að Ingimundur færi í veislu hjá Þóri fóstra sínum og að finna ein eða völva hafi þá spáð honum og fóstbræðrum hans, Grími og Hrómundi, að þeir mundu fara til Íslands, en Ingimundur hafi svarað, að hann hefði einhugsað sjer að koma þangað aldrei. Segir svo í Vatnsdælu, að þeir bræður hafi farið til Íslands árið eptir, en Grímur fór þangað með Kveldúlfi og Skallagrími fimm árum síðar (878) og Hrómundur nokkru síðar.[1])

Ingimundur var með föður sínum meðan hann lifði, en hann mun eigi hafa andast fyr en eptir 880. Tók þá Ingimundur við eignum eptir föður sinn og nokkru síðar gipti Haraldur hárfagri honum Vigdísi, laundóttur Þóris jarls þegjanda.[2]) Fám árum síðar fór Ingimundur til Íslands af því að hann undi eigi í Noregi. Hann fór með leyfi Haralds konungs, og er sagt að konungur fýsti hann að leita forlaga sinna til Íslands. Ingimundur hjelt að skilnaði veislu vinum sínum, og þótti mönnum mikill skaði að brottferð slíks manns. Þegar Ingimundur fór til Íslands, var sigling sem mest þangað. Nokkrir vinir hans fóru með, sem eigi vildu við hann skilja; voru þeirra fremstir Jörundur háls, mágur hans og bróðir Vigdísar, Eyvindur sörkvir, Ásmundur og Hvati. Ingimundur kom út í Leiruvog í Borgarfirði og var hinn fyrsta vetur á Hvanneyri hjá Grími fóstbróður sínum. Sumarið eptir fór hann með fjelögum sínum norður í landa-

[1]) Vatn. 1-3/3-5, 7-10/12-20; Eg. 27-8/88-91, 56/184; Ldn. 2/173-4; Hksb. 145/59; Stb. 179/182; sbr. Safn I, 242—6. [2]) Um Þóri jarl sjá Safn I, 246. Þórir jarl þegjandi var sonur Rögnvalds Mærajarls og var Vigdís óskilgetin, því á þeim árum, sem Ingimundur kvongaðist eða litlu síðar, gekk Þórir jarl að eiga Ólöfu, dóttur Haralds konungs.

leitan; þeir fóru upp Norðurárdal og komu í fjörð einn óbygðan, þar hittu þeir hrúta tvo og kölluðu fjörðinn Hrútafjörð. Ingimundur gaf einnig Víðidal nafn og fleiri örnefni gaf hann þar nyrðra; bendir það á, að hann hafi farið fyr um sveitir þessar en landnámsmenn þeir, er námu þær, og þó kom Ingimundur eigi fyr út en um 890. Ingimundur var annan vetur í Víðidalnum í Ingimundarholti eða Ingimundarhól á Síðunesi við Víðidalsá og Faxalæk. Þaðan sáu þeir snælaus fjöll í landsuður og fóru þangað um vorið. Ingimundur nam þá Vatnsdal allan upp frá Helgavatni og Urðarvatni (nú Urðarpollur) að austanverðu í dalnum milli Hjallalands og Hvamms hjer um bil gagnvart Helgavatni.[1]) Hann kaus sjer bústað í hvammi einum að austanverðu í dalnum og kallaði bæ sinn Hof.[2])

Vatnsdalsmynni og Þingið norður af Vatnsdalnum var síðan numið af mönnum Ingimundar. Jörundur háls nam land í austanverðum dalnum út frá Urðarvatni til Mógilslækjar og bjó á Grund undir eða út frá Jörundarfelli. Frá Mógilslæk til Giljár nam Hvati land og bjó á Hvatastöðum. Fyrir vestan Vatnsdalsá út frá Helgavatni og um Þingeyrasveit nam Ásmundur land og bjó undir Gnúpi; hefur landnám hans að líkindum náð norður að Húnafirði, en verið milli Gljúfrár, Hópsins og Hópsóss að vestan og Húnavatns og Vatnsdalsár að austan. Forsæludalinn suður af Vatnsdalnum fjekk Friðmundur, helsti þræll Ingimundar. Þannig var miðskákin úr Húnavatnssýslunni numin af Ingimundi og mönnum hans, og auk þess Blöndudalurinn, því hann nam Eyvindur sörkvir.[3])

Svínadalinn allan nam maður, er hjet Eyvindur auðkúla, og bjó hann á Auðkúlustöðum. Að Svínavatni, rjett fyrir austan suðurendann á vatninu, er svo heitir, bjó Þorgils gjallandi, er út kom með Auðuni skökli; hefur vatnið verið landamæri milli þeirra Eyvindar auðkúlu.[4])

---

[1]) Kalund, Isl. II, 23, 37; sbr. Árbók 1901, bls. 27. [2]) Árbók 1895, bls. 4. [3]) Vatn. 11-15/20-26, 16/28; Ldn. 2-3/174-6, 5/184; Hksb. 145-6/59-60, 149/62; Stb. 179/182-3, 183/185. [4]) Ldn. 5/184, 4/182; Hksb. 148/61; Stb. 181/184.

Þá eru eptir Ásarnir fyrir vestan Blöndu, sunnan frá Svínavatni og norður að Húnafirði, og vestur að Giljá og Húnavatni. Hafa þeir að líkindum verið kallaðir Kolkumýrar í fornöld eptir Þorbirni kolku, er þar nam land og bjó þar á meðan hann lifði.[1])

Langadal allan upp frá Móbergsbrekkum og eitthvað upp í Laxárdalinn (Gautsdal) og ef til vill mynnið af Svartárdal nam Ævar Ketilsson, dótturson Haralds konungs gullskeggs úr Sogni. Ævar var í víking, er hann fór til Íslands með sonum sínum, nema einum, er hjet Vjefröður; hann kom skipi sínu í Blönduós, og voru þá numin lönd fyrir vestan Blöndu, og hefur hann eigi komið út fyr en á síðara hluta landnámsaldar. Ævar bjó í Ævarsskarði og skipti löndum með skipverjum sínum; fjekk Gunnsteinn frændi hans Gunnsteinsstaði, Auðólfur Auðólfsstaði, Gautur Gautsdal og synir hans þrír Þorbjörn strúgur, Karli og Þórður mikill reistu sinn bæinn hver, Strúgsstaði, Karlastaði og Mikilsstaði. Vjefröður Ævarsson kom út síðar í Gönguskarðsárós og gekk þaðan til föður síns, og kendi faðir hans hann eigi. Þeir glímdu svo að upp gengu stokkar allir í húsinu, áður Vjefröður sagði til sín. Hann gerði bú á Móbergi og hafði faðir hans valið honum þar áður bústað, og helgað honum með því að setja niður stöng háfa.[2])

Upp frá landnámi Ævars nam Þorkell vingnir Skíðason Svartárdalinn og um Vatnsskarð alt vestur í Skagafjarðarsýslu.[3])

Langadalinn ofan frá Móbergi nam maður nokkur, er hjet Holti og bjó á Holtastöðum.[4]) Landnám hans hefur að líkindum náð út að sjó austanvert við Blöndu, en hver numið hefur land fyrir norðan Holta, Laxárdalinn allan að neðanverðu og mestalla Skagaströndina út til Fossár, segir hvergi. Fyrir norðan Fossá alla ströndina út á Skagatá og að aust-

---

[1]) Ldn. 5/184; Hksb. 150/62; Stb. 182/185. [2]) Ldn. 5/184-86; Hksb. 151/62; Stb. 184/185. [3]) Ldn. 6/189; Hksb. 158/64; Stb. 191/186. [4]) Ldn. 5/186; Hksb. 152/62-3; Stb. 185/185-6.

anverðu inn til Mánaþúfu nam Hólmgöngu-Máni og bjó í Mánavík, nyrðst á Skaganum.[1])

Landnám í Skagafjarðarsýslu.

Í Skagafjarðarsýslu eru nefndir nærri 30 landnámsmenn, en sumstaðar er erfitt að greina landnám þeirra, ekki síst fyrir ókunnuga menn, því þar er töluverður ruglingur á frásögn Landnámu; á þetta sjer einkum stað sunnantil í Skagafirði fyrir vestan Hjeraðsvötnin og norðantil að austanverðu í sýslunni, um Viðvíkursveit og norður um Fljót. Ekki er heldur sagt, hver numið hafi Hegranesið.

Að vestanverðu við Skagafjörðinn var nyrðst landnám Hólmgöngu-Mána; hve langt það hefur gengið inn í Skagafjarðarsýslu, er eigi fullkunnugt, því menn vita eigi hvar Mánaþúfa er; er líklegt að landnám Mána hafi náð hjer um bil jafnlangt suður á við að austanverðu á Skaganum sem að vestan. En suður frá Mánaþúfu alla ströndina að vestanverðu við Skagafjörðinn suður til Gönguskarðsár og Laxárdalinn nam Eilífur örn Atlason, og bjó hann í Laxárdal. Hann átti dóttur Sæmundar suðureyska og hefur hann því verið töluvert yngri en Sæmundur og komið út ef til vill hjer um tuttugu árum síðan en hann.[2])

Sæmundur hinn suðureyski, fjelagi Ingimundar hins gamla, og annar maður, er Skefill hjet, komu langfyrstir allflestra landnámsmanna í Skagafjörðinn. Þeir komu báðir út í Gönguskarðsárós í hinni sömu viku, að því er sagt er. Sæmundur nam Sæmundarhlíð alla til Vatnsskarðs fyrir vestan Sæmundará og bjó að Sæmundarstöðum. Það eru nú Geirmundarstaðir og hafa þeir fengið nafn eptir Geirmundi Sæmundarsyni, er bjó þar eptir föður sinn. Á meðan Sæ-

---

[1]) Ldn. 5/187; Hksb. 153/63; Stb. 186/186. [2]) Ldn. 6/187-8; Hksb. 154/63; Stb. 187/186; Ól. s. Tr. Ldn.[2] 273.

mundur fór eldi um landnám sitt, nam Skefill land fyrir utan Sauðá; tók hann það af landnámi Sæmundar að ólofi hans, og ljet Sæmundur það svo búið vera. Þótt svo sje að orði komist í Landnámu, að hann næmi „land allt fyrir utan Sauðá", hefur það þó annaðhvort eigi verið meira en til Göngu-skarðsár, eða Eilífur örn hefur fengið nokkuð af landnámi hans, þá er hann kom út, ef rjett er sagt frá landnámi hans. Hvaða ár þeir Sæmundur og Skefill komu út, er óvíst eins og um flesta aðra landnámsmenn, en þeir hafa líklega komið fám árum fyrir 890.[1])

Fyrir austan Sæmundarlæk Langaholt alt nam maður nokkur, er hjet Úlfljótur,[2]) og Vatnsskarðið suðvestur af landnámi Sæmundar nam Þorkell vingnir Skíðason, eins og þegar er sagt.

Um Álfgeirsvelli fyrir sunnan landnám Sæmundar og Úlfljóts nam Álfgeir nokkur og upp til Mælifellsár. Engin takmörk eru nefnd að norðanverðu við landnám Álfgeirs, en hann bjó að Álfgeirsvöllum, og þar af má ráða að landnám hans hafi náð töluvert norður fyrir þann bæ eða að landnámi þeirra Úlfljóts.[3])

Þá kemur nokkur ruglingur á frásögn Landnámu um landnámin; er sagt um Þorvið nokkurn, að hann næmi land „upp frá Mælifellsá til Giljár" og litlu síðar er sagt um Vjekel hinn hamramma, að hann næmi land „ofan frá Giljá til Mælifellsár" og byggi að Mælifelli. Giljá sú, sem Landnáma á hjer við, virðist vera Gljúfrá í Gilhagadal. Þá er Landnáma skýrir frá landnámi Þorviðar, telur hún upp landnámin suður eptir Skagafirði að vestanverðu og hún segir frá tveimur landnámsmönnum syðst í Skagafirðinum, er hún hefur nefnt Þorvið, en áður en hún telur Vjekel. Verið gæti að Þorviður hafi numið þarna fyrst land, en dvalið þar skamma stund, og Vjekell numið þar síðan eptir hann eins og dr. Kålund hefur getið til; minni líkindi eru til þess, að landnám þeirra hafi legið samhliða hvort við annað eins og sami

---

[1]) Ldn. 6/188-9; Hksb. 155-6/63; Stb. 188-9/186. [2]) Ldn. 6/189; Hksb. 157/64; Stb. 190/186. [3]) Ldn. 6/190; Hksb. 159/64; Stb. 192/187.

vísindamaður hefur getið upp á,[1]) því undirlendið milli fjallanna að vestan og Svartár að austan er eigi svo breitt. Er eins og höfundur Landnámu væri að halda aptur norður á leið eptir Skagafirðinum, þá er hann nefnir Vjekel, en það er þó ruglingur einn, því Vjekell bygði fyrir vestan Svartá, eins og sjest best af því, að þar reisti hann bæinn Mælifell.[2])

Langmerkastur landnámsmaður suður í Skagafjarðardölum var Eiríkur Hróaldsson. Hann nam land frá Giljá (Gljúfrá) í Gilhagadal um Goðdali alla og ofan til Norðurár, sem varla getur verið önnur á en Norðurá í Norðurárdal, sem fellur í Hjeraðsvötnin milli Silfrastaða og Flatatungu. En af þessu leiðir, að nokkrir landnámsmenn hafa numið land austanvert í landnámi Eiríks, þótt eigi sje þess getið. Eiríkur bjó að Hofi í Goðdölum. Hrosskell nokkur nam Svartárdal allan, sem er heldur lítill dalur fyrir sunnan Gilhaga og Ýrarfellslönd, og er sagt að hann hafi gert það með ráði Eiríks, enda hefur hann fengið nokkurn hluta af landnámi hans. Landnám Hrosskels náði ofan til Gilhaga og er það sönnun fyrir því að Giljá, er Landnáma á hjer við, hafi verið hjá Gilhaga, því hún var á landamærum milli landnáma. Hrosskell bjó að Ýrarfelli, og er það nokkru sunnar en Gilhagi.[3])

Þótt Eiríkur næmi fyrstur land í sunnanverðum Skagafirði, hefur hann þó varla gert það fyr en í byrjun 10. aldar. Hann átti Þuríði dóttur Þórðar skeggja, og er líklegt að hann hafi kvongast um 915.[4])

Hreiðar Ófeigsson, er kallaður var Kráku-Hreiðar, kom út með föður sínum Ófeig lafskegg Yxna-Þórissyni og þá „tunguna alla niðr frá Skálamýri“ að gjöf af Eiríki, og bjó að Steinsstöðum. Hjer er eflaust átt við tunguna milli Svartár að vestan og Hjeraðsvatna að austan, sem kölluð er Tunga; má ætla, eptir orðum Landnámu að dæma, að Skálamýri sje

[1]) Kålund, Isl. II, 70 nm. [2]) Ldn. 6-7/190-91; Hksb. 160, 162/64; Stb. 193, 196/187. [3]) Ldn. 6-7/190; Hksb. 161, 163/64; Stb. 194-95/187. [4]) Aldur barna hans bendir á, að hann hafi eigi kvongast fyr en á seinni hluta landnámsaldar, sbr. Safn I, 253.

sunnarlega eða ofarlega í Tungunni, ef til vill þar nærri, sem hún hefst.[1]) Því miður sjest eigi neitt í bókum nje á Íslandskortinu um örnefni þetta. Steinsstaðir eru einn af bæjunum norðvestarlega í Tungunni, skamt fyrir suðaustan Reyki.[2]) Bendir þetta á, að Eiríkur hafi upphaflega numið alla Tunguna; hefur þá landnám hans gengið lengra en á móts við Norðurá að austan, og miklu lengra en á móts við Giljá eða Gilhaga að vestanverðu. Er enda líklegt, að hann hafi upphaflega numið land til Mælifellsár að vestanverðu í Skagafirði og þeir Þorviður og Vjekell hafi setst að í landnámi hans, því Eiríkur var höfðingi langmestur í sunnanverðum Skagafirði og var goði manna þar um slóðir.

Eiríkur í Goðdölum gaf Kráku-Hreiðari land til þess að koma í veg fyrir ófrið. Þá er Hreiðar kom í landsýn gekk hann til siglu og hjet á Þór, að hann vísaði honum til landa, og kvaðst þar mundu berjast til landa, ef áður væri numið. Hann sigldi upp á Borgarsand í Skagafirði og braut skipið. Um veturinn var hann í Hegranesi hjá Hávarði hegra. Um vorið spurði Hávarður, hvað hann ætlaði fyrir sjer, en hann kvaðst ætla að berjast við Sæmund til landa. Hávarður latti hann þess mjög og bað hann fara á fund Eiríks í Goðdölum og taka ráð af honum, því hann væri vitrastur maður í hjeraðinu. Hreiðar gerði svo. En Eiríkur latti hann ófriðar, og kvað það óhent að menn deildi, meðan svo væri mannfátt á landi; hann kvað Þór hafa vísað honum á tunguna og þar stafn á horft, þá er hann sigldi upp á Borgarsand. Kvaðst hann heldur vilja gefa honum mestalla tunguna, eins og þegar var sagt, en hann berðist við Sæmund, og sagði að það væri ærið landnám handa honum og sonum hans, og þektist Hreiðar þann kost.[3])

Að austanverðu í Skagafirði nam land syðst allra maður nokkur, er hjet Önundur viss. Hann nam Austurdalinn allan fyrir austan ána suður frá Merkigili, og var það eigin-

[1]) Ofarlega í Tungunni norður og vestur frá Tunguhálsi eru allmiklar mýrar; hafa þær, eða eitthvað af þeim, líklega heitið Skálamýri í fornöld, því þar um slóðir hefur hún verið. [2]) Kálund, Isl. II, 68.
[3]) Ldn. 7/191-2; Hksb. 164/65; Stb. 197/187-8.

lega í landnámi Eiríks, en svo virðist sem Eiríkur hafi þá eigi verið búinn að löghelga sjer þar land, því hann ætlaði að nema allan dalinn fyrir vestan ána, er hann frjetti til Önundar. En þá er Eiríkur vildi fara til þess, feldi Önundur blótspón til, að hann skyldi verða vís, hve nær Eiríkur mundi fara að nema dalinn, og varð þá Önundur skjótari og skaut yfir ána með tundurðr og helgaði sjer svo landið fyrir vestan ána. Önundur bjó í Austurdalnum „milli á“ (nú Ábær); er það jafnsunnarlega og Hof í Vesturdalnum.[1])

Norður frá Merkigili, Austurdalinn að austanverðu og alla leið niður með Hjeraðsvötnunum til Norðurár, nam land Kári nokkur, er kallaður var Tungu-Kári, af því að hann bjó í Flatatungu; eru nú taldir þeir menn, sem numið hafa land í landnámi Eiríks.[2])

Norðurárdalinn allan fyrir norðan Norðurá og Silfrastaðahlið alla til Bólstaðarár, rjett fyrir norðan Silfrastaði, nam Þorbrandur örrek, og bjó á Þorbrandsstöðum. Frá Bólstaðará norður Blönduhlíðina til Djúpár nam Hjálmólfur nokkur land, en Þórir dúfunef frá Djúpá til Glóðafeykisár og bjó að Flugumýri. Þaðan norður að Þverá nam Gunnólfur nokkur land og bjó í Hvammi, en Kollsveinn hinn rammi, sem er ranglega talinn á undan Gunnólfi, frá Þverá til Gljúfrár og bjó á Kollsveinsstöðum, en hafði blót á Hofstöðum.[3])

Þess er eigi getið, hverjir numið hafi Vallhólminn, og er það líklega af því að Hjeraðsvötnin, sem í fornöld hjetu Jökulsá, hafa þá runnið fyrir sunnan Tunguna vestur í Svartá og norður eptir Húseyjarkvísl fyrir vestan Hólminn, en kvíslast fyrst fyrir sunnan Hegranesið. Þá var eðlilegt, að Tungan fyrir sunnan Vallhólminn fengi það nafn, sem hún hefur enn, því þá myndaði hún tungu milli Jökulsár og Svartár; nú ætti það nafn best við Vallhólminn. Ýmsir staðir í sögunum benda á, að Hjeraðsvötnin hafi runnið svo, eigi að eins fyrst eptir landnám, heldur og fram eptir öldum (t. a. m. á Sturlungaöldinni). Einnig sjest

[1]) Ldn. 8/193; Hksb. 166/65; Stb. 198/188. [2]) Ldn. 8/193; Hksb. 167/65; Stb. 199/188. [3]) Ldn. 8-9/193-5; Hksb. 168, 165, 169, 171, 170/65-6; Stb. 200-2, 204, 203/188-9.

enn í dag gamall árfarvegur milli Tungunnar og Vallhólmsins.[1]) Vallhólmurinn hefur því í fyrstu legið undir Blönduhlíðina og landnámsmennirnir í Blönduhlíðinni, Hjálmólfur, Þórir dúfunef og Gunnólfur hafa numið hver sinn hluta af honum.

Ekki er heldur sagt frá landnámi í Hegranesi, en það hefur Hávarður hegri, sem hýsti Kráku-Hreiðar, eflaust numið, og Hegranesið hlotið nafn eptir honum.

Í Viðvíkursveit og Óslandshlíð nam fyrstur land Björn Hróarsson, sem kallaður var Sljettu-Björn, og bjó á Sljettubjarnarstöðum (nú Sleitubjarnarstaðir), vestasta bænum fyrir norðan Kolbeinsdalsá.[2]) Er sagt að landnám hans væri milli Grjótár og Deildarár, er hlýtur að vera áin, er rennur eptir Deildardal og út í sjó hjá Grafarós; hefur hún takmarkað landnám Bjarnar að norðan, en Grjótá hefur hlotið að vera sunnan eða suðvestan við það. Hvar Grjótá er, kunna þeir ef til vill að vita, sem eru nákunnugir þarna í Skagafirði; öðrum er það eigi kunnugt; en ef Landnáma hleypur eigi yfir neitt land, þá hefði Grjótá átt að vera sama og Gljúfrá, skamt fyrir norðan Hofstaði, og landnám Bjarnar að hafa náð sunnan frá landnámi Kollsveins, því eigi er getið um neinn landnámsmann, er land nam milli Gljúfrár og Grjótár í Viðvíkursveit. Landakaup Öndótts nokkurs benda á að svo hafi verið. Hann kom út í Kolbeinsárósi og keypti land af Sljettu-Birni „ofan frá Hálsgröf inum eystra megin ok út til Kolbeinsáróss, en inum vestra megin ofan frá læk þeim, er verðr út frá Nautabúi, ok inn til Gljúfrár, ok bjó í Viðvík". Öndóttur hefur fengið land beggja megin við Kolbeinsárós, en þó mest fyrir sunnan hann og vestan, eða alt landið þar á milli Kolbeinsár og hins eystra óss Hjeraðsvatnanna suður að Gljúfrá og fjöllunum fyrir sunnan Enni og Viðvík og að læknum út frá Nautabúi. Þannig lítur út fyrir, að tveimur líkum nöfnum sje hjer ruglað saman og þau sjeu notuð um sömu ána; er slíkur ruglingur harðla eðlilegur hjá manni, sem að líkindum hefur eigi verið vel

[1]) Kálund, Isl. II, 66. [2]) Kálund. Isl. II, 84.

kunnugur í Skagafirði, og gat eigi haft annað við að styðjast en sögusagnir annara.

Í Landnámu segir um Kolbein Sigmundarson, er Kolbeinsdalur er við kendur, að hann næmi land „á milli Grjótár og Deildarár“ eins og sagt er um Sljettu-Björn, en svo er bætt við „Kolbeinsdal ok Hjaltadal“. Þetta má til sanns vegar færast að því leyti sem Kolbeinsdalur og Hjaltadalur er á milli þessara áa, þá er miðað er við strandlengjuna. En bæði kom Sljettu-Björn fyr út en Kolbeinn og dalir þessir eru eigi nema nokkur hluti af landnámi hans; hefur Kolbeinn því numið land í landnámi Sljettu-Bjarnar og fengið land þetta hjá honum; átti þá Sljettu-Björn Óslandshlíðina mestalla eptir af landnámi sínu. Kona Sljettu-Bjarnar Hróarssonar er eigi nefnd, en fjögur börn hans, er giptust öll þar nyrðra. Sje Björn þessi sami maðurinn og Sljettu-Björn í Saurbæ vestur í Dalasýslu, eins og útgefendur Landnámu og fleiri hafa ætlað, þá hefur hann á efri árum sínum flutt vestur að Breiðafirði og fengið dóttur Steinólfs hins lága og setst að landnámi hans. En verið getur að hjer sje um tvo menn að ræða með sama auknefni. Nokkru síðar en Kolbeinn og varla fyr en seinast á landnámsöldinni kom Hjalti son Þórðar skálps til Íslands, og nam hann Hjaltadalinn „at ráði Kolbeins“, og bjó að Hofi, sem er skamt fyrir sunnan gamla biskupssetrið Hóla.[1])

Næsta landnám fyrir norðan Deildará er talið landnám Þórðar Bjarnarsonar. Hann nam Höfðaströndina austan til við Skagafjörðinn á milli Unadalsár að sunnan og Hrolleifsdalsár að norðan og bjó í Höfða. Var því nokkur landspilda milli landnáms hans og Sljettu-Bjarnar, eða milli ánna Unadalsár og Deildarár, og segir ekki hver hafi numið þar land. Nyrðst í landnámi Þórðar fjekk Hrolleifur hinn mikli land, bróðurson Sæmundar hins suðureyska; tók Þórður við honum að bæn Sæmundar og var hann þar, þangað til Þórður gerði hann hjeraðssekan fyrir víg Odds Unasonar.[2])

[1]) Ldn. 9-10/195-7; Hksb. 172-4/66-8; Stb. 205-7/189-90. [2]) Ldn. 10 198-200; Hksb. 175/68-9; Stb. 208/190-1.

Fyrir norðan mynnið á Hrolleifsdal byrjar Sljettuhlíðin. Hana nam maður, er Friðleifur hjet, og dal einn, sem var kendur við hann og kallaður Friðleifsdalur, og ætla menn að það sje Skálárdalur skamt fyrir norðan Hrolleifsdal. Stafá, sem er milli Sljettuhlíðar og Höfðastrandar, og Friðleifsdalsá eru taldar á mörkum við landnám hans.[1])

Flóki Vilgerðarson, sá er fyrstur gaf landinu nafnið Ísland, fór seinna til Íslands og nam Flókadal í Fljótum og Fljótin þar norður af milli Flókadalsár að austan og Reykjahóls að vestanverðu, það er mest öll Vestur-Fljótin, og bjó á Móa. En fyrir austan Flókadalsá fyrir neðan Barð og vestur til Miklavatns í Austur-Fljótum, neðan frá Haganesi og upp til Stíflu nam maður nokkur land, er hjet Nafar-Helgi. Hann kom út með sænskum manni, er hjet Þórður knappur, og lentu þeir við Haganes í Fljótum. Þórður knappur var son Bjarnar at Haugi; nam hann Stífluna suður af Austur-Fljótum og bjó að Knappsstöðum. Gekk landnám Þórðar knapps suður til Tunguár og hefur Nafar-Helgi því eigi getað numið „upp til Tunguár" eins og segir í Landnámu, því landnám hans var fyrir norðan landnám Þórðar og hann bjó á Grindli; er eigi heldur líklegt að þeir hafi skipt Stíflunni eptir endilöngum dalnum á milli sín, en það hefðu þeir annars orðið að gera, og þá hefði Þórður orðið mjög afskiptur, en það er ólíklegt. Þetta gæti því að eins verið rjett að nafnið Tunguá hefði einnig verið notað um Stífluá. Ekki er heldur rjett að orði komist í Landnámu um Nafar-Helga, er sagt er að hann hafi numið land „fyrir austan", því þar mun vera miðað við Miklavatn eða Fljót í Austur-Fljótum, en hann nam land fyrir vestan það, þótt það væri mest í Austur-Fljótum.

Þá er enn lítið landnám syðst í Stíflu „upp frá Stíflu til Mjóvadalsár". Mjóafellsdalur gengur suðaustur úr Stíflu og mun það vera sami dalurinn og Mjóvidalur í Landnámu. Landnámsmaður sá, er hjer settist að, hjet Bárður Súreyingur.

[1]) Ldn. 11/200; Hksb. 176/69; Stb. 209/101. Um Skálárdal, sjá Kålund, Isl. II, 87.

Á landamærum Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu nam Brúni hinn hviti Háreksson land „á milli Mjóvadalsár ok Úlfsdala“. Úlfsdalir eru norður við sjó skamt fyrir norðan sýslumörkin en fyrir sunnan Dalatá í Eyjafjarðarsýslu. Ef athugað er landslagið og landnám annara manna í Fljótum, er harðla ósennilegt að Brúni hafi numið land sunnan frá Mjóvadalsá norður til Úlfsdala, því landnám hans hefði þá mestmegnis orðið að ná yfir fjöll og firnindi. Aptur á móti er líklegt, að hann hafi numið land fyrir austan Miklavatn og Fljótið (í Austur-Fljótum) norður frá landnámi Þórðar knapps, því eigi sjest að aðrir hafi numið þar og sá bygðarhluti í Skagafjarðarsýslu er næstur Úlfsdölunum. Ef farið er eptir bygð úr Mjóafellsdal til Úlfsdalanna, þá er þetta land þar í milli, en mjög er óákveðið að kalla þetta land á milli Úlfsdala og Mjóvadalsár, því þar er allmikið annað land einnig í milli.

Brúni bjó á Brúnastöðum; þeir eru fyrir austan Fljót eða Miklavatn sunnanvert, og sýnir það að landnámi Brúna hefur einmitt verið þar. Aptur á móti hefur Brúni eigi numið Úlfsdalina, enda er það eigi sagt beinlínis, heldur að sunnanverðu við þá.[1])

Landnám í Eyjafjarðarsýslu.

Nyrðst og vestast í Eyjafjarðarsýslu eru Úlfsdalirnir og heita þeir svo eptir Úlfi nokkrum víking, er nam þá og bjó þar. Hann varð samferða Ólafi bekk, syni Karls úr Bjarkey á Hálogalandi, til Íslands, en Ólafur nam þó eigi land næstur honum, heldur var það Þormóður hinn rammi Haraldsson, og getur verið að hann hafi komið fyr til landsins en þeir. Þormóður hinn rammi tók land í Siglufirði og sigldi inn að Þormóðseyri (nú Hvanneyri) og kallaði fjörðinn af því Siglu-

[1]) Ldn. 11 200-2; Hksb. 177-80/70; Stb. 210-13/191-92.

fjörð. Hann nam Siglufjörðinn og Hjeðinsfjörðinn á milli Úlfsdala og Hvanndala, og bjó að Siglunesi, yst að austanverðu við Siglufjörð. Að vísu er eigi sagt í Landnámu, að hann næmi Hjeðinsfjörðinn nje að landnám hans næði austur að Hvanndölum, heldur að Hvamsdölum segir Hauksbók, en það er rangt og á að vera Hvanndalir. Í Sturlubók er eigi getið um landamærin að austanverðu. Það sjest samt að hann hefur numið Hjeðinsfjörðinn, sem er milli Siglufjarðar og Hvanndala, því hann deildi við nágranna sinn að austanverðu, Ólaf bekk, um Hvanndalina. Hann hefur því hlotið að nema Hjeðinsfjörðinn ásamt Siglufirði, og Hvanndalirnir að vera á milli landnáma þeirra Ólafs, úr því að þeir urðu þeim að þrætuefni. Þeir Ólafur sættust að lokum á það, að þeir skyldu hafa Hvanndali hvor sitt sumar, en áður en sættir komust á, er sagt að Þormóður yrði 16 manna bani.

Ólafur bekkur „nam alla dali fyrir vestan, ok Ólafsfjörð sunnan til móts við Þormóð, ok bjó at Kviabekk", og hlýtur hjer að vera miðað við Ólafsfjörð og Ólafsfjarðará, þar sem sagt er „fyrir vestan". Landnám Ólafs var fyrir vestan fjörðinn, sem kendur er við hann, norður á móts við Þormóð og til Hvanndala, og suður á við um dalinn fyrir vestan Ólafsfjarðará, er rennur eptir dalnum og út í Ólafsfjarðarbotn. Í miðjum dalnum (fram af Ólafsfirði) reisti Ólafur sjer bæ fyrir vestan ána og nefndi Kviabekk. Einnig mun Ólafur hafa numið beggja megin við Ólafsfjarðará framan til í dalnum, suður frá Reykjaá; þá smádali, sem ganga vestur úr Ólafsfirði í orðsins rýmstu merkingu, hefur hann numið alla og að því lúta orð Landnámu.

Fyrir austan Ólafsfjarðará norður frá Reykjaá og út með firðinum að austanverðu til Vámúla nam land Gunnólfur hinn gamli, son Þorbjarnar þjóta. Hann bjó að Gunnólfsá, og er eptirtektavert að sá bær er fyrir vestan fjörðinn; hefur hann því átt þar nokkuð land, ef það er rjett að hann hafi búið þar, eins og bæjarnafnið bendir á.[1]). Vámúli er að líkindum múli sá, sem nú er kendur við Ólafsfjörð.

[1]) Ldn. 11/202-3; Hksb. 181-3/70-1; Stb. 214-16/192.

Langmerkastur landnámsmaður i Eyjafjarðarsýslu var Helgi hinn magri Eyvindarson. Hann nam alla sýsluna nema Úlfsdali og Siglufjörð og af Þingeyjarsýslunni alla ströndina að austanverðu út með Eyjafirðinum, eða Svalbarðsströnd, Höfðahverfi og Látraströnd, því i Landnámu segir, að hann næmi allan Eyjafjörð milli Sigluness og Reynisness, nú Gjögratár. Þó er það eptirtektarvert, að eigi er þess getið um þá Gunnólf hinn gamla, Ólaf bekk nje Þormóð hinn ramma, að þeir hafi bygt í landnámi hans og þó gerðu þeir Gunnólfur og Ólafur það að öllu leyti og Þormóður að nokkru leyti, ef landnám Helga hefur verið eins stórt og segir í Landnámu. Eins er þessu farið með Þormóð, er nam Látraströndina yst i landnámi Helga að austanverðu við Eyjafjörð. Ástæðurnar til þessa geta verið ýmsar. Það getur verið, að þetta sje eingöngu af því að höfundum Landnámu hafi eigi verið vel kunnugt um sveitir eða bygðarlög þarna yst út með firðinum og þeir því eigi athugað, að menn þessir settust að í landnámi Helga. Einnig getur verið, að Helga hafi eigi tekist að beita yfirráðum sínum yst úti á útkjálkanum í landnámi sínu og ekki heldur þótt það ómaksins vert, hafi hann lifað, er landnámsmenn þessir komu út, því sumar bygðir þessar hafa verið numdar einna síðast af löndum Helga og hann hefur þá verið kominn á efstu ár ævi sinnar, ef hann hefur eigi verið fallinn frá, áður en þær bygðust allar.

Helgi hinn magri var ættaður af Gautlandi og Írlandi, og eru ýmsir ættmenn hans þegar nefndir. Eyvindur faðir hans var sonur Bjarnar Hrólfssonar, göfugs manns á Gautlandi, og Hlíf móðir Eyvindar en kona Bjarnar var af konungaætt. Björn varð ósáttur við Sigfast, mág Sölvis Gautakonungs, og brendi hann inni með 30 manna. Síðan varð Björn að flýja land og fór þá til Noregs með nokkrum mönnum sínum; tók við honum Grímur hersir Kolbeinsson og var hann með honum einn vetur. Þá vildi Grímur drepa Björn til fjár og fór því Björn til Öndótts kráku Erlingssonar, er bjó í Hvinisfirði á Ögðum. Björn var síðan á sumrum í vesturvíking, en á vetrum með Öndótti, þangað

til Hlíf kona hans, er dvaldi á Gautlandi, andaðist. Þá kom Eyvindur son þeirra að austan og tók við herskipum föður síns, en Björn giptist aptur og fjekk Helgu systur Öndótts kráku og var þeirra son Þrándur mjögsiglandi. Eyvindur fór í vesturvíking og er sagt hann gerðist landvarnarmaður á Írlandi. Hann staðfestist þar og því var hann kallaður Eyvindur austmaður. Hann fjekk Raförtu dóttur Kjarvalskonungs í Ossory á Írlandi. Börn þeirra voru þeir Helgi hinn magri og Snæbjörn í Vatnsfirði, Þuríður kona Þorsteins rauðs, Björg kona Úlfs hins skjálga, og Þjóðhildur kona Þórðar Víkingssonar. Munu öll börn þeirra hafa farið til Íslands, þótt eigi sje þess beinlínis getið; er það óvíst t. a. m. um Þuríði, en ætla má þó, að hún hafi farið þangað með tengdamóður sinni og börnum, ef hún hefur lifað svo lengi.

Helgi var fæddur fyrir vestan haf, að líkindum í Suðureyjum, heldur en á Írlandi, því foreldrar hans seldu hann til fósturs í Suðureyjar. En er þau komu þangað tveim vetrum síðar, þá var hann sveltur, svo að þau þektu hann eigi. Þau höfðu hann brott með sjer og kölluðu hann Helga hinn magra. Hann ólst síðan upp á Írlandi. Gerðist hann virðingamaður mikill er hann var roskinn og fjekk þá Þórunnar hyrnu, dóttur Ketils flatnefs. Var hún miklu yngri en Auður hin djúpúðga systir hennar. Eignuðust þau Þórunn sonu tvo, Hrólf og Ingjald, og sex dætur.

Um það leyti og flestir venslamenn Helga hins magra fóru til Íslands, tók hann sig sjálfur upp með konu sinni og börnum og lagði af stað þangað (um 890). Ingunn elsta dóttir hans var þá gipt Hámundi heljarskinn og fóru þau með honum. Hann tók land að áliðnu sumri í Eyjafirði að vestanverðu rjett fyrir innan Svarfaðardal. Var hann þar um veturinn á Hámundarstöðum, en um vorið gekk Helgi upp á Sólarfjall;[1]) sá hann þá að svartara var miklu að sjá inn til fjarðarins, og að þar mundi því vera

[1]) Það er Hámundarstaðafjall fyrir ofan Hámundarstaði að því er sjera Páll Jónsson sagði, en Kötlufjall fyrir austan Þorvaldsdal að því sumir segja, sbr. Kálund, Isl. II, 102.

auðara. Helgi bar þá á skip sitt farangur sinn allan, og hjelt af stað inn eptir firðinum, en Hámundur bjó eptir á Hámundarstöðum. Helgi lenti við Galtarhamar, sem er við fjörðinn innarlega, en eigi fullkunnugt hvar. Hann kannaði um sumarið hjeraðið alt, og nam eins og þegar er sagt land í kringum allan Eyjafjörð; sýnir það að aðrir landnámsmenn hafa þá eigi verið komnir í hjeraðið, og hann hefur komið þangað fyrstur. Einnig gaf hann Eyjafirðinum nafn, og er sagt í Sturlubók, að hann hafi dregið nafnið af eyjunum, „er þar lágu úti fyrir“. Frá þessu er skýrt, er segir frá ferð Helga upp á Sólarfjall, og er Hrísey þar fyrir utan og einungis sker nokkur (Hrólfsker), en aðrar eyjar ekki fyr en Grímsey nærri tíu mílur frá Sólarfjalli.

Um veturinn næsta sat Helgi að Bildsá hjá Kaupangi, en um vorið færði hann bú sitt í Kristsnes og bjó þar meðan hann lifði. Í búfærslunni varð Þórunn ljettari í Þórunnareyju í Eyjafjarðará og fæddi þar yngstu dóttur sína Þorbjörgu hólmasól. Helgi trúði á Krist og kendi því bústað sinn við hann.[1])

Í landnámi Helga hins magra námu allmargir menn land, en þó eru eigi eins margir landnámsmenn taldir í Eyjafjarðarsýslu eins og í Skagafjarðarsýslu, enda þótt synir Helga og tengdasynir sjeu taldir með landnámsmönnum; er það rjett, því þeir fengu land fyrir sig eins og aðrir landnámsmenn.

Ef haldið er áfram stefnunni og byrjað yst við Eyjafjörðinn að vestanverðu, þar sem fyr var frá horfið, verður Upsaströndin fyrst á leiðinni. Hana nam utan frá Miganda til Upsa maður nokkur, er hjet Karl, og var þar að eins ofurlítið alveg óbyggilegt horn eptir nyrðst á ströndinni norður að Ólafsfjarðarmúla, sem enginn eignaði sjer.[2])

Fyrir sunnan Upsaströndina var eitthvert hið stærsta landnámið í landnámi Helga magra, Svarfaðardalurinn allur, er Þorsteinn svarfaður Rauðsson úr Naumudal nam

---

[1]) Ldn. 12/203-7; Hksb. 184/71-3; Stbr. 217-8/192-3. [2]) Ldn. 13/208; Hksb. 186/74; Stb. 220/194

að ráði Helga.[1]) En yfir ströndinni, Árskógaströndinni, suður frá Svarfaðardalnum og alla leið suður að Hörgá virðist Hámundur heljarskinn hafa ráðið í fyrstu. Hann bjó fyrst á Hámundarstöðum rjett fyrir sunnan Svarfaðardalinn og hafði undir landið þar í kring. Næsti landnámsmaður fyrir sunnan hann var Galmi nokkur, er nam Galmaströndina á milli Þorvaldsdalsár og Reistarár. Þó hefur hann eigi numið hana alla, því Örn frændi Hámundar kom að vestan úr Arnarfirði og miðlaði Hámundur honum land þar á ströndinni og bjó hann í Arnarnesi, góðan kipp fyrir norðan Reistará. Sonur Galma hjet Þorvaldur og mun hann hafa komið út frumvaxta með föður sínum. Hann bjó fyrst í Þorvaldsdal, er gengur suður úr Eyjafirði að vestanverðu, beint í suður að sjá frá Hrísey; en síðan fjekk hann land hjá Hámundi milli Reistarár og Hörgár.[2])

Hörgárdalinn að norðvestanverðu upp til Myrkár nam Geirleifur Hrappsson og bjó hann í Haganum forna (nú Fornhaga). Upp frá Myrká nam Þórður slitandi Hörgárdalinn og ofan til Drangár hinu megin eða að suðaustanverðu.[3])

Öxnadalinn allan að norðvestanverðu og út að Þverá að suðaustanverðu nam Þórir þussasprengir frá Hálogalandi og bjó að Vatnsá. Í Landnámu segir að hann næmi allan Öxnadalinn, en það getur eigi verið rjett, því Auðólfur af Jaðri nam hann að suðvestan niður frá Þverá og Hörgárdalinn til Bægisár og bjó að hinni syðri Bægisá. Landnáma segir að vísu, að hann næmi land þetta í Hörgárdalnum, en þar er engin þverá á þessu svæði að minsta kosti, og meiri hlutinn af landnámi Auðólfs er í Öxnadal. Hörgárdalinn að sunnanverðu niður frá Bægisá og til sjávar nam Eysteinn Rauðúlfsson og bjó að Lóni.[4])

---

[1]) Ldn. 13/207-8; Hksb. 185/73; Stb. 219/193-4. Uppfyllingin í Svarfdælu 11-13/33-5, um útkomu Þorsteins svarfaðar, er einskis verð.

[2]) Ldn. 13/209-11; Hksb. 187-8/74; Stb. 221-2/194. [3]) Ldn. 13-4/211; Hksb. 189-90/74-5; Stb. 223-4/194. [4]) Ldn. 14/211-3; IIksb. 191-3/75-6; Stb. 225-7/194-5.

Kræklingahlíðina nam Ásmundur Öndóttsson og Ásgrímur bróðir hans. Þeir voru synir Öndótts kráku, og er nafn hlíðarinnar dregið af auknefni Öndótts. Björn mágur hans var lengi hjá honum eða í grend við hann, og andaðist, þá er Þrándur sonur hans var farinn vestur um haf í víking. Öndóttur varðveitti þá fje hans handa Þrándi systursyni sínum, en Grímur hersir vildi nú nota tækifærið og kallaði konungi allan arf eptir Björn, og bar fyrir sig að hann væri útlendur, en synir hans fyrir vestan haf. Svo fór þó að Þrándur fjekk arfinn eptir föður sinn, því hann fór til Noregs, er hann frjetti lát hans, og tók við arfinum, og fór síðan beint til Íslands. Fyrir þetta vá Grímur Öndótt, en Signý kona hans bar þegar lausafje sitt alt á skip og fór með sonu sína Ásgrím og Ásmund til Sighvats föður síns. Þaðan sendi hún sonu sína til Hjeðins fóstra síns í Sóknadal, en þeir undu þar eigi og vildu fara til móður sinnar. Þeir viltust á leiðinni og komu fram í Hvíni, í átthagabygð sinni. Þar voru þeir á laun hjá Ingjaldi tryggva og Gyðu konu hans, þangað til þeir sumarið eptir hefndu föður síns; segir í Grettis sögu að Önundur trjefótur hjálpaði þeim til þess. Þetta sumar ætlaði Grímur hersir að halda Auðunni jarli Haralds konungs veizlu. Ljet Grímur þá hita öl til veislunnar um nótt, og brendu Öndóttssynir hann þá inni. Auðunn jarl kom til veislunnar, en greip í tómt. Snemma um morgun rjeðust þeir Öndóttssynir að honum og kúguðu af honum föðurgjöld; setti Ásgrímur spjótsodd fyrir brjóst jarli og seldi hann þá fram þrjá gullhringa og guðvefjarskikkju, en Ásgrímur gaf jarli auknefni og kallaði hann Auðun geit. Síðan fóru þeir bræður til Eiríks ölfúss, lends mans í Súrnadal, og voru hjá honum um veturinn. Þá var það eitt sinn, að Eiríkur var að drykkju lostinn með dýrshorni af Hallsteini nokkrum, lendum manni. Þá svívirðingu þoldi Ásgrímur eigi, hefndi Eiríks og veitti Hallsteini mikið sár, er dró hann til dauða. Sjálfur komst Ásgrímur þá við illan leik undan til skógar, en kona ein græddi hann á laun. Ásmundur bróðir hans hugði hann dauðan og fór um sumarið til Íslands. Er sagt í Grettlu, hvað sem satt er í því,

að Önundur trjefótur hafi þá farið til Íslands og hafi þeir verið samferða til Norðurlandsins, en þá skilið með þeim. Kom Ásmundur inn á Eyjafjörð, og gaf Helgi hinn magri honum Kræklingahlíðina og bjó hann að Glerá hinni syðri.

Þá er Ásgrímur varð heill, fann hann Eirík ölfús og gaf hann honum langskip. Herjaði þá Ásgrímur vestur um haf, en er hann kom úr hernaði, gipti Eiríkur honum Geirhildi dóttur sína. Fóru þau þá til Íslands og bjó hann að Glerá hinni nyrðri í Kræklingahlíð. Haraldur hárfagri sendi Þorgeir hinn hvinverska til Íslands til þess að drepa Ásgrím, en hann kom engu fram um hefndina. Er frásögnin af fundum þeirra ósennileg.[1])

Hjá Öndóttssonum fjekk land Eyvindur hani frændi þeirra, er kom út síðla á landnámstíð. Bær sá, er hann reisti, var kendur við hann og kallaður Hanatún, en svo kendu menn hann í skopi aptur við bæinn og kölluðu hann Túnhana. Eptir lát hans fjell þó bæjarnafnið niður og var bær hans á 13. öld kallað Marbæli.[2])

Fyrir sunnan Kræklingahlíðina byrjaði land það, sem Helgi hinn magri valdi sjálfum sjer til eignar og afnota. Það var alt fyrir vestan Eyjafjarðará og náði suður fyrir bæ hans, Kristsnes, til Merkigils, sem var milli Kristsness og Espihóls, líklega nærri Hrafnagili, ef gilið hjá Hrafnagili hefur eigi verið nefnt svo, áður en bærinn var bygður þar. En landið milli Merkigils og Skjálgdalsár gaf Helgi tengdasyni sínum Hámundi heljarskinn, því hann flutti búferlum suður í Eyjafjörðinn, er hann hafði dvalið nokkur ár á Hámundarstöðum, og bjó hann þá á Espihóli hinum syðra. Er þar gæðaland í Eyjafirðinum og miklu betra, en norður hjá Hámundarstöðum.[3])

Landið fyrir sunnan Skjálgdalsá til Háls gaf Helgi Gunnari Úlfljótssyni, syni löggjafans, og dóttur sína; bjó hann í Djúpadal; en fyrir sunnan hann til Villingadals fjekk

---

[1]) Ldn. 15/213-18; Hksb. 195/76-9; Stb. 229/195-6; sbr. Grett. 7/16-7. [2]) Ldn. 14/213; Hksb. 194/76; Stb. 228/195. [3]) Ldn. 16/219; Hksb. 196/79-80; Stb. 230/196.

annar tengdasonur Helga land, Auðunn rotinn Þórólfsson smjörs, og bjó hann í Saurbæ. Öll þessi lönd eru fyrir vestan Eyjafjarðará, og er þó enn eptir syðsti hluti dalsins, fyrir sunnan Villingadal, sama megin við Eyjafjarðará; getur þess eigi hver hafi fengið þar land.[1])

Fyrir austan Eyjafjarðará syðst og norður að Arnarhvoli gaf Helgi magri Hrólfi syni sínum lönd öll og bjó hann að Gnúpufelli. Arnarhvoll er fyrir austan Eyjafjarðará á móts við mynni Djúpadalsár.[2]) Þar norður af til Þverár hinnar ytri fjekk Ingjaldur sonur Helga land og bjó hann að Þverá hinni efri (Munkaþverá). Landið milli Þverár ytri og Varðgjár fjekk enn einn tengdasonur Helga, er hjet Þorgeir Þórðarson, og bjó hann að Fiskilæk; er sá bær fyrir löngu undir lok liðinn.[3])

Þannig átti Helgi hinn magri, synir hans og tengdasynir allan Eyjafjörðinn sunnan frá Akureyri og Varðgjá. Auk þess var einn tengdasonur hans í Hörgárdalnum og venslir milli hans og Kræklinganna; var því eigi að undra, þótt ríki Helga hins magra og niðja hans yrði mikið í Eyjafirði.

Landnám í Þingeyjarsýslu.

Við Varðgjá austanvert við Eyjafjarðarbotn hefst Þingeyjarsýsla og nær hún alla leið austur að Gunnólfsvíkurfjalli syðst á Langanesi. Helgi hinn magri nam alla ströndina af Þingeyjarsýslu að austanverðu við Eyjafjörðinn, en er landnám hans tók að byggjast, notaði hann ekkert af landi þessu sjálfur, heldur skipti því meðal nokkurra landnámsmanna, er settust að í landnámi hans. Fyrstur þeirra var Skagi Skoptason af Mæri, er nam Svalbarðsströndina út

---

[1]) Ldn. 16/219-20; Hksb. 197-98/79; Stb. 231-32/196. [2]) Kålund, Isl. II, 120. [3]) Ldn. 16/221-2; Hksb. 199-200/79; Stb. 233-5/197; sbr. V.-Glúm. 1/1.

frá Varðgjá til Fnjóskadalsár og bjó í Sigluvík. Þar fyrir norðan nam Þengill mjögsiglandi frá Hálogalandi land að ráði Helga til Grenivíkur og bjó hann í Höfða. Grenivík og Látraströnd eða „Hvallátr ok strönd alla“ út til Þorgeirsfjarðar nam Þormóður nokkur, og er þá komið kippkorn út fyrir landnám Helga hins magra.[1])

Þorgeirsfjörð og Hvalvatnsfjörð nam maður, er Þorgeir hjet, og Flateyjardalinn þar fyrir austan nam Eyvindur Loðinsson önguls. Fyrir sunnan Flateyjardalinn liggur fjall eitt, er Landnáma kallar Ódeilu, og var það á milli landnáma þeirra Eyvindar og Þóris snepils Ketilssonar, er nam Fnjóskadalinn allan norðan frá Ódeilu. Hann kom skipi sínu í Skjálfandafljótsós og nam fyrst Kaldakinn milli Skuggabjarga og Ljósavatnsskarðs, en þar festi hann ekki yndi og fór á braut og nam Fnjóskadalinn og bjó að Lundi.[2])

Bárðardalinn allan að ofanverðu, upp frá Kálfborgará og Eyjadalsá nam Bárður nokkur, er dalurinn er við kendur. Hann kom einna fyrstur landnámsmanna í Þingeyjarsýslu til Íslands; segir í Landnámu að hann væri sonur Heyjangrs-Bjarnar hersis í Sogni, er var sonarsonur Helga bróður Ketils flatnefs, og hefði því Bárður átt að vera öðrum og fjórða við þær systur Auði djúpúðgu og Þórunni hyrnu; en þetta getur varla verið rjett; sýnir það aldur niðja Bárðar, að hann var eldri en svo. Þorgeir Ljósvetningagoði, er varð lögsögumaður 985, var t. a. m. fjórði maður frá honum, svo hann var meira en miðaldramaður, er hann kom til Íslands.[3])

Bárður reisti bæ að Lundarbrekku í Bárðardal og bjó þar um hríð. Hann tók eptir því að landviðri, sunnanátt, voru betri en hafviðri, og rjeð af því að lönd væru betri fyrir sunnan heiði. Hann sendi sonu sína suður um góu; fundu þeir góubeytla og annan gróður. Annað vor eptir

---

[1]) Ldn. 16-7/222-4; Hksb. 201, 203-4/79-81; Stb. 236, 238-9/197-8,
[2]) Ldn. 17/223-25; Hksb. 205-6/81, 202/80; Stb. 240-41/198, 237/197.
[3]) Sbr. Safn I, 260—62.

gerði Bárður kjálka hverju kvikindi því, er gengt var, og ljet hvert þeirra draga fóður sitt og fjárhlut. Hann fór suður Bárðardal og um Vonarskarð; var sú leið lengi síðan kend við hann og kölluð Bárðargata. Bárður nam síðan Fljótshverfi. Hann átti marga syni og má telja víst, að sumir þeirra hafi setið eptir í Bárðardalnum, því ekki er þess getið að neinn settist að í landnámi Bárðar, er hann var farinn suður, og margir niðjar hans voru þar nyrðra.[1])

Bárðardalinn fyrir neðan Eyjadalsá til Landamóts og nokkra sneið af Ljósavatnsskarði nam Þorfinnur máni Áskelsson og bjó að Öxará. En Ljósavatnskarð mestalt nam Þórir Grímsson af Rogalandi, afi Þorgeirs Ljósvetningagoða. Kaldakinn er að vestanverðu við Skjálfandafljót norður af landnámi Þóris. Hana nam, eptir því, sem segir í Melabók „hinni yngri", í annað sinn maður nokkur, er kallaður var Kampa-Grímur og fór til Íslands frá Suðureyjum. Hann fjekk á Íslandi Vigdísar dóttur Þorsteins rauðs.[2])

Að austanverðu við Skjálfandafljót sunnan frá Kálfborgará og norður til Rauðuskriðu nam maður nokkur land, er Máni hjet og var af Hálogalandi. Hann braut skip sitt við Tjörnes og bjó þar að Máná nokkra vetur, en síðan var hann rekinn þaðan á braut og nam hann þá land með fram Skjálfandafljóti og bjó að Mánafelli; er sá bær fyrir löngu í eyði. Í Landnámu segir, að Máni næmi land „milli Fljóts ok Rauðuskriðu", og verður sjerstaklega að gæta þess, að Skjálfandafljót takmarkar landnám hans að vestan en Rauðaskriða að norðan, ef þessi orð eiga eigi að villa neitt. Þó sjest það síðar, að Rauðaskriða hefur verið í landnámi Mána, því bæði er þess getið, að hann seldi Rauðaskriðulönd og að einn sonur hans bjó í Rauðaskriðu.[3])

Fyrir austan Fljótsheiði er Reykjadalurinn (nú Aðalreykjadalur). Hann eignaði sjer fyrstur Náttfari, skipverji Garðars Svavarssonar, og merkti þar landnám sitt á viðum.

[1]) Ldn. 18/225-6; Hksb. 207/81; Stb. 242/198. [2]) Ldn. 18/226-7 sbr. 18/116; Hksb. 208/81-2; Stb. 243-4/198-9; Melab. 254. [3]) Ldn. 20/232; Hksb. 215/84; Stb. 251/200;; Reyk. 1/3.

En maður nokkur, sem hjet Eyvindur Þorsteinsson og kom skipi sínu í Húsavík, nam síðan Reykjadalinn upp frá Vestmannsvatni. Gerði hann Náttfara tvo kosti, að hann skyldi eiga Náttfaravík, sem er fyrir norðan Köldukinn skamt fyrir vestan mynni Skjálfandafljóts, eða alls ekki, og fór Náttfari þangað. Eyvindur bjó að Helgastöðum. Bróðir hans Ketill hörðski Þorsteinsson kom út nokkru síðar að orðsendingu Eyvindar, er hafði numið þeim báðum land, eins og Ketill hafði beðið hann um að skilnaði. Ketill bjó að Einarsstöðum, nokkru ofar í Reykjadalnum en Eyvindur. Eyvindur hefur hlotið að koma til Íslands eigi síðar en í lok 9. aldar, og hafði Náttfari þá verið meir en þriðjung aldar á Íslandi og kominn á efri ár.[1])

Reykjadalinn að neðanverðu frá sjó og upp til Vestmannsvatns og vestur til Laxár námu fóstbræður tveir Vestmaður og Úlfur.[2]) En fyrir suðaustan landnám þeirra nam Grenjaður Hrappsson land um Þegjandadal, Hraunaheiði, Þorgerðarfell og Laxárdal neðan og bjó að Grenjaðarstöðum.[3]) Í efri hluta Laxárdals er eigi getið neins landnámsmanns, enda er þar eigi mjög mikið land.

Ef haldið er upp Laxárdalinn koma menn í Mývatnssveit. Er það einkennilegt, að Landnáma nefnir enga landnámsmenn þar, menn er hafa „numið“ þar land; en hún nefnir þrjá menn, er búið hafi þar fyrstir. Ef betur er að gáð, sjest að enginn þeirra hefur komið þangað fyr en í lok landnámsaldar og einn eða tveir af þeim nokkru síðar. Mývatnssveitin bygðist, þegar fólk fór að fjölga í landinu og bæjum að fjölga í landnámunum, en Landnáma orðar það eins og hún hefði verið hlutur af öðru landnámi, en til þess eru engin rök. Þorsteinn Sigmundarson, sonarsonur Gnúpa-Bárðar, er sagt hafi búið fyrstur að Mývatni. Þá er afi hans fór suður Vonarskarð, hefur Sigmundur orðið eptir í Bárðardalnum, og þaðan hefur Þorsteinn farið til Mývatns, er hann

---

[1]) Reyk. 1/1-2; Ldn. 19/228-9; Hksb. 211/82-3; Stb. 247/199-200.
[2]) Ldn. 19/228; Hksb. 210/82; Stb. 246/199. [3]) Ldn. 19/230; Hksb. 212/83; Stb. 248/200.

vildi byrja búskap, numið land og reist þar bæ. Ekki er sagt nánar af bústað hans, en að hann hafi búið að Mývatni, en sonarsonur hans var Arnór í Reykjahlíð, og er eigi ólíklegt að Þorsteinn hafi reist þann bæ fyrstur. Hann stendur fyrir austan Mývatn, langt frá báðum hinum bæjunum, sem fyrst voru reistir við vatnið. Hinir fyrstu bændurnir eða landnámsmennirnir í Mývatnssveit voru þeir Þorkell hinn háfi, er kom ungur til Íslands og bjó fyrst að Grænavatni fyrir sunnan Mývatn, og Geiri, faðir Glúms skálds, er bjó fyrstur að Geirastöðum fyrir vestan Mývatn. Hann er kallaður maður norrænn, og er líklegt að hann hafi þá verið nýkominn til Íslands, er hann settist að á Geirastöðum, en það var eigi fyr en eptir landnámsöld.[1])

Fyrir austan Laxá norður við sjó námu bræður tveir land, Hjeðinn og Höskuldur Þorsteinssynir; nam Höskuldur land alt fyrir austan Laxá og bjó í Skörðum, en Hjeðinn norður með sjó til Tunguheiðar, og bjó að Hjeðinshöfða. Í landnámi þeirra er Húsavík, er Garðar hafði vetursetu.[2])

Tjörnesið alt fyrir norðan Tunguá og Ós nam Böðólfur Grímsson af Ögðum. Hann braut skip sitt við Tjörnes. Segir Sturlubók, að hann væri að Auðólfsstöðum hinn fyrsta vetur, en Hauksbók að Böðólfs skytju. Böðólfur rak Mána, sem fyr er nefndur, brott af Tjörnesinu. Aldur Böðólfs má nokkuð sjá af því, að þá er hann kvongaðist í annað sinn, fjekk hann Þorbjörgu hólmasól yngstu dóttur Helga magra. En sonur hans af fyrra hjónabandi var Skeggi Böðólfsson. Hann var fæddur í Noregi og fór til Íslands með foreldrum sínum. Hann nam síðan Kelduhverfi upp til Kelduness og bjó í Miklagarði (nú Garði).[3])

Enn námu tveir menn aðrir land í Kelduhverfi og er sagt um þá báða, að þeir hafi numið land upp frá Keldunesi; þó er þess eigi getið að neitt samband hafi verið á milli þeirra. Annar þeirra hjet Ljótur óþveginn, vitur

---

[1]) Ldn. 20/232-4; Hksb. 218-20/85; Stb. 254-7/201; Reyk. 17-8/87-98. [2]) Ldn. 18/228; Hksb. 209/82; Stb. 245/199. [3]) Ldn. 19/230; Hksb. 213-14/83; Stb. 249-50/200.

maður og vígamaður mikill,. en hinn Önundur Blæingsson, bróðir Bálka í Hrútafirði. Hann bjó í Ási.[1])

Fyrir austan Jökulsá í Axarfirði nam land Einar Þorgeirsson, dótturson Torf-Einars jarls Hann keypti í skipi með bræðrum tveimur, Vestmanni og Vjemundi, og fóru þeir allir til Íslands. Þeir sigldu norður fyrir landið og inn fjörðinn fyrir vestan Sljettu (Melrakkasljettu). Hann kölluðu þeir síðan Öxarfjörð eptir öxi þeirri, er þeir settu í Reistargnúp. Þeir settu einnig örn upp fyrir vestan landnám sitt og kölluðu þar Arnarþúfu og í þriðja stað settu þeir kross og nefndu þar Krossás. Svo helguðu þeir sjer allan Öxarfjörð. Fyrir norðan þá á vesturströnd Melrakkasljettu nam Reistur son Bjarneyja-Ketils land, á milli Reistargnúps og Rauðagnúps norðvestast á Sljettu. Hann bjó í Leirhöfn. Hvar Reistargnúpur er, sem var landamerki á milli landnáma þeirra Einars og Reistar, vita menn eigi með vissu, því nafnið hefur eigi haldist; en skoðun sjera Sigurðar Gunnarssonar að hann sje gnúpur sá, er nú heitir Snartarstaðagnúpur, skamt fyrir sunnan Leirhöfn, er langlíklegust. Einar og fjelagar hans komu eigi fyr út en á seinni hluta landnámsaldar, en þó námu þeir land fyr en Reistur, og landnám þeirra var miklu stærra en landnám hans.[2])

Melrakkasljettuna alla milli Hávararlóns og Sveinungsvíkur nam maður sá, er Arngeir hjet. Sveinungsvík austan á Sljettu og Kollavík vestanvert við Þistilfjörðinn námu menn tveir, Sveinungur og Kolli, er víkurnar voru kendar við. Þistilfjörðinn milli Hundsness (nú líklega Rauðanes) og Sauðaness, sem er rangnefnt Grenjanes á uppdrætti Bjarnar Gunnlaugssonar, nam Ketill þistill, faðir Einars að Laugabrekku.[3])

Langanesið alt fyrir utan Helkunduheiði, Gunnólfsvík og Gunnólfsfell nam Gunnólfur kroppa Þórisson og bjó í Fagravík.[4]) Í fornöld var Langanesið talið með Austfirðingafjórðungi og svo gerir Landnáma. Helkunduheiði var á

[1]) 20/232; Hksb. 216-17/84-5; Stb. 252-3/200-1. [2]) Ldn. 20/234-5; Hksb. 221-2/85-6; Stb. 257-8/201; Safn II, 429. [3]) Ldn. 20/235-6; Hksb. 223-5/86; Stb. 259-61/202; Safn II, 433. [4]) Ldn. 1/237; Hksb. 226/86; Stb. 264/202.

landamærum milli fjórðunganna, og mun þá hafa verið nefnd svo heiðin eptir endilöngu Langanesi út að Skörurvíkurbjargi á norðanverðu Langanesi. Allur ysti og syðri hlutinn af Langanesinu, Austurhreppur, lá undir Norður-Múlasýslu þangað til 1841, að breyting var á því gjörð, og eru nú sýslumót við Gunnólfsvíkurfjall.

Landnám í Norður-Múlasýslu.

Finnafjörðinn, nyrðsta fjörðinn í Norður-Múlasýslu, og Viðfjörðinn (nú Miðfjörður) þar næst fyrir sunnan nam maður, er Finni hjet, en suður frá Viðfirði land alt til Digraness (eða Víðvíkurbjarga eins og það nú er nefnt) nam Hroðgeir hinn hvíti Hrappsson og bjó að Skeggjastöðum við Sandvík (nú Bakkafjörð). Hefur Hólkná að líkindum skilið landnám hans og Finna. Alrekur hjet bróðir Hroðgeirs, er kom út með honum, en eigi er getið hvar hann bjó. Sonur hans var Ljótólfur goði í Svarfaðardal.[1])

Ströndina suður frá Digranesi, Selárdalinn allan og Vestradalinn hálfan fyrir vestan Vestradalsá nam Hróaldur bjóla, fóstbróðir Eyvindar vopna. Hann bjó á Torfastöðum í Vestradal.[2])

Vopnafjörðinn allan og Vestradalinn fyrir sunnan Vestradalsá nam Eyvindur vopni Þorsteinsson, og bjó í Krossavík hinni innri. Hann átti bróður, er hjet Refur hinn rauði, og urðu þeir missáttir við Harald hárfagra. Lögðu þeir af stað til Íslands frá Strind í Þrándheimi sinn á hvoru skipi, en Refur varð apturreka og ljet konungur drepa hann.[3])

---

[1]) Ldn. 1/237-8; Hksb. 227-8/86; Stb. 265-6/202. [2]) Ldn. 1/239; Hksb. 231/87; Stb. 269/203. [3]) Ldn. 1/238; Hksb. 229/86-87; Stb 267/202-3.

Í landnámi Eyvindar fjekk síðan bróðursonur hans Steinbjörn körtur Refsson land; gaf Eyvindur honum land alt milli Vopnafjarðarár (nú Hofsá) og Vestradalsár, og bjó hann að Hofi. Nokkru síðar kom út einhver merkasti maðurinn, er settist að á Austfjörðum, Þorsteinn hinn hvíti, sonur Ölvis hins hvíta Ósvaldssonar. Ölvir var lendur maður í Almdölum,[1]) en varð ósáttur við Hákon jarl Grjótgarðsson; stökk hann fyrir ófriði jarls á Yrjar norðanvert við Þrándheimsfjarðarmynni og dó þar litlu síðar. Þorsteinn fór þá til Íslands og kom skipi sínu í Vopnafjörð; keypti hann þar land af Eyvindi vopna fyrir sunnan eða austan Vopnafjarðará, og bjó að Tóptavelli fyrir utan Sírieksstaði nokkra vetur, áður en hann komst að Hofs landi, sem hann tók í skuld af Steinbirni körtr.[2])

Enn nam land í landnámi Eyvindar Lýtingur Arnbjarnarson, er kallaður er Ásbjarnarson í Vápnfirðinga sögu. Hann fjekk alla hina eystri strönd Vopnafjarðar, Böðvarsdal og Fagradal, og bjó í Krossavík hinni ytri.[3])

Þorsteinn torfi Arnbjarnarson, bróðir Lýtings í Krossavík, nam alla Hlíð (nú Jökulsárhlíð) utan frá Ósfjöllum og upp til Hvannár og bjó að Fossvelli. En Hákon nokkur nam Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og fyrir ofan Teigará og bjó á Hákonarstöðum. Teigur lá ónuminn milli landnáma Þorsteins torfa og Hákonar; lögðu þeir teig þann til hofs og var hann því nefndur Hofteigur.[4])

Í Jökuldalnum fyrir austan Jökulsá upp frá Knefilsdalsá nam Skjöldólfur Vjemundarson land og bjó á Skjöldólfsstöðum. Hann er sagður bróðir Berðlu-Kára, tengdaföður Kveldúlfs, en eigi er það líklegt, því svo mikill aldursmunur var á þeim.[5])

---

[1]) Í Þorsteins þætti hvíta segir að hann byggi í Naumudal. [2]) Ldn. 1/238-9; Hksb. 230, 232/87; Stb. 268/203, 270/203; Vápn. 3; Þorst. hvít. 35—6, þar er sagt að Þorsteinn hafi keypt land af Steinbirni körtr, er hann kom út, en það er rangt, enda voru Tóptavellir eigi fyrir vestan Vopnafjarðará, heldur austan. [3]) Ldn. 2/240-1; Hksb. 233/88; Stb. 271/203-4; Vápn. 5. [4]) Ldn. 2/241; Hksb. 235-6/88; Stb. 273-4/204. [5]) Ldn. 2/242; Hksb. 237/88; Stb. 275/204.

Suðaustur úr Jökuldalnum sunnan við landnám Skjöldólfs gengur Hrafnkelsdalur, er svo er nefndur eptir Hrafnkeli landnámsmanni. Landnáma segir, að hann væri Hrafnsson og kæmi út síð á landnámatíð. Hann var hinn fyrsta vetur í Breiðdal, en um vorið fór hann upp um fjall og áði þá í Skriðudal og sofnaði. Hann dreymdi þá að maður kom að honum og bað hann upp standa og fara burt sem skjótast. Hann vaknaði og fór burt. En er hann var skamt kominn, þá hljóp ofan fjallið alt og varð undir göltur og griðungur, er hann átti. Síðan nam Hrafnkell Hrafnkelsdal og bjó á Steinröðarstöðum. Af Hrafnkeli er til sjerstök saga, Hrafnkels saga Freysgoða, og segir þar að faðir hans hjeti Hallfreður og hann kæmi á dögum Haralds hárfagra með konu sína og Hrafnkel son sinn fimtán vetra gamlan út í Breiðdal. Þar var hann um veturinn á Arnþrúðarstöðum, en um vorið fór hann norður um heiði og gjörði bú í Geitdal, sem gengur suðvestur úr Skriðudal. Þar dreymdi hann eina nótt líkt og sagt er um Hrafnkel í Landnámu, að maður kæmi að honum og segði honum að færa á brott bú sitt vestur yfir Lagarfljót. Þá færði hann bú sitt út yfir Rangá og í Tungu að Hallfreðarstöðum, og bjó þar til elli. Í Geitdal varð honum eptir geit og hafur, og sama daginn sem hann fór, hljóp skriða á bæinn og týndust þar þessir gripir. Sjást þess enn merki að skriða hefur einhvern tíma í fornöld fallið úr vesturfjallinu í Geitdal. Hrafnkell Hallfreðarson fann síðan eyðidal upp af Jökuldal; honum virtist dalurinn byggilegur; fjekk hann þá fje hjá föður sínum og reisti bæ í dalnum, er hann nefndi Aðalból, og dalurinn var kendur við hann sjálfan.[1]) Þetta eru tvær sjálfstæðar frásagnir, og er líklegt að frásögn Hrafnkels sögu sje sannari þar sem þær greinir á, einkum að því leyti er snertir útkomu Hrafnkels og föðurnafns hans; á það benda Hallfreðarstaðir, og gæti Steinröðarstaðir verið ritvilla fyrir Hallfreðarstaðir.

---

[1]) Hrafnk. 3—4; Ldn. 3/245-6; Hksb. 244/90; Stb. 283/205; sbr. Brandkr. 57; Hrafnk. 1839 Indl. 10—11; Safn I, 407; Finnur Jónsson, Litt. hist. II, 524; Safn II, 440, 441: Kålund, Isl. II, 239.

Tungulönd öll (nú Hróarstunga) á milli Jökulsár og Lagarfljóts nam Þórður Þórólfsson hálma. Að austanverðu náði landnám hans upp til Rangár, er fellur í Lagarfljót, en að vestanverðu hefur það að líkindum náð upp til Knefilsdalsár, er rennur í Jökulsá, því sagt er um Þorfinn, föður Þorsteins fagra, er fyrstur bjó á Skeggjastöðum fyrir austan Jökulsá nokkru fyrir neðan Knefilsdal, að hann hafi búið þar að ráði Þórðar hálma; hefur hann að líkindum setst að í landnámi hans.[1])

Upp með Lagarfljóti að vestanverðu frá Rangá til Ormsár (nú Ormarstaðaá) nam Össur slagakollur land. Norðan frá Ormsá upp til Hengifossár nam Ketill son Þóris þiðranda. Hann var kallaður Ketill þrymur og fór með Graut-Atla bróður sínum úr Veradal til Íslands. Ketill fór utan og var um vetur með Vjeþormi syni Vjemundar hins gamla. Þá keypti hann að Vjeþormi Arneiði, dóttur Ásbjarnar jarls skerjablesa, er Hólmfastur Vjeþormsson hafði hertekið, þá er þeir Grímur, systurson Vjeþorms, drápu Ásbjörn jarl. Síðan gerði Ketill brúðkaup til Arneiðar. Áður en þau fóru frá Noregi fann hún grafsilfur mikið, og Ketill bauð þá að flytja hana til frænda sinna, en hún kaus að fylgja honum. Þau fóru út og bjuggu á Arneiðarstöðum, og var sonur þeirra Þiðrandi, afi Droplaugarsona.

Í Droplaugarsona sögu er sagt nokkuð öðru vísi og nákvæmar frá þessu en í Landnámu. Fyrst er þess getið, að þeir bræður Ketill þrymur og Graut-Atli hafi búið í Skriðdal á Húsastöðum, og hafi jafnan farið til annara landa með kaupeyri. Þá er sagt frá utanferð Ketils og ferð frá Konungahellu austur á Jamtaland og veturvistinni þar hjá Vjeþormi; er hann kallaður Rögnvaldsson Ketilssonar raums, en Rögnvaldsson er líklega rangt og eins að Ketill hafi verið kallaður raumur en eigi þrymur eins og aðrir í ættinni. Grímur er talinn bróðir Vjeþorms og enn eru nefndir tveir bræður þeirra, Guttormur og Ormarr eða Ormur. Þeir

[1]) Ldn. 2,241-2; Hksb. 238/89, 234/88. Í Hksb. er Þórður kallaður þvari. Stb. 276/204, 272/204; Þorst. hv. 37.

bræður höfðu þá herjað vestur um haf og drepið Ásbjörn jarl skerjablesa í Suðureyjum; er sagt að hann hafi verið þar jarl eptir fall Tryggva og er eigi sagt nánar af honum, en um Guttorm er þess getið, að hann hafi síðan orðið formaður eyjanna, en Grímur og Ormur farið hver á sínu skipi til Íslands og orðið Katli samferða sumarið eptir veturvist hans hjá Vjeþormi. Síðan hafi Ketill keypt sjer land fyrir vestan Lagarfljót og búið á Arneiðarstöðum og gert brúðkaup til Arneiðar; er líklegt að brúðkaup þeirra hafi eigi verið fyr en út á Íslandi eins og segir í sögu Droplaugarsona, því annars er óliklegt að Ketill hafi boðið að flytja Arneiði til frænda hennar, hafi hann verið kvongaður henni áður en hann fór til Íslands. Af Katli þrym eru þannig tvær frásagnir og er óvíst hvor rjettari er, þar sem þeim ber á milli um hann. Það er ljóst, að þeir bræður hafa verið einhverjir hinir elstu landnámsmenn í Múlasýslum og komið út ungir að aldri og ókvongaðir. Tryggvi og Ásbjörn hafa að líkindum verið jarlar Haralds hárfagra og Vjeþormur orðið að flýja Noreg sökum vígs Ásbjarnar.[1])

Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá nam Brynjólfur hinn gamli Þorgeirsson og skal minnst á hann nánar, þá er skýrt verður frá landnámum í Suður-Múlasýslu.[2])

Landið fyrir sunnan eða austan Lagarfljót næst sjó, Útmannasveit eða Hjaltastaðaþinghá og Eiðaþinghá nam Uni hinn danski eða hinn úborni, sonur Garðars Svavarssonar; náði landnám hans upp að Unalæk á Útvöllum, skamt frá Ketilsstöðum. Uni fór til Íslands með ráði Haralds konungs hárfagra, og ætlaði að leggja landið undir konung; hafði konungur heitið honum að gjöra hann síðan jarl sinn. Uni tók land við Selfljótsós, er kallaður var Unaós, og reisti þar bæ. En er landsmenn vissu ætlun hans, tóku þeir að ýfast við hann, og vildu eigi selja honum kvikfje nje vistir, svo hann mátti eigi haldast þar og varð að fara burtu. Er þess eigi getið, hver tók lönd eptir hann.[3])

---

[1]) Ldn. 2/242-3; Hksb. 240/89; Stb. 278/204-5; Dropl. 3—6; sbr. Safn I, 269, Munch, Hist. I, 505—6. [2]) Ldn. 3/244; Hksb. 241/89; Stb. 280/205. [3]) Ldn. 4/246; Hksb. 245/90; Stb. 284/205-6.

Njarðvík, næstu víkina fyrir sunnan Hjeraðsflóa nam maður, er hjet Þorkell fullspakur. Hefur hann annaðhvort komið snemma til Íslands eða verið á efra aldri, er hann fór þangað, því Þjóðhildar dóttur hans fjekk Ævar hinn gamli landnámsmaður; er Þorkell einum lið eldri að ætterni en aðrir landnámsmenn þar eystra.[1])

Borgarfjörðinn nam Veturliði Arnbjarnarson, bróðir þeirra Lýtings og Þorsteins torfa. Breiðavík er næsta landnám þar fyrir sunnan og nam hana Þórir lína.[2])

Húsavík nam Þorsteinn nokkur, er kallaður var kleggi. Þá er Loðmundarfjörður, er Loðmundur hinn gamli nam. Hann fór af Vors til Íslands og Bjólfur fóstbróðir hans. Loðmundur bjó að eins einn vetur í Loðmundarfirði, því þá frá hann til öndvegissúlna sinna fyrir sunnan land; bar hann þá öll föng sín á skip, og er segl var undið upp, lagðist hann niður og bað engan mann vera svo djarfan að hann nefndi sig. Loðmundur var rammaukinn mjög og fjölkunnugur, og er hann hafði skamma hríð legið, varð gnýr mikill; sáu menn þá, að skriða mikil hljóp á bæ þann, er Loðmundur hafði búið á. Hann lagði þá að sagt er álög á fjörðinn og er líklegt að sögusögn þessi um skriðuna hafi myndast af því, að hraunskriða mikil hefur hlaupið norðaustan úr Karlfelli niður í dalinn og er hún nú kölluð Stakkahliðarhraun og stundum Loðmundarskriða. En af Loðmundi er það að segja, að hann hjelt suður og vestur með landi alt fyrir Hjörleifshöfða og lenti nokkru fyrir vestan hann. Nam hann þar land, sem súlurnar höfðu rekið, á milli Hafursár og Fúlalækjar.[3])

Bjólfur fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan og bjó þar alla æfi. Án hinn rammi settist að í landnámi hans, er hann fjekk Helgu dóttur Bjólfs, og fylgdi henni í heimanmund öll hin nyrðri strönd Seyðisfjarðar inn til Vestdalsár.[4])

---

[1]) Ldn. 4/248: Hksb. 246/92; Stb. 285/206. [2]) Ldn. 4/249; Hksb. 247-8/92; Stb. 286-7/206-7. [3]) Ldn. 5/249-50; Hksb. 249-50/92; Stb. 288-9/207; sbr. Safn II, 442, Kålund, Isl. II, 211. [4]) Ldn. 6/252; Hksb. 251/93; Stb. 290/208.

Landnám í Suður-Múlasýslu.

Mjóvafjörðinn nam maður, er kom út með Brynjólfi gamla og hjet Eyvindur. Norðfjörð nam Egill hinn rauði og bjó á Nesi utarlega að norðanverðu við fjörðinn. Þá er Hellisfjörður, Viðfjörður og Sandvík, smáfirðir, og nam þá alla maður, er hjet Freysteinn fagri. Hann bjó á Barðsnesi.[1])

Þórir hinn háfi og Krumur fóru af Vors til Íslands; nam Þórir Krossavík á milli Gerpis og Reyðarfjarðar, en Krumur nam land báðu megin við Reyðarfjörð utanverðan, Þernunes og Hafranes að sunnanverðu við Reyðarfjörð og alt hið ytra, bæði Skrúðey og aðrar úteyjar, og þrjú lönd gegnt Þernunesi, það er ströndina að norðanverðu við fjörðinn utanverðan, inn frá landnámi Þóris háfa.[2])

Allur innri og meiri hlutinn af Reyðarfirði var numinn áður en þeir Krumur komu út, enda hefði hann varla valið sjer land yst við Reyðarfjörð, ef hann hefði átt um allan fjörðinn að velja. Þar höfðu þá sest að bræður tveir, einhverjir hinir göfgustu landnámsmenn í Suður-Múlasýslu, Brynjólfur hinn gamli á Eskifirði og Ævar hinn gamli í Reyðarfirði. Þeir voru synir Þorgeirs Vestarssonar og átti hann þriðja soninn, er Herjólfur hjet. Þeir fóru allir til Íslands á sínu skipi hver þeirra; kom Brynjólfur á Eskifjörð og Ævar á Reyðarfjörð; hafa þeir eflaust numið land kring um mestallan Reyðarfjörð, því þar voru þeir fyrst. En síðan fóru þeir upp um fjall og nam Brynjólfur allan Fljótsdal fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan Lagarfljót, en fyrir ofan Giljá[3]) að austanverðu við fljótið, enn fremur Skriðudal allan

[1]) Ldn. 6/252-3: Hksb. 252-4/93; Stb. 291-3/208; sbr. Þorst. uxf., Fms. III. 7/120. [2]) Ldn. 6/253; Hksb. 255/93; Stb. 294/208. [3]) Í Landnámu er á þessi kölluð Gilsá, þá er skýrt er frá landnámi Brynjólfs, en það er sama áin, sem rjett áður er þar nefnd Giljá, og greindi hún landnám þeirra Brynjólfs og Graut-Atla að austanverðu við Lagarfljót. Giljá er nú nefnd Gilsá og fellur hún um gljúfur út í Lagarfljót, litlu norðar en Hengifossá að vestanverðu, sbr. Safn II, 440.

og Vellina út til Eyvindarár; tók hann mikið af landnámi Una Garðarssonar, og bygði þar frændum sínum og mágum. Ævar bróðir Brynjólfs fjekk Skriðudal allan fyrir ofan Gilsá, sem rennur norðaustanmegin við dalinn út í Grímsá; Ævar bjó á Arnallsstöðum í miðjum dalnum. Herjólfur bróðir þeirra Brynjólfs andaðist nokkrum árum eptir útkomu þeirra; virðist Brynjólfur þá hafa verið orðinn ekkjumaður, því hann gekk að eiga Helgu ekkju bróður síns. Ásvöru Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs og stjúpdóttur, fjekk maður, er Ásröður hjet, og fylgdu henni heiman öll lönd milli Gilsár og Eyvindarár, og bjuggu þau á Ketilsstöðum. Af þeim var kominn Kolskeggur hinn fróði, er sagði fyrir um landnám á Austfjörðum, norðan frá Breiðavík, landnámi Þóris línu, og suður í Skaptafellssýslu, ef til vill alla leið að Jökulsá á Sólheimasandi.[1])

Landnám Brynjólfs hins gamla takmarkaðist uppi í Fljótsdalshjeraði af landnámi þeirra bræðra Ketils þryms og Graut-Atla, er báðir höfðu komið út nokkru fyr en Brynjólfur. Graut-Atli nam eystri strönd Lagarfljóts, ofan frá Giljá og niður að Vallanesi, og fyrir vestan Öxnalæk (nú Uxalæk), sem er suðaustan við Vallanes og rennur í Grímsá; en Lagarfljót aðgreindi lönd þeirra bræðra.[2])

Nú eru talin öll landnám upp um hjeraðið í Suður-Múlasýslu, því landnám Una Garðarssonar er áður nefnt, en efri helmingurinn af því er í Suður-Múlasýslu.

Næst fyrir sunnan Reyðarfjörðinn er Fáskrúðsfjörður og nam hann allan maður sá, er Vjemundur hjet. Stöðvarfjörðinn nam Þórhaddur hinn gamli. Hann var hofgoði á Mærini í Þrándheimi. Hann fýstist til Íslands og tók áður ofan hofið og hafði með sjer hofsmoldina og súlurnar, og lagði hann Mærina-helgi á allan Stöðvarfjörð, og ljet engu tortíma þar nema kvikfje sínu til fæðis.[3])

Upp af Breiðdalsvík er meira undirlendi en annars staðar

---

[1]) Ldn. 3/244-5, 6/253; Hksb. 241-3/89-90, 256/93; Stb. 280-2/205, 295/208.
[2]) Ldn. 3/244; Hksb. 240/89; Stb. 279/205; sbr. Sigurð Gunnarsson Safn II, 440. [3]) Ldn. 6/253-4; Hksb. 257-8/94; Vjemundur er í Hksb. (afskrift sjera Jóns Erlendssonar, AM. 105, fol.) kallaður Sæmundur; Stb. 296-7/208.

á Austfjörðum fyrir sunnan Hjeraðsflóa og heitir það Breiðdalur. Þegar kemur rúma mílu frá sjó skiptist Breiðdalur í tvo dali, Norðurdal og Suðurdal, og rennur á eptir hvortveggja dalnum; heitir sú Breiðdalsá er rennur um Suðurdalinn. Í Breiðdal námu eigi færri en fjórir landnámsmenn land og var nyrðstur þeirra maður nokkur, er Herjólfur hjet. Hann nam land milli Hvalsnesskriðna, sem er austan í fjallinu milli Stöðvarfjarðar og Breiðdals, og Ormsár, sem sprettur upp í fjöllunum fyrir norðan Breiðdal og rennur utan við Heydalalönd. Frá Ormsá inn til Tinnudalsár í Breiðdal að norðanverðu nam Herjólfur Þorgeirsson, bróðir Brynjólfs hins gamla, land alt, og var það Heydalalönd. Þá nam maður nokkur, er Hjalti hjet, Kleifarlönd og allan Breiðdal þar upp frá. Utarlega í hlíðinni að norðanverðu við Suðurdalinn eru bæirnir Ytri og Innri Kleif og hefur land það, sem liggur undir þá, verið kallað Kleifarlönd. Hefur Hjalti numið allan Suðurdalinn upp frá Kleifarlöndum og líklega Norðurdalinn líka fyrir ofan Tinnudalsá; er eigi getið um neinn landnámsmann þar. Að sunnanverðu í Breiðdal hefur landnám Hjalta að líkindum náð út að Fagradalsá, er kemur úr Fagradal í fjöllunum sunnan við Breiðdal og rennur norður í Breiðdalsá skamt fyrir innan Skjöldólfsstaði. Breiðdal fyrir utan Fagradalsá og fyrir sunnan Breiðdalsá og ströndina alla fyrir sunnan Breiðdalsvík, fram um Stræti eða Streiti og inn undir Gnúp á sunnanverðu nesinu, Berufjarðar megin, nam maður, er hjet Skjöldúlfur[1])

Berufjörð allan, Búlandsnes fyrir sunnan hann og til Rauðaskriðna fyrir norðan Hamarsfjörð nam maður, er hjet Þjóðrekur, og bjó hann þrjá vetur að bæ, er heitir Skáli, innarlega á norðurströnd Berufjarðar. Síðan keypti Björn hinn háfi, forfaðir Berufirðinga, jarðir af honum, og segir ekki síðan af Þjóðreki. En áður en hann kom í Berufjörð segir í Landnámu að hann næmi Breiðdal allan, en að hann stykki burt þaðan fyrir Brynjólfi. Ef það er rjett, hefur Brynjólfur

[1]) Ldn. 7/254-5; Hksb. 259-62/94; Stb. 298-301/208-9; sbr. Safn II, 445—6; Kålund, Isl. II, 254—6.

hjálpað Herjólfi bróður sínum að nema þar land, því sjálfur nam Brynjólfur þar eigi land, heldur í Fljótsdal og víðar upp um hjerað, en fyrir því hefur sjera Sigurður Gunnarsson ætlað, að Breiðdalur væri rangt og hjer sje átt við Fljótsdal, eins og stendur í Melabók (AM. 106, fol., afskrift sjera Þórðar Jónssonar frá 17. öld) og hafi Þjóðrekur stokkið þaðan fyrir Brynjólfi ofan í Berufjörð.[1])

Álptafjörð hinn nyrðri eða Hamarsfjörð inn frá Rauðaskriðum og dalinn inn af firðinum nam Björn sviðinhorni; var dalurinn nefndur eptir honum Sviðinhornadalur, en nú er hann kallaður Hamarsdalur.[2])

Við Álptafjörð hinn syðra (nú Álptafjörð) námu þrír landnámsmenn land; tók nyrðst land maður er Brandönundur hjet, frá Hamarsá ströndina fyrir sunnan Hamarsfjörð, Melrakkanes og Kambsdal (nú Geithellnadal) suður að Múla, fjallsendanum milli Geithellnadals og Hofsdals. Ströndina fyrir utan Múla, Hofsdalinn allan og suður til Leiruvoga nam Böðvar hinn hvíti Þorleifsson og bjó að Hofi. Þeir Böðvar og Brandönundur voru frændur og fóru af Vors til Íslands; tóku þeir land í Álptafirði hinum syðra. Annar frændi Böðvars var Þorsteinn trumbubein og fór hann með honum til Íslands; hann nam land fyrir utan Leiruvog, Starmýrarlönd og Þvottárlönd, til Hvalsnesskriðna, austan í fjöllunum fyrir austan Hvalsnes í Lóni.[3])

Landnám í Skaptafellssýslu.

Lón, austast í Skaptafellssýslu, frá Lónsheiði til Jökulsár í Lóni nam Þórður skeggi Hrappsson, sem fyr er nefndur, og bjó í Bæ 10 vetur eða lengur; þá frá hann til önd-

---

[1]) Ldn. 7/255; Hksb. 263/94; Stb. 302/209; sbr. Safn II, 446. [2]) Ldn. 7/255; Hksb. 264/94; Stb. 303/209. [3]) Ldn. 7/255-57; Hksb. 265-7/94-5; Stb. 304-6/209; sbr. Safn II, 447–48.

vegissúlna sinna í Leiruvogi í Kjósarsýslu og rjeðst þá þangað vestur. En Lónlönd seldi hann Úlfljóti, syni Þóru dóttur Hörðakára (eða Ketils Hörðakára), er síðar varð löggjafi Íslendinga; hefur hann líklega búið að Bæ í Lóni eptir Þórð.[1])

Suðvesturhlutann af Lóni, frá Jökulsá suður að Horni, nam fyrst Þorsteinn leggur Bjarnarson og bjó í Böðvarsholti. Þorsteinn fór úr Suðureyjum til Íslands, en var þar eigi lengi, því eptir þriggja vetra dvöl í Böðvarsholti seldi hann lönd sín og fór aptur til Suðureyja.[2])

Austan frá Horni og alla leið vestur til Kvíár nam Hrollaugur Rögnvaldsson land. Hann var ríkastur landnámsmaður í Skaptafellssýslu. Hrollaugur var frillusonur Rögnvalds Eysteinssonar jarls á Mæri. Er svo sagt, að Rögnvaldur jarl hafi kallað saman sonu sína, er hann frjetti að Hallaður sonur hans veltist úr jarldómi á Orkneyjum, og spurt hver þeirra vildi fara til eyjanna. Þá er skilgetnu synir hans höfðu gengið fram fyrir föður sinn, er sagt að Hrollaugur gengi fram og spyrði, ef faðir hans vildi að hann færi. Rögnvaldur kvað hann mundu ekki jarl verða; „hefir þú þat skap, er engi styrjöld fylgir; munu vegir þínir liggja til Íslands; muntu þar göfugr þikkja á því landi, ok verða kynsæll, en engi eru hér forlög þín.“ Einar, hálfbróðir Hrollaugs og frilluson Rögnvalds, fjekk þá jarldóm á Orkneyjum, en þeir Hrollaugur og faðir hans komu eigi skapi saman eptir þetta, og fór Hrollaugur þá til Haralds konungs hárfagra og var með honum um hríð, uns hann fór til Íslands með ráði konungs. Hann hafði með sjer konu sína og sonu, og sýnir það að hann hefur þá verið roskinn nokkuð.

Hrollaugur kom fyrst nærri landi austur við Horn og skaut þar fyrir borð öndvegissúlum sínum, en hann rak þá undan og vestur fyrir land. Fjekk hann þá harða útivist og varð vatnfátt. Að lokum tók hann land vestur í Leiruvog á Nesjum. Var hann þar hinn fyrsta vetur. Sumarið eptir frá hann til öndvegissúlna sinna, og hafði þær borið á land í

---

[1]) Ldn. 7/257; Hksb. 268/95; Stb. 307/209. [2]) Ldn. 8/259; Hksb. 269/96; Stb. 308/210.

Hornafirði; fór hann þá austur þangað, en hafði vetursetu á leiðinni undir Ingólfsfelli. Þá er hann kom í Hornafjörð, nam hann land frá Horni til Kvíár og bjó fyrst undir Skarðsbrekku í Hornafirði,[1]) en síðan að Breiðabólsstað í Fellshverfi, er nú heitir Suðursveit. Hrollaugur þótti mikill höfðingi og hjelt vingan við Harald hárfagra, en fór aldrei utan. Sendi konungur honum sverð, ölhorn og gullhring, er vá fimm aura, og sá Kolskeggur hinn fróði hornið (líklega seint á 11. öld).[2])

Hrollaugur nam svo mikið land, að hann gat látið aðra menn fá nokkuð af því; er getið um fjóra landnámsmenn, sem keyptu land af honum. Hjet einn þeirra Ketill. Honum seldi Hrollaugur Hornafjarðarströnd utan frá Horni og inn til Hamra, sem hafa verið fyrir austan Hornafjarðarfljót í Nesjasveit, eptir uppdrætti Bjarnar Gunnlaugssonar að dæma. Ketill bjó að Meðalfelli og er sá bær í austur frá Bjarnanesi, nærri í miðri Nesjasveit. Frá Hömrum inn með Hornafjarðarfljóti og til Viðborðs, hins efsta bæjar á Mýrum, fyrir vestan fljótið keypti Auðunn hinn rauði land og bjó í Hofsfelli fyrir austan fljótið. Fyrir vestan Hornafjörð og Hornafjarðarfljót eru Mýrar. Þar keypti land frá Viðborði til Heinabergsár maður, er hjet Þorsteinn hinn skjálgi, en suður og vesturhlutann af Mýrunum, frá Heinabergsá til Hreggsgerðismúla, keypti Úlfur hinn vorski og bjó hann að Skálafelli. Löndum þessum lógaði Hrollaugur um það leyti og hann flutti sig búferlum; er einmitt líklegt að hann hafi flutt sig úr Hornafirðinum, er hann tók að selja lönd þar. Lönd fyrir sunnan Hreggsgerðismúla átti hann öll til dauðadags, nema vestast, landið á milli Jökulsár á Breiðamerkursandi og Kvíár. Það gaf hann Þórði illuga Eyvindarsyni, er braut skip sitt á Breiðársandi. Þórður bjó síðan undir Felli við Breiðá.[3])

Frá Kvíá og vestur að Jökulsá, sem nú er kölluð Skeiðará, nam kona ein land og synir hennar; hún hjet Þorgerður

[1]) Sá bær er nú eigi til, en sjera Sigurður Gunnarsson ætlar hann hafi verið undir Almannaskarði. Safn II, 450. [2]) Ldn. 8-9/259-62; Hksb. 270/96-7; Stb. 309-10/210-11; Orkn. í Icel. sag. I, 6/6. [3]) Ldn. 10/263-4; Hksb. 271-75/98; Stb. 311-15/211-12.

og var ekkja eptir Ásbjörn nokkurn, son Heyjangurs-Bjarnar, hersis í Sogni. Var Ásbjörn af hinni frægu ætt Bjarnar bunu, þriðji maður frá Helga syni hans.[1]) Ásbjörn lagði af stað með fjölskyldu sinni frá Noregi til Íslands, en dó í hafi. Þorgerður reisti bæ og bjó að Sandfelli; þar bjó einnig Guðlaugur sonur þeirra Ásbjarnar eptir hana. Þorgils sonur þeirra mun hafa búið að Hnappavöllum, því niðjar hans eru kendir við Hnappafell, og Össur þriðji sonur þeirra hefur að líkindum reist bæinn að Svínafelli, því þar bjó Flosi sonarsonur hans. Svo mikið er víst, að þeir bræður tóku sjer bústað allir í sömu sveitinni og móðir þeirra.

Í landnámi Þorgerðar var Ingólfshöfði og var því sveitin öll í fornöld kölluð Ingólfshöfðahverfi. Nú er hún orðin eydd mjög, eins og víða annars staðar í Skaptafellssýslu, enda hefur hún fengið annað nafn og er nú kölluð Öræfi eða Öræfasveit. Einn af þeim bæjum, sem eyðilagst hafa (við eldgos og jökulhlaup 1362), er landnámsmannsbærinn Rauðilækur. Hann bygði Helgi son Heyjangurs-Bjarnar, og gerði hann það að ráði Þorgerðar mágkonu sinnar; er svo að sjá sem hann hafi komið út litlu síðar en hún, og setst þá að í landnámi hennar, því ekki er hann talinn á skipi Ásbjarnar bróður síns.[2])

Fyrir vestan Skeiðarársand, er í fornöld hjet Lómagnúpssandur, er Fljótshverfi, og nam það Gnúpa-Bárður, sem fyrstur nam land í Bárðardalnum í Þingeyjarsýslu og fyr er nefndur. Hann bjó að Gnúpum og segir Landnáma, að hann væri þá kallaður Gnúpa-Bárður.[3])

Hverfisfljót skilur Fljótshverfi frá Síðunni og var það í fornöld kallað Almannafljót. Það er eitt af þeim vatnsföllum í Skaptafellssýslu, sem eldsumbrot hefur haft mikil áhrif á; hefur það að líkindum verið lítið í fyrstu, þá er land var numið, því sagt er í Hauksbók eptir Styrmisbók að það hjeti Raptalækur, áður en það hlypi. Að vestanverðu við

[1]) Í Njálu 95/491 er Ásbjörn talinn sonarson Helga Bjarnarsonar bunu og Helga Helgasyni slept úr ættartölunni, sbr. Safn I, 277—79. [2]) Ldn. 10/264-5; Hksb. 276-7/98-9; Stb. 316-17/212; sbr. Kálund, Isl. II, 290—300. [3]) Ldn. 10/265; Hksb. 278/99; Stb. 318/212.

Hverfisfljót nam maður land, er Eyvindur hjet og kallaður var karpi. Hann bjó að Fossi og náði landnám hans vestur að Geirlandsá. Hinu megin við ána tók við landnám Ketils hins fiflska og var það miðhlutinn úr Síðunni vestur að Fjarðará, en fyrir ofan Nýkoma[1])

Ketill fiflski var sonur Jórunnar mannvitsbrekku, systur Auðar djúpúðgu og Þórunnar hyrnu. Hann var að líkindum borinn og barnfæddur fyrir vestan haf, því Jórunn fór þangað með Katli flatnef föður sínum, og mun það hafa verið fyrir daga Ketils fiflska. Ketill ólst upp í kristni og var í Suðureyjum, þá er hann fór til Íslands. Hann bjó í Kirkjubæ og höfðu Papar setið þar áður; var það trú manna, að þar mættu eigi heiðnir menn búa. En af því Ketill hafði annan sið en heiðnir menn, mun hann hafa hlotið auknefni sitt.[2])

Tveir menn aðrir námu land í Síðu. Annar þeirra hjet Böðmóður og nam hann land fyrir vestan Ketil fiflska frá Fjarðará til Drífanda, og upp til Böðmóðshorns. Hann bjó

---

[1]) Hvort Nýkomi er nafn á nýmynduðu landi (hrauni) eða nýrri á vita menn eigi með vissu. Dr. Kålund, Isl. II, 310—11, 318, hefur ætlað að Nýkomi væri nafn á Skaptá fyrir neðan Síðuna og eins ætlar Þorv. Thoroddsen í Andvara XIX, bls. 90, en Jón Sigurðsson, Dipl. I, 198, hyggur að Landbrot sje nefnt svo. Þorv. Thoroddsen hefur eptir nánari íhugun látið þá skoðun í ljós í Geografisk Tidsskrift XII, 219—20, að hraun það fyrir neðan Síðuna, er runnið hafi úr Eldgjá um syðri og nyrðri Ófæru og um Skaptárgljúfur niður á Meðalland og Landbrot, hafi heitið Nýkomi. Áður en þetta hraun rann, ætlar hann að Skaptá hafi runnið í mörgum kvíslum yfir Meðalland og jafnvel einnig yfir Landbrot og þar verið sandar og óbyggilegt land. Ströndin hefur breytst mikið, eins og venjulega á sjer stað þar sem jökulár bera leðju og leir til sjávar; ætlar Thoroddsen að fjörður hafi gengið upp í landið, þar sem nú er Skaptárós og Landbrot, og hafi hann ef til vill náð upp undir Kirkjubæ. – Í þeim firði hafi þeir Papar lent, er bjuggu í Kirkjubæ. — Í fjörð þennan hafi runnið smáá nokkur á Síðunni, sem er nefnd Fjarðará í Landnámu; einnig hefur Geirlandsá runnið í hann. Hraunið úr Eldgjá hafi fylt fjörðinn og myndað nýtt land fyrir neðan Síðuna; Skaptá hafi þá hlotið að breyta farveg sínum og renna austur fyrir hraunið; þá hætti hún að bera jökulleir yfir Meðalland og Landbrot, og þá tóku þau lönd að gróa upp.

[2]) Ldn. 11/266-7; Hksb. 279-80/99-100; Stb. 319-20/212.

í Böðmóðstungu, og er sá bær fyrir löngu úr sögunni. Drifandi heitir nú engin á í Síðunni, en það er líklega sama smááin og á sú, sem nú er nefnd Holtsá. Hinn landnámsmaðurinn var Leiðólfur kappi og fjekk hann vestasta hlutann af Síðunni milli Drífanda og Skaptár; bjó hann að Á fyrir austan Skaptá, en út frá Skál. Annað bú átti hann á Leiðólfsstöðum undir Leiðólfsfelli; „var þar þá mart bygða“ segir í Landnámu; ber þetta vott um að bæir hafi verið teknir að eyðast, þegar Landnáma var rituð. Leiðólfsfell er fullum þriðjungi lengra inn í landi en Á. Það er fyrir austan Skaptá, en norðvestan Hellisá.[1]) Undir fellinu stóðu Leiðólfsstaðir, en nú eru þeir fyrir löngu í eyði og öll bygðin þar í grend. Hefur Leiðólfur átt land alt í upphafi milli Ár og Leiðólfsstaða; er það töluvert land og alt fyrir austan Skaptá. Um Leiðólf kappa er sagt, að hann hafi búið í Skógahverfi, og svo hefur í fornöld verið nefnt einu nafni eigi að eins landnám hans, heldur og landnám allra landnámsmanna milli Skaptár og Almannafljóts, eða Síðan öll, sem nú er.[2])

Höfundar Landnámu hafa eigi verið eins kunnugir í Vestur-Skaptafellssýslu og víða annars staðar á Íslandi; þess vegna er eigi sagt svo skipulega frá sumum landnámum þar sem í ýmsum öðrum hjeruðum. Einnig er landið eytt svo víða í Skaptafellssýslum, að erfiðara er en ella, að greina vel frá öllum landnámum þar.

Í landnámi Ketils hins fíflska settist að landnámsmaður einn, er hjet Eysteinn hinn digri. Hann fór af Sunnmæri til Íslands og nam land á Síðu og Meðallönd, en seldi síðan lönd Eysteini Hranasyni, og segir svo í Landnámu um landnám þeirra: „Eysteinn enn digri nam land fyrir austan Geirlandsá til móts við Ketil enn fíflska, ok bjó í Geirlandi ... Eysteinn, son Hrana Hildissonar parraks fór ór Noregi til Íslands; hann kaupir lönd at Eysteini digra, þau er hann hafði numit, ok kvað vera Meðallönd; hann bjó at Skarði.“

---

[1]) Sjá uppdrátt Þorvalds Thoroddsens í Andvara 1894 og Geografisk Tidsskrift 12. bindi. [2]) Ldn. 11/267, 11/268, sbr. 4/246; Hksb. 281/100; 286/101; Stb. 321/212-13, 325/213. Sbr. Kálund, Isl. II, 312.

Eysteinn hinn digri hefur komið fyrst til landsins, þar sem hann seldi Eysteini Hranasyni land, er hann kom. Hefur hann numið Meðallönd, sem varla getur verið annað en Meðalland og einnig fengið nokkuð af landnámi Ketils fíflska, því það getur ekki rjett verið, að hann hafi numið land fyrir austan Geirlandsá, því Geirland er fyrir vestan ána og þar bjó hann, en í kringum bæ hans hefur land hans einnig hlotið að liggja; á þetta benda líka orðin „til móts við Ketil“; hefur því Eysteinn setst að í norðurhlutanum af landnámi Ketils. Ef hann hefði tekið sjer bústað fyrir austan Geirlandsá, þá hefði það verið í landnámi Eyvindar karpa og hefði Eysteinn þá numið land til móts við hann, en eigi Ketil. Meðalland er eigi nefnt í Landnámu nema á þessum stað og enginn bær er nefndur þar nema Skarð, sem að líkindum er sami bærinn sem eyðijörðin Skarð, nálega á miðju Meðallandi, er eitt sinn var kirkjustaður, áður en kirkjan var flutt þaðan að Hólmaseli,[1]) sem eyddist í eldgosinu 1783. Bendir þetta á, að eitthvað hafi verið byggilegt af Meðallandi þegar á landnámsöld, þótt landslag hafi að líkindum breytst þar mjög, eins og Þ. Thoroddsen hefur bent á. Landbrot er aptur á móti hvergi nefnt í Landnámu, þótt það heiti sje gamalt og komi fyrir í Njálu; er það líklega í Landnámu talið með Meðallandi, og er það nafn notað í fleirtölu; gæti verið að það sje af þeirri ástæðu, að það eigi að ná yfir öll þau lönd, sem lágu fyrir neðan Síðuna á milli Kúðafljóts, Skaptár og Geirlandsár í fornöld, en Geirlandsá hefur þá borið sama nafnið alla leið til sjóvar; hefur hún fallið út í sjó einhvers staðar um það svæði þar sem Skaptárós er nú, eða í fjörð á því svæði, ef þar hefur verið fjörður.[2])

Vilbaldur Dufþaksson, bróðir Áskels hnokkans, fór af Írlandi til Íslands og hafði skip það, er hann kallaði Kúða; hann kom í Kúðafljótsós og nam Tunguland (Skaptártung-

---

[1]) J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, bls. 10. [2]) Ldn. 11/267; Hksb. 282-3/100; Stb. 322-3/213. Um eyðileggingar og landauðnir í Vestur-Skaptafellssýslu sjá einkum Kålund, Isl. II, 302—345; Þorv. Thoroddsen, Andvari XIX. ár og Geogr. Tidsskrift 12. bindi.

una) á milli Skaptár og Hólmsár og bjó að Búlandi. Nokkru síðar kom út maður, er Ísólfur hjet, og er sagt að það væri seint á landnámatíð. Hann skoraði á Vilbald til landa eða til hólmgöngu. Vilbaldur vildi eigi berjast og fór brott af Búlandi; „hann átti þá land milli Hólmsár ok Kúðafljóts", segir í Landnámu, og er það vesturhluti Skaptártungu. Nafnið Kúðafljót var í fornöld notað bæði um hið núverandi Kúðafljót og um Tungufljót, er fellur niður miðja Skaptártungu og myndar nú ásamt Hólmsá og fleiri ám Kúðafljót. Þessi tvö fljót voru í fornöld talin eitt fljót, eins og rjett var, og sama nafnið haft um þau milli fjalls og fjöru. En frá Ísólfi er það að segja, að hann settist að á Búlandi og fjekk landið milli Kúðafljóts (nú Tungufljóts) og Skaptár.[1])

Fyrir vestan Kúðafljót og Hólmsá námu tveir landnámsmenn land og er eigi auðið að ákveða með vissu takmörkin milli landnáma þeirra. Annar þeirra var víkingur einn mikill, er hjet Hrafn hafnarlykill, en hinn var vígamaður mikill og hjet Gnúpur Hrólfsson; var hann kallaður Molda-Gnúpur af því að faðir hans bjó að Moldatúni. Það er á Norðmæri. Þá er Hrafn kom til Íslands nam hann land milli Hólmsár og Eyjarár á Mýrdalssandi og bjó í Dynskógum. Af því landnám hans er miðað við Hólmsá, sjest að hann hefur átt land lengra inn í landi, en Gnúpur, er nam land milli Kúðafljóts og Eyjarár og Álptaver alt. Um Hrafn er sagt, að hann vissi fyrir elds uppkomu og færði bú sitt í Lágey, er var fyrir vestan Eyjará eigi langt frá sjó.[2]) Dynskógar voru fyrir norðan vestanvert Álptaver. Þeir eru nú fyrir löngu aleyddir og allir þeir bæir, er þar voru í grend, en máldagar sýna, að Dynskógar hafa þó bygðst aptur eptir þetta fyrsta gos. Molda-Gnúpur bjó heldur eigi alla æfi að landnámi sínu, því hann varð að flýja fyrir jarðeldi. Þá er hann nam land í Álptaveri, er sagt að þar hafi verið vatn mikið og álptaveiðar á. Molda-Gnúpur seldi mörgum mönnum af landnámi sínu og gjörðist þar fjölbygt, áður jarðeldur

[1]) Ldn. 11/267-8, 12/269; Hksb. 285/101. 287/102; Stbr. 324/213, 326/213-4. [2]) Kálund, Isl. II, 330.

rann þar ofan, en þá flýði Gnúpur með mönnum sínum vestur til Höfðabrekku, og gjörðu þeir tjaldbúðir, þar er heitir á Tjaldavelli. En þar bjó fyrir Vjemundur Sigmundarson kleykis og leyfði hann þeim eigi þar vist; þá fóru þeir í Hrossagarð og gjörðu þar skála og sátu þar um veturinn, og gjörðist þar ófriður með þeim og vígafar. Um vorið eptir fóru þeir Molda-Gnúpur og synir hans vestur í Grindavík og staðfestust þar, að því er segir í Sturlubók, en í Hauksbók er sagt, að hann hafi fallið um veturinn og tveir af sonum hans, en Björn sonur hans farið vestur í Grindavík og setst þar að; þó getur Hauksbók þar rjett á eptir tveggja bræðra Bjarnar í sambandi við hann; er líklegt að þeir hafi verið þrír bræðurnir, er bygðu Grindavík.[1])

Að öllum líkindum hefur það verið sama eldgosið, er hrakti Hrafn hafnarlykil og Molda-Gnúp úr landnámum þeirra. Þeir hafa flúið fyrir „jarðeld“ eða hrauni, sem runnið hefur úr Eldgjá niður með Hólmsá um Dynskógahverfi og niður í Álptaver; á það bendir bæði orð Landnámu, þar sem hún segir, að þeir hafi farið undan jarðeldi, og flótti þeirra vestur til Lágeyjar og Höfðabrekku. Þeir hefðu eigi getað leitað þangað undan jökulhlaupi úr Kötlu.[2]) Sjera Jón Steingrímsson hefur talið, að eldgos þetta hafi verið um 894 og eptir honum hafa sumir yngri höfundar farið,[3]) en eins og dr. Kålund hefur bent á, er það ártal sett af handahófi.[4]) Ef frásögn Landnámu er athuguð, þá bendir hún öll á það, að eldgos þetta hafi eigi verið fyr en í upphafi sögualdarinnar eða nokkru eptir 930, svo of snemt er einnig að setja það um 900. Landnám Gnúps var orðið fjölbygt, synir hans fulltíða, og er þeir flýðu til Höfðabrekku, þá lenti þeim í deilum við Vjemund Sigmundarson, sonarson Önundar bílds landnámsmanns, en Sigmundur kleykir Önundarson rjeðst fyrst austur þangað, er hann varð hjeraðssekur eptir víg

[1]) Ldn. 12/269-71; Hksb. 288/102, 284/100-1; Stb. 327-9/214. [2]) Sbr. Þorv. Thoroddsen, Geogr. Tidsskr. XII, 218. [3]) T. a. m. Þ. Thoroddsen, De isl. Vulkaners Historie bls. 39. [4]) Kalund. Isl. II, 331.

Arnar í Vælugerði, en það var tæplega fyr en í upphafi sögualdarinnar.[1])

Fyrir vestan Eyjará er einnig erfitt að greina landnámin til Kerlingarár, enda er frásögnin óljós í Landnámu og landið hefur tekið stakkaskiptum af jökulhlaupum. Lágey, þar sem Hrafn hafnarlykill tók sjer bústað, er nú auðn ein, og enginn bær er þar í nánd nema Hjörleifshöfði, en á landnámsöld hefur mikill hluti af Mýrdalssandi verið grasi vaxinn, því þar námu þá nokkrir menn land. Aðallandnámsmaðurinn þar um slóðir var Eysteinn nokkur, son Þorsteins drangakarls. Hann fór af Hálogalandi til Íslands, braut skip sitt og meiddist sjálfur í viðum, en bargst þó af. Hann bygði Fagradal, og er hann fyrir vestan Kerlingará eða Kerlingardalsá. Það segir ekki hve landnám hans var stórt, en hann hefur eigi átt mikið land fyrir vestan Kerlingará, því annar landnámsmaður nam þar land. Aptur á móti mun hann hafa eignað sjer meira land fyrir austan Kerlingará og hefur það að öllum líkindum náð til Grímsár (nú Múlakvísl), er rennur fyrir austan Höfðabrekkufjall. Fyrir austan Grímsá nam land Ölvir sonur Eysteins og mun landnám hans hafa náð austur að Eyjará. Í landareign hans var Hjörleifshöfði, og er sagt, að enginn maður hafi áður þorað að nema þar land fyrir landvættum, síðan Hjörleifur var drepinn. Ölvir bjó í Höfða (Hjörleifshöfða).

Í Landnámu er sagt að Sigmundur kleykir, son Önundar bílds landnámsmanns í Flóa, hafi numið land milli Grímsár og Kerlingarár, eða með öðrum orðum milli landa þeirra feðga Eysteins og Ölvis. Af því að þetta er orðað svo, er eigi von að sagt sje, hve stórt landnám Eysteins hafi verið. En Sigmundur kleykir fór ekki fyr austur í Mýrdal, en hann hafði átt í eptirmálum og vígaferlum eptir fall föður síns og um það leyti, er hann kvongaðist Arngunni, dóttur Þorsteins drangakarls en systur Eysteins. Hefur Sigmundur fengið land þar eystra hjá Eysteini mági sínum, en engin líkindi eru til að land hafi legið þar ónumið árum saman á

[1]) Ldn. 4/287-8..

milli landa þeirra feðga, eins og hefði orðið að vera, ef frásögn Landnámu væri rjett um þetta.

Þá er Eysteinn braut skip sitt, rak kerlingu eina af skipinu í Kerlingarfjörð; „þar er nú Höfðársandr“ segir í Landnámu. Hefur því fjörður þessi verið orðinn fullur af sandi, þá er Landnáma var rituð. Hefur dr. Kålund bent á, að þetta muni vera sami fjörðurinn og nefndur er snemma í Landnámu við Hjörleifshöfða. Þar hafi enginn fjörður getað verið, en heldur hafi annaðhvort mynnið af Kerlingardal mátt vera ofurlítill fjörður í landnámstíð, eða smáfjörður nokkur hafi þá skorist upp undir Höfðabrekku. Um Kerlingará segir í Landnámu, að hún fjelli „þá“ fyrir vestan Höfða, er Sigmundur kleykir nam þar land, en Kerlingará hefur ávalt runnið fyrir vestan Höfðabrekkufjall. Bæði þetta og ýmislegt annað ber vitni um, að höfundar Landnámu hafa eigi verið gagnkunnugir í Vestur-Skaptafellssýslu.[1])

Mýrdalinn milli Kerlingarár og Hafursár nam maður nokkur, er Björn hjet, og bjó að Reyni; þó hefur hann eigi numið land frá Kerlingará að neðanverðu, þar sem Fagridalur er, nema Eysteinn hafi setst í landnám hans. Björn var af Valdres, auðugur maður og ofláti mikill. Hann átti í deilum við Loðmund hinn gamla, sem nam land milli Hafursár og Fúlalækjar, þá er hann kom austan af Loðmundarfirði eins og fyr er sagt. Loðmundur bjó í Loðmundarhvammi og kallaði þar Sólheima. Á elliárum hans kom jökulhlaup í Fúlalæk og hafa annaðhvort eldsumbrot valdið því, eða skriðjökullinn stíflað vatnsrásina eins og venja er til og vatnið síðan sprengt jökulinn og brotist fram. Í Landnámu er jökulhlaup þetta tvinnað saman við fjölkyngi; er sagt að Þrasi í Skógum sæi eitt sinn um morgun vatnahlaup mikið. Hann veitti þá vatninu með fjölkyngi austur fyrir Sólheima. Þræll Loðmundar sá vatnið falla norðan um landið að Sólheimum og sagði Loðmundi. Hann var þá blindur og ljet þrælinn fylgja sjer að vatninu og veitti hann því vestur

---

[1]) Ldn. 13/272-3, 4/288; Hksb. 289-91/102, 307/108-9; Stb. 330-1/214-5, 348/219-20. Kålund, Isl. II, 330—335.

aptur fyrir Skóga. Síðan veitti hvor þeirra vatninu frá sjer, þar til þeir fundust við gljúfur nokkur. Þá sættust þeir á það, að áin skyldi þar falla, sem skemst væri til sjóvar; en í þessum vatnagangi, segir sagan, að Sólheimasandur hafi myndast. Á þessi var kölluð Jökulsá á Sólheimasandi, þá er Landnáma var rituð, en hitt nafnið hefur þó haldið sjer líka. Hefur jökulhlaup þetta verið í lok landnámsaldarinnar eða litlu síðar.[1])

Landnám í Rangárvallasýslu.

Austast í Rangárvallasýslu milli Jökulsár á Sólheimasandi og Kaldaklofsár nam Þrasi Þórólfsson land og bjó í Skógum hinum eystri. Hann fór af Hörðalandi til Íslands, og segir í Hauksbók, að faðir hans og föðurbróðir hafi verið konungar á Upplöndum. Sunnan undir miðjum Eyjafjallajökli milli Kaldaklofsár og Lambafellsár nam Hrafn hinn heimski Valgarðsson land og bjó að Rauðafelli hinu eystra. Hann hafði átt heima í Þrándheimi og var hið mesta göfugmenni. Fyrir vestan Hrafn nam Ásgeir kneif Óleifsson land milli Lambafellsár og Seljalandsár og bjó að Auðnum. Af honum keypti Þorgeir hinn hörðski Bárðarson land milli Lambafellsár og Írarár og bjó í Holti. En frá Seljalandsmúla alt undirlendið milli Eyjafjallajökuls og Markarfljóts, Langanesið alt fyrir norðan Eyjafjöll upp til Jöldusteins nam Ásgerður Asksdóttir hins ómálga og bjó í Katanesi. Hún var ekkja eptir Ófeig nokkurn ágætan mann í Raumsdælafylki, er varð missáttur við Harald hárfagra og bjóst því til Íslandsferðar. En konungur ljet drepa hann, áður en hann lagði af stað, og fór þá ekkja hans með börn þeirra til Íslands og með henni Þórólfur hálfbróðir

---

[1]) Ldn. 13/273, 5/250-1; Hksb. 292-3/102-3, 250/92-3; Stb. 332-4/215. 289/207; sbr. Íslenzkar þjóðsögur II, 79—80.

hennar. Þórólfur nam land að ráði systur sinnar fyrir vestan Markarfljót, í landnámi Ketils hængs milli Deildará tveggja, og bjó í Þórólfsfelli. Hann fóstraði þar Þorgeir gollni son Ófeigs og Ásgerðar; bjó Þorgeir síðan að Þórólfsfelli og var sonur hans Njáll að Bergþórshvoli. En Ásgerður Asksdóttir giptist aptur fám vetrum eptir útkomu sína til Íslands og fjekk þá Þorgeir hinn hörðska. Þeirra synir voru Þorgrímur hinn mikli og Holta-Þórir, faðir Þorleifs kráks og Þorgeirs skorargeirs.

Fyrir austan Markarfljót er enn ótalið landið upp frá Jöldusteini í krikanum upp við Goðalandsjökul; Þórsmörkin er þar fyrir ofan Krossá. Hana námu bræður tveir, Ásbjörn Reyrketilsson og Steinfiður (-finnur), er bjó á Steinfinnsstöðum, og helguðu Þór.[1]) Þá var eptir „bjór ónuminn“ milli Krossár og Jöldusteins fyrir norðan Eyjafjallajökul og helgaði Jörundur goði Hrafnsson hins heimska sjer það land og lagði til hofs, er hann reisti á bæ sínum.[2]) Þetta hefur verið í lok landnámsaldarinnar.

Fyrir vestan Markarfljót tók við landnám Ketils hængs, eins og fyr er sagt, og tók hann til eigin afnota Rangárvellina upp að Hróarslæk og Reyðarvatni og mestallan Hvolhreppinn. Einnig nam Baugur fóstbróðir hans þá mest alla Fljótshlíðina fyrir vestan Merkiá, en síðar námu ýmsir aðrir menn land í landnámi Ketils hængs. Einhver hinn merkasti þeirra var Sighvatur rauði af Hálogalandi, tengdasonur Eyvindar lamba og Sigríðar, er fyr hafði átt Þórólfur Kveldúlfsson. Hann nam að ráði Ketils land fyrir vestan Markarfljót, Einhyrningsmörk fyrir ofan Deildará upp frá landnámi Þórólfs, lengst upp með Markarfljóti að vestanverðu og bjó í Bólstað líklega undir Einhyrningi, eða rjett hjá því fjalli.[3]) Þetta hefur eigi verið fyr en um 900. Einhyrningsmörk er nú í eyði fyrir löngu og eins er um bæ þann, er Jörundur

---

[1]) Ldn. 1-2/176-80; Hksb. 295-301/103-5; Stb. 336-43/216-17; Nj. 20/78, er segir, að Ásgerður væri dóttir Áskels hersis hins úmálga. [2]) Ldn. 3/284; Hksb. 305/107; Stb. 346/218. [3]) Ldn. 3/283-84; Hksb. 304/106-7; Stb. 345/218.

goði son Hrafns hins heimska bygði fyrir vestan Markarfljót, og hjet á Svertingsstöðum, þá er Landnáma var rituð. Dr. Kålund ætlar að hann hafi legið upp á afrjetti enn lengra inn í landi en Bólstaður.[1]) En eins líklegt er að hann hafi staðið fyrir neðan landnám Þórólfs, í hlíðinni eða á svæði, sem nú er brotið af Markarfljóti. Ef svo hefur verið, þá hefur land Jörundar goða fyrir vestan Markarfljót legið andspænis landi því, sem hann helgaði sjer fyrir austan fljótið og lagði undir hof sitt; gæti verið að Jörundur goði hafi eignast Fljótshlíðina fyrir neðan Deildará neðri eða Þórólfsá, því í Eglu segir, að Baugur fengi Fljótshlíðina austur að Merkiá,[2]) en eigi er getið um neinn landnámsmann, er settist að á milli þeirra Baugs og Þórólfs, nema það sje Jörundur goði.

Fyrir ofan landnám Baugs að Hlíðarenda nam Þorkell bundinfóti land að ráði Ketils hængs umhverfis Þríhyrning og bjó þar undir fjallinu.[3]) Sonarsonur hans var Starkaður undir Þríhyrningi, er kemur mikið við Njáls sögu, og hafa rústirnar af bæ þeirra fundist suðaustan undir fjallinu.[4])

Eyjasveit alla, eða Landeyjar eins og hún er nú nefnd, milli Markarfljóts og Rangár og upp til Þverár námu systkini þrjú, kynjuð af Vesturlöndum, eða írsk eptir því, sem segir í Hauksbók; voru það bræður tveir Hildir og Hallgeir og systir þeirra Ljót. Bæir þeir, er þau reistu, tóku nöfn af þeim og hjetu Hildisey, Hallgeirsey og Ljótarstaðir. Systkini þessi komu til Íslands (um 890) nokkrum árum áður en Ketill hængur andaðist, því hann gaf leysingja þeirra bræðra, er Dufþakur hjet, Dufþaksholt. Dufþakur var sagður hamrammur og deildi hann síðar við Stórólf Hængsson um beit.[5])

Fyrir norðan landeign Ketils hængs á Rangárvöllunum nam Eilífur nokkur Odda hinn litla upp til Reyðarvatns og Víkingslækjar rjett hjá Þingskálum. Land það, sem Land-

[1]) Kålund, Isl. I, 249—50. [2]) Eg. 23/71. [3]) Ldn. 3/285; Hksb. 306/107; Stb. 346/218. [4]) Sögn próf. Finns Jónssonar, sbr. Árbók 1902, bls. 3. [5]) Ldn. 4-5/288-89, 3/282; Hksb. 308-9/109. 304/106; Stb. 349-50/220, 344/217.

náma nefnir Odda hinn litla, er milli Ytri Rangár og Hróarslækjar. Þar fyrir norðan nam Björn bróðir Eilífs land upp með Rangá ytri og bjó í Svínhaga.[1])

Fyrir austan norðausturhornið af landeign Ketils hængs og fyrir austan Reyðarvatn og Stotalæk (nú Stokkalæk), norður með Rangá eystri að vestanverðu, til Tröllaskógs nam Kolur Óttarsson land og bjó að Sandgili. En þar fyrir sunnan milli Rangár eystri og Fiskár nam Hrólfur rauðskeggur Hólmslönd öll og bjó að Fossi.[2]) En fyrir norðan landnám Kols nam Þorsteinn Ásgrímsson land fyrir ofan Víkingslæk til móts við Björn í Svínhaga, og bjó í Skarði hinu eystra neðan undir Selsundsfjalli. Þetta land fjekk Þorsteinn að ráði Flosa Þorbjarnarsonar af Gaulum, er áður hafði numið Rangárvöllu hina eystri, þó eigi alla Rangárvöllu, eins og segir í Landnámu, heldur einungis nokkurn hluta af þeim ofanverðum. Þessir tveir landnámsmenn námu því land næst Heklu og er landnám þeirra orðið auðn ein fyrir löngu (Skarð eystra eyddist 1389—90). Með Þorsteini kom út Þorgeir bróðir hans og Þórunn móðursystir þeirra og nam hún Þórunnarhálsa. Þorgeir keypti land alt neðst á milli Rangánna og Hróarslækjar (Oddalönd, Strandir báðar og Varmadal segir í Landnámu) að Hrafni Hængssyni og bjó fyrstur í Odda. Ketill hængur hefur þá verið andaður, og hafa þeir Þorsteinn varla komið fyr til Íslands en snemma á 10. öld (um 910—15). Þorsteinn Ásgrímsson var síðan kallaður tjaldstæðingur, af því hann hjálpaði sóttveikum mönnum, sem komu út í Rangárós og gjörði þeim tjald á stað, er síðan var kallaður Tjaldstaðir. Þá er menn urðu þess varir að sótt mikil var á skipinu, vildu engir hjálpa skipverjum nema Þorsteinn. Hann færði þá í tjald sitt og þjónaði þeim sjálfur meðan þeir lifðu.[3])

Fyrir vestan Rangá ytri, milli hennar og Þjórsár eru Holtin og Landið. Þessar sveitir eru í Landnámu kallaðar

---

[1]) Ldn. 5/290; Hksb. 310-11/109; Stb. 352-53/220. [2]) Ldn. 5/290-91; Hksb. 312-13/109-10; Stb. 351-55/220-21. [3]) Ldn. 6-7/292-95; Hksb. 314-15/110-12; Stb. 356-59/221-22.

Þjórsárholt og Rangárvellir hinir ytri, en takmörkin á milli þeirra voru eigi hin sömu sem nú á dögum, því suðurhluti Landsins var talinn í Þjórsárholtum. Ketill hinn einhendi Auðunarson nam þar land fyrir ofan Lækjarbotna og vestur að Þjórsá, og bjó að Á. Bræðrungur hans Ketill örriði nam land hið ytra með Þjórsá og bjó á Völlum hinum ytri, en fyrir austan hann með Rangá vestanverðri nam Ormur auðgi Úlfsson land að ráði Ketils einhenda og reisti bæ að Húsagarði, rjett við Rangá. Sonarsonur hans reisti fyrst bæ á Völlum, nú Stóruvöllum á Landinu.[1])

Fyrir sunnan þessa menn nam Þorsteinn lunan hinn efri hluta Þjórsárholta; það er nú neðri hlutinn af Landinu og efri hlutinn af Holtunum. Þorsteinn fór fyrst á elliárum sínum til Íslands og með honum Þorgils sonur hans. Þeir bjuggu í Lunansholti. Fyrir sunnan þá námu þeir bræður Ráðormur og Jólgeir mestöll Holtin milli Þjórsár og Rangár. Ráðormur eignaðist land fyrir austan Rauðalæk og bjó í Vetleifsholti, en Jólgeir fyrir utan Rauðalæk og til Steinslækjar og bjó á Jólgeirsstöðum. Þeir bræður komu vestan um haf, og eins mun Áskell hnokan Dufþaksson hafa gjört, er nam land milli Steinslækjar og Þjórsár og bjó í Áskelshöfða. En neðst í Holtunum milli Þjórsár og Rangár eignaðist Þorkell þjálfi, fóstbróðir Ráðorms, land alt og bjó í Háfi.[2])

Allir þessir landnámsmenn, er tóku sér bústað milli Markarfljóts og Þjórsár, námu land í landnámi Ketils hængs. Þeir komu til landsins missnemma, hinir fyrstu um 890, en flestir síðar, og sumir eigi fyr en á seinni hluta landnámsaldarinnar, þá er Ketill hængur var andaður og Hrafn sonur hans tekinn við forráðum í hjeraði.

---

[1]) Ldn. 7/296-97; Hksb. 316-18/112-13; Stb. 360-62/222.
[2]) Ldn. 7-8/297-98; Hksb. 319-22/113; Stb. 363-67/222-23.

Landnám í Vestmannaeyjum.

Fyrir sunnan Landeyjarnar eru Vestmannaeyjar. Um fyrstu byggingu þeirra fer tvennum sögum. Í Sturlubók segir, að Ormur ánauðgi son Bárðar Bárekssonar hafi bygt þær fyrst, en áður hafi þar verið veiðistöð og lítil eða engin veturseta. En í Hauksbók segir, að Herjólfur Bárðarson Bárekssonar hafi bygt þar fyrst, en Ormur hafi verið sonur hans og er hann þar kallaður hinn auðgi. Auk þess er frásögnin í Hauksbók nákvæmari en í Sturlubók, því þar segir að Herjólfur hafi búið í Herjólfsdal fyrir sunnan Ægisdyr, „þar sem nú (um 1300?) er hraun brunnit“, en Ormur hafi búið á Ormsstöðum við Hamar niðri, „þar sem nú er blásit alt“, og átti hann einn allar eyjarnar. Veturseta var þar engin áður, segir í Hauksbók.[1]) Hve nær þetta var, er eigi hægt að segja með vissu, en eigi er líklegt að það hafi verið fyr en í lok landnámsaldar eða nokkru síðar.

Landnám í Árnessýslu.

Meginhluti Árnessýslu, Flói, Skeið, Hrepparnir, Biskupstungur og Grímsnes, var um nokkur ár ónuminn, eptir að Ingólfur hafði helgað sjer vesturhluta sýslunnar og Ketill hjeruðin fyrir austan. Hafna eða fjarðaleysi hefur eflaust meðfram valdið því, að menn námu eigi þessi grösugu hjeruð svo skjótt sem vænta mátti. Þangað komu tveir hinir ríkustu og göfugustu landnámsmenn, Hásteinn Atlason og Ketilbjörn hinn gamli, en hvorugur þeirra tók svo mikið land undir sig, sem vænta mátti eptir veg þeirra og ættgöfgi, því þá var komið fram á miðja landnámsöldina og enginn

[1]) Ldn. 5/289-90; Stb. 351/220; Hksb. 302/105.

mátti þá nema svo mikið land sem í upphafi landnámsaldarinnar.

Bygðin í Árnessýslu er breiðari en annars staðar á landinu, enda er eigi mjög víða erfiðara en þar að sjá, í hvaða röð landnámsmennirnir komu og ákveða takmörkin á landnámum þeirra; sjerstaklega á þetta sjer stað í Flóanum. Hann er láglendi allmikið, með holtum og hryggjum sumstaðar, einkum að ofanverðu við Hróarsholt, en hvergi eru þar eins glögg landamæri af náttúrunnar hendi sem víða annars staðar. Hins vegar er þar landrými svo mikið og grösugt, að ofvaxið var hverjum einum landnámsmanni að nema Flóann allan, úr því að komið var fram á miðja landnámsöldina.

Syðst og austast í Flóanum milli Rauðár og Þjórsár nam Loptur Ormsson land alt frá sjó og upp til Skúfslækjar og Breiðamýri hina eystri upp til Súluholts. Það er á Breiðamýri skamt fyrir sunnan Hróarsholt, en Skúfslækur rennur úr Villingaholtsvatni austur í Þjórsá fyrir norðan Efri-Sillæk.[1]) Loptur var af Gaulum og fór ungur til Íslands með Oddnýju móður sinni, dóttur Þorbjarnar hersis hins gaulverska. Bær sá, er hann reisti, tók nafn af ætt hans og uppruna í Noregi og var kallaður Gaulverjabær.[2]) Í landnám Lopts settist Þorviður Úlfsson ömmubróðir hans. Hann fór af Vors til Íslands og gaf Loptur honum land á Breiðamýri og bjó hann í Vorsabæ.[3])

Norður af landnámi Lopts, frá Skúfslæk, en milli Rauðár og Þjórsár, nam Þórarinn Þorkelsson, úr Alviðru í Hörðafylki, land. Hann kom skipi sínu í Þjórsárós og hafði hann þjórshöfuð á framstafni, og er áin kend við það.[4])

Fyrir norðan eða ofan landnám Þórarins en fyrir austan Hróarslæk, líklega austur að Þjórsá, nam Önundur bildur land, og bjó hann í Önundarholti. En þar fyrir norðan nam

---

[1]) Eptir sögn Sigurðar búfræðings Sigurðssonar frá Langholti í Flóa. [2]) Ldn. 8/299; Hksb. 323/114; Stb. 368/223; Flóm. 5/123-4. [3]) Ldn. 8/300; Hksb. 324/114; Stb. 369/223; Flóm. 5/124. [4]) Ldn. 8/300; Hksb. 325/114; Stb. 370/223.

Össur hvíti Holtalöndin öll, er svo voru nefnd, milli Hraunslækjar og Þjórsár og bjó í Kampholti. Össur var Þorleifsson og ættaður úr Sogni. Hann vá 17 vetra gamall víg í vjeum á Upplöndum og varð fyrir það landflótti til Íslands.[1])

Fyrir vestan landnám Lopts Ormssonar, milli Rauðár og Ölfusár, nam Hásteinn (eða Hallsteinn) Atlason jarls hins mjóva land. Eptir brottför þeirra Ingólfs og Hjörleifs var hann lengi kyr í Noregi, en að lokum komst hann í ófrið við Sigurð jarl Hákonarson og Harald hárfagra og varð þá að flýja til Íslands. Haraldur gullskeggur, konungur í Sogni, hafði átt Sólvöru Hundólfsdóttur, föðursystur Hásteins. Dóttur þeirra átti Hálfdán svarti Upplendingakonungur og var þeirra son Haraldur ungi, er Haraldur gullskeggur arfleiddi að ríki sínu. Skömmu eptir dauða Haralds konungs gullskeggs andaðist dóttir hans og því næst Haraldur ungi sonur hennar. Bar þá Sygnafylki undir Hálfdan svarta og setti hann Atla jarl yfir það og stýrði hann því í mörg ár. Hálfdan svarti kvongaðist aptur og eignaðist með þeirri konu Harald hárfagra. Þá er hann lagði undir sig Noreg, mægðist hann við Hákon jarl Grjótgarðsson og fjekk honum yfirráðin yfir Firðafylki að sögn Snorra, en yfir Sygnafylki að sögn Landnámu. Snorri segir, að Hákon sendi þá orð Atla jarli, að hann skyldi fara á braut úr Sogni og vera jarl á Gaulum, en kvað Harald konung hafa veitt sjer Sygnafylki. Atli svaraði, að hann mundi halda Sygnafylki og Gaulum, þar til er hann fyndi Harald konung. Jarlarnir þreyttu þetta með kappi, og drógu saman her; var fundur þeirra á Fjölum í Stafanesvogi og fjell þar Hákon jarl, en Atli varð sár til ólífis; var hann fluttur í Atley og andaðist hann þar.[2])

Bæði Landnáma og Snorri segir svo frá þessu, sem það hafi orðið skömmu eptir að Haraldur hafði lagt Sunnmæri og Firðafylki undir sig, en þetta hefur verið allmörgum árum síðar, í lok 9. aldar eða um 900, en varla fyr. Er þess

---

[1]) Ldn. 9-10/303-4; Hksb. 380-31/116; Stb. 375-6/225; Flóm. 6/123, 8/126. [2]) Ldn. 9/300-1; Hksb. 326/114-15; Stb. 371/223-24; Hkr. 3/88-9, 12/114-15; Fsk. 10-2/6-7; Fms. (Upph.) X, 5/184; Flóm. 1/119-20.

getið um nokkra landnámsmenn, að þeir flýðu fyrir ofríki Hákonar jarls Grjótgarðssonar[1]) og hefur hann því hlotið að lifa töluvert fram á landnámsöldina. Eins bendir aldur sona hans tveggja, Sigurðar Hlaðajarls og Grjótgarðs á það, því þeir voru drepnir um 963 og 969. Eyvindur skáldaspillir getur þess í Háleygjatali, að Hákon jarl hafi fallið í Stafanesvogi, og má telja það víst. Er alllíklegt, eins og Munch hefur ætlað, að Hákon hafi verið skipaður jarl yfir Firðafylki eptir dauða Hróalds jarls, og að hann hafi þá reynt að ná yfirráðum yfir Sogni og tekist það um hrið, um það leyti sem einstaka landnámsmenn urðu að flýja þaðan fyrir honum, en Atli jarl hafi þá orðið að hörfa undan úr Sogni, og hafi hann viljað vinna þar aptur ríki, þá er hann barðist í Stafanesvogi.[2])

---

[1]) Ldn. 29/148-49, 31/155, 14/211. 17/225.1/239.

[2]) Munch, Hist. I, 510—11; sbr. Safn I, 214, 290—92.

Þess skal hjer getið, að Hákon jarl Grjótgarðsson kemur við atburði um svo langan aldur, að því er sögurnar segja, að efasamt er, hvort það alt hefur getað átt sjer stað, en um það er eigi hægt að fá fullnægjandi vitneskju. Prof. Finnur Jónsson hefur látið þá skoðun í ljós við mig, að tveimur mönnum af sömu ættinni muni vera blandað saman, og getur svo vel verið. Þá er Haraldur hárfagri hafði lagt undir sig Þrændalög, var Hákon svo roskinn, að hann átti gjafvaxta dóttur og tveir synir hans fjellu í síðari orustunni við Sólskel (um 869), en Sigurður jarl sonur hans var brendur inni 963 og Grjótgarður yngsti sonur hans var feldur um 969. Hkr. I, 9/107, 11/113, 5/234, 15/250. Geta mætti upp á því, að Grjótgarður, son Hákonar jarls, hafi verið búinn að eignast son, áður en hann fjell við Sólskel, og hafi sveinn sá heitið Hákon og vaxið upp með afa sínum og orðið jarl eptir hann og verið faðir þeirra Sigurðar Hlaðajarls og Grjótgarðs bróður hans. Fall Hákonar jarls Grjótgarðssonar í Stafanesvogi hefur líklega eigi verið síðar en í lok 9. aldar eða um 900 eins og hjer er sagt, en sumir af landnámsmönnum þeim, sem sagt er að flúið hafi fyrir Hákoni jarli til Íslands, virðast eigi hafa komið fyr út en um 910—15, sbr. bls. 144—46 hjer að framan. Ef sonur Grjótgarðs hefði orðið jarl eptir afa sinn í lok níundu aldar og ríkt fram um 920, þá kæmi alt vel heim, nema flótti Hásteins til Íslands undan Sigurði jarli. Hins vegar væri eigi óeðlilegt, þótt blandað hefði verið saman í sögusögninni tveimur jörlum, sem borið höfðu hið sama nafn, voru af sömu ættinni, höfðu sama ríki hvor á fætur öðrum og voru báðir vensluðir Haraldi hárfagra og jarlar hans.

Í Landnámu segir, að Hásteinn hjeldi ríki eptir föður sinn, þar til er Haraldur konungur og Sigurður jarl Hákonarson drógu her að honum. Hásteinn stökk þá undan og fór til Íslands. Hann skaut setstokkum sínum fyrir borð í hafi, og komu þeir á Stálfjöru[1]) fyrir Stokkseyri, en Hásteinn kom í Hásteinssund[2]) fyrir austan Stokkseyri og braut þar skip sitt. Hann nam þar land milli Rauðár og Ölfusár, neðan frá sjó og upp til Fyllarlækjar[3]) og Breiðamýri alla upp að Holtum og bjó á Stjörnusteinum[4]) að sögn Sturlubókar, en á Stokkseyri, að því er í Hauksbók segir.

Hásteinn átti Þóru Ölvisdóttur og með henni tvo sonu, Ölvi og Atla. Þeir voru báðir fæddir í Noregi og hafa að líkindum verið á unglingsaldri, er þeir fóru með föður sínum til Íslands um 900; hefur Hásteinn þá verið rúmlega fimtugur. Eptir andlát Hásteins skiptu synir hans löndum með sjer og fjekk Ölvir landnám alt fyrir vestan Grímsá, Stokkseyri og Ásgautsstaði, og bjó á Stjörnusteinum, sem sagt er að heiti Ölvisstaðir, er Landnáma var rituð, en í

---

[1]) Nærri landi fram undan Stokkseyri er sker, sem enn er nefnt Stálklettur, og hefur Stálfjara að líkindum verið þar í nánd, sbr. Árbók 1882, bls. 57. [2]) Dr. Kålund ætlar að það sje að líkindum Músarsund fyrir utan Stálfjöru, Isl. I, 178, en Sig. Vigfússon segir (Árbók s. st.), að sund sje enn fyrir austan Stokkseyri, er heiti Hásteinssund.

[3]) Fyllarlækur er kallaður Fúlilækur í Hksb. og í Flóm. og ætti hann að hafa runnið vestur í Ölfusá eptir Ldn. að dæma, því hann var takmark á landnámi Hásteins að norðan. Hann er líklega kelda sú eða graflækur, sem kend er nú við Sölvholt, sem er í landsuður og austur frá Laugardælum, og kölluð er Sölvholtskelda. Hún rennur fyrir austan Sölvholt, Smádalahverfi og í vestur og útsuður fyrir framan Votmúlahverfi vestur í Ölfusá, eptir því sem Sigurður Sigurðsson búfræðingur frá Langholti hefur skýrt mjer frá. Sigurður Vigfússon ætlar og, að Fyllarlækur sje sama og Vöðlakelda (þ. e. Sölvholtskelda) fyrir ofan Breiðamýri, eða máske Stakkholtsós. Árbók 1882, bls. 57.

[4]) Stjörnusteinar eru nú kölluð sker nokkur, er liggja alllangt frá landi fyrir austan Stokkseyri og segja munnmælin, að þar hafi í fyrndinni verið bær. Kålund, Isl. I, 178. Sjórinn hefur brotið svo mikið af landinu við Stokkseyri og Eyrarbakka, að eigi er ómögulegt, að bær Hásteins hafi verið þar eins og Sigurður Vigfússon hjelt, en valt er að byggja nokkuð á örnefni þessu, einkum af því að bær Hásteins hjelt eigi nafni sínu.

Flóamannasögu eru þeir kallaðir Ölvistóptir og gæti það bent til þess, að þeir hafi þá (á 14. öld?) verið komnir í eyði. Atli fjekk land alt milli Grímsár og Rauðár og bjó í Traðarholti, en er Ölvir bróðir hans dó barnlaus, tók hann lönd öll og lausafje eptir hann.[1])

Grímsá[2]) hefur skilið lönd þeirra bræðra, Hásteinssona, en Rauðá skildi land föður þeirra og Lopts Ormssonar. Hefur hann komið litlu fyr til Íslands en Hásteinn og numið land áður en hann; annars er líklegt að Hásteinn, slíkur höfðingi sem hann var, hefði numið allan Flóann neðanverðan, austur að Þjórsá. Rauðá getur varla verið önnur á en Hróarsholtslækur, er nú heitir Baugsstaðasíki næst sjó. Það er sama áin og Landnáma kallar Hróarslæk, er ofar kemur á móts við Hróarsholt og Önundarholt, og Hraunslæk efst. Hann sprettur upp undan Merkurhrauni[4]) og hefur skilið landnám öll að austanverðu og vestanverðu í Flóanum.

Í landnámi Hásteins settist að Hallsteinn mágur hans, er kom úr Sogni. Hásteinn gaf honum ytri hluta Eyrarbakka og bjó hann á Framnesi. Svo heitir nú sker í skerjagarðinum fram undan Stóra-Hrauni.[4])

Fyrir norðan landnám Hásteins upp frá Fyllarlæk, vestur og norður að Ölfusá, Kaldnesingahrepp allan nam Þórir Ásason hersis, og bjó að Selfossi. En Hraungerðingahrepp, nú Hraungerðishrepp, eða efsta hluta Flóans fyrir sunnan Hvítá námu þeir bræður Hroðgeir hinn spaki og Oddgeir; höfðu þeir fyrst tekið sjer bústað vestur í Borgarfjarðarsýslu og bygt þar Saurbæ og Leirá, en svo keyptu landnámsmenn Melahverfis þá í brott, því að þeim þótti þar

---

[1]) Ldn. 9/301-2; Hksb. 326/115-16; Stb. 371/224; Flóm. 4/122-23, sem er vitnað hjer í til samanburðar. Frásögn hennar um þetta er að sama skapi, sem um þá Ingólf og Atlasonu. [2]) Flóm. segir, að Ölfusá hafi verið takmark að vestanverðu á landi því, er Atli fjekk eptir föður sinn, en það er misritað fyrir Grímsá. Sú á er nú horfin og mun brimið hafa lokað ósnum á henni (Grímsárós) og hún síðan fyllst. Hún hefur verið milli Traðarholts og Stokkseyrar. Verið gæti að Grímsdæl eða Grímsdæld, lækur nokkur fyrir vestan Traðarholt, sjeu leifar af henni. Sbr. um örnefnin Árbók 1882 bls. 57—9. [3]) Sbr. Kålund, Isl. I, 180.

[4]) Ldn. 9/302; Hksb. 327/116; Stb. 372/224; Flóm. 5/123.

þrönglent. Fóru þeir þá suður í Flóa og reisti Hroðgeir bæ í Hraungerði en Oddgeir að Oddgeirshólum.[1])

Norður af Flóanum austanverðum eru Skeiðin, milli Hvítár og Þjórsár, og nam þau öll Ólafur tvennumbrúni upp til Sandlækjar. Hann fór til Íslands af Lófót, eyju, er liggur fyrir Hálogalandi, og reisti bæ á Ólafsvöllum.[2])

Í Hreppunum námu land niðjar og venslamenn Ölvis barnakarls Einarssonar. Hann var ættaður af Ögðum og er föðurætt hans talin eins og föðurætt Bjarnar bunu, frænda hans, til Agðakonunga. Ölvir var víkingur mikill og er sú sögn um hann í Landnámu, að „hann lét eigi henda börn á spjótaoddum, sem þá var víkingum títt; því var hann barnakarl kallaðr". Guðbrandur Vigfússon hefur ætlað, að skýring þessi væri líklega sprottin af misskilningi, því aldrei hefði það verið síður norrænna víkinga, að henda börn á spjótsoddum; taldi hann það sennilegra, að Ölvir hafi verið kallaður barnakarl sökum fjölskyldu þeirrar, sem af honum er komin.[3]) Sögn þessi er forneskjukend, enda var Ölvir uppi rjett áður en sönn saga hefst í Noregi, svo eigi er hægt að vita hið sanna. Aptur á móti bera írsk fornrit vitni um það, hve grimmir og viltir víkingarnir voru stundum,[4]) svo ómögulegt er það eigi, að þeir hafi einhvern tíma í óvinalandi hent börn á spjótsoddum, þótt varla hafi það verið almennur siður, því þá mundi þess getið í áreiðanlegum írskum ritum frá víkingaöldinni. En þótt sagt sje í fornaldarsögunum, að þetta hafi verið víkingasiður, þá ber það helst vitni um, að það hafi þótt óheyrð grimd og ódæmi, eins og Guðbrandur Vigfússon hefur bent á.

Ölvir átti þrjá sonu, Steinólf, Einar og Steinmóð, og eina dóttur, Jórunni, er menn eru frá komnir á Íslandi. Jórunni átti Naddoður víkingur, er fann Ísland, og voru þeirra synir Bröndólfur og Már, er fóru fyrstir ættmanna Ölvis til Íslands. Segir í Landnámu, að þeir hafi komið til Íslands

[1]) Ldn. 17/54, 9/303; Hksb. 25/15-16, 328-9/116; Stb. 373-4/224-5.
[2]) Ldn. 10/306; Hksb. 332/117; Stb. 377/226; Flóm. 18/137.
[3]) Safn I, 286-87, sbr. Sars, Hist. I. 96. [4]) Sbr. t. a. m. Steenstrup, Norm. II, 118—19 (Three Fragments).

bygðar snemma og er það eflaust rjett. Kemur það vel heim við tímatalið, að þeir hafi farið þangað hjer um bil tuttugu árum síðar en faðir þeirra fann landið, eða rjett eptir 880. Þeir námu Hrunamannahrepp, svo vítt sem vötn deila. Bröndólfur bjó að Berghyl og var hann forfaðir Halls Þórarinssonar í Haukadal og Þorláks biskups Runólfssonar. Már bjó á Másstöðum og var Hjalti Skeggjason frá honum kominn.[1])

Í Hrunamannahrepp settist að Þorbjörn jarlakappi, norrænn maður, er fór úr Orkneyjum til Íslands. Hann keypti land að Mávi Naddoðarsyni alt fyrir neðan Selslæk og til Laxár, og bjó að Hólum. Sonarsonur hans var Kári Sölmundarson.[2])

Þá nam Þorbjörn laxakarl Þjórsárdalinn allan og „Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár", segir í Landnámu, en það er varla rjett, því litlu áður segir í sömu bók, að hann gæfi þeim Ófeigi gretti og Þormóði mikinn hlut af Gnúpverjahrepp og þar á meðal land nokkuð, sem er fyrir utan eða vestan Kálfá og hann hafði eigi numið, ef landnám hans hefði að eins náð ofan til Kálfár. Að líkindum hefur Þorbjörn upphaflega numið allan Gnúpverjahrepp til Laxár hinnar meiri, því hann settist fyrstur að í Gnúpverjahrepp. Þorbjörn var kvongaður Unu dóttur Steinólfs Ölvissonar barnakarls og bjó hann í Haga, en hafði vetursetur á þrem stöðum, áður en hann valdi þar bústað.[3])

Í Gnúpverjahreppi settust þeir einnig að Ófeigur grettir og Þormóður skapti, og enn fremur Þrándur Bjarnason. Ófeigur var son Einars Ölvissonar, en faðir Ásu konu Önundar trjefóts. Þormóður var son Óleifs breiðs, bróður Ófeigs grettis; þriðji sonur Einars Ölvissonar og bróðir þeirra Ófeigs grettis var Hrolleifur Einarsson, bóndi í Heiðarbæ. Þeir Ófeigur og Þormóður voru fyrir vestan haf, og segir í Grettis sögu, að þeir hafi stokkið þangað

---

[1]) Ldn. 11/311; Hksb. 335/119-20; Stb. 382/227. [2]) Ldn. 11/310-11; Hksb. 336/120; Stb. 381/227; Grett. 10/24-5. [3]) Ldn. 11/310; Hksb. 335/119; Stb. 380/227. Sbr. Kálund, Isl. I, 190—91

fyrir ófriði Haralds hárfagra með skuldalið sitt, en eins líklegt er, að Ölvir barnakarl hafi farið í vesturvíking og síðan synir hans og sonarsynir. Fyrir vestan haf, í Suðureyjum, fundu þeir Þránd Bjarnarson og Önund trjefót, og fjekk Önundur nokkru síðar Ásu Ófeigsdóttur, en Þormóður skapti Helgu Þrándardóttur.[1]) Þeir Ófeigur grettir og Þormóður skapti höfðust enn við fyrir vestan haf, uns þeir fóru til Íslands. Þar fóru þeir á fund Þorbjarnar laxakarls mágs síns, og voru hinn fyrsta vetur með honum, en um vorið gaf hann þeim Gnúpverjahrepp, Ófeigi hinn ytra hlut milli Þverár og Kálfár að því er Landnáma segir, en þetta er rangt að því leyti, að land Ófeigs hafi legið milli Þverár og Kálfár, en orðið „ytri" er rjett, því Ófeigur bjó á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti, og sá bær er fyrir vestan Kálfá, á milli hennar og Laxár. Þverá er fyrir ofan Stóra-Núp, en fyrir sunnan Haga[2]), og hefur hún því verið takmark að austanverðu á landi því, er hann gaf, og austan við land það, sem Þormóður skapti fjekk, því honum gaf Þorbjörn eystra hlut Gnúpverjahrepps og bjó hann í Skaptaholti. Hefur því Ófeigur fengið land milli Kálfár og Laxár eða fyrir vestan Kálfá. Dætra synir Þormóðar skapta voru þeir Þóroddur goði, faðir Skapta lögsögumanns, og Þorsteinn goði, faðir Bjarna spaka, afa Markúsar lögsögumanns Skeggjasonar.[3])

Nokkru síðar en þeir Þormóður skapti kom Þrándur Bjarnarson til Íslands og nam hann land milli Þjórsár og Laxár og upp til Kálfár og niður til Sandlækjar, og bjó í Þrándarholti. Þótt Landnáma segi, að hann hafi numið land þetta, er þó líklegt, að Þorbjörn laxakarl eða þeir Ófeigur grettir hafi átt það áður og Þrándur hafi fengið það hjá þeim eða numið það með þeirra samþykki. Þrándur var sonur Bjarnar Hrólfssonar frá Ám og Helgu systur Öndótts kráku, en hálfbróðir Eyvindar Bjarnarsonar austmanns.

---

[1]) Í Grettis sögu er þessu vikið við og sagt að Þrándur hafi fengið dóttur Þormóðar skapta. Grett.[2] 3/9. [2]) Sbr. Kalund, Isl. I, 191—92, 198. [3]) Ldn. 11/308-9; Hksb. 334/119; Stb. 379/226-7; Grett.[2] 3/6-9, 6/14.

Þrándur barðist í Hafursfirði á móti Haraldi hárfagra og stýrði þá skipi; varð hann að flýja og sigldi vestur um haf með Önundi trjefót. Höfðust þeir við þar í mörg ár, stundum í Suðureyjum, en stundum í hernaði, eða með Eyvindi austmanni. Þá er Björn faðir Þrándar andaðist og Þrándur frjetti það, sigldi hann úr Suðureyjum svo mikla sigling til Noregs, að hann var fyrir það kallaður Þrándur „mjöksiglandi". Fjekk hann arf eptir föður sinn hjá Öndótti kráku og fór því næst til Íslands. Segir í Landnámu, að hann kæmi þangað „síð landnámatíðar", en það getur þó varla verið, því hann mun hafa farið þangað um árið 900.[1])

Í Grímsnesinu hófst landnám nokkrum árum síðar en í Hreppunum, og nam þar fyrstur land Grímur nokkur, systurson Vjeþorms hersis Vjemundarsonar hins gamla og hefur sveitin hlotið nafn eptir honum. Vjeþormur hersir stökk fyrir Haraldi konungi austur á Jamtaland og ruddi þar merkur til bygðar. Hólmfastur hjet son hans og fór hann ásamt Grími í vesturvíking;[2]) drápu þeir í Suðureyjum Ásbjörn jarl skerjablesa og tóku þar að herfangi Ólöfu Þórðardóttur vaggagða, konu hans, og Arneiði dóttur hans, og hlaut Hólmfastur hana og seldi í hendur föður sínum, en Grímur fjekk Ólafar. Grímur fór síðan til Íslands, og segir í Droplaugarsona sögu, að hann hafi komið skipi sínu á Eyrar í höfn þá, er Knarrarsund heitir, og hafi hann verið um veturinn með manni, er Þorkell hjet, en vorið eptir hafi hann numið land. Grímur nam Grímsnes alt að sunnan og vestanverðu upp til Svínavatns. Hann bjó fyrst í Öndverðarnesi fjóra vetur, en síðan að Búrfelli.[3])

---

[1]) Ldn. 12/203-4, 15/213-14, 11/308; Hksb. 184/71, 195/76, 333/119; Stb. 217/192-3, 229/195-6, 378/226. Sbr. Grett.[s] 2-6/4-16. [2]) Í Droplaugarsona sögu segir, að Grímur væri bróðir Vjeþorms, og að þeir væru fjórir bræður. Hafi þeir allir herjað í Suðureyjar með mörgum skipum, þá er þeir drápu Ásbjörn jarl. Kona hans er þar kölluð Sigríður. Dropl. 3—5, sbr. að öðru leyti bls. 181—182 hjer að framan. [3]) Ldn. 12/314-15 og 2/243; Hksb. 342/121; Stb. 388/229; Dropl. 3—5, sbr. Munch, Hist, I, 505—6.

Fyrir austan og ofan landnám Gríms nam Ketilbjörn Ketilsson land. Hann var mjög göfugur maður úr Naumudal, og var móðir hans Æsa Grjótgarðsdóttir, systir Hákonar Hlaðajarls, að sögn Sturlunga sögu, en í Landnámu segir að Æsa væri dóttir Hákonar jarls, og er það eigi líklegt vegna tímatalsins. Haraldur hárfagri átti Ásu dóttur Hákonar Hlaðajarls og hefðu því synir þeirra og Ketilbjörn átt að vera systrasynir, en aldrei er getið um þennan mikla skyldleika Ketilbjarnar við niðja Haralds konungs og styður það einnig frásögn Sturlungu, en þó ber þess að gæta, að synir þeirra Haralds og Ásu urðu eigi ættfeður Noregskonunga. Ketilbjörn átti Helgu dóttur Þórðar skeggja Hrappssonar og hefur hann að líkindum fengið hennar áður en faðir hennar fór til Íslands, en Ketilbjörn fór þangað nærri 20 árum síðar en Þórður skeggi; var Þórður þá fluttur að Skeggjastöðum og var Ketilbjörn þar með honum hinn fyrsta vetur á Íslandi. Ketilbjörn hafði skip það, er Elliði hjet, og fengu Elliðaár nafn af því; hann lenti þar í árósnum. Vorið eptir útkomu sína fór Ketilbjörn upp um heiði að leita sjer lands. Þeir höfðu náttból og gerðu sjer skála við Ölfusvatn, þar sem síðan heitir Skálabrekka. En er þeir voru þaðan skamt farnir, komu þeir á áris og hjuggu þar vök og feldu í öxi sína; af því kölluðu þeir ána Öxará. Þeirri á var síðar veitt í Almannagjá og fellur hún um Þingvöll eins og þjóðkunnugt er. Þá hjeldu þeir ferðinni áfram til fjallsmúla eins, er þeir nefndu Reyðarmúla, af því að þeir gleymdu þar áreyðum (urriðum) nokkrum, er þeir höfðu tekið í ánni. Ketilbjörn nam síðan Grímsnes alt upp frá Höskuldslæk og Laugardal allan og Biskupstungu alla, það er ytri Tunguna, upp til Stakksár og bjó að Mosfelli. Ketilbjörn var auðugur mjög að lausafje, og er sú saga sögð af því, að hann hafi boðið sonum sínum að slá „þvertré“ eða bita af silfri í hof það, er þeir ljetu gjöra. Þeir vildu það eigi. Þá ók hann, segir sagan, silfrinu upp á fjallið fyrir ofan bæinn á tveimur yxnum og með honum Haki þræll hans og Bót ambátt hans. Þau fálu fjeð svo að eigi hefur fundist síðan, en að því búnu drap Ketilbjörn Haka í Hakaskarði en Bót í Bótarskarði. Ekki er óliklegt, að í sögu

þessari felist sá sannleikur, að Ketilbjörn hafi eigi reynst svo auðugur sem hann var sagður og menn ætluðu. Ketilbjörn var einhver hinn kynsælasti landnámsmaður á Íslandi og eru Mosfellingar frá honum komnir.[1])

Í landnámi sínu gaf Ketilbjörn tveimur tengdasonum sínum land. Annar þeirra hjet Ásgeir Úlfsson, er átti Þorgerði Ketilbjarnardóttur, og fjekk hann Hlíðarlönd öll fyrir ofan Hagagarð, og bjó í Hlíð hinni ytri; hinn var Eilífur auðgi, son Önundar bílds, er átti Þorkötlu Ketilbjarnardóttur og fjekk með henni Höfðalönd; munu þau hafa búið að Höfða.[2])

Þá er Ketilbjörn hafði búið um hríð að Mosfelli, kom út til hans Hallkell bróðir hans sammæðra og var með honum hinn fyrsta vetur. Ketilbjörn bauð að gefa honum land, en Hallkatli þótti lítilmannlegt að þiggja land, og skoraði á Grím á Búrfelli að láta land af hendi við sig eða ganga á hólm við sig ella. Grímur gekk á hólm við Hallkel undir Hallkelshólum, sem nú heita Seyðishólar, rjett hjá Klausturhólum, og fjell þar, en Hallkell bjó síðan að Hólum, nú Klausturhólum.[3])

Í ytri Biskupstungunni náði landnám Ketilbjarnar upp að Stakksá, læk, sem kemur upp suðvestan undir Bjarnarfelli og rennur að norðanverðu við múla þann, sem bærinn Múli stendur undir, og síðan suðaustur í Tungufljót,[4]) sem er eflaust sama áin og Kaldakvísl sú, er Landnáma nefnir í Tungunum, því engin önnur á er til, sem skilur Tungurnar. Eystri Tunguna milli Kaldakvíslar og Hvítár nam Eyfreður hinn gamli og bjó í Tungu (nú Bræðratungu). Með Eyfreði kom út Drumboddur, er reisti Drumboddsstaði.[5])

Fyrir ofan landnám Ketilbjarnar í ytri Tungunni var enn nokkur sneið ónumin upp frá Stakksá, en fyrir vestan Kaldakvísl. Þar vísaði hann feðgum tveimur til landnáms, Þorbrandi Þorbjarnarsyni hins óarga og Ásbrandi syni hans, er komu til Íslands seint á landnámsöldinni. Þeir bjuggu í

---

[1]) Íslb. 2/5; Sturl. I 12/203; Ldn. 12/312-13; Hksb. 338/120-21; Stb. 385/228; Fms. II 218/210; Hungr., Bps. I, 60; sbr. Tímarit Bókmf. X, 231.

[2]) Ldn. 12/314; Hksb. 340-1/121; Stb. 386-7/228-9. [3]) Ldn. 12/315; Hksb. 343/122; Stb. 489/229. [4]) Sbr. Kålund, Isl. I, 186. [5]) Ldn. 11/312; Hksb. 339/121; Stb. 384/228.

Haukadal. Þeim þóttu lönd sín of lítil, en eystri Tungan var þá bygð, svo þeir gátu ekkert land fengið áfast landnámi sínu, og fyrir því námu þeir hinn efra hluta Hrunamannahrepps, sjónhending úr Múla í ytri Tungunni í Ingjaldsgnúp fyrir ofan Gyldarhaga í Hrunamannahrepp. Þá er þetta gerðist, var Hrunamannahreppur fyrir löngu numinn og hafa þeir feðgar orðið að fá leyfi hjá þeim Bröndólfi og Má Naddoðarsonum eða erfingjum þeirra, nema ef þetta hefur verið svo langt inn í landi, að þeir Bröndólfur hafi eigi eignað sjer land svo langt upp til fjalla.[1])

Nú hefur verið skýrt frá landnámi í Árnessýslu fyrir austan Ölfusá og Sogið; þar fyrir vestan tók við landnám Ingólfs, og skal nú sagt frá landnámum í þeim hluta þess, sem er í Árnessýslu, og byrjað suður við sjóinn.

Selvogur er syðsta og vestasta bygðin í Árnessýslu og nam þar land Þórir haustmyrkur, sem áður er sagt. Þá er Ölfusið mikil sveit þar fyrir austan, sunnan frá sjó, upp með Ölfusá að vestanverðu og upp til fjalla. Þar nam Álfur hinn egðski alla sveitina að vestanverðu fyrir utan Varmá og bjó að Gnúpum. Álfur stökk af Ögðum fyrir Haraldi hárfagra og fór til Íslands. Hann kom skipi sínu í ós þann, sem við hann er kendur og Álfsós heitir, segir Landnáma. Nú er það nafn gleymt, en Álfsós hefur ef til vill verið mynni Ölfusár.[2]) Bróðurson Álfs hjet Þorgrímur Grímólfsson,

[1]) Ldn. 11/311-12; Hksb. 337/120; Stb. 383/227-28. Í fornöld náði bygðin í Hrunamannahreppi miklu lengra inn í land en nú á dögum, alveg upp til fjalla, sbr. Árbók 1896. [2]) Tímarit Bókmfj. XVI, 164—175, sbr. þó Kålund, Isl. I, 81—82. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi hefur bent á þetta og að Ölfusá sje stytt fyrir Álfsósá, Ölfusvatn fyrir Álfsósvatn og að sveitin Ölfus hafi upphaflega verið kend við Álfsós. En hann ætlar einnig, að öll Ölfusá og Sogið hafi verið kallað Álfsós en eigi að eins Ölfusármynnið eitt. Ef svo hefur verið, hefði engin ástæða verið til þess að stytta nafnið Álfsós og það hefði þá mátt halda sjer um alt vatnsfallið úr Ölfusvatni til sjávar. Ef Ölfusá og Sogið hafa nokkurn tíma verið nefnd einu nafni Álfsós, þá hefur það að eins getað átt sjer stað um skamman tíma og í upphafi. Líklegast er að Ölfusá og Sogið og Þingvallavatn hafi upphaflega fengið nöfn sín af hinum mörgu fossum og flúðum í efri hluta Sogsins, sbr. riháttt Ara hins fróða: Olfoss ǫ (= Alfoss á), Olfossvatn. Þrönga Sogið er alt fossandi, ölfossandi, Ölfossá, og þrír fossar og langar flúðir eru neðar í Soginu, skamt frá Syðri-Brú.

og var móðir hans Kormlöð, dóttir Kjarvals Írakonungs. Þorgrímur fór til Íslands með Álfi og tók arf eptir hann, því að Álfur átti eigi barn. Sonur Þorgríms var Eyvindur, faðir Þórodds goða og Össurar, er átti Beru Egilsdóttur Skallagrímssonar.[1])

Austurhluta Ölfusins frá Varmá og kring um Ingólfsfell alt og suðurhlutann af Grafningi til Þverár nam Ormur hinn gamli Eyvindarson jarls og bjó í Hvammi. Eyvindur Ármóðarson var af jarla ætt og barðist með Kjötva auðga móti Haraldi hárfagra í Hafursfirði.[2])

„Lönd öll fyrir ofan Þverá", það er Grafninginn allan fyrir ofan Þverá, nam Þorgrímur bildur Úlfsson, hálfbróðir Önundar bílds, og bjó að Bildsfelli. Þverá sú, sem hjer er átt við og skildi lönd þeirra Orms hins gamla og Þorgríms bílds, er að öllum líkindum á sú, sem rennur fyrir neðan Tungu í Grafningi, austur í Sog, og kend er nú við þann bæ og kölluð Tunguá, en engin á, sem heitir Þverá, er nú á því svæði. Sú skoðun hefur komið í ljós, að Þverá þessi, sem Landnáma nefnir, væri Sogið,[3]) er rennur úr Þingvallavatni í Ölfusá, en ef svo hefði verið, þá hefði eigi verið hægt að segja um Þorgrím bíld að hann næmi lönd fyrir ofan Þverá, heldur hefði verið sagt fyrir utan Þverá, því landnám hans er fyrir utan Sog en fyrir ofan Tunguá. Sogið er eigi nefnt í Landnámu nje á landnámsöldinni og söguöldinni, en ástæðan til þess er sú, að nafn þetta er yngra en landnámsöldin. Áður en alþingi var sett, hjet Þingvallavatn Ölfusvatn eða Ölfossvatn. Sitt núverandi nafn fjekk vatnið eptir alþingisstaðnum, þá er landsmenn höfðu komið alþingi á stofn og voru teknir að kenna staðinn, sem það var háð á, og sveitina í kring um hann við þingið sjálft. En eðlilegast er að ætla, að fljótið, sem rann úr Ölfusvatni, hafi í upphafi verið kallað Ölfusá eða Ölfossá alla leið frá Ölfusvatni til sjávar. Að svo hafi verið sýnir Landnáma óbeinlínis, þar sem sagt er um Ingólf, að hann „nam land milli

---

[1]) Ldn. 13/318; Hksb. 348/123; Stb. 392/230. [2]) Ldn. 13/317; Hksb. 347/123; Stb. 391/229. [3]) Þjóðólfur 1899, nr. 58.

Ölfusár ok Hvalfjarðar, fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár ok öll nes út".[1]) Þannig mundu höfundar Landnámu eigi hafa kveðið að orði um takmörkin á landnámi Ingólfs, ef nafnið Ölfusá hefði að eins táknað vatnsfall þetta frá Ámóti og til sjávar, eins og nú á dögum, því þá hefði vantað að tilgreina takmörk þess frá Ámóti og alla leið upp til Öxarár, en annars vantaði í raun rjettri ekkert, því Ölfusvatn tengir Sogið og Öxará saman. En þá er vatnið týndi hinu upphaflega nafni sínu, gleymdist einnig sama nafnið á fljóti því, sem rann úr því, nema niður undir sjó. Efri hluti Ölfusár fjekk þá nýtt nafn, Sog, og er það myndað af því, að það efst uppi við Þingvallavatn[2]) eins og sýgur vatnið í sig.

Leysingi Þorgríms bilds var Steinröður son Melpatrix göfugs manns af Írlandi. Er orð á því gjört, hve vænn maður Steinröður hafi verið, og fjekk hann dóttur Þorgríms, og segir í Sturlubók, að „hann eignaðist öll Vatnslönd ok bjó á Steinröðarstöðum", en í Hauksbók, að „hann nam öll Vatnslönd ok bjó á Steinröðsstöðum".[3]) En hvort sem hjer er litið á orðið að eignast eða nema, þá má telja víst, að Steinröður hafi bygt nokkurn hluta af landi því, sem Þorgrímur húsbóndi hans nam, og að hann hafi fengið land hjá honum, líklega þegar hann fjekk dóttur hans. Vatnslönd hafa því verið í efra hluta Grafningsins, og eru þau ekkert annað en löndin þar við Vatn, og vatn það, sem hjer er átt við, er Ölfusvatn. Þar er bær, sem kendur er við vatnið, og landslag er þar miklu margbreyttara og betra en fyrir austan vatnið. Þar eru töluverð slægjulönd, mýrar og smáár. Land Steinröðar náði upp eða norður að landnámi Hrolleifs Einarssonar á Heiðarbæ og er því enginn efi á því, að landið fram með Þingvallavatni að vestanverðu, það er að segja Upp-Grafningurinn, er það land, sem hjer er kallað Vatnslönd. Er þetta hið elsta nafn á efra hluta Grafningsins, nema að því leyti sem

[1]) Ldn. 8/37; Hksb. 9/8; sbr. Islb. 1/4. [2]) Þar hefur það brotist í gegn um ás nokkurn og rennur í þrengslum miklum eða gljúfri, sbr. bls. 215 nm.; fyrir því er Sogið nú kallað þar Þröngá Sogið. [3]) Ldn. 13/316; Hksb. 344-5/122; Stb. 390/229.

hann var talinn undir Bláskóga, en orðið Grafningur er eigi nefnt í Landnámu og var eigi heldur sveitarnafn í upphafi, heldur hjet svo grafningurinn eða dalþrengslin á milli Ingólfsfjalls og Grafningsfjalla,[1]) líklega í fyrstu að eins sá þröngi og djúpi dalur, sem þar er og nú er kallaður Djúpi-Grafningur, en síðan fjekk sveitin fyrir vestan Sogið og Þingvallavatnið þetta nafn.

Steinröðarstaðir eru nú fyrir löngu í eyði og nafnið gleymt, því enginn staður ber það nafn nú í Grafningnum. Líklegt er að þeir hafi verið þar, sem nú eru rústirnar að Vatnsbrekku í Nesjalandi.[2])

Þá er ótalinn einn maður, er nam land í Árnessýslu og í landnámi Ingólfs. Það var Hrolleifur Einarsson Ölvissonar barnakarls. Hann kom til Íslands seint á landnámsöldinni og lenti í Leiruvogi; var þá bygt land alt með sjó. Hann nam land fyrir utan Öxará, norðvestan við Þingvallavatn til móts við Steinröð, það er að landi Steinröðar, og bjó í Heiðarbæ nokkra vetur. Þá skoraði hann á Eyvind í Kvíguvogum til hólmgöngu eða landsölu, en Eyvindur kaus heldur að þeir keypti löndum. Eyvindur bjó síðan nokkra vetur í Heiðarbæ og fór síðan til Bæjarskerja á Rosmhvalanesi, en Hrolleifur bjó í Kvíguvogum til dauðadags. Hans son var Svertingur, faðir Gríms lögsögumanns að Mosfelli.[3]) Bendir aldur niðja Hrolleifs á, að hann hefur komið seint út á landnámsöldinni, og að það hafi verið eptir daga Ingólfs, er hann beitti ójöfnuði við Eyvind fóstra Steinunnar, frændkonu hans.

Þá hefur verið skýrt frá landnámunum í Árnessýslu og gerð grein fyrir, hvernig öll sýslan var numin. Að eins skal enn og að lokum minnst á Þingvallasveitina, af því að hún

---

[1]) Harð. 19/57. [2]) Sbr. Árbók 1899, bls. 3. Villingavatn í Upp-Grafningnum er eigi nefnt í fornöld og þó er líklegt að sá bær sje gamall, því honum er vel í sveit komið; væri eigi ómögulegt að Steinröður hefði reist þar bæ sinn og bæjarnafnið síðan breytst, en þetta er að eins tilgáta, sem jeg vil eigi halda neitt fram, og mjer þykir eigi sennilegri en að hann hafi bygt að Vatnsbrekku.

[3]) Ldn. 13/317; Hksb. 346/122.

varð svo merkileg í sögu landsins, þá er alþingi var sett þar, og mönnum er óljóst, hvernig hún var numin.[1]) Þingvallasveitin er eigi nefnd í Landnámu, af því að það nafn var eigi til á landnámsöldinni, eins og þegar var sagt, og landið fyrir austan og norðaustan Ölfusvatn er hrjóstugt, og enginn landnámsmaður settist þar að til þess að byggja það. Sjálfur þingstaðurinn og allur vesturhluti Þingvallasveitar var í landnámi Ingólfs, og Hrolleifur bygði nokkurn hlutann af því. Í Sturlubók segir, að Öxará væri þar takmark á landnámi Ingólfs, en í Hauksbók, að Hrafnagjá væri það, er gengur norðaustur af Þingvallavatni; ef svo hefur verið, hefur allur þingstaðurinn og því nær öll Þingvallasveitin verið í landnámi Ingólfs. En þótt landamerkin hafi verið við Öxará, sem þá fjell út í Ölfusvatn nærri Skálabrekku, hafa menn þó talið þingstaðinn undir goðorð Ingólfs, er alþingi var sett og ánni veitt, og land Þóris kroppinskeggja, sem hafði eignast þar land í lok landnámsaldarinnar, gert upptækt til alþingisneyslu. Á landnámsöldinni og þá er alþingi var sett á stofn, var öll Þingvallasveitin nefnd Bláskógar, og heiðin fyrir norðvestan hana, Bláskógaheiði; en það nafn á sveitinni gleymdist fremur fljótt.[2])

Eptir eru þá einungis hraunflákarnir fyrir austan Þingvallavatn; er þar hvergi slægjuland og lítil bygð þann dag í dag. Næst þar fyrir sunnan nam Grímur á Búrfelli land alt fyrir austan Sogið. Hvað langt landnám hans náði þar upp eptir, vita menn eigi, en varla hefur það náð skemmra en upp með Soginu að Kaldárhöfða, en verið getur líka að það hafi náð lengra upp eptir að austanverðu með Þingvallavatni, t. a. m. alla leið upp að Miðfelli eða Hrafnagjá. Líklegt er þó að einhverjir hraunflákar hafi verið ónumdir fyrir austan vatnið, á milli landnáma þeirra Gríms og Ingólfs.

[1]) Sbr. Þjóðólf 1899, nr. 58; Ldn.[3] Indledning LIV. [2]) Íslb. 3/6; Ldn. 19/58, 12/312; Hksb. 338/120; Stb. 32/139. Sbr. Árbók 1880-81, bls. 38—41.

Endurlit. Heimkynni, þjóðerni og ætterni landnámsmanna.

Nú hefur verið skýrt frá landnámum um alt Ísland, hvernig landið bygðist og skiptist í upphafi milli forfeðra vorra fyrir þúsund árum. Líkt hefur áður í fyrndinni átt sjer stað í löndum þeim, sem forfeður vorir komu frá, og í ýmsum öðrum löndum, þá er mennirnir fóru að taka sjer fasta bústaði og þeim fjölgaði og bygð þeirra breiddist út um jörðina, en hvernig og hve nær? Af því segir engin saga. Slíkt gerist á meginlandinu svo snemma, löngu áður en sönn saga hefst. Bygging Íslands er hin fyrsta landsbygging í mannkynssögunni, sem nokkurn veginn sannar og nákvæmar sögur eru af, og er aðalástæðan til þess sú, að Ísland fanst og bygðist svo seint, eigi fyr en menn höfðu lært að rita bækur á Írlandi og Bretlandi, nágrannalöndum Íslands, svo að Íslendingar, sem unnu snemma sögulegum fróðleik og höfðu — eins og feður þeirra og forfeður — gaman af að tala um forfeður sína og afreksverk þeirra, gátu lært ritlistina áður en frásögurnar um landnámsmenn og byggingu landsins gleymdust.

Þá er hjer er sagt, að sögurnar um byggingu landsins sje „sannar og nákvæmar sögur“, verður að gæta að því, að orð þessi eru miðlát *(relativ)*, og að þau eru sögð með tilliti til þess, sem kunnugt er um byggingu annara landa. Það segir sig sjálft að margt af því, sem bar við á landnámsöldinni, gleymdist þegar í fornöld, svo af því eru engar sögur. Um sumt eru sagnirnar svo óljósar, ekki síst er þær snerta menn og viðburði í Noregi og fyrir vestan haf, að eigi er hægt úr að greiða. Enn fremur eru missagnirnar æði margar í heimildarritunum til landnámssögu vorrar, og hefur opt verið bent á, að eitt handritið af Landnámu segi þetta en annað hitt, og einnig að sögurnar eru engu betri en Landnáma, svo stundum er ómögulegt að vita hið sanna. Þannig er þetta um mörg einstök atriði, en frá mörgu, afar-

mörgu er aptur á móti sagt satt og rjett, og frásögnin um það hefur varðveitst óbjöguð í handritunum, þrátt fyrir það þótt ýmsar vitleysur hafi skotist inn í þau um sumt, stundum í upphafi, en stundum síðar, er þau hafa verið afrituð. En af því að svo óvenjulega mikið að tiltölu hefur verið ritað og geymst vel um liðnar aldir, er mönnum nú svo mikið kunnugt um landnám og byggingu Íslands, að menn geta gert sjer hjer um bil rjetta og sæmilega glögga hugmynd um byggingu landsins og menn þá, sem það bygðu fyrstir, en það getur engin eldri þjóð en íslenska þjóðin, jafnvel þótt ekki sje að ræða um frumbyggingu annara landa, heldur einungis um innflutning þjóðflokka, sem höfðu náð allmiklum andlegum þroska og menningu.

Ísland bygðist fremur fljótt. Ari fróði segir, að það yrði albygt á sex tigum vetra.[1]) Landið er hvorki mjög stórt nje frjósamt og gat því eigi tekið á móti slíkum mannfjölda sem önnur lönd, sem eru stærri og miklu frjósamari, en allur flutningur manna til Íslands á landnámsöldinni sýnir þó meðal annars, hvílík hreifing og ferðalag var á mönnum í Noregi og fyrir vestan haf á víkingaöldinni.

Útflutningur manna frá Noregi óx allmikið við það, að Haraldur hárfagri braut alt landið undir sig og reyndi að beygja alla landsmenn undir stjórn sína og yfirráð. Margir göfugustu og sjálfstæðustu mennirnir þoldu það eigi og flýðu fyrir ofríki hans. Engri ástæðu fyrir brottför landnámsmanna frá Noregi til Íslands er optar við brugðið í Landnámu og Íslendinga sögum en ofríki Haralds hárfagra og ójöfnuði. Það var aðalástæðan. Skattgjöldin til hans voru í augum höldanna og höfðingjanna ófrjálsra manna merki. Þau særðu virðingu þeirra og metnað; þau komu við hjartarætur þeirra; þau settu á þá þrældómsmerki. Til þess að komast hjá skattgjöldum og til þess að mega vera í friði, vildu sumir gjarnan gefa konungi gjafir, sem námu engu minna en skatturinn, en er það tókst eigi, þá vildu þeir heldur yfirgefa jarðeignir sínar en gjalda skatt og gefa upp sjálfsforræði sitt.[2])

---

[1]) Íslb. 3/6. [2]) Ldn. 6/292-93, 7/295; Hksb. 314/110-11, 315/112.

Haraldur hárfagri var lengi að koma framkvæmd á stjórnarskipun sína í öllum bygðum Noregs. Norskum höfðingjum gat því lent í fjandskap við hann eða menn hans um alllangt skeið, hve nær sem þeir fengu að kenna á einræði hans. Margir þeirra flýðu þá fyrir ofríki konungs,[1]) eða fyrir jörlum hans og öðrum umboðsmönnum, sjerstaklega fyrir Hákoni jarli Grjótgarðssyni,[2]) er var þeirra ríkastur; og hafa ýms dæmi verið nefnd upp á þetta hjer að framan. Sumir landnámsmenn drápu þá ármenn eða sýslumenn konungs, svo sem Flosi Þorbjarnarson, og flýðu síðan brott.

En auk ofríkis Haralds konungs voru ýmsar aðrar ástæður, sem komu mönnum til þess að flytja búferlum til Íslands. Landskostir voru sagðir þar góðir[3]) og fóru sumir þangað af því að þeir bjuggust við að þeir mundu breyta um til batnaðar. Aðrir fóru að fortölum frænda sinna, eða til þess að hitta frændur og vini, sem voru farnir þangað. Sumir fóru að dæmi annara, því útflutningsfýst greip þá eins og ávalt á sjer stað með einhverja við slík tækifæri, og fóru þeir „af fýsi sinni".[4]) Sumir höfðu verið í kaupferðum eða í víking og tók að leiðast það og vildu fá sjer fastan bústað, er þeir leituðu til Íslands. Hin sterka örlagatrú manna á þeim tímum virðist hafa ýtt undir einstaka menn til Íslandsfarar, eins og sagan segir um Ingimund gamla; honum var spáð því að hann mundi fara þangað. Nokkrir landnámsmenn voru sakamenn og óbótamenn; þeir höfðu unnið víg eða önnur ill verk og fóru því útlagir til Íslands, eða þeir flýðu, áður en þeir voru gerðir útlagir og til þess að forðast hefnd.[5]) Varð Ísland því griðastaður fyrir fleiri en þá, sem forðuðu sjer undan ofríki konungs, því erfitt var að ná í menn, sem voru komnir þangað, og koma hefndum fram við þá.

---

[1]) Ldn. 139 40, 143, 155, 156, 157, 238, 279, 281, 295, 318. [2]) Ldn. 148, 149, 155, 211, 225, 239. [3]) Eyrb. 3/5; Vatn. 10/20. [4]) Ldn. 12/42, 11/201, 19/228, 6/254, 3/284. [5]) Ldn. 11/202-3; Hksb. 181/70, 182/70-7, 183/71.

En jafnframt öllum hinum ytri ástæðum hafði tíðarandinn, sú hreifing, djörfung, framtakssemi, frelsis- og frægðarlöngun, sem þá ríkti meðal frjálsra manna í Noregi, hina mestu þýðingu. Norðmenn voru vanir siglingum; þeir áttu nógan skipastól. Allflestir hinir helstu menn á vesturströnd Noregs áttu skip sjálfir; þeir gátu því stigið á skip og látið í haf, er þeir vildu. Fyrir því þurfti stundum svo lítið til þess að koma mönnum til þess að fara af landi brott.

Guðbrandi Vigfússyni þykir það óeðlilegt, að nokkur ár hafi liðið frá því að fáeinir hinir fyrstu landnámsmenn komu til Íslands og þangað til sigling manna varð almenn þangað.[1]) Hefur hann af þeirri ástæðu meðal annara viljað breyta tímatalinu um byggingu landsins. En þegar dæma á um þetta, verður að hafa það hugfast, að engar samgöngur voru í þá daga reglubundnar meðal manna í Noregi og fyrir vestan haf og enn síður við Ísland. Alt var komið undir hverjum einstökum manni, og menn fóru þá venjulega að eins eina ferð milli landa á hverju ári. Öll tíðindi urðu einnig að berast munnlega á meðal manna, og engin útlend tíðindi gátu því orðið alment kunnug á skömmum tíma. Ef menn athuga þetta, sjá menn skjótt, að það er harðla eðlilegt, þótt nokkur ár hafi liðið, frá því að Ingólfur fór að byggja Ísland og þangað til að sigling manna varð almenn þangað.

Menn gátu eigi alment farið að flytja sig búferlum til Íslands, fyr en menn höfðu fengið sannar fregnir af landinu og hvernig hinum fyrstu landnámsmönnum reiddi þar af, en til þess þurfti auðvitað nokkur ár. Fyrstu landnámsmennirnir fóru allir til Íslands til þess að forða lífi sínu, því þeim var eigi óhætt í Noregi, en þó fóru þeir Ingólfur og Hjörleifur fyrst rannsóknarferð til landsins, til þess að sjá, hvort það væri byggilegt, af því að enginn hafði þá bygt landið. Þeir höfðu einnig tíma til þess, af því að þeir höfðu sætst við mótstöðumenn sína og þurftu því eigi að forða sjer þegar undan. Það gerði Ketill hængur ekki og hann leitar rak-

[1]) Corpus poëticum boreale II, 489—90.

leiðis til Íslands, af því að hann vissi, að þeir Ingólfur höfðu farið þangað áður, og hafði að líkindum frjett, að þar voru dágóðir landskostir.[1]) Það sumar kom Ingólfur til Noregs og eptir hans ráðum munu þeir Skallagrímur hafa farið til landsins árið eptir.[2]) Þeir hefndu sín áður harðlega á frændum konungs og mönnum, og fyrir því tók konungur undir sig allar jarðir þeirra og annað fje, er hann náði. Hann lagði einnig reiði sína á frændur þeirra og vini, og leitaði eptir þeim og öllum þeim mönnum, sem hann ætlaði að hefðu verið í vitorði með þeim feðgum. Sættu sumir af þeim refsingum, en margir flýðu undan, sumir af landi brott, en aðrir leituðu sjer hælis innanlands.[3]) Þá flýði Yngvar tengdafaðir Skallagríms til Íslands og ef til vill einnig Óleifur hjalti. Komu þeir báðir til Íslands litlu síðar en Skallagrímur, en þó sinn í hvoru lagi og Óleifur litlu fyr en Yngvar að sögn Eglu. En aðfarir konungs ýttu undir menn að fara til Íslands, enda tóku nú fleiri og fleiri að flytja þangað og er eigi gott að segja hverjir nú komu þangað næstir, en Þórólfur Mostrarskegg hefur verið einn af þeim. Tveim árum síðar en Þórólfur og tólf árum eptir útkomu Ingólfs komu þeir Björn hinn austræni og Hallsteinn Þórólfsson fyrstir manna vestan um haf (886), og eptir það tekur sigling manna til Íslands mjög að aukast, og um 890 er kominn fullur gangur á útflutning manna þangað bæði frá Noregi og vestan um haf. Er auðsætt að Norðmönnum, bæði í Noregi og fyrir vestan haf, er þá orðið kunnugt um þetta nýja land, og að þar var mikið land byggilegt.

Landnámsferðirnar hjeldu nú áfram til Íslands þangað til landið mátti heita albygt, og landnámsmennirnir komu úr tveimur áttum, annaðhvort beina leið austan um haf frá Noregi, eða vestan um haf, sem kallað var, er menn komu sunnan frá Skotlandseyjum, Írlandi og Skotlandi; er orðtæki það upphaflega miðað við Noreg. Guðbrandur Vigfússon segir, að „fullur helmingur Íslands bygðar sje kominn til landsins

[1]) Eg. 23/70. [2]) Eg. 25/80. [3]) Eg. 30/95-6.

vestan um haf, en ekki rakleiðis frá Noregi",[1]) en það er alls eigi rjett. Það mun láta nærri sanni að sjötti hver landnámsmaður hafi komið vestan um haf, og má telja undir 60 manna, ef allir hinir smærri landnámsmenn eru með taldir, sem komu vestan um haf. Um hjer um bil 168 landnámsmenn er eigi sagt neitt nánar hvaðan þeir komu; að öllum likindum hafa flestir þeirra komið rakleiðis frá Noregi, en eigi er þó ólíklegt að einhverjir þeirra hafi komið vestan um haf.

Austan um haf frá Noregi komu hjer um bil fimm sjöttu hlutar landnámsmanna, og fór útflutningur manna þaðan til Íslands að færast í vöxt smátt og smátt eptir 880 og hjelst síðan jafnt og þjett því nær alla landnámsöldina; mest virðist útferð manna þaðan hafa verið á miðri landnámsöldinni, um 890—910, en eptir 920 fer útflutningurinn að minka, enda höfðu menn þá kastað eign sinni á mestalt byggilegt land. Ari fróði segir, að för manna hafi orðið mjög mikil út hingað úr Noregi, uns Haraldur konungur bannaði mönnum að fara, af því að honum þótti landauðn nema. En menn vildu eigi una við bann konungs, og sættust þeir þá á það við konung, að hver maður skyldi gjalda honum fimm aura, sá er færi til Íslands, nema hann væri skilinn undan þessu gjaldi.[2]) Þetta hefur eigi verið fyr en undir eða um aldamótin 900, og ber gjald þetta bæði vott um hve mikil ferð manna hefur verið frá Noregi til Íslands og um ráðriki konungs.

Landnámsmennirnir fóru frá endilöngum Noregi til Íslands, frá hverju einasta fylki á allri vesturströnd Noregs, sunnan frá Ögðum og norður á Hálogaland, en flestir landnámsmenn voru úr fylkjunum vestanfjalls, af Hörðalandi og úr Sogni, af Ögðum og Rogalandi og úr Firðafylki, eða úr

---

[1]) Safn I, 186 sbr. 197, og Sturl. I, Prolegomena bls. XX. Eptir Guðbrandi Vigfússyni hefur J. E. Sars farið, Hist. I, 213. Finnur Jónsson, Litteraturhist. II, 187—88, hefur bent á, hve þetta er orðum aukið hjá Guðbr. Vigfússyni; hann ætlar að hjer um bil níundi hluti landnámsmanna hafi komið vestan um haf, en það er aptur á móti of lítið.

[2]) Íslb. 1/4.

fylkjunum sem lágu undir Gulaþing. Frá Hálogalandi voru einnig margir landnámsmenn.

Af Valdresi er nefndur einn landnámsmaður og annar úr Haddingjadal. Þessi fylki eru upp til fjalla austur af Sygnafylki, en þó að austanverðu við háfjöllin. Samt voru þau síðar talin til Gulaþingslaga. Úr fylkjunum í Víkinni og á Upplöndum eru fæstir landnámsmenn nefndir, einn og einn úr sumum þeirra, enda gátu þeir varla verið margir þaðan.[1])

Austan um haf komu einnig þeir fáu landnámsmenn, sem voru sænskir að ætt og kunna að hafa komið frá Svíþjóð.

Landnámsferðir vestan um haf voru mestar á tólf síðustu árunum á níundu öld og um aldamótin 900. Þó var eigi landnámsferðum vestan um haf algjörlega lokið þá, eins og Guðbrandur Vigfússon hefur ætlað, því einstaka menn komu þaðan eptir aldamótin. Á seinni hluta landnámsaldarinnar komu t. a. m. þeir bræður Vilbaldur og Áskell hnokan Dufþakssynir, sonarsynir Kjarvals Írakonungs, en síðastur landnámsmanna vestan um haf var Ketill gufa, er kom út eptir 930.

Flestir landnámsmenn vestan um haf komu frá Suðureyjum og Írlandi. Einn er nefndur frá Katanesi á Skotlandi og tveir leysingjar Auðar djúpúðgu voru skotskir, en annars eru engir landnámsmenn nefndir þaðan. Fjórir komu frá Orkneyjum eða fleiri, ef Auður djúpúðga er talin þaðan, en enginn er nefndur beinlínis frá Hjaltlandi.[2]) Um suma landnámsmenn er þess eigi getið, hvaðan þeir komu frá Vesturhafslöndum, en svo nefni jeg hjer einu nafni eyjar og lönd fyrir vestan haf. Um Auði djúpúðgu er þess aptur á móti getið, en þó er efasamt hvort hún hefur farið frá Orkneyjum eða Suðureyjum. Í Suðureyjum voru flestir frændur hennar og það er líklegt, að hún hafi dvalið þar eitthvað

[1]) Munch, Hist. I, 545—53, hefur, að því leyti sem hægt er, talið upp úr hvaða fylkjum landnámsmennirnir voru. [2]) Sbr. þó frásögn Hksb. 202/80 um Þóri snepil Ketilsson, sem ef til vill hefur farið frá Hjaltlandi , en Hksb. er þar ruglingsleg, svo eigi er gott að henda reiður á hvaðan Þórir fór.

eptir að hún varð að flýja frá Katanesi, en eigi verið ávalt í Orkneyjum.

Það var eðlilegt, að vestan um haf kæmu flestir landnámsmenn frá Suðureyjum og Írlandi, því bygð Norðmanna hefur um þessar mundir verið fjölmennust þar, miklu fjölmennari en á Hjaltlandi og Orkneyjum. Þar áttu þeir einnig í sífeldum ófriði við landsmenn sjálfa, einkum þó á Írlandi, en á Orkneyjum og Hjaltlandi báru Norðmenn íbúana alveg ofurliða og tóku sjálfir að byggja þær eyjar. Þar komst því að tiltölu meiri kyrð og festa á Norðmenn en á Írlandi. Á Írlandi voru Norðmenn að líkindum fjölmennastir; þar reistu þeir ýmsa kaupstaði og bjuggu í þeim, en Írar höfðust við á landsbygðinni með hjarðir sínar. Í lok 9. aldar, en þó einkum á 10. öld, fóru Norðmenn einnig að taka jarðir og lendur undir sig á Írlandi. Þeir ráku þá stundum írsku höfðingjana (klanana) frá jörðum þeirra eða neyddu þá eins og þræla til þess að yrkja þá jörð fyrir sig, sem þeir höfðu átt áður. Í einu írsku riti[1]) segir að Norðmenn hafi verið svo bráðsólgnir í hinar grænu engjar og frjóvsömu jarðir á Erin (Írlandi) rjett eins og þeir væru þjáðir af þorsta og hungri. En er þetta tók að færast í vöxt, var útflutningi manna frá Írlandi til Íslands, sem auðvitað hefur aldrei verið mjög mikill, því nær lokið, og hugur Norðmanna á Írlandi snerist einnig eptir 900 meira að Englandi en áður.

Þjóðerni landnámsmanna fór eigi eingöngu eptir því, frá hvaða landi þeir komu til Íslands. Langflestir þeirra voru norrænir. Það voru því nær allir þeir, sem komu austan um haf. Fáeinir landnámsmenn á Norðurlandi voru kallaðir sænskir eða ættaðir af Gautlandi, en þó getur verið að einungis Þórður knappur hafi komið frá Svíþjóð. Þormóður hinn rammi er kallaður sænskur í Hauksbók, en hann vann víg, að því er virðist, á Jaðri í Noregi og fór fyrir þá sök til Íslands. Friðleifur í Holti var gautskur að föðurkyni, en Bryngerður móðir hans var flömsk. Sljettu-Björn Hróarsson er sagður ættaður frá Svíþjóð og sömuleiðis

[1]) The War of the Gaedhil with the Gaill, bls. 53.

Skjalda-Björn Herfinnsson. Ingimundur hinn gamli og Helgi hinn magri voru í aðra ættina ættaðir frá Gautlandi.

Uni Garðarsson er kallaður „hinn danski“ bæði í Hauksbók og í Melabók, og mun hann hafa verið danskur í móðurætt og fæddur í Danmörku og því hafa verið kendur við Dani, en hann kom til Íslands frá Noregi.[1]) Eigi er getið um aðra landnámsmenn af dönsku kyni en Una.

Sumir landnámsmennirnir, sem komu vestan um haf, höfðu að eins dvalið þar fá ár, áður en þeir fóru til Íslands. Þessir menn voru eins norrænir og landnámsmenn þeir, sem komu rakleiðis til Íslands frá Noregi, en á meðal þeirra manna, sem komu vestan um haf, voru nokkrir keltneskir að kyni eða að minsta kosti keltneskir og norrænir kynblendingar. Þeir Norðmenn, sem settust að á Írlandi og í Suðureyjum og dvöldu þar mörg ár, áður en þeir fóru til Íslands, gengu stundum að eiga konur af keltnesku kyni og fóru með þær og börn þeirra til Íslands. Aðrir settust að fyrir fult og fast fyrir vestan haf og bættu þar ráð sitt. Börn sumra þeirra fóru síðan til Íslands, svo sem börn Eyvindar austmanns og Raförtu Kjarvalsdóttur Írakonungs. Kjarvalur þessi var Cearbhall, er konungur var í Ossory eptir 853. Dr. Todd ætlar að hann hafi orðið konungur Norðmanna í Dýflinni árið eptir dauða Ívars Guðröðarsonar og fyrir því kalli Landnáma hann Írakonung; hafi hann ríkt þar til dauðadags 888, en þessa sje eigi getið í írskum annálum sökum sambands hans við Norðmenn.[2]) Kjarvalur konungur átti mörg börn og giptust sum þeirra Norðmönnum og fóru börn og barnabörn fjögra þeirra síðan til Íslands, þriggja dætra, Raförtu, Kormlaðar (Gormflaith) og Friðgerðar, og eins sonar, er hjet Dufníall.

Fleiri dæmi mætti nefna upp á hjúskap meðal Norðmanna og írskra kvenna, sem koma við landnámssögu Íslands, en þetta nægir til þess að sýna, hvernig Norðmenn blönduðu blóði við Íra, og að sumir landnámsmenn, sem komu vestan

[1]) Sbr. hjer að framan bls. 182. Hann er í Hauksbók einnig nefndur hinn úborni. [2]) The War of the Gaedhill with the Gaill, bls. LXXX—LXXXI, 270 og 297, sbr. hjer að framan bls. 66, aths. 2.

um haf, voru kynblendingar. En auk þeirra hafa að líkindum einnig nokkrir alírskir landnámsmenn komið til Íslands. Sumir Írar gengu alveg í lið með Norðmönnum, köstuðu jafnvel kristinni trú og herjuðu á landa sína af mikilli grimd. Þetta gerðu sumir Írar þegar á miðri 9. öld, og voru þeir kallaðir Gall-Gaedhel, þ. e. útlendir Gaelar eða útlendir Írar.[1]) Þeir blönduðu einnig blóði við Norðmenn, og smátt og smátt óx upp norrænn og keltneskur lýður fyrir vestan haf.

Nokkrir landnámsmenn eru kallaðir írskir, svo sem Ávangur (í Stb. og Hksb.), Kalman (í Hksb.), Þormóður og Ketill Bresasynir (í Hksb.) og er erfitt að segja, hvort þeir hafi verið alírskir eða kynblendingar. Hvorttveggja getur verið, en eptir nöfnunum einum er eigi hægt að dæma um það. Ýmsir landnámsmenn hjetu írskum eða keltneskum nöfnum, svo sem Bekan, Dufan (leysingi), Dufþakur (leysingi), Kalman, Kjallakur, Kýlan, Myrgjol (með Auði), Mýrún (kona Auðunar stota), en þess ber að gæta, að margir Norðmenn fyrir vestan haf báru írsk nöfn.[2]) Þá er þeir fóru að giptast írskum konum, tóku þeir að gefa börnum sínum írsk nöfn. Að sambland og tengdir Íra og landnámsmannanna fyrir vestan haf hafa eigi verið litlar, sjest og af því, að auk þeirra keltnesku nafna, sem sumir landnámsmennirnir báru, koma fyrir önnur keltnesk nöfn meðal barna þeirra og niðja á Íslandi, t. a. m. Bjólan, Bjollok, Dufníall, Dufgus, Kjaran, Kjarvalur, Kjartan, Konall, Kormákur, Njáll. Sum þeirra festust í málinu. Einnig fengu sumir norrænir eða norsk-keltneskir landnámsmenn keltnesk viðurnefni fyrir vestan haf, svo sem Helgi bjólan, Ólafur feilan, Áskell hnokan og líklega Þorgeir meldun.

Þótt erfitt sje eða ómögulegt að greina, hverjir voru alírskir og hverjir norsk-írskir (eða norsk-keltneskir) landnámsmenn, sem komu vestan um haf, er þó víst að nokkrir alírskir menn komu til Íslands og báru þar beinin. Enginn efi leikur t. a. m. á því, að konur sumra landnámsmanna vestan um haf voru alírskar og að leysingjar sumra þeirra voru það einnig, en það hafa einnig verið fleiri.

[1]) Sjá um þá Steenstrup, Norm. II, 127 o. ef. [2]) Sbr. A. Bugge, Arb. f. nord. Oldkh. 1900 bls. 284 o. ef.

Alt þetta sýnir, hve þjóðerni landnámsmanna vestan um haf var blandað. Á Íslandi juku þeir kyn sitt ásamt mönnum, sem voru komnir beint frá Noregi, og voru því norrænni en þeir. Keltneska blóðið þynnist því út í Íslendingum, en þó verður nokkuð af því eptir; útlit Íslendinga ber einnig enn í dag vitni um það, að þeir eru eigi af hreinni norrænni rót runnir. Margir þeirra eru heldur litlir vexti og tiltölulega margir eru dökkhærðir; minnir slíkt meira á Kelta en Norðmenn af germönskum uppruna. En verið getur að þetta eigi einnig að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að fólk af öðru kyni en germönsku hafi bygt ystu strendur Noregs, eins og hjer hefur verið minst á að framan, og ýmsir af þeim hafi farið til Íslands. Landnáma bendir á að frumbyggjar landsins hafi haft einkenni beggja kynþáttanna. Þar eru nefndir landnámsmenn, sem báru „hinn hvíti“ að auknefni, og í einni landnámsmannsætt virðist það auknefni jafnvel hafa gengið mann frá manni.[1]) En þetta auknefni bendir á, að þeir hafi verið bjartir og ljóshærðir, sem það hafa borið, og af hreinu norrænu bergi brotnir. Eptirtektavert er það einnig, að „hinir hvítu“ menn koma flestir fyrir í Austfirðingafjórðungi, en þangað komu landnámsmenn beint frá Noregi. Hins vegar eru í sögunum ýmsir menn kallaðir svartir og hafa þeir verið svarthærðir, og að líkindum með ættarmóti Kelta eða Norðursjávarkynþáttarins. Bregður jafnan fyrir í sögunum þessum tveimur ættarmótum meðal Íslendinga í fornöld, og hver sem tekur eptir slíku nú á dögum, verður þess einnig var, þótt alt sje það blandað á ýmsan hátt.

Höfuðlag Íslendinga hefur eigi verið mælt, en það mun sýna sig, hve nær sem það verður gert, að þar eru bæði langhöfðar og stutthöfðar og blendingur af ættarmóti beggja kynkvísla, t. a. m. dökkhærðir langhöfðar og ljóshærðir stutthöfðar.

En þjóðerni landnámsmanna sýnir, hvernig Norðurlandabúar á víkingaöldinni blönduðu blóði bæði innbyrðis og við nágrannaþjóðirnar.

---

[1]) Ldn. 1/239.

Landnámsmenn voru ættaðir vel. Margir þeirra voru af helstu höfðingjaættum. Sumir þeirra voru af jarlaættum, einstaka voru í ætt við fylkiskonunga, og ýmsir eru kallaðir hersbornir eða hersar sjálfir, og sýnir það að minsta kosti, ef hersistignin skyldi eigi vera eldri en stjórnarbreyting Haralds hárfagra, að þeir voru af hinum ríkustu höfðingjaættum. Margir landnámsmenn eru kallaðir „ágætir“ eða „göfgir“, og bendir hvorttveggja á, að þeir hafi verið af góðu kyni og merku. Þeir hafa verið óðalsmenn, höldar. Brottför þeirra sökum ofríkis Haralds hárfagra sýnir, að þeir voru stórættaðir menn, sem voru vanir að ráða sjer sjálfir. Þeir vildu heldur hafna góðri stöðu og miklum metorðum hjá Haraldi konungi, en gefa upp sjálfsforræði sitt.

Ef vjer virðum fyrir oss ætterni landnámsmanna og ættartölur Landnámu, er það eptirtektavert, að þess er eigi getið um nærri helming landnámsmanna, eða um 201 af hjer um bil 417 landnámsmönnum, sem Landnáma telur, hvers synir þeir voru. Það eru að vísu einkum föðurnöfn hinna minni landnámsmanna, sem mönnum er ókunnugt um, en þetta sýnir þó áþreifanlega, hversu saga Noregs byrjar með byggingu Íslands, og að Íslendingar mundu fram til þeirra manna í ættunum, er fyrstir bjuggu á Íslandi, en eigi lengra. Í hjeruðum landsins lifði sögusögnin um hver hefði numið þau og bygt fyrstur, en hvað faðir hans hjet, sem búið hafði í Noregi eða annars staðar erlendis, því höfðu menn opt gleymt, þá er Íslendingar tóku að rita ættartölur og sögur. Þess ber að gæta, að nokkrir af þeim 216 landnámsmönnum, sem menn vita um hvers synir voru, voru synir eldri landnámsmanna. Þegar feðgar tveir eða fleiri komu út, er synir þeirra voru orðnir fullvaxta, námu þeir stundum land hver fyrir sig, t. a. m. Örlygur og Valþjófur, eða faðirinn, sem var höfðingi fararinnar, nam mikið land og gaf sonum sínum allmikið af landnámi sínu, eins og Helgi magri gerði við sonu sína og tengdasonu o. s. frv. Stundum komu út feðgar tveir hvor í sínu lagi og námu einnig land hvor fyrir sig t. a. m. Þórólfur Mostrarskegg og Hallsteinn son hans. Föðurnöfn þeirra landnámsmanna, sem áttu landnámsmenn fyrir feður,

hlutu auðvitað að geymast, og þegar þeir eru frá taldir, er það eigi nema helmingur landnámsmanna, sem menn vissu um, þá er sögurnar voru ritaðar, hvers synir voru. En auk þess er föðurnafn (eða afanafn) sumra þessara landnámsmanna eigi rjett. Þannig hefur Guðbr. Vigfússon leitt nokkur rök að því, að menn hafi eigi þekt næstu forfeður Skallagríms eða föður Kveldúlfs og skeytt því saman ættniðja hans við Hrafnistumenn, sem var fornsagnaætt.[1]) Eins er þessu farið með föður- og móðurætt Ánar rauðfelds landnámsmanns. Hann er talinn sonur Gríms loðinkinna úr Hrafnistu og dótturson Ánar bogsveigis.[2]) Af þessum mönnum er sagt í fornaldarsögunum; ætt Vatnsdæla er einnig talin til þeirra,[3]) en alt er það jafnóáreiðanlegt.

Eins og eðlilegt er, vissu menn lítið um ættir landnámsmanna, áður en þeir komu til Íslands. Það er sjaldan skýrt mikið frá þeim og þær eru sjaldan taldar lengra aptur í tímann en um tvo eða þrjá liði (föður, afa og langafa), og opt er eigi meira en föðurnafnið nefnt. Kunnast er mönnum um forfeður landnámsmanna, er ættin var stór og margir fluttu af sömu ættinni til Íslands, en þó er það að eins um fáa liði. En þegar stundir liðu fram, tóku Íslendingar að setja saman ættartölur og gylla sig með göfgu ætterni, líkt eins og menn nú á dögum eru dubbaðir upp með heiðursmerkjum og tignarnöfnum. Á 12. og 13. öld fóru sumir að telja ætt sína til Ragnars loðbrókar, því miklar sögar fóru af honum. Þótt flestar íslenskar sögur af honum sjeu með öllu óáreiðanlegar, var þó nokkur fótur fyrir þeim, því víst er, að maður með því nafni var uppi á fyrri helming 9. aldar, en slíkt er eigi hægt að segja um margar fornsagnahetjur vorar, sem segir af í fornaldarsögunum. Ragnar var frægur víkingaforingi, en á Íslandi var hann sagður konungur yfir tveim ríkjum og manna frægastur. Það þótti því ágætt mjög að vera kominn af Ragnari. Ari fróði getur þess í ættartölu Ynglinga og Breiðfirðinga, að Ingjaldur Helgason hafi verið dótturson Sigurðar Ragnarssonar;[4]) hann segir eigi hvað dóttir Sigurðar, en kona Helga hins hvassa, hafi heitið, en í Eyrbyggju

[1]) Safn I, 209, sbr. 243. [2]) Ldn. 140. [3]) Ldn. 173, sbr. Vatn. 1/3. [4]) Íslb. 19.

og Njálu[1]) er sagt að hún hafi heitið Þóra, í Sturlungu[2]) Álöf og í Noregskonunga sögum[3]) Áslaug, svo eitthvað af þessu hlýtur að vera rangt. Sonur Ingjalds Helgasonar segja íslensk sögurit að væri Ólafur konungur hinn hvíti, en þess hefur áður verið getið, að það muni eigi vera rjett. En setjum svo að írsk rit skýrðu ekkert frá ætterni Ólafs hvíta. Ef ættartala Ara fróða væri rjett, hefur Ingjaldur Helgason þó hlotið að vera uppi samtíða þeim feðgum Sigurði ormi í auga og Ragnari loðbrók. Dóttir Sigurðar getur því eigi verið kona Helga hins hvassa og móðir Ingjalds. Ekki er þetta betra, þegar Íslendingar tóku að skeyta ætt Noregs konunga við ætt Ragnars.[4])

Ætt Þórðar Bjarnarsonar landnámsmanns í Höfða er talin til Ragnars loðbrókar, og er Björn byrðusmjör faðir Þórðar talinn í Landnámu Sturlu Þórðarsonar sonur Hróalds hryggs, Bjarnarsonar járnsíðu, Ragnarssonar loðbrókar. Í Hauksbók er einum ættlið bætt við og Ásleikur nokkur talinn faðir Hróalds hryggs.[5]) Snorri nefnir Hróald hrygg í Hafursfjarðarorustu og segir hann sje af Þelamörk,[6]) og er eigi líklegt að hann hafi verið kominn af Ragnari loðbrók. Í Njálu og Eiríks sögu rauða er Þórður talinn fjórði maður frá Birni járnsíðu eins og í Hauksbók, en forfeður hans eru eigi allir nefndir þar sömu nöfnum sem í Hauksbók.[7]) Þórður í Höfða er nefndur í jafnáreiðanlegum sögum og Víga-Glúms sögu og Ljósvetninga sögu,[8]) en þar er ætt hans eigi talin, líklega af því að menn hafa eigi vitað nöfn forfeðra hans.

Auðunn skökull er talinn þriðji maður frá Ragnari loðbrók, en sonarsonur Álofar dóttur hans og Hunda-Steinars jarls á Englandi. Hvað satt er í þessu, er eigi gott að vita, en sennilegt er það eigi, þótt það hefði getað átt sjer stað eptir ættliðafjöldanum að dæma. Álof er eigi talin meðal barna Ragnars í sögu hans nje í þættinum af sonum hans, og hún og maður hennar eru hvergi nefnd nema í ættartölu þessari, sem

---

[1]) Eyrb. 1/4; Nj. 1/1, 114/584. [2]) Sturl. I, 2/41. [3]) Hkr. I, 5/90; Fms. I, 1/1. [4]) Um ættartölur til Ragnars, sbr. G. Storm, Vikingetidens hist. 119—23. [5]) Stb. 208/190; Hksb. 175/68. [6]) Hkr. 18/123. [7]) Nj. 113/582; Eir. r. 7/27, sbr. Ragnars s. Fas. I, 19/220. [8]) V. Glúm. 10/31; Ljósv. 13/155, sbr. Grænl. þ. 7/66.

er í nokkrum Landnámu- og ættartölu-handritum. Annars er töluverður ruglingur á ætt Auðunar skökuls, eins og Guðbr. Vigfússon hefur sýnt; þó er það víst, að hann var einn af forfeðrum Ólafs konungs hins helga, í móðurætt Ólafs; er hann sá eini landnámsmaður, sem konungar eru komnir af.[1])

En Íslendingum er óhætt að hætta að telja ættir sínar til Ragnars loðbrókar, því engin vissa er fyrir því að nokkur þeirra sje af honum kominn, og áreiðanleg vissa fyrir því, að flestir, sem talið hafa ætt sína til hans, eru ekki af honum komnir. Sama er að segja um ætterni Íslendinga frá Haraldi hilditönn Danakonungi, sem segir af í fornaldarsögum. Enginn veit, hvort konungur sá hefur nokkurn tíma verið til, því hann á að hafa verið uppi, áður en sönn saga hefst (á fornsagnaöldinni), ef hann hefur lifað, en Hrafn hinn heimski Valgarðsson er þó sagður í Landnámu hinn fimti maður frá honum,[2]) og er það marklaus tilbúningur. Sljettu-Björn Hróarsson, einnig kynsæll landnámsmaður, er talinn fimti maður frá Eiríki konungi að Uppsölum, sem útgefendur Landnámu ætla að sje Eiríkur konungur Eymundarson, eins og líka mun hafa verið skoðun höfunda Landnámu. Björn er einnig talinn fjórði maður frá Burisláfi Garðakonungi,[3]) sem mun vera sami maðurinn og Boleslav konungur í byrjun 11. aldar, er hinn rússneski kronikuritari Nestor talar um.[4]) Eiríkur konungur andaðist um það leyti sem Sljettu-Björn fór til Íslands eða einungis mjög fáum árum áður, og getur því Björn eigi verið fimti maður frá honum. Skjalda-Björn Herfinnsson er talinn af sömu ætt og Sljettu-Björn, en einum ættlið eldri. Sýnir þetta að Íslendingum hefur ekki tekist betur að skeyta ættir sínar við Uppsalakonunga nje við Garðakonunga, en við Ragnar loðbrók. Um Skjalda-Björn er þess annars getið, að hann hafi verið víkingur mikill og jafnan verið óvin Haralds konungs hárfagra;[5]) er líklegt að það sje satt; en þetta bendir helst á að hann hafi verið frá Noregi.

---

[1]) Ldn. 1/171-72; Hksb. 143/58; Stb. 177/181. Safn I, 240—42. [2]) Ldn. 1/277. [3]) Ldn. 9/195—96. [4]) Nestors russiske Krönike, oversat og forklaret af C. W. Smith. Kbhavn 1869, bls. 107 o. ef., 285—87. [5]) Ldn. 156.

Ætt Böðvars hvíta er talin til konunga, sem annars eru ókunnir; er líklegt að sá sannleiki felist í þeirri ættartölu, að Böðvar hafi verið kominn af fylkiskonungum.[1]) Sama er að segja um ætt Geirmundar heljarskinns. Hann var herkonungur sjálfur og konungborinn (af herkonunga eða fylkiskonunga ætt), en ættartala hans í Landnámu er forneskjukend.

Það er eigi opt að ættir landnámsmanna eru taldar langt aptur í tímann, enda eru þær þá óáreiðanlegar eða markleysa ein. Aptur á móti gátu menn stundum munað rjett um tvo eða þrjá liði; ætt Auðunar rotins Þórólfssonar smjörs til Gríms kambans er eflaust rjett.[2]) Þórólfur smjör var sonarsonur Gríms kambans, er fyrstur Norðmanna fann Færeyjar. Það gátu menn munað rjett, en hvers son Grímur var vissu menn eigi. Hann hafði auknefni og því festist eigi föðurnafn hans við hann, þrátt fyrir það þótt hann yrði frægur af landafundi. Ætt Hrosskels Þorsteinssonar er einnig rjett.[3]) Það er ætt Arinbjarnar hersis úr Fjörðum og Braga skálds, og er hún eigi heldur rakin langt aptur nje forneskju blandið í hana.

Ættir ýmsra landnámsmanna vestan um haf eru taldar til Kjarvals Írakonungs. Hann var kynsælastur allra Íra á Íslandi og merkastur írskur ættfaðir Íslendinga. Til hans var eigi langt fyrir Íslendinga að rekja ætt sína, og mun flest það, sem Landnáma greinir um ættir landnámsmanna frá honum, vera rjett. En þó getur það eigi verið rjett, sem Hauksbók segir, að Baugur, fóstbróðir Ketils hængs, væri Rauðsson, Kjallakssonar, Kjarvalssonar Írakonungs.[4]) Baugur er alls ekki kominn af Kjarvali. Kjarvalur átti þó son, sem hjet Cellach (Kjallakur) og konungur var í Ossory, en hann getur eigi verið afi Baugs, því þeir hafa verið samtíða, og ef til vill Baugur litlu eldri. Hann kom 877 til Íslands, en Cellach fjell 905.[5])

[1]) Ldn. 7/255-56. [2]) Ldn. 3/220. [3]) Ldn. 1/66. [4]) Hksb. 307/107. [5]) Annals by the Four Masters, ed. O. Donovan, First Division. I. Vol., bls. 561, 569, ár 900 og 903. Niðjar Kjarvals eru taldir af Todd, The War of the Gaedhil bls. 297—302, en hann vegur eigi neitt frásögn Landnámu eða íslensku heimildarritanna.

Tala landnámsmanna og mannfjöldi.

Menn þekkja nú eigi aðra landnámsmenn en þá, sem Landnámabók skýrir frá, en af ýmsum þeirra er einnig sagt í öðrum sögum, og á margt af því uppruna sinn að rekja til Landnámu.[1]) Landnámsmennirnir eru um 417, ef allir eru með taldir, smáir sem stórir, þeir sem komu út og námu land á sjálfri landnámsöldinni og í lok landnámsaldarinnar eða rjett á eptir, þá er aldamótin eru sett árið 930. Fáeinir menn komu út og námu land eptir það ár og eru nokkrir þeirra taldir í Landnámu sjálfri meðal landnámsmanna.

Skrá sú, sem hjer fer á eptir, sýnir hve margir landnámsmenn eru í hverri sýslu, ef þeir eru taldir eptir núverandi skiptingu landsins.

Tala landnámsmanna

í Gullbringusýslu . .	9,[2])	ekki	nefnt	faðerni	3
- Kjósarsýslu	8,	—	—	—	2
- Borgarfjarðarsýslu	20,	—	—	—	11
- Mýrasýslu	36,	—	—	—	25
- Hnappadalssýslu .	6[3]),	—	—	—	1
- Snæfellsnessýslu .	22,	—	—	—	8
- Dalasýslu	15[4]),	—	—	—	7
- Barðastrandarsýslu	19[5]),	—	—	—	6
- Ísafjarðarsýslu . . .	21,	—	—	—	9
- Strandasýslu	14[6]),	—	—	—	5
- Húnavatnssýslu . .	23,	—	—	—	15
- Skagafjarðarsýslu .	30,	—	—	—	18
- Eyjafjarðarsýslu . .	23,	—	—	—	8

[1]) Ýmsar þær sögur, sem eru yngri en Landnáma, hafa tekið upp úr henni um landnámsmenn; eru þar á meðal nokkrir ýkna- eða forneskjusögur, sbr. Ldn.[2] 274—76. [2]) Hjer eru taldir með þrír synir Molda-Gnúps. [3]) Hjer er talinn með Guðlaugur hinn auðgi Þormóðarson landnámsmanns, þótt hann muni hafa numið land eptir landnámstíð. [4]) Sljettu-Björn er hjer talinn með, því eigi er fullsannað, að hann sje sami maðurinn og Sljettu-Björn í Skagafirði. [5]) Ketill gufa er talinn. [6]) Þorvaldur Ásvaldsson er eigi talinn, því hann kom svo seint út; sama er að segja um Eirík rauða son hans.

í Pingeyjarsýslu . .	34[1]),	ekki	nefnt	faðerni	16
- Norður-Múlasýslu .	23,	—	—	—	11
- Suður-Múlasýslu. .	20,	—	—	—	15
- Skaptafellssýslu . .	26[2]),	—	—	—	14
- Rangárvallasýslu .	34,	—	—	—	16
- Vestmannaeyjum .	1,				
- Árnessýslu	33,	—	—	—	11
Samtals	417,				201

Hjer eru taldir allir þeir menn, sem með nokkru móti geta heitið landnámsmenn, en þeir menn, sem námu land þar sem síðar urðu sýslumót, svo landnám þeirra eru nú í tveimur sýslum, eru að sjálfsögðu að eins taldir í annari sýslunni. Þeir menn, sem komu út með helstu landnámsmönnum og voru skipverjar þeirra eða liðsmenn, eru taldir með, ef þeir fengu eða þágu síðan land hjá þeim og reistu bæ og bú, en þó getur verið efamál, hvort rjett sje að telja þessa menn landnámsmenn, því það er talsverðum efa bundið, hvar setja eigi takmörkin milli landnámsmanna og annara bænda. Höfundar Landnámu, sem fyrstir hafa orðið að athuga þetta mál eitthvað, hafa að líkindum stundum verið í efa um það, og þeim hefur eigi heldur tekist að setja rjett takmörk, sem hægt væri að fara alveg eptir. Þá landnámsmenn, sem fyrstir námu hjeruð landsins, mætti kalla frumlandnema, en ef segja skal, hve landnámsmennirnir voru margir, er eigi nóg að telja þá eina. Í sumum hlutum landsins námu frumlandnemar allar bygðirnar og enginn þeirra nam svo mikið land, að hann hefði svo miklu að miðla til annara landnámsmanna, að þar sje að ræða um allstór landnám í landnámi annara. Þannig var t. a. m. Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla og Þingeyjarsýsla numin; í þessum hjeruðum voru engin landnám mjög stór. Aptur á móti námu nokkrir fyrstu landnámsmennirnir svo mikið land, að nú

[1]) Hjer er Geiri á Geirastöðum talinn með eins og í Ldn., þótt hann færi að líkindum nokkru eptir 930 til Íslands. [2]) Sigmundur kleykir Önundarson er eigi talinn, því hann settist í land hjá öðrum, líklega eptir 930.

nemur nærri heilum sýslum, eða jafnvel tveim sýslum eins og landnám Ingólfs og Skallagríms. Í Gullbringusýslu og Kjósarsýslu báðum til samans yrði því t. a. m. eigi nema um einn landnámsmann að ræða, en þetta er nóg til að sýna, að ómögulegt er að setja takmörkin eptir þessu, því þá yrði að sleppa sumum merkustu og göfugustu landnámsmönnum, er námu land í landnámi annara, svo sem Þórði skeggja og Helga bjólu í Kjósarsýslu, Hrosskeli Þorsteinssyni í Mýrasýslu, Kolli Veðrar-Grímssyni í Dalasýslu o. fl. Fyrir því verður að telja fleiri menn landnámsmenn en þá eina, sem fyrstir eignuðu sjer hjeruðin. En úr því svo er, tjáir eigi heldur að fara eptir ætterni, ríki eða stöðu þeirra manna, sem námu land í landnámi annara, eða þágu lönd af öðrum eða keyptu land. Það verður eins að telja rjettan og sljettan frjálsborinn skipverja eins og óðalsborinn mann, úr því að báðir þágu land af höfðingja fararinnar eða frumlandnema, til bygðar og ræktunar og reistu þar bæ, og báðir fengu svo mikið land, að það var landrík bændajörð, eða jafnvel miklu meira, svo að það skiptist síðar í nokkrar jarðir. Einnig má þá telja með þjónustumenn nokkurra hinna helstu landnámsmanna, þá er þeir fengu allmikið land, sem þeir bygðu síðan, og það verður að gera, þótt þeir væru leysingjar. Lönd þau, sem Auður djúpúðga gaf fjórum leysingjum sínum, voru engir smáir landskikar, enda eru leysingjar Auðar taldir hjer með landnámsmönnum og fáeinir aðrir hinir helstu leysingjar, sem fengu land hjá húsbændum sínum, er þeir bygðu síðan. Allir leysingjar, sem aðallandnámsmennirnir gáfu land, eru þó eigi taldir hjer með í skránni.

Hins vegar fer landnám manna eigi eingöngu eptir því, hvort menn voru höfðingjar útfararinnar til Íslands eða eigi. Þess er getið um nokkra menn, að þeir námu land á sjálfstæðan hátt, þótt þeir væru hásetar eða skipverjar annara, svo sem nokkrir hásetar Örlygs, og sýnir það að engin eðlileg takmörk verða sett eptir orðinu skipverji, þá er um tölu landnámsmanna er að ræða.

Alt þetta sýnir, að það er töluverðum efa bundið að ýmsu leyti, hvar setja eigi takmörkin á milli hinna eiginlegu

landnámsmanna og annara hinna fyrstu bænda á Íslandi, og hvort eigi að telja suma menn með landnámsmönnum eða eigi. Um meiri hluta landnámsmanna, alla frumlandnemana og ýmsa fleiri, er enginn efi, en málið fer að vandast, þá er kemur til hinna minni manna. Fyrir því hafa sumir, sem ritað hafa um landnám á Íslandi, talið landnámsmennina um 300, en aðrir um 400. Slíkt hefir farið eptir því, hvernig landnámsmennirnir eru taldir. Ef leysingjum er sleppt, og nokkrum öðrum hinum minstu mönnum, sem gefið var land og ef til vill voru öðrum háðir, eru landnámsmennirnir milli 370 og 380, og er sú tala næst hugsun höfunda Landnámu. Í Landnámu sjálfri eru þeir menn kallaðir einu nafni landnámsmenn, sem fyrstir eignuðu sjer landið og bygðu það, og er þar auðsjáanlega einnig átt við menn, sem námu land í landnámi annara. Í Landnámu er svo að orði kveðið um hjer um bil 317 menn, að þeir hafi „numið“ land. Á meðal þeirra eru taldir Skorri leysingi og Flóki þræll Ketils gufu, sem eigi er rjett að nefna landnámsmenn,[1]) og einnig fjórir eða fimm menn aðrir, sem námu land rjett eptir 930 eða töluvert síðar, eins og Þorvaldur Ásvaldsson og Eirikur rauði sonur hans. Orðið að nema er einnig haft um ýmsa menn, sem námu land í landnámi annara, sjerstaklega ef þeir voru mikilsháttar menn. Annars er opt sagt um þá menn, sem settust að í landnámi annara, að þeim hafi verið gefið land eða að þeir hafi keypt land. Um suma er sagt, að þeir hafi „helgað“ sjer lönd, án þess að orðið nema sje notað um þá, og um aðra að þeir „bygðu fyrst“ eitthvert tiltekið land,[2]) eða að þeir eignuðust lönd.[3]) Sumir fengu lönd í heimanmund með konu sinni, er þeir giptust dætrum ríkra landnámsmanna.[4]) Enn voru nokkrir, sem beittu valdi og skoruðu á menn til hólmgöngu eða „til landa“, þá er land það var numið, sem þeir vildu ná undir sig.

Hve margir landnámsmenn komu á eigin skipum til Íslands vita menn eigi, og enn síður hve mikill fjöldi þeirra

[1]) Sbr. bls. 116 að framan. [2]) Ldn. 289, sbr. 233, 241 (bjuggu fyrstir á einhverjum stað). [3]) Ldn. 298. [4]) Ldn. 219, 220, 222, 245, 314.

manna var alls, sem fór til Íslands að byggja það, en nokkrum getum má um það leiða. Þess er að eins getið um nærri hálfan fjórða tug landnámsmanna í Landnámu, að þeir fóru á eigin skipum til Íslands, og í öðrum ritum er þess getið um einstaka landnámsmenn, sem Landnáma segir eigi nánar af, að þeir hafi, eins og eðlilegt er, farið á eigin skipum til Íslands. Um nokkra er þess getið, að þeir fóru tveir og tveir eða þrír samskipa, og um marga hina minni og minstu er það kunnugt, að þeir voru skipverjar eða í þjónustu annara landnámsmanna. En sá flokkurinn er þó langfjölmennastur, sem ekkert er sagt um, hvernig fór til Íslands. En þrátt fyrir það má ætla, að meiri hluti landnámsmanna hafi komið út á eigin skipum, og mun láta sanni næst, að eigi minna en tvö hundruð þeirra eða tvö til þrjú hundruð hafi verið skipseigendur og komið til Íslands á eigin skipum.

Sjaldan er sagt, hve margir menn voru á hverju skipi. en þó eru til nokkrar bendingar í þá átt, einkum að því er snertir hina stærri landnámsmenn. Þá er hinir heldri landnámsmenn fluttu til Íslands, fóru þeir venjulega með fjelögum sínum eða liðsmönnum, ef þeir voru í víking, eða með fjölskyldu sinni og heimamönnum, með „skuldaliði sínu“ eins og segir í Eyrbyggju, ef þeir voru búsettir menn eins og flestir þeirra. Heimamenn eða hjú hafa vanalega sjeð þann hag sinn bestan að fara með húsbændum sínum, og húsbóndinn var líka vanur að ráða fyrir þeim eins og börnum sínum, þótt þeir væru frjálsir menn, og þeir vanir að hlýða ráðum hans. Ófrjálsa menn eða þræla gat húsbóndinn tekið með eins og aðra gripi sína.

Stundum hafa landnámsmenn að líkindum verið svo mannmargir, að þeir hafa getað mannað skip sæmilega með húskörlum sínum og hafa eigi þurft að fá sjer aðra menn, en allopt fengu þeir nokkra af nágrönnum sínum með sjer, sem voru þeim handgengnir eða vandabundnir að einhverju leyti, eða þeir eða einhverjir aðrir menn slógust í för með þeim af frjálsum vilja eða af tilviljun. Höfðingjar, er ætluðu til Íslands, gátu að líkindum ávalt fengið einhverja hinna

minni manna í nágrenni sínu eða leigulíða til þess að fara með sjer, þótt eigi sje líklegt, að þeir hafi átt rjett til að heimta af þeim, að þeir færu með þeim af landi brott, eins og Maurer hefir ætlað af orðum Vatnsdælu.[1]) Þess er getið um suma landnámsmenn, er þeir höfðu ráðið að fara til Íslands, að ýmsir vinir þeirra rjeðust í för með þeim, en þótt það væru heldri menn, var þó höfðingi sá, sem upphaflega ákvað förina, foringi hennar. Aptur á móti er þess aldrei getið, að landnámsmenn hafi verið í vandræðum með að fá sjer menn til fararinnar; að vísu sannar það eigi mikið, því að eigi lá nærri að geta um slíkt, en ef menn athuga hve miklir siglingamenn Norðmenn voru á vesturströnd Noregs og samband það, sem venjulega var á milli manna í sama bygðarlagi, þá er eigi líklegt að slíkt hafi komið mjög opt fyrir.

Á skipi Hjörleifs Hróðmarssonar voru 10 menn frjálsir og 10 þrælar og konur hinna frjálsu manna. Þess er eigi getið, hve margar þær hafi verið, en varla hafa þær verið fleiri en 10 og vel geta þær hafa verið færri.[2]) Á skipum þeirra Kveldúlfs og Skallagríms voru 30 vopnfærra manna á hvoru, og konur og börn að auk.[3]) Ketill hængur hafði með sjer 60 manna á tveim hinum stærstu kaupskipum, er hann gat fengið, og konur og börn að auk.[4]) En þess verður að gæta bæði um þá feðga Kveldúlf og Skallagrím og einnig um Ketil hæng, að þeir höfðu liðsafnað og fóru til hefnda, áður en þeir fóru til Íslands, og að þeir fóru með alla þá menn, sem höfðu verið í hefndum með þeim; því voru þeir svo fjölmennir. Um Auði hina djúpúðgu er þess getið, að hún hafði á skipi með sjer 20 karla frjálsa,[5]) en það þótti óvenjulega mikið og er nefnt sem dæmi upp á ríki og skörungsskap hennar, enda voru ófrjálsir menn, konur og börn að auk, svo að 40 til 50 manna hefur að líkindum verið alls á skipi hennar. Geirmundur heljarskinn hefur farið

[1]) K. Maurer, Die Entstehung bls. 44; Upphaf allsherjarríkis bls. 34, sbr. Vatn. 12/23. [2]) Ldn. 5/33, 6/35. [3]) Ldn. 18/56; Eg. 25/81, 27/84. [4]) Eg. 23/69. [5]) Ldn. 15/109; að eins í ungum handritum, sem eru afskriftir, er sagt 30 karla.

mjög fjölmennur til Íslands; hann fór með þremur frændum sínum og fjelögum, og stýrði hver þeirra sínu skipi. Þeir námu allir land hver fyrir sig, en sem dæmi upp á rausn og fjölmenni Geirmundar er þess getið, að hann hafði 80 frelsingja,[1]) enda er hann talinn mestur höfðingi allra landnámsmanna. Það er óvíst hvort tala þessi er rjett, og eigi er sagt, að hann hafi komið með alla þessa menn út með sjer, þótt hann hafi haft þá svo marga; sumir þeirra hafa ef til vill ráðist til hans á Íslandi; en ef þeir hafa komið allir út um leið og hann, þá hafa margir þeirra verið á skipum fjelaga hans og frænda.

Af þessum tölum er auðsætt, að 50 manna alls á einu skipi hefur verið óvenjulega mikið fjölmenni, þá er um skip landnámsmanna er að ræða. Venjulega hafa verið miklu færri menn á hverju skipi, 20 til 30 eins og á skipi Hjörleifs — og var hann þó ekkert smámenni —, eða enn færri stundum. Það er því mjög vel í lagt, að líkindum ofmikið, ef reiknaðir eru 30 menn að meðaltali á hverju skipi og ef skip landnámsmanna eru talin 300, eða öllu fremur fólksfarmar landnámsmanna, því að ekki er ómögulegt að einstaka skip hafi farið fleiri ferðir en eina, einkum ef á því hafa orðið eigendaskifti, en hins vegar er skipatalan, þrjú hundruð, sett svo há, sem framast er hægt með rökum. Þótt landnámsmennirnir væru að eins taldir um 380, en leysingjum og fleirum hinum minni háttar landnámsmönnum sleppt, þá er þó kunnugt um 48 af þeim, að þeir komu út með öðrum, og auk þess er kunnugt um nokkra landnámsmenn, að þeir fóru samskipa til Íslands. En þótt svona sje vel í lagt, verður þó tala innflytjenda til Íslands eigi meiri en 9000. Þessi tala er þó að öllum líkindum of lág. Bæði bendir frásögn Ara fróða[2]) á, að fór manna úr Noregi til Íslands hafi verið meiri en þetta, því að þá hefði verið heldur lítil ástæða fyrir Harald konung að óttast landauðn, og svo lætur að líkindum, að mjög margir menn hafi farið til Íslands, sem eru alls ekki nefnd-

[1]) Ldn. 19/123; Hksb. 87/39; Stb. 113/162; Sturl. I, 4/3. [2]) Sbr. bls. 225 að framan.

ir í neinum ritum, og setst að í landnámum landnámsmanna og reist sjer þar bæi. Á söguöldinni, og það stundum snemma á henni, má sjá þess ýms dæmi að margir bæir, sem eru eigi nefndir á landnámsöldinni, voru bygðir í sumum sveitum landsins, og eins hefur þetta verið í mörgum sveitum, sem litlar eða engar sögur eru af. Allir þessir bæir hafa eigi getað risið svo skjótt upp við það, að synir og sonarsynir landnámsmannanna reistu marga bæi handa sjer og sínum, heldur hafa sumir þeirra verið bygðir af mönnum, sem komu til landsins, þá er landnámsmennirnir höfðu helgað sjer landið.[1]) Þeir hafa því orðið að fá land hjá þeim, til kaups eða á leigu, og þannig hafa margir bæir verið reistir af innflytjendum, sem engar sögur fara af, bæði þegar á síðara hluta landnámsaldarinnar og einnig á söguöldinni, einkum framan af henni. Það fer því að líkindum nærri sanni að gera ráð fyrir, að allur sá mannfjöldi, sem kom út með landnámsmönnunum sjálfum, sem Landnáma segir af, hafi verið um 8000 til 9000 manna, en að þeir hafi verið eins margir eða fleiri, sem fluttu til landsins þar fyrir utan og eigi eru nefndir. Það er því líklegt, að við lok landnámsaldarinnar (930) hafi eigi minni mannfjöldi verið fluttur búferlum til Íslands en hjer um bil 20000 alls, og að fjöldi landsmanna hafi þá verið eitthvað dálitið meiri en öll tala innflytjenda, svo sem einu þúsundi eða í hæsta lagi alt að því tveim þúsundum, sem fólkinu hafði þá fjölgað. En fólksfjölgunin hefur að líkindum verið ör og mikil, þá er innflytjendurnir höfðu numið landið og búið þar allvel um sig. Á tímabilinu frá 930 til 1000 hefur mannfjöldinn vaxið mjög á Íslandi; fyrst og fremst og aðallega af því að margir landsmenn voru barnamenn miklir og af því að þeir notuðu landið meir og meir, en einnig nokkuð af því, að einstaka menn fluttu enn búferlum frá Noregi til Íslands. Um árið 1000 er líklegt, að Íslendingar hafi verið orðnir um 40 til 50 þúsundir að tölu.

Þetta er mjög ólíkt því, sem margir hafa ætlað áður, en að því verður að gæta, að 20000 manna árið 930 er eins

[1]) Sbr. Ldn. 12/270.

mikið í samanburði við nágrannaþjóðir vorar og 100000 manna á Íslandi nú á dögum, og að 40 til 50 þúsundir Íslendinga árið 1000 voru ríkari gagnvart öðrum Norðurlandabúum þá, en fjórðungur úr einni miljón manna væri nú. Að þessu hafa Íslendingar eigi gætt, nje hve fámennir menn voru á Norðurlöndum og í öðrum löndum, þá er Ísland bygðist og langt fram eptir öldum.[1]) En á þeim tíma, þá er íbúar Noregs voru eigi fleiri en 300000 til 400000 manna, var útflutningur 20000 manna eigi neitt smáræði, jafnframt því að margir fóru til ýmsra annara landa, einkum vestur um haf, eins og fyr er sagt.

Landnám og byggingarhættir. Örnefni.

Þá er höldar eða höfðingjar höfðu ákveðið að fara frá Noregi og flytja til Íslands, fengu þeir sjer skip, ef þeir áttu það eigi áður, og báru á það lausafé sitt og alt búferli, er þeir máttu með komast. Þeir tóku viðina úr húsum sínum og hofum og annað, er mátti þeim að gagni verða á Íslandi. Síðan stigu þeir á skip með fjölskyldu sinni, mönnum sínum og þrælum og ljetu í haf. Þá er þeir nálguðust Ísland, höfðu margir þann sið, að kasta öndvegissúlum sínum fyrir borð og mæla svo fyrir, að þeir skyldu byggja þar

---

[1]) Sem dæmi upp á, hvernig menn hafa litið á þetta, má geta þess, er merkur fræðimaður sjera Þorkell Bjarnason hefur ritað í Tímariti Bókmfjel. VI, 7. Hann minnist á, að nokkrir merkir menn hafi talið svo til, að í lok 11. aldar hafi verið rúmar hundrað þúsundir manna á Íslandi og segir síðan: „og er ekki ólíklegt að fólkið hafi verið heldur fleira*) en færra á söguöldinni, því að*) Landnáma segir með berum orðum „at landit yrði albygt á LX vetra, svá at eigi hefir síðan orðit fjölbygðra“. Af þessu leiðir hann þá ályktun, að mjög líklegt sje að landsmenn hafi verið 110000 á söguöldinni. Hann segir eigi hve nær á söguöldinni, sem nær þó yfir 100 ár, en eptir röksemdaleiðslu hans að dæma, mun hann hafa ætlað að mannfjöldinn hafi verið mestur fyrst á söguöldinni, ef hann hefur eigi ætlað að hann hafi ávalt verið hjer um bil jafnmikill.

*) Leturbreyting gjörð af mjer.

sem súlurnar ræki á land. Á öndvegissúlurnar var opt skorin mynd þess goðs, sem eigandi súlnanna hafði mestan trúnað á[1]), og fyrir því báru menn mikið traust til súlna þessara og leituðu þannig ráða hjá goðunum um valið á bústað sínum. Menn tóku síðan land, þar sem þá bar að landi og þeir áttu hægast með að lenda, en stundum veitti mönnum erfitt að finna öndvegissúlur sínar. Ingólfur Arnarson var t. a. m. þrjú ár að leita að súlum sínum, Hrollaugur Rögnvaldsson eitt ár, Loðmundur hinn gamli eitt ár eða lengur.[2]) Þórður skeggi virðist jafnvel hafa gefið upp leitina, því hann bjó tíu til fimtán ár austur í Lóni; en er hann frjetti að súlurnar væru fundnar vestur á Leiruvogi, flutti hann sig búferlum þangað, til þess að fara að bendingu goðanna og halda orð sín.

Á líkan hátt er sagt um fleiri landnámsmenn, að þeir fálu guðunum eða forsjóninni á hendur að velja sjer bústað, þótt þeir köstuðu eigi öndvegissúlum útbyrðis. Sagan af Kveldúlfi bendir á það, og eins sögurnar af Örlygi hinum gamla, sem var kristinn, og af Selþóri.[3]) Aðrir hjetu hreint og beint á goðin til þess að velja sér land eða hjerað, eins og Kráku-Hreiðarr og Helgi hinn magri.[4]) Þó var það eigi nærri ávalt að menn ljetu guðina eða forsjónina ráða, hvar þeir bygðu land, heldur var það einkum framan af landnámsöldinni. Ýmsir vildu eigi sætta sig við að byggja þar sem þá bar að landi, heldur fóru þeir mjög eptir landskostum, svo sem Ingimundur hinn gamli, Helgi hinn magri, þá er hann valdi sjer bústað í landnámi sínu, og Gnúpa-Bárður, sem flutti sig búferlum suður í Skaptafellssýslu, af því að hann ætlaði að veður væri þar mildara og landið betra en í Bárðardal.[5]) Aðrir leituðu þangað, sem vinir þeirra eða frændur höfðu setst að áður, og námu síðan land annaðhvort í landnámi þeirra eða þá í næstu sveitum. Er t. a. m. eptirtektavert, hve margar sveitir fyrir sunnan og austan allan Breiðafjörð bygðust

---

[1]) Ldn. 12/96; Eyrb. 4/5. [2]) Ldn. 9/261, 5/249—50. [3]) Sbr. hjer bls. 87, 111—12, 122. [4]) Sbr. hjer bls. 159; Ldn. 12/206. [5]) Sbr. hjer bls. 173—74.

vestan um haf. Á Vesturlandi og Suðurlandi voru bygðir manna vestan um haf eins og allmiklar nýlendur hingað og þangað innan um bygðir landnámsmanna austan um haf. Á Norðurlandi bygðist mestallur Eyjafjörður vestan um haf. Þaðan settust og að menn af tveim skipum í Þingeyjarsýslu, en svo má heita upptalið á Norðurlandi, þótt nokkrir menn næmu þar land, sem höfðu verið í víking áður. Múlasýslur allar bygðust beint frá Noregi. Eru þess ýms dæmi um ættmenn og vini, hvort sem þeir komu beint frá Noregi eða vestan um haf, að þeir hjeldu hóp eptir því, sem hægt var, þá er þeir völdu sér bústað á Íslandi, en aðrir hugsuðu auðsjáanlega eigi um það, heldur settust þeir að sitt á hverjum stað. Þá er leið á landnámsöldina og mestur hluti landsins var numinn, urðu menn opt að fara mest eða jafnvel eingöngu eptir því, hvar þeir gátu fundið byggilegt land ónumið og sætta sig við það, hvar sem það fjekkst. Ýms atvik gátu þannig ráðið því, hvar menn settust að á landinu, og stundum rjeð því tilviljun ein.

Þá er menn höfðu ákveðið, hvar þeir ætluðu að „nema land", „helguðu þeir sér landið" og var það venjulega gert með einhverri þýðingarmikilli athöfn. Helgi hinn magri gerði eld mikinn við hvern vatnsós í Eyjafirði og helgaði sjer svo alt hjeraðið milli útnesja.[1]) Eldur við árós helgaði þeim, er hann gerði, land það alt, sem áin rann um, milli fjalls og fjöru. Önnur aðferð var þó venjulegust; hún var sú að menn *fóru eldi um land* það, sem þeir námu.[2]) Menn álitu eldinn hafa helgandi afl í sjer fólgið og að eignarrjetturinn fengi því lagakraft, er eldi væri farið um landið. Það þótti enda nóg að koma eldsneista fyrstur á eitthvert land til þess að ná eignarrjetti yfir því.[3]) Þó voru settar ákveðnar reglur um það, hvernig eldi skyldi fara um land, þá er nokkuð leið fram á landnámsöldina. Þeir menn, sem fyrstir komu til Íslands, námu afarmikið land; alt landið var þá frjálst hverjum manni, sem fyrstur kom, og engin

[1]) Ldn. 12/207. [2]) Ldn. 6/189; 3/284; 1/276; Hksb. 294/103; Eyrb. 4/6; Vatn. 10/18. [3]) Ldn. 8/193 sbr. Vígagl. 26/79.

takmörk voru þá sett fyrir landnámi þeirra. En þeir landnámsmenn, sem komu síðar, urðu óánægðir út af þessu, því þeir sáu, að skjótt yrði skortur á ónumdu landi, ef þannig væri haldið áfram. Er sagt, að Haraldur konungur hárfagri hafi þá sætt menn á það „at engi skylldi viðara nema, en hann mætti eldi yfir fara a degi með skipverivm sinvm. Menn skylldv elld gera þa er sol væri i avstri. Þar skylldi gera aðra reyki sva at hvara sæi fra oðrvm en þeir elldar er gervir varv þa er sol var i avstri skylldi brenna til netr. Siðan skylldv þeir ganga til þers er sol væri i vestri ok gera þar aðra ellda.“[1]) Ef Haraldur hárfagri hefur gert sætt þessa, sem vel getur satt verið, þá hafa fyrstu landnámsmennirnir eða einhverjir af þeim annars vegar, en hins vegar ýmsir menn í Noregi, sem hafa ætlað að fara til Íslands, tekið Harald konung fyrir gjörðarmann í máli þessu, því að öðrum kosti gat hann eigi haft neitt vald til þess að gera ákvæði um landnám manna á Íslandi. Þessi ákvæði giltu að eins um landnám karlmanna, líklega af því að eigi hefur þótt sæma. að konur helguðu sjer land með eldi.[2])

Um landnám kvenna var einkennileg ákvörðun, sem einnig er skýrt frá í Hauksbók. „Kona skylldi ei vidara nema land enn leida mætti kvigu tuævetra varlangann dag solsetra millim halfstalit naut og haft vel.“[3]) Ekki er sagt hve nær ákvæði þetta er gert, en svo mikið er víst, að Auður djúpúðga hefur eigi farið eptir því, er hún nam land; er landnám hennar að líkindum eldra en ákvæði þetta, og er eigi ólíklegt að ákvæði um landnám kvenna hafi verið sett um leið og ákvæði var gert um landnám karlmanna.

Konur þurftu eigi að leiða kvígu um sjávarsíðuna á landnámi sínu. Nes gátu þær helgað sjer með því að leiða kvígu þvert yfir það. Sjórinn hefur að sjálfsögðu verið talinn öruggt landamerki, þótt hvorki konur nje karlar helguðu sjer landnám sitt við sjávarsíðuna. Þeim megin var heldur engra nágranna von.

---

[1]) Hksb. 294/103; Ldn. 1/276. [2]) Sbr. Maurer, Isl. bls. 37. [3]) Hksb. 276/98—9; Ldn. 10/264.

Þá er menn námu land, urðu þeir að ákveða takmörkin á landnámi sínu. Er líklegt að menn hafi stundum látið þar við sitja, einkum framan af landnámsöldinni, en eigi farið eldi um landið, eða helgað sjer það með annari viðhöfn. Fyrstu landnámsmennirnir hafa lýst því yfir fyrir mönnum sínum, hve mikið land þeir námu, og líklegt er að þeir hafi sett einhver merki til sýnis um, hvar þeir höfðu kastað eign sinni á landið, en síðan hafa þeir skýrt öðrum frá því, sem komu og vildu fá land í grend við þá. Þess er eigi getið um neina af hinum fyrstu landnámsmönnum, sem stærst land námu, að þeir hafi farið eldi um landnám sitt, — blótmaðurinn Þórólfur Mostrarskegg gerði það fyrstur svo getið sje, — en þeir könnuðu landið,[1]) og svo gerðu síðan margir landnámsmanna, áður en þeir námu land, einkum þá er um mikið landrými var að ræða.[2]) Þeir ljetu eigi staðar numið við að kanna láglendið milli fjalls og fjöru, heldur sendu sumir þeirra menn upp til fjalla og inn í óbygðir landsins, svo sem Gnúpa-Bárður sonu sína,[3]) og Hrosskell á Ýrarfelli og Eiríkur í Goðdölum þræla sína, eða þeir fóru sjálfir eins og Vjekell hinn hamrammi á Mælifelli. Rönguður þræll Eiríks í Goðdölum fann Kjalveg á landakönnunarferð sinni og gaf Eiríkur honum frelsi fyrir það. Er svo sagt, að Rönguður færi suður til Blöndukvísla og upp með á þeirri, er fellur fyrir vestan Vinverjadal, og vestur á hraunið milli Reykjavalla og Kjalar. Þar kom hann á manns spor og skildi að þau lágu að sunnan. Hann hlóð þar vörðu, er við hann var kend og kölluð Rangaðarvarða. Síðan sneri hann aptur og eptir þetta tókust ferðir um fjallið milli Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðungs.[4]) Þetta var eptir miðja landnámsöldina.

Optast námu menn land þannig, að landamærin voru sett við einhver eðlileg takmörk. Undirlendið er víða eigi breiðara en svo að menn námu land á milli fjalls og fjöru. Sjórinn takmarkaði þá landnámin á

---

[1]) Eg. 23/70; 28/89,92; sbr. ferðir Ingólfs Ldn. 7-8/36—8. [2]) Ldn. 16/110; 12/207. [3]) Ldn. 18/225—6. [4]) Ldn. 6—7/190—91.

einn veg, en fjöll eða óbyggilegt hálendi á annan. Á hina tvo vegu gættu menn þess einnig, að setja takmörkin þar sem eðlilegt var, svo sem við læk, á eða eitthvert vatn, sem rann til sjávar, eða þar sem fjöll eða fjallshnúkar, múlar, nes eða firðir, hraun eða sandar greindu landið í sundur. Þannig námu menn annars vegar land „milli fjalls og fjöru“ og hins vegar hjeraðið „svá vítt sem vatnsföll deila til sjávar“, eins og stundum segir í fornsögunum, eða frá fjallsmúla eða firði, hrauni eða nesi, eptir því sem á stóð. Þar sem náttúran sjálf greindi landið í sundur eða landslagið breyttist, svo að byggilegt land slitnaði í sundur, og fara varð skemmri eða lengri leið, áður en menn komu aptur í byggilegt land, þar settu landnámsmennirnir mörkin á landnámum sínum. Svo gerðu þeir einnig þar sem undirlendið er svo breitt, að sami maðurinn mátti eigi nema land milli fjalls og fjöru, t. a. m. í Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Sumir námu land upp frá sjó til einhvers lækjar eða að einhverri á eða öðrum einkennilegum stað, sem gott var að miða eða merkja við. Aðrir námu land í uppsveitunum, frá einhverri á eða læk og upp til fjalla, eða þeir námu hjeruð eða tungur inn í landi á milli tveggja áa o. s. frv. Alls staðar kemur hið sama í ljós; menn ákveða landnámin og takmörk þeirra mest eptir landslaginu, því það var hægast og eðlilegast.

Þar sem eigi var hægt að fá nógu greinileg landamæri af náttúrunnar hendi, merktu menn land sitt á ýmsan hátt. Sumir merktu á viðum eins og Náttfari, aðrir settu upp einhver merki, landsmerki, er fyrir hendi voru, eða þeir skáru upp torfu eða hnausa, jarðkrossa, sem kallað var, af því að þeir voru venjulega skornir upp í kross, til merkis um landamærin. En sum af þeim merkjum, sem getið er um að menn hafi sett upp, voru gerð til þess að sýna, að menn höfðu helgað sjer þar land, sem þau voru, eða valið þar bústað handa sjer eða sínum.[1])

Að nema land hefur tvær þýðingar; önnur er sú að

[1]) Ldn. 5/185, 19/229, 20/234; V.-Ljót. 3/166; Grág. I b, 110, II, 33.

kasta eign sinni á land, sem áður er einskis eign. hin er sú að byggja land.[1]) Báðar þessar þýðingar koma opt fyrir í Landnámu og sögunum, einkum þó hin fyrri, sem er hin alkunna merking orðsins. Þeir landnámsmenn, sem fyrstir námu land eða köstuðu eign sinni á það, fengu að öllu leyti óbundin yfirráð og eignarrjett yfir landnámi sínu. Enginn var þá til, er takmarkað gæti eignarrjett þeirra yfir landi þeirra, en öðru máli getur verið að gegna um suma þá, sem komu síðar, einkum ýmsa hina minni menn, eða þá, er voru fátækir eða öðrum háðir að einhverju leyti. Í fornlögum vorum er einungis getið um eignarrjett og leigurjett yfir landi, svo um annað en þetta tvent getur eigi verið að tala.

Þess er getið um marga menn, að þeir námu land í landnámi annara, og að þeir hafi gert það með ráði eða leyfi frumlandnemans.[2]) Þeir fengu þá allmikið af land-

---

[1]) Safn I, 702. [2]) K. Maurer hefir ætlað að orðatiltækið at nema land at ráði manns þýði tvennt: fyrst að fá land hjá þeim, sem átti það áður, og í öðru lagi að fá hjá nágrönnunum leyfi til þess að setjast að nálægt þeim, og að menn hafi því orðið að biðja þá bygðarleyfis, sem numið höfðu land næst þar sem menn ætluðu að nema. Die Entstehung des isl. Staats bls. 65—66; Upphaf allsherjarríkis á Íslandi bls. 54—55. Hann leiðir þessa skoðun sjerstaklega út af því, sem segir í Vatnsdælu, 18/31, um Hrolleif mikla, að Sæmundur föðurbróðir hans rjeð honum að biðja Þórð í Höfða og Una í Unadal bygðarleyfis. Frásögn Vatnsdælu er hjer ónákvæm, því þar segir að Sæmundur vísi Hrolleifi á bústað „fyrir utan Höfða ok út frá Unadal," en hann hefur, eins og segir í Landnámu 4/178, vísað honum norður á Höfðaströnd til Þórðar, en hann fjekk honum land nyrðst í landnámi sínu og bjó hann þar í Hrolleifsdal. Unadalur aptur á móti er fyrir sunnan landnám Þórðar. Maurer hefur nú ætlað af Ldn. 10/199, að Hrolleifur hafi bygt eða numið land fyrir norðan landnám Þórðar, en það er eigi rjett. Hrolleifur hefur líklega búið að Þverá fyrir sunnan Hrolleifsdalsá, sbr. Kálund, Isl. II, 86—87. Í Landnámu er þess eigi getið, að Hrolleifur skyldi biðja um bygðarleyfi, en hitt er eðlilegt, að menn væru ófúsir á að taka við honum og móður hans, þar sem þau voru alræmd illmenni.

„At nema land at ráði" einhvers þýðir stundum að nema land eptir ráðleggingu annars manns, eins og þá er sagt er um Þórólf, að hann næmi land „at ráði" Ásgerðar Asksdóttur, hálfsystur sinnar, fyrir vestan Markarfljót, en það var í landnámi Ketils hængs. Ldn. 2/279—80. Þannig

námi frumlandnemans til eignar og byggingar, og þágu þeir það optast að gjöf, því frumlandneminn mun venjulega ekkert hafa tekið fyrir að leyfa öðrum höfðingjum, vinum eða frændum, förunautum sínum eða mönnum að nema land í landnámi sínu á meðan landrýmið var nóg, enda er þess eigi sjaldan[1]) beinlínis getið, að frumlandneminn hafi gefið mönnum land. Því stærra land, sem frumlandneminn hafði numið, því meira hafði hann til þess að miðla öðrum, og því stórtækari var hann í landgjöfum við aðra menn. Um veruleg landnám í landnámi annara landnámsmanna er varla að ræða nema í hinum stærstu landnámum, og landnámsmenn þeir, sem námu land í þeim, eignuðust opt svo víðáttumikið land, að það svaraði hjer um bil hálfum eða heilum hrepp síðar, þá er hreppaskiptingin kom upp í landinu, enda gættu landnámsmennirnir þess venjulega, að nema svo mikið land, að það yrði einnig nóg til skiptingar handa sonum þeirra.[2]) Ýms landnám í landnámi annara voru viðlika stór og landnám alment.

Góðir og göfgir höfðingjar kinokuðu sjer venjulega eigi við að nema land í landnámi annara. Er enginn efi á því, að þeir hafa fengið fullan eignarrjett og jafnframt óháð yfirráð yfir landi sínu, enda má sjá um suma þeirra, sonu þeirra eða sonarsonu, að þeir gerðust hjeraðshöfðingjar síðar og voru að öllu eins óháðir sem aðrir höfðingjar eða frumlandnemar.[3]) Margir þeir, sem námu land í landnámi annara, voru frændur, vinir eða förunautar frumlandnemans. Þeir voru venjulega óháðir frumlandnema, nema förunautar hans, en það fór þó eðlilega mest eptir því, hvernig hagur þeirra og samband við frumlandnemann hafði verið, áður

---

mun einnig eiga að skilja orð Eyrbyggju, 6/7, um að Björn austræni nam land „með ráði“ Þórólfs, því að hann nam land næst fyrir vestan hann. Björn hefur sannarlega eigi þurft að biðja Þórólf bygðarleyfis, þá er alt land var þar óbygt, nema það, sem Þórólfur hafði helgað sjer, og hins vegar hefur Þórólfi eigi verið annað kærra en að Björn vinur hans settist að í nágrenni við sig.

[1]) Þess er getið nærri þrjátíu sinnum. [2]) Ldn. 7/192. [3]) Tungu-Oddur t. a. m. var ríkur goði, en faðir hans Önundur breiðskeggur hafði numið land í landnámi Skallagríms. Eg. 84/316.

en þeir fóru til Íslands. Frjálsir menn, sem voru óðalsbornir, eða höfðu setið á eignarjörð sinni í Noregi, eða höfðu verið í víking, voru í raun rjettri eigi háðir foringja fararinnar á annan hátt, en að því leyti sem sameiginlega sókn og vörn snerti á meðan þeir voru saman. Stundum höfðu slíkir menn hittst af tilviljun einni og farið saman til Íslands. Settust sumir þeirra að í landnámi annara, var eðlilega lítil freisting fyrir frumlandnemann að reyna að gera þá sjer háða og landnám þeirra, og þeir gátu eigi heldur haft mikla von um að geta gert það, þótt þeir hefðu viljað, því að ríkismunur þeirra var svo lítill. Hins vegar var landgjöfin í sjálfu sjer vináttu og góðra gjalda verð, og samkvæmt skoðun manna í þá daga lögðu dýrmætar gjafir, sem eigi var auðvelt að launa með öðrum gjöfum, siðferðislega þakklætisskyldu á herðar þiggjandans.[1]) Það þótti því ekki hæfa að rísa upp á móti slíkum velgjörðamönnum sínum eða t. a. m. veita fjandmönnum þeirra að máli á móti þeim, en frjálsræði manna eða sjálfræði var að öðru leyti sjaldan hætta búin af því að þiggja land af öðrum, allra síst þá er mannamunurinn var lítill milli gefanda og þiggjanda. Þó er þess getið um Hrafnkel Freysgoða, að hann vildi vera yfirmaður þeirra og tók goðorð yfir þeim, sem hann gaf land, en þess er jafnframt getið um hann, að hann væri mikill ójafnaðarmaður.[2]) Einstaka menn voru einnig svo stórlátir, að þeir vildu eigi þiggja land af öðrum. Hallsteinn Þórólfsson vildi eigi þiggja land af föður sínum,[3]) nje Hallkell af Ketilbirni hálfbróður sínum, en sá var þó munurinn á þeim, að Hallsteinn átti um nóg ónumið land að velja en Hallkell eigi.[4]) Hvort þessir menn hafa gert þetta eingöngu af mikilmennsku eða meðfram af því, að þeir vildu eigi eiga neinum manni neitt gott að þakka, svo engin endurgjaldsskylda hvíldi á þeim, er erfitt að segja. Þó er óliklegt að þakklætisskyldan ein hafi hindrað Hallstein frá því að þiggja land af föður sínum. En sumir litu öðru vísi á

[1]) Sbr. K. Maurer, Die Entstehung des isl. Staats. bls. 73—80: Upphaf allsherjarríkis á Íslandi. 62—68. [2]) Hrafnk. 4. [3]) Eyrb. 6/7. [4]) Sbr. að framan bls. 214.

þetta mál. Þeir vildu helst gefa eitthvað fyrir það land, sem þeim var gefið, svo að það mætti kaup kalla; það þótti óhættara við riptingum.[1])

Þá er höfðingi einhver eða höldur þá land af öðrum höfðingja, var opt enginn mannamunur á gefanda og þiggjanda, en öðru máli var opt að skipta, þá er skipverjar, leiguliðar eða leysingjar þágu land af foringja sínum eða húsbónda. Hin siðferðislega þakklætisskylda þótti vera því meiri, sem munurinn var stærri á gefanda og þiggjanda, en þó er varla fullgild ástæða til þess að ætla, að menn hafi eigi sökum þess fengið fullan eignarrjett yfir landi því, sem þeim var gefið.[2])

Sambandið milli foringja fararinnar annars vegar og skipverja hans og þeirra manna hins vegar, sem settust að í landnámi hans, virðist í raun rjettri að hafa verið fremur laust og óákveðið, og eru lítil skýrteini um það í fornritum vorum. Sumir skipverjar gerðust sjálfstæðir landnámsmenn, en sumir fengu land hjá foringja fararinnar. Ef þeir hefðu eigi fengið full eignarráð yfir því, mundu fæstir þeirra hafa tekið við því, að minsta kosti ekki framan af, á meðan land var nóg ónumið, af því að þeir hefðu þá heldur kosið að nema land sjálfir annars staðar. Landnám hinna minni manna, þótt í landnámi annara væru, munu því flest hafa verið óháð, eða þannig, að þeir hafa fengið eignarrjett yfir landi sínu, en öðru máli getur verið að gegna um hið persónulega samband þessara manna við frumlandnemann. Það hefir farið töluvert eptir því, hvort frumlandneminn lagði kapp á að gerast hjeraðshöfðingi eða eigi, og einnig nokkuð eptir því, hvert samband var á milli þeirra, áður en þeir lögðu á stað til þess að nema land á Íslandi.

Um Ketil hæng er þess getið, að hann „gaf land skipverjum sínum, en seldi sumum við litlu verði, ok eru þeir landnámamenn kallaðir".[3]) Frá þessu er eigi skýrt nánar og er eigi hægt að segja með vissu, hvort þessir menn

[1]) Ldn. 14/319. [2]) Sbr. Eg. 82/307—8. [3]) Eg. 23/71

fengu nokkuð af því landi, sem Ketill „eignaði sér einum“[1]) eða annars staðar í landnámi hans. Þó er líklegast eptir því sem ráða má af landnámum í Rangárvallasýslu, að flestir þeirra hafi bygt í nágrenni við Ketil eða í því landi, sem hann eignaði sjer á Rangárvöllunum.[2]) Hins vegar er eigi gild ástæða til þess að ætla, að þeir hafi orðið leiguliðar Ketils, enda benda orð Egilssögu á hið gagnstæða, þar sem sumir þeirra keyptu landið við litlu verði og þeir voru kallaðir landnámsmenn. Sama er að segja um skipverja annara hinna stærstu landnámsmanna, sem fengu land að gjöf hjá höfðingja sínum.[3]) Jafnvel þótt þeir væru leysingjar, urðu þeir framan af landnámsöldinni sjaldan leiguliðar. Sumir af leysingjum Auðar djúpúðgu fengu svo mikið land, að það samsvaraði nærri hálfum hrepp síðar, og synir og niðjar sumra þeirra urðu svo þjóðkunnir menn og mikils metnir, að þar getur eigi verið um leiguliða að ræða. Einnig var land það, sem Auður gaf leysingjum sínum, langt í burtu frá landi því, sem hún nam handa sjálfri sjer. Landrýmið var í fyrstu svo mikið, að það er nærri óeðlilegt að ætla, að menn fyrstu landnámsmannanna hafi orðið leiguliðar, jafnvel þótt þeir væru ófrjálsir, úr því að þeim var gefið frelsi. Um Vífil, sem Ingólfur gaf frelsi, er sagt eins og aðra frjálsa menn, að „hann bygði“ að bæ þeim, er hann reisti. Um Skallagrím er sagt, að hann „gæfi“ lönd leysingjum sínum.[4]) Þó er eigi sagt að þetta hafi verið ávalt svo. Í Eyrbyggju segir, að Þórólfur Mostrarskegg færi eldi um landnám sitt utan frá Stafá og inn til Þórsár, og „bygði þar skipverjum sínum“.[5]) Að byggja einhverjum land þýðir að leigja honum það, og ef þessi orð eru rjett, þá hefur Þórólfur leigt skipverjum sínum land; en hins vegar hefur söguritarinn auðveldlega getað kveðið svona að orði, þótt Þórólfur hafi enga leigu tekið eptir landið, heldur einungis leyft skipverjum sínum að byggja þarna í landnámi

[1]) Sbr. að framan bls. 91 og Ldn. 3/282. [2]) Sbr. að Skallagrímur gaf skipverjum sínum land næst sjer, og Ingólfur gaf Vífli land við landamærin á landi því, sem hann ætlaði sjálfum sjer. [3]) Eg. 28/91, (sbr. Kjal. 1/397). [4]) Ldn. 17/111—113; 8/37; 3/71—72. [5]) Eyrb. 4/6.

sínu eða látið þá fá þar land til byggingar. Á það bendir Hrafnkels saga, þar sem segir: Hrafnkell bygði allan dalinn ok gaf mönnum lönd.[1])

Ísland bygðist á líkan hátt og títt var í Noregi. Þá er landnámsmennirnir höfðu kastað eign sinni á land og helgað sjer það, völdu þeir sjer bæjarstæði þar sem þeim þótti best til fallið, og reistu þar bæi og ræktuðu tún í kringum þá. Hvergi bygðu þeir þorp, því að landið var of ófrjótt til þess að menn mættu búa saman í þorpum, og þess konar byggingarhættir eða bygðarlag voru mönnum ókunnir úr Noregi. Landnámsmennirnir reistu því bæi, einn og einn fyrir sig, hingað og þangað um allar bygðir landsins. Venjulega var langt á milli bæja, svo mikið land lá undir hvern bæ. Hver bóndi fjekk ótakmarkaðan eignarrjett yfir jörðum sínum, nema þeir, sem gerðust leiguliðar annara, en eigi er líklegt að neinir af hinum eiginlegu landnámsmönnum hafi gerst það. Þá er landnámsmennirnir höfðu helgað sjer landið og því var öllu skipt upp í stórar jarðeignir eða landnám, tóku landnámsmennirnir og synir þeirra, hinir miklu jarðeigendur, smátt og smátt og þá er þörf gerðist að skipta landi sínu í sundur í smærri jarðir. Sumt hafa þeir þá selt þeim, sem gátu keypt, en sumt hafa þeir leigt þeim mönnum, sem búskap vildu byrja, en höfðu eigi efni á að kaupa sjer land. Þá er landið var alt upp numið og menn gátu eigi lengur fengið ókeypis gott land, tók landið að stíga í verði, og jarðeigendur hættu þá að gefa öðrum land, nema þeir ættu að sjá börnum sínum fyrir bústað. Jarðeignirnar tóku þá alment að ganga kaupum og sölum á milli manna. En það segir sig sjálft, að auðugir jarðeigendur hafa stundum eigi viljað selja þau lönd sín eða jarðir, sem þeir gátu án verið, heldur einungis leigja þær, vegna þess að þeim hefur þótt það arðsamara en að selja. Á þann hátt gátu þeir hægast ávaxtað fje sitt og fengið árlega leigu af því. En er svo er komið, þá fara ýmsir menn að gerast leigulið-

[1]) Hrafnk. 4.

ar á Íslandi, en það er eigi fyr en seint á landnámsöldinni og einkum eptir hana, þá er fólkinu tekur að fjölga.

Einstöku sinnum er þess getið um syni landnámsmanna, hvaða bæi þeir bygðu í landnámi feðra sinna, þá er þeir uxu upp, og má af því ráða, hvernig landnámin skiptust á milli þeirra. Þannig reistu fjórir synir Ketils hængs hver sinn bæ í landnámi föður síns, en Hrafn bróðir þeirra bjó að Hofi eptir föður sinn.[1]) Svo var það venjulega, þá er um fleiri en einn son var að ræða, að einn þeirra tók við því býli, sem faðir þeirra hafði bygt. En þá er einungis einn erfingi var til, segir það sig sjálft, að hálfar eða heilar sveitir máttu eigi byggjast skjótt, ef aðrir menn hefðu eigi reist þar bú en þeir, sem nefndir eru í Landnámu. Hjer má nefna til dæmis Ölfusið, einhverja hina langgrösugustu sveit, sem til er á öllu Íslandi, og því ávalt heldur fjölbygð. Helminginn af henni nam maður, sem var barnslaus og arfleiddi því bróðurson sinn, en hinn helminginn ásamt suðurhlutanum af Grafningnum eptir því, sem sveitaskiptingin er nú,[2]) nam maður, sem átti að eins einn son svo getið sje. Það segir sig sjálft, að ýmsir menn hafa setst að í sveit þessari og það þegar á landnámsöld, þótt eigi sje getið um þá í Landnámu. Þeir hafa keypt lönd eða jafnvel leigt af landnámsmönnunum og sumir hinir fyrstu ef

---

[1]) Eg. 23/71. [2]) Í upphafi mun bæði Ölfusið, sveitin upp með Ölfusá, og allur Grafningurinn upp með Soginu hafa verið nefnd einu nafni Ölfossársveit eptir Ölfossá (hinu upphaflega nafni á Soginu og Ölfusá), sem hún lá við, en efsti hluti Grafningsins er í Landnámu bæði nefndur Vatnslönd og Bláskógar, og var hann að eins nokkur hluti af þeim. Grafningurinn og Ölfusið var líka ein þingsókn fram eptir öllu, þangað til Grafningurinn var sameinaður Þingvallasveitinni. Áttu Grafningsmenn um hríð þing að sækja að Stóruborg í Grímsnesi, þangað til að Grafningur var með lögum 2. nóvbr. 1885 gerður að sjerstakri dómþinghá. Í Jarðabók Árna Magnússonar stendur: „Aulves sueit sem öll liggur til Backarholltz þingstaðar og er heñar firsti hlute sá, er nu skrifast first, almeñilega kallaður Graffningur. Ellefu lögbýli hin firstu". Í Manntalinu 1703 er sagt um Bakkárholtsþingsókn „sem er Ölves" og allir bæir í Grafningi taldir þar með, án þess að hann sje nefndur á nafn (Jarðabók Skúla Magnússonar, VI. bindi, bls. 203—207). Enn nær Ölfusið kippkorn upp með Soginu.

til vill fengið land að gjöf. Þannig hefur sveit þessi smátt og smátt skiptst í sundur í jarðir, sumpart á milli erfingja og niðja þeirra manna, sem upphaflega námu hana, og sumpart á milli þeirra manna, sem síðar eignuðust þar lönd eða leigðu, og niðja þeirra.

Lík dæmi mætti færa til úr öðrum bygðum landsins, en það virðist ljóst, að margir menn, sem engin saga er af og hvergi eru nefndir, hafi flutt til Íslands þegar á landnámsöld. Þessir menn voru eigi landnámsmenn í orðsins vanalega skilningi, þótt þeir væru nýbýlingar eða nýbyggjendur, og eigi heldur þeir menn, sem fluttu til Íslands eptir landnámstíð.[1]) Ef einar átta eða níu þúsundir manna alls hefðu flutt til Íslands og sjötti hluti þeirra komið vestan um haf, þá hefði verið meiri ástæða fyrir Harald hárfagra að reyna að banna mönnum að fara vestur um haf en til Íslands, nema hann hafi gert það til þess að fá gjald af þeim, sem fóru, en borið við landauðn sem ástæðu.

Í sambandi við það hvernig landnámin bygðust og bæjum fjölgaði í landinu, verður að minnast á orð Ara hins fróða, er hann segir, að „suá hava oc spacer menn sagt, at á lx vetra yrþi Ísland albygt, suá at eigi væri meirr síþan".[2]) Menn hafa eigi athugað orð þessi rjett, og hefur það mest komið af því, að sama frásögnin er tekin upp í Landnámu og menn hafa farið eptir henni, en í Landnámu hljóðar þetta svo: „Svá segja fróðir menn, at landit yrði albygt á LX vetra, svá at eigi hefir síðan orðit fjölbygðra".[3]) Albygður er annað en fjölbygður, og því er töluverður munur á orðum Íslendingabókar og Landnámu.[4]) Albygður þýðir allur bygður eða numinn, það er að segja að menn hafi eignað sjer alt landið, sem um er rætt, og reist þar bæi í landnámunum meira eða minna,[5]) en þar með er eigi sagt

[1]) Ýmsir af mönnum þessum eru kunnir t. a. m. Ögmundur Kormáksson, Korm. 3—4; Óttar Þorvaldsson og Ávaldi Ingjaldsson, Hallfr. 2/85; Þorbjörn súr og synir hans, Gísl. 8; sbr. einnig að framan bls. 236—37. [2]) Íslb. 3/6. [3]) Ldn. 15/321. [4]) Jafnvel K. Maurer hefur eigi tekið eptir því, sbr. Die Entstehung bls. 43, Upphaf bls. 33. [5]) Sbr. Þá var Jökuldalr albygðr upp at brúnni (eða brúm). Hrafnk. 3; Eg. 77/280; Ldn. 27/142.

að bæir mættu eigi fjölga, nje að þeim hafi eigi fjölgað. Fjölbygður þýðir aptur á móti þjettbýll, þjettbygður.[1]) Albygð sveit þarf eigi að vera fjölbygð, þvert á móti getur hún verið strjálbygð. Fjölbygður lýtur að því að mannfjöldinn sje tiltölulega mikill, en albygður ekki, og orð Ara þýða, að landið var alt bygt á 60 vetrum svo að eigi væri meira land bygt síðan, það er að segja, engar nýjar bygðir, engin ný landnám bættust við eptir það. Ef orðið „albygður" á að þýða það, að allir bæir hafi verið bygðir á 60 fyrstu árunum eptir útkomuár Ingólfs svo að eigi væri meir síðan, þá er það rangt, og Ari hefur tekið of djúpt í árinni, ef hann hefur lagt þá merkingu í orðið. En Ari fróði mun hafa vitað að bæði Þorvaldur Ásvaldsson og Eirikur rauði og ýmsir aðrir komu hingað til landsins eptir landnámsöld og að margir bæir voru fyrst reistir hjer og hvar á landinu eptir landnámsöld.

Þá er landnámsmennirnir könnuðu og bygðu landið, gáfu þeir því örnefni; er opt skýrt frá því í Landnámu og sögunum, og eins hefur þess stundum verið getið hjer að framan, þá er þeir gáfu einstökum stöðum nöfn. Mjög opt nefndu þeir bæi þá, sem þeir reistu, eða staði þá, sem þeir bygðu, eptir sjálfum sjer, eða þeir kendu ár og dali, brekkur og bjðrg, eyrar og eyjar, firði og fell, gnúpa og höfða, hauga og hálsa, hamra og gil, holt og hóla, hólma og sker, mýrar og læki, nes og tungur, víkur og vötn, vörður og skeið við sjálfa sig eða einhverja aðra menn. Mannsnafnið settu þeir jafnan fremst og tengdu aptan við það hið sameiginlega nafn, sem við átti í hvert sinn, t. a. m. Ísröðarstaðir, Bjarnar-fjörður. Þeir notuðu einnig auknefni til samsetninga og nöfn, sem bentu á ætt þeirra og uppruna í Noregi (ættarnöfn eða átthaganöfn); þannig nefndu menn af Gaulum og Vors bæi sína eptir sjer Gaulverjabæ og Vorsabæ. Aptur á móti vita menn eigi til þess með vissu, að nokkur landnámsmaður hafi kallað bæ sinn eptir bæ þeim í

[1]) Sbr. Ldn. 1/168, 12/270; Stb. 171/180; Sturl. I, 2/8, II, 292/223.

Noregi eða í öðrum löndum, sem hann hafði búið á, áður en hann fór til Íslands.[1])

Landnámsmennirnir fóru einnig mjög opt eingöngu eptir landslaginu, eðli landsins og útliti hvers staðar, er þeir gáfu þeim nöfn. Þannig eru t. a. m. nöfn sem Borg, Hvammur, Gljúfrá, Ölfossá, Holt til orðin. Stundum nefndu þeir staði eptir þeim dýrum, sem þeir hittu þar fyrst t. a. m. Álptanes, Hvalfjörður, Hrútafjörður, eða eptir jurtagróðri og trjávexti, t. a. m. Hvanndalir, Akrar, Skógahverfi. Ár nefndu þeir stundum eptir lit eða hita vatnsins, svo sem Hvítá, Blanda, Kaldá, Varmá o. s. frv. Mætti sýna, hve þetta er reglubundið og nöfnin opt vel og heppilega valin, en hjer er eigi staður til þess.

Landið og landsgæði.

Áður en lengra er haldið, verður um stund að líta á landið sjálft og gæði þau, sem það átti landnámsmönnum upp á að bjóða. Til þess að gjöra sjer glögga grein um það, er gott að hafa hugfast, hvernig landið er nú og hvað það gefur af sjer, því að enn er það líkt því, sem það var fyrir 1000 árum, og aðalbjargræðisvegir landsmanna hinir sömu. Landnámsmennirnir námu að eins strendur landsins og láglendi og dali þá, sem ganga upp frá fjörðum og flóum og upp frá undirlendinu, eða eins og segir í sögunum „landið milli fjalls og fjöru“. Undirlendið er víða svo mjótt — og sumstaðar enda alls ekkert —, að það er minsti hluti landsins. Mestur hluti Íslands er hálendi; er það 1200 til 3500 fet á hæð, en upp úr því rísa margir og miklir jöklar, sem eru hjer um bil 4000 til 6000 feta háir. Stærstur þeirra er Vatnajökull, 150 □ mílur á stærð. Hann einn er svo viðáttumikill sem alt undirlendi á öllu landinu. Auk jökl-

[1]) O. Rygh, Norske Gaardnavne. Forord og Indledning. Kristiania 1898. Bls. 8.

anna eru víða sandauðnir, melar, urðir og hraun á hálendinu, þar sem ekki vex stingandi strá. Sumstaðar eru þar flatar, hrjóstugar heiðar, en sumstaðar eru þar dældir og dalir með töluverðum gróðri; einkum sumstaðar í brúnum hálendisins eru góðir hagar og afrjettir.

Svo hefur verið talið[1]) að hjer um bil fimtándi hlutur landsins sje undirlendi, en eptir þeim reikningi virðast dalirnir eigi meðtaldir, heldur einungis undirlendið á Suðurlandi og upp af Faxaflóa. Á Suðurlandi er undirlendið mest. og er undirlendi eptir strandlengjunni allri austan frá Horni fyrir austan Hornafjörð og vestur að Mýrdalsjökli; er það mjög mjótt að austanverðu, en breiðkar, þá er kemur vestur um Vatnajökul, og hefur það verið talið um 44 □ mílur að stærð; eru nú mjög víða sandauðnir á undirlendi þessu. Í Rangárvallasýslu og Árnessýslu er stærsta undirlendið á landinu, 70 □ mílur, og gengur það nokkrar mílur inn í landið. Þá er þriðja undirlendið upp af Faxaflóa fyrir norðan Borgarfjörð um 20 □ mílur; upp frá því ganga ýmsir dalir.

Á Vestfjörðum eru hvergi mjög stórir dalir né breiðir, en á Norðurlandi er dálítið undirlendi fyrir sunnan Húnafjörð og gengur suður af því Víðidalur, Vatnsdalur, Svínadalur og Blöndudalur. Upp frá Skagafirðinum er breiður dalur og grösug bygð og ganga þaðan margir dalir, flestir smáir, upp á milli fjallanna. Upp frá Eyjafirði ganga miklir dalir og grösugir. Í Þingeyjarsýslunni er Bárðardalur lengstur dalur og nær hann fullar tólf mílur inn í landið. Þar er einnig nokkuð undirlendi upp frá tveim fjörðum, Skjálfanda og Axarfirði. Á Austurlandi er Fljótsdalur og Jökuldalur langlengstir dalir, og Fljótsdalurinn er einnig svo breiður, að hann er kallaður hjerað (Fljótsdalshjerað). Við Hjeraðsflóa koma dalir þessir saman og er þar undirlendi dálítið.

Þar sem undirlendi er breiðast og dalir lengstir, nær bygðin hjer um bil sex til tíu og ef til vill á einstaka stað

---

[1]) Sbr. Þorv. Thoroddsen, Geografisk Tidsskrift 1891—92. XI. 209—210; Lýsing Íslands, Kmhöfn 1900, bls. 11.

tólf mílur inn í landið. Í fornöld náði bygðin á stöku stað lengra inn í land en nú á dögum, því sumir landnámsmenn og bændur reistu bæi lengra inn í landi og nær uppi við fjöllin, en síðar þótti fært að búa, þá er menn höfðu reynt hve mikið vetrarríki er upp til fjalla og í afdölum langt inn í landi. Úlfur Grímsson bygði t. a, m. í Geitlandi upp við jökla, en sá bær mun snemma hafa lagst í eyði, því að 1185 var Geitland með skógi eign kirkjunnar í Reykholti.[1]) Alt bygt land á Íslandi, heimalönd og búfjárhagar hefur verið talið um 700 □ mílur[2]), en minst af því er ræktað land. Um 1200 □ mílur eru óbygðir og afrjettir.

Ekkert hefur meiri þýðingu fyrir íbúa og afurðir hvers lands, sem er, en loptslagið. Eptir því fer allur jarðargróður. Því nær alt Ísland liggur á milli 63½ og 66½ stigs norðurbreiddar og nyrsta hornið af því snertir norðurheimsskautsbauginn. Þá er þessa er gætt, er auðsætt, að loptslagið getur eigi verið milt og landið eigi heldur mjög frjóvsamt, en þó er loptslagið miklu betra og mildara á Íslandi en fyrir vestan Atlantshafið og víða annars staðar á sama breiddarstigi. Ísland er úti í reginhafi, og hefur því hafið mjög mikil áhrif á loptslagið. Það dregur mjög úr hitanum á sumrin og úr kuldanum á vetrum, en þó geta vetrar orðið mjög kaldir á Íslandi, ef norðanátt gengur lengi og hafís mikinn rekur að landi, svo að hann girðir í kringum mikinn hluta landsins. Ísinn liggur þá stundum við strendur landsins að norðan og austan langt fram á sumar og spillist þá veðráttan mikið. Stormar eru tíðir og stundum sterkir, og loptið opt rakasamt. Þoka er algeng við Austurland sunnanvert (við Berufjörð), en sjaldgæf á Vesturlandi (við Stykkishólm). Sjaldan er sama veður um alt landið í einu, því að opt skiptir um við hálendið inn í landinu. Þá er stormur er á

[1]) Ldn. 21/63, Dipl. I, 280; Reykholtsmáldagi Kbhavn 1885. Bls. 18, 33. Uppi á afrjettum Hreppamanna í Árnessýslu var bygð í fornöld. Fáeinir óbygðir afdalir á Vesturlandi og Norðurlandi voru bygðir í fornöld; einnig náði bygðin fyrrum í nokkrum dölum á Norðurlandi lengra fram til fjalla en nú. [2]) Sbr. Halldór Guðmundsson í Skýrslum um landshagi á Íslandi I, bls. 104—7.

Suðurlandi er opt logn á Norðurlandi og stundum blæs út firðina milli fjallanna þótt blæjalogn sje fyrir utan. Í sunnanátt rignir mest á Suðurlandi, en þá eru opt þurrviðri sumstaðar á Norðurlandi. Aptur á móti er opt úrkoma á Norðurlandi með norðanátt, einkum ef hafís er fyrir landi, en á Suðurlandi er þá opt þurt og fagurt veður, en heldur kalt.

Hafstraumarnir við strendur landsins hafa mjög sterk áhrif á loptslagið. Volgur straumur, grein af Golfstraumnum, rennur upp að suðvesturströndum landsins og norður um land að vestanverðu; þar kólnar hann smátt og smátt, en þó vermir hann töluvert upp sjóinn alla leið norður um Grímsey. Kaldur norðanstraumur, pólstraumurinn, rennur aptur á móti norðan úr höfum og kælir Norðurland og Austurland. Hann rennur suður með Austurlandi og fram með suðausturströndinni, en lengra frá landi fyrir utan þennan straum rennur kvísl af Golfstraumnum fram með suðausturströnd landsins. Sjávarhitinn ofansjávar er í janúarmánuði við Vestmanneyjar 4° C., og við Stykkishólm 1°, en í júlí hjer um bil 10° við báða þessa staði. Við Grímsey og Papey er sjávarhitinn í janúar venjulega hjer um bil 0°, en þó breytist hann mjög eptir því, hvort hafís er þar eða eigi. Í júlí er sjávarhitinn við Grímsey 6—7°, en við Papey að eins 5—6°. Eptir hita hafsins fer mjög hitinn á ströndum landsins. Meðalhiti á Norður- og Austurlandi er á vetrum við sjávarsíðuna ÷ 2 til ÷ 4° C. og á sumrum 6 til 7°, en um alt árið 1 til 2°. Meðalhiti á suður- og vesturströndum landsins er á vetrum 0 til ÷ 2°, á sumrum 9 til 10° og um alt árið 3 til 4°.[1]) Í ísárum er kuldinn töluvert meiri. Langt inn í landi, upp til fjalla, uppi á heiðum og öræfum er miklu meira vetrarríki en niðri í bygðum, svo þar er meira meginlandsloptslag. Hiti á sumrum verður og stundum nokkru meiri í dölum inn í landi en niður við sjó.

Mildir vetrar eru mikils virði, en hæfilega heit sumartíð

---

[1] L. Willaume-Jantzen, Salmonsens Konversationsleksikon IX. 604—5.

er þó miklu meira verð, því eptir sumarveðráttunni fer jarðargróðurinn. Einhver hinn mesti skaði fyrir Ísland er það, hve sumarhitinn er þar lítill og að frost er þar á nóttunum langt fram á vor, og byrjar snemma aptur á haustin. Heitustu dagarnir eru í seinni hluta júlí og fyrst í ágúst, að meðaltali að eins $9^3/_4$ ° í Stykkishólmi og $8^1/_2$ ° á Berufirði. Af þessum ástæðum getur kornyrkja eigi þrifist á Íslandi og er landið að því leyti ver statt en þau hjeruð í Noregi, sem liggja jafnnorðarlega og Ísland; en sumstaðar á vesturströnd Noregs er líka mildara loptslag en annarstaðar á jörðunni á sama breiddarstigi. Einmitt í þeim fylkjum í Noregi, sem flestir landnámsmennirnir voru frá, er eyjalopt eins og á Íslandi, en þar er að tiltölu miklu heitara, því meginhlutinn af Golfstraumnum rennur þar beint upp að landi og norður með því öllu og vermir upp alla vesturströnd Noregs. Meðalárshiti í Þrándheimi er $5^1/_2$ ° og í Varðey, nyrðst í Noregi, $^1/_2$ °. Meðalhiti í Þrándheimi í júlí er 14 ° og þó er Þrándheimur hjer um bil jafnnorðarlega og syðsti hluti Íslands. Í Varðey, sem er hjer um bil 60 mílum norðar en norðurstrendur Íslands, er 9 ° meðalhiti í ágústmánuði. Sökum sumarhitans vex hveiti í Noregi norður að Fossnesi í Naumudal á $64^1/_2$ ° n. br., rúgur og hafrar þroskast alla leið norður á 69 ° n. br. og bygg enn norðar eða til 70 ° n. br. En þessar korntegundir er eigi hægt að rækta á Íslandi svo viðunandi uppskera fáist, nema af byggi, og þó að eins í góðum árum.

Aptur á móti er Ísland vel fallið til sauðfjárræktar og nautpeningsræktar. Engjar eru víða góðar og haglendi mikil og kjarngóð. Þótt grasið sje smátt, er það opt mjög ilmgott og kröptugt. Fiskisæld er mikil bæði við strendur landsins og í ám og vötnum.

Opt hafa Íslendingar sagt, að landið hafi verið miklu betra og frjóvsamara og loptslagið mildara, þá er það bygðist, en það er nú á dögum. Menn hafa vitnað til þess, sem segir í nokkrum fornritum vorum, að landið hafi verið skóg vaxið milli fjalls og fjöru, að kornyrkja hafi í fornöld verið töluverð í landinu, og fjenaður hafi þá gengið sjálfala á

vetrum; einnig hafa menn talað um, hve mikið hefur eyðst af eldgosum, skriðum og jökulhlaupum.

Ef menn athuga loptslagið, er það auðsætt að engin ástæða er til þess að ætla, að það hafi breytst til hins verra og hitinn minkað á hinum síðustu 1000 árum, eða frá því að sögur hefjast af Íslandi, því að loptslagið er enn þann dag í dag svo gott á Íslandi, sem framast má vænta eptir legu Íslands á jarðarhnettinum. Að eins í Noregi er loptslagið að tiltölu miklu mildara. Þær lýsingar á veðráttunni, sem eru í fornritunum, bera eigi heldur vitni um að loptslagið hafi verið mildara á Íslandi, þá er það fannst, en það er nú, ef lýsingar þessar eru rjett skildar. Klerkar þeir, sem Dicuil segir frá, fundu frosinn sjó eptir eins dags siglingu norður frá Íslandi. Nöfnin Snæland og Ísland, sem finnendur landsins gáfu því, benda eigi á að loptslagið hafi verið milt. Flóki sá hafís á Vestfjörðum. Þá er Ingimundur Þorsteinsson hafði reist bæinn að Hofi, er sagt að ísalög mikil hafi verið um haustið, og fundu þeir birnu eina og húna tvo með henni, er þeir gengu á ísana.[1]) Á Melrakkasljettu er einnig getið um hvítabjörn, sem drap landnámsmann einn og son hans.[2]) Þessi dæmi sýna, að hafísinn hefur rekið að landinu þegar á landnámsöld og að hvítabirnir hafa þá stundum gengið á land, alveg eins og enn ber við á vorum dögum. Hafstraumar, hinir sömu og nú, hafa þá runnið eins að landinu og nú, vermt það og kælt alveg eins og nú, og sjest það best af því, að viðarreki, hvalreki og annar reki var í fornöld mestur á sömu stöðum sem á vorum dögum. Á hverri öld í fornöld er einnig getið um harða vetur, hafís og ísalög og hallæri.[3])

En þótt loptslagið í sjálfu sjer hafi á landnámsöldinni hvorki verið mildara nje harðara að öllum jafnaði á Íslandi, en það er nú, er það þó eðlilegt að mörgum litist vel á

[1]) Vatn. 15/26. [2]) Ldn. 20/235. [3]) Nj. 47/205; Fóst. 6/22, sbr. Grett. 12/29; Dropl. 13; Hæns. 4/131; Lax. 31/105; Ísl. I, 323—24; Bps. I, 14/30, sbr. 9/71 og Ísl. I, 328—29; Sturl. I, 20/63, 11/104, 18/110, 1/127, 3/196, 65/275, 94/315, 118/342, II, 215/93, 318/251, 325/259, 10/289. Ýms af hallærum þessum eru einnig nefnd í íslenskum annálum.

landið, og að bæði Naddoður og Garðar, og síðan margir eptir þá, hafi lofað mjög landið, eins og segir í sögunum. Það hafa eigi þótt nein smá tíðindi í Noregi á níundu öld, þá er fregnin um það barst út á meðal manna, að mikið land væri fundið fárra daga sigling vestur af Noregi. Það þarf minna til þess að vekja eptirtekt, enda þótt samgöngur væru litlar meðal manna. Öll landnámssagan sýnir, hve mikil tíðindi það hefur þótt. Mestum tíðindum hefur samt þeim mönnum þótt þetta sæta, sem fundu landið. Þeir sáu að landið var mikið og víða skógi og grasi vaxið og því var von að þeir lofuðu það. Landsfundur þeirra varð einnig því merkilegri, því betra og dýrmætara sem landið reyndist. Þeim hlaut ósjálfrátt að verða eitthvað meira hugað um landið en öðrum og það var nærri því eins og þeir færu að gjöra lítið úr landsfundi sínum, ef þeir hefðu lastað það land, sem þeir höfðu fundið. Synir þeirra fóru líka þangað síðar, og ber það nokkuð vitni um, að þeir hafi heyrt feður sína tala vel um landið, ekki síst Naddoðssynir, er fluttu þangað snemma.

Ari fróði segir „í þann tíþ vas Ísland viþi vaxit á miþli fiallz oc fioro“, er Ingólfur nam land.[1]) Sama segir einnig í Landnámu, þá er sagt er frá fundi landsins: „var þá skógr milli fjalls ok fjöru“.[2]) Bæði orð Ara og Landnámu bera það með sjer, að þetta hafi eigi verið svo á 12. og 13. öld. Ari gat sjálfur af eigin sjón dæmt um, hvernig landið var útlits seint á 11. öld, og þá var skógurinn hvergi nærri svo mikill. Þá höfðu menn víða eyðilagt skógana, og hefur mörgum mönnum verið kunnugt um það. Af því að menn vissu að skógurinn hafði verið meiri áður, hafði sú sögusögn myndast, sem þá gekk meðal manna og Ari skrásetti fyrstur, að landið hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru, þá er það fanst, en slíkar sögusagnir eru sjaldan nákvæmar, og sögusögn þessi var það eigi heldur. Fyrir því er það eigi rjett að skilja þessi orð Ara og Landnámu svo bókstaflega sem margir hafa gert, einkum Íslendingar sjálfir. Hins

[1]) Íslb. 1/4. [2]) Ldn. 1/28.

vegar hafa skógarnir eflaust verið svo víðáttumiklir, að um sum hjeruð hefur mátt segja með nærri fullum sanni, að þau væru skógi vaxin milli fjalls og fjöru. Sú venja var sumstaðar að merkja land sitt á viðum, og ber hún vitni um, hve skógarnir hafa verið víðáttumiklir í sumum sveitum.[1]) En á því er heldur enginn efi, að margir staðir hafa verið skóglausir, þá er landið fanst. Enginn skógur hefur t. a. m. vaxið í stararflóðunum miklu í Ölfusi og í Holtum. Í sögunum er einnig talað um mýrar hingað og þangað á landinu þegar á landnámsöld, og hafa þær eigi verið skógi vaxnar;[2]) eigi heldur melar,[3]) sandar nje nýbrunnin eða ung hraun.

Skógur sá, sem óx á Íslandi á landnámsöld, var birkiskógur *(Betula odorata)*. Sumstaðar óx þó reyniviður *(Sorbus Aucuparia)*, eins og einstaka staðanöfn (t. a. m. Reynir, Reynines, Reynistaður, Reynikelda, Reynivellir, Reynifell) og nokkur reynitrje, sem enn eru til á stöku stað, bera vitni um. Einnig óx viðir sumstaðar; er t. a. m. sagt um Víðidal, að hann væri allur víði vaxinn.[4]) Enn vex víðir allvíða á Íslandi, en er alstaðar mjög smávaxinn. Hann hefur eigi heldur verið stórvaxinn í fornöld. Á miðri 14. öld ritaði Arngrímur ábóti á Þingeyrum stutta lýsingu af Islandi. Hann lýsir þar landinu eins og það var á hans dögum, og segir: „Skógr er þar engi utan björk, ok þó lítils vaxtar“.[5]) Er ekki ástæða til þess að efast um að þetta sje satt. Reynivið nefnir Arngrímur ekki og sýnir það, að þá hafa að eins verið til einstaka trje eða smárunnar, eins og nú, en að hvergi hefur vaxið svo mikill reyniviður að það hafi mátt heita skógur, og sama er að segja um víðirinn.

Bæði landnámsmennirnir og niðjar þeirra urðu að fara

[1]) Sbr. merkibjörk, Grág. I b, 110. [2]) Ldn. 19/57, sbr. Eg. 28/89. 30/97, 80/295; Ljós. 24/217; Gull-Þ. 10/22. 14/31. 15/33; Hrafnk. 26—8; Vatn. 30/50. [3]) Eg. 84/313; Glúm. 27/83. [4]) Vatn. 14/25. Í sömu andránni sem sagt er í Vatn. um Víðidal, að hann væri „allur víði vaxinn“, eru hermd eptir Ingimundi gamla þau orð, að hann sje „mjök víði vaxinn“; sýnir það, að eigi má æfinlega skilja orðið „allur“ eptir bókstafnum. [5]) Bps. II, 5.

til Noregs að sækja þangað við eða timbur, ef þeir vildu smíða eitthvað, sem vandaðan við þurfti í, svo sem hús eða brýr; er þetta óyggjandi sönnun fyrir því, að skógarnir í fornöld hafa eigi verið svo stórvaxnir, eins og ýmsir menn hafa ætlað. Að eins á einum stað í Landnámu er þess getið, að skógur hafi verið svo stór, að landnámsmaður gjörði þar af hafskip. Það var í Botni við Hvalfjörð.[1]) Ekkert er sagt um, hve stórt hafskip þetta var. Þótt það sje kallað hafskip og þótt líklegt sje, að siglt hafi verið á því milli landa, af því að það var hlaðið á Hlaðhamri inn í Botnsvogum að vestanverðu,[2]) getur þó vel verið að það hafi verið mjög lítið. Menn fóru stundum í fornöld á smáskipum á milli landa. Árið 1189 komu til Íslands fjórtán menn frá Grænlandi á skipi, er seymt var trjesaumi einum og bundið sinum.[3]) Eptir því að dæma gat skip verið hafskip, þótt það væri lítilfjörlegt, og til þess að smíða svo lítið hafskip, þurfti eigi stór trje. Annars er eigi hægt að segja neitt nánar um þetta, því menn vita ekkert annað um þetta atriði en það, sem stendur í Landnámu. Hún er ein af áreiðanlegustu söguritum vorum, og því er líklegt, að það sje satt, að skip hafi verið smíðað þarna úr innlendum við.

Í annari áreiðanlegri sögu er einnig getið um, að skip hafi verið smíðað hjer á landi. Hjalti Skeggjason ljet gera það "heima þar í Þjórsárdal" og færði hann það eptir Rangá hinni vestri til sjávar. Síðan fór hann á því til Noregs.[4]) Þess er eigi getið hvaðan viðurinn hafi verið, sem skip þetta var smíðað úr, en líklega hefði þess verið getið, ef hann hefði verið úr skóginum í Þjórsárdal, því að það hefði þótt svo merkilegt. Hins vegar er Þjórsárdalur svo langt uppi í landi, að ólíklegt er að menn hafi farið að flytja þangað við, til þess að smíða hafskip úr honum, því að það hefði orðið mikill óþarfaflutningur, og hægra að smíða skipið niður við sjó. Aptur á móti hefur Hjalti vel mátt flytja við heim til sín til húsagerðar, en farið síðar að hugsa til utan-

---

[1]) Ldn. 14/47. [2]) Sbr. Árbók 1880—81, bls. 78. [3]) Ann. IV. sbr. að framan bls. 10, ferð í báti til Færeyja. [4]) Bps. I, 9/17.

ferðar, og þá tekið það ráð, að nota viðinn til skipsgerðar. Er svo að sjá af Kristnisögu, sem hann hafi látið gera skipið áður en hann var dæmdur sekur fjörbaugsmaður. Skip þetta hefur hvorki verið stórt eða mjög þungt, því orðið hefur að draga það góðan kipp yfir land, áður en að Rangá kom.

Í Svarfdæla sögu er sagt, að skip hafi verið smíðað þar í dalnum í tungunni milli Svarfaðardalsár og Skíðadalsár,[1]) og „þar höggvinn viðrinn, því at þar var skógr mikill ok þykkr, en til kjalarins var höfð eik sú, er stóð niðri í Eikibrekku fyrir ofan Blakksgerði. Þeir færðu eikina í sík þat, sem suðr er ok ofan frá Grund, ok er þat kallat Eikisík síðan; en skipit var kallað Íslendingr".[2]) Svarfdæla er svo óáreiðanleg, að eigi má telja hana með sönnum sögum, þótt helstu mennirnir, sem hún segir af, hafi verið til. Frásaga þessi um skipið er og ósennileg, en vilji menn taka nokkuð tillit til hennar, verður að gæta að því, að „eik" getur hjer að eins þýtt trje, og að orð þetta í Svarfdælu og örnefnin Eikibrekka og Eikisík eru alls engin sönnun fyrir því, að eik *(quercus)* hafi vaxið þá á Íslandi. Hvert einstakt trje má í íslensku máli kalla eik, ef það er stórt, en smátrje eru venjulega nefnd hrislur. Jafnvel eplatrje er kallað eik í íslenskum sögum,[3]) og í fornum skáldskap er eik bæði haft um trje og skip, svo sem Egill kvað: „drók eik á flot við ísabrot",[4]) Örnefnin eru eigi heldur ávalt sönnum fyrir því, að þar hafi vaxið sú viðartegund, sem þau eru kend við. Á Íslandi var sumstaðar mikill trjáreki í fornöld eins og enn er nokkur, og stöku staðir hafa verið kendir við þau trje, sem þar hafa fundist rekin, svo sem Grenivík við Eyjafjörð, syðri og ytri Grenivík á Grímsey og Grenitrjesnes fyrir vestan Þorskafjörð.[5]) En grenitrje uxu eigi á Íslandi, þá er það bygðist, heldur hafa þau rekið með pólstraumnum norðaustan frá Síbiríu.

---

[1]) Kálund, Isl. II, 94—95. [2]) Svarfd. 15/43—44, sbr. 19/54. [3]) Fms. XI, 3/9, 3/12. [4]) Um eik og eiki í skáldskap, sbr. Sveinbjörn Egilsson, Lexicon poëticum. [5]) Ldn. 23/131; Gull-Þ. 7/18; sbr. Kálund, Isl. II, 531.

Sumstaðar á undirlendinu og í dölunum voru skógarnir svo þjettir, að höggva þurfti rjóður í þá, er menn reistu bæi og ruddu vegi. Í Laxárdal í Dölum var höggvið rjóður í skóginn, þar sem Ólafur Höskuldsson reisti bæinn í Hjarðarholti fyrir norðan Laxá. Bærinn var gerður „af þeim viðum, er þar váru hǫggnir í skóginum, en sumt hafði hann af rekastrǫndum“.[1]) Skógur þessi þótti óvenjulega mikill, enda hefur hann staðið í skjóli og því verið meiri, en þó var eigi hægt að reisa bæ af við þeim, sem fjekkst úr honum, heldur varð einnig að nota rekavið; segir það sig sjálft, að allir máttarviðirnir í bænum og það, sem bestan við þurfti í, hefur verið úr rekavið. Í nokkrum skógum er þess getið, að timbur hafi verið höggvið, svo sem í Krákunesskógi við Úlfarsfell í Helgafellssveit og í Mjaðmárdal í Eyjafirði,[2]) en enginn efi er á því, að timbur það, sem þar hefur verið höggvið, hefur eigi verið annað en staurar, líkt og enn má fá úr Hallormsstaðaskógi. Greinarnar voru höggnar af trjánum, þá er þau voru feld, og bolirnir af þeim kallaðir timbur í sögum þeim, sem hjer er vitnað til. Í þjóðveldislögum vorum er einnig getið um að höggva við til húsa og bæta „bús búhluti“,[3]) og þar er talað um stofna af trjám, sem höggvin voru,[4]) en lögin sýna líka, hve smávaxinn skógurinn var. Í þeim er gerður greinarmunur á höggskógi og rifhrísi, er var svo smávaxið að skjótara var að rífa það upp, en að nota öxi við það, en orðið „viður“ er þó notað um hvorttveggja.[5]) Að vísu sýna lögin best hvernig skógurinn var, er þau voru samin, en þegar á landnámsöld er getið um hríslkjörr og smáskóga.[6]) Sumstaðar var skógurinn rjett eptir landnámstíð eigi stærri en svo, að limið hrærðist á trjánum, er gengið var um hann, og máttu þeir, sem voru fyrir utan skóginn, sjá af því, hvar maður fór um hann.[7]) Þar sem skógurinn var eigi hærri en svo, að þetta gat átt sjer stað, hefur hann verið hjer um bil 10 til 12 fet á hæð.

---

[1]) Lax. 24/84, (sbr. Kjal. 2/400), Grág. II, 476. [2]) Eyrb. 35/63; Glúm. 19/53. [3]) Grág. I a, 232,235, I b, 79, II, 82, 96, 417. [4]) Grág. I b, 110, II, 474. [5]) Grág. I b, 90—91, II, 452, 468—69. [6]) Ldn. 2/68. [7]) Gísl. 38, sbr. 123.

Hæstu birkitrje á Íslandi nú á dögum eru í Hallormsstaðaskógi, um 25 til 30 fet að hæð og 24 til 30 þumlungar að ummáli,[1]) og þar næst í Fnjóskadalsskógi, 16 til 25 fet. Að eins eitt trje er þar hærra, 27 fet, og er fimm þumlungar að þvermáli hjer um bil tvær álnir frá jörðu.[2]) Hið hæsta trje á Íslandi er reynitrje eitt í Nauthúsagili undir Eyjafjöllum. Þar er enginn skógur, heldur einstakar hrislur. Trje þetta er 32 fet að hæð, og stendur í ágætu skjóli.

Hærri en hæstu trje á Íslandi eru nú hefur skógurinn sjaldan verið í fornöld, að minsta kosti eigi að neinum mun. Þá er beinvaxin trje hafa náð þeim vexti, að þau eru komin úr allri hættu fyrir fjenaði, sem beitt er í skógana, og þau standa í skjóli, annaðhvort við önnur trje eða af því, að landslagið sjálft veitir þeim skjól, þá geta þau þann dag í dag náð svo mikilli hæð, sem mögulegt er á Íslandi, ef þau eru eigi höggvin upp og þau fá að lifa nógu lengi. Hæstu trjen í Hallormsstaðaskógi og reyniviðurinn í Nauthúsagili hafa að líkindum náð mestallri þeirri hæð, sem þeim er auðið. Þau standa öll á góðum stað, en þó kunna einhverjir staðir á landinu að vera enn betri og trje kunna að geta orðið dálítið hærri. Þó er varla ástæða til þess að ætla að þau geti orðið mikið hærri, nje að skógurinn hafi verið hærri á landnámsöld en 30 til 40 fet, þar sem hann var hæstur; venjulega hefur hann verið lægri eða að eins 20 til 30 fet og þaðan af minni. Úr 20 til 30 feta háum skógi má fá góða rapta og efni í ýmsa búshluti. Stærð skógarins hefur eðlilega farið eptir því, hvernig landslagið var. Niðri á undirlendi og í dalbotnunum, þar sem skjólið var best og sjórok náði eigi að hnekkja trjávextinum, þar hefur skógurinn verið stærstur. Þá er kom upp í hliðarnar eða landið tók að hækka, þá varð skógurinn minni og minni eptir því

---

[1]) Þorv. Thoroddsen, Andvari 1883, bls. 49, sbr. um Hallormsstaðaskóg, Helgi Jónsson, Botanisk Tidskrift. Kbhavn 1895, XX b., bls. 27—28; Búnaðarrit 15. ár, bls. 76—80, 16. ár, bls. 207—9. C. E. Flensborg, Islands Skovsag II, bls. 36—45. [2]) Sigurður Sigurðsson, Andvari 1900, bls. 163 o. ef., C. E. Flensborg, Skovrester og nyanlæg af skov på Island, bls. 19—22; Búnaðarrit 16. ár, bls. 202—6.

sem ofar dró, þangað til allur skógvöxtur hætti. Úti á andnesjum, þar sem næðingar eru miklir og sjórok mikið, óx enginn skógur eða hann var mjög lítill, enda þótt þar væri láglendi.

Íslendingar hafa opt litið skakt á þetta. Þeir hafa ætlað, að landið alt hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru, og að skógurinn hafi verið miklu stærri en hann var og hjer er sagt. Sumir ætla að skógurinn á undirlendinu og upp í miðjar hlíðar í dölunum hafi verið 50 til 70 feta hár.[1]) Ef svo hefði verið, hefði mátt fá ágætan við úr svo stórum trjám, og þá hefðu landnámsmenn eigi þurft að sækja við til Noregs, er þeir vildu hýsa vel hjá sjer. Margir hafa dregið ályktanir um stærð skóganna af fauskum þeim eða viðarrótum og stofnum, sem hafa fundist í mómýrum og móbörðum, því að þeir hafa sumir verið af miklu stærri trjám en nú vaxa á Íslandi, en menn hafa eigi gætt að því, að slíkir stofnar eru frá eldri tímum en landnámstíð. Þegar í fornöld fundu menn slíka fauska í jörðu á Íslandi, þá er menn fóru að taka mó, og er þess getið að menn hafi grafið í jörðu til þess að taka upp fauska, og var það kallað fauskagröptur.[2]) Líka geta ræturnar á trjám í köldum löndum orðið mjög digrar, og einnig trjen sjálf niður við jörðu, án þess þó að þau verði nærri svo há að tiltölu sem vænta mætti, því að sumarkuldinn og hörð veðrátta dregur mjög mikið úr vexti þeirra, einmitt að því er hæðina snertir.

Hins vegar var mikill munur að sjá landið á landnámsöldinni og nú. Þá var það mjög víða skógi vaxið og þótt skógurinn væri venjulega eigi hærri en tíu til þrjátíu fet, þá skýldi hann þó mjög og hlífði fyrir næðingum og gerði loptslagið að því leyti miklu þægilegra. Hann breiddi á sumrin laufgrænan fegurðarhjúp víða yfir landið, og var þá munur að sjá skógi vaxin holt og hlíðar, börð og móa, sem nú eru öll ber og nakin. Landið var þá líka grösugra, því í skjóli birkirunnanna þrífast margar jurtir og mikill gróður;

[1]) Sbr. Andvara 1900, bls. 150. [2]) Ldn. 9/303, sbr. Fló. 5/123.

en er skógurinn eyðist og skjólið þverr, hverfur gróðurinn og skógarjarðvegurinn eyðilegst og landið blæs upp. En síðan landnámsöld hafa Íslendingar að öllum jafnaði farið afarilla með skógana, og eyðilagt þá með því að höggva þá bæði illa, skynsemdarlaust og gegndarlaust til eldiviðar, kola og áreptis, og með því að beita í þá fjenaði, svo nýr skógur hefur mjög sjaldan fengið að vaxa upp í friði, heldur kræklur einar. Stundum hafa skógar brunnið, bæði af manna völdum og náttúrunnar. Í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu er allur skógur gjörsamlega eyðilagður.

Kornrækt sú eða akuryrkja, sem getið er um í fornöld og síðar verður minst á nánar, ber eigi vitni um að loptslagið hafi þá verið öðru vísi á Íslandi en nú. En hins vegar hefur akuryrkja getað þrifist betur í skjóli við skógana en ella. Landnámsmennirnir kunnu akuryrkju, þá er þeir komu til landsins. Einhvers staðar urðu þeir að fá sjer korn, en það var erfitt að fá það frá öðrum löndum. Ekkert var því eðlilegra en að þeir reyndu að rækta korn, til þess að bjarga sjálfum sjer sem best þeir gátu.

Landið var miklu skógauðugra og einnig allmikið grösugra, þá er það fanst en nú á dögum. Fjárhagar voru þar því mjög góðir, og fjenaður gat víða gengið þar sjálfala í skógum á vetrum nema ef harðindi voru. Fyrir þessa kosti er landinu mest hrósað í sögunum og einnig fyrir fiskisæld í sjó, ám og vötnum, hvalakomur á fjörðum og selver.[1]) Allar skepnur voru í fyrstu svo spakar af því að þær voru óvanar mönnum og enginn hafði stygt þær nje drepið. Rekar voru þá líka nógir á rekaströndum, því enginn hafði gengið á reka og tekið þaðan við.[2]) Eggver voru og sumstaðar mikil. En þetta eru alt sömu landskostirnir, sem Ísland hefur enn í dag. Þá er landnámsmennirnir komu í grösug og skógi vaxin hjeruð eða dali, þótti þeim fagurt um að litast. Þá lyptust á þeim brýrnar,[3]) og þeir urðu glaðir í huga af því að hafa fundið svo kostagott land. En er landnámsmennirnir komu

---

[1]) Eg. 23/70, 25/80, 28/89, 92, 29/92—4; Vatn. 10/20, 15/25—6, 22/35; Eyrb. 3/5; Lax. 2/5. [2]) Grett. 9/24. [3]) Vatn. 15/26.

í illu veðri að einhverjum útkjálkum landsins, eða þar, sem ekki var annað land að sjá en gróðurlitil fjöll, þá leist þeim eigi vel á landið; þá þótti sumum þeirra umskiptin eigi góð, eins og sagt er um Önund trjefót, þá er hann hafði tekið land norður á Ströndum og leit á Kaldbak og kvað vísu, er endar þannig:

Hefk land ok fjǫlð frænda
flýit en hitt es nýjast:
krǫpp ero kaup, ef hreppek
Kaldbak en læt akra.[1])

Að vísu er eigi talið víst, að vísa þessi sje eptir Önund trjefót, þótt Gretla segi svo,[2]) og má vera að sá, sem setti Grettis sögu saman, hafi ort hana, en hún lýsir þó eflaust rjett hugsunum Önundar og fleiri landnámsmanna, sem settust að í hrjóstugum hjeruðum, þar sem veðráttan er einna lökust á landinu. Þórir snepill Ketilsson festi eigi yndi í Köldukinn, þar sem hann nam fyrst land, og má sjá af vísuhelming þeim, er hann kvað, þá er hann flutti þaðan, að hann hefur farið glaður burtu.[3]) Karla, þræli Ingólfs, gatst eigi að landinu í kring um Reykjavík, en hjeruðin fyrir austan fjall þótti honum góð, og hljóp hann þangað.[4]) Stundum er Ísland líka kallað eyðisker og veiðistöð, þá er verið er að tala um fyrstu byggingu þess, en orð þessi eru þá lögð í munn þeirra manna, sem eigi vildu fara þangað.[5]) Stundum er eigi heldur hægt að skoða þau söguleg eða sönn, eins og þá er sagt er frá ráðagerð Ketils flatnefs og sona hans, og Ketill er látinn segja um Ísland „í þá veiðistǫð kem ek aldregi á gamals aldri“, því að þetta samtal hefur tæplega átt sjer stað, að minsta kosti eigi á þann hátt sem segir í Laxdælu.[6]) Orð þessi lýsa þá helst skoðun söguritarans eða Íslendinga á hans dögum á landinu.

En hins vegar er það ljóst af því, sem þegar er sagt, að skoðanir manna á Íslandi og kostum þess hafa þegar í

[1]) Grett. 9/23. [2]) Finnur Jónsson, Litteraturhist. I, 476. [3]) Ldn. 17/223. [4]) Ldn. 8/37. [5]) Vatn. 10/18; Lax. 2/5. [6]) Lax. 2/5.

upphafi verið nokkuð deildar, og hefur það farið mjög eptir því, hve hepnir menn voru, hvort þeir komu í hin fögru og grösugu hjeruð landsins eða að einhverjum útkjálka, og hvort þeir hreptu gott veður eða ilt, einkum á meðan þeir voru að taka land, velja sjer bústað og kynnast hinu nýja landi sínu. Í heild sinni hefur landið verið eins í fornöld og það er nú á vorum dögum, þá er það er frá talið, að landsmenn hafa eyðilagt mestallan skóg og þar með allmikinn gróður, en ræktað upp aptur túnblett á hverri jörð. Aptur á móti er eigi hægt að segja hið sama um ýmsa einstaka staði, einstök hjeruð og landspildur, sem hafa orðið fyrir eyðileggingum af völdum náttúrunnar, einkum af eldgosum, jökulhlaupum og skriðum. Þegar á landnámsöld er getið um eldgos, jökulhlaup og skriður.[1]) Stórar lendur hafa eyðilagst í Skaptafellssýslu af jökulhlaupum og jarðeldum. Hjeraðið kring um Heklu hefur alt lagst í eyði, og margt mætti nefna.[2]) En enginn má ætla, að fjöll hafi fyrst byrjað að gjósa á Íslandi, er landið var bygt orðið, eða jökulhlaup hafi komið og skriður fyrst fallið eptir þann tíma. Öll þess konar umbrot hafa einnig átt sjer stað við og við á Íslandi um þúsundir ára, áður en landið bygðist. Þá er landnámsmennirnir komu til landsins hafa þar verið einhver nýbrunnin hraun og nýlega eyddar landspildur, sem nú eru grónar upp aptur, en þess konar eyðileggingar hafa meiri þýðingu fyrir einstök hjeruð og einstaka staði, sem verða fyrir eyðileggingu í það og það sinni, en landið í heild sinni. Aptur á móti verður að telja eldgos og landskjálfta, jökulhlaup og skriður með öðrum einkennum landsins, og svo hefur það verið löngu áður en landið fanst.

Þótt ýmsir landnámsmenn tækju þegar í upphafi eptir ókostum Íslands, fjekk það eigi á menn. Nógir urðu til þess að flytja þangað samt, enda hefur auðsjáanlega farið miklu

---

[1]) Ldn. 5/78, 12/269—70, 5/250—51, 3/245; Hrafnk. 3. [2]) Um eyðileggingar og eldgos hefur margt verið ritað; er getið um slíkt víða í Íslandslýsingu dr. Kálunds og ritgjörðum og bókum Þ. Thóroddsens, einkum De islandske Vulkaners Historie, Kbhavn 1882, og Jarðskjálftar á Suðurlandi, Kmhöfn 1899.

meira orð af kostum landsins en ókostum. Mönnum hefur einnig þótt mikilsvert að geta fengið þar ókeypis land og verið þar sjálfs síns drotnar; enn fremur hefur það þótt frami að fara að byggja óbygt land. Það var að kanna nýja stigu, eins og að fara í víking, eða vinna annað sjer til frama og ágætis. Í lok 9. aldar, þá er fullur gangur var kominn á flutning manna til Íslands, er sagt, „at engin þætti vera frægðarför meiri en fara til Íslands“.[1]) Þar fundu Norðmenn aptur frelsi það eða sjálfræði, sem þeir höfðu mist í Noregi. Þar gátu þeir verið sjálfráðir og alið allan aldur sinn lausir við álögur og ápján af konungs hendi, verið „frjálsir af ágangi konunga ok illræðismanna“ eins og sagt er með gremju í einni af sögunum.[2]) En það var eigi lítils virði auk landskostanna.

Atorka landnámsmanna, búskapur þeirra, fjör og rausn.

Eptir það er landnámsmennirnir höfðu kastað eign sinni á landið og skipt því á milli sín, tók við mikið starf, að byggja það og rækta; en þeir voru þróttmiklir menn og vanir að reyna á krapta sína. Hvar sem á var litið var nóg að vinna. Alt varð að byrja frá upphafi. Að hverju húsi þurfti að leggja undirstöðu. Hvern túnblett þurfti að ryðja, rækta og umgirða. Í stað þess að landnámsmennirnir höfðu mist fósturland sitt, áttu þeir nú að rækta annað. Í stað hins gamla móðurlands áttu þeir að festa sjer framtíðarland, land, sem skyldi vera manndómsland þeirra og hvíldarstaður, land, sem átti að verða móðurland og fósturland niðja þeirra.

Landnámsmennirnir tóku þegar til starfa. Þá er þeir höfðu valið sjer bústaði, fóru þeir að reisa hýbýli handa sjer

[1]) Sturl. I, 3/3. [2]) Vatn. 10/20.

og sínum; stundum urðu þeir, einkum framan af, að reisa sjer hús til bráðabirgða eða til vetursetu, er þeir gátu eigi ákveðið bústað sinn þegar, nje fengið veturvist hjá öðrum. Jafnframt tóku þeir að nota bjargræðisvegi landsins. Jörðina reyndu þeir að rækta á líkan hátt sem þeir höfðu gert í Noregi. Þar sem land horfði við suðri eða þar sem þeim þótti vænlegast að korn mundi geta þrifist, þar ljetu þeir erja nokkra bletti og sáðu byggi.[1]) Aðrir lögðu stund á fiskiveiðar í sjó og vötnum, þar sem þess var kostur, eða öfluðu sjer annara fanga úr sjó eða úr eyjum. Allflestir reyndu að koma sem fyrst upp þeim búfjárstofni, sem þeir fluttu með sjer frá Noregi, og gekk það opt greiðlega, því fjárhagar voru svo góðir, og lítið var haft fyrir fjenaði í fyrstu, einkum sauðfjenaði.

Í Egils sögu er því best lýst, hvernig duglegur landnámsmaður notaði landið, þar sem skýrt er frá búskap Skallagríms. Hann var hinn mesti búhöldur sem faðir hans og bróðir, og iðjumaður mikill. Hann hafði margt manna í heimili, en fátt kvikfje í fyrstu, eins og gefur að skilja, því að hann hafði, eins og aðrir, einungis getað flutt fáar skepnur með sjer, en hann kunni vel að hagnýta afurðir Íslands. Það kvikfje, sem hann hafði, gekk sjálfala í skógum á vetrum, og ljet Skallagrímur fækka því sem minst í fyrstu, á meðan hann var að koma því upp, en notaði þeim mun meira þau föng, er fyrir voru og mönnum mátti verða atvinna að. Hann ljet gera bæ á Álptanesi og reisti þar annað bú; mun bærinn hafa verið gerður af rekavið, því að nógur rekaviður var þar á Mýrunum. Frá Álptanesi ljet hann sækja útróðra, selveiðar og eggver, og var þá nóg af öllu. Þaðan ljet hann einnig flytja að sjer rekavið, því að sjálfur var hann smiður mikill; er þess sjerstaklega getið, að hann hafi verið mikill skipasmiður og járnsmiður. Þriðja bú átti Skallagrímur við sjóinn á vestanverðum Mýrum. Þar ljet hann rækta korn og kallaði að Ökrum. Þar þótti honum betra að sitja fyrir rekum en á Álptanesi. Hvala-

[1]) Ldn. 6/35, 20/125.

veiðar stundaði Skallagrímur einnig, og voru hvalir skotnir eptir því sem hann þurfti til heimila sinna. Úti í eyjum fyrir Ökrum fanst hvalur og voru þær nefndar Hvalseyjar.

Skallagrímur hafði einnig menn uppi við laxárnar til veiða. Odd einbúa ljet hann veiða lax í Gljúfrá og bjó hann undir Einbúabrekkum. Annan mann setti hann við Norðurá að stunda þar laxveiði.

Þá er kvikfje Skallagríms fjölgaði, gekk það á sumrum upp til fjalla. Hann fann þá, að það fje varð miklu betra og feitara, er á heiðum gekk, heldur en það, sem gekk niðri á Mýrunum. Einnig sá hann að sauðfje gat hafst við á vetrum í fjalldölum og að eigi þurfti að reka það niður í sveitina. Hann ljet þá gera bæ uppi við fjallið og varðveita þar sauðfje sitt. Fyrir það bú setti hann Gris leysingja sinn, sem Grísartunga er kend við. Þá er Skallagrímur hafði komið vel fótum undir sig, átti hann eigi minna en fjögur útibú, enda segir í Eglu, að fjárafli hans hafi þá staðið „á mörgum fótum".[1])

Líkt og Skallagrímur hafa aðrir landnámsmenn farið að, hver eptir sinni atorku. Um Þórólf Mostrarskegg er þess getið, að hann gjörðist rausnarmaður mikill í búi og hafði fjölment með sjer, „því at þá var gott matar at afla af eyjum ok öðru sjófangi".[2]) Geirmundur heljarskinn átti eigi minna en fimm bú, og hann var frægur fyrir auðlegð og rausn og fjölmenni það, sem hann hafði um sig.[3]) Ingimundur Þorsteinsson kom skjótt upp miklu búi og átti margt gangandi fje, bæði naut og sauði og svín[4]). Þessi dæmi nægja til þess að sýna, hve atorkusamir landnámsmenn voru. Þeir notuðu þá bjargræðisvegi til lands og sjávar, sem Ísland átti upp á að bjóða, og þeir hagnýttu sjer þá reynslu og þekkingu, sem þeir höfðu frá Noregi.

Það var eins og fjör og kapp ljeki í æðum landnámsmanna. Sumir voru sjósóknar menn miklir,[5]) en aðrir voru kappsmenn að hverju, sem þeir gengu. Skallagrímur var

[1]) Eg. 29/92—94, 30/97—8. [2]) Eyrb. 4/7. [3]) Ldn. 20/124—25.
[4]) Vatn. 15/26 sbr. 16/28. [5]) Ldn. 5/76—7, 29/147—48.

árrisull mjög og hafði rauðablástur mikinn á vetrum. Sótti hann þá svo fast smiðjuverkið, að húskarlar hans vönduðu um og kváðust eigi fá nægan svefn. En Skallagrímur svaraði með dróttkveðinni vísu, þar sem hann segir, að sá maður verði að rísa snemma úr rekkju, sem vilji afla sjer fjár; hann endar vísuna með því að geta þess, að hann láti sleggjur gjalla á heitu járni meðan vindfrekir smiðjubelgir þjóta.[1]) Sá maður, sem gengur með kappi að verki og lætur kveðlinga fjúka, hann er þróttmikill og hefur ánægju af vinnunni. Einkennilegt er það einnig fyrir Skallagrím og ýmsa aðra hina merkustu menn, sem land námu á Íslandi, að hann hafði mikið gaman af leikum og aflraunum. Þótt hann væri búsýslumaður hinn mesti og ákafamaður við vinnu, gaf hann sjer jafnan á vetrum tíma til þess að sækja knattleiki. Hann tók sjálfur þátt í leikum alla æfi að heita má, eða að minsta kosti þangað til hann var kominn töluvert yfir sextugt. Knattleikir voru á hans dögum tíðir í Borgarfirði, og er sagt frá allfjölmennum leik á Hvítárvöllum, og öðrum knattleik að Borg suður í Sandvík nokkrum vetrum síðar (um 913). Bæði fullorðnir menn og sveinar voru að leikum þessum.[2]) Þá er Ingimundur Þorsteinsson var að kanna land norður í Húnavatnssýslu og hafði vetursetu í Víðidalnum, hjet hann á menn sína að gleðjast eptir föngum, þótt vistin væri eigi jafnglöð sem í Noregi. Höfðu þeir „leika ok alls kyns gleði“ þar um veturinn. En síðar, er þeir höfðu bygt Vatnsdalinn, er opt getið þar um leiki. Einnig er getið um leiki á landnámsöldinni norður í Skagafirði og vestur í Berufirði og Þorskafirði, og er ávalt talað um þá sem hversdagsviðburði.[3]) Ungir menn tömdu sjer þá einnig þær íþróttir í uppvexti, sem mönnum var títt að fremja, eins og sagt er um Þórólf Skallagrímsson.[4])

Um fjör landnámsmanna og rausn bera einnig vitni

---

[1]) Eg. 30/98, sbr. Björn M. Ólsen, Versene i Egils saga. Arkiv f. nord. Filol. N. F. XV, 100—102. Vísan er heldur torskilin, en hún ber vitni um skáldskapargáfu Skallagríms, áhuga hans og kapp. [2]) Eg. 40/122—25. [3]) Vatn. 15/25, 18/30. 23/39, 24/40, 27/43; Gull-Þ. 2/7. [4]) Eg. 31/99.

veislur þær, sem þeir hjeldu. Ingvar tengdafaðir Skallagríms bauð honum, Beru konu hans, Þórólfi syni þeirra og svo mörgum mönnum þeirra, sem þau vildu með sjer hafa, til veislu (um 903). Sótti Skallagrímur boðið með fimtán mönnum.[1]) Við slík tækifæri gerðu menn sjer mikið far um að sýna sem mesta rausn, því að metnaður var mikill í mönnum, stundum enda heimskulega mikill. Þjóðkunn er veisla sú, er Auður hin djúpúðga hjelt frændum sínum og venslamönnum síðast á æfi sinni (snemma á 10. öld). Í henni voru hinir helstu menn úr Dölunum, Björn og Helgi bræður Auðar, báðir fjölmennir. Ef það er satt, sem í Laxdælu segir, að veisla þessi hafi verið brúðkaup Ólafs feilans og Álfdísar hinnar barreysku Konálsdóttur, þá hafa og frændur brúðarinnar setið boð þetta og verið fjölmennir.[2])

Enn mætti nefna nokkur dæmi upp á rausn og höfðingsskap landnámsmanna, en hjer skal að eins getið um Þorbrand örrek og konur tvær, Þóru í Langholti og Geirríði í Borgardal. Um þær báðar er sögð sama sagan, að þær hafi látið gjöra skála sína um þjóðbraut þvera, og látið þar jafnan standa borð með mat á, en sjálfar hafi þær setið úti á stóli og laðað gesti, hvern er mat vildi eta.[3]) Um bæ Geirríðar hefur þjóðbraut aldrei legið,[4]) en aptur á móti er það eigi kunnugt, hvort Þóra í Langaholti hefur búið fast við alfaraveg eða eigi. Sögusögn þessi bendir eigi heldur á annað, en að konur þessar hafi báðar verið rausnarkonur og orðlagðar fyrir gestrisni. Um Þorbrand örrek er sagt, að hann ljeti gjöra eldhús svo mikið á Þorbrandsstöðum í Norðurárdal, að allir þeir menn, er þeim megin fóru um dalinn, skyldu fara í gegnum það, og vera matur heimill.[5])

---

[1]) Eg. 31/99—102. [2]) Ldn. 19/117; Lax. 7/13—15; Grett. 10/24—25.
[3]) Ldn. 6/81, 13/100. [4]) Sbr. Árbók 1900, bls. 9. [5]) Ldn. 8/193.

Hnefarjettur og vígaferli.

Landnámsmennirnir höfðu margir verið lengi í víking, áður en þeir fóru til Íslands; ár eptir ár höfðu þeir legið í hernaði. Þeir höfðu vanist við hörku og hreysti. Þeir höfðu farið með ránum og lifað á ránum. Þeir höfðu reynt að vinna önnur lönd undir sig. Saklausa menn höfðu þeir höggvið niður á herferðum sínum, þrælkað eða selt. Saklausar konur höfðu þeir hertekið eða svivirt, gert þær að ambáttum sínum eða selt þær mansali. Hnefarjetturinn var lög þeirra og dómur, öxin og sverðið framkvæmdarvald þeirra. Slíkt líf hlaut að hafa áhrif á þá. Þeir urðu ofsafengir og skapharðir, áttu erfitt með að hlýða lögum og beygja sig undir stjórn annara eða sameiginlega stjórnarskipun. Hvað sem orðinu hallaði, þá var öxin á lopti. Kæmi upp ágreiningur milli manna, ljetu menn vopnin skera úr og börðust eða drápu menn hvorir fyrir öðrum.[1]) Heppilegt var það að því leyti, að landið var strjálbygt, að fjöll og heiðar og víðáttumiklar óbygðir í miðju landinu skilja bygðirnar á ströndum þess gjörsamlega í sundur, og að allar samgöngur voru fátíðar nema á milli næstu sveita. Hins vegar voru margir landnámsmenn, sem höfðu átt friðsamlegri æfi að fagna en víkingarnir, og höfðu setið á jörðum sínum í Noregi áður en þeir fluttu til Íslands. Þeir höfðu vanist friðsamlegum störfum, en sumir þeirra höfðu þó fengið að kenna á því, að friðurinn var ótryggur. Þeir vissu það vel, að sá var óhultastur um sig og sína, sem mest átti undir afli sínu og vopnum. Á þessum tímum gat ávalt viljað svo til, að menn í Noregi fengju að kenna á ofríki og ójöfnuði. Fjandskapur gat auðveldlega komið upp milli manna, og þá var mönnum tamara að grípa til vopna, en leita laga og rjettar. Friðurinn var eigi heldur öruggari en svo, að ofsafengir ójafnaðarmenn og kappar eða berserkir, sem þeir voru stundum nefndir, fóru um landið, og skoruðu á óðalsbændur og aðra góða menn að láta af hendi við sig jörð sína eða dóttur, konu eða systur, eða ganga á hólm við sig ella; og þetta hjelst mönnum

[1]) Sbr. hjer að framan bls. 113, 116, 134, 138—40, 165, 214; Ldn. 14/46, 20/125, 24/133—34, 11/202, 12/315.

uppi og var eigi álitið óleyfilegt.[1]) Sumir Norðmenn voru þá svo herskáir, að það var eins og þeim væri hugsvölun að því að eiga í vígaferlum og hugsa um, hve marga menn þeir hefðu drepið.

„Ek bar einn
af ellifu
bana orð;
blástu meir!“

kvað Vjemundur á Moldatúnum í smiðju sinni. Hann var vígamaður mikill eins og Molda-Gnúpur landnámsmaður, bróðir hans; eru margir vígamenn nefndir á þeim tímum.[2]) Það var því eigi að undra, þótt einstaka landnámsmenn beittu ójöfnuði og skoruðu á eldri landnámsmenn að ganga á hólm við sig eða láta land sitt laust að öðrum kosti, eða þeir ráku menn með valdi brott af landi þeirra. Hins vegar eru þess ýms dæmi, sem bera vitni um meiri fjelagsanda og mannúð en vænta mátti hjá landnámsmönnum eptir tíðarandanum. Sumir þeirra litu lengra fram og reyndu að stilla til friðar eins og Eirikur í Goðdölum, er sagði við Kráku-Hreiðar, að óhent væri að menn deildu, meðan svo væri mannfátt á landinu, og gaf honum land til þess að koma í veg fyrir ófrið og vígaferli.[3]) Þess er einnig opt getið, að eldri landnámsmenn tóku vel við þeim, sem síðar komu, buðu þeim til sín og veittu þeim beina og greiddu fyrir þeim, þangað til þeir höfðu numið land; sýndu menn rausn sína opt á þennan hátt.[4])

Í fyrstu gekk eðlilega mestur tími hjá mönnum til þess að koma fótum undir sig. Flest það, sem kunnugt er um menn á sjálfri landnámsöldinni, er um landnám og byggingu landsins; í því var þá starf manna og saga mest fólgin. Aðrir atburðir, vígaferli og deilur, sem skýrt er frá í Landnámu, gerðust flestir eptir landnámsöld, og sama er að segja um allflesta þá atburði, sem sögurnar eru af. Þó hefjast sumar sögurnar þegar með byggingu landsins og í

[1]) Eg. 64/234—40; Glúm. 4/11—12, 6/17—19; Grett. 19/68—78; sbr. Munch, Hist. I, 560 [2]) Ldn. 12/270. [3]) Ldn. 7/192. [4]) Vatn. 14/24, 21/35; Ldn. 16/110; Lax. 5/9; Eg. 29/94, 30/96.

Landnámu segir af nokkrum deilum, sem gerðust á landnámsöldinni. Af því að þá er eigi um svo auðugan garð að gresja sem á söguöldinni, skal hjer drepið á þessa atburði. Menn hafa eigi heldur greint svo sem skyldi á milli viðburða þeirra, sem gerast á sjálfri landnámsöldinni, og þeirra, er síðar urðu. Fram á miðja 10. öld gerast tiltölulega fáir viðburðir svo kunnugt sje í samanburði við þá, sem urðu á síðari hluta 10. aldar og fyrsta þriðjungi 11. aldar. Hvern viðburð frá elstu tímum þarf því fremur að athuga sem þeir eru færri, og sjá hvað hann leiðir í ljós. Á meðan alt er í fæðingunni, á meðan þjóðfjelag og þjóðlif er að myndast og skapast, hefur alt meiri sögulega þýðingu en ella. Alt, sem til er frá þeim tíma, er þess vert að það sje athugað. En þótt hvert það atvik, sem kunnugt er, sje rannsakað með athygli, finna menn þó meira til þess í upphafi sögu vorrar en jafnvel nokkru sinni síðar, hve heimildarritin eru fá og ófullnægjandi um sumt hið merkasta, er gerðist og vjer vildum helst vita. Á meðal þess eru að vísu ekki vígaferli og deilur, en vjer vildum gjarnan vita, hvernig um vígin var gert og hvernig mál manna voru dæmd, og vjer óskum að þekkja út í æsar, ef hægt væri, hvernig þing og dómar komust á fót, og hvernig lög og stjórnarskipun landsins var í upphafi, en einstaka sinnum gefa vígaferli og málaferli bendingar um sumt af þessu, jafnframt því, sem þau lýsa skapferli manna og lífsskoðun að nokkru leyti.

Atburðir þeir, sem kunnir eru frá landnámsöldinni, staðfesta einnig það, sem hjer hefur verið sagt um landnámsmenn. Undarlega lítið þurfti til þess að koma mönnum, ungum sem gömlum, til að vega menn. Egill Skallagrímsson var illur viðureignar í uppvexti, enda var hann eigi nema á sjöunda ári, er hann drap annan svein, Grím Heggsson, í knattleik. Grímur var nokkru eldri og hafði Egill farið halloka fyrir honum í leiknum, en fyrir það hjó Egill hann banahögg (um 907). Vensламenn beggja sveinanna hlupu þá til vopna og hljóp Óleifur hjalti í lið með Borgarmönnum og urðu þeir miklu fjölmennari, svo Heggur fjekk engri hefnd fram komið. En út af þessu urðu

deilur á milli Heggs og Óleifs hjalta. Þeir börðust á Laxfit við Grímsá og fjellu sjö menn, en Heggur varð sár til ólífis.[1]) Nokkrum árum síðar drap Skallagrímur Þórð son Grana bónda, gamals heimamanns síns. Hann keyrði hann niður svo hart, að hann lamdist til bana. Þetta var einnig að leik og mundi Egill sonur Skallagríms hafa farið sömu leið, ef Þorgerður brák fóstra hans hefði eigi borgið honum. Það kostaði hana lífið, en Egill hefndi sín þegar um kveldið með því að höggva verkstjóra föður síns banahögg.[2]) Svona var skapið í þeim mönnum, sem harðlyndir voru og ákafir.

Vestur við Breiðafjörð deildi Þórarinn krókur um Steinólfsdal við Steinólf hinn lága og reri eptir honum með tíunda mann (tuttugu menn segir í Hauksbók), er hann fór úr seli við sjöunda mann. Varð fundur þeirra á eyrinni við Fagradalsárós. Komu þá menn frá Fagradal að hjálpa Steinólfi og fjell þar Þórarinn krókur og þeir fjórir, en sjö menn af Steinólfi. Frá þessu segir öðru vísi í Gull-Þóris sögu; segir þar að bardagi þessi hafi verið miklu fjölmennari og mannfallið meira, og hann hafi byrjað í Króksfirði. Um síðir var griðum komið á eptir bardagann, en „ekki var þessi sætt í saksóknir færð, því at þessi tíðindi urðu fyrr en Úlfljótr flutti lög til Íslands út".[3]) Menn nokkrir, sem eigi eru nefndir, fóru í milli málsaðilanna og komu á griðum þessum; hafa það eflaust verið einhverjir nágrannar eða kunningjar aðilanna.

Á Suðurlandi urðu deilur uppi í Hreppunum á milli Ófeigs grettis og Þorbjarnar jarlakappa. Af þeim segir eigi, nema Ófeigur fjell fyrir Þorbirni í Grettisgeil hjá Hæli.[4]) Þá segir í Grettis sögu að synir Ófeigs drægju saman lið mikið að eptirmáli, og var þá sent eptir Önundi trjefót, tengdasyni Ófeigs. Hann reið suður um vorið og gisti í Hvammi hjá Auði djúpúðgu og er sagt að það væri síðasta árið, sem hún lifði. Eptirmálin voru lögð til Kjalarnesþings, „því at þá var enn eigi sett alþingi. Síðan voru málin lǫgð

---

[1]) Eg. 40/122—24. [2]) Eg. 40/124—25. [3]) Ldn. 22/128; Hksb. 92/41; Gull-Þ. 1/6—7, 15/31—36. [4]) Ldn. 11/309—10.

í gǫrð ok komu miklar bœtr fyrir vígin; en Þorbjǫrn jarlakappi var sekr gǫrr“ og fór utan.[1]) Eptirtektavert er það, að málin voru lögð í gjörð, en komu eigi í dóm, ef marka má orð sögunnar.

Nokkru síðar kom upp ágreiningur milli nokkurra manna suður í Flóanum. Össur hviti í Kampholti gaf Böðvari leysingja sínum í Böðvarstóptum við Víðiskóg nokkurn hlut í skóginum og áskildi sjer skóginn eptir hann, ef hann dæi barnlaus. En svo bar við, að Örn úr Vælugerði í Flóa, tengdasonur Baugs á Hlíðarenda, stefndi Böðvari um sauðatöku, og handsalaði hann þá Atla Hásteinssyni fje sitt, svo að hann veitti honum lið, og ónýtti Atli síðan málið fyrir Erni. Um þetta leyti hafði Össur hviti andast, og var Þorgrímur sonur hans þá ungur. Hrafn Þorviðarson móðurbróðir hans tók þá við fjárvarðveislu Þorgríms, og er Böðvar andaðist, taldi hann til Víðiskógs og bannaði Atla að neyta hans, en Atli þóttist eiga. Eitt sinn fór Atli við fjórða mann eptir viði. Smalamaður Hrafns varð þess var og sagði honum. Reið hann þá þegar til fundar við Atla og börðust þeir í Orustudal, en Önundur bildur kom að þeim og skildi þá. Voru þeir báðir orðnir sárir, og tveir menn fallnir af Hrafni, en einn af Atla og sár hans banvæn (um 926).[2]) Þórður dofni sonur Atla var níu vetra, er faðir hans ljetst. Sex vetrum síðar hefndi hann föður síns og sat fyrir Hrafni hjá Haugavaði skamt frá Traðarholti, er hann reið heim um nótt frá Einarshöfn. Hann hljóp að Hrafni óvörum og vá hann með spjóti. Víg þeirra Atla og Hrafns fjellust í faðma.[3])

Sje það rjett að bardaginn í Orustudal hafi verið um 926 eins og alllíklegt er, hafa málaferlin milli Arnar og Böðvars verið fáum árum fyr (um 920—924), og nokkru áður en alþingi var sett. Þess er eigi getið, hvar málið hafi verið sótt. Í Flóamanna sögu er sagt, að það hafi verið „á þingi“ og farið almennum orðum um málið, sem ekkert er

[1]) Grett. 10/24—25. [2]) Sbr. Safn I, 291. [3]) Ldn. 10/304—5: Hksb. 331/116—17: Flóm. 6—9/124—27.

á að græða; hefur höfundur hennar ekkert vitað um það annað en það, sem segir í Landnámu. En líklegast er, að Örn hafi fengið menn í Flóanum til þess að koma saman að dæma um málið, og Atli hafi ónýtt það á þeim fundi. Þó gæti einnig verið að málið hafi verið lagt til Kjalarnesþings, þótt þess sje eigi getið og það sje eigi eins líklegt og hitt.

Þá má nefna fall Una Garðarssonar og manna hans austur í Skaptafellssýslu. Það var á landnámsöldinni; ætlar Guðbrandur Vigfússon að það hafi verið um 910.[1]) Þá er Uni varð að flýja frá Unaósi[2]), fór hann í Álptafjörð hinn syðra. Hann náði eigi að staðfestast þar, og hjelt hann þá áfram ferðinni og kom um haustið við tólfta mann til Leiðólfs kappa í Skógahverfi. Hann tók við þeim. Uni launaði svo Leiðólfi veturvistina, að Þórunn dóttir hans var með barni um vorið, og vildi þá Uni hlaupast á braut með menn sína. Leiðólfur reið þá eptir honum, og fundust þeir hjá Flangastöðum og börðust þar, því að Uni vildi eigi fara aptur með Leiðólfi. Fjellu þar nokkrir menn af Una og fór hann þá aptur nauðugur. Vildi Leiðólfur að hann fengi dóttur sinnar og staðfestist, og tæki arf eptir sig. Nokkru síðar hljóp Uni aptur á braut, þá er Leiðólfur var eigi heima; en er Leiðólfur vissi það, reið hann eptir honum og fundust þeir hjá Kálfagröfum. Var Leiðólfur þá svo reiður, að hann drap Una og förunauta hans alla.[3]) Eptirmál urðu engin eptir Una nje menn hans, því að engir voru til eptirmála, enda hafði hann fallið á verkum sínum.

Oss er nú kunnugt um nærri níutíu víg og morð, sem unnin voru á Íslandi á meðan landnámsmennirnir voru að byggja landið. Það eitt ber í raun rjettri allgreinilega vitni um, hvernig skapferli þeirra var farið, hve víkingsandinn og hnefarjetturinn var ríkur. Á sjálfræði manna og gjörðum lágu nærri engin önnur bönd en þau, sem foreldrar lögðu á börn sín, húsbændur á hjú sín, og geigur sá, sem hver hafði af öðrum, ef í ilt færi. Þjóðfjelag var eigi stofnað,

---

[1]) Safn I, 271, 413. [2]) Sbr. að framan bls. 182. [3]) Ldn. 4/246–47.

engir alsherjardómstólar og engin stjórn var til í landinu og engin sameiginleg lög til þess að fara eptir. Hinir vitrari menn og hygnari sáu að líkindum bráðlega, að svo búið mátti eigi standa til lengdar. En það þjóðfjelag, sem sett var á stofn á Íslandi, varð að reisa frá rótum. Til þess þurfti allmikinn tíma og almennur þjóðfjelagsskapur gat eigi komist fyr á í landinu en það var nærri alt bygt orðið. Smærri samtök og fjelagsskapur gat aptur á móti myndast meðal manna í einstökum hjeruðum, smátt og smátt eptir því sem þau bygðust. Hinn fyrsti fjelagsskapur, sem rís upp í landinu, er líka sá, sem kemst á í sumum hjeruðum landsins, þar sem menn sækja að hofunum, til þess að blóta goðin. Fyrir því skal nú skýrt frá trú landnámsmanna og hinum fyrstu hofum, sem reist voru og urðu síðar að sumu leyti þungamiðja í stjórnarskipun landsins.

Trú landnámsmanna, hof reist og upphaf goða og goðorða.

Þá er Ísland bygðist, var Noregur alheiðinn. Norðmenn trúðu á marga guði eða goð og voru guðir þeirra nefndir einu nafni Æsir. Flestir landnámsmennirnir komu beint frá Noregi og voru því heiðnir. Af trú flestra þeirra er að vísu ekkert sagt í Landnámu nje í sögunum, því að það þótti ekki frásagnavert, er var að engu frábrugðið því, sem alment var. Aptur á móti er þess opt getið, er landnámsmenn voru annaðhvort meiri trúmenn eða blótmenn eins og það hjet í heiðnum sið, en alment gerðist, eða ef þeir voru með öllu trúlausir, eða vantrúaðir, eða höfðu annarslega trú, því að slíkt vakti eptirtekt og varð mörgum minnisstætt, einkum ef það að einhverju leyti stóð í sambandi við atburði þá, sem frá er sagt. Enn fremur er síðast í Landnámabók skýrt frá trú landnámsmanna yfirleitt og endar bókin með þessum orðum: „en landit var alheiðit nær hundraði vetra“.

Um nokkra landnámsmenn er þess getið, að þeir voru miklir blótmenn, og um aðra, að þeir hafi gengið að blótum, áður en þeir rjeðust af stað til Íslands eða þá er einhvern vanda bar að höndum.[1]) Menn þessir voru allir meiri eða minni blótmenn. Þeir rjeðust eigi í nein stórræði, nema að þeir gengju fyrst að blóti og ráðfærðu sig við goðin, eða öllu heldur við það goð, sem þeir blótuðu mest. Trú slíkra manna var sterk og sjest það meðal annars af því, hve dyggilega þeir fylgdu bendingu goðanna um val á bústað sínum. Þótt þeir hefðu tekið sjer bólfestu og búið vel um sig, fluttu þeir sig búferlum þangað sem öndvegissúlurnar höfðu komið á land, enda þótt þeir þyrftu að flytja sig landshorna á milli, eins og Þórður skeggi. Sumir af mönnum þessum áttu hof í Noregi. Þeir tóku þau ofan, og höfðu með sjer goðin og viðina úr þeim, og moldina undan stöllunum, sem goðin höfðu staðið á. Þeir reistu síðan hofin upp aptur á Íslandi og settu hina sömu, helgu mold undir stallann, sem goðin voru sett á, svo að þau mættu standa á helgri mold í hinu nýja og ókunna landi. Þeir gerðu svo, til þess að geta blótað goðin og notið trausts þeirra og hjálpar í hinu nýja landi eins og í hinu gamla. Menn þessir voru verulegir trúmenn, þótt í heiðnum sið væri; ekkert var þeim helgara en goð þeirra og ekkert dýrmætara en traust það, sem þeir þóttust eiga þar sem goðin voru. Þetta sama trúnaðartraust kemur í ljós hjá þeim Flosa Þorbjarnarsyni og Lopti Ormssyni systursyni hans. Þeir hjeldu svo fastri trygð við það hof og við þau goð, sem þeir voru vanir að blóta, að Loptur fór utan þriðja hvert sumar fyrir hönd þeirra beggja, til þess að blóta að hofi því á Gaulum, sem Þorbjörn móðurfaðir hans hafði varðveitt, en Flosi mátti eigi fara af því að honum var ófritt í Noregi.[2])

Þannig eru þess mörg merki að allmargir landnáms-

---

[1]) Ldn. 2/28—29, 5/33, 7/35—36, 12/96—98, 23/131, 29/149, 2—3/174—77, 7/192, 8/195, 6/254, 7/295, 8/299; Eyrb. 4/5—6; Vatn. 15/26. [2]) Ldn. 7/295, 8/299.

menn voru einlægir trúmenn í heiðnum sið, en hins vegar er einnig margs þess getið, sem ber vitni um að hjátrú og vantrú var töluvert útbreidd á meðal landnámsmanna. Þórir snepill blótaði lund hjá bæ sínum í Fnjóskadal[1]) og Eyvindur Loðinsson blótaði steina þá í Flateyjardal, sem hann nam land upp til og Gunnsteinar eru nefndir.[2]) Einstaka landnámsmenn voru kallaðir fjölkunnugir og rammauknir, svo sem Loðmundur hinn gamli og Þrasi Þórólfsson. og ber það einnig vitni um nokkra hjátrú.

Víkingaöldin var að ýmsu leyti breytinga- og byltingaöld. Á víkingaöldinni stækkaði sjóndeildarhringur Norðmanna, er þeir sáu önnur lönd og aðra siði. Í kristnum löndum fyrir vestan haf kyntust þeir kristinni trú. Sumir þeirra snerust þá til kristinnar trúar og ljetu skírast, en aðrir mistu alt traust til heiðinna goða og urðu vantrúaðir.

Á meðal vantrúaðra landnámsmanna má fyrstan telja Hjörleif Hróðmarsson, því að hann vildi aldrei blóta.[3]) Tveir landnámsmenn eru nefndir, er hafa auknefnið „goðlauss". Faðir annars þeirra var einnig kallaður goðlaus, og er sagt um þá feðga að þeir vildu aldrei blóta og tryðu á mátt sinn.[4]) Munu svo vantrúaðir menn hafa verið kallaðir goðlausir. Um einn landnámsmann, Ásgeir kneif, er þess getið, að hann „hafnaði sjálfráði blótum".[5])

Merkilegra en þetta var það, að margir af landnámsmönnum þeim, sem komu vestan um haf, voru kristnir. Merkastir þeirra voru ættmenn Ketils flatnefs. Börn hans öll ljetu skírast fyrir vestan haf, nema Björn hinn austræni; honum þótti það lítilmannlegt að hafna þeim sið, er frændur þeirra höfðu haft,[6]) en frændsemi og vináttа hjelst þó vel með þeim systkinum, þótt trú þeirra væri ólík. Helgi bjóla, Auður djúpúðga og Þórunn hyrna voru kristin, en Helgi hinn magri tengdason Ketils flatnefs var blandinn mjög í trú. Hann trúði á Krist og kendi því bústað sinn við hann, en

[1]) Ldn. 17/223—24. [2]) Ldn 17/225. [3]) Ldn. 5/33, 7/36. [4]) Ldn. 11/40, 4/71. [5]) Ldn. 2/278; Hksb. 297/104, [6]) Eyrb. 5/7.

hann hjet þó á Þór til sjófara og harðræða.[1]) Auður djúpúðga hjelt vel trú sína, er hún var komin til Íslands. Hún hafði bænahald sitt á Krosshólum hjá Hvammi og ljet þar reisa krossa. Hún var grafin í flæðarmáli eins og hún hafði fyrir sagt, því að hún vildi eigi liggja í óvígðri moldu.[2])

Dótturson Ketils flatnefs var Ketill hinn fiflski í Kirkjubæ á Síðu, en bróðurson Örlygur hinn gamli Hrappsson og voru þeir báðir vel kristnir menn.

Þá má nefna Jörund hinn kristna Ketilsson og systurson hans Ásólf alskik Konálsson, sem kom frá Írlandi seint á landnámsöld. Jörundur mun að líkindum hafa flutt til Íslands með Katli föður sínum og Þormóði föðurbróður sínum, er komu út á fyrri hluta landnámsaldar. Þeir munu hafa komið frá Írlandi og þar mun Jörundur hafa tekið kristni þegar á barnsaldri; er eigi ólíklegt að faðir hans og föðurbróðir hafi verið kristnir. Eðna Ketilsdóttir giptist á Írlandi manni, er Konáll hjet, og var þeirra son Ásólfur alskik. Ásólfur settist fyrst að undir Eyjafjöllum í landi Þorgeirs hins hörðska, en var flæmdur þaðan, af því að hann vildi eigi eiga neitt samneyti við heiðna menn. Ef til vill hefur hann eigi heldur leitað samþykkis Þorgeirs til þess að setjast að í landi hans. Þó segir í Hauksbók, að Ásólfur hafi reist skála sinn hinn fyrsta að ráði Þorgeirs, því að hann vildi eigi að þeir Ásólfur væru við hús sín, þar sem þeir höfðu tjaldað í fyrstu. Undan Eyjafjöllum fór Ásólfur vestur á Akranes til Jörundar móðurbróður síns, er fjekk honum bústað á Hólmi hinum innra. Þá er þeir Jörundur og Ásólfur eltust, gerðust þeir báðir einsetumenn.[3])

Fleiri landnámsmenn eru eigi nefndir kristnir í Landnámu, en þó er þar sagt, að „enn fleiri menn, er kvomu vestan um haf“ hafi verið kristnir,[4]) og er það eflaust rjett. Sumir Írar eða hálfkeltneskir menn, sem komu til Íslands af Írlandi og Suðureyjum og hafa verið nefndir hjer að framan,[5])

[1]) Ldn. 12/206—7. [2]) Ldn. 16/111, 19/117. Í Laxdælu er þess eigi getið að Auður væri kristin, heldur er talað um hana svo sem hún hafi verið heiðin og sagt að hún hafi verið heygð. Lax. 7/15. [3]) Ldn. 15/49—51; Hksb. 21/13—14. [4]) Ldn. 15/322. [5]) Sjá einkum bls. 224—30. Sbr. einnig K. Maurer, Die Bekehrung des Norwegischen Stammes zum

hafa eflaust verið kristnir, þótt þess sje eigi getið. Hafa það einkum verið keltneskar konur og minni háttar menn, sem lítið bar á. Sumir hinir kristnu landnámsmenn „heldu vel kristni til dauðadags, en þat gekk óvíða í ættir", segir í Landnámu, „því at synir þeirra sumra reistu hof ok blótuðu". Þá er t. a. m. Auður djúpúðga var önduð, spiltist trú frænda hennar. Þeir höfðu átrúnað mikinn á Krosshóla, þar sem hún hafði haft bænahald sitt, en í staðinn fyrir krossinn, er hún hafði látið reisa, ljetu þeir gjöra þar hörg, „er blót tóku til; trúðu þeir því, at þeir dæi í hólana, ok þar var Þórðr gellir leiddr í, áðr hann tók mannvirðing".[1] Þetta sýnir, að blót hafa verið tekin upp í Hvammi þegar á dögum Ólafs feilans, fóstursonar Auðar; að öðrum kosti hefðu menn eigi leitt Þórð í hólana, er hann tók mannvirðingu eptir föður sinn.

Heiðnir landnámsmenn voru margfalt fleiri en hinir kristnu. Þeir stóðu á gömlum merg í trúarmálum sínum, en öðru máli var að gegna með kristna menn. Þeir voru nýgræðingar í trú sinni. Þeir höfðu enga presta, er gætu styrkt þá í trúnni og leiðbeint þeim, skírt börn þeirra, kent þeim kristin fræði og veitt þeim kristilegt uppeldi. Sjálfir voru þeir fæstir færir til þess, og hafa þeir varla kunnað annað en Trúarjátninguna og Faðir vor, og sumir líklega ekki svo mikið. Um að eins einn kristinn mann, Örlyg hinn gamla, er þess getið að hann hafi reist kirkju (eða bænahús) á bæ sínum og farið með fullkomna messubók (plenarium) til Íslands. Hann mun því að líkindum hafa kunnað að lesa; að öðrum kosti mundi fóstri hans varla hafa gefið honum bókina. Hins vegar hafði hann engan kennimann með sjer, og viðhald kristinnar trúar hjá honum sjálfum og börnum hans var því undir sjálfum honum komið. Það er sagt að „þeir Örlygr frændr trúðu á Kolumba", og mun þar vera talin með Örlygi sjálfum börn hans og ef til vill Helgi bjólan frændi hans. Kirkja Örlygs hefur þá verið bænahús þeirra.[2]

Þótt þetta sje eina kirkjan, sem getið er um að gerð

Christenthume. I, 90—107; Björn M. Ólsen, Um kristnitökuna, bls 1—6.
[1]) Ldn. 16/111, 19/117. [2]) Ldn. 12/44; Ól. Trygg. Ldn.[2] 267.

hafi verið á landnámsöld, er þó eigi ólíklegt að dálítil kirkja hafi verið reist í Kirkjubæ á Síðu; bæði bendir nafnið á það, þótt það geti vel verið yngra eins og nöfn annara bæja, sem kendir eru við kirkju, og svo hjelst kristnin þar við í heiðni hjá niðjum Ketils fíflska; er því líklegt að Ketill eða synir hans hafi gjört þar kirkju og að af henni hafi að nokkru leyti staðið helgi sú, sem gjörði það að verkum, að heiðnir menn máttu eigi búa þar, þótt hún að líkindum ætti uppruna sinn að rekja til Papanna, er voru þar fyrstir.[1])

Þá er kom fram á miðja landnámsöldina, fóru kristnir menn mjög að týna tölunni. Eptir aldamótin andaðist Auður djúpúðga og fleiri þeir, er elstir voru og nafnkendastir. Af því að kennimenn vantaði, stóðu kristnir menn hjálparlausir uppi og engir bættust við í stað þeirra, er fjellu frá, nema í Kirkjubæ einum. En sumir þeir, sem síðast lifðu, leituðu þá einveru til þess að lifa guði þóknanlega og friðþægja fyrir sál sína.

Öðru vísi var þessu farið með heiðna menn. Þeir höfðu tekið trú sína að erfðum og þeim var öllum kunnugt framan úr ættum, hvernig blóta skyldi goðin. Þeir þurftu í raun rjettri eigi á neinum sjerstökum kennimönnum að halda, því að þeir voru vanir frá Noregi við goðadýrkun sína. Einnig var hún svo einföld, að hver sem vildi, mun hafa getað blótað á sinn hátt. Sumir þeirra höfðu varðveitt hof í Noregi og verið þar hofgoðar. Slíkir menn kunnu því alla þá helgisiði, formála og særi, sem notuð voru við stór og almenn blót, og þeir höfðu numið af foreldrum sínum og öðrum sögur þær, sem kunnar voru í Noregi um afreksverk goðanna og mátt þeirra. Þeir hafa hlotið að vera svo fróðir í öllu því, er goðin og dýrkun þeirra snerti, eins og hverjir aðrir þeir menn, sem þá voru fremstir í þeim fræðum í Noregi, því að hofgoðarnir höfðu þá goðsþjónustu á hendi, sem framin var við almenn blót, og gerð var fyrir almenning. Þeir voru prestar heiðninnar, þótt þeir að öðru leyti væru eins og heldri bændur.

---

[1]) Nj. 101/302; Bps. I, 7/12; Ldn. 11/266—67; Ól. Trygg. Ldn.[2] 271—72.

Af þess konar mönnum eru tveir nefndir meðal landnámsmanna, Þórólfur Mostrarskegg og Þórhaddur hinn gamli, hofgoði í Þrándheimi á Mærini. Báðir áttu þeir hof og varðveittu hof, og voru því í raun rjettri báðir hofgoðar, þótt Þórólfur sje eigi nefndur svo. Báðir voru þeir trúmenn miklir og fluttu það úr hofunum, sem þeim þótti helgast og mest um vert, með sjer til Íslands. Báðir tóku þeir hofsmoldina með sjer til þess að goðin skyldu standa á helgri mold, þá er til Íslands væri komið. Hof Þórólfs var Þórshof, og hann helgaði Þór því alt landnám sitt, en Þórhaddur lagði Mærina-helgi eða alla hina sömu helgi, sem verið hafði á Mærini, á alt landnám sitt á Íslandi.[1])

Ýmsir fleiri landnámsmenn voru einlægir Ásatrúarmenn og lögðu alla alúð á að gera það sem þurfti, til þess að geta dýrkað goðin á hinum nýju bústöðum sínum, eins og sjá má af því, hve margir þeirra reistu hof. Ingimundur Þorsteinsson reisti hof hundrað fóta langt að bæ sínum Hofi.[2]) Hrólfur son Helga magra reisti hof mikið að Gnúpufelli og hið sama gerði Ingjaldur bróðir hans að Þverá hinni efri.[3]) Böðvar hinn hvíti Þorleifsson reisti hof mikið að Hofi í Álptafirði hinum syðra.[4]) Sama gerði Auðun hinn rauði að Hofsfelli og Jörundur goði á Svertingsstöðum.[5]) Einnig hefur Ketilbjörn hinn gamli reist hof að Mosfelli.[6]) Hrafnkell Freysgoði ljet og gjöra hof á Aðalbóli í Hrafnkelsdal.[7]) Þá hefur Þorsteinn torfi eða Hákon á Hákonarstöðum reist hof í Jökuldalnum, því að þeir lögðu teig þann, sem var ónuminn milli landnáma þeirra, til hofs, og var hann síðan nefndur Hofteigur.[8])

Hallur að Hofstöðum við Þorskafjörð, „ættstór“ maður, sem út kom með Úlfi hinum skjálga, reisti Hof mikið á bæ sínum.[9]) Hallsteinn Þórólfsson Mostrarskeggs, á Hallsteinsnesi, blótaði til þess að Þór sendi honum öndvegissúlur. Eptir það rak 63 álna langt og tveggja faðma digurt trje

[1]) Eyrb. 3—4/5—6; Ldn. 12/97, 6/254. [2]) Vatn. 15/26; Ldn. 3/177. [3]) Ldn. 16/221, 222. [4]) Ldn. 7/256; Flat. I, 249. [5]) Ldn. 10/263, 3/284. [6]) Ldn. 12/313. [7]) Hrafnk. 4. [8]) Ldn. 2/241. [9]) Gull-Þ. 1/4, sbr. Ldn. 19/124.

að því sem sagt er á land hans, og var það haft til öndvegissúlna. Er sagt að Hallsteinn og Reyknesingar hafi þá reist Þórshof og er Hallsteinn kallaður goði í Landnámu.[1]) Að öllum líkindum mun Ketill hængur einnig hafa reist hof að bæ sínum Hofi á Rangárvöllum, þótt þess sje eigi getið. Bæjarnafnið bendir á það og Hrafn sonur hans mun hafa verið goði, því að getið er um goðorð í ættinni eptir hans daga og sonur hans var Sæbjörn goði.[2])

Þannig má telja víst, að eigi minna en fjórtán hof hafi verið reist þegar á landnámsöld eða af landnámsmönnum, þótt eigi sje þess beinlínis getið um fleiri en þrettán. Ef þess er gætt hvar hof þessi stóðu, er það eptirtektavert, hve mislangt er á milli þeirra. Tvö þeirra voru í Norður-Múlasýslu, tvö í Suður-Múlasýslu, tvö í Rangárvallasýslu, tvö í Barðastrandarsýslu og tvö í Eyjafirði. Á milli sumra þeirra var stutt, svo sem hofanna í Barðastrandarsýslu og í Eyjafirði og í Jökuldal og Hrafnkelsdal. Hin fjögur hofin, sem nefnd hafa verið, voru í Austur-Skaptafellssýslu, Árnessýslu, Snæfellsnessýslu og Húnavatnssýslu, eitt í hverri sýslu. En eins og nærri má geta hafa fleiri hof en þessi verið reist þegar á landnámsöld eða að minsta kosti litlu síðar. Í öllu landnámi Ingólfs og Skallagríms og í landnámunum á milli þeirra er ekkert hof nefnt í fyrstu, nema ef telja á jafnóáreiðanlega sögu sem Kjalnesinga sögu, sem í raun rjettri má eigi marka um annað en skoðanir manna á þeim tímum, þá er hún var sett saman. Þó er mjög líklegt að einhverjir landnámsmenn hafi reist hof í þessum hluta landsins eða synir þeirra, áður en landnám hættu. Ingólfur var blótmaður og eptir því, sem ráða má af orðum hans, er hann sá fóstbróður sinn myrtan, mun sá atburður eflaust hafa haft þau áhrif á hann, að hann mun hafa gert sjer mikið far um að blóta goðin, og varast að vanrækja það. Það liggur því nærri að ætla, að Ingólfur muni hafa reist hof handa sjer og sínum. Það er einnig mjög líklegt, að hof hafi verið reist að Hofi á Kjalarnesi af sonum Helga

[1]) Ldn. 18/115, 23/130—31; Gull.-Þ. 7/18. [2]) Ldn. 3/283.

bjólans eptir andlát hans,[1]) en eigi er hægt að segja með vissu, hvort það hefur verið á landnámsöld eða litlu síðar. Í Borgarfirðinum mun einhver hafa reist hof áður en langur tími leið, því að þar er getið um hof á Hofsstöðum í Reykjadal hinum nyrðra á miðri 10. öld, og einnig er þar talað um landnámsmanna syni, er voru goðar.[2])

Í Hnappadalssýslu er Þormóður Oddsson landnámsmaður kallaður goði og má því ætla að hann hafi átt hof.[3]) Í Dalasýslu, Ísafjarðarsýslu og í Strandasýslu er eigi getið um nein hof á landnámsöld, en hörgur var reistur í Hvammi nokkru eptir lát Auðar. Í Skagafirði er eigi heldur nefnt neitt hof, en þar mun þó t. a. m. Eiríkur í Goðdölum hafa reist hof á bæ sínum, Hofi.[4]) Einnig mun Kollsveinn hinn rammi hafa reist hof að Hofstöðum, því þar hafði hann blót.[5]) Í Þingeyjarsýslu er eigi getið um neitt hof á landnámsöld og er eigi gott að segja, hve nær þar var fyrst reist hof. Heiðni var þar eigi minni en annars staðar á landinu og einn hinn merkasti goði þar nyrðra var landnámsmanns sonur.

Þetta nægir til þess að sýna, að ekki fáir landnámsmenn reistu hof á bæjum sínum, sumir þegar og sumir svo fljótt sem hægt var, og að þeir gerðu allmikið til þess að halda við trú sinni á hinum nýju stöðvum sínum. Hofunum fjölgaði smátt og smátt eptir því sem mannfjöldinn óx í landinu og þá er sameiginleg stjórnarskipun komst á stofn. Yfir tuttugu bæir heita Hof og eru níu þeirra nefndir í Landnámu. Aðrir bæir viðlíka margir eru kendir við hof; eru nöfn þeirra samsett af því orði, svo sem Hofgarðar, Hofsfell, Hofstaðir, Hofsteigur. Fjórir Hofstaðir eru nefndir í Landnámu og var hof á þeim öllum. Öll bæjanöfn þessi bera vitni um að allmörg hof hafi verið reist á Íslandi, og auk þess voru hof reist á ýmsum öðrum bæjum, sem báru önnur nöfn; eru sum þeirra kunn, en af sumum þeirra fara að líkindum engar sögur.

---

[1]) Sbr. Kjal. 2/402. [2]) Ldn. 21/64, 1/65. [3]) Ldn. 6/79. [4]) Ldn. 7/190. [5]) Ldn. 8/195.

Landnámsmenn þeir, sem reistu hof á bæjum sínum, voru valdalausir menn. Þeir áttu auðvitað yfir sjálfum sjer að ráða, fjölskyldu sinni og heimamönnum, en enginn þeirra átti yfir mikla liði að ráða, er hann kom til Íslands. Enginn þeirra gat sett þar ríki á stofn og beygt aðra undir vald sitt. Margir landnámsmenn áttu fyrir einni skipshöfn að ráða, en nálega enginn yfir meira liði. Sá maður, sem fór með mestu liði til Íslands að því, sem frá er sagt, átti að eins yfir því að ráða á meðan á ferðinni stóð og líklega mest í orði kveðnu. Með honum voru sjálfstæðir höfðingjar og þeir rjeðu yfir sjer og sínum mönnum og fóru sinna ferða, þá er til Íslands var komið. Um Skallagrím má segja að hann ætti yfir tveimur skipshöfnum að ráða, er faðir hans var dáinn, en þó var Grímur hinn háleyski allmikill höfðingi og forráðamaður fyrir annari skipshöfninni. Flestir þeir menn, sem reistu hof, voru úr flokki hinna ríkustu landnámsmanna, en þeir voru þó eigi ríkari en ýmsir aðrir. Þórólfur Mostrarskegg var t. a. m. ekki eins mannmargur og varla eins ríkur og Geirmundur heljarskinn, Ingimundur Þorsteinsson var ekki ríkari en Skallagrímur, og Auðunn hinn rauði var minni höfðingi en Hrollaugur Rögnvaldsson, en þó reistu þeir Þórólfur, Ingimundur og Auðunn hof, en hinir ekki svo getið sje. Hvort menn reistu hof á Íslandi eða eigi, fór því ekki beinlínis eptir auðlegð og ríki, heldur miklu fremur eptir því, hvort menn höfðu átt hof áður eða voru miklir blótmenn. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að menn þeir, sem reistu hof, voru venjulega af göfgum ættum og velmegandi. Fátæklingum og minni háttar mönnum var það aptur á móti of vaxið vegna kostnaðar. Þeir menn, sem höfðu numið afarmikið land, áttu að líkindum hægra með að mynda stóran söfnuð um hof sitt, en þeir, sem námu land minna eða í landnámi annara, en þó fór þetta ekki eptir landnámum. Menn, sem keyptu land af öðrum eða bygðu í landnámi annara, svo sem Auðunn hinn rauði og Jörundur goði, reistu hof alveg eins og frumlandnemar og urðu eigi ómerkari goðar en aðrir.

Hofin, sem landnámsmenn reistu, áttu þeir sjálfir, og einnig þau goðalíkneski eða skurðgoð, eitt eða fleiri, sem þeir höfðu í hofunum og blótuðu. Þeir varðveittu hofin sjálfir og báru allan kostnað af þeim. Þeir reistu hofin fyrst og fremst handa sjer og sínum og blótuðu goðin sjálfir, en förunautar þeirra og nágrannar sóttu þegar til hofanna til þess að þjóna goðunum og leita trausts hjá þeim. Menn voru því vanir úr Noregi að sækja til næstu hofa, er þeir vildu blóta sameiginlega, og svo gerðu menn nú einnig á Íslandi. Þá er haldin voru almenn blót og blótveislur við hofin, þustu menn að úr öllu nágrenninu, og enda lengra að sumir hverjir, til þess að taka þátt í goðadýrkuninni og blótveislunum. Þannig mynduðust brátt söfnuðir eða hofsóknir í kring um hofin, því að flestir sóttu að því hofi, sem næst þeim var og hægast var að sækja til, ef engar sjerstakar ástæður mæltu á móti því. Þó voru engin fastákveðin takmörk á hofsóknunum, eins og síðar á kirkjusóknunum, því að það var mönnum í sjálfsvald sett, til hvaða hofs þeir leituðu, og einnig gat hofseigandinn neitað þeim, er hann vildi, að blóta við hof sitt. Það var algjörlega komið undir samkomulagi milli hofseigandans og þeirra manna, sem að hofinu sóttu, en það lætur að líkindum, að hofgoðinn muni sjaldan hafa neitað mönnum að blóta við hof sitt, af því að menn greiddu toll fyrir það til hofanna, og vegur hofgoðans varð meiri, blótin og blótveislurnar stærri og veglegri, því fjölmennari sem þau voru.

Þetta er hinn fyrsti vísir til þjóðfjelagsskapar á Íslandi. Sameiginleg trú og innri hvöt og þörf til þess að dýrka goðin veldur því að menn koma saman við hofin og færa goðunum fórnir og halda blótveislur í fjelagi. Hofstaðirnir eru fastákveðnir og breytast lítið eða ekkert, nema að því leyti sem þeim fjölgar. Þeir eru miðstaðir í þessum fjelagsskap, eða höfuðbærinn í hofsóknunum. Hofgoðinn annast blótin og stýrir öllu helgihaldinu; hann gerist þannig andlegur leiðtogi þeirra manna, sem að hofinu sækja. Í upphafi hefur hann þó aðallega að eins andlegt vald, og þar af mun það ef til vill vera komið að konur gátu verið hofgyðjur,

varðveitt hof, blótað og tekið við hoftollum, því að þær gátu eigi haft þau veraldlegu stjórnarstörf á hendi, sem goðarnir höfðu.[1]) En með því að goðinn átti hof og stýrði blótum, komst hann í meiri viðskipti við þá menn, sem sóttu að hofi hans, en aðrir, og gat fremur haft áhrif á þá. Við það óx vegur hans og álit, og hann varð smátt og smátt mestur metorðamaður í sínum sveitum og mátti sín mest. Ef svo bar undir að einhver þyrfti að leita ráða og trausts hjá einhverjum í veraldlegum málum, þá leituðu menn eðlilega fremur til hans en annara, eða tóku hann fyrir gjörðarmann, ef á því þurfti að halda. Þannig óx álit goðanna og áhrif þeirra á mál manna, og veraldlegt vald þeirra myndast smátt og smátt, þótt þeir í upphafi hefðu ekkert annað vald en hverjir aðrir landnámsmenn, og gætu eigi heldur haft það, af því að slíkt vald var í raun rjettri eigi til, fyr en það var skipað af landnámsmönnum sjálfum.

Menn þeir, sem reistu hof á Íslandi, voru kallaðir hofgoðar eða goðar, og forstaða þeirra fyrir hofunum og söfnuðum þeim, sem mynduðust um þau, eða veldi þeirra eða sýsla, var kallað goðorð. Goðanafnið er eflaust komið til Íslands frá Noregi, og er orðið goði eða guði, eins og það er stundum ritað,[2]) dregið af goð eða guð, og bendir einungis á hin andlegu störf goðanna, goðsþjónustuna. Nafnið er gamalt á meðal þjóða af germönsku kyni og notað þegar af Úlfilas (eða Wulfila, dáinn um 388 e. Kr.) í biblíuþýðingu hans um presta.[3])

Einnig voru þeir menn meðal Germana, sem höfðu nokkur guðrækileg störf á hendi, þá er leitað var vjefrjetta af þjóðarinnar hálfu. Tacitus minnist nokkrum sinnum á þá, og kallar þá presta *(sacerdotes)*; er auðsjeð að staða

---

[1]) Vápn. 5/35; Krist. Bps. I, 2/6. Hin elsta gyðja á Íslandi mun vera Þuríður gyðja Sölmundardóttir, kona Þorsteins Ingimundarsonar (gift um 940?). Ef til vill hefur hún verið kölluð gyðja af því að hún var goðakona. Ldn. 4/180; Vatn. 27/44 sbr. um ætt hennar Lax. 31/104. [2]) T. a. m. Grág. I a, 48 (guþi), 72 (guði); Fms. X, 298; Oddr, Ól. Trygg. 40/61—2. [3]) Sbr. J. Grimm, Rechtsalterthümer, bls. 272, 751; K. Maurer í Zeitschrift f. deutsche Philologie, IV, 126.

þeirra var önnur en hinna æðstu veraldlegu höfðingja, konunga og hertoga, en eigi vita menn þó, hvernig staða þeirra var, nje hvernig þeir urðu prestar. Þó má sjá að þeir höfðu nokkur ákveðin störf á hendi, er stóðu í sambandi við átrúnað manna.[1]) Þeir höfðu einnig hegningarvald á hendi, því svo skyldi vera sem hegnt væri eptir skipun goðanna. Á þjóðfundum skyldu þeir bjóða mönnum að vera hljóðum og gæta reglu.[2])

Ýmislegt bendir á, að goðar hafi verið á Norðurlöndum um það leyti sem Ísland fanst og bygðist. Þeir eru nefndir bæði í fornum sögum og á rúnasteinum. Á meðal kappa Sigurðar hrings í Brávallarbardaga er talinn Glismákur goði úr Svíþjóð og Gautur goði annaðhvort úr Svíþjóð eða úr Noregi.[3]) Saxo Grammaticus telur einnig Lyutguthi með mönnum Sigurðar hrings, og hafa sumir ætlað að svo væri ef til vill nefndur maður, er hafi heitið Ljótur goði, þótt eigi sje hann talinn í Sögubroti af fornkonungum.[4]) Þótt hjer sje eigi um sannar sögur að ræða, heldur að eins um gamlar sagnir, mundu goðar þó varla vera nefndir í þeim, ef þeir hefðu eigi verið til. Áreiðanleg sönnun fyrir því að svo hafi verið finst á dönskum rúnasteinum. Hrólfur Nóragoði (rhuulfr nurakuþi) er nefndur á tveimur rúnasteinum frá Fjóni (Helnessteininum og Flemlösesteininum), og Alli Sölvagoði (ali sauluakuþi) á einum (Glavendrupsteininum). Þar er Alli kallaður „véa hæiðverðr þegn“ (uia haiþuiarþr þiakn), heiðursverður þegn (eða vörður) helgidómsins. Hinn danski málfræðingur Ludv. Wimmer ætlar að steinar þeir,

---

[1]) Germania, kap. 10, 40, 43. [2]) S. st. kap. 7, 11; sbr. W. Golther, Handbuch der german. Mythologie, bls. 612—14. Beda prestur getur í Kirkjusögu sinni (2. bók, 13. kap.) um æðstaprest í heiðnum sið hjá Ædvin Anglakonungi í Jórvík, þá er Pálínus kristnaði hann og menn hans (627). [3]) Fas¹. I, 381. Í upptrentun Valdimars Ásmundssonar af Fornaldarsögunum, fyrri prentun I, 130, og önnur prentun 1891, I, 299 er þetta vitlaust. Vilhjálmur Finsen hefur látið prenta þennan stað rjettan eptir elsta handritinu AM, I e β I, fol. (eða nú nr. 7) og stendur þar „Gavtr guði“ og „Glismakr goði“. V. Finsen, Den oprindel. Ordning af Frist. Institutioner, bls. 55, aths. 1. [4]) Saxo, Historia Danica, 8. bók, bls. 381 í útgáfu Müllers.

sem Hrólfur er nefndur á, sjeu frá byrjun 9. aldar, en steinn Alla frá aldamótunum 900 eða jafngamall landnámum á Íslandi. Einnig ætlar hann að goðar þessir sjeu kendir við þann stað, þar sem þeir voru goðar, eða við íbúana, eins og títt var á Íslandi; er því Nóra og Sölva eignarfallsmyndir (af Nuri eða Nurir og Sölvi).[1])

Í írskum annálum er skýrt frá víkingaforingja, sem mun hafa verið goði í Noregi. Víkingar nokkrir frá Lochlann herjuðu um 860 á Munster á Írlandi. Fyrir þeim voru tveir göfgir höfðingjar, Hona og Tomrir Torra; er Hona kallaður „druid", en svo nefndu Keltar presta sína, og getur hjer varla verið átt við annað en goða. Í orustu einni urðu víkingar þessir kvíaðir upp við steinvegg. Hona „druid" stökk þá upp á vegginn, opnaði munninn og bað til goða sinna og þuldi formála. Hann bauð einnig mönnum sínum að heita á goðin, en þá drap einn af Írum hann með steinhöggi.[2])

Af þessu, sem nú var sagt, má sjá, að goðar hafa verið á Norðurlöndum áður en Ísland bygðist, en merkast er það fyrir oss að hofgoðar eru nefndir á meðal landnámsmannanna, er fluttu með sjer viðina úr hofum sínum frá Noregi til Íslands, eins og þegar hefur verið skýrt frá. Þarf eigi að efa að það sje rjett, sem segir í Landnámu um þetta.[3])

---

[1]) L. Wimmer, Runeskriftens Oprindelse og Udvikling i Norden, í Årb. f. n. Oldkh. 1874, bls. 230 o. ef., 237 o. ef., 243 o. ef.; Die Runenschrift 341 o. ef., 347 o. ef., 359 o. ef.; De danske Runemindesmærker II, 346 o. ef., 352 o. ef., 369 o. ef. P. G. Thorsen ætlaði að Nóri og Sölvi væru mannanöfn, sbr. rit hans: De danske Runemindesmærker I, 334—38, og eins K. Maurer í Zeitschr. f. deut. Philol. IV, 129, og Ísland bls. 45. Hann ætlaði því að Hrólfur og Alli hefðu verið goðar hjá Nóra og Sölva eða hjálparmenn þeirra, sbr. þó Upphaf allsherjarríkis bls. 109. aths. 2. [2]) Steenstrup, Norm. I, 280; II, 135—36, (Three Fragments 145—47). [3]) Joh. Fritzner hefur ætlað, að Goðaruð, bæjarnafn í Jarðabók Eysteins biskups, bls. 143, benti á að goðar hafi verið í Noregi, sbr. orðið g o ð i í Ordbog over det gamle norske Sprog. Professor O. Rygh ætlar að þetta nafn sje eigi svo gamalt, að það geti borið vitni um það, af því að það er samsett með r u ð, rjóður. Hann ætlar að Goðaruð sje eigi rjett mynd, heldur sje það líklegast sett saman af gælunafninu Guddi, því nú heitir það Gudderuð, sjá Norske Gaardnavne I, 41.

En er það má telja fullsannað að goðar hafi verið til í Noregi, áður en Ísland bygðist, er það augljóst, að íslensku goðarnir eiga uppruna sinn að rekja til norrænu goðanna og að þeir voru arfar þeirra og eptirmenn á Íslandi.

Sú skoðun hefur verið almenn, að stjórn veraldlegra og andlegra málefna hafi að fornum norrænum sið verið sameinuð, og að veraldlegir höfðingjar, konungar (fylkiskonungar, hjeraðskonungar), jarlar og hersar hafi haft æðstu preststörfin á hendi, og að goðarnir á Íslandi ættu uppruna sinn að telja til þessara höfðingja í Noregi, einkum smákonunganna og hersanna, því að þeir hafi varðveitt hofin og haft goðsþjónustuna á hendi jafnframt því, sem þeir höfðu herforustu á hendi, þá er ófrið bar að höndum, og önnur veraldleg völd.[1]) Fyrir þessu hafa eigi verið færð mikil rök, enda er það erfitt, því að heimildarritin láta lítið uppi um þetta.[2]) Stundum hafa menn líka sjeð ofsjónir í rannsóknum sínum. Af því, sem segir í Eyrbyggju um Þórólf Mostrarskegg og í Landnámu um Þórhadd hofgoða, hefur t. a. m. einn af hinum ágætu norsku sagnfræðingum leitt þá ályktun, að „hver norskur hersir hafi á fætur öðrum flutt hofið og þingstjóra- og hofstjóraembættið með sjer til Íslands, rjett eins og annað lausafje", þrátt fyrir það þótt þeir Þórhaddur sjeu ekki kallaðir hersar, og ekki einn einasti landnámsmaður sje nefndur því nafni. Þó voru sjö eða átta landnámsmenn hersasynir,[3]) en eptirtektavert er það, að enginn þeirra skyldi reisa hof á Íslandi, svo getið sje. Virðist það eigi benda á að blót

[1]) R. Reyser, Norges Stats- og Retsforf. (i Efterladte Skrifter II), bls. 6, 23; Samlede Afhandlinger bls. 296, 298; Munch, Hist. I, 151—53, 564; K. Maurer, Die Entstehung des Isländ. Staats, bls. 111 o. ef.; Upphaf allshr. á Ísl., bls. 98 o. ef.; Zur urgeschichte der godenvürde í Zeitschr. f. deut. Philol. IV, 130; Island, 39, 45, 99; Gísli Brynjólfsson, Um goðorð í Ný Félagsrit XIII, 62 o. ef. og í Hávarðar sögu 126—28, 130—31; Sars, Hist. I, 143—44, 173—74, 220; Henry Petersen, Om Nordboernes Gudedyrkelse og Gudetro bls. 1 o. ef.; K. Lehmann, Der Königsfriede der Nordgermanen bls. 168; W. Golther, German. Mythologie, bls. 612, 619. [2]) Sbr. Vilh. Finsen, Den opr. Ordning af Frist. Institutioner bls. 52—57. Hann hefur andmælt þessari skoðun og fært ýms rök fyrir því að goðar hafi haft goðsþjónustuna á hendi. [3]) Ldn. 14/48, 21/126, 19/228, 1/237, 10/264—65, 7/295 og 8/299.

og goðsþjónusta hafi verið eitt af aðalstörfum hersanna. Enn fremur mætti ef til vill telja Ingimund Þorsteinsson með þessum mönnum en þó er það alveg óvíst. Afi hans Ketill raumur er kallaður hersir í Landnámu, en Þorsteinn faðir hans ekki; hefur hann þó átt að vera hersir, ef faðir hans hefði verið það. Í Vatnsdælu er Ketill ekki nefndur hersir, en „yfirmaður heraðs“ og þar er sagt um Þorstein son hans, að hann færi „til áttjarða sinna ok ríkis“ eptir lát Ketils. Ingimundur tók við öllum eignum eptir föður sinn, en eigi er sagt að hann tæki við ríki, og eigi er hann heldur kallaður hersir. Á Íslandi reisti hann hof og varð hofgoði, því að hann gerðist guðhræddur maður og öðlingur mikill, er hann eltist.[1])

Fleiri landnámsmenn voru hersbornir eða í ætt við hersa í kvennlegg, en ekki eru þess nein merki að þeir hafi gerst goðar fyrir þá sök. Ekki er þess heldur getið um hersana í Noregi, að þeir hafi átt hof, svo að þeir hersbornir menn, sem fóru til Íslands, hafi getað fengið hof að erfðum og flutt þau með sjer. Að eins einn faðir landnámsmanns, sem „hafði varðveitt hof“, er í einu handriti kallaður hersir, en það er að minsta kosti mjög efasamt, hvort það er rjett, því að hann er ekki nefndur hersir í öðrum handritum.[2]) Of mikið má að vísu eigi leiða út af þessu. Það verður að gæta að því að fornsögurnar segja eigi mikið af slíku, en hins vegar má þó ætla, að þess hefði einhvern tíma verið getið, að hersar hefðu átt hof eða hersbornir menn hefðu flutt þau með sjer til Íslands, ef það hefur verið venja, að þeir hafi varðveitt hofin og þjónað goðunum, úr því að slíks er getið um aðra menn, sem eigi voru hersbornir. Ekki er heldur skýrt frá því að hersar þeir, sem síðar er getið um í Noregi, hafi átt hof, nema einn og það eigi fyr en á dögum Ólafs konungs hins helga. Það var Guðbrandur í Guðbrandsdölum, trúmaður mikill í heiðnum sið.[3]) Sýnir það,

[1]) Ldn. 2/173; Vatn. 1/4, 6/12, 11/21, 15/26. [2]) Ldn. 8/299; Hksb. 323/114, sbr. Stb. 368/223 og Flóm. 5/124. [3]) Hkr. II, 112—13/227—36, sbr. Nj. 87—8/414—31. Frásögn Njálu er ótrúleg, ekki síst að því leyti sem Dala-Guðbrandi er blandað inn í söguna. Hrappur hefur unnið

ef sú saga er sönn eins og líklegt er, að stundum hefur það komið fyrir, að hersar hafi átt hof og verið hofgoðar. Þótt þess sje eigi getið að hann hafi sjálfur int goðsþjónustuna af hendi,[1]) má þó vel vera að hann hafi gert það, því að ætla verður að hver trúaður maður hafi getað blótað, og að merkir höfðingjar hafi getað staðið fyrir fórnfæringum og allri heiðinni goðsþjónustu, ef þá fýsti þess og þeir voru hofseigendur. Hins vegar gátu þeir haft mann sjer til aðstoðar, og er eigi ólíklegt að þeir hafi gert það, er þeir áttu kost á manni, sem þótti færari en aðrir til þess. Sagan af Guðbrandi hersi virðist benda á, að einstaka höfðingjar, sem voru miklir blótmenn, hafi verið bæði hersar og hofgoðar eða t. a. m. jarlar og hofgoðar. Hver maður, sem var vel efnum búinn, gat reist sjer hof eða blóthús, ef hann var sá blótmaður, að hann vildi leggja svo mikið í sölurnar eða þóttist eigi á annan hátt fá fullnægt goðrækni sinni. Það var því eigi óeðlilegt, að aðrir yrðu stundum hofseigendur en hinir eiginlegu goðar, eða með öðrum orðum óðalsbændur, því að úr þeirra flokki munu goðarnir í Noregi venjulega hafa verið, eins og flestir hinir heldri menn. Þetta hefur varla verið svo reglubundið og nákvæmlega aðskilið eins og Vilhjálmur Finsen virðist hafa ætlað. En hins vegar má telja það víst, að í Noregi hafi verið bæði goðar og hersar, þá er Ísland bygðist, og að goðarnir á Íslandi eigi upphaf sitt að rekja til goðanna norrænu en eigi til hersanna. Það er eigi ólíklegt, að hersisnafnið hafi verið arfgengt í nokkrum ættum í Noregi áður en Ísland bygðist, en að það hafi, líkt og óðalsbóndanafnið, verið bundið við arfgenga jörð eða ríki eða annað,[2]) sem eigi mátti flytja af

---

illvirki sín einhvers staðar í Þrændalögum, líklega í Gaulardal eða í Orkadal. Aptur á móti nær það engri átt að hann hafi hlaupið margra daga leið sunnan úr Guðbrandsdölum og norður á Hlaðir, og jarl elt hann alla þá leið, sbr. Munch, Hist. II, 194, aths. 2.

[1]) V. Finsen, Den opr. Ordning af Frist. Inst. bls. 52 leggur helst til mikla áherslu á þetta. [2]) K. Maurer segir, að hersisnafnið bendi, eins og þjóðann og fylkir, á stöðu í broddi einhvers ákveðins þjóðflokks eða fólksfjölda. Zeitschr. f. deut. Philol. IV, 126.

landi burt fremur en óðalsjörð, og að Norðmenn hafi þess vegna eigi getað nefnt sig hersa á Íslandi, fremur en óðalsbændur. Hofin og goðin aptur á móti fluttu hofgoðarnir með sjer, og þau gátu þeir sett upp aptur á Íslandi, þótt þeir væru einir um það eða að eins með fjölskyldu sinni. Slikt gat gert hver, sá er vildi ef hann átti hof, og eins var hverjum manni frjálst að reisa hof á Íslandi.

Goðanna gætti eigi mikið í Noregi nje annars staðar á Norðurlöndum, að Íslandi frátöldu, af því að þeir höfðu eigi veraldleg stjórnarvöld. Þeir voru hofprestar í orðsins upphaflegu merkingu eða aðallega það, og fyrir því fóru litlar sögur af þeim. Þá er kristnin ruddi sjer til rúms, voru hofin brotin og þá var aðalstörfum goðanna lokið. Þeir duttu úr sögunni og gleymdust, og ber það einmitt vitni um, að þeir hafi einungis eða aðallega átt andlegum og friðsamlegum störfum að gegna. Öðru máli var að gegna með hersana í Noregi. Þeir voru ríkustu höfðingjarnir og Haraldur hárfagri notaði þá í þjónustu sína og fjekk þeim stjórnarvöld næst jörlunum. Gengi þeirra var mikið eptir sameiningu smáríkjanna og upphaf sannrar sögu í Noregi. Þeir höfðu herforustu og landsstjórn á hendi. Þeir nefndu menn í dóma á lögþingum.[1]) Sumir þeirra voru ríkir eins og jarlar, og þeir tóku þátt í orustum og söguríkum atburðum eins og þeir. Þeir öttu jafnvel kappi við jarla eða konunga landsins, er því var að skipta (t. a. m. Erlingur Skjálgsson, Dala-Guðbrandur). Þess háttar menn lifðu því í endurminningu þjóðarinnar og um þá voru ritaðar sögur síðar meir eða þeirra var getið í konunga sögunum, þótt þeir hyrfu einnig úr Noregs sögu þegar eptir daga Ólafs konungs hins helga.[2])

Á Íslandi var öðru máli að gegna og ástæðurnar aðrar. Þar var enginn konungur eða þjóðhöfðingi, er gæti veitt höfðingjum vald eða stjórnarstörf yfir öðrum landsmönnum, en þar voru meira en 400 smáhöfðingjar og sjálfstæðir bændur, sem voru eins og smákonungar hver á sinni jörð, óháðir

[1]) Eg. 56/187—88. [2]) Sbr. G. Storm, Norsk hist. tidsskr. 2. r. II, 137.

sem konungar en fátækir sem bændur, því að þeir áttu eigi yfir öðru ríki að ráða en jörð sinni. Þótt þeir væru dálitið misjafnir að ætterni, ríki og hreysti eða öðru, eins og mönnum er títt, þá voru þeir þó allir sjálfstæðir menn. Að eins nokkrir þeirra höfðu reist hof og gerst leiðtogar nágranna sinna og annara manna í trúarmálum. Þeir höfðu vaxið við það að áliti á meðal landsmanna, og þeir voru t. a. m. fremur teknir fyrir gjörðarmenn í málum, ef á þurfti að halda, en aðrir menn. Sumir þeirra reyndu einnig að afla sjer veraldlegra valda og áhrifa, og tveir hinir framkvæmdarmestu höfðu þegar sett þing á stofn fyrir sig og sína menn og nágranna sína. Það var því eðlilegt, að þessir menn yrðu valdir til þess að setja lög fyrir landið og nefna menn í dóma og hafa önnur veraldleg völd á hendi, þá er landsmenn settu sameiginlega stjórnarskipun á fót og urðu að gera ákvæði um þetta, af því að þeir voru orðnir leiðtogar þjóðarinnar í andlegum málum, og eigi var hægt að velja aðra, sem voru betur fallnir til þess eða verðugri. Þá er alþingi og stjórnarskipun landsins var sett, fengu goðarnir fyrst að lögum veraldleg völd á Íslandi; frá þeim tíma höfðu hinir lögákveðnu goðar bæði andleg og veraldleg völd, og þá er goðsþjónustustörf þeirra fjellu um koll með heiðninni, voru hin veraldlegu störf þeirra fyrir löngu orðin svo rík, að þeir stóðu jafnrjettir eptir sem áður. Goðarnir urðu því líkastir hersunum, hjeraðs- eða fylkis-konungunum eða jörlunum, svo það lá því mjög nærri að líkja þeim við þá og ætla, að goðarnir væru eptirmenn þeirra, einkum af því að menn vissu eigi að goðar höfðu verið í Noregi, þá er Ísland bygðist, og ætluðu að goðarnir íslensku hefðu frá öndverðu haft veraldleg völd á hendi. En af því leiddu menn aptur þá skökku ályktun, að andleg og veraldleg völd hefðu verið sameinuð í höndum hersanna, jarlanna og smákonunganna í Noregi.[1])

---

[1]) Sbr. V. Finsen, Den opr. Ordn. af Frist. Instit. 53, 56.

Hin fyrstu þing sett. Þórsnesþing og Kjalarnesþing.

Af því sem nú hefur verið sagt um fyrstu hofin á Íslandi og hið upphaflega vald goðanna, er auðsætt, að þótt einhver hofgoði eða landnámsmaður reisti hof á Íslandi, leiddi alls eigi beinlínis af því, að hann setti þing á stofn við hof sitt, til þess að dæma um mál manna. Þótt menn hjeldu almenn blót og blótveislur, gátu menn gert það án þess að setja dómþing, og þess eru eigi nein merki, að goðarnir í Noregi hafi haldið slík þing. Að vísu vita menn harla lítið um þingin í Noregi á þessum tíma, og það er alveg óvíst, hvort þar hafa verið haldin þing árlega á ákveðnum tíma, nema lögþingin þrjú, og á þeim virðast hersarnir hafa ráðið mestu og haft dómnefnu á hendi. Þó komst eigi fult skipulag á þessi þing fyr en á dögum Hákonar Aðalsteinsfóstra.[1])

Aptur á móti virðast hjeraðsþingin eða þingin í hinum minni þinghám eigi hafa verið háð á reglulegum tíma, heldur ákveða Gulaþingslög[2]) að sá skuli kveðja til þings, er þings þykist þurfa; kemur það glögglega í ljós bæði í Gulaþingslögum og Frostaþingslögum, að sá, sem stefndi manni á þing, varð að boða til þings og sjá um að þing væri haldið, en þess hefði hann eigi þurft, ef hjeraðsþing hefðu verið haldin árlega á ákveðnum tíma. Það er því efasamt, hvort nokkur þing hafi verið haldin í hjeruðum á ákveðnum tíma á ári hverju svo snemma á öldum, sem hjer ræðir um, en hafi nokkur þing verið haldin, ætla menn helst að það hafi verið miðföstuþingin og þingin í ágústmánuði, en þó er fyrst boðið í Landslögum Magnúss lagabætis að heyja þau árlega. Þess er eigi heldur getið að þing þessi hafi verið haldin fyr en Landslögin komu út, en menn hafa ætlað að svo hafi verið, af því að vorþing og leiðir voru háðar á Íslandi frá upphafi alþingis, og því

[1]) Sbr. að framan bls. 41—43 og E. Hertzberg, Den ældste norske Proces. Kristiania 1874. Bls. 117 o. ef. [2]) Norges gamle Love I, 131/55.

hafi einhver þvílík þing verið til í Noregi, sem hafi verið tekin til fyrirmyndar, þá er vorþingin og leiðirnir voru settar.[1]) Þetta er því eigi annað en getgáta, bygð á litlum rökum og er eigi hægt að segja neitt víst um þetta. Ekki er heldur neitt það kunnugt, sem bendir á, að þingunum í Noregi hafi verið svo fyrir komið, að ástæða sje til að ætla, að það hafi upphaflega verið eitt af verkum goðanna, að halda sjerstök þing jafnframt því sem þeir gegndu prestsverkum.[2])

Fornsögur vorar segja frá því, að tvö þing voru sett á Íslandi þegar á landnámsöld. Annað þeirra var Þórsnesþing, en hitt Kjalarnesþing. Hvaða ár þing þessi voru sett, vita menn eigi, en líklegt er að Þórsnesþing hafi verið sett fyr, því að það setti Þórólfur Mostrarskegg, en hitt Þorsteinn Ingólfsson, sem annaðhvort hefur verið barn í reifum, er faðir hans fór til Íslands að byggja það, eða hann hefur fæðst skömmu eptir það. Þórólfur Mostrarskegg kom út um 884 og átti þá frumvaxta son, svo að hann hefur þá eigi verið minna en hjer um bil hálffimtugur; þingið hefur hann þó eigi getað sett fyrstu árin, því að hann setti það „með ráði allra sveitarmanna“, en Þórólfur nam fyrstur land þar um sveitir. Á árunum 886 til 895 bygðist allmikið af sveitunum í kring um hann, en fyr en eptir 890 hafa sveitirnar að sunnanverðu við Breiðafjörð og við Hvammsfjörð eigi verið svo mikið bygðar, að þörf gerðist á þingi; er ekki líklegt að Þórsnesþing hafi verið sett fyr en um 895. Þingið var haldið „þar á nesinu, sem Þórr kom á land“, og segir í Landnámu að þar „hafði Þórólfr dóma alla“ en í Eyrbyggju að þar „léti hann hafa dóma alla“; þessi orð benda á, að þingið hafi verið dómþing og að Þórólfur hafi ráðið mestu um dómana, að líkindum nefnt menn í dóm, en þó er eigi hægt að vita það með vissu. Öll saga Þórólfs bendir á, að hann hefur verið skörungur mikill, og því er auðsætt, að hann hefur ráðið mestu á þingi þessu á meðan hon-

---

[1]) E. Hertzberg, Den ældste norske Proces, bls. 113—16. [2]) Sbr. V. Finsen, Den opr. Ordn. af Fristat. Institutioner, bls. 58.

um entist aldur. Hann hefur sett þingið af skörungsskap og stjórnsemi, en eigi af því að hann var goði; ef slíkt hefði hvílt á honum sökum goðorðs hans, þá hefði hann sett það þegar í upphafi um leið og hann reisti hofið.

Þing þetta er kallað heraðsþing bæði í Eyrbyggju og Landnámu, en það er eigi rjettnefni, ef menn vilja leggja í það orð þá merkingu, að Þórsnesþing hafi verið þing í hjeraði með takmörkum, sem menn höfðu ákveðið. Hjeraðaskipting var þá engin til á Íslandi, og engin önnur skipting en eptir landnámum og eignarrjetti, en hjerað táknar líka allbreiða bygð, t. a. m. í mótsetningu við þröngan dal; að Þórsnesþing hafi verið hjeraðsþing, merkir því eigi annað en að það hafi verið þing fyrir dálítinn hluta af landinu, og annað orð, sem ætti betur við en þetta, var eigi hægt að finna, þá er sögurnar voru ritaðar. Þórsnesþing var bundið við þann stað, sem það var háð á, en það svæði, sem það var fyrir, hafði engin föst takmörk fremur en hofsóknirnar; eptir því sem landið bygðist, sóttu fleiri og fleiri bændur þingið úr nágrannasveitunum.[1])

Fyr en um aldamótin 900 hefur Þorsteinn Ingólfsson eigi getað sett Kjalarnesþing, því að þá var hann ungur maður á milli tvítugs og þrítugs, en mörg ár hafa eigi heldur liðið eptir 900, áður en það var sett, því að snemma á 10. öld var þar dæmt um víg Ófeigs grettis, ef marka má Grettis sögu. Ari hinn fróði segir frá Kjalarnesþingi með þessum orðum: „áðr (þ. e. en alþingi var sett) vas þing á Kialarnesi, þat es Þorsteinn Ingólfs sonr landnámsmannz faþer Þorkels mána lǫgsǫgomannz, hafþi þar, oc hǫfþingiar þeir, es at þui hurfu“.[2]) Í Landnámu er þess að eins getið, að Þorsteinn ljeti setja þing á Kjalarnesi, áður alþingi var sett.[3]) Í Viðauka við Melabók[4]) er sagt, að Þorsteinn „léti setja fyrstr manna þing á Kjalarnesi áðr alþingi var sett, við ráð Helga bjólu ok Erlygs at Esjubergi ok

[1]) Ldn. 12/97; Eyrb. 4/7. [2]) Íslb. 3/5—6. [3]) Ldn. 9/38. [4]) AM. 106, fol. handrit sjera Þórðar Jónssonar frá miðri 17. öld, prentað í Ldn. bls. 336.

annarra vitra manna; ok fylgir þar enn sökum (þess) því goðorði alþingis helgun".

Í Grettis sögu er þess getið, að um eptirmál Ófeigs grettis hafi verið gert á Kjalarnesþingi, og er þá alt talið, sem segir í heimildarritunum af þingi þessu á landnámsöld.

Skoðanir visindamanna á Kjalarnesþingi hafa þó verið mjög skiptar. Vilhjálmur Finsen ætlar að það hafi verið fyrir lítinn hluta landsins.[1]) K. Maurer ætlar aptur á móti að Kjalarnesþing hafi haft almenna þýðingu fyrir alt land, og að margir sjálfstæðir höfðingjar hafi háð það í sameiningu, og þar hafi verið dæmd mál úr ýmsum hjeruðum landsins, sem eigi hafi verið hægt að dæma á smáþingum þeim, sem hann ætlar að goðarnir hafi haldið.[2]) Björn M. Ólsen er á líkri skoðun sem Maurer, en gengur þó lengra, því að hann ætlar að Kjalarnesþing hafi verið „allsherjarþing" fyrir alt Ísland.[3]) Af því að orð Ara „en áþr vas þing á Kialarnesi" standa í sambandi við orð hans á undan „Alþingi vas sett at ráþi Úlfliótz oc allra lanzmanna, þar es nú es", ætlar hann að Ari hafi „sett Kjalarnesþing á bekk með alþingi, eða með öðrum orðum skoðað það sem allsherjarþing en ekki sem hjeraðsþing". Fyrir þessu færir dr. Ólsen tvær ástæður. Önnur þeirra er sú, að land Þóris kroppinskeggja í Bláskógum, sem sekur hafði orðið um morð (ekki víg) Kols þræls eða leysingja, „varþ síþan allzheriarfé, en þat lǫgþo lanzmenn til alþingis nayzlo".[4]) Það mun rjett vera, sem dr. Ólsen ætlar, að Þórir hafi orðið sekur á undan setningu alþingis, eins og orð Ara „maþr hafþi sekr orþit" benda á. Líklegt er einnig að Þórir hafi verið gerður sekur á Kjalarnesþingi, því að það var næst vettvangi,[5]) og land Þóris var annaðhvort alt eða nokkuð í landnámi Ingólfs eða á takmörkum þess. En þótt Ari segi að landsmenn lögðu landið til alþingisneytslu, þá sannar það alls eigi, að Kjalarnesþing sjálft hafi skoðað sig sem allsherjarþing nje að

[1]) Den opr. Ordn. af Frist. Instit. bls. 60. [2]) Island 48—49. [3]) Sbr. Kjalarnesþing í Germanistische Abhandlungen zum LXX. Geburtstag K. v. Maurers, bls. 127—131. [4]) Íslb. 3/6. [5]) Íslb. 5/8; V. Finsen, Den opr. Ordn. af Frist. Instit. bls. 41.

það hafi verið það. Það verður að gæta að því, að kveða má svo að orði að landsmenn hafi gert þetta, þótt fulltrúar eða menn af hendi allra landsmanna hafi eigi gert það, og að Kjalarnesþing gat vel gert það, þótt það væri að eins þing fyrir lítinn hluta landsins. Einn einstakur maður gat meira að segja gefið eða lagt land til alþingisneytslu, ef alþingi sjálft vildi þiggja það. Alveg samskonar viðburður er kunnur frá sömu árum, þar sem Grímur geitskör fjekk pening af hverjum manni fyrir að kanna Ísland, „en hann gaf fé þat síþan til hofa", til þess að styrkja þau og efla og hefur fjenu eflaust verið skipt á milli þeirra.[1]) Hins vegar er það alls eigi víst, að Kjalarnesþing hafi lagt land Þóris til alþingisneytslu; sú samkoma eða þing, sem setti alþingi á stofn, hið fyrsta alþingi, sem háð var, hefur að líkindum gert það. Morðmál Þóris gerist um það leyti sem menn eru að búa sig undir að setja alþingi á stofn. Þrællinn eða leysinginn hefur verið myrtur áður, morðið kemst upp og morðinginn verður að líkindum sekur og land hans gert upptækt áður eða um það leyti sem alþingi er sett, en ekki var hægt að gera ákvörðun um að landið skyldi lagt til alþingisneytslu fyr en alþingi var sett, eða ákveðið var að minsta kosti, hvar það skyldi heyja. Þetta liggur í hlutarins eðli, þótt engar sögur sjeu til um þetta, og einnig hlýtur bæði könnun landsins og alt mál Þóris kroppinskeggja að hafa tekið töluverðan tíma. Hafi það verið orðið kunnugt á Kjalarnesþingi, að Grímur geitskör hafði valið stað handa alþingi fyrir norðan Ölfossvatn, þá er Þórir var gerður sekur, má einnig vera, að menn hafi þar ákveðið að land hans skyldi gefa alþingi og Kjalarnesþing gat vel gert það, þótt það væri þing einungis fyrir lítinn hluta landsins. Fyrirmæli Grágásar um sektarfje, sem dr. Ólsen talar um,[2]) sanna hvorki til nje frá, að því er þetta atriði snertir.

Önnur ástæða dr. Ólsens fyrir því, að Kjalarnesþing hafi

[1]) Ísl. 2/5, sbr. síðar að einstakir menn gáfu land til biskupsstóla, fyrst handa öllu landinu og síðar handa Norðlendingafjórðungi. Íslb. 10/15; Bps. I, 13/28, 5/67, 6/158, 7/159. [2]) Germ. Abhandlungen, bls. 129—130.

verið allsherjarþing, er sú, að helgun alþingis fylgdi goðorði Þorsteins Ingólfssonar og að í viðbæti Melabókar segir, að það hafi verið „sökum þess“ að „Þorsteinn Ingólfsson lét setja fyrstr manna þing á Kjalarnesi, áðr alþingi var sett“. Að því verður að gæta, er nota á heimildarrit þetta, að það er ungt, samtíningur frá 17. öld, sem hefur mjög lítið sjálfstætt gildi[1]) og að nota verður það með allri varúð. Að Þorsteinn Ingólfsson,—og eptir hann niðjar hans, — var látinn helga alþingi, ber vitni um, að Þorsteinn hefur verið mikils metinn höfðingi, sem hefur notið virðingar manna eins og faðir hans, og að það hefur einnig þótt viðurkenningarvert, að hann setti Kjalarnesþing á stofn, en sjerstaklega sýnir það þó ásamt öðru fleiru, að Íslendingar voru verksýnir menn og að þeir íhuguðu vel alt málið um setningu alþingis. Þeir ljetu kanna alt landið til þess að velja sem bestan stað handa þinginu, og þeir ákváðu að sá goði, sem bjó einna næst alþingisstaðnum, skyldi helga alþingi, af því að með því var fengin hin besta trygging, sem hægt var að fá fyrir því, að sá goði mundi koma á alþingi, sem mest reið á að kæmi þangað jafnan í tæka tíð. Verksýni hefur að líkindum ráðið hjer mestu, en auk þess var sá, sem hlut átti að máli, einhver hinn virðulegasti höfðingi á öllu landinu, sonur fyrsta landnámsmannsins og reyndur að framtakssemi að því er þingstjórn og almenn mál snerti, og svo var alþingisstaðurinn í landnámi föður hans eða alveg við það. Af öllum þessum ástæðum mun það hafa verið ákveðið, að Þorsteinn og erfingjar hans skyldu helga alþingi. Hugsum oss, að Grímur geitskör hefði valið alþingi stað norður á Þingeyri eða í Eyjafirði; þá hefði Þorsteinn Ingólfsson varla orðið allsherjargoði, heldur Ingimundur gamli á Hofi og niðjar hans eða niðjar Helga hins magra. Ef alþingi hefði verið haldið vestur á Þórsnesi eða í Dölum, þá hefðu niðjar þeirra Þórólfs Mostrarskeggs eða Þorsteins rauðs orðið allsherjargoðar, og ef það hefði verið háð

[1]) Sbr. K. Maurer, Die Quellenzeugnisse über das erste Landrecht und über die Ordnung der Bezirksverfassung des isländ. Freistaates. München 1869. Bls. 17—29.

austur í Fljótsdalshjeraði, þá hefðu þeir eigi orðið það, heldur einhver helsti goðinn austur þar. Að Þorsteinn varð allsherjargoði, sannar því ekki að Kjalarnesþing hafi verið allsherjarþing, heldur var það eðlileg afleiðing af því, að alþingisstaðurinn var í eða við landnámi föður hans og að hann var merkastur goði þar í nágrenninu.

Hins vegar má telja það alveg víst, að Kjalarnesþing hafi eigi verið allsherjarþing eða þing fyrir alt land. Ef svo hefði verið, þá hefði eigi verið þörf á að setja alþingi, annað þing fyrir alt landið, á stofn, rjett við hliðina á því. Í þessu er í raun rjettri fólgin allsterk sönnun fyrir því, að Kjalarnesþing var ekki allsherjarþing. En auk þessa verður að gæta að því, að Kjalarnesþing er sett á stofn þegar í byrjun 10. aldar, áður en mikill hluti landsins var bygður og áður en landsmönnum gat orðið nokkur almenn þörf á því, að sett væri allsherjarþing á stofn fyrir alt land. Aptur á móti gat töluvert fyr vaknað löngun hjá einstökum mönnum í þeim bygðum, sem bygðust fyrst, til þess að setja þar þing á stofn fyrir sig og nágranna sína, eins og raun varð á við Breiðafjörðinn og Faxaflóa. Þá er Kjalarnesþing var sett, var alt landnám Ingólfs eigi numið, en næstu sveitirnar kring um Reykjavík voru bygðar, svo sem Kjalarnesið, er bygðist einna fyrst; er það að líkindum rjett, sem segir í viðbæti Melabókar, að landnámsmennirnir á Kjalarnesi, Helgi bjólan og Örlygur, og aðrir vitrir menn hafi verið í ráðum með Þorsteini, er hann setti þingið; er líklegt að Þórður skeggi hafi verið einn af þeim, þótt eigi sje hann nefndur, því að hann mun hafa setst að þar syðra áður en Ingólfur andaðist og Kjalarnesþing var sett.[1])

Að kalla Kjalarnesþing hjeraðsþing á því hvorki betur nje ver við, en að nefna Þórsnesþing svo. Þorsteinn Ingólfsson og höfðingjarnir í nágrenninu við hann hafa sett það á stofn fyrir sig og sína menn, og að því hafa horfið menn úr landnámi Ingólfs við Faxaflóa eptir því sem það bygðist. Þeir menn, sem námu land í landnámi Ingólfs austanfjalls,

[1]) Sbr. Ldn. 10/40.

hafa líklega sótt Kjalarnesþing, er þeir þurftu á þingi að halda, en einstaka sveitir í landnámi Ingólfs bygðust mjög seint t. a. m. Grindavík. Þá er fólkinu fjölgaði í landnámi Ingólfs, fjölgaði þingheyjendum einnig á Kjalarnesþingi. Ef til vill hafa menn af Hvalfjarðarströnd og Akranesi einnig sótt Kjalarnesþing, af því að það var svo nærri þeim. Einstaka sinnum hafa menn að líkindum úr næstu hjeruðum leitað til Kjalarnesþings til þess að fá mál sín dæmd, og er þess eitt dæmi eptirmálið eptir Ófeig gretti; er þess getið, að það hafi verið gjört, af því, að „þá var enn eigi sett alþingi". Ekkert þing hefur þá verið í Árnessýslu, því að þar hefði átt að dæma um málið. Báðir málsaðilar voru þaðan. Synir Ófeigs grettis voru sakaraðilar eptir föður sinn, en Önundur trjefótur mágur þeirra eigi. Þeir höfðu liðsafnað og sendu eptir Önundi og reið hann suður til þess að veita þeim lið, en af því að hann er einn af aðalmönnunum í Grettis sögu, er talað mest um hann í sambandi við málið, en það hefur vilt sjónir fyrir mönnum.[1])

Hreppamenn munu eigi hafa átt rjett á að leggja mál sín til Kjalarnesþings og fyrir því munu aðilar málsins hafa orðið að leita fyrst samþykkis eða leyfis til þess hjá Þorsteini Ingólfssyni. Er eigi ólíklegt, að honum hafi þótt virðing að því, að menn úr öðrum landnámum sæktu þing hans og að hann hafi leyft slíkt fúslega, þótt varla geti verið efi á því, að Kjalarnesþing hefur upphaflega eigi verið stofnað fyrir þá. Í orðum Ara fróða, að Þorsteinn Ingólfsson hafði þing á Kjalarnesi og höfðingjar þeir, er að því hurfu, liggur eigi sú þýðing, að Kjalarnesþing hafi verið allsherjarþing, heldur þvert á móti þing fyrir nokkurn eða lítinn hluta landsins, eða að eins þing þeirra manna, er hurfu að því með Þorsteini. Það er líka auðvitað, að þeir menn, sem t. a. m. sóttu Þórsnesþing eða voru úr svo fjarlægum hlutum landsins sem Austfjörðum og Norðurlandi eða Vestfjörðum, hafa eigi sótt til

[1]) Grett. 10/24—25. Maurer kallar Önund sakaraðila, Isl. 48, og eins Vilh. Finsen, Den opr. Ordning af Frist. Inst. bls. 60,

Kjalarnesþings með mál sín. Önundur trjefótur kom þangað einungis af því, að hann var sóttur til liðveislu við mál suður í Árnessýslu.

Kjalarnesþing og Þórsnesþing eru einu þingin, sem fornritin skýra frá að sett hafi verið á stofn þegar á landnámsöld. Þó er eigi ómögulegt að einhver önnur þing hafi verið sett þá á stofn, en um það vita menn ekkert með sannindum. En ef hver goði hefði haldið þing og ef því eins mörg þing hefðu verið sett á stofn eins og hof þau voru, er reist voru á landnámsöldinni, þá mundi eflaust fleiri þinga getið í sögunum en þeirra tveggja, sem nú voru nefnd. Þá hefði það verið nærri því ómögulegt, að þau hefðu öll fallið í gleymsku, því að eigi bar minna á þingunum en á hofunum, og optar var færi á að nefna þau en hofin. Af sumum goðunum á landnámsöld eru einnig til allgreinilegar sögur, einkum Ingimundi Þorsteinssyni. Þess er meðal annars getið, að hann reisti hof, setti saman virðulegt bú „ok gerðist brátt yfirmaðr (ɔ: goði) Vatnsdæla ok þeirra sveita, er nálægstar vóru". Litlu síðar er sagt „þá gerðust ok margar sveitir bygðar; tókust þá upp lög ok landsréttr".[1]) Hjer er auðsjáanlega átt við, er Úlfljótslög voru sett, en frásögnin er víða óskipuleg og söguritarinn hefur að eins haft mjög óglögga hugmynd um tímatalið. Síðan er skýrt frá utanferð Ingimundar, er hann sótti sjer húsavið. Þá er hann var kominn heim úr ferðinni og hafði bætt bæ sinn, er sagt að „hann fengi sér ok goðorð ok mannaforráð",[2]) en hvergi er þess getið að hann hafi sett þing, og þó er söguritarinn hvað eptir annað að skýra frá veldi Ingimundar. Um Húnavatnsþing er eigi getið fyr en á miðri 10. öld.[3])

Enn fremur verður að gæta að því, að þing hafa eðlilega eigi getað komist svo fljótt á stofn sem hofin. Hver

[1]) Vatn. 15/26—27. [2]) Vatn. 16/28, sbr. 22/36 orðið Vatnsdælagoði. [3]) Vatn. 33/53 sbr. 29/49. Um þingið á Höskuldsstöðum, sem Svarfd. 13/37, 19/54, getur um, þarf eigi að tala hjer, því að bæði er Svarfd. svo ósönn, og ef það væri satt, sem sagt er um þingið, þá gerðist það eptir landnámsöld.

einstakur landnámsmaður gat fundið hvöt hjá sjer til að blóta goðin og löngun til þess að reisa hof, og það gat hann framkvæmt einn með heimamönnum sínum. Þótt engir menn hefðu setst þar að í sveitum nema hann og skipshöfn hans, gat verið þörf á hofi, en á þingi var engin þörf fyr en fólkinu tók að fjölga og einhverjir þeir voru til, sem dæma þurfti í milli.

Eins og vígaferli þau sýna, sem getið er um á landnámsöld, var flestum landnámsmönnum annað tamara, en að leita þegar laga og rjettar, ef þá greindi á um eitthvað. En ef þeir ljetu eigi þegar vopnin skera úr málum sínum, þá reyndi annaðhvort annar málsaðili að fá að ráða einn öllu og gera sjálfur um málið, eða báðir aðilar fengu einhverja menn til þess að gjöra um málið og lögðu það í gjörð þeirra. Stundum voru það líka aðrir, sem reyndu að koma griðum á milli þeirra manna, sem áttu í deilum, og fengu þá til þess að gangast undir gjörð annara manna, er þeim kæmi saman um að gjöra skyldi um mál þeirra. Er þess beinlínis getið, að vísu ekki í mjög áreiðanlegri sögu, að mál hafi ekki verið „í saksóknir færð", því að það hafi verið fyr en Úlfljótslög voru sett.[1]) En þá er menn höfðu þá aðferð, að stefna mótstöðumönnum sínum og ekkert þing var til að dæma um málið, verður að ætla, að stefnandinn hafi orðið að fá menn þar í nágrenninu eða úr næstu sveitum til þess að koma saman og dæma eða gera um málið. Landnámsmenn munu hafa farið líkt að og þeir voru vanir, áður en þeir komu til Íslands, og eins munu þeir hafa dæmt eptir þeim lögum og rjettarvenjum, sem þeir höfðu áður átt við að búa og þeim voru kunnar, þangað til að landsmenn sjálfir eignuðust lög. Þá er þurfti að gera um mál manna, voru haldnir sættarfundir eða einstakra manna þing. Á þess konar þingi mun hafa átt að gera um mál þeirra Arnar úr Vælugerði og Böðvars, sem Atli ónýtti, og þannig var gert um víg Odds Unasonar og fylgdarmanna hans.[2]) Sú venja að leggja mál í gjörð eða ljúka þeim á fundum

[1]) Gull-Þ. 15/36. [2]) Ldn. 10/304; Vatn. 20/33—34.

einstakra manna, var svo rík á Íslandi í fornöld, að hún hjelst eptir að þing og landslög voru sett svo lengi sem þjóðveldið stóð. Má telja víst að á þann hátt hafi menn gert optast um mál sín á landnámsöld, ef þeir beittu eigi ofríki og börðust, en heimildarritin benda á, að sú aðferð hafi verið einna tíðust í fyrstu.

Að lokum skal hjer minnst á einn goða, sem talinn er með landnámsmönnum, til þess að sýna, hve sumum goðunum var í fyrstu um hugað að halda uppi lögum og rjetti eða hitt þó heldur. Það er Hrafnkell Freysgoði, einn af hinum elstu goðum, sem mest segir af. Hann bygði hof, en ekki er þess getið að hann setti neitt þing, en hins vegar er auðsætt, að hann hefur verið einn af þeim mönnum á Íslandi, sem þá lagði mesta stund á að ná sem mestum yfirráðum undir sig. Hann kom ungur út á seinni hluta landnámsaldar, og uppgangur hans var mestur um það leyti sem alþingi var sett og rjett eptir það. Hann bygði mönnum land í Hrafnkelsdalnum með því skilyrði, að hann væri yfirmaður þeirra og dalsmenn í goðorði hans, en Hrafnkelsdalur er lítill og þess vegna beitti Hrafnkell ójöfnuði við Jökuldalsmenn og þröngdi þeim, sem hann gat, til þingmensku við sig; stóð hann „mjök í einvígum, ok bætti engan mann fé".[1]) Það er auðsjeð að þessi goði hefur hugsað mest um að gerast ríkur höfðingi, en eigi um að koma á lögum og landsrjetti og halda þeim uppi. Hann setur eigi þing heima í sveit sinni, til þess að dæma um mál manna og halda uppi friði, heldur reynir hann að brjóta menn undir sig til þess að verða yfirmaður þeirra.

Margt bendir á, að meira hafi verið gert í fyrstu til þess að halda trúnni uppi og koma skipulagi á goðadýrkunina, en til þess að koma á veraldlegri stjórn í landinu. Alt var komið undir framkvæmd einstakra manna, og eðlilega sat þá trúin í fyrirrúmi. Hún var hjartamál og hugðarmál, sem gat orðið ríkt í brjóstum manna, hvort sem þeir voru fáir eða margir saman; hitt var skynsemdarmál, sem

[1]) Hrafnk. 4.

ytri ástæður urðu að vekja og gera nauðsynlegt. Þá er landið tók víða að byggjast og fólkinu að fjölga og viðskipti að vaxa meðal landsmanna, munu menn við ýms tækifæri hafa farið að finna til þess, að nauðsynlegt mundi vera að setja sameiginleg lög handa öllum landsmönnum. Í lok landnámsaldarinnar fór Úlfljótur til Noregs að kynna sjer þar lög og rjett. Setning alþingis og Úlfljótslaga eru hinir merkustu viðburðir á landnámsöldinni eptir upphaf Íslands bygðar. Með þeim endar landnámsöldin og með þeim hefst einnig allsherjarríki, þjóðveldi á Íslandi. Saga þess mun því verða hafin með því að skýra frá Úlfljótslögum og upphafi alþingis.

MANNANÖFN.

Adam frá Brimum, rithöfundur 6.
Adrian, páfi 66.
Aed, konungur á Írlandi 95.
Alexander hinn mikli 4.
Alfarinn Valason, ldnm. 124, 125.
Álfdís hin bareyska Konálsdóttir, kona Ólafs feilans 132, 279.
Álfgeir, ldnm. 157.
Álfur hinn egðski. ldnm. 215, 216.
Alkuin, engilsaxneskur kennari 14
Alli Sölvagoði 298, 299.
Alrekur Hrappsson, ldnm. 178.
Álof Ragnarsdóttir, loðbrókar 233.
Álöf Sigurðardóttir sjá Áslaug Sigurðardóttir, Ragnarssonar.
Án bogsveigir 142, 232.
Án hinn rammi, ldnm. 183.
Án rauðfeldur, ldnm. 141, 142, 143, 232.
Áni á Ánabrekku 118.
Arinbjörn, hersir í Fjörðum 119, 235.
Ari hinn fróði Þorgilsson, prestur 12, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 98, 120, 215, 221, 225, 232, 238, 242, 257, 258, 265, 307, 308, 312.
Ármóður hinn rauði Þorbjarnarson 140.
Arndís hin auðga Steinólfsdóttir, hins lága, ldnk. 149.
Arneiður Ásbjarnardóttir jarls, skerjablesa 181, 182, 212.
Arngeir, ldnm. 177.
Arngrímur ábóti á Þingeyrum 6, 266.
Arngunnur Þorsteinsdóttir, drangakarls 196.
Árni Thorlacius 125.
Arnór í Reykjahlíð 176.
Ása Hákonardóttir, Hlaðajarls 213.
Ása Ófeigsdótttir grettis, kona Önundar trjefóts 210, 211.
Ásbjörn Heyjangurs-Bjarnarson 189.
Ásbjörn hinn auðgi Harðarson, ldnm. 120.
Ásbjörn Reyrketilsson, ldnm. 199.
Ásbjörn skerjablesi, jarl í Suðureyjum 100, 181, 182, 212.
Ásbjörn Össurarson, ldnm. 109.
Ásbrandur Þorbrandarson, ldnm. 214.
Ásgeir ldnm. 120.
Ásgeir kneif Ófeigsson, ldnm. 198, 288.
Ásgeir Úlfsson, ldnm. 214.
Ásgerður Asksdóttir hins ómálga, ldnk. 198, 199, 250.
Ásgerður Áskelsdóttir = Ásgerður Asksdóttir.
Ásgrímur Öndóttsson, ldnm. 148, 170, 171.
Ási hersir, faðir Veðrar-Gríms 131.
Ási hersir Ingjaldsson 36.
Áskell hnokan Dufþaksson, ldnm. 193, 202, 226, 229.
Ásmundur, ldnm. 153, 154.
Ásmundur Atlason, ldnm. 124.
Ásmundur Öndóttsson, ldnm. 148, 170, 171.
Áslaug Sigurðardóttir, Ragnarssonar 233.
Ásleikur, faðir Hróalds hryggs 233.
Ásólfur alskik Konálsson 114, 289.

Asröður, ldnm. 185.
Asta Guðbrandsdóttir 151.
Ásvör Herjólfsdóttir 185.
Atli Hásteinsson 207, 208, 284, 285, 314.
Atli hinn mjóvi Hundólfsson, jarl 35, 45, 53, 54, 55, 68, 205, 206.
Atli Valason, ldnm. 124.
Atli, þræll Geirmundar heljarskinns 145, 147.
Auðbjörn fylkiskonungur 35, 70.
Auðólfur á Auðólfsstöðum 155.
Auðólfur, ldnm. 169.
Auðunn geit, jarl 170.
Auðunn hinn rauði, ldnm. 189, 292, 295.
Auðunn rotinn Þórólfsson, ldnm. 172, 235.
Auðunn skökull Bjarnarson, ldnm. 151, 154, 233, 234.
Auðunn stoti Valason, ldnm. 125.
Auður djúpúðga Ketilsdóttir, flatnefs 93, 94, 95, 97, 98, 99, 100, 105, 126, 129, 130, 131, 132, 133, 138, 167, 173, 191, 226, 238, 241, 254, 279, 283, 288, 289, 290, 291, 294.
Auður Vjesteinsdóttir, kona Gísla Súrssonar 143.
Ávaldi Ingjaldsson 257.
Ávangur, ldnm. 114, 229.

Bálki Blæingsson, ldnm. 149, 150.
Bárður, Bárekssón 203.
Bárður Brynjólfsson, lendur maður 71, 72, 74.
Bárður eða Gnúpa-Bárður, Heyjangurs-Bjarnarson(?), ldnm. 173, 174, 175, 190, 245, 248.
Bárður Suðureyingur, ldnm. 163.
Bárekur, faðir Bárðar 203.
Baugur, ldnm., fóstbróðir Ketils hængs 90, 91, 199, 200, 235, 284.
Beda, venerabilis, prestur 6, 298.
Bekan, ldnm. 114.
Bera Egilsdóttir, Skallagrímssonar 216.
Bera Yngvarsdóttir, kona Skallagríms 82, 279.
Bersi goðlaus Bálkason, ldnm. 121, 149.
Bjarni spaki Þorsteinsson 211.
Bjartmar jarl, faðir Grelaðar 142.
Bjartmar Ánarson 143.
Bjólfur, fóstbróðir Loðmundar, ldnm. 183.
Björg Eyvindardóttir, austmanns 137, 167.
Björgólfur í Torgum 74.
Björn, ldnm. 148.
Björn, ldnm. 201.
Björn, ldnm., að Reyni 197.
Björn at Haugi 163.
Björn buna Veðrar-Grímsson, hersir 94, 110, 190, 209.
Björn byrðusmjör Hróaldsson, hryggs 233.
Björn Bölverksson 128.
Björn gullberi, ldnm. 116.
Björn Gunnlaugsson, yfirkennari 177, 189.
Björn hinn austræni Ketilsson, ldnm. 94, 97, 105—6, 112, 125, 126, 127, 128, 130, 134, 137, 234, 251, 279, 288.
Björn hinn háfi, ldnm. 186.
Björn Hítdælakappi 121.
Björn Hróarsson, ldnm. á Sljettubjarnarstöðum 135, 161, 162, 227, 234, 236.
Björn Hrólfsson, frá Ám 166, 167, 170, 211, 212.
Björn járnsíða Ragnarsson, loðbrókar 233.
Björn Jónsson, að Skarðsá 110.
Björn Molda-Gnúpsson, ldnm. 195.
Björn M. Ólsen 308, 309.
Björn Skútaðar-Skeggjason, ldnm. 150.
Björn Sviðinhorni, ldnm. 187.
Björn, þræll Geirmundar heljarskinns 135.
Björnólfur Hrómundarson 53.
Blundketill (eða Ketill blundur) Geirsson 120.
Blundketill Örnólfsson 120.

Bót, ambátt Ketilbjarnar 213.
Bragi skáld 119, 235.
Brandönundur, ldnm. 187.
Brúni hinn hvíti Hákonsson, ldnm. 164.
Bruun, Daniel 12.
Bryngerður, móðir Friðleifs 227.
Brynjólfur Björgólfsson, lendur maður 71, 74, 78.
Brynjólfur hinn gamli Þorgeirsson, ldnm. 182, 184, 185, 186, 187.
Brynjólfur Jónsson, frá Minna-Núpi 215.
Bröndólfur Naddoðarson, ldnm. 209, 210, 215.
Bugge, Alexander 96.
Bugge, Sophus 16.
Burislafur (= Boleslav) Garðakonungur 234.
Böðmóður, ldnm 191.
Böðólfur Grímsson, ldnm. 176.
Böðvar hinn hvíti Þorleifsson, ldnm. 187, 235, 292.
Böðvar, leysingi í Böðvarstóptum 284, 314.

Cearbhall af Leinster 66.
Chochilaicus sjá Hugleikur.
Columba sjá Kolumkille.
Cuthbert, helgur maður 15.

Dagur, hersir á Þengilsstöðum 85.
Dala-Kollur sjá Kollur Veðrar-Grímsson.
Dalström, Joh. Fred. 66.
Dicuilus, írskur munkur 6, 9, 10, 11, 12, 13, 15, 23, 24, 264.
Diodor, grískur sagnaritari 4.
Dochonna, dýrðlingur í Peel 16.
Domhnall eða Donald, konungur á Skotlandi 103.
Drumboddur, ldnm. 214.
Dufan, leysingi Ánar rauðfelds 141.
Dufníall Kjarvalsson, Írakonungs 228.
Dufþakur, írskur þræll 55, 56, 57.
Dufþakur, leysingi í Dufþaksholti 200.
Dungaður, skotskur jarl 98, 130.
Dýri, ldnm. 143.

Eadmundur hinn helgi, Englakonungur 60, 61, 62, 64, 65, 67.
Eðna Ketilsdóttir 289.
Egill hinn rauði, ldnm. 184.
Egill Skallagrímsson 116, 121, 138, 139, 140, 216, 268, 282, 283.
Eilífur, ldnm. 200.
Eilífur auðgi Önundarson, bílds 214.
Eilífur örn Atlason, ldnm. 156, 157.
Einar í Lóni 124.
Einar Rögnvaldsson sjá Torf-Einar.
Einar Sigmundarson að Laugarbrekku 124, 177.
Einar Þorgeirsson, ldnm. 177.
Einar Ölvisson, barnakarls 209, 210, 218.
Eiríkur, ldnm. 143.
Eiríkur Eymundarson, konungur að Uppsölum 45, 234.
Eiríkur Hróaldsson, ldnm. 111, 158, 159, 160, 248, 281, 294.
Eiríkur Högnason, hins hvíta, 140.
Eiríkur Hörðakonungur 37.
Eiríkur rauði Þorvaldsson 129, 236, 239, 258.
Eiríkur snara, ldnm. 147, 148.
Eiríkur ölfús, lendur maður 170, 171.
Elfráður hinn ríki, Englakonungur 30.
Eoganan, konungur Dalriada 23.
Eratosþenes, grískur landfræðingur 4, 5.
Erlingur Skjálgsson, hersir 35, 303.
Erpur Meldunsson jarls, leysingi Auðar 98, 99, 131, 132.
Eyfreður hinn gamli, ldnm. 214.
Eylaugur hersir úr Sogni 37.
Eysteinn hinn digri, ldnm. 192, 193.
Eysteinn hinn illráði, Upplendingakonungur 34.
Eysteinn Hranason, ldnm. 192, 193.
Eysteinn meinfretur Álfsson, ldnm. 132, 150.
Eysteinn Rauðúlfsson, ldnm. 169.

Eysteinn Þorsteinsson drangakarls, ldnm. 196, 197.
Eyvindur, ldnm. 184.
Eyvindur auðkúla, ldnm. 154.
Eyvindur austmaður Bjarnarson 143, 166, 167, 211, 212, 228.
Eyvindur Finnsson, skáldaspillir 82, 206.
Eyvindur, frændi Steinunnar gömlu 109, 218.
Eyvindur hani, ldnm. 171.
Eyvindur Herröðarson, ldnm. 147.
Eyvindur jarl Ármóðsson 216.
Eyvindur karpi, ldnm. 191, 198.
Eyvindur knje, ldnm. 145.
Eyvindur lambi Kárason, 70, 81, 82, 199.
Eyvindur Loðinsson, önguls 173, 288.
Eyvindur, ráðgjafi Hákonar jarls Grjótgarðssonar 145.
Eyvindur sörkvir, ldnm. 153, 154.
Eyvindur vopni Þorsteinsson, ldnm. 178, 179.
Eyvindur Þorgrímsson, faðir Þórodds goða 216.
Eyvindur Þorsteinsson, ldnm. 58, 175.

Faraviður, konungur Kvæna 76, 78.
Finngeir Þorsteinsson, ldnm. 128.
Finni, ldnm. 178.
Finnur hinn auðgi Halldórsson, ldnm. 114, 115.
Finnur Jónsson 151, 206, 225.
Finnur skjálgi Eyvindarson 82.
Flóki Vilgerðarson (Glámsson) ldnm. 27, 28, 29, 54, 55, 163, 264
Flóki, þræll Ketils gufu 116, 138, 239.
Flosi Þorbjarnarson, ldnm. 201, 222, 287.
Flosi Þórðarson að Svínafelli 190.
Freysteinn fagri, ldnm. 184.
Friðgerður Kjarvalsdóttir, Írakonungs 228.
Friðleifur, ldnm. 163, 227.
Friðmundur, þræll Ingimundar 154.
Fritzner, Joh. 299.

Galmi, ldnm. 169.
Garðar Svavarsson 26, 27, 28, 174, 176, 182, 265.
Gautur goði 298.
Gautur í Gautsdal 155.
Geir Ketilsson, blunds 116, 117.
Geirhildur Eiríksdóttir, ölfúss 171.
Geiri á Geirastöðum 176, 237.
Geirleifur Eiríksson, ldnm. 140.
Geirleifur Hrappsson, ldnm. 169.
Geirmundur Gunnbjarnarson, ldnm. 121.
Geirmundur heljarskinn Hjörsson, ldnm. 129, 132, 133, 134, 135, 137, 139, 140, 141, 142, 145, 146, 147, 235, 241, 242, 277, 295.
Geirmundur Sæmundarson 156.
Geirólfur, ldnm. 147.
Geirríður í Borgardal, ldnk. 128, 279.
Geirröður á Eyri, ldnm. 128.
Geirsteinn kjálki, ldnm. 140.
Geirþjófur Valþjófsson, ldnm 141.
Geminus, grískur stjörnufræðingur 4.
Gestur hinn spaki Oddleifsson 140.
Gisl eða Gils skeiðarnef, ldnm. 136, 141, 149.
Gísli Brynjólfsson, háskólakennari 61, 65.
Gjaflaug Kjallaksdóttir 125, 130.
Gjessing, A. 67.
Glismákur goði 298.
Gljómall, Írakonungur 98.
Glúmur Óleifsson, hjalta 116.
Gnúpa-Bárður sjá Bárður (Heyjangurs-Bjarnarson?).
Gnúpur (= Molda-Gnúpur) Hrólfsson, ldnm. 110, 194, 195, 236, 281.
Goðfreður, Danakonungur 18, 19.
Goðfreður, faðir Goðfreðar konungs 47.
Goðfreður Goðfreðarson, konungur 47.
Gormur, sænskur höfðingi 36.

Grani bóndi 283.
Graut-Atli Þórisson, þiðranda, ldnm. 181, 184, 185.
Grelöð Bjartmarsdóttir, jarls 142, 143.
Grelöð Dungaðardóttir, jarls, kona Þorfinns jarls 98.
Grenjaður Hermundarson, ldnm. 149.
Grenjaður Hrappsson, ldnm. 175.
Grimkell Úlfsson, ldnm. 124, 125.
Grimur, ldnm. 118
Grímur geitskör 64, 309, 310.
Grímur Heggsson 282.
Grímur hersir Kolbeinsson 36, 166 170.
Grímur hinn háleyski Þórisson (í Vatnsdœlu: Ingjaldsson) 86, 87, 88, 115, 117, 118, 120, 152, 153, 295.
Grímur Ingjaldsson, úr Haddingjadal 122.
Grímur kamban, norrœnn víkingur 11, 24, 235.
Grímur Kveldúlfsson, sjá Skallagrímur.
Grímur loðinkinni 142, 232.
Grímur lögsögumaður Svertingsson 218.
Grímur, systurson Vjeþorms Vjemundarsonar 181, 182, 212, 213, 214, 219.
Grís, leysingi Skallagríms 277.
Grjótgarður (hinn eldri) Hákonarson, jarls 206.
Grjótgarður (hinn yngri) Hákonarson, jarls 206.
Gró Þorsteinsdóttir, rauðs 97, 98.
Grýtingur, norskur fylkiskonungur 34, 45.
Guðbjörg Ófeigsdóttir, burlufóts 148.
Guðbrandur í Guðbrandsdölum (Dala-Guðbrandur) 301, 302, 303.
Guðbrandur kúla 151.
Guðbrandur Vigfússon 66, 67, 97, 100, 102, 104, 116, 132, 133, 144, 209, 223, 224, 226, 232, 234, 285.
Guðlaugur, ldnm. 149.
Guðlaugur Ásbjarnarson 190.
Guðlaugur hinn auðgi Þormóðsson 123, 236.
Guðröður Hálfdanarson 47.
Guðröður Ragnallsson, konungur 46, 47, 48, 69.
Gunnar Hámundarson að Hlíðarenda 92.
Gunnar Úlfljótsson, ldnm. 171.
Gunnbjörn Úlfsson 146.
Gunnhildur móðir Eyvindar skáldaspillis 82.
Gunnlaugur Hrólfsson 86.
Gunnlaugur ormstunga Hrómundarson 86—7, 120.
Gunnlaugur ormstunga Illugason, skáld 120.
Gunnólfur, ldnm. 160, 161.
Gunnólfur hinn gamli Þorbjarnarson, ldnm. 165, 166.
Gunnólfur kroppa Þórisson, ldnm. 177.
Gunnsteinn, á Gunnsteinsstöðum 155.
Gunnsteinn Gunnbjarnarson, ldnm. 146.
Gutthormur Sigurðsson jarl í Orkneyjum 106.
Gutthormur Sigurðsson, móðurbróðir Haralds hárfagra 45, 85, 86, 101.
Guttormur, bróðir Vjeþorms 181, 182.
Gyða, kona Ingjalds tryggva 170.

Hafnar-Ormur, ldnm. 114, 115.
Hagný Hakadóttir 132.
Haki, þræll Ketilbjarnar 213.
Haklangur Kjötvason, konungs 46, 47, 48.
Hákon, ldnm. á Hákonarstöðum 179, 292.

Hákon Aðalsteinsfóstri, konungur 43, 305.
Hákon Grjótgarðsson, Hlaðajarl 34, 45, 114, 144, 145, 146, 179, 205, 206, 213, 222.
Hálfdan háleggur Haraldsson, hárfagra 103.
Hálfdan hvítbeinn, Upplendinga konungur 47.
Hálfdan svarti, konungur á Vestfold 35, 37, 42, 44, 205.
Hálfur, konungur 132.
Hallaður Rögnvaldsson, jarl í Orkneyjum 106, 188.
Halldór Gunnbjarnarson, ldnm. 146.
Hallfreður (eða Hrafn), faðir Hrafnkels Freysgoða 180.
Hallfríður Þorbjarnardóttir 182.
Hallgeir, ldnm. 200.
Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir 116.
Hallkell, hálfbróðir Ketilbjarnar, ldnm. 214, 252.
Hallkell Hrosskelsson 119.
Hallsteinn, lendur maður 170.
Hallsteinn, mágur Hásteins, ldnm. 208.
Hallsteinn Þórólfsson, ldnm. 126, 136, 137, 138, 224, 231, 252, 292, 293.
Hallur að Hofstöðum 292.
Hallur goðlaus Helgason, ldnm. 113.
Hallur Þórarinsson í Haukadal 210.
Hallvarður harðfari 79, 80, 81, 85, 86, 89.
Hallvarður súgandi, ldnm. 143, 144.
Hallveig Fróðadóttir, kona Ingólfs 59.
Hámundur heljarskinn Hjörsson ldnm. 132, 133, 142, 167, 168, 169, 171.
Hansen, Andr. M. 31, 32.
Haraldur hilditönn, Danakonungur 234.
Haraldur hinn hárfagri Hálfdanarson, Noregs konungur 21, 24, 29, 34, 35, 37, 38, 44—52, 53, 60, 61, 63, 64, 66—86, 89, 90, 92, 93, 94, 99, 100, 101, 102, 103, 104, 105, 106, 107, 119, 124, 126, 127, 133, 134, 142, 143, 146, 147, 148, 153, 154, 170, 171, 178, 180, 182, 188, 189, 198, 205, 206, 207, 211, 212, 213, 215, 216, 221, 222, 225, 231, 234, 242, 247, 303.
Haraldur hringur, ldnm. 150, 151.
Haraldur konungur gullskeggur 155, 205.
Haraldur ungi Hálfdanarson, hins svarta 205.
Hárekur Hildiríðarson 73, 74, 75.
Hásteinn (Hallsteinn) Atlason, ldnm. 53, 54, 55, 203, 205. 207, 208.
Haukur Erlendsson, lögmaður 12, 26, 66.
Haukur hábrók 126.
Hávarður hegri, ldnm. 159, 161.
Heggur á Heggstöðum 282, 283.
Helga Árnardóttir, bogsveigis 142.
Helga Arnardóttir, systir Ingólfs 53, 54, 55, 65.
Helga Bjólfsdóttir 183.
Helga, kona Herjólfs og Brynjólfs 185.
Helga, systir Öndótts kráku 167, 211.
Helga Þórðardóttir, skeggja 111, 213.
Helga Þrándardóttir, kona Þormóðar skapta 211.
Helgi Bjarnarson, bunu 110, 173, 190.
Helgi bjóla (bjóla) Ketilsson, ldnm. 94, 112, 113, 126, 130, 229, 238, 279, 288, 290, 293—94, 307, 311.
Helgi goðlaus, faðir Halls 113.
Helgi Hallsson, hins goðlausa 113.
Helgi Helgason, Bjarnarsonar bunu 190.
Helgi Heyjangurs-Bjarnarson, ldnm. 190.
Helgi hinn hvassi 232, 233.
Helgi Hrólfsson, ldnm. 144, 145.

Helgi magri Eyvindarson, ldnm. 93, 95, 112, 180, 137, 142, 143, 144, 145, 146, 166, 167, 168, 169, 171, 172, 173, 228, 231, 245, 246, 288, 310.
Helgi Ólafsson 47.
Hella-Björn (eða Skjalda-Björn) Herfinnsson, ldnm. 147, 228, 234.
Herjólfur 28, 29.
Herjólfur, frændi Ingólfs og fóstbróðir 109.
Herjólfur, ldnm. í Breiðdal 186.
Herjólfur Bárðarson, í Herjólfsdal 203.
Herjólfur Sigurðarson, svínhöfða, ldnm. 125.
Herjólfur Þorgeirsson, ldnm. 184, 185, 186, 187.
Herlaugur, bróðir Skallagríms 109.
Hersteinn Atlason 53, 54.
Hertzberg, E., norskur lögfræðingur 50.
Heyjangurs-Björn Helgason, hersir 173, 190.
Hildir, ldnm. 200.
Hildir parrak 192.
Hildiríðarsynir (þ. e. Hárekur og Hrærekur) 74, 75, 76, 78, 89, 90, 101.
Hildiríður Högnadóttir 74.
Hipparch, grískur stjörnufræðingur 4.
Hjálmólfur, ldnm. 160, 161.
Hjalti, ldnm. í Breiðdal 186.
Hjalti Skeggjason, úr Þjórsárdal 210, 267.
Hjalti Þórðarson, skálps, ldnm. 162.
Hjeðinn í Sóknadal 170.
Hjeðinn Þorsteinsson, ldnm. 176.
Hjör Hálfsson, konungur 132.
Hjörleifur Hróðmarsson 27, 53, 54, 55, 56, 57, 59, 65, 69, 90, 196, 205, 223, 241, 242, 288.
Hlíf, móðir Eyvindar austmanns 166, 167.
Hólmfastur Vjeþormsson 181, 212.
Hólmgöngu-Máni, ldnm 156.
Hólmsteinn Atlason 53, 54.
Holta-Þórir Þorgeirsson 199.
Holti, ldnm. 155.
Hona, „druid“ og víkingur 299.
Hrafna-Flóki sjá Flóki Vilgerðarson.
Hrafn hafnarlykill, ldnm. 194, 195, 196.
Hrafnhildur Stórólfsdóttir 92.
Hrafn hinn heimski Valgarðsson, ldnm. 198, 234.
Hrafn Ketilsson hængs, eða Hængsson, lögsögumaður 61, 62, 64, 91, 201, 256, 293.
Hrafn Þorviðarson 284.
Hrafnkell Hallfreðarson eða Hrafnsson, Freysgoði, ldnm. 180, 252, 255, 292, 315.
Hrani Hildisson, parraks 192.
Hrappur 301.
Hrappur Bjarnarson, bunu 110.
Hreiðar Ófeigsson, ldnm. 158, 159, 161, 245, 281.
Hróaldur bjóla, ldnm. 178.
Hróaldur Hrómundarson 53.
Hróaldur hryggur Bjarnarson, járnsíðu 233.
Hróaldur jarl í Fjörðum 35, 206.
Hróaldur úr Haddingjadal 36.
Hroðgeir hinn hvíti Hrappsson, ldnm. 178.
Hroðgeir hinn spaki, ldnm. 115, 208, 209.
Hróðmar Hróaldsson 53, 54.
Hróðný Ketilsdóttir, bifru, Hörða-Kárasonar 54.
Hrólfur af Ögðum 36.
Hrólfur frá Ám 144.
Hrólfur Helgason hins magra, ldnm. 144, 145, 167, 172, 292.
Hrólfur hersir af Ögðum 133.
Hrólfur hinn digri Eyvindarson, ldnm. 124.
Hrólfur Ketilsson, kjölfara 86.
Hrólfur Nóragoði 298, 299.
Hrólfur Rauðskeggur, ldnm. 201.
Hrollaugur Rögnvaldsson, ldnm. 188, 189, 245. 295.

Hrolleifur Einarsson í Heiðarbæ 210, 218, 219.
Hrolleifur hinn mikli Arnhaldsson 162, 250.
Hrómundur Gripsson, af Þelamörk 53.
Hrómundur Þórisson, ldnm., bróðir Gríms háleyska 86—7, 120, 152, 153.
Hrosskell, ldnm. á Ýrarfelli 158, 248.
Hrosskell Þorsteinsson, ldnm. 119, 235, 238.
Hrærekur Hildiríðarson 73.
Hugleikur, Danakonungur 18.
Hunda-Steinarr, jarl á Englandi 233.
Hundi, skotskur, leysingi Auðar 131.
Hundólfur jarl, faðir Atla hins mjóva 35.
Hvamm-Þórir, ldnm. 113.
Hvati, ldnm. 153, 154.
Hænsa-Þórir 120.
Högni, bóndi í Leku 74.
Högni Halldórsson, ldnm., skipverji Hrómundar 120.
Hörðakári (eða Ketill Hörðakári) 188.
Hörður, skipverji Auðar djúpúðgu 131.
Höskuldur Dala-Kollsson 132.
Höskuldur Þorsteinsson, ldnm. 176.

Illugi hinn svarti Hallkelsson 120.
Ingibjörg Haraldsdóttir, hárfagra 82.
Ingimundur Þorsteinsson, ldnm. 87, 151, 152, 153, 154, 222, 228. 245, 264, 266, 277, 278, 292, 295, 301, 310, 313.
Ingjaldur Brunason, ldnm. 143.
Ingjaldur Fróðason 47.
Ingjaldur Helgason, konungur 47, 232, 233.
Ingjaldur Helgason, hins magra, ldnm. 167, 172, 292.
Ingjaldur í Hefni (Hafney) 87, 152.
Ingjaldur tryggvi í Hvini 170.
Ingólfur Arnarson, ldnm. 27, 53, 54, 55, 56, 57, 58, 59, 60, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 69, 84, 86, 87, 90, 107, 108, 109, 110, 111, 112, 113, 121, 127, 128, 203, 205, 208, 218, 219, 223, 224, 238, 245, 248, 254, 258, 265, 273, 293, 311, 312,
Ingólfur Herröðarson, ldnm. 147.
Ingólfur hinn sterki Ánason, ldnm. 129.
Ingunn Helgadóttir, hins magra 167.
Ingunn kona Ketils hængs 90, 91.
Ísleifur, ldnm. 120.
Ísólfur, ldnm. 194.
Ísröður, ldnm. 120.
Ívar, konungur í Dyflinni, Guðröðarson 21, 22, 24, 47, 66, 96, 228.
Ívar Ragnarsson, loðbrókar 60.
Ívar Rögnvaldsson, Mærajarls 100, 102.

Jakobsen, Jakob 23.
Játmundur Englakonungur 111.
Jóhannes VIII, páfi 66.
Jólgeir, ldnm. á Jólgeirsstöðum 202.
Jón hinn helgi Ögmundarson, biskup 112.
Jón Jónsson, prófastur 67—8.
Jón Sigurðsson 191.
Jón Steingrímsson, prestur 195.
Jórunn Bjarnardóttir, kona Höskulds Dala-Kollssonar 132.
Jórunn mannvitsbrekka Ketilsdóttir, flatnefs 191.
Jórunn Ölvisdóttir, barnakarls 209.
Joyce, P. W. 16.
Jökull Ingimundarson 151, 152.
Jörundur goði Hrafnsson 199, 200, 292, 295.
Jörundur háls Þórisson, þegjanda, ldnm. 153, 154.
Jörundur hinn kristni Ketilsson 114, 289.

Kalman, ldnm. 114, 115, 119, 229.
Kålund, Kr. 157, 191, 195, 197, 200, 207.

Kampa-Grímur, ldnm. 174.
Kári, ldnm. 160.
Kári í Berðlu, norskur óðalsmaður 69, 179.
Kári Sölmundarson 210.
Karl, ldnm. 121.
Karl, ldnm. 168.
Karl mikli, keisari 18, 19.
Karli á Karlastöðum 155.
Karli, þræll Ingólfs 57, 58, 59, 273.
Kenneth mac Alpin, konungur á Skotlandi 95.
Ketill, ldnm. 189.
Ketill blundur, ldnm. 116.
Ketill Bresason, ldnm. 114, 119, 229, 289.
Ketill Finn 94.
Ketill flatnefur Bjarnarson, bunu 92, 93, 94, 98, 105, 110, 112, 125, 126, 167, 173, 273, 288, 289.
Ketill gufa Örlygsson, ldnm. 138, 139, 140, 146, 226, 236, 239.
Ketill hinn einhendi Auðunarson, ldnm. 202.
Ketill hinn fiflski, ldnm. 191, 192, 193, 289, 291.
Ketill hængur Þorkelsson, ldnm. 69, 89, 90, 91, 107, 142, 199, 200, 201, 203, 235, 241, 250, 253, 254, 256, 293.
Ketill hörðski Þorsteinsson, ldnm. 175.
Ketill ilbreiður Þorbjarnarson tálkna, ldnm. 137, 141.
Ketill kjölfari 86.
Ketill raumur(?), afi Vjeþorms 181.
Ketill raumur, í Raumsdal 142, 301.
Ketill, skipverji Auðar djúpúðgu 131.
Ketill þistill, ldnm. 124, 177.
Ketill þrymur Þórisson, þiðranda, ldnm. 181, 182, 185.
Ketill örriði, ldnm. 202.
Ketilbjörn hinn gamli Ketilsson, ldnm. 111, 203, 213, 214, 252, 292.
Kjallakur Bjarnarson hins sterka, (Barna-Kjallakur), ldnm. 129, 130, 134.
Kjallakur hinn gamli Bjarnarson 127.
Kjallakur, jarl á Jamtalandi 125, 126.
Kjallakur (Cellach) Kjarvalsson, Írakonungs 235.
Kjarvalur, konungur á Írlandi (Cearbhall af Ossory) 66, 67, 216, 226, 228, 235.
Kjötvi hinn auðgi, konungur á Ögðum 46, 47, 48, 216.
Knjúkur (eða Knútur) Þórólfsson. ldnm. 140.
Kolbeinn klakkhöfði Atlason, ldnm. 123.
Kolbeinn Sigmundarson, ldnm., 162,
Kolgrímur hinn gamli Hrólfsson, ldnm. 114, 115.
Kolli ldnm. 148.
Kolli ldnm. 177.
Kolli Hróaldsson, ldnm. 140.
Kollsveinn hinn rammi, ldnm. 160, 161, 294.
Kolskeggur hinn fróði 185, 189.
Kollur, fóstbróðir Örlygs, ldnm. 141.
Kollur Veðrar-Grímsson, ldnm. 131, 140, 238.
Kolumba sjá Kolumkille.
Kolumkille (dúfa kirkjunnar), írskur kristniboði 8, 111, 290.
Kolur, ldnm. 125.
Kolur, þræll eða leysingi 308.
Kolur Óttarsson, ldnm. 201.
Konáll, faðir Ásólfs alskiks 289.
Konstantín, konungur á Skotlandi 96, 103.
Kormlöð Kjarvalsdóttir, Írakonungs 216, 228.
Kráku-Hreiðar, sjá Hreiðar Ófeigason.
Krumur, ldnm. 184.
Kveldúlfur Bjálfason(?), 38, 69, 70, 71, 79, 80, 82, 83, 84, 85, 86, 87, 88 90, 101, 153, 179, 232, 241, 245.
Kýlan, ldnm. 119.

Lambi hinn sterki Þórðarson 139, 140.
Langholts-Þóra, kona Ásmundar Atlasonar 124, 279.
Leiðólfur kappi, ldnm. 192, 285.
Leifur Hróðmarsson, sjá Hjörleifur Hróðmarsson.
Ljót, ldnk. 200.
Ljótólfur goði 178.
Ljótur goði 298.
Ljótur óþveginn, ldnm. 176.
Ljúfvina, konungsdóttir 132.
Loðmundur hinn gamli, ldnm. 183, 197, 245, 288.
Lopthæna Arinbjarnardóttir 119.
Loptur hinn gamli Fróðason 59.
Loptur Ormsson, ldnm. 204, 205, 208, 287.
Lúðvíg, keisari 19.
Lýtingur Arnbjarnarson (eða Ásbjarnarson), ldnm. 179, 183.
Lyutguthi 298.

Maelsechlainn, konungur á Írlandi 95.
Magnús lagabætir, konungur 305.
Magnús Stephensen 66.
Máni, ldnm 174, 176.
Már Naddoðsson, ldnm. 209, 210, 215.
Markús lögsögumaður Skeggjason 211.
Maurer, Konrad 241, 250, 257, 302, 308, 312.
Melbrigði tönn, skotskur jarl 103.
Meldun jarl á Skotlandi 98.
Miðfjarðar-Skeggi Bjarnarson 150.
Molda-Gnúpur sjá Gnúpur Hrólfsson.
Müllenhoff, Karl 5.
Munch, P. A. 34, 132, 206.
Myrgjol Gljómalsdóttir, Írakonungs 98, 99, 101, 229.
Mýrún, kona Auðunar stota 229.

Naddoður, víkingur 26, 27, 209, 265.
Nafar-Helgi, ldnm. 163.
Náttfari, skipverji Garðars 28, 58, 174, 175, 248.
Nesja-Knjúkur, sjá Knjúkur Þórólfsson.
Nestor, rússneskur kronikuritari, 234.
Njáll Þorgeirsson, gollnis 199.

Oddgeir, ldnm. 115, 208, 209.
Oddný Þorbjarnardóttir, hersis 204.
Oddur einbúi 277.
Oddur skrauti, ldnm. 138.
Oddur Unason, ldnm. 162, 314.
Ófeigur grettir Einarsson, ldnm. 59, 148, 210, 211, 283, 307, 308, 312.
Ófeigur Herröðarson, ldnm. 147.
Ofeigur í Raumsdal 198, 199.
Ófeigur lafskegg Yxna-Þórisson 158.
Oisle, (Auisle (þ. e. Auðgisl), Ossill, Oswul, Uailsi), bróðir Ólafs hins hvíta 21. 24.
„Oistin" Ólafsson konungs 96, 97.
Ólafur bekkur Karlsson, ldnm. 164, 165, 166.
Ólafur belgur, ldnm. 125, 136.
Ólafur feilan Þorsteinsson, rauðs 98, 102, 132, 229, 279, 290.
Ólafur Guðröðarson 47.
Ólafur hinn hvíti, konungur í Dyflinni 21, 24, 46, 47, 48, 94, 95, 96, 97, 98, 100, 130.
Ólafur hinn helgi konungur Haraldsson 62, 148, 151, 233, 234, 301, 303.
Ólafur Höskuldsson, pái 269.
Ólafur jafnakollur, ldnm. 146.
Ólafur Tryggvason, konungur 35.
Ólafur tvennumbrúni, ldnm. 209.
Oleifur breiður Einarsson 210.
Óleifur hjalti, ldnm. 115, 116, 224, 282, 283.
Ólöf Haraldsdóttir, hárfagra 153.
Ólöf Þórðardóttir (í Dropl.s. Sigríður), kona Ásbjarnar jarls skerjablesa 212.
Ólöf Þorsteinsdóttir, rauðs 130.
Ormar, faðir Þóris 113.

Ormarr eða Ormur, bróðir Vjeþorms 181, 182.
Ormur, ldnm. 151.
Ormur ánauðgi Bárðarson, ldnm. 208.
Ormur auðgi Úlfsson, ldnm. 202.
Ormur hinn auðgi Herjólfsson sjá Ormur ánauðgi Bárðarson.
Ormur hinn gamli Eyvindarson, jarls, ldnm. 216.
Ormur hinn mjóvi, ldnm. 125, 136.
Ormur hinn sterki Stórólfsson 92.
Osk Þorsteinsdóttir, rauðs 138.
Ósvaldur konungur 111.
Ósvífur hinn spaki Helgason 127.
Óttar Bjarnarson 127.
Óttar Háleygingur, norskur bóndi 30.
Óttar Þorvaldsson 257.

Pálinus biskup og trúboði í Jórvík 15, 298.
Páll Jónsson, prestur 167.
Patrekur biskup í Suðureyjum 111, 112.
Patrekur hinn helgi, postuli Írlands 7, 8, 16, 111.
Plinius, latínskur rithöfundur 4, 9.
Pomponius Mela, latínskur landfræðingur 4.
Ptolemæus, grískur landfræðingur 4.
Polybius, grískur sagnaritari 4.
Pýþeas frá Massalíu, grískur vísindamaður 3—6, 7, 10.

Ráðormur, ldnm. í Vetleifsholti 202.
Rafarta Kjarvalsdóttir, konungs 167, 228.
Ragi Óleifsson, hjalta 115.
Ragnall Goðfreðarson 47.
Ragnar loðbrók, konungur 232, 233, 234.
Rauða-Björn, ldnm. 121.
Rauður, ldnm. 117.
Rauður Kjallaksson 235.
Refur hinn gamli Þorsteinsson 113.
Refur hinn rauði Þorsteinsson 178.
Reistur Bjarneyja-Ketilsson, ldnm. 177.
Rygh, O. 299.
Rögnvaldur Eysteinsson, Mærajarl 100, 102, 188.
Rögnvaldur Ketilsson, raums 181.
Rönguður, þræll 248.

Salbjörg Berðlu-Káradóttir, kona Kveldúlfs 70.
Sars, J. E. 34, 38, 51.
Saxi Alfarinsson 124, 125.
Saxo Grammaticus, danskur sagnaritari 298.
Selþórir, sjá Þórir Grímsson.
Sigfastur á Gautlandi 166.
Sighvatur, faðir Signýjar 170.
Sighvatur rauði, ldnm. 199.
Sigmundur Bárðarson 175.
Sigmundur Ketilsson, ldnm. 124.
Sigmundur kleykir Önundarson 195, 196, 197, 237.
Signý Sighvatsdóttir, kona Öndótts kráku 170.
Sigríður Sigurðardóttir, kona Bárðar 71, 72, 81, 82, 199.
Sigtryggur snarfari 79, 80, 85, 86, 89
Sigtryggur, sonarsonur Ívars Dyflinnarkonungs 22.
Sigurður á Sandnesi (á Hálogalandi) 71, 72.
Sigurður Gunnarsson, prófastur 177, 187, 189.
Sigurður Hákonarson, jarl 144, 205, 206, 207.
Sigurður hinn ríki Eysteinsson, jarl í Orkneyjum 96, 98, 99, 100, 101, 102, 103, 106.
Sigurður hjörtur 85.
Sigurður hringur, fornsagna konungur 298.
Sigurður ormur í auga Ragnarsson, loðbrókar 232, 233.
Sigurður Vigfússon 207.
Skagi Skoptason, ldnm. 172.

Skáld-Refur 124.
Skallagrímur Kveldúlfsson, ldnm. 36, 68, 70, 71, 82, 83, 84, 85, 86, 87, 88, 90, 101, 107, 108, 109, 115, 116, 118, 119, 120, 121, 122, 140, 153, 224, 232, 238, 241, 251, 254, 276, 277, 278, 279, 283, 293, 295.
Skapti lögsögumaður Þóroddsson 211.
Skefill, ldnm. 156, 157.
Skeggi Böðólfsson, ldnm. 176.
Skene, W. F. 15, 102.
Skinna-Björn, sjá Björn Skútaðar-Skeggjason.
Skjalda-Björn, sjá Hella-Björn Herfinnsson.
Skjöldólfur, ldnm. í Breiðdal 186.
Skjöldólfur Vjemundarson, ldnm. 179, 180.
Skorri hinn eldri, þræll Ketils gufu 116, 138, 239.
Skúli jarl Bárðarson 38.
Sléttu-Björn, ldnm. á Sléttubjarnarstöðum, (ef til vill tveir menn með því nafni), sjá Björn Hróarsson.
Snorri Sturluson 21, 24, 34, 46, 48, 49, 50, 51, 98, 100, 103, 205, 233.
Snæbjörn Eyvindarson, ldnm. 146, 167.
Snæbjörn Hrafnsson, goði 293.
Solinus, latínskur rithöfundur 4, 6, 9.
Sólvör Hundólfsdóttir 205.
Sóti, ldnm. 151.
Starkaður undir Þríhyrningi, Barkarson 200.
Steenstrup, Johannes 4, 14, 16, 55, 94.
Steinbjörn kortur Refsson, ldnm. 179.
Steinfiður Reyrketilsson, ldnm. 199.
Steingrímur, ldnm. 148.
Steinmóður Ölvisson, barnakarls 209.
Steinn mjögsiglandi Vígbjóðsson, ldnm. 129.
Steinólfur, ldnm. 122.
Steinólfur hinn lági Hrólfsson, ldnm. 129, 133, 135, 136, 162, 283.
Steinólfur Ölvisson, barnakarls 209, 210.
Steinröður Melpatrixson, leysingi 217, 218.
Steinunn hin gamla, ldnk. 109, 218.
Storm, Gustav 14, 15, 16, 17, 35, 36, 37, 47, 50, 96, 101.
Stórólfur Ketilsson, hængs 92, 200.
Strabo, grískur landfræðingur 4, 5.
Sturla Kalmansson, goði 119.
Sturla Þórðarson 26, 66, 110, 233.
Svanlaug Þormóðardóttir 117.
Svartkell, ldnm. 113.
Sveinungur, ldnm. 177.
Svertingur Hrolleifsson 218.
Sæmundur hinn fróði Sigfússon 27, 63, 64.
Sæmundur hinn suðureyski, ldnm. 152, 153, 156, 157, 159, 162, 250.
Sæunn Skallagrímsdóttir 121.
Sökkólfur, leysingi Auðar 131.
Sölmundur Þórólfsson, smjörs 113.
Sölvi, ldnm. 124.
Sölvir Gautakonungur 166.

Tacitus, rómverskur sagnaritari 297.
Teitur Ísleifsson, biskups 60, 61.
Theodricus, norskur munkur 26, 67.
Thorsen, P. G. 299.
Timæus, grískur sagnaritari 4.
Tindur Hallkelsson, skáld 120.
Todd, dr. 66, 67, 228.
Tomrir Torra, víkingur 299.
Torf-Einar Rögnvaldsson, jarl í Orkneyjum 102, 106, 177, 188.
Tryggvi, jarl í Suðureyjum 100, 182.
Tungu-Kári sjá Kári.
Tungu-Oddur Önundarson, goði 117, 251.
Túnhani sjá Eyvindur hani.

Úlfhildur, kona Guðbrandar kúlu 151.

Úlfilas (Wulfila) 297.
Úlfljótur, ldnm. 157.
Úlfljótur Þóruson, ldnm. og löggjafi 61, 64, 110, 188, 283, 308, 316.
Úlfrún hin úborna Játmundardóttir 111.
Úlfur sjá Kveldúlfur.
Úlfur, ldnm. 175.
Úlfur Grímsson hins háleyska, ldnm. 117, 261.
Úlfur hinn skjálgi Högnason, ldnm. 133, 136, 137, 138, 140, 141, 167. 292.
Úlfur hinn vorski, ldnm. 189.
Úlfar kappi að Úlfarsfelli, ldnm. 128.
Úlfur víkingur, ldnm. 164.
Una Steinólfsdóttir, kona Þorbjarnar laxakarls 210.
Uni hinn danski eða hinn úborni Garðarsson, ldnm. 182, 185, 228, 285.
Uni í Unadal 250.

Vali hinn sterki, hirðmaður Haralds hárfagra 124.
Valþjófur Örlygsson, ldnm. 112, 113, 231.
Veðrar-Grímur Ásason 131.
Veðrar-Grímur, hersir úr Sogni 37, 94.
VestarÞórólfsson, blöðruskalla, ldnm. 125, 134.
Vestmaður, ldnm. í Reykjadal 175.
Vestmaður, ldnm. í Öxarfirði 177.
Veturliði Arnbjarnarson, ldnm. 183.
Vífill Ketilsson, leysingi Auðar 131.
Vífill, þræll Ingólfs 57, 58, 59, 254.
Víga-Sturla Þjóðreksson 135.
Vigdís Þórisdóttir, þegjanda 153.
Vigdís Þorsteinsdóttir, rauðs 174.
Vilbaldur Duſþaksson, ldnm. 193, 194, 226.
Vilborg Ósvaldsdóttir, kona Þórðar skeggja 111.
Vilhjálmur Finsen 38, 298, 302, 308, 312.
Wimmer, Ludv. 298.
Vjebjörn Sygnakappi Vjegeirsson, ldnm. 143, 145, 147.
Vjedís Vjegeirsdóttir 145.
Vjefröður Ævarsson 155.
Vjegeir í Sogni 145.
Vjegestur Vjegeirsson 145.
Vjekell hinn hamrammi, ldnm. 157, 158, 159, 248.
Vjemundur, ldnm. í Fáskrúðsfirði 185.
Vjemundur, ldnm. í Öxarfirði 177.
Vjemundur Hrólfsson á Moldatúnum 281.
Vjemundur Sigmundarson, kleykis 195.
Vjemundur Vjegeirsson 145.
Vjesteinn Vjegeirsson, ldnm. 143, 145, 146.
Vjesteinn Vjesteinsson 143.
Vjeþormur Rögnvaldsson sjá Vjeþormur Vjemundarson.
Vjeþormur Vjegeirsson 145.
Vjeþormur Vjemundarson hins gamla 181, 182, 212.
Vjeþorn Vjegeirsson 145.
Völu-Steinn, son Þuríðar sundafyllis, ldnm. 143.

Yngvar, tengdafaðir Skallagríms, ldnm. 82, 119, 224, 279.
Yngveldur Ketilsdóttir, veðurs, kona Ketils flatnefs 94.
Ýr Geirmundardóttir, heljarskinns 139.
Yxna-Þórir, bróðir Naddoðs 27, 158, 179.

Þengill mjögsiglandi, ldnm. 173.
Þiðrandi Ketilsson, 181
Þjóðhildur Eyvindardóttir, austmanns 167.
Þjóðhildur Þorkelsdóttir, fullspaks, ldnm. 183.
Þjóðrekur í Berufirði, ldnm. 186, 187.
Þjóðrekur Sléttu-Bjarnarson 135, 136.

Þóra, sjá Langholts-Þóra.
Þóra Hörðakáradóttir 188.
Þóra moshals Auðunnardóttir 151.
Þóra Sigurðardóttir, sjá Áslaug Sigurðardóttir, Ragnarssonar.
Þóra Ölvisdóttir, kona Hásteins 207.
Þórarinn krókur, ldnm. 136, 283.
Þórarinn Ragabróðir Óleifsson 115, 116.
Þórarinn Þorkelsson, ldnm. 204.
Þórarna Ketilsdóttir 137.
Þórarna Þrándardóttir, mjóbeins 144.
Þorbergur, ldnm. 129.
Þorbjörg hólmasól Helgadóttir, hins magra 168, 176.
Þorbjörn að Vatni 132.
Þorbjörn Arnbjarnarson, ldnm. 121.
Þorbjörn bitra, ldnm. 149.
Þorbjörn blesi, ldnm. 121.
Þorbjörn hinn gaulverski Ormarsson 38, 204, 287.
Þorbjörn hornklofi, skáld 46, 47, 48.
Þorbjörn jarlakappi, ldnm. 210, 283, 284.
Þorbjörn kolka, ldnm. 155.
Þorbjörn laxakarl, ldnm. 210, 211.
Þorbjörn loki Böðmóðsson, ldnm. 138.
Þorbjörn skúma Böðvarsson, ldnm. 141.
Þorbjörn strúgur, á Strúgsstöðum 155.
Þorbjörn súr 257.
Þorbjörn svarti, ldnm. 115.
Þorbjörn tálkni Böðvarsson, ldnm. 141.
Þorbjörn Þjóðreksson 135.
Þorbrandur Þorbjarnarson hins óarga, ldnm. 214.
Þorbrandur Þorfinnsson 128.
Þorbrandur örrek, ldnm. 160, 279.
Þórdís Ingimundardóttir 152.
Þórður Bjarnarson, ldnm. í Höfða 162, 283, 250.
Þórður dofni Atlason 284.
Þórður gellir Ólafsson 146, 290.
Þórður gnúpa Oddsson, ldnm. 123.
Þórður Granason 283.
Þórður hálma Þórólfsson, ldnm. 181.
Þórður illugi Eyvindarson, ldnm. 189.
Þórður Jónsson, prestur 187.
Þórður knappur Bjarnarson, ldnm. 163, 227.
Þórður mikill, á Mikilsstöðum 155.
Þórður skeggi Hrappsson, ldnm. 110, 111, 113, 158, 187, 188, 213, 238, 245, 287, 311.
Þórður slítandi, ldnm. 169.
Þórður Víkingsson, ldnm. 143, 167.
Þórður Þorgeirsson á Lambastöðum 139, 140.
Þórður þvari, sjá Þórður hálma.
Þorfinnur á Skeggjastöðum 181.
Þorfinnur Finngeirsson 128.
Þorfinnur hausakljúfur Torf-Einarsson, jarl 98.
Þorfinnur hinn strangi, merkismaður Þórólfs Skallagrímssonar 121.
Þorfinnur máni Áskelsson, ldnm. 174.
Þorfinnur Sel-Þórisson 123.
Þorgeir Ásgrímsson, í Odda 201.
Þorgeir gollnir Ófeigsson 199.
Þorgeir hinn hvinverski 171.
Þorgeir hinn hörðski Bárðarson, ldnm. 198, 199, 289.
Þorgeir í Þorgeirsfirði, ldnm. 173.
Þorgeir Ljósvetningagoði 173, 174.
Þorgeir meldun, í Tungufelli, ldnm. 116, 229.
Þorgeir skorargeir Holta-Þórisson 199.
Þorgeir Vestarsson 184.
Þorgeir Þórðarson, ldnm. 172.
Þorgerður brák 283.
Þorgerður ekkja Ásbjarnar Heyjangurs-Bjarnarsonar, ldnk. 189—90.
Þorgerður Ketilbjarnardóttir, hins gamla 214.

Önundur bíldur Hróarsson, ldnm. 195, 196, 204, 216, 284.
Önundur Blæingsson, ldnm. 177.
Önundur breiðskeggur Úlfarsson, ldnm. 117, 251.
Önundur trjefótur Óleigsson, burlufóts, ldnm. 134, 143, 148, 149, 170, 171, 210, 211, 212, 273, 283, 312, 313.
Önundur Víkingsson, ldnm. 143.
Önundur víss, ldnm. 159, 160.
Örlygur hinn gamli Hrappsson, ldnm. 110, 111, 112, 113, 140, 141, 231, 238, 245, 289, 290, 307, 311.
Örlygur Böðvarsson 138, 146.
Örn, ldnm. 142, 143, 169.
Örn Björnólfsson 53, 54.
Örn hinn gamli, ldnm. 121.
Örn í Vælugerði 196, 284, 285, 314.
Örnólfur, ldnm. 120.
Örvar-Oddur, fornsagnakappi 142.
Össur Ásbjarnarson 190.
Össur Eyvindarson, bróðir Þórodds goða 216.
Össur hvíti Þorleifsson, ldnm. 205, 284.
Össur slagakollur, ldnm. 181.

Skammstafanir.

Ágr. = Ágrip af Noregs konunga sögum (Fornmanna sögur X).
A M (eða A. M.) = Handritasafn Árna Magnússonar.
Ann. I = Annales Reseniani,
Ann. II = Annales vetustissimi,
Ann. III = Höyers annálar,
Ann. VI = Konungs annálar,
Ann. V = Skálholts annálar,
Ann. VI = Brot af Skálholts annál,
Ann. VII = Lögmannsannáll,
Ann. VIII = Gottskálks annáll,
Ann. XI = Flateyjar annáll,
Ann. X = Oddverja annáll, (allir prentaðir í „Islandske Annaler indtil 1578". Christiania 1888).
Ans s. = Áns saga bogsveigis (Fornaldarsögur Norðurlanda).
Árbók = Árbók hins íslenzka fornleifafjelags. Reykjavík 1881 o. ef.
Bps. = Biskupa sögur I—II. Kmhöfn 1858, 1878.
Brandkr. = Brandkrossa þáttur (Vápnfirðinga saga Kmhöfn 1848).
Dipl. = Diplomatarium Islandicum. Kmhöfn 1857—76.
Dropl. (eða Drop.) = Sagan af Helga ok Grími Droplaugar sonum, Kmhöfn 1847.

Eg. = Egils saga Skallagrímssonar. Kbhavn 1886—1888.
Eir. r. = Eiríks saga rauða, Kbhavn 1891.
Eyrb. = Eyrbyggja saga. Leipzig 1864.
Fas. (eða Fas.[1]) = Fornaldarsögur Norðurlanda I—III. Kmhöfn 1829—30.
Fas.[2] = Fornaldarsögur Norðurlanda. Reykjavík. I, önnur prentun 1891, II—III 1886—1889.
Flat. = Flateyjarbók I—III. Christiania 1860—1868.
Fló. (eða Flóm.) = Flóamanna saga (Fornsögur. Leipzig 1860).
Fms. = Fornmanna sögur I—XII. Kmhöfn 1825—1837.
Fóst. = Fóstbræðra saga. Kbhavn 1852.
Fsk. = Fagurskinna. Christiania 1847.
Gísl. = Tvær sögur af Gísla Súrssyni. Kbhavn 1849.
Glúm. (eða V.-Glúm.) = Glúma eða Víga-Glúms saga (Íslenzkar fornsögur I. Kmhöfn 1880).
Grág. = Grágás, I—III. Kmhöfn 1852—1883. I = Konungsbók, a, b, c og d merkir 1., 2., 3. og 4. deild; II = Staðarhólsbók; III = Skálholtsbók m. m.
Grett. = Grettis saga Ásmundarsonar. Halle a. S. 1900.
Gríms s. l. = Gríms saga loðinkinna (Fornaldarsögur Norðurlanda).
Grænl. þ. = Grænlendinga þáttur (Eiríks saga rauða. Kbhavn 1891).
Gull-Þ. = Gull-Þóris saga. Kbhavn 1898.
Hallfr. = Hallfreðar saga (Fornsögur. Leipzig 1860).
Harð. = Harðar saga Grímkelssonar (Íslendinga sögur. Kbhavn 1847).
Hkr. = Heimskringla I—IV. Kbhavn 1893—1901.
Hksb = Hauksbók (Landnámabók. Kbhavn 1900).
Hrafnk. 1839 = Sagan af Hrafnkeli Freysgoða. Kbhavn 1839.
Hrafnk. = Sagan af Hrafnkeli Freysgoða. Kbhavn 1847.
Hungr. = Hungurvaka (Biskupa sögur I).
Hæns. = Hænsa-Þóris saga (Íslendinga sögur. Kbhavn 1847).
Icel. s. = Icelandic sagas Edited by Guðbrand Vigfússon I—II. London 1887.
Ísl. = Íslendinga sögur I—II. Kbhavn 1843—47.
Íslb. — Íslendingabók Ara prests hins fróða, Kmhöfn 1887.
Kålund, Isl. = Kr. Kålund, Historisk-topografisk Beskrivelse af Island I—II. Kbhavn 1877—1882.
Kjal. = Kjalnesinga saga (Íslendinga sögur. Kbhavn 1847).
Korm. = Kormaks saga. Halle a. S. 1886.
Krist. = Kristni saga (Biskupa sögur I).
Lax. = Laxdæla saga. Kbhavn 1889—1891.
Ldn. = Landnámabók (Íslendinga sögur. Kbhavn 1843).
Ldn.[2] = Landnámabók I—III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók m. m. Kbhavn 1900.
Ljósv. = Ljósvetninga saga (Íslenzkar fornsögur I. Kmhöfn 1880).
Maurer, Isl. = Konrad Maurer, Island von seiner ersten Entdeckung bis zum Untergange des Freistaats. München 1874.
Mb. (eða Melab.) = Melabók (Landnámabók. Kbhavn 1900).

Munch, Hist. = P. A. Munch, Det norske Folks Historie I—VIII. Christiania 1852—1863.
N. G. L. = Norges gamle Love I—V. Christiania 1846—1895.
Nj. = Njála I—II. Kbhavn 1875—1889.
Oddr, Ól. Trygg. = Saga Ólafs konungs Tryggvasonar eptir Odd munk. Christjania 1895.
Ól. Trygg. (eða Ól. s. Tr.) = Ólafs saga Tryggvasonar (Landnámabók. Kbhavn 1900).
Ól. s. s. = Saga Ólafs konungs hins helga. Christiania 1853.
Orkn. s. = Orkneyinga saga (Icelandic sagas. London 1887).
Ragnars s. = Ragnars saga loðbrókar ok sona hans (Fornaldarsögur Norðurlanda I. Reykjavík 1891).
Reyk. = Reykdæla saga (Íslenzkar fornsögur II. Kmhöfn 1881).
Rsþ. = Þáttur af Ragnars sonum (Fornaldarsögur Norðurlanda).
Safn. = Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta I—II. Kmhöfn 1856—1886.
Sars, Hist. = J. E. Sars, Udsigt over den norske Historie I—IV. Christiania 1877—1891.
Stb. = Sturlubók (Landnámabók. Kbhavn 1900).
Sturl. = Sturlunga saga I—II. Oxford 1878.
Svarfd. = Svarfdæla saga (Íslenzkar fornsögur III. Kmhöfn 1883).
Upph. = Upphaf ríkis Haralds hárfagra (Fornmanna sögur X).
Vápn. = Vápnfirðinga saga. Kmhöfn 1848.
Vatn. = Vatnsdæla saga (Fornsögur. Leipzig 1860).
V.-Ljót. = Valla-Ljóts saga (Íslenzkar fornsögur II. Kmhöfn 1881).
Þorst. hv. = Þáttur af Þorsteini hvíta (Vápnfirðinga saga. Kmhöfn 1848).
Þorst. uxaf. = Þáttur Þorsteins uxafóts (Fornmanna sögur III).

Rómverska talan táknar bindi. Þar sem brot eru rituð eða prentað er stryk á milli talnanna, merkir teljarinn eða fyrri talan kapítula, en nefnarinn eða síðari talan blaðsíðu.

Prentvillur og viðauki.

Bls. 3, lín. 4, þúsundir, les: þúsunda.
— 4, — 1 a. n., 200, les: 220.
— 8, — 19, kirkjans dúfa, les: dúfa kirkjunnar.
— 9, — 17, nokkra, les: nokkurra.
— 12, — 3 a. n., að sjeu, les: að þar sjeu.
— 29, — 11 - -, genga, les: ganga.
— 30, — 4 - -, geta hafa, les: hafa getað.
— 34, — 12 - -, einan, les: einn.
— 61, — 3 - -, Ísl., les: Íslb.
— 69, — 7 - -, Berlu, les: Berðlu.
— 76, — 9, færis, les: færi.
— 101, — 13, sumars, les: sumars 874.
— 105, — 15, Nokkru, les: Nokkuð.
— 138, — 23, landnámatíðar, les: landnámatíðar."
— 138, — 2 a. n., $^{19}/_{19}$, les: $^{9}/_{19}$.
— 145, — 12 - -, Atlastað, les: Atlastaði.
— 160, — 11 - -, sunnan Tunguna, les: sunnan Vallhólminn en norðan Tunguna.
— 172, — 1, Þórólfsson, les: Þórólfsson.
— 177, — 9 a. n., faðir, les: afi.
— 210, — 11 og bls. 215, lín. 7—8, Naddoðar-, les: Naddoðs-.
— 210, — 9 - -, Bjarnason, les: Bjarnarson.
— 231, — 4, orðin: eða hersar sjálfir, falli burt.
— 233, — 2 a. n., Fas., les: Fas.²
— 272, — 3, á eptir „síðan", komi: á.
— 309, — 4 a. n., Ísl., les: Íslb.

Bls. 214, lín. 8: Hagagarður heitir nú Hrosshagagarður og er milli Torfastaða og Hrosshaga, sem er skamt fyrir sunnan Torfastaði. Hrosshagagarður nær út að Brúará og hefur verið landamerkjagarður.

Bls. 215, lín. 4—5: Ingjaldsgnúpur mun vera sami hnúkurinn, sem nú er kallaður Háhnúkur, hæsti hnúkurinn á fjöllunum í Ytrihrepp að sjá úr Tungunum ofanverðum. Vestan undir honum er Gyldarhagi; heitir svo breitt og allmikið gljúfur eða þröngur hamradalur skamt fyrir sunnan Jötu, næsta bæ þar fyrir norðan en að vestanverðu við Hreppafjöllin. Liggur gatan frá Jötu eptir endilöngum Gyldarhaga, þá er farið er suður Ytrihrepp að Laugum eða Hruna, ef lengra er haldið.

Bls. 270, lín. 6—8: Reynitrjeð í Nauthúsagili hefur fallið í vetur undan snjóþyngslum. Þjóðólfur 1903, nr. 22.